

# Skýrsla forseta

um störf Alþýðusambands Íslands 2020

---

44. þing ASÍ 21. október 2020



*SKÝRSLA FORSETA*  
*um störf*  
*Alþýðusambands Íslands*  
*árið 2020*

# Skýrsla forseta ASÍ 2020

*Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalýðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs og Listasafns ASÍ.*

**Ritstjóri:** *Snorri Már Skúlason*

**Ábyrgðarmaður:** *Drífa Snædal*

**Umbrot:** *Ásprent*

**Prentun:** *Ísafoldarprentsmiðja*

**Myndir:** *Lárus Karl og starfsfólk ASÍ*

**Kápuhönnun:** *Tómas Bolli Hafþórsson*

*Skýrsla lögð fyrir*

*44. þing ASÍ 21. október 2020*

*Reykjavík, október 2020 – Ísafoldarprentsmiðja*

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>5</b>
<b>Formannafundur ASÍ 16. október 2019</b> .....	<b>7</b>
Ávarp forseta ASÍ .....	8
Hagspá .....	14
Stöðumat á forsendum kjarasamninga .....	16
Stytting vinnuvikunnar .....	22
Fulltrúar á formannafundi .....	29
<b>Formannafundur ASÍ 22. júní 2020</b> .....	<b>31</b>
Ávarp forseta .....	32
Yfirlýsing stjórnvalda í tengslum við lífskjarasamninginn – stöðumat .....	35
Viðbótar stefnumótun í ljósi breyttrar stöðu á vinnumarkaði .....	43
Áherslur í viðræðum um forsendur kjarasamninga í september .....	45
Fulltrúar á formannafundi .....	49
<b>Af vettvangi miðstjórnar ASÍ</b> .....	<b>51</b>
<b>Ályktanir miðstjórnar ASÍ</b> .....	<b>61</b>
<b>Rétta leiðin – frá kreppu til lífsgæða</b> .....	<b>69</b>
<b>Efnahagsmál</b> .....	<b>77</b>
Hagkerfi í heimsfaraldri .....	79
<b>Kjaramál</b> .....	<b>83</b>
Kjaradeila Flugfreyjufélags Íslands og SA vegna Icelandair .....	84
Kjarasamningar við hið opinbera .....	86
Endurskoðun kjarasamninga í september 2020 .....	89
<b>Atvinnumál</b> .....	<b>94</b>
<b>Lífeyrismál</b> .....	<b>99</b>
<b>Húsnæðismál</b> .....	<b>108</b>
<b>Verðlagseftirlit ASÍ</b> .....	<b>112</b>
<b>Umhverfismál</b> .....	<b>119</b>
<b>Félags- og vinnumarkaðsmál</b> .....	<b>123</b>
Aðgerðir vegna COVID-19 (Laun í sóttkví) .....	124
Jafnrétti á vinnumarkaði .....	125
Baráttan gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði .....	129
Aðgerðir gegn kennitölufлакki .....	131
Aðgerðir gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði .....	138
Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninganna og eftirfylgni .....	139
Kæra til ESA – tómlæti og hvíldartími .....	141

Persónuvernd og ASÍ .....	142
Vinnuverndarmál .....	143
<b>Fræðslu- og menntamál .....</b>	<b>147</b>
MFA fræðsludeild ASÍ .....	148
Samhæfingarhópur um atvinnu- og menntaúrræði .....	149
Genfarskólinn .....	150
Kynningar fyrir ungt fólk .....	151
Fagháskólastigið .....	152
Félagsmálaskóli alþýðu .....	154
Trúnaðarmannanámskeið .....	155
Almenn námskeið .....	156
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins .....	158
Mímir .....	172
Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar .....	182
<b>Erlend samskipti .....</b>	<b>185</b>
Norræna verkalýðssambandið – NFS .....	185
Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi (VN) .....	185
Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC .....	186
Alþjóðasamband verkalýðsfélaga (ITUC) .....	187
Fundir hagfræðinga norrænu alþýðusambandanna .....	188
NETLEX – Network of Legal Experts .....	188
Alþjóðavinnuárástofnunin – ILO .....	189
<b>Lagabreytingar og skipulagsmál .....</b>	<b>191</b>
Úrsagnir úr miðstjórn og afsögn fyrsta varaforseta .....	192
ASÍ-UNG .....	199
<b>Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ .....</b>	<b>203</b>
<b>Listasafn ASÍ .....</b>	<b>206</b>
<b>Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins .....</b>	<b>211</b>
<b>Bjarg - íbúðafélag .....</b>	<b>213</b>
<b>VIRK Starfsendurhæfingarsjóður .....</b>	<b>214</b>
<b>Umsagnir um þingmál .....</b>	<b>226</b>
<b>Fulltrúar ASÍ í nefndum og ráðum .....</b>	<b>315</b>
<b>Málefnanefndir miðstjórnar .....</b>	<b>330</b>
<b>Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna .....</b>	<b>334</b>
<b>Kynjabókhald .....</b>	<b>336</b>
<b>Fjöldi félagsmanna í ASÍ eftir landssamböndum .....</b>	<b>342</b>
<b>Fjöldi félagsmanna í ASÍ eftir félögum/deildum .....</b>	<b>348</b>
<b>Stjórnir landssambanda, aðildarfélaga og deilda .....</b>	<b>350</b>
<b>Reikningar ASÍ og stofnana .....</b>	<b>369</b>



## INNGANGUR

Skýrsla forseta um störf ASÍ árið 2020 er hugsuð til afnota inni í verkalýðshreyfingunni sjálfri, fyrir félögin, forystumennina og starfsfólkið á skrifstofum verkalýðsfélaganna. Hún er uppflettirit þar sem finna má á einum stað allt það helsta sem fram hefur farið á vettvangi Alþýðusambandsins frá september 2019 til september 2020.

Haustið 2019 einkenndist öðru fremur af eftirfylgni þeirra kjarasamninga sem undirritaðir voru í apríl sama ár, þau stóru mál sem voru undir í yfirlýsingu stjórnvalda og lutu að félagslegum undirboðum, húsnæðismálum, skattamálum, fæðingarorlofi, barnabótum og svo mætti áfram telja. Kjarasamningar opinberra starfsmanna voru einnig plássfrekir í starfi ASÍ og þá sérstaklega útfærsla á styttingu vinnuvikunnar sem var forsenda þess að hægt væri að ganga frá samningum á opinbera vinnumarkaðnum.

Þá var lagt töluvert þúður í að byggja brýr yfir til annarra heildarsamtaka, bæði á vinnumarkaði og eins samtaka eins og Öryrkjabandalagsins, Landsambands eldri borgara og Neytendasamtakanna. Þetta ól af sér samstarfsamninga og fyrirheit um nánara samstarf í málum er varða alm-annaheill og kjör þeirra sem minnst bera úr bítum í samfélaginu. ASÍ stóð einnig fyrir eftirminnilegri ferð til Palestínu á haustmánuðum 2019 og var það í samræmi

við þá stefnu að sýna kúguðum bræðrum og systurum utan landsteinanna samstöðu, en hingað til hefur ASÍ ekki haft sig mikið í frammi í slíku alþjóðastarfi.

Það var samþykkt að leggja áherslu á sanngjörn umskipti í samhengi við tæknibreytingar og umhverfismál á þingi ASÍ haustið 2020 og töluverð undirbúningsvinna fór af stað með samráði og fundahöldum. Metnaðurinn var að móta stefnu í þessum málum fyrir þingið.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þá umpólun sem varð á íslensku samfélagi við alheimsfaraldurinn í upphafi ársins 2020. Flestu öðru var ýtt til hliðar til að takast á við bráðavanda í heilbrigðismálum, efnahagsmálum og ekki síst vinnumarkaðsmálum. Þegar faraldurinn hóf innreið sína var reyndar farið að halla undan fæti í efnahagslífinu og ASÍ komið í startholurnar að þrýsta á vinnumarkaðsúrræði og bættar atvinnuleysistryggingar. Við tók tímabil þar sem samið var um laun í sóttkví, hlutabætur, vinnumarkaðsúrræði og svo mætti áfram telja. Samninganefnd ASÍ var strax virkjuð og hittist á nær hverjum degi í mars og apríl. Það var gríðarlega mikilvægt að hafa þennan virka og kvika samráðsvettvang í öllum þeim málum sem upp komu á þessu tímabili. Mikill þrýstingur var af hendi atvinnurekenda að fresta kjarasamningsbundnum launahækkunum eða að öðrum kosti að draga úr kostnaði atvinnurekenda í gegnum lífeyrissjóðsgjöld. Niðurstaða yfirgnæfandi hluta samninganefndarinnar var að verja kjör og samninga hvað sem tautaði og raulaði. Því miður urðu þessar viðræður til þess að samstaðan brást innan ASÍ á vormánuðum með tilheyrandi úrsögnum úr miðstjórn. Þar sýndu Samtök atvinnurekenda óvænta takta þar sem þeir lögðu lykkju á leið sína við að rjúfa samstöðu innan hreyfingarinnar. Þessir taktar voru svo endurteknir í hörðum kjaradeilum Ícelandair við flugfreyjur sumarið 2020 þar sem SA lagði blessun sína yfir fjöldauppsagnir sem bein viðbrögð við því að flugfreyjur felldu kjarasamninga og hótað var að semja við önnur félög.

Þær deilur sem urðu sumarið 2020 og sá trúnaðarrestur og vanvirðing gagnvart gangverki vinnumarkaðarins sem atvinnurekendur sýndu mun fylgja okkur inn í veturinn sem mun síst verða auðveldari en undanfarnir mánuðir. Þá erum við í miðri á að tryggja framfærslu og möguleika atvinnuleitenda til þátttöku í samfélaginu sem er og verður stærsta verkefnið næstu missera.

*Drífa Snædal,  
forseti ASÍ*



# FORMANNAFUNDUR ASÍ

## 16. OKTÓBER 2019

Formannafundur Alþýðusambands Íslands 2019 var haldinn 16. október á Hótel Reykjavík Natura.

Fundurinn hófst kl. 09:30 með skráningu fundarmanna.

Formleg dagskrá hófst kl. 10:00.

Fundarstjóri var forseti ASÍ, **Drífa Snædal**, ásamt varaforsetum sambandsins, **Vilhjálmí Birgissyni** og **Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni**.

Fundarritarar, **Maríanna Traustadóttir** og **Bergþóra Guðjónsdóttir** frá skrifstofu ASÍ.

### Dagskrá:

- 9:30 Skráning og afhending fundargagna
- 10:00 Ávarp forseta ASÍ
- 10:30 Hagspá
- 10:50 Kaffihlé
- 11:00 Stöðumat á forsendum kjarasamninga
- 12:30 Hádegishlé
- 13:15 Stytting vinnuvikunnar
- 14:45 Kaffihlé
- 15:30 Önnur mál
- 16:00 Áætluð fundarlok



## Ávarp forseta ASÍ

**Drífa Snædal**, forseti ASÍ, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið.

Drífa flutti eftirfarandi ávarp.

### Ávarp forseta á formannafundi ASÍ

„*Kæru félagar, velkomin á formannafund ASÍ. Það er gott að nýta þetta tækifæri til að taka stöðuna á milli þinga. Við erum stödd í augnabliki í stóra samhenginu með fjöregg samstöðu launafólks í höndunum. Hreyfingu sem var til fyrir okkar daga og mun vonandi vera til eftir okkar daga líka. Okkur ber skylda til að horfa áratugi fram í tímann en ekki síður áratugi aftur í tímann. Persónur og leikendur skipta litlu máli í stóra samhenginu og ákvarðanir skulu teknar með framsýni í huga en ekki augnabliksstöðu.*

Þó að það þyki skammaryrði að tala um Ísland sem smáriki þá erum við frekar fá og höfum verið einsleit hingað til þó það breytist hratt þessi misserin. Við þurfum því að líta í kringum okkur til að meta árangurinn af okkar starfi, mæla okkur á stærri mælistiku en við höfum hér innanlands. Og við komum vel út í samanburðinum. Jafnrétti mælist með því besta í heiminum, hlutfall ungs fólks sem hvorki stundar nám né vinnu er með því lægsta sem þekkest, laun hér eru með því hæsta og almenn lífsgæði líka, ójöfnuður er til þess að gera lítil í samanburði við aðrar þjóðir.

Við höfum sem sagt náð góðum árangri og það er ekki síst sterkri verkalýðshreyfingu að þakka. Óvíða hefur hreyfing launafólks haft jafn mikil áhrif og hér á landi. Á meðan nágrannaþjóðir okkar tóku ákvarðanir í ríkisstjórn um uppbyggingu félagslegs húsnæðis þá tók verkalýðshreyfingin á Íslandi þann bolta. Sama má segja um mörg önnur félagsmál sem bæta lífsgæðin. Það má því með sanni segja að verkalýðshreyfingin hafi verið stór hluti af uppbyggingu velferðarkerfisins hér á landi, stærri en í flestum öðrum löndum. En það er vandratað einstigi hvenær við erum að axla ábyrgð á velferðarmálum sem með réttu á að vera í höndum stjórnvalda. Hvenær erum við að firra stjórnvöld ábyrgð á sameiginlegri velferð? Sem betur fer erum við í samtali við ríkisstjórnina og vinnum með henni, veitum aðhald og beitum þrýstingi en félagar okkar víða um heim eiga hvorki í samtali við atvinnurekendur né stjórnvöld. Þeirra barátta snýst um að láta raddir sínar heyrast þar sem ákvarðanir eru teknar en við erum góðu heilli við það bord í krafti styrks okkar, þó hann megi vera meiri og sterkari.

En þó að við komum vel út í alþjóða samanburði þá er það ekki tilefni til að setjast með hendur í skauti. Staðan er langt frá því að teljast ásættanleg og ógnirnar eru víða. Það er ekki nóg að vera best í jafnrétti þegar jafnrétti hefur ekki verið náð. Það er ekki ásættanlegt að byggja góð hús þegar það er fólk sem býr ekki enn við húsnæðisöryggi og það er ekki í lagi að hafa náð árangri í bættum kjörum þegar fólk býr enn við fátækt og óttast um afkomu sína. Þegar

eitt fyrirtæki hagnast um 8,7 milljarða á einu ári á meðan fólk sem missir heilsuna og er dæmt í fátækt, er eitthvað mikið að. Þegar heilu kaupstaðirnir þurfa að treysta á góðvild atvinnurekenda til að þrífast og lifa í stöðugum ótta við að arðurinn og atvinnutækifærin séu flutt á milli byggðarlaga er staðan ekki í lagi.

Á meðan jafn mikill ójöfnuður ríkir og raun ber vitni hefur verkalýðshreyfingin verk að vinna. Á meðan það er fólk í okkar samfélagi, hvort sem það er utan eða innan vinnumarkaðar, sem nær ekki endum saman er staðan ekki í lagi. En við höfum náð árangri, ekki bara í sögulegu samhengi heldur einnig síðasta árið. Þegar ég segi félögum okkar í öðrum löndum frá því að okkur hafi tekist að fjölga skattþrepum, að við séum að undirbúa stórsókn gegn launabjórnaði, stórefla húsnæðisöryggi og leyfum okkur meira að segja að hafa skodanir á vaxtaákvörðun Sedlabankans þá á fólk erfitt með að trúa því. En það er okkar menning og uppbygging á samfélagi. Verkalýðshreyfingunni er ekkert óviðkomandi enda er vinnandi fólki ekkert óviðkomandi. Og í hinu pólitíska landslagi og umróti er eins gott að við stöndum í lappirnar. Við þurfum stöðugt að vera á varðbergi til að passa að þau markmið sem við fengum stjórnvöld inn á síðasta vetur haldi.

Kraftarnir sem draga í aðrar áttir eru sterkir. Nýjasta dæmið er að þegar okkur hefur tekist að auka jöfnuð í gegnum skattkerfið með þrýstingi í gegnum kjarasamninga þá á að auka misrétti með því að lækka erfðafjárskatt. Meiri spámenn en ég, og reyndar flestir sem láta sig hagfræði varða með hag almennings í huga, vara við því að auður flytjist óáreiður á milli kynslóða. Þannig verður til óeðlileg auðsöfnun og misrétti í kjölfarið. Þegar meira að segja Economist, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn hvetja ríki og alþjóðasamfélagið til að draga úr auðsöfnun í gegnum skattkerfið þá ætla stjórnvöld hér á landi að fara í aðra átt til að tryggja að kvótapeningarnir flytjist nú örugglega kynslóð fram af kynslóð, auðurinn sem var í almannaægiu en er það ekki lengur.

Sama má segja um veggjöldin sem eru algerlega óútfærð og því erfitt að vera með eða á móti. Ég hef ekki skotið loku fyrir það að veggjöld verði sett upp en það þarf að vera á forsendum jafnaðar, að það vinni ekki gegn okkar markmiðum og komi ekki niður á þeim sem síst skyldi. Þannig má hugsa sér að nýta tilfærslu í gegnum barnabætur og húsnæðisbætur í samhengi við nýja álagningu, hvort sem það eru grænir eða gráir skattar eða hvaða litapallettu við viljum setja á það. Við eigum að vera til viðræðu um að efla barnabótakerfin í samhengi við græna skatta og auðvitað eigum við að þrýsta á um almennilegar almenningssamgöngur, umhverfi og fólki til heilla. En að setja á almennan nefskatt eins og veggjöld sem er íþyngjandi fyrir almenning án þess að nokkuð komi í staðinn er ekki til umræðu. Við ætlum hreyfingunni sæti við

borðið þar sem þessar ákvarðanir verða teknar og það er óhugsandi að taka afdrifaríkar ákvarðanir sem snertir heimilisbókhald fólks án þess að við séum þar. Við þurfum ávallt að vera tilbúin í slíka umræðu sem hreyfing og þá þurfum við líka að hafa rætt málin innbyrðis.

Það er alveg ljóst að það eru skiptar skoðanir innan okkar vébanda og skárri væri það nú í stærstu fjöldahreyfingu landsins. Við höfum samþykktir þingsins okkar til að byggja á en við verðum líka að finna leið til að tala saman um áriðandi mál og auka þekkingu taktfast og stöðugt. Liður í því er stofnun rannsóknarseturs vinnumarkaðarins sem tilkynnt var á mánudaginn og mun vonandi verða til að framleiða þekkingu á okkar eigin forsendum til að grundvalla ákvarðanir á. En stofnuninni er líka ætlað að vera vettvangur til að miðla þeirri þekkingu sem verið er að framleiða annars staðar, bæði héraendis og erlendis, og við þurfum að vita af til að verða betri og skipulagðari í okkar baráttu.

Skipulag hreyfingarinnar er annað mál sem hefur verið mér hugleikið og ég hef reynt að setja sjálfa mig og aðra í þankaganginn: Hvernig myndum við byggja upp hreyfingu í dag ef við byrjuðum með autt blað? Þegar ég set sjálfa mig í þau spor þá er það fyrsta sem ég hugsa um verðmætin í hreyfingunni okkar. Nálægðin við félagsmenn, staðarþekkingin og stuttu boðleiðirnar, möguleiki alls félagsfólks til þátttöku og skoðanaskipta, opnir fundir og gott aðgengi. Þetta eru gríðarleg verðmæti. En ég er líka fullviss um að það sé hægt að gera betur og þá aðallega til að gæta hagsmuna okkar í ákveðnum atvinnugreinum. Það er ekkert sérstaklega rökrétt að hafa skörp skil á milli almenna markaðarins og hins opinbera í verkalýðshreyfingu þegar mörkin í raunveruleikanum þar á milli eru að verða sífellt daufari. Sömuleiðis erum við að bregðast okkar félagsfólki þegar baráttu um sálirnar á milli stéttarfélaga kemur niður á þjónustu og réttindum. Vinnandi fólk á Íslandi á skýlausa kröfu á að við finnum bestu leiðirnar til að gæta hagsmuna þess, þjóna því og búa til sem mestan slagkraft. Það væri því rökrétt að staðbinda stéttarfélög eins og er í dag, en hafa jafnframt atvinnugreinasamtök á landsvísu; Samband vinnandi fólks í ferðaþjónustu, samband vinnandi fólks í veiðum og fiskvinnslu, samband vinnandi fólks í velferðar- og almannþjónustu, samband vinnandi fólks í orkufrekri starfsemi og svo framvegis. Með slíkri uppbyggingu gæfist okkur bæði færi á að veita félagsfólki aukinn faglegan styrk en líka að búa til þekkingu út frá atvinnugreinum og vera þrýstiafl þegar ákvarðanir eru teknar sem snerta greinarnar. Mig langar að fá ykkur til að hugsa þetta með mér, ræða þetta áfram í ykkar félögum og velta við öllum steinum. Mig langar líka til að biðja ykkur um að setja upp gleraugu kynja, stéttar og uppruna í þessum pælingum. Það er nefnilega ekki nóg að kjósa konu sem forseta ASÍ ef skipulagið stenst ekki mælikvarða kynjajafnréttis að öðru leyti og með því að

atvinnugreinaskipta landssamböndum er vonandi hægt að draga úr stétta-skiptingu innan greinanna sjálfra.

En í núverandi skipulagi getum við tekið hænuskref í átt að betri þjónustu og sterkari réttindum fyrir vinnandi fólk. Miðstjórn Alþýðusambandsins hefur samþykkt að undirrita viljayfirlýsingu við BSRB um réttindaflutning félagsmanna milli sjúkra- og styrktarsjóða þannig að fólk þurfi ekki að byrja á byrjunarreit ef það flytur sig á milli almenna og opinbera markaðarins. Við munum svo vonandi reka smiðshöggð á þennan réttindaflutning á næsta þingi okkar. Í því samhengi langar mig að velta upp þeirri hugmynd að sjúkrasjóðir sameinist undir einum hætti innan ASÍ til að dreifa áhættu og álagi vegna atvinnugreina, landsvæða og kynja. Það væri leið til að styrkja samtryggingarhugsjónir okkar enn frekar því það er alveg ljóst að áföll geta og hafa dunið yfir staðbundið eða atvinnugreinabundið sem setur óeðlilegan þrýsting á minni sjóði. Sömuleiðis er það mjög landsvæðabundið hvaða þjónustu og styrki hægt er að bjóða upp á og það er varla sanngjarn að það fari eftir búsetu hvaða rétt til fyrirbyggjandi styrkja þér býðst. Setjum þessar pælingar á dagskrá og leyfum þeim að „malla“ áfram í grásótinni án þess að breyta með boðvaldi.

Kæru félagar.

Nú keppast fræðingar við að rýna í framtíðina, hvaða breytingar eru væntanlegar með svokölluðu fjórðu iðnbyltingu og hvaða viðbrögð þurfa að vera við hamfarahlýnun. Breytingarnar eru hraðar og skýrslur eru úreltar um leið og þær birtast. Það sem við vitum hins vegar er að breytingar eru staðreynd og við þurfum að vera tilbúin. Við höfum tekist á við breytingar áður sem samfélag og staðið okkur vel. Þegar Iðnaðarsafnið á Akureyri er heimsótt rennur upp fyrir konu hvaða gríðarlegu breytingar hafa átt sér stað í atvinnuháttum eins samfélags á til þess að gera fáum árum. Úr því að vera iðnaðarbær varð Akureyri þekkingar- og menningarbær. Á Grandanum í Reykjavík eru komin hvalaskoðunarfyriertæki, hótél og tölvuleikjafyriertæki þar sem áður voru veiðar og fiskvinnsla fyrir tveimur áratugum. Ungt fólk fær frekar eldskírni á vinnumarkaði í þjónustugreinum en fiskvinnslu í dag og í framtíðinni verður það kannski endurvinnsla og verðmætaköpun úr sorpi sem verður aðal iðnaðurinn.

Við vitum það eitt að breytingarnar í dag eru hraðari og örari en við höfum áður séð. Ef fortíðin spáir fyrir um framtíðina (sem er nú yfirleitt raunin) þá munu störf koma í stað starfa, atvinnugreinar koma í stað atvinnugreina. Við stöndum frammi fyrir risastóru verkefni sem er að binda koltvísýring úr andrúmsloftinu til að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2050.

Eitt af því mest spennandi sem er að gerast í heiminum í kolefnabindingu er að gerast í gegnum rannsóknir hér á landi þar sem okkar besta vísindafólk

sýnir framsýni, dug og færni. Getur það verið að kolefnisbinding sé nýja ígildi stóriðju hér á landi? Og er þá ekki kominn tími til að við gerum alvöru úr því að hampa iðn- og tæknigreinum í stað þess að leggja áherslu á bóknámsgreinar? Að standa loksins við stóru orðin í menntamálum?

Þó að við sjáum illa inn í framtíðina þá skulum við vera fullmeðvitund um það að við erum fær um breytingar án þess að gefa nokkurn afslátt á kröfunni um mannsæmandi líf með virðingu fyrir afkomu og lífsgæðum. Ef við hefðum gengist inn á að lækka laun eða draga úr lífsgæðum til að keppa við laun í öðrum löndum þegar alþjóðavæðingin varð stadreynd hefðum við verið í mun verri málum í dag. Það má hins vegar segja að sterk verkalýðshreyfing hér á landi og í nágrennalöndunum, þar sem ekki var gefinn afsláttur af launum þrátt fyrir alþjóðasamkeppni, hafi styrkt framfarir og tækniþróun. Og við atvinnurekendur segjum við „verði ykkur að góðu“. Þannig getum við ekki keppt við önnur lönd í að halda niðri launum í ferðaþjónustu, við verðum að keppa í gæðum og nýsköpun á þeim vettvangi sem öðrum. Krafan um hærri laun getur því verið drifkraftur í þeirri baráttu.

Hvað ætli hugmyndin um Ísland sem jafnréttisparadís hafi gefið af sér í atvinnutækifærum alþjóðlega? Þó ég efist um mælikvarðana og sætti mig ekki við að vera þæg og stillt á meðan jafnrétti er ekki náð að þá hefur það mikið að segja um orðspor okkar og virðingu í alþjóðasamfélaginu. En jafnrétti er ekki bara útflutningsvara heldur ber að stefna að jafnrétti og jöfnuði vegna þess að þannig er síðað samfélag, það er réttlátt og sanngjarnt að auka jöfnuð og jafnrétti og það er eini raunverulegi mælikvarðinn, hvað er réttlátt og hvað er sanngjarnt. Það er ágætt ef viðsemjendur þeirra opinberu starfsmanna sem nú sitja við samningaborðið, gera sér grein fyrir þessu því það er með öllu ólíðandi að opinberir starfsmenn, að stórum hluta konur í láglaunastörfum, hafi verið samningslausir í 7 mánuði. Vinnandi fólk hefur sýnt þolinmæði fram úr hófi en hún er á þrotum og ég heyri vaxandi ólgu í öllum landshornum. Mikil er ábyrgð þeirra sem ætla ekki að hlusta á þessar raddir og stefna fólki sem annars er seinþreytt til vandræða út í átök.

Baráttan næstu árin og áratugina mun snúast um að vinnandi fólk fái hlutdeild í þeim arði sem mun skapast með aukinni tækni. Það er hægt að gera og verður gert með kröfu um hærri laun en ekki síður um styttingu vinnudags. Það er eitt af stóru málunum og við erum lögð af stað í þá vegferð að minnka vinnuna í 6 tíma á dag sem ég efa ekki að verður framtíðin hér á norðurlhveli jarðar allavega. Við ætlum að ræða þessi fyrstu skref hér á eftir, sem við náðum í samningunum síðasta vetur, hvernig útfærslan á að vera og hvaða ávinning fólk sér af því en ekki síður hvað framtíðin ber í skauti sér, hvaða áherslur við eigum að leggja til að gera enn betur til að auka lífsgæðin. Verður það þannig að við vinnum 6 tíma á dag og ein klukkustund fer í endur-

menntun og fræðslu til dæmis? Slagorðið um átta tíma vinnu, átta tíma svefn og átta tíma ánægju varð frægt um allan heim fyrir hundrað árum og það voru samdir slagarar um slíka kröfu. Krafan um 6 tíma vinnu, eins tíma menntun, níu tíma ánægju og átta tíma svefn er ekki alveg jafn þjál krafa og sennilega ekki innblástur fyrir slagarahöfunda en gæti orðið okkar krafa engu að síður. Það er kominn tími á nýja kröfu hundrað árum síðar.

En kæru félagar, þegar ný forysta tók við stjórnartaumunum hjá ASÍ fyrir tæpu ári þá var málefnanefndum innan samtakanna ætlað stærra hlutverk en áður og þær voru stokkaðar upp. Í haust hafa verið haldin tvö mjög áhugaverð málþing á vegum fastanefnda ASÍ og fleira er í farveginum. Menntamálanefnd hélt málþing um fjórðu iðnbyltinguna og fyrsta málþingið í röð þriggja um umhverfismál setti þann málaflökk á dagskrá okkar svo um munaði. Við getum ekki og eigum ekki að skila auðu í þeim samfélagsbreytingum sem kraftist verður næstu ár í átt að sjálfbærum samfélögum. Verkalýðshreyfingin um heim allan hefur mótað sér stefnu sem nefnist á ensku „just transition“ eða „sanngjörn umskipti“ og miðar að því að umbreyta okkar efnahagskerfi þannig að breytingarnar fram undan leiði til fleiri starfa, betri starfa, heilbrigðari starfa og aukins jöfnuðar og jafnréttis. Ef verkalýðshreyfingin skilar auðu er það ávísun á aukna samþjöppun auðs, vaxandi fátækt og átök eins og hefur oft orðið raunin við mikil umskipti innan samfélaga. Við þurfum að mennta og uppfræða okkur, vera ávallt á varðbergi, bjóða nýjar lausnir og vera tilbúin til verka. Það er von mín að ný og róttæk umhverfisstefna verði samþykkt á þingi ASÍ eftir ár, sem getur orðið vegvísir okkar í starfinu fram undan. Öflin sem við er að eiga eru fjármagnseigendur sem leita nú allra leiða til að maka krókinn og tryggja eigið öryggi án tillits til almennings, öfl sem eru tilbúin til að varpa lýðræðinu fyrir róða fyrir eigin gróða. Og þessi öfl eru sterk, í alþjóðsamfélaginu og jafnvel hér innanlands líka. Við því er aðeins eitt svar. Samstada fjöldans og það vill svo vel til að við erum með heila fjöldahreyfingu sem er sterk, úrræðagóð og virk og stöndum því vel að vígi gagnvart framtíðinni.

Ég segi þennan formannafund Alþýðusambands Íslands settan.“

**Vilhjálmur Birgisson**, 1. varaforseti ASÍ, þakkar Drífu fyrir ávarpið og biður fjölmiðla að yfirgefa fundinn og þakkar þeim kærlega fyrir sýndan áhuga og komuna. Hann fer yfir það fyrirkomulag að ef að fundarfolk vill fá að taka til máls þá liggi litlir miðar á borðunum sem hægt er að fylla út og koma til forsetanna þriggja við púltið. Allar spurningar þurfi að koma úr pontu.

Vilhjálmur kynnir því næst **Henný Hinz**, **hagfræðing ASÍ**, til að kynna hagspá og fara yfir hluta af forsendum samninganna.



## Hagspá

**Henný Hinz**, hagfræðingur ASÍ, fer yfir nýja hagspá.

Fyrsta heildstæða spáin eftir fall WOW air og miklar sviptingar í efnahagslífinu síðasta vetur. Núna liggi fyrir mikil óvissa. Áður en ég fer yfir spána sjálfa er mikilvægt að taka fram að þetta er ákveðin sviðsmynd út frá ákveðnum forsendum. Við vitum að þessar forsendur geta breytast. Í okkar efnahagslífi getur það gerst hratt og myndin breyst. Við teljum þessa sviðsmynd þó líklegasta miðað við núverandi forsendur. Slíkar spár eru út frá sjónarhorni þjóðhagsreikninga. Heildarmyndin segir ekki alltaf alla söguna. Þetta er þó tæki sem getur nýst til að meta stöðuna og hvað þurfi að gera til að breyta myndinni. Helstu þættir spárinnar:

Erum að koma út úr samfelldu átta ára hagvaxtarskeiði, því lengsta í Íslandssögunni. Staðan núna var ekki ófyrirséð. Myndin fyrir ári var ekki ólík því sem hún er núna. Spáin núna gerir ráð fyrir meiri samdrætti v/ ferðaþjónustu. Minni útflutningur og þjóðarútgjöld. Stutt samdráttarskeið. Svo lítils háttar vöxtur strax á næsta ári og síðan enn frekari eftir það. Áhrifin í vor (VOW) voru mildari en við óttuðumst í fyrstu. Vitum ekki hvernig við ... Það var viðbúið að það færi að hægja á. Margir þættir sem hafa áhrif á stöðu ferðaþjónustu inn í framtíðina. Erum sem greinendur að læra í dag, þar sem við þekkjum sveiflurnar þar ekki eins vel og t.d. í sjávarútvegi. Er lærdómsferli.

Óvissuþættir. Fyrirvarar eru óvissuþættir á alþjóðamarkaði. Lítið hagkerfi sem er háð innflutningi, útflutningi og gengi. Einnig óvissa um hvernig heimili og fyrirtæki bregðast við. Það er að hægja á en óljóst hver áhrifin verða. Mögulega erum við að of- eða vanmeta neyslu heimila og fjárfestingar fyrirtækja. En heilt yfir er staða heimila góð. Auðvitað eru alls konar sögur inni í þessari mynd. En í sögulegu samhengi er staðan góð. Kaupmáttur og skulda- staða betri. Heimili hafa verið skynsöm.

Erum í stöðu núna sem er ólík öðrum niðursveiflum. Það er geta hjá ríkinu og Seðlabankanum til að bregðast við og vinna á móti sveiflunni. Núna eru forsendur fyrir því að þessir þættir vinni saman í rétta átt. Getur því orðið skammvinnur efnahagssamdráttur sem snýst frekar hratt við. Útflutningurinn, sem hefur mikil áhrif. Staða ferðaþjónustu birtist þarna. Í fyrsta sinn síðan 2008 sem þarna birtist samdráttur. Ferðamönnum fækkaði um 12% við fall VOW. Aðlögun var hafin á síðasta ári. Aukning hafði þegar dregist saman. Við vissum að það myndi hægja á vexti en nú horfum við einnig fram á samdrátt. Við óttuðumst það versta þegar VOW féll. Ferðaþjónustan virðist þó hafa getað mætt þessu að ákveðnu leyti til þess að milda höggið. Ferðamenn sem eru hér nú stoppa lengur og eyða meiru. Óvissan snýr mest að langtímaáhrifum. Hvernig verður sætaframboðið til lengri tíma? Höfum heyrt ýmsar getgát-

ur en tókum ekkert tillit til þess í þessum tölum. Það myndi þó breyta stöðunni ef inn kæmi sterkur aðili.

Staða heimila. Mikill vöxtur í einkaneyslu síðustu ár. Sögulega séð hefur verið mikill vöxtur og almennt er fjárhagsstaða heimila góð. Við gerum ráð fyrir að núna hægist á vexti í einkaneyslu umtalsvert en hún fari aftur á flug 2021. Erfitt að átta sig á fjárfestingu atvinnugreinanna. Viljum að fjárfestingastigi sé viðhaldið til að vaxa inn í framtíðina. Var sögulega og allt of lágt. Hefur vaxið hægt og helst þar út spátímamann. Er að hægjast á atvinnuvegafjárfestingu. Íbúðafjárfesting sterk og opinber. Þarf þó að hafa í huga að opinber fjárfesting hefur verið mjög lág og þrátt fyrir aukningu þá er hún ekki mikil í sögulegu samhengi. Má velta því fyrir sér hvort hið opinbera hafi ekki rými núna til að stíga sterkar inn.

Húsnæðismarkaður er í miklum fókus. Áhrifa hans gætir víða. Hefur dregið mjög úr spennu. Ástandið var ekki sjálfbært til lengri tíma. Hefur hægt á hækkun. Húsnæðisverð núna. Þarf að tryggja að gott yfirlit sé til yfir hvað er verið að byggja og fyrir hvern. Gerum ráð fyrir um 2.500 nýjum íbúðum inn á markaðinn á ári. Verðbólgan. Eitt af stóru markmiðunum með samningunum var að tryggja stöðugleika. Verðbólga var og hefur verið yfir verðbólgu markmiðum. Náði hámarki í vor, hefur verið á niðurleið síðan. Húsnæðisverð hefur haft mikið að segja þar. Hefur hægt á hækkunum. Myndarleg umfjöllun um vinnumarkaðinn. Öttumst atvinnuleysi. En staðan nokkuð góð. Fór t.d. ekki upp eins á árunum fyrir hrun. Vissulega þarf að hafa áhyggjur af því til framtíðar vegna þeirra breytinga sem eru yfirvofandi á vinnumarkaði. Ákveðnir hópar á hættu á að festast í atvinnuleysi. Þurfum að mæta því með tillögum og aðgerðum. Fylgjumst vel með. Atvinnuleysi fór að stíga eftir fall WOW í vor. Erum með tvenns konar tölur, frá Hagstofu og Vinnumálastofnun. Ef mikið rof verður þarna á milli þurfum við að skoða það. Spáin gerir ráð fyrir að atvinnuleysi fari vaxandi en svo lækkandi undir lok spátímans. Sjáum að umbreytingar eru að verða á markaðnum. Atvinnuþátttaka hefur dregist saman og er nú sú lægsta sem við höfum séð í langan tíma. Ástæða til að fylgjast með því og skoða hvað veldur. Launafólki hefur fjölgað mikið síðustu ár.

Ætla aðeins að víkja að hvernig sú mynd sem við drögum upp hér kemur að forsendum kjarasamninga síðan í vor. Hagvaxtaraukinn, nýjung í samningum. Miðað við myndina sem við drögum hér upp er ólíklegt að hann komi til framkvæmda á spátímanum. Ekki kannski forsenda en vissulega eitt af því sem átti að gagnast launafólki. Ekkert sem gefur ástæðu til annars en að ætla að forsendur varðandi kaupmátt launa haldist. Vextir hafa nú þegar lækkað síðan samningar voru undirritaðir. Frekar búist við frekari lækkunum á næstu misserum. Matið á þessum forsendum á tveimur tímamótum á samnings-tímabilum. Ef forsendur samkvæmt samningi standast ekki skal kalla saman



fund samningsaðila sem leita þá leiða til að ná markmiðum samningsins. EF ekki gengur skal samningnum sagt upp.

Í stuttu máli: Viðbúið að við færum í aðlögun í efnahagslífinu. Skammvinn niðursveifla og samdráttur í ferðaþjónustu. Almennt er hagkerfið vel í stakk búið að takast á við stöðuna. Allt aðrar forsendur í dag til að takast á við niðursveiflu en við vorum áður, bæði hjá heimilunum, hinu opinbera og hjá fyrir-tækjum.

Við erum ekki aðeins að sjá hagsveiflutengt atvinnuleysi heldur einnig raunbreytingar á vinnumarkaði. Þetta mun því tvinnast saman á næstu árum. Mikilvægt fyrir okkur að hafa það í huga í stefnumótun og kröfum. Fjórða iðnbyltingin er komin inn á vinnumarkaðinn. Hætta á því að jaðarsettir hópar verði skildir eftir. Þeir hópar sem ekki hafa notið uppsveiflu eru einnig jaðarsettir núna, meiri hætta á atvinnumissi, njóta ekki lækkandi vaxta o.s.frv. En höfum alla burði til þess að takast á við þetta og mæta þeim áskorunum sem í þessu felast.

**Vilhjálmur** þakkar Henný fyrir sitt innlegg. Hann lagði til að spurningum og umræðum yrði frestað fram yfir kaffihlé til þess að halda tímaáætlun.

Kaffihlé kl. 11.00.

**Vilhjálmur** opnar fyrir spurningar varðandi hagspá. Engar spurningar eru bornar upp svo dagskráin heldur áfram. Hann býður **Kristján Þórð** velkominn í pontu.

## Stöðumat á forsendum kjarasamninga

**Kristján Þórður Snæbjarnarson**, annar varaforseti ASÍ, fer yfir stöðu mála.

Eins og farið hefur verið yfir eru forsendur kjarasamninganna þrjár:

- *Kaupmáttur launa hafi aukist á samningstímabilinu skv. launavísitölu Hagstofu Íslands.*
- *Vextir lækki verulega fram að endurskoðun samnings í september 2020 og haldist lágir út samningstímam.*
- *Stjórnvöld standi við gefin fyrirheit skv. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninganna.*

Formlegt mat á forsendum kjarasamninganna verður í september 2020 og september 2021 eins og Henný kom inn á. Það er samt sem áður vel við hæfi að fara yfir það hver staðan er á fyrirheitum ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana. Fyrir utan það sem Henný Hinz greindi frá varðandi forsendur þá fjöllum við núna um yfirlýsingu stjórnvalda sérstaklega. Til þess

að gera það ætla Drífa Snædal, forseti ASÍ, að fjalla um aðgerðir í skatta-, lífeyris- og húsnæðismálum. Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, fer yfir hvað hefur verið gert hvað varðar heilbrigðan vinnumarkað eða félagsleg undirboð og Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness og fyrsti varaforseti ASÍ, fer yfir það hvar fyrirheit um afnám verðtryggingar eru stödd.

**Drífa Snædal**, forseti ASÍ, fer yfir stöðu mála varðandi skatta-, lífeyris- og húsnæðismál

Fer gróflega og yfir stöðuna í hverjum lið. Ef það á að ná að afgreiða ákveðin mál áður en þing fer í sumarfrí þurfi það að vera tilbúið með góðum fyrirvara. Því þurfi að huga að því og þrýsta á um breytingar á öllum stigum varðandi það að ríkið uppfylli sinn pakka og loford. Þau séu misvel á vegi stödd. Samið var um nýtt lágtekjuþrep, fjölgun skattþrepa. Skattkerfi mega vera flókin en þurfa að virka. Byrjar hægt en meginþunginn kemur á kosningavetri, að ári. En þó einhverjar skattalækkanir sem koma inn. Á kosningavetri munu lækkanir aukast enn frekar. Skattleysismörk verða föst á tímabilinu en hækka svo sem nemur framleiðniaukningu. Dregið úr samnýtingu á skattþrepum. Fæðingarorlof lengist í 10 mánuði í upphafi árs 2020 og í 12 mánuði í byrjun árs 2021. Það sé árangursrík aðgerð sem hefur áhrif á heimili og samfélag. Barnabætur hækki sem og skerðingarmörk. Þetta komi til framkvæmda árið 2020. Samið um stofnframlög sem dugi fyrir uppbyggingu 1.800 íbúða. Mikilvægt starf sem tryggi fólki bæði betra húsnæði og að lækki leigu um allt að 100 þúsund kr. á mánuði. Mikilvægt sé að tryggja áætlanir um hve mikið skuli byggja og hver þörfin er. Rafræn gátt þar sem húsbýggingar eiga að vera skráðar sem verið er að taka í gagnið færir okkur vonandi nær því marki. Núna er verið að úthluta 1.000 íbúðum og 1.000 á biðlista. Þetta sé leið til að auðvelda ungu fólki fyrstu kaup en nái einnig til þeirra sem ekki hafa átt eignir í fimm ár eða lengur. Áform hafa verið kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Segir aðeins frá samráðsgáttinni og mikilvægi þess að nýta hana. MMN hafi verið skipaður í nefnd um endurskoðun húsaleigulaga. Vinnan gangi hægt en þar séu þeir punktar sem lagt var áherslu á til skoðunar. Stuðningur við hagsmunasamtök, rafræn stjórnýssla, sveitarfélög fái heimildir til að gera kröfu um 25% af byggingamagni. Ríkið veitir viðbótarlán. Þetta hefur verið skoðað talsvert enda gefið góða raun víða, s.s. í Skotlandi. Þar er þessum lánnum mjög stýrt og eru þau einungis veitt til ákveðinna bygginga. Heildarendurskoðun sé í gangi varðandi lífeyrismál þar sem hreyfingin er með skýrar kröfur. Þess verði að gæta að þær raddir sem krefjast þess að fólk geti unnið lengur og meira verði ekki háværi en þeirra sem þurfa að fara af vinnumarkaði.

**Halldór Grönvold** stígur í pontu og fjallar um félagsleg undirboð.

Halldór talar um að ASÍ hafi verið hvati að þessari vinnu undanfarin

misseri í samvinnu við félagsmálaráðuneytið. Tíu tillögur hafi verið kynntar sem séu á ábyrgð fjögurra ráðuneyta. Halldór fer stuttlega yfir stöðuna í hverju atriði, frá 21 upp í 31. Töluliður 21 snýr að kennitöluflakki þar sem fyrirtæki skilja skuldir eftir og stofna nýtt fyrirtæki á nýrri kennitölu. Hópurinn var sammála um að þetta væri eitt mikilvægasta málið. Kröfur okkar og SA liggja í sjö liðum þar sem tekið sé á þessu. Einnig gerðar breytingar á hegningarlögum og gjaldþrotaskiptalögum. Þetta frumvarp verður kynnt í næstu viku. Það sé ekki alveg í samræmi við okkar kröfur en þess vænst að keðjufrumvarp verði lagt fram og afgreitt á yfirstandandi þingi. Hinar tillögurnar sex eru allar í skoðun hjá ráðuneytunum en þær snúa að því að bæta skiptastjórn, skýra stefnu opinberra aðila að því að setja fyrirtæki í þrot. Í dag eru til um 20 þúsund óvirk fyrirtæki með engri starfsemi. Þetta eru kennitölur sem geta gengið kaupum og sölum. 22. töluliður varðar heimild til að refsingar vegna launaþjófnaðar verði auknar. Þessar heimildir eru til staðar en gert er ráð fyrir að þetta nái til allra fyrirtækja á landinu. Mikilvægt sé að fá þessar heimildir en nauðsynlegt að fylgja þeim eftir. 23. töluliður snýr að föstum samráðshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins þar sem skerpt sé á eftirliti og eftirfylgni. Hann hugi einnig að fræðslu og upplýsingum til ungs og erlends launafólks. 24. töluliður fjallar um eftirfylgnina. Stjórnvaldshópur móti stefnu og sýn um hvernig eigi að bregðast við brotum á vinnumarkaði. Í NO hafi þetta verið með því sniði að slíkir rammar séu gefnir út á tveggja ára fresti. Mjög mikilvægt sé að tryggja aðkomu Alþýðusambandsins að slíku starfi. 25. liður snýr að fyrirbyggjandi aðgerðum og sá 26. lagaheimildum. Skylda til gerðar ráðningarsamninga verði bundin í lög, ásamt vörslu þeirra og launaseðla. Þá geti launagreiðendur ekki vikið sér undan því með því að segjast ekki eiga gögnin. Vísar í Menn í vinnu þar sem öll gögn lágu á Fb-síðu fyrirtækisins sem síðan var lokað þegar starfsmenn fóru að krefjast leiðréttinga. Gera þá kröfu að þessi gögn séu varðveitt í ákveðinn tíma og að í lögum fái VMST heimild til að óska eftir og áframsenda þessi gögn til ASÍ. 27. liður varðar keðjuábyrgð en við séum þegar farin að sjá opinbera aðila setja þessa keðjuábyrgð inn í útboðsgögn. 28. liður snýr að sjálfboðastörfum og starfsnámi til að komast undan því að greiða og starfa skv. kjarasamningum. 29. liður fjallar um kortlagningu lagaheimilda til að skiptast á gögnum og upplýsingum en það hefur staðið í vegi þess að stofnanir telja sig ekki hafa heimildir til að koma upplýsingum áfram. Mikilvægt sé að formgera það. 30. liður snýr að mansali og nauðungarvinnu. Stefna af hálfu stjórnvalda hefur verið sett fram en ASÍ hafi gagnrýnt þá skýrslu og lausatök. Nú hafi þó verið sett í gang raunveruleg vinna í þessum efnum. Búið verði til skilvirkt fyrirkomulag um hvernig eigi að bregðast við með fræðslu, verndun og viðbrögðum. 31. liður fjallar um upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna. Skipulögð vinna þar sé ekki hafin en

Alþýðusambandið hafi unnið að ýmsu. Tryggja þurfi framkvæmd í verki til að stuðla að heilbrigðum vinnumarkaði.

**Vilhjálmur Birgisson** fjallar um verðtrygginguna. Ríkisstjórnin hafi gefið út yfirlýsingu samhliða kjarasamningum um afnám verðtryggingar í fjórum liðum. Allir skipta þeir máli. Drög að frumvarpi um bann við 40 ára lánnum sett inn á samráðsgáttina. Frumvarp sem hafði verið lagt fram 2015. Mikið af undanþágum, sem tryggir um 90% allra að halda slíkum lánnum. Unnið hafi verið að umsögn þar sem ASÍ mótmælti víðtækum undanþágum og krafðist þess að þær yrðu felldar brott er lúta að húsnæðislánnum einstaklinga. Ekki ljóst hvort frumvarpið verði lagt fram á þessu þingi eða hvort því verði frestað. Tekur undir áhyggjur af því hvernig tryggja eigi fyrstu kaup tekjulægstu hópa. Miklu skipti að stíga markviss skref, tækifærið sé gott enda verðbólga lág og vaxtastig lækkandi. Telur að frumvarp varðand vísitölu neysluverðs án húsnæðis komi fram á þessu þingi. Verið sé að skoða mögulega (vísitölubjaga) bjögun á vísitölureikningum og í það fengnir sérfræðingar fyrir okkar atbeina. Oft sé ofmæling inni í vísitölum og hér sé hún upp á .5% sem hafi þau áhrif að á heimili leggjast 9 milljarðar að auki á íslensk heimili. Sjötti og síðasti liðurinn, sjálfvirkar vísitöluhækkunar í samningum, er mikilvægur punktur. Flestir samningar séu verðtryggðir. Þá sé ríkisstjórnin tilbúin að stíga skref til þess að vinna gegn sjálfvirkum vísitöluhækkunum. Minnir á að fortíðarvandinn verði ekki framtíðarvandi. Rifjar upp hrunið 2008 þegar lán stökkbreyttust um 400 milljarða yfir nótt. Það þurfi að tryggja að þetta gerist ekki aftur í skjóli verðtryggingar. Öll ábyrgð liggur á herðum lántakanda meðan lánveitandi er tryggður í bak og fyrir.

**Kristján Þórður** þakkar ræðumönnum og opnar fyrir mælendaskrá. Ræðumenn bednir að takmarka ræðutíma við 5 mínútur svo hægt sé að halda tímaplani dagskrár.

**Daníel Örn – miðstjórn** spyr HG varðandi lið 22, hvort einhverjar upphæðir séu komnar t.d. varðandi sjómenn. Hann nefnir að við þurfum að leggja mikinn þunga á efndir stjórnvalda.

**Signý Jóhannsdóttir – Stéttarfélagi Vesturlands** beinir ábendingum til HG varðandi umræður um skyldu til að gera ráðningarsamninga og halda utan um tíma og launaseðla, sérstaklega þjónustugreinar og þá sem starfa við vaktafyrirkomulag. Oft og tíðum sé ekki hægt að nýta gögn sem fólk er með þar sem enginn viti hvert vaktafyrirkomulagið átti að vera. Mikilvægt sé að vaktaplan sé hluti af þessum gagnabanka. Vakt er ekki vakt nema hún hafi upphaf og endi, sé skipulögð fyrirfram. Þarf að vera kerfislæg skráning en ekki skjal sem hægt er að breyta eftir hentugleikum.

**Hilmar Harðarson – Samiðn** fagnar stöðu mála varðandi keðjuábyrgð og kennitölufлакki sem hefur verið baráttumál. Vill þó einnig leggja áherslu á

skyldugreiðslur í lífeyrissjóði til 70 ára. Margir hætta þá að greiða 15% af launum um sjötugt. Segist ekki sjá neina ástæðu til að gefa atvinnurekendum þessi 15,5%.

**Finnbogi Snæbjörnsson – Verkalýðsfélag Vestfirðinga** vill ræða þrennt. Hann beinir athugasemd til Halldórs Gröndvold um lög um keðjuábyrgð sem brenni á fyrirtækjum sem kaupa þjónustu af þriðja aðila og spyr hvernig því verði háttað. Komnar leiðbeiningar sem verða tilbúnar í janúar til sveitarfélaga en horfa þarf til t.d. fiskeldis þar sem mikið er um aðkeypta vinnu. Stór fyrirtæki farin að hafa áhrif sem spyrja hvort þeir þurfi að hafa áhyggjur. Þeim hefur verið svarað játandi, að stéttarfélög muni rukka þau. Í umræðum um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti hafi ekki komið fram nógu skýrt hvort stéttarfélögum verði tryggð félagsgjöld, þ.e. réttindagjöld sem eiga að vera tryggð skv. lögum. Eru ekki tryggð samkvæmt ábyrgðasjóði launa. Spyr hvort þetta mætti ekki taka til endurskoðunar. Þriðja atriðið er að engir afslættir séu af glæpalánunum, jafngreiðslulánunum.

**Hjördís Þóra – AFL** nefnir húsnæðismálin þar sem heilmikið sé undir í viðræðum og margir punktar sem þurfi að minnast á. Hver sem niðurstaðan verður úr þeim viðræðum megi það ekki verða til þess að við komum í veg fyrir það að láglaunafólk geti eignast íbúðir. Vil einnig leggja áherslu á að óábyrgt sé að afgreiða samsköttun hjóna/sambúðarfólks sem jafnréttismál. Er verið að tala um sambúðaraðila þar sem fólk er í ólíkum skattþrepum. Vissulega eru stórir hópar láglaunakvenna innan okkar vébanda. Við erum því að segja að allt í lagi sé að þau heimili greiði hærri skatta en þau gera í dag þar sem maki sé með hærri laun. Getur ekki fallist á þessi rök. Fleiri háskólamenntaðar konur en karlar í okkar samfélagi, sem við gerum ráð fyrir að séu með hærri laun en þeir sem ekki eru með háskólamenntun. Í framtíðinni ætti það að skila hærri launum til kvenna en karla. Erum við þá að skoða öfuga jafnréttisbaráttu. Samnýting á skattþrepum á ekki að afgreiða sem jafnréttismál.

Fundarstjóri kallar **Halldór Grönvold** upp til svara og síðar **Drífu Snædal**.

**Halldór Grönvold** beinir svári til Daníels Arnar. Við erum að breyta orðræðunni, févítu og launaþjófnaður. Við lögðum til að höfuðstóll verði tvöfaldaður og að öðru leyti almennar reglur um vexti og dráttarvexti. Óvíst hvort það næst. Stendur í atvinnurekendum og þar af leiðandi svoltið í ríkisvaldinu. Er þó sannfærður um að við náum árangri. Varðandi ábendingu Signýjar varðandi tölulíð 26 skal nefna að byggt er á tilskipun sem var samþykkt á vettvangi ESB í júní, þarf ekki að koma til framkvæmda fyrr en 2022 en við leggjum til að grundvallarefni hennar verði sett inn núna. Gerir ráð fyrir mun ítarlegri skráningu varðandi ráðningarkjör og vinnufyrirkomulag. Hugmyndin að hún nái

einnig til annarra aðila sem eru háðir öðrum um laun og störf. Erum að ræða um að fá nýja og víða skilgreiningu á hugtakinu launamaður, þ.e. að atvinnurekendur séu ekki bara ábyrgir fyrir því að gera þetta heldur einnig geyma gögnin í 5 ár. Varðandi ábendingu Finnþoga og keðjuábyrgð að fjármálaráðuneytið er að undirbúa leiðbeiningar til opinberra aðila. Gert er ráð fyrir að þær leiðbeiningar verði einnig til þeirra sem bjóða í verk. Vettvangur fyrir ASÍ að vinna slíkar leiðbeiningar og koma þarna inn með beinum hætti. Varðandi breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti gefur hann sér að ekki verði þar fjallað um það sem við ræðum en ASÍ muni koma með athugasemdir varðandi þau atriði og ábyrgðasjóð launa. Og þá þarf í því samhengi að breyta einnig lögum um ábyrgðasjóð launa. Í næstu viku munum við fara gaumgæfilega yfir þessa vinnu, sérstaklega það sem lýtur að kennitölflakki og verkefnum félagsmálaráðuneytisins. Jafnréttis- og vinnumarkaðsnefnd ASÍ mun fjalla um þau mál og kalla til sérfræðinga þar sem farið verður betur í smáatriðum í útfærslur á því sem þarf að gera. Núna vantar okkur tiltekin dæmi til þess að greina hvort við séum á rétttri leið.

**Drífa Snædal – ASÍ** nefnir að eins og hún hafi farið yfir verði reynt að tryggja það að bæði sé byggt leigu- og eignarhúsnæði. Ekki sé verið að yfirgefa séreignastefnu en einnig byggja upp góðan leigumarkað. Segist þekkja dæmi þess að leigusalar hafi lækkað leigu til að halda í leigjendur og Bjarg sé þannig strax farið að hafa áhrif. Segist fagna því að sú jafnréttisumræða sem snýr að samnýtingu skattkorta sé tekin á þessum vettvangi. Ekki séu mikil *húrrahróp* innan hreyfingarinnar. Útskýrir að hún telji þetta jafnréttisaðgerð þar sem þetta sé hefðbundin kvennagildra. Heimilisbókhald sýni að ekki sé heimilunum í hag að konur vinni úti heldur að spara sér leikskólagjöld o.s.frv. en þær safna þá ekki réttindum og búa sér stöðu á vinnumarkaði. Andstætt því að gera konur fjárhagslega sjálfstæðar á vinnumarkaði. Heldur því til haga gagnvart stjórnvöldum að þetta snerti sjómanna fjölskyldur sérstaklega. Segist þó sannærð um að samsköttun sé tímaskekkja og ekki í anda jafnréttis. Af hverju eigi hjón sem sofa í sama rúmi að njóta réttinda umfram önnur fjölskyldu- eða sambúðarform. Segist tilbúin að taka þessa jafnréttisumræðu hvar og hvenær sem er.

**Vilhjálmur Birgisson – Verkalýðsfélagi Akraness/ASÍ** tekur undir með Finnþoga. Hægt að flokka slík lán sem glæpalán. Ekki allir sem gera sér grein fyrir því að slík lán gera ekki annað en hækka fyrstu 25 árin í 3,1% verðbólgu. Í meðal verðbólgu á Íslandi, 4,8%, hækka slík lán í 28 ár. Því standi hann fast á því að þessi loforð verði efnd. Tekur að nokkru leyti undir það sem Hjördís sagði, sérstaklega varðandi sjómanna fjölskyldur. Margar fjölskyldur í þeirri stöðu að konan er í skertri stöðu þar sem eiginmaður er á sjó jafnvel í 30 daga í einu. Sjómenn hafa þurft að horfa upp á töliverðar skattahækkanir, m.a. með

afnámi sjómannaafsláttar. Varðand févíti er gott að þau séu tekin fyrir í lögum. Forsetateymið hafi skoðað tómlætisdóma undanfarin misseri þar sem fólk tapar dómum sex mánuðum eftir að brotið er á þeim. Erum að reyna að koma inn í lög nr. 55/1980 að tómlætisáhrif gildi ekki í þessum málum. Nöturlegt að verið sé að tapa stórum kröfum gagnvart atvinnurekendum sem oft vita nákvæmlega hvað þeir eru að gera.

**Fundarstjóri** þakkar fyrir og lokar um leið mælendaskrá. Vekur athygli á því að hádegisverður er á veitingastaðnum Satt. Fundur heldur áfram kl. 13.15.

**Kristján** þakkar Drífu, Vilhjálmí og Halldóri fyrir þeirra innlegg.

Hádegishlé kl. 12.30.

## Stytting vinnuvikunnar

**Drífa Snædal** fer yfir áframhaldandi dagskrá fundar þar sem fjallað verður um styttingu vinnuvikunnar. Hún kynnir Magnús Mát Guðmundsson, framkvæmdastjóra BSRB, og Sonju Þorbergsdóttur, formann BSRB, sem segja frá tilraunaverkefnum BSRB varðandi styttingu vinnuvikunnar.

**Sonja Þorbergsdóttir – formaður BSRB** þakkar fyrir þennan vettvang til að fjalla um verkefnið. Magnús muni segja frá verkefninu en hún muni svo stíga aftur í pontu og fara yfir stöðuna í kjaraviðræðum BSRB.

**Magnús Mát Guðmundsson – framkvæmdastjóri BSRB** stígur í pontu. Segir af mörgu að taka þegar fjalla eigi um tilraunaverkefnið sem BSRB tók þátt í með Reykjavíkurborg og ríkinu. Verkefnið hjá Reykjavíkurborg hófst árið 2015, það gekk gríðarlega vel og það var stækkað frá upphaflegum áætlunum. Í lok árs 2017 var ákveðið að opna verkefnið og bjóða starfsstöðvum að koma inn að eigin ósk. Styttingin var þá ein til þrjár klukkustundir. Viðbrögðin voru meiri en gert var ráð fyrir og 2500 starfsmenn komnir í verkefnið, flestir með 3 klukkustunda styttingu. Flestir hefðu treyst sér í fjórar klukkustundir. Lá alltaf fyrir að verkefninu myndi ljúka 2019, og samningar tækju þá mögulega við af verkefninu. Verkefnið ekki framlengt og lauk því í ágúst 2019. Árið 2017 hófu fjórar ríkisstofnanir þátttöku í sambærilegu verkefni. Vinnustundum var fækkað úr 40 í 36. Fjórar starfsstöðvar, Þjóðskrá, Lögreglan á Vestfjörðum, Ríkisskattstjóri og Útlendingastofnun, tóku þátt. Til þess að fá inn stofnun með vaktafyrirkomulag kom lyflækningadeild Heilbrigðisstofnunar Vesturlands einnig inn í verkefnið. Verkefnið var framlengt og miðað við að stytting í kjarasamningum taki við af verkefninu. Rauður þráður í gegnum verkefnið eru þau jákvæðu áhrif t.d. í minnkuðu álagi, minni líkur á kulnun, minni streita, betri líðan og betri samþættingu vinnu og einkalífs, miðað við viðmiðunarhópa. Þetta er í takt við niðurstöður hjá Reykjavíkurborg varðandi verkefnið. Minni munur er á þessum þáttum þar sem



stytting er aðeins ein klukkustund. Meiri og marktækur munur á ýmsum atriðum þegar stytting er meiri. Lagt upp úr því að tekið væri samtal inni á vinnustöðum um framkvæmd og tilhögun styttingar. Varðandi samþættingu vinnu og einkalífs hefur stytting vinnuvikunnar mikil jákvæð áhrif samkvæmt niðurstöðum þessara verkefna. Styttingin hefur sérstaklega jákvæð áhrif hjá konum. Samvera með börnum er besta forvörnin. Hjá Reykjavíkurborg var reynt að skoða ákveðna þætti, eins og framleiðni, þó oft sé erfitt að mæla þá, t.d. í leikskólum. Þar sem þetta var skoðað, t.d. hjá Barnavernd og bókhaldsdeildum, virtist framleiðni haldast óbreytt, og jafnvel vísbendingar um að hún hefði aukist. Þættir sem voru skoðaðir voru t.d. hreyfing málaskráa, fjöldi svaraðra símtala o.s.frv. Starfsfólk fór ekki í aukavinnu og yfirvinna jókst heldur ekki. Styttning vinnuvikunnar virðist hafa jákvæð áhrif á jafnrétti á vinnumarkaði og veitir konum meira rými til þess að vinna en sinna jafnframt fjölskyldu. Samþærilegar niðurstöður voru hjá ríkinu. Þegar þátttakendur eru spurðir í lok verkefnis eru þeir jákvæðari en í upphafi. Dregið hafði úr veikindum bæði hjá þátttakendum hjá ríki og Reykjavíkurborg. Upplifun stjórnenda eftir 12 mánuði hjá ríkinu var jákvæð. Sumir hafi þó ekki náð að nýta styttingu. Fólk hjálpast að til að tryggja að stytting gangi eftir. Samkvæmt niðurstöðum skilar þetta góðum niðurstöðum fyrir einstæða foreldra. Dæmi eru um að fólk hafi minnkað starfshlutfall eftir að verkefninu lauk hjá Reykjavíkurborg til þess að halda sama vinnutíma. Upplifun maka var einnig jákvæð. Minni togstreita milli foreldra, eldri börn þátttakenda voru einnig jákvæð þar sem það var kannað. Flestir voru sammála um að þetta einfaldaði lífið. Magnús þakkar fyrir sig og býður Sonju Þorbergsdóttur í pontu.

**Sonja Þorbergsdóttir – formaður BSRB**, segir að komnar séu mælingar á öllum þeim þáttum sem þau hafa viljað skoða nema á umhverfisáhrifum. Vísbendingar um jákvæð áhrif í erlendum rannsóknum, fólk nýti frekar almenningssamgöngur, hreyfi sig meira, neyti síður skyndibita, og fólk fljúgi síður milli landa til þess að ná sér í þá hvíld sem það þurfi vegna mikillar vinnu. Væri áhugavert að skoða þetta hér heima. Hún fer svo yfir í stöðu í kjaraviðræðum. Kröfurnar hafi verið að vinnuvika yrði 35 stundir / vaktavinnufólk vinni 80% þar af. Hafa lagt mikla áherslu á vaktavinnuhópin vegna neikvæðra áhrifa vakta á heilsu starfsmanna. Það var áhugi meðal viðsemjenda um samtal um styttingu vinnuvikunnar. Þau hafi gert ráð fyrir að það yrði byggt á grunni tilraunaverkefnanna en svo hafi ekki verið. BSRB hafi slegið af kröfum í 36 stundir en þó lagt áherslu á að ganga lengra gagnvart vaktavinnufólki. Umræðan sé nú stödd þar. BSRB vilji að vinnuvikan sé skilgreind sem 36 stundir, og inni í því séu að hluta matarhlé, komi til ýmsar aðrar flækjur varðandi neyslhlé og réttindi. Þetta hafi stíflað umræðuna í um 6 mánuði.



**Drífa Snædal** opnar fyrir spurningar til Magnúsar og Sonju.

**Georg Páll Skúlason – Grafíu** spyr um kröfu um 80% viðmið hjá vaktavinnufólki sem sé svipað og vinnutímaafsláttur í þeirra samningum. Hann veltir upp hvort einhverjir svipaðir fyrirvarar séu nú þegar í samningum hjá BSRB. Samningalota þeirra mjög þung síðasta vor en útfærsla gagnvart vaktavinnufólki með sérákvæðum komst aldrei á dagskrá. Það skiptir miklu máli því álagið sé annað á vaktavinnufólk. Tilraunaverkefni sem þessi séu mögulega leið Samtaka atvinnulífsins á þessa braut. Fagnar almennt að BSRB og ASÍ séu að tala saman og þakkar gott innlegg.

**Drífa Snædal** spyr hvort þau finni fyrir því að fólk sé tilbúið að láta sverfa til stáls til þess að fá þetta aftur í þeim hópum sem tóku þátt í verkefnum og hvort einhver munur sé á hljóðinu í þeim sem hafa upplifað styttinguna og öðrum.

**Sonja Þorbergsdóttir** svarar því til að þeirra vaktavinnufólk hafi verið með 40 stunda vinnuviku svo það hafi ekki verið neinn afsláttur. Umræðan varðandi hvað við gerum næst til þess að ganga lengra fyrir þennan hóp. Finnum það sterkt í þeim félögum þar sem eru stórir hópar sem hafa upplifað styttingu eins og Sameykisfélagar hjá ríkinu, og sjúkraliðar, eru ákveðnastir allra að þetta eigi að vera aðalatriði og eigi að hafa forgang. Ekki sama reynsla hjá starfsmönnum sveitarfélaga en hins vegar hafa allir sameinast um það að þetta eigi að vera forgangsmál bandalagsins, sem og að geta lifað af laununum sínum. Það er þónokkuð stór hluti hópsins sem er tilbúinn að grípa til aðgerða til að ná fram þessum kröfum.

**Drífa Snædal** þakkar þeim Magnúsi og Sonju og leysir þau út með gjöfum, svntum með áletrunum um mikilvægi verkalýðsbaráttu.

**Drífa** heldur dagskrá áfram. Talar um ólíka nálgun ólíkra deilda innan hreyfingarinnar í samningunum í vor. Hún kynnir til sögunnar fulltrúa frá ólíkum deildum og landssamböndunum sem fjalli um hver framtíðarsýnin er varðandi þessi mál.

**Kristín María Björnsdóttir – Landssambandi íslenskra verzlunarmanna** segir þau vera með lengri vinnutíma en í nágrannalöndum og það sé farið að skila sér í álagstengdum sjúkdómum. Þetta megi t.d. sjá á sjúkrasjóðum. Stytting vinnuvikunnar hafi verið helsta krafan í samningum í vor samkvæmt könnunum meðal félagsmanna. Það náðist stytting í samningum verslunarmanna, um 9 mínútur á dag, og tekur hún gildi 1. janúar 2020. Kristín segir frá tillögum um hvernig megi nýta styttinguna. Samkomulag skal hafa náðst fyrir 1. desember 2019. Ef það náist ekki styttist vinnudagurinn um þessar 9 mínútur á dag miðað við fullt starf. Þá skuli tilkynna breytingar á útfærslu með mánaðar fyrirvara. Einnig hafi verið samið um breytingar á deilittölum v/mánaðarlauna og fer hún yfir þær. Hún nefnir neikvæða umræðu um

9 mínútna styttingu en þó sé um að ræða 45 mínútur á viku, eða 3 klst. og 15 mínútur á mánuði, miðað við meðal mánuð. Einnig sé mikilvægt að halda til haga að það sé samkomulag vinnuveitanda og starfsmanna um hvernig stytting skuli útfærð. Vinnutími skrifstofufólks sé núna 159 klukkustundir og 16 mínútur á mánuði, og á dag var þetta 7 klst. og 30 mín. er er núna 7 klst. og 21 m. Virkur vinnutími, án neyslhléa, 7 klst. og 6 mín. Í afgreiðslu er í dag á viku 38 klst. og 45 mín., 7 klst. og 45 mínútur á dag, og án neyslhléa, 7 klst. og 10 mínútur á dag. Í samningi við félag atvinnurekenda hefur alltaf verið talað um virkar stundir og er breytingin því 9 mínútur. Þar getur neyslhlé verið 30-60 mínútur á dag sem er önnur útgáfa. Til viðbótar má semja um að stytta vinnutíma með því að fella niður neyslhlé/kaffitíma. Hjá skrifstofufólki eru þetta 15 mínútur á dag og hjá afgreiðslufólki 35 mínútur á dag. VR hefur farið af stað með kynningarherferð, kynningar fyrir trúnaðarmenn og kynningar út í fyrirtæki. Mikið berst af fyrirspurnum. Umræðan fór hægt af stað en finna fyrir meiri þunga núna á haustmánuðum og mikil umræða um styttingu meðal félagsmanna. Hún vísar svo á vef VR fyrir frekari upplýsingar.

**Drífa Snædal** kemur í pontu og telur vænlegt að ljúka öllum erindum áður en opnað verði fyrir umræður. Hún býður því næstan í pontu Hilmar Hardarson, formann Samiðnar.

**Hilmar Hardarson – Samiðn** segir að ákveðið hafi verið að útrýma launakerfinu eins og það var og gera nýtt. Hann ætli þó ekki að fjalla um það heldur sjálfa vinnutímastyttinguna hjá iðnaðarmönnum. Telur það almennt ákall hjá samfélaginu að vinnuvikan verði stytta. Hægt sé að fara niður í 156 klst. á mánuði með því að taka út t.d. kaffitíma. Segir ljóst að þar sem þetta hafi verið gert telji menn að framleiðni hafi aukist sem og ánægja starfsmanna. Útfærslur séu þó ólíkar. Telur iðnaðarmenn vera í kjörstöðu varðandi styttingu en að sjálfsögðu þiggi þeir alla hjálp annarra hópa innan ASÍ í því verkefni. En einnig hægt að halda kaffitímum, en þá breytist 173,3 tímar í 160 tíma. Kaffitímar verða teknir út úr kerfinu sem virkur vinnutími. Þarna liggja mörg sóknarfæri. Yfirvinna sé á undanhaldi og vert að velta upp hvort yfirvinna/næturvinna sé komin á síðasta söludag. Spyr því hvort þetta sé ekki bara tækifæri til að leggja aðal áherslu á að við getum lifað af dagvinnulaununum okkar. Hann fer yfir ólíkar útfærslur á styttingu en það er ljóst að þú færð ekki auka klukkutímann nema sleppa kaffitímanum. Atvinnurekendur sjá það sem tækifæri til hagræðingar. Þá þurfi að tryggja að ávinningur og hagræðing komi fram í launakjörum. Þetta sé þekkt, höfum verið með mælingar á árangri, uppmæling, á bílaverkstæðum, byggingarstöðum o.s.frv. Allar niðurstöður sýni skýrt að ef menn lengja vinnu dragi úr framleiðni. Með þessari styttingu sé vinnutími kominn niður í 156 klukkustundir séu kaffitímar seldir, sem sé með því besta sem gerist á Norðurlöndum. Hér séu því tækifæri.

**Drífa Snædal** þakkar Hilmari og býður Flosa Eiríksson, framkvæmdastjóra Starfsgreinasambandsins, í pontu.

**Flosi Eiríksson – framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins** stígur í pontu og segir frá því hvernig vinnutímastytting horfir við SGS. Samið hafi verið um breytingar á fimmta kafla samningsins. Inn í hann hafi verið skrifuð sterkari aðkoma stéttarfélaga. Það hafi verið hluti af stærri umræðu um styrkari aðkomu stéttarfélaga og trúnaðarmanna. Einnig hafi verið skrifaðar inn í fyrirtækjapáttinn skýrar reglur um endurskoðun. Starfsmenn eiga rétt á viðræðum um styttingu í 36 virkar stundir á viku, samhliða niðurfellingu kaffitíma. Stjórnendur geti einnig óskað eftir þessum viðræðum. Farið er yfir ólíkar aðferðir að styttingu, sveigjanleg hvíldarhlé, niðurfellingu kaffihlés, dagurinn stytur o.s.frv. Vinnudagurinn styttist um 53 mínútur. Flestir virðist, samkvæmt könnunum meðal félagsmanna, vilja hætta fyrir á föstudögum. Vísar í sögulegt samhengi þess að iðnaðarmenn hætti snemma á föstudögum. Sterk ákvæði séu um meðferð ágreinings um styttingu, stéttarfélögin hafi þar aðkomu. Fáar spurningar borist vegna þessa máls til félaga SGS. Þó sé vitað að ýmsir slíkir samningar séu í gangi hjá þeirra fólki þó það sé ekki í formi formlegra samninga. Rætt hafi verið um hvort nota eigi þennan nýja kafla til þess að reyna að koma böndum á þá samninga. Rætt hafi verið hvort SGS eigi að kynna eða auglýsa þessi ákvæði til að vekja frekari athygli á þessu. Fundist að það sé að sumu leyti minni eftirspurn hjá félögum SGS eftir styttingu vinnuvikunnar. Það geti að hluta stafað af því að innan SGS er hæst hlutfall yfirvinnu. Þessi hópur vilji því mögulega frekar leggja áherslu á hækkan dagvinnulauna. Áhuginn eykst líklega með aukinni áherslu í samfélaginu. Margir innan SGS vinna t.d. á byggingarsvæðum og þá verður erfitt fyrir fyrirtæki að vera með tvöfalt kerfi. Verkamenn fari í kaffi en ekki iðnaðarmenn. Þetta gæti orðið skritinn veruleiki. Því er mögulegt að a.m.k. hluti SGS hópsins muni fylgja eftir þróun í byggingargeiranum. Því skipti miklu máli að allir séu saman í þessari vegferð. Í stuttu máli þá verður SGS ekki vart við mikla eftirspurn eftir styttingu vinnuviku en gera ráð fyrir að hún aukist núna þegar umræðan verður meiri. Þetta geti þá, ekki síst, verið tækifæri fyrir SGS til þess að ná utan um ýmsa óformlega samninga á vinnustöðum víða um landið.

Drífa þakkar Kristínu Maríu, Hilmari og Flosa fyrir þeirra innlegg og opnar mælendaskrá og óskar eftir ábendingum um önnur mál í lok fundar.

**Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir – AFLI** segir flókið fyrir félagsmenn að fylgja ólíkum útfærslum um styttingu vinnuvikunnar, ekki síst í blönduðum félögum eins og AFL, sem hafi fólk í öllum þeim þremur landssamböndum sem kynnt hafi sínar útfærslur á vinnutímastyttingu. Þá eigi einnig eftir að bætast við útfærslur ríkis og sveitarfélaga. Þetta sé verkefni fyrir félögin og hreyfinguna. Spyr Kristínu hvort gengið sé frá samkomulagi á hverjum vinnu-

stað sem gildir fyrir alla þar hjá verzlunarmönnum. En má skilja það þannig að ólíkar útfærslur geti verið fyrir ólíka starfsmenn á hverjum vinnustað.

**Drífa Snædal** beinir spurningu til þeirra sem semja núna fyrir opinbera starfsmenn um hve mikill þungi sé á kröfum um styttingu vinnuvikunnar og varðandi framtíðarsýnina. Það hljóti að vera til umræðu í stéttarfélagunum um hvert skuli stefna og hver næstu skref séu. Þýður svo Kristínu að svara Hjörðísi.

**Kristínu María Björnsdóttir – Landssambandi íslenskra verzlunarmanna** segir ekkert sem komi í veg fyrir að samið sé á ólíkan hátt milli deilda og jafnvel einstaklingsbundið. Meira sé þó um það á minni vinnustöðum. Engin ein regla sé, heldur sé þetta samkomulag milli starfsfólks og atvinnurekanda.

**Hilmar Harðarson – Samiðn** svarar því til að sumir starfsmenn þeirra hjá Reykjavíkurborg hafi tekið þátt í tilraunaverkefni hjá borginni. Þeir séu ósáttir við að vera aftur farnir að vinna þessa 4 tíma. Þeir átti sig einnig á að þeir verði ekki gerendur á því sviði heldur opinberu félögin. Mjög fáir þar sem vinna vaktavinnu. Lítil gangur sé hjá sveitarfélagunum og ríkið bíði eftir opinberu félagunum.

**Björn Snæbjörnsson – formaður SGS og Einingar Iðju** segir að vinnutímastytting hafi hlotið góðan hljómgrunn, þó þeim hafi vírst hugmyndir frekar vel sniðnar að þörfum hjúkrunarfræðinga þó margir jákvæðir punktar hafi verið þar inni. Stórir hópar séu innan SGS sem vinna vaktavinnu, s.s. á öldrunarheimilum og þeir sem vinni að málefnum fatlaðra. Því skiptir þetta miklu máli. Það sé mikill áhugi og mikilvægt að ná fram styttingu vinnuvikunnar en ákvörðun hafi verið tekin um að láta BSRB leiða þá umræðu á þessum vettvangi. Það virðist vera þrír angar í umræðunni, ríkið sé með eina stefnu, Reykjavík með aðra og samband sveitarfélaga með þriðju stefnuna. Ekki allir samningsaðilar með sömu stefnu sem flækir málin. Lítil gangur í umræðum við samband sveitarfélaga. Þetta sé ein sú ömurlegasta samninganefnd sem hann hafi komið nálægt. Það gerist ekki neitt. Helsti gallinn sé að þarna séu embættismenn, enginn sem er að vinna í þessum málum. Þá séu flækjur í kringum lífeyrismál sem komin eru til Hæstaréttar. Hver frestur notaður til að tefja fyrir málinu eins og hægt er. Því hafi verið ákveðið að láta BSRB um að koma þessu áfram og leiða umræðurnar.

**Valmundur Valmundsson – formaður Sjómannasambands Íslands** segir sjómenn vinna mismunandi vaktir. Algennt að þeir rúlli á átta tíma vöktum og fái því aðra hverja nótt til að sofa. Hefur breytt miklu í starfi sjómanna. Mikil breyting frá því að sex tímar voru þar sem menn náðu kannski ekki nætursvefni heilan mánuð. Í síðustu kjarasamningum sjómanna var bókun um að fara í athugun á hvíldartíma sjómanna. Sú umræða varð til þess að menn

fóru að skoða þessi mál. Þá virðist koma í ljós að 8 tíma vaktirnar skila meiri afköstum.

**Drífa Snædal** lokar fyrir umræður um styttingu vinnuvikunnar. Hvetur fólk til að láta vita ef það er með önnur mál en engar fyrirspurnir hafi borist. Býður Hjördísi Þóru í pontu.

**Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir – AFLI** stígur í pontu til þess að ræða um réttindaflutning milli sjúkrasjóða og samstarf þar að lútandi við BSRB. Telur þetta jákvætt mál. Því hafi þó ekki verið lokið, þ.e. að réttindaflutningur sé til staðar innan aðildarféлага ASÍ. Hann er til staðar varðandi sjúkradagpeninga og líklega dánarbætur en þetta nái ekki yfir aðra styrki, sem eru misjafnir milli féлага. Réttur til styrkja ekki veittur fyrr en eftir of langan tíma. Verkefni fyrir hreyfinguna og þá sem þennan fund sitja að taka á þessum málum.

**Björn Snæbjörnsson – formaður SGS og Einingar Iðju** segir áhugavert þetta mögulega samstarf við BSRB. Það sé mikið framfaraspor. Margir félagar færa sig á milli ASÍ og BSRB og þá falli réttindi þeirra niður. Umræða hafi verið innan SGS um að fólk eigi fyrir réttindi þegar skipt er um félag. Menn hafa ekki náð niðurstöðu eða samkomulagi um hvernig því skuli háttað. Mikilvægt sé að taka þessi mál fastari tókum en gert hefur verið. Það er ekki hægt að réttindi fólks falli niður mánuðum saman þegar fólk fari milli stéttarféлага. Þó dagpeningar og annað sé tryggt þurfi að skoða þetta betur. Beinir því til forystu ASÍ, forsetanna þriggja, að þetta sé eitt af þeim verkefnum sem þeir taki að sér að finna lausn á. Þetta sé verðugt verkefni fyrir þing næsta árs, þar verði reynt að finna ásættanlega lausn og að samræmd stefna verði tekin í þessum málum. Þetta skili einnig jákvæðara hugarfari til stéttarfélaganna.

**Drífa Snædal** tekur áskorun Björns, enda séu þau kosin til þess að efla þjónustu við félagsmenn. Hún hafi í morgun velt upp þeirri hugmynd að sameina sjúkrasjóði. Áföll dynji yfir ólíkt milli svæða og greina. Verkalýðshreyfingin hafi verið stofnuð til þess að bera sameiginlega ábyrgð gagnvart hvert öðru.

Fundarstjóri þakkar fyrir góðan fund og fyrir þá málefnalegu umræðu sem fram fór yfir daginn og óskaði öllum góðrar heimkomu.

Fundi slitið klukkan 14.40.

## Fulltrúar á formannafundi

### *Nafn formanns*

Georg Páll Skúlason  
Guðmundur H. Þórarinnsson  
Óskar Hafnfjörð Gunnarsson  
Pétur Gauti Valgeirsson  
Berglind Hafsteinsdóttir  
Eiríkur Ágúst Ingvarsson  
Arnþór Sigurðsson  
María Hrund Guðmundsdóttir  
Vigdís Edda Guðbrandsdóttir  
Anna María Elíasdóttir  
Guðrún S. Bergþórsdóttir  
Jakob Tryggvason  
Hilmar Harðarson  
Jónas Kristjánsson  
Birkir Hólm F. Freysson  
Bjarki Elmar Tryggvason  
Trausti Jörundarson  
Sævar Kristinn Gestsson  
Kolbeinn Gunnarsson  
Guðbjörg Kristmundsdóttir  
Hörður Guðbrandsson  
Magnús Sigfús Magnússon  
Vilhjálmur E. Birgisson  
Signý Jóhannesdóttir  
Guðmundur Finnbogason  
Vignir Smári Maríasson  
Finnbogi Sveinbjörnsson  
Þórarinn Guðni Sverrisson  
Björn Snæbjörnsson  
Aðalsteinn Árni Baldursson  
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir  
Arnar G. Hjaltalín  
Guðrún Elín Pálsdóttir  
Halldóra Sigríður Sveinsdóttir  
Drífa Snædal  
Helga Ingólfssdóttir  
Kristín M. Björnsdóttir  
Kristján Þórður Snæbjarnarson

### *Félag*

Grafía  
VM  
MATVÍS  
Félag leiðsögumanna  
Flugfreyjufélag Íslands  
Mjólkurfræðingafélag Íslands  
VR  
Stéttarfélag Vesturlands  
Stéttarfélagið Samstaða  
FVSA  
Félag ísl. símamanna  
Félag tæknifólks í rafiðnaði  
Félag iðn- og tæknigreina  
PINGIÐN  
Stéttarfélagið Samstaða  
Aldan, stéttarfélag  
Sjómannafélag Eyjafjarðar  
Verkalýðsfélag Vestfirðinga  
Verkalýðsfélagið Hlíf  
VI. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.  
Verkalýðsfélag Grindavíkur  
VI. og sjóm.fél. Sandgerðis  
Verkalýðsfélag Akraness  
Stéttarfélag Vesturlands  
Stéttarfélagið Samstaða  
Verkalýðsfélag Snæfellinga  
Verkalýðsfélag Vestfirðinga  
Aldan, stéttarfélag  
Eining - Iðja  
Framsýn, stéttarfélag  
AFL-Starfsgreinafélag  
Drífandi, stéttarfélag  
Verkalýðsfélag Suðurlands  
Báran, stéttarfélag  
forseti ASÍ  
Miðstjórn ASÍ  
Miðstjórn ASÍ  
2. varaforesti ASÍ

Valmundur Valmundsson  
Gils Einarsson  
Daníel Örn Arnarsson  
Gundega Jaunlinina

Miðstjórn ASÍ  
Miðstjórn ASÍ  
Miðstjórn ASÍ  
ASÍ-UNG



## FORMANNAFUNDUR ASÍ 22. JÚNÍ 2020

Boðað var til formannafundar Alþýðusambands Íslands sem haldinn var mánudaginn 22. júní 2020 á Hótel Nordica.

Fundurinn hófst kl. 09:30 með skráningu fundarmanna.

Formleg dagskrá hófst kl. 10:00.

Fundarstjóri: **Drífa Snædal, forseti ASÍ.**

Fundarritarar: **Bergþóra Guðjónsdóttir** og **Halldór Oddsson** frá skrifstofu ASÍ.

### **Dagskrá fundarins:**

1. *Yfirlýsing stjórnvalda í tengslum við lífskjarasamninginn*
  - staða mála
2. *Málefnnastarf*
  - Ferðahjónusta á nýjum grunni
  - Ótrygg ráðningarsambönd
  - Varnir fyrir heimilin
3. *Áherslur við mat á forsendum kjarasamninga í september*



## Ávarp forseta

**Drifa Snædal, forseti ASÍ**, setti fundinn og flutti eftirfarandi ávarp:

„*Kæru félagar,*

*Gott að sjá ykkur og takk fyrir allar yndislegu móttökurnar sem við höfum fengið á ferðum okkar um landið síðustu vikur, spjallið, kaffið og samveran sem hefur verið endurnærandi og brýnt okkur til dáða. Það var eiginlega ekki hægt annað en að hittast svona í lok vetrar eftir þessa skrýtnu og erfiðu tíma í okkar hreyfingu, í samfélaginu og heiminum öllum. Það er ljóst að haustið verður erfitt, þá vitum við í raun hver staðan er, hvert atvinnuleysið er og þar með hvert okkar stóra verkefni næsta árið og árin verður. Það er fátt skadlegra samfélagi heldur en atvinnuleysi, nema vera skyldi fátækt. Tengslin þar á milli eru sterk en við skulum aldrei sætta okkur við að staða fólks hvort sem utan eða innan vinnumarkaðar sé ávísun á fátækt. Slíkt viðhorf og stefna er hættuleg einstaklingum og hættuleg samfélögum.*

*Nýverið undirrituðum við samkomulag við hin heildarsamtökin á vinnumarkaði og Öryrkjabandalagið þar sem við heitum því að taka undir kröfjur öryrkja og beita okkur fyrir kjarabótum þeim til handa. Það getur verið þunn lína á milli þess að vera utan eða innan vinnumarkaðar. Við erum ekki nema einum veikindum frá fátækt og þröskuldarnir geta verið ansi háir til starfa ef fólk fellur í fátæktargildru. Þess vegna á verkalyðshreyfingin aldrei að sætta sig við annað en afkomuöryggi fyrir okkur öll, á öllum tímabilum lífs okkar.*

*Verkefni vorsins hafa að stærstum hluta til verið tengd veirunni og það reyndi á okkur sem hreyfingu og samfélagið allt. Við náðum að tryggja fólki laun í sóttkví, við fórum í verkfærakistuna frá því í síðasta hruni og studdum við og unnum með stjórnvöldum að hlutabótaleiðinni og eins launum í uppsagnarfresti með það að markmiði að lengja í afkomumöguleikum fólks sem vinnur hjá fyrirtækjum sem ella hefðu farið á hausinn. Í þessum lagasetningum öllum hafa verið gerð mistök og það væri óskandi að við hefðum haft í höndunum handrit framtíðarinnar við alla þá vinnu. En það hefur líka margt tekist vel til og okkar verkefni er að halda áfram fast á spöðunum og tryggja að efnahagslægðin verði ekki dýpri og skadlegri en efni standa til. Í upphafi leiðangursins héldum við að efnahagslífið tæki dýfu í einn eða tvo mánuði og myndi svo rétta úr kútnum og ástandið yrði orðið eðlilegt í maí. Nú vitum við að heimskreppa fylgir veirunni og þó að við séum í betri stöðu en flest önnur ríki þá munum við ekki fara varhluta af þessari kreppu frekar en öðrum.*

*Það verður mikil áskorun að tryggja afkomu og störf á þessum tímum og við megum ekki bregðast okkar félagsmönnum. Næsta prófraun verður í september þegar forsenduákvæði kjarasamninga koma til endurskoðunar. Atvinnurekendur og stjórnvöld munu leggja mikla áherslu á að samningarnir haldi í haust en það er jafn ljóst að staðan í dag er mjög frábrugðin því sem*

húin var við undirritun og forsendur samninganna hafa ekki staðist. Stórmál tengd lífskjarasamningnum hafa ekki náð fram að ganga og kemur þar margt til umfram veiruástandið; mál hafa strandað í samtölum okkar við Samtök atvinnurekenda, mál hafa strandað í einhverjum stjórnarflokknum eða jafnvel dagað uppi í ráðuneytum. Önnur stórmál hafa ýtt þessum til hliðar en Covid-19 ber ekki ábyrgð á öllu því sem aflaga hefur farið. Það er mjög misjafn áhugi hjá stjórnvöldum og atvinnurekendum að klára það sem lagt var upp með síðasta vor.

Á fundi sem þessum er okkur þó hollt að horfa líka inn á við, rýna í hvað við getum gert betur í okkar baráttu, hvernig við getum skerpt á okkar málflutningi. Okkar helsti styrkur – fjöldinn – getur orðið að veikleika. Því í fjöldanum býr fjölbreytni, ólík sjónarmið og stundum mismunandi hagsmunir. Og ég er þeirrar eindregnu skoðunar að við eigum og megum tala mörgum röddum, leyfa sjónarmiðum að stangast á, takast á um þær leiðir sem við teljum bestar í snúinni stöðu. En það má ekki verða til þess að veikja okkur út á við, við megum ekki leyfa sérhagsmunaöflunum að komast upp með sitt gamalkunna fag: að deila og drottna. Samstaðan er okkar slagkraftur, það er húin sem skapar okkur stöðu gagnvart bæði atvinnurekendum og stjórnvöldum. Fjöldinn á að vera okkar styrkur.

Árangur okkar í haust ræðst af því hvort við mætum samstillt eða sundruð til viðræðna, og þar með staða okkar félagsmanna. Það er til mikils að vinna og ég bið ykkur lengstra orða að takast á um leiðir og hugmyndir á okkar vettvangi en mæta svo sem ein rödd í viðræður hvort sem er gagnvart atvinnurekendum eða stjórnvöldum. Við hjá ASÍ munum skapa vettvanginn til samtals okkar á milli og byrja strax í dag og halda áfram í ágúst eins og ég fer nánar yfir. Þessi fundur er einmitt ætlaður til að hefja það samtal, hvernig tryggjum við að þau mál sem út af standa í lífskjarasamningnum nái framgangi og hvað eigum við að leggja áherslu á í haust.

Ég hef ekki talið ráðlagt að lýsa því yfir að við munum segja upp samningum í haust. Við verðum að vita í þessum hópi hvað við viljum. Fyrir mér er verkefnið skýrt; verja það sem hefur áunnist og knýja fram það sem út af stendur í lofordum stjórnvalda. Í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi er þó jafnvel enn brýnna að hækka atvinnuleysisbætur, lengja tekjutengda tímabil bótanna og draga úr skerðingum í almannatryggingakerfinu. Að öðrum kosti getur staðan orðið grafalvarleg með haustinu og leitt til langvarandi afkomu- og skuldavanda fjölda fólks. Enn fremur er risavaxið verkefni að tryggja að reikningurinn vegna björgunaradgerða undanfarinna vikna verði ekki sendur almenningi í formi niðurskurðar, gjaldtöku, kaupmáttarrýrnunar eða sölu á opinberum eigum. Þetta er meðal þess sem ég tel einna mest áriðandi fyrir haustið en á þessum fundi vil ég velta upp þeim bolta við ykkur hvað þið sjáið

sem brýnasta málið í haust, hvernig við eigum að stilla okkur saman og ná árangri. Við hefjum það samtal í dag og höldum því áfram í haust, fíleflð eftir verðskuldað sumarfrí.

Þetta undarlega ástand hefur afhjúpað bæði styrkleika og veikleika í okkar samfélagi. Þau lönd þar sem réttindi launafólks eru af skornum skammti, aðgengi að heilbrigðiskerfinu er háð fjárhag og innviðir lélegir eru lönd þar sem útbreiðslan er mest og mannfórnir líka. Hér á landi er fólk í viðkvæmri stöðu á vinnumarkaði það sem harðast lendir í ástandinu. Leiðsögumenn sem eru verkefnaráðnir, einyrkjar, tæknifólk í afþreyingariðnaði, listafólk og fleiri mætti telja. Þetta er því eitt þeirra verkefna sem bíða okkar og við ætlum að ræða hér á eftir: Hvernig tryggjum við fólk í ótryggum ráðningarsamböndum, hvernig finnum við þeim stað í okkar góðu hreyfingu til að nýta afl okkar þeim til handa? Annað sem við ætlum að ræða er ferðaþjónustan, hvernig getum við byggt upp ferðaþjónustu á nýjum grunni án þeirra stórkostlegu galla fyrir launafólk sem við höfum orðið vör við síðustu ár. Síðast en ekki síst þarf að fara í vörn fyrir heimili og einstaklinga þegar og ef kreppan fer að bíta í haust og fólk hættir að geta staðið í skilum með lán, leigu og aðrar skuldbindingar. Þar munum við ekki skila auðu enda vitum við sem er að slíkt getur haft langvarandi og alvarlegar afleiðingar.

Allt þetta og meira til ætlum við að ræða á þessum vettvangi í dag.

Kæru félagar, ég hvet ykkur til að leggja hugmyndir í púkkið, skýra afstöðu ykkar, taka þátt í rökræðum um áherslur og leiðir til að við getum þroskað samtalið í okkar hópi og vonandi mætt í september með skýra og sameiginlega sýn á þau verkefni sem er fyrir höndum. Ég veit og ber virðingu fyrir því að við sitjum hér í umbodi ólíkra einstaklinga, ólíkra samfélags hópa og ólíkra landsvæða. En það er þó miklu meira sem sameinar hagsmuni okkar félaga en greinir á milli. Sterk og sameinuð verkalýðshreyfingin er ein af grunnstöðum okkar samfélags, ein af höfuðástæðum þess að hér eru lífsgæði almennt mikil og meirihluti fólks hefur það gott. En við eigum líka langt í land með að tryggja að sú velsæld sé allra. Krepputímar eru tímar breytinga. Þá keppast sérhagsmunaöflin við að nýta óreiðuna til að skara eld að eigin köku, veikja regluverkið, sölsa undir sig meiri auð og grafa undan innviðum samfélagsins. Okkar verkefni er að verja lífskjörin, en líka að sækja fram, tryggja að breytingarnar verði til hins betra fyrir okkar fólk og þar með fyrir Ísland framtíðarinnar.“

Drífa Snædal fundarstjóri gerir grein fyrir því að fundur hafi ekki verið boðaður með réttmætum hætti og því hvorki ályktunar- né ákvörðunarfær. Fundurinn sé fyrst og fremst upphaf að samtali milli formanna og félaga.

## Yfirlýsing stjórnvalda í tengslum við lífskjarasamninginn – stöðumat

### a) Skattar – fæðingarorlof og barnabætur – hagstjórn

Framsaga: **Sólveig Anna Jónsdóttir**, formaður Eflingar og 1. varaforseti ASÍ.

„Eins og þið öll vitið fór hreyfingin fram með kröfu gagnvart stjórnvöldum um að skattar á láglaunafólk yrðu lækkaðir verulega, að lægstu laun yrðu skattfrjáls og einnig að skattar á millitekjuhópana yrðu lækkaðir. Niðurstaðan er að skattþrepum var fjölgað í 3. Fyrsta skattþrepið nær til 354.000 króna tekna, annað til 989.000 króna tekna og þriðja til tekna sem eru hærri en það. Nýja lágtekjuprepið á að leiða til þess að ráðstöfunartekjur tekjulægstu hópanna hækka um 10.000 krónur á mánuði. Þann 1. janúar síðastliðinn var fyrri áfangi innleiddur og seinni áfangi verður næstu áramót.

Þó skattalækkunin sé auðvitað mikilvægt skref í rétta átt þá er 10.000 króna hækkun fyrir lágtekjufólk ekki stór upphæð, sérstaklega í ljósi þess að skattbyrði hefur verið aukin á þann hóp markvisst frá um 1995. Við hljótum að vilja að lengra verði gengið og að 4. þrepinu verði bætt við á hátekjufólk. Það þarf að halda áfram umbótum á skattkerfinu okkar til að það sinni því jöfnunarhlutverki sem það á að sinna í landi sem vill kenna sig við norræna velferð og jafnrétti. Í samhengi við skattalækkanir á lágtekjufólk er mikilvægt að átta sig á því að ekkert er betra fyrir hagkerfi í kreppu en að veita meira fé til láglaunafólks, það notar jú allar sínar krónur í nærumhverfinu sem eykur hagvöxt.

Lenging fæðingarorlofs er mikilvægt framfaramál og við hljótum öll að gleðjast yfir þeim sjálfsögðu mannréttindum að fólk geti fengið að vera lengur með börnum sínum í frumbersku þeirra án þess að það þýði verulegar fjárhagsáhyggjur og verði forréttindi tekjuhærri foreldra.

Fæðingarorlof lengist úr 9 í 10 mánuði 1. jan. 2020 og í 12 mánuði 1. jan. 2021.

Síðustu áramót er skiptingin á orlofinu fjórir mánuðir fyrir hvort foreldri og tveir til að ráðstafa að vild. Útfærsla á skiptingu næstu áramót er eftir en stefna ASÍ er að það verði fimm mánuðir á hvort foreldri og svo 2 til að ráðstafa að vild.

Skerðingarmörk barnabóta hækka í 325.000 kr. á mánuði á árinu 2020. Í því er fólgin 5.000 kr. hækkun barnabóta á mánuði fyrir hjón með tvö börn með samanlagðar tekjur frá 670-870 þúsund á mánuði og 2.500 kr. hækkun barnabóta á mánuði fyrir einstæða foreldra með tvö börn með tekjur á bilinu 330-580 þúsund á mánuði.

Þrátt fyrir hækkun skerðingarmarkna þá eru þau mörk enn alltof lág. Það er algerlega ólíðandi að fólk á lágmarkslaunum fái ekki fullar barnabætur þótt mikilvægt sé að breyting á kerfinu hafi átt sér stað. Við eigum að mínu mati

að berjast markvisst fyrir því að réttlátt og skynsamlegt barnabótakerfi verði innleitt, og getum þá vísað til þess að fátt er betra fyrir samfélag en að börn alist upp í aðstæðum þar sem fullorðna fólkið er ekki undirselt kvíðanum sem fylgir fjárhagsáhyggjum og að fleiri krónur til barnafólks skila sér vel út í hagkerfið og eru því mikilvægt viðbragð til að vinna gegn efnahagssamdrætti.

Þess má líka geta hér að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2020 kemur fram að barnabætur verði um 500 milljón krónum lægri en gert var ráð fyrir vegna þess að á undanförunum árum hafa tekjur barnafólks hækkað hlutfallslega meira en viðmiðunartekjur í barnabótakerfinu sem hefur haft þau áhrif að afgangur hefur verið á þessum lið. Þarna er komin önnur ástæða fyrir því að við eigum að sækja fram til að hækka bætur verulega til viðbótar til þeirra barnafjölskyldna sem minnst hafa á milli handanna.

Í kröfum hreyfingarinnar sem ASÍ lagði fram vegna kjarasamninganna 2019 var þess einnig krafist að skattar á fjármagn og annað sem tilheyrir kapítalismannum yrðu auknir. Einnig að eftirlit með skattaskilum og rannsóknir á skattabrotum yrði aukið verulega. Auðmannadekur hins opinbera hefur gert það að verkum að fjármagnseigendur og meðlimir auðstéttarinnar taka ekki eðlilegan þátt í því að fjármagna samneysluna og samfélagið okkar. Það er óþolandi, eykur ójöfnuð og stéttskiptingu sem er eitur fyrir samfélög, sérstaklega lítið samfélag líkt og okkar.

Bent hefur verið á þá fráleitu staðreynd að um 25 OECD-ríki hafi hærri fjármagnstekjuskatt, í skýrslu Indriða Þorlákssonar og Stefáns Ólafssonar um skattamál sem þeir unnu fyrir Eflingu og af hageild ASÍ.

Ég vona að við getum í sameiningu haldið áfram að berjast fyrir því að vinnandi fólk fái að búa við réttlátari skattheimtu.

Takk fyrir.“

**Drífa Snædal**, forseti ASÍ, fer stuttlega yfir stefnu og loforð stjórnvalda í sambandi við lífskjarasamningana og áhuga þeirra til að bæta kjarasamningsgerð og umhverfið. Alls konar hækkanir og annað hafi verið reynt. Sveitarfélögin hafa farið frjálstlega með þetta, eins og fasteignaskatt og gjöld og SÍS ekki talið sig skuldbundið af yfirlýsingu um að frysta hækkanir. Vandinn liggja því hjá sveitarfélögunum.

## **b) Húsnæðismál**

Framsaga: **Ragnar Þór Ingólfsson**, formaður VR

Ragnar Þór fer yfir kröfur hreyfingarinnar sem saman hafi myndað heildstætt kerfi sem myndi raunverulega nýttast vinnandi fólki. Þær hafi m.a. snúist um viðbótar stofnframlög ásamt framlengingum til ráðstöfunar tilgreindrar séreignar til að auðvelda ungum og tekjulágum inn á markaðinn. Þessar aðgerðir þurfi einnig að ná til þeirra sem ekki hafa átt húsnæði síðastliðin 5 ár.

Mjög mikilvægt sé að ná til þeirra sem annars hafa takmarkaða möguleika á að kaupa fasteign. Það sé mjög jaðarsettur hópur sem illa hafi gengið að greina. Starfshópurinn hafi gert tillögu um svokallaða skoska leið. Miklar hækkanir hafi verið á fasteignaverði, og litlar sem engar líkur séu á að fjárfesting ríkisins skili sér ekki. Reynsla annarra þjóða hafi verið sú að ríkið hafi fengið sitt og meira til baka. Húsaleigulög verði endurskoðuð með leigubremsu til að takmarka hækkun á leiguverði.

Tillaga starfshóps feli í sér að ríkið veiti startlán til viðbótar láni frá banka eða lífeyrissjóði, og loki þannig bilinu upp að 90% veðhlutfalli. Þetta sé sérstaklega hugsað fyrir tekjulága sem ekki ráða við greiðslubyrði lána sem bjóðast á markaði og/eða eiga ekki fyrir fyrstu útborgun. Þeir sem hafa lent í áföllum eiga aðeins möguleika á 70% fjármögnun meðan aðrir, sem átt hafa fasteign, geta fengið 85% fjármögnun. Þeir sem nýta 85% nýta ABC – A á bestu kjörum en B og C á glæpsamlega háum vöxtum.

Þá hefur starfshópur einnig lagt til að ríkið veiti eiginfjárlán sem nemi allt að 15-30% af kaupverði fyrir tekjulága hópa sem ekki ráða við greiðslubyrði startlána. Lánin verði án afborgana, höfuðstóll haldist sem hlutfall af matsverði íbúðar. Hæg verði að greiða lánið upp í áföngum á matsvirði, ellegar það greiðist við sölu eignar eða að 25 árum liðnum. Lánin verði einnig án vaxta fyrstu fimm árin, en þá bætist lágir vextir ofan á. Þetta sé hvati til þess að greiða lánið upp þegar svigrúm gefst. Með þessu lækkar húsnæðiskostnaður hjá þeim sem hleypt er inn á séreignamarkað.

Dapurlegt sé að Efling hafi tekið fram að ekki væri gerð athugasemd við tekjumörkin. Fjármálaráðherra hafi tekist að eyðileggja þessa góðu vinnu. Búið sé að taka hlutdeildarlán og snúa á hvolf. Leigufrumvarpið sitji fast inni í ráðuneyti. Umsögn ASÍ um hlutdeildarlánin hafi verið góð. Forsendur geti ekki haldið með neinu móti þegar svona grundvallarmál er komið á rönguna.

### c) Lífeyrismál

Framsaga **Hilmar Harðarson**, formaður Félags iðn- og tæknigreina

Hilmar segir þau mál sem hreyfingin hafi viljað hafa inni ekki alveg gengið eftir. Gerðar hafi verið athugasemdir um breytingu á lögum nr. 129/1997. Viðræður hafi verið við Landssamband lífeyrissjóða og ASÍ til að koma ákveðnum málum í gegn sem ekki hafi gengið eftir og ASÍ hafi gert athugasemdir við breytingar sem voru kynntar á lögum. Lögfesta þurfi 15,5% skyldutryggingariðgjald, og 3,5% í séreign svo það sé ekki aðfararhæft og mögulegt sé að rukka það inn í gjaldþrotamálum. Heimilt verði að ráðstafa tilgreindri séreign til húsnæðismála með tíma- og fjárhæðartakmörkunum. Þá þurfi að endurskoða lífeyristökualdur í samráði við hlutaðeigandi aðila. Mikilvægt sé að standa saman og koma þessum málum í gegn.

#### d) Félagsleg undirboð

Framsaga **Halldór Grönvold**, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands

Halldór fer yfir stöðu 11 tölusettra atriða er lúta að félagslegum undirboð-um á vinnumarkaði og frumvarp um starfskjör.

21. liður snýr að kennitölulflakki og því að tekið verði á því á skilvirkan hátt. Þar að lútandi hafi frumvarp byggt á samkomulagi við ASÍ verið til umfjöllunar á þingi og stefnt að afgreiðslu þess síðar í þessari viku. Þar fylgi einnig aðgerðaáætlun í sex liðum um framkvæmd.

27. liður snýr að keðjuábyrgð í lög um opinber innkaup. Þau hafi verið lögfest vorið 2019 og tekið gildi 1. janúar 2020 og þegar sé farið að reyna á þau.

30. liður snýr að aðstoð og vernd vegna mansals og nauðungarvinnu. Málið sé á forræði dómsmálaráðherra en ekkert hafi gerst á þessu ári. Engin viðbrögð hafi verið við kröfum Alþýðusambandsins þrátt fyrir að ítrekað hafi verið óskað eftir þeim.

31. liður snýr að upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna og atvinnurekenda. Þar sé ýmislegt í skoðun, m.a. að símenntunarkerfið verði nýtt til upplýsingamiðlunar en engin skipulögð vinna sé enn hafin og ekkert liggi fyrir um niðurstöður.

22. liður snýr að því að heimildir til refsinga vegna launaþjófnaðar verði auknar. Þegar hafa verið samþykktar heimildir Vinnuálastofnunar til dagsekta, stjórnvaldssekta og rekstrarstöðvunar. Enn er ágreiningur um kröfu ASÍ um févítu, greiðslur til þeirra sem brotið er á.

23. liður sem snýr að föstum samráðshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins er inni. Hópurinn mun standa að sameiginlegri stefnumótun um aðgerðir gegn brotastarfsemi. Þetta er að norskri fyrirmynd.

24. liður snýr að formlegu samkomulagi stjórnvalda um skipulagt samstarf gegn brotastarfsemi, formbundnu og reglulegu samráði og samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Samstarfsvettvangur VMST, VER, RSK og LSH hefur þegar verið formgerður en samstarf þessa vettvangs/hóps og aðila vinnumarkaðarins (ASÍ) hefur ekki verið formgert.

25. liður snýr að fyrirbyggjandi aðgerðum og útvíkkun refsíábyrgðar. Þessi liður er nátengdur tölulið 22 og því er vísað í athugasemdir við hann.

26. liður snýr að lagaheimildum til að taka á brotastarfsemi, þvingunarúræðum og stjórnvaldsviðurlögum. Hér vísar Halldór einnig í athugasemdir við 22. tölulið og viðurlaga heimildir VMST sem hafa verið samþykktar til að kalla eftir ráðningarsamningum, launaseðlum og tímaskriftum. Einnig séu nýjar heimildir til Vinnueftirlitsins.

28. liður sem snýr að því að koma í veg fyrir brotastarfsemi undir for-



merkjum starfsnáms og sjálfboðaliðastarfsemi er inni í frumvarpinu.

29. liðurinn sem snýr að kortlagningu lagaheimilda til að skiptast a gögn-um og upplýsingum, og gefa út handbók þar að lútandi, er í vinnslu og notað að hluta til lagasetningarvinnu.

#### e) Einföldun regluverks og eftirlit

Framsaga **Henný Hinz**, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands

Henný fjallar um einföldun regluverks og eftirlits sem snúi að breytingum á samkeppnislögum og tilslökunum á skilyrðum sem veikja heimildir samkeppniseftirlits. Þær tillögur og frumvörp sem fram hafi komið séu ekki ásættanlegar og athugasemdir hafi verið gerðar hvað það varðar. Verið sé að gera umtalsvert rými breytingar en þörf sé á. Meðal annars sé verið að útvíkka veltumörk vegna samruna fyrirtækja og fyrirtæki sem fái þar rúma heimild til að meta hvort þau sjálf uppfylli skilyrði um undanþágur. Það sé ljóst að erf-ðara sé fyrir eftirlit að fara inn eftir á og brjóta upp áunna samruna í stað þess að gera athugasemdir fyrirfram. Allur rökstuðningur í frumvarpi snúi að því að samkeppniseftirlitið sé hamlandi fyrir fyrirtæki. Ekkert sé þar fjallað um um þann hag sem af því hlýst.

Fram sé komið frumvarp um einföldun regluverks byggingaraðila sem eigi að leiða til styttri byggingartíma. Einfalda eigi framkvæmd byggingarmála til að stytta byggingartíma. Samiðn veitti umsögn um frumvarpið og voru þeir jákvæðir að því gefnu að ekki væri gefinn afsláttur af gæðum íbúðarhúsnæðis. Farin sé af stað könnun á vegum ráðuneyta til að meta hvernig megi einfalda regluverk á vegum stofnana og ráðuneyta.

Yfirlit yfir lagaákvæði þar sem mælt sé fyrir um leyfisveitingar, eftirlit og gjaldtöku séu íþyngjandi fyrir atvinnustarfsemi og gera skuli tillögur að úrbót-um.

Að lokum nefnir Henný verðtrygginguna. Áhersla nefndarinnar hafi verið að skoða vísitölu neysluverðs, og hvort hægt væri að of- eða vanreikna hana, sérstaklega með tilliti til húsnæðisliðs. Niðurstöður erlends sérfræðings sem fenginn hafi verið til að skoða útreikningana hafi verið að aðferðafræði varð-andi útreikninga á húsnæðislið væru í samræmi við alþjóðleg viðmið. Hann gerði þó tillögur að rannsóknarverkefni og beindi til Hagstofu hvernig megi með breyttum aðferðum gera húsnæðisliðinn stöðugri gagnvart skammtíma-sveiflum. Nefndin beini því til Hagstofunnar að hún verði áfram í fremstu röð með að beita öllum tiltækum aðferðum til að minnka bjögun á vísitölu.

Drífa Snædal, forseti ASÍ, fer örstutt yfir sérstaka yfirlýsingu um að draga úr vægi verðtryggingar. Hún segir að það eina sem staðist hafi varðandi verð-trygginguna sé sú vinna sem Henný hafi gert grein fyrir, aðrir hlutar standa út af. Í forsætisráðuneytinu hafi verið rætt um hvort taka þurfi húsnæðishlut út úr vísitölnni. Ný stefna sé í Sedlabankanum þar sem vextir séu lækkaðir til að



draga úr verðbólgu. Hún kveðst hafa áhyggjur af heimilum með verðtryggða húsaleigusamninga. Gera þurfi báða aðila samnings ábyrgja fyrir verðtryggingu, ekki bara lántakendur og leigjendur. Þá hafi seðlabankastjóri réttlæga bent á að deila þurfi ábyrgð á verðtryggingu á alla aðila. Drifa segir hluti hafa unnist seinna og verr en áætlað var, sérstaklega hvað varðar húsnæðismál og sektarákvæði vegna brotastarfsemi á vinnumarkaði.

### **Opnað fyrir mælendaskrá**

**Vilhjálmur Birgisson, VLFA**, fer yfir afnám verðtryggingar og loforð tengd lífsskjarasamningum. Niðurstaðan um aðkomu stjórnvalda hafi verið skýr, að banna ætti 40 ára jafngreiðslulán enda hafi sérfræðihópur komist að þeirri niðurstöðu á sínum tíma. Þessi lán séu bjarnargreiði við ungt fólk. Hann kveðst hafa fundið að varðhundur verðtryggingar hafi barist gegn þessu og því hafi niðurstaðan verið sú að nánast hver sem er geti tekið 40 ára lánin. Þetta séu svik af hálfu stjórnvalda. Þá kemur hann einnig inn á bjögun á vísitölu. Niðurstaða nefndarinnar sé að ekki sé ætlað að vandinn sé stærri hér en í öðrum löndum. Hann kveðst orðlaus. Þetta sé gríðarlega stórt hagsmunamál en honum sýnist að öfl í íslensku samfélagi muni aldrei láta það verða að veruleika að verðtrygging verði afnumin. Vísitölubjögum komi fram í þeim löndum þar sem ítarlegar rannsóknir hafi farið fram. Í BNA sé ofmæling á vísitölu 1,1%, á Íslandi þýddi þetta að 190 milljarðar væru færðir á heimilin að ósekju. Í Evrópu sé ofmæling allt að 1,5%. Engin rannsókn hafi verið gerð hér. Hagstofan telji brýnt að ítarleg rannsókn fari fram á þessu sviði og hvernig bregðast megi við hugsanlegum bjögum. Hann segist þó ekki hafa verið hissa að lítið hafi gerst þegar hann hafi séð skipan nefndarinnar. Athugunin hafi verið alltof grunn. Dr. Kim hafi aðeins verið látinn skoða húsnæðisliðinn en ekki alla vísitöluna. Það sé mjög undarlegt, sérstaklega í ljósi ummæla Hagstofunnar sjálfar. Hann segir að ítarlega sé fjallað um bjögunina í skýrslu frá 2015 og vísar í dr. Ólaf Margeirsson, sem telji að mögulega sé verið að færa milljarða frá okkar fólk. Vilhjálmur segist að lokum telja að verkalýðshreyfingin eigi að beita sér sterklega fyrir því að slík rannsókn fari fram.

**Sólveig Anna Jónsdóttir, Eflingu**, vill bregðast við orðum Ragnars Þórs Ingólfssonar um það að Efling hafi ekki gert athugasemdir við tekjuviðmið. Hún áréttar að athugasemd þeirra hafi snúið að því að ef tekjumörk yrðu hækkuð þyrfti einnig að hækka framlög í málaflokkinn verulega. Efling sé félag láglaunafólks.

**Ragnar Þór Ingólfsson, VR**, þakkar Sólveigu Önnu svarið. Þá segir hann vert að ræða það að mál hafi ekki verið klárað. Hann segir þá sem komið hafi að vinnunni á vettvangi ASÍ hafi kynnt sér málin gríðarlega vel. Hann kveðst hugsi yfir því að eftir að hlutir sem enginn ágreiningur hafi verið um fari í kostnaðarmat hjá fjármálaráðuneytinu þurfi að endursemjja um hluti sem búið

hafi verið að semja um. Stór mál séu sett í gíslingu í fjármálaráðuneytinu mánuðum saman, þeim snúið á rönguna og svo hent með skömmum fyrirvara fyrir þingið. Vandinn liggi augljóslega í fjármálaráðuneytinu. Staða stjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokksins, sé þannig að verkalýðshreyfingin láti þetta yfir sig ganga. Aldrei hafi verið þorað að segja upp samningum þegar forsendur séu brostnar eins og nú er. Hann segist ekki sjá annað í stöðunni í haust. Ragnar tekur undir með Vilhjálmi og segir að mikilvægt sé að leiðrétta og aftengja vísitölutengingu á lánnum og sjá til þess að þetta verði gert á þeim lánnum sem ekki sé hægt að breyta. Ekki hafi staðið á hreyfingunni heldur fjármálaráðuneytinu og ráðherra, Bjarna Benediktssyni.

**Friðrik Boði Ólafsson, VR**, ræðir tekjutengingu við hlutdeildarlán sem hann segir mikla hörmung. Telur að tekjutenging komi til vegna ótta við að verið sé að lána einhverjum sem ekki þarf á því að halda. Eðli húsnæðis vegna þessara lána séu að þau séu letjandi. Núverandi markaður sé búinn til fyrir forstjórabörn með lúxusíbúðum. Úrræðið hafi átt að vera hvetjandi fyrir byggingarfélög til að byggja ódýrara húsnæði. Tekjutengingin dragi úr framboði og hvatinn sé því ekki eins mikill fyrir byggingarfélögin. Til þess að losa okkur við verðtryggt lán þarf að vera annað úrræði sem nýtist viðkomandi hópi. Allt bendi til þess að ríkið græði á slíkum lánnum og því ætti ekki að vera þörf á tekjutengingu.

**Agnieszka Ewa Ziolkowska, Eflingu**, beinir spurningu til Halldórs Grönvold varðandi launabjórnað. Hvaða röksemdir SA hafi lagt fram til að hafna málinu og hvernig standi til að bregðast við. Þá beinir hún einnig spurningu til Drífu Snædal um hvernig ASÍ ætli að bregðast við sektarákvæðum enda séu sektirnar mjög mikilvægar fyrir félagsmenn Eflingar.

**Drífa Snædal, forseti ASÍ**, svarar og segir ljóst að hjartað brenni á ólíkum stöðum. Þess vegna þurfi að ræða málin. Næsta tækifæri til þrýstings sé í september. Það þurfi slagkraft og spurning sé hvort þurfi sameiginlegan kraft ASÍ og SA. Þetta sé eitt af stóru málunum fyrir endurskoðun forsenduákvæða í haust.

**Halldór Grönvold, aðstoðarfrkv.stj. ASÍ**, svarar og ítrekar að allt varðandi möguleg viðurlagaákvæði vegna brota nema féviti sé komið inn, dagsektir, stjórnvaldssektir og lokunarákvæði. Krafan snúist um að atvinnurekanda sé ekki nægjanlegt að endurgreiða umrædda upphæð heldur verði álag á höfuðstól til að bæta brotaþola. Krafan sé að höfuðstóll tvöfaldist. SA hafi ekki sett fram nein rök, þeir hafi ekki fengist til að ræða málið. Staðan sé sú að ráðuneytin hafi ekki fengist til að taka á málinu. Málið sé komið á hið pólitíska borð. Þetta sé dapurlegt þar sem margt gott hafi náðst inn og rekur hann t.d. umbætur í vinnuverndarlögum.

**Hilmar Harðarson, Samiðn**, segist hafa búist við meiru úr endurskoðun

dr. Kim á húsnæðislið vísitölunnar. Segir hreyfinguna mega beita sér fyrir því að vísitala sé ekki uppfærð mánaðarlega. Hann vilji vera jákvæður. Náðst hafi að lækka vexti og sjá megi lífeyrissjóði fylgja vöxtum Seðlabankans. Vonum að Seðlabankinn sé með þær varnir sem þarf. Segir frá því að hann hafi hitt mennta- og menningarmálaráðherra, Lilju Alfreðsdóttur, sem hafi lofað að allir umsækjendur um iðnnám fengju pláss í námi. Vegna brottfalls úr skólum hafi verið lofað að setja saman starfshóp til að fara yfir þá sem hafa útskrifast með sveinspróf. Það sé vettvangur til að fá áður ótiltækar upplýsingar.

**Valmundur Valmundsson, SÍ,** vill gera tvennt að umtalsefni. Hann segir að í kjarasamningum sjómanna séu sektarákvæði vegna brota á kjarasamningum. Vegna brots á kjarasamningi þurfi útgerðin að greiða 630 þúsund, og þar skipti upphæðin ekki máli. Ein aðalkrafa útgerða sé að fá þetta ákvæði út en sjómenn vilji eðlilega halda því inni. Hann telur að sú viðurkenning á brotinu sem í sektinni felist sé ekki síður mikilvæg en fésektin sjálf. Þá segir hann frá því að SSF hafi kvartað til umboðsmanns Alþingis yfir því að verðlagsstofa hafi gefið út verðskrá til samanburðar, þ.e. á milli landa. Þetta hafi útgerðarmönnum þótt ótækt og ekki hlutverk verðlagsstofu. Hann kveðst telja að gengið sé í garð nýtt umhverfi í samskiptum við atvinnurekendur. Lýsir tveimur málum um trúnað við kjarasamninga sem virðist vera lítill. Annað málið sé fyrir félagssdómi v/kauptryggingar sem hefði átt að hækka 1. maí í fyrra. Hitt málið snúi að tilkynningu 3. maí frá útgerðarmönnum um að 0,5% myndi falla út núna þar sem þetta hafi verið tímabundið ákvæði. Þeir telja kjarasamninga ekki gilda þó aðrir hafi ekki verið gerðir. Hann brýnir menn að standa saman gegn þessu nýja valdi. Undirliggjandi harka sé meiri en áður.

**Halldóra Sveinsdóttir, form. Bárunnar,** tekur undir hvert orð með Valmundi um aukna hörku. Vill vera á jákvæðum nótum enda hafi margt áunnist. Það sem standi út af í skattamálum sé fjórða skattþrepið. Ekki megi láta deigan síga. Einnig þurfi að þrýsta á lengingu fæðingarorlofs. Þá minnir hún á Grænbók, að huga þurfi að betra umhverfi svo þeir geti ekki nýtt sér stöðuna. Sveitarfélög hafa hækkað gjaldskrá, fasteignamat hækki og meira svigrúm sé til neyslu og lána. Það sem standi út af séu húsnæðismál og verðtrygging. Lánaumhverfi aldrei verið eins gott. Lífeyrissjóðir gengið fram og boðið bestu vexti undanfarin ár og misseri, einnig fyrir lífskjarasamninga. Hún segist velta fyrir sér afstöðu t.d. Vilhjálms Birgissonar sem sé fylgjandi verðtryggingu lána gagnvart stóriðju en vilji svo afnema hana á hinum endanum. Þá óskar hún einnig eftir skýringum frá Ragnari Þór Ingólfssyni varðandi tekjutengingar.

**Eiður Stefánsson, Landssambandi íslenskra verslunarmanna,** segir ekkert hafa verið rætt meira í sínu félagi en hlutdeildarlán. Þar séu tekjumörk of lág, og ættu í raun ekki að vera til staðar. Þessu verði að berjast gegn. Varðandi verðtrygginguna kveðst hann alltaf hafa verið þeirrar skoðunar að það

eigi að banna hana alveg, ekki eingöngu á 40 ára lánum. Það myndi bæta umhverfið mikið.

**Vilhjálmur Birgisson, VLFA**, tekur undir með síðasta ræðumanni. Svarar Halldóru varðandi verðtryggingu, segist hafa gert mistök og vilji þetta út. Rekur samspil launavísitölu og þróun hennar. Verið sé að berjast fyrir því að komast út úr verðtryggingu launa. Atvinnurekendur ekki tilbúnir í það. Hækk-anir hafi verið minni en hækkun lægstu taxta frá 1998. Sérstakar krónutölu-hækkanir hafa gert það að verkum að lægstu taxtar hafa þotið upp fyrir önnur viðmið. Umhverfið verið hagfellt undanfarið. En ekki megi gleyma að unga fólkið þarf að taka ABC lán þar sem veðsetningarhlutfall BC sé mjög hátt. Þetta þekki hann af eigin raun. Hann kveðst hafa viljað ræða um tómlætismál og tekur undir með varaformanni Eflingar um nauðsyn þess að fá inn féviti. Hann segir frá því að í hans félagi hafi fallið dómur um milljón króna kröfu sem gerð var 5 mánuðum eftir að störfum lauk. Hæstiréttur hafi komist að því að fyrst ekki hafi verið gerð athugasemd við ráðningarsamning hafi mátt ætla að samþykki væri til staðar. Mál séu að tapast vegna tómlætis og það sé óásættanlegt. Hluti félagsmanna sé erlendur og átti sig oft ekki á þessu. Þá rekur hann einnig sögu af félagsmanni sem var rekinn fyrir að fara í félags-dómsmál.

**Ragnar Þór Ingólfsson, VR**, svarar Halldóru varðandi tekjumörk. Hlut-deildarlán hafi verið í Skotlandi frá 2006. Árið 2013 var farið í átak vegna svipaðs ástands og hér. Þeir hafi varað okkur sérstaklega við því að vera með of stíf skilyrði og tekjuviðmið. Þetta þurfi að vera aðgengilegt og einfalt. Tekjumörk séu þannig að margir munu lenda milli skips og bryggju og fólk getur þá hvorki farið inn með hefðbundnum leiðum né hlutdeildarlánunum. Yfir 70% félagsmanna VR 25-35 ára myndu falla utan við viðmiðin (440 þús.). Því sé afar mikilvægt að engin tekjuviðmið séu hvað þetta varðar.

**Drífa Snædal, forseti ASÍ**, svarar Vilhjálmi Birgissyni því að ekkert hafi orðið ágengt í samræðum við SA í þessum mánuði.

Kl. 11:45 Hádegishlé

## **Viðbótar stefnumótun í ljósi breyttrar stöðu á vinnumarkaði**

### **a) Ferðaþjónusta á nýjum grunni**

**Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ**, rakti það verkefni sem blasi við hreyfingunni að stuðla að bættri og sanngjarnari endurreistri ferða-þjónustu. Ljóst væri að mikið af þeim vandamálum sem hafa verið í gangi um slæma meðferð starfsfólks og launaþjófnað hafi verið tengd atvinnugreininni. Því þurfi að stuðla að öflugra eftirliti og stöðva undirboð. Ferðaþjónustan eigi ekki að þurfa að vera láglaunagrein. Ljóst sé að komandi þing ASÍ muni hafa mikilvægt hlutverk í þessum efnunum.

## b) Ótrygg ráðningarsambönd

**Jakob Tryggvason, FTR**, gerði grein fyrir þeim verkefnum sem bíði starfshópsins. Vandinn að hans mati væri sá að hópur launafólks sé skilgreindur of þröngt og falli því í raun á milli skips og bryggju hvað varði ýmis réttindi. Nokkrar atvinnugreinar byggðust hreinlega upp á verktöku og verkefnabundnum ráðningum eins og staðan væri í dag. Allt í umhverfi greinanna gerði jafnvel erfitt fyrir að hafa þetta með öðrum hætti. Jakob lýsti því að hann telji nauðsynlegt að færa víglínuna eins og hann orðaði það. Með því væri átt við að félög, opinberar stofnanir og fleiri verði að gera sig meira móttækileg fyrir einstaklingum í ótryggum ráðningarsamböndum. Eins og staðan væri nú væru viðfangsefnin tvö í grófum dráttum; annars vegar þurfi í raun rústabjörgun, eins og Jakob orðaði það, þ.e. að taka á þeim vandamálum sem blasi við hópnum núna; hins vegar þurfi að greina stöðuna og gera bætur og tillögur til lengri tíma.

## c) Varnir fyrir heimili

**Ragnar Þór Ingólfsson, VR**, lýsti því að nú sé fyrirjábanleg staða nk. haust þar sem fjölmargir félagsmanna muni fara á grunntatvinnuleysisbætur með þeim fjárhagserfiðleikum sem því fylgi. Í samhengi við það og annað þurfi að skoða þætti eins og að setja raunverulegan þrýsting á fjármálakerfið um að lækka vexti. Vaxtamunurinn sé of mikill og stýrivaxtalækkun hafi ekki skilað sé nægilega vel. Auk þess þurfi að gera kröfu um greiðsluskjól fyrir heimilin sem möguleiki í a.m.k. 12 mánuði. Jafnframt kvaðst Ragnar hafa átt samtöl við stór leigufélög um möguleikann á að frysta leigu sem sé mögulega hægt þó svo að skuldin sé enn þá til staðar. Ragnar lagði áherslu á mikilvægi verkefnisins enda fylgi því mikið álag og kvíði fyrir einstaklinga og heimili að geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. Janframt þurfi að koma í veg fyrir að skaðinn verði til lengri tíma sem geti gerst með aukningu á vanskilaskrá og slíku.

**Forseti ASÍ, Drífa Snædal**, opnaði fyrir umræður um framangreint.

**Sigríður Rósa Bjarnadóttir, Félagi kvikmyndagerðarfólks**, steig í pontu og sagði stuttlega frá þeim veruleika sem félagsmenn sem starfi í geiranum standi frammi fyrir. Hún kvartaði yfir skorti á lagareglum sem skilgreini heimila verktöku og mörkin á milli hefðbundins ráðningarsambands og verktöku.

**Hilmar Harðarson, FIT/Samiðn**, kvaðst fagna umræðunni um að bæta og skýra stöðu verktaka. Málin geti þó verið flókin og margbreytileg. Margir af félagsmönnum FIT séu svokallaðir einyrkjar og starfi sjálfstætt með ágætis árangri. Í samhengi við verktöku væri jákvætt að fá verkefni eins og „allir vinna“ í gang enda hjálpaði það til við að ýta hlutum upp á yfirborðið og ætti að gera auðveldara fyrir að kortleggja verktakamarkaðinn.

**Vilborg Anna Björnsdóttir, Leiðsögn**, kvaðst vilja taka undir með því sem Jakob lýsti. Leiðsögumenn séu margir hverjir ferðaráðnir. Því sé mjög erfitt að ganga á eftir sínum réttindum. Kveðst geta fullyrt það hér að stór hluti félagsmanna sé ekki búinn að fá neina úrlausn sinna mála. Þannig sé ástandið hjá flestum. Svo séu margir hverjir sem starfi annars vegar sem verktakar og einnig sem launafólk. Sambandið við atvinnurekendur sé því mjög skrýtið. Fjallaði jafnframt um mikilvægi sí- og endurmenntunar sem sé gríðarlega mikilvæg í því árferði sem er nú.

**Friðrik Boði Ólafsson, VR**, sagði í samhengi við umræðuna um verktaka að skipulag stéttarféлага á Íslandi væri þannig að erfitt sé að gera kjarasamninga fyrir sjálfstætt starfandi verktaka. Í því samhengi kvaðst hann vilja varpa fram þeirri hugmynd hvort möguleiki sé á því að gera sérstakt stéttarfélag fyrir sjálfstætt starfandi verktaka.

**Jakob Tryggvason, FTR**, sagðist geta tekið undir allt það sem fram hafi komið í umræðunum. Kvaðst hann vilja skýra nánar hvað hann ætti við þegar hann talaði um gerviverktaka. Oftar en ekki sé það spurning um hver sé ódýrasti kosturinn fyrir atvinnugreininna. Á meðan verktakar verði ódýrari og það sé möguleiki að ýta fólk í það verði það oftast ofan á fyrir atvinnurekendur sem hafi val. Því þurfi að skilgreina hvar víglínan svokölluð sé og hvernig hreyfingin vilji að þetta sé.

**Drífa Snædal, forseti ASÍ**, tók til máls og lauk umræðunum um dagskrárlíðinn. Áður en vikið yrði að næsta dagskrárlíði sagðist Drífa vilja nota tækifærið og vekja athygli allra formanna á nýjum úrskurði Persónuverndar frá 5. júní þar sem staðfest var að stéttarfélög geti átt aðild að málum/kvörtunum fyrir Persónuvernd f.h. ótilgreindra félagsmanna sinna.

## **Áherslur í viðræðum um forsendur kjarasamninga í september**

**Drífa Snædal, forseti ASÍ**, fór vandlega yfir forsenduákvæði svokallaðs „lífskjarasamnings“ sem koma til skoðunar í september nk. Lýsti hún verkefnum og störfum forsendunefndarinnar og því hvernig hún er skipuð. Mikilvægt sé að allir séu meðvitaðir um ferlið og verklagið og búast megi við því að samninganefnd verði virkjuð og jafnvel einnig formannafundur. Líklegt sé að niðurstaðan verði að forsendur teljist brostnar en viðbrögðin séu í okkar höndum. Í því samhengi megi búast við því að samninganefnd ASÍ þurfi að ákvarða samningsmarkmið. Viðbúid sé að afstaða SA og ríkisins verði að halda samningnum. Í samhengi við framangreint sé henni ofarlega í huga mikilvægi þess að hækka atvinnuleysisbætur. Nefndi hún einnig úrræði sem lúti að aðgengi einstaklinga og möguleika á virkni í menntakerfinu. Að lokum kvaðst Drífa vilja að komandi umræður snúist um sýn formanna á mögulegar úrbætur sem og hvaða ferill sé heppilegastur við að ákvarða framhaldið.

**Signý Jóhannesdóttir, StéttVest.**, kvaddi sér hljóðs og vildi minna á að gæta að hefðbundnum fundarsköpum, varðandi ávarp í ræðustól, kynningar og slíkt. Kvaðst hún vilja taka undir það sem fram hefði komið um nauðsyn þess að hækka atvinnuleysisbætur en vandinn væri sá að slíkt væri erfiðara þegar kreppir að. Þetta séu hlutir sem sé betra að huga að í góðæri. Jafnframt vildi hún minna á Ábyrgðasjóð launa. Ástandið nú muni leiða til gjaldþrota og nauðsynlegt því að tryggja að skaði fólks sé bættur. Eins teldi hún að einhver tregða væri í afgreiðslu á málum þaðan sem þyrfti að bæta úr.

**Björn Snæbjörnsson, Eining-Iðja**, steig í pontu og kvaðst vilja fjalla um svokallaðan lífsskjaramning. Þar hafi þrennt staðið upp úr; í fyrsta lagi launahækkun fyrir þá lægstlaunuðu; í öðru lagi vilyrði og markmið um vaxtalækkun; og í þriðja lagi loforð stjórnvalda, sem séu vel á veg komin þó ákveðin atriði standi eftir. Spurningin sem þurfi að spyrja er hvort meiri ávinningur sé af því að segja upp samningunum en að láta kyrrt liggja. Margt sé enn í óvissu og að hans mati sé að bíða með næstu skref og spara yfirlýsingar þar til í september en rétt sé að nota tímann þangað til til að setja á þrýsting. Kvaðst hann að endingu vilja hvetja alla til að byrja ferilinn í sínu félagi nægilega snemma svo að hægt sé að viðhafa víðtækt samráð við stjórnir, halda félagsfundi o.s.frv.

**Georg Páll Skúlason, Graffa**, kvaðst vilja koma inn á stöðuna eins og hún blasir við í haust. Tók undir með því sem fram hefur komið um að taka stöðuna með framhald samninganna í september. Mjög alvarleg staða hafi komið upp frá áramótum og miðstjórn ASÍ hafi brugðist ágætlega við því sem hægt var að gera frá því að veiran kom upp. Þegar svona miklar breytingar verði skipti menntamál mjög miklu máli og kvaðst hann vilja hvetja ASÍ og samninganefndina til að muna eftir þeim. Taka verði stöðumat m.v. breytta stöðu frá því að vírusinn kom. Svona staða sé líka notuð til að veikja hreyfinguna af þeim sem hafi hag af því og það þurfi að bregðast við því með órofa samstöðu.

**Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Afl-starfsgreinafélag**, sagðist geta tekið undir flest af því sem áður hefði komið fram. Kvaðst hún vilja leggja sérstaka áherslu á að fá inn reglu um féviti í tilviki launabjórnaðar. Óásættanlegt sé að svo lítill fælingarmáttur sé vegna launabjórnaðar. Atvinnurekendur væru látnir axla of litla ábyrgð að hennar mati og tiltók hún í því sambandi mál sem nýlega var í fréttum um handtökur á byggingarstað þar sem einstaklingar hafi verið við störf án atvinnuleysis. Að lokum sagði hún að í öllu þessu mati sem sé fram undan þurfi að skoða kaupmáttinn sérstaklega í ljósi þess hvernig ríkið hyggist jafna út þann fjáraustur sem átt hafi sér stað undanfarið vegna styrkja til fyrirtækja.

**Hilmar Harðarson, FIT**, kvaðst vilja leggja áherslu á nauðsyn þess að



launafólk verði ekki látið bera ábyrgð á hallarekstri ríkissjóðs. Tryggja þurfi að högginu verði dreift til lengri tíma af hálfu ríkissjóðs sem annars gæti bitnað á velferðarkerfinu, menntakerfinu o.s.frv. sem séu svo mikilvæg okkar fólki.

**Sólveig Anna Jónsdóttir, Efling**, tók undir með því sem fram kom hjá Hjördísi, mikilvægi þess að fá inn reglur um févíti vegna launaþjófnaðar. Efling legði mikla áherslu á að fá það inn. Í samhengi við það sagði hún frá því að á síðasta ári hefði kjaramáladeild Eflingar gert um 700 kröfur fyrir hönd félagsmanna. Um helmingur þeirra hafði farið í löginnheimtu. Meðalfjárhæð krafna væri um 500 þúsund sem sé mikill peningur fyrir láglaunafólk. Viðbúid sé að nú þegar kreppi að muni atvinnurekendur ganga harðar fram gegn launafólki. Sagði hún jafnframt að stjórnvöld þyrftu að styrkja stöðu atvinnulauss fólks og í samhengi við það þyrftu stjórnvöld að taka af skarið og koma með alvöru atvinnustefnu. Hægt væri t.d. að huga betur að velferðarkerfinu sem sé fjársvelt og undirmannað. Sólveig sagði að Efling legði mikla áherslu á að hlutdeildarlánin komi fram og að velferðarkerfið sé eftt til muna. Að lokum biðlaði hún til fundarmanna að draga þann lærdóm af verkfallsátökum láglaunakvenna hjá Eflingu í vetur. Lærdómurinn væri að samstaða og hrein-skilni geti skilað ansi mörgu.

**Ragnar Þór Ingólfsson, VR**, kvaðst vilja skora á alla til að vera áberandi út á við og vera með í umræðunni þar sem að einhvers konar áróðursstríð væri í gangi. Hann sagði að samninga ætti að efna og að hann hefði ekki umboð til að ákveða annað en það sem kosið var um. Að hans mati verði að koma í veg fyrir það sem gerðist árið 2015 þegar samningum var haldið áfram þrátt fyrir brotin loforð. Stjórnvöld hafi lofað ýmsu og ekki staðið við það nú og það sé ólíðandi. Brotaviljinn sé einbeittur. Hann skori á alla að stíga fram og skrifa greinar og annað til að svara þeim sem gagnrýna hreyfinguna nú. Þakkaði hann Eflingu fyrir þá baráttu sem hún hafi átt. Verkalýðshreyfingin geti ekki að hans mati látið það yfir sig ganga að loforð séu svikin. Stjórnvöld hafi brugðist og ætli sér m.a.s. að borga ný úrræði með því að afnema gömul, eins og t.d. hlutdeildarlánin sem borga eigi með því að afnema vaxtabætur. Hvað aðra þætti varðar mun VR berjast fyrir betra og sterkara atvinnuleysisbótakerfi. Um tvennt sé að velja, að standa í lappirnar og segja upp eða láta svikin yfir sig ganga.

**Vilhjálmur Birgisson, VLFA**, sagðist geta tekið undir með því sem Ragnar Þór hafi sagt um brostin loforð stjórnvalda. Forsendur samningsins séu brostnar. Á sumum loforðum, eins og verðtryggingarmálum, hafi verið tíma-mörk sem séu nú liðin. Forsenduákvæðin séu misjafnlega skýr og eins væri verið að ræða á fundinum atriði sem væru ekki hluti af samningnum og kvaðst hann óttast að verðtryggingarmálið yrði notað til að ná öðrum hlutum inn í



viðræðunum fram undan. Sagði hann það sína skoðun að hreyfingin þurfi að standa í lappirnar þó svo að hann teldi þetta mjög erfitt mál í ljósi ástandsins í efnahagslífinu. Ákvörðunin í september verði erfið en hann kvaðst þó vona að það yrði staðið í lappirnar.

**Halldór Sveinsdóttir, Bárán,** kvaðst hafa miklar áhyggjur af haustinu. Enn þá sé óvissa í samfélaginu, margir á uppsagnarfresti og slíkt. Ferðapjónustan og réttar efndir á samningum séu stórt vandamál og kvaðst hún vilja leggja áherslu á að styrkja vinnumarkaðsmálin og berjast gegn launaþjófnaði. Jafnframt kvaðst Halldóra vilja bregðast við því sem fram hafi komið að ákveðnir formenn séu ekki nægilega áberandi í umræðunni. Hún segir hafa sýnt sig að fjölmiðlar hafi mestan áhuga á þeim sem gagnrýna féлага sína og það sagðist hún ekki vera reiðubúin að gera á opinberum vettvangi. Slíkt væri ekki í anda samstöðu sem hreyfingin þurfi að sýna á þessum erfiðu tímum.

**Hörður Guðbrandsson, Vlf. Grindavíkur,** steig í pontu og sagðist vera sammála flestu því sem fram hafi komið á fundinum. Samningar eigi að standa og það þurfi að tryggja það. Kvaðst hann vilja minna á að það styttest í kosningar til Alþingis og það feli í sér kjörið tækifæri til að vekja athygli á og þrýsta á um réttar efndir á okkar málum.

**Drífa Snædal, forseti ASÍ,** þakkaði öllum fyrir snarpar og hreinskiptar umræður. Eftir umræðu fundarins sagði hún sína afstöðu vera þá að forsendur kjarasamningsins séu brostnar og það sé eitt en annað sé hvernig hreyfingin muni fara með það álit, þ.e. hvort að uppsagnarákvæðið verði virkjað eða ekki. Sagði hún jafnframt að það væru öfl í samfélaginu sem vilji sundra hreyfingunni og það þurfi að berjast gegn því. Minnti hún fundarmenn sérstaklega á efnið sem hafði verið gefið út undir nafninu „Réttu leiðin“, þar sem áherslur ASÍ væru teknar saman um hvernig best væri að komast út úr krepunni með sómasamlegum hætti. Í því samhengi sagði hún það mikilvægt að hreyfingin hafi einhverja sýn um hvernig framtíðarmálum skuli háttað og hvatti alla til að gera sig gildandi í þeirri umræðu og halda „réttu leiðinni“ á lofti. Jafnframt lýsti hún upplifun sinni af nýlegri hringferð um landið þar sem hún hitti margt af forystufólki aðildarféлага ASÍ. Aðdáunarvert væri hve fólk væri rólegt og yfirvegað en vissulega væri það svo að ástandið kæmi mismunandi niður á landshlutum. Að lokum kvaðst hún vilja hvetja alla til að sýna samstöðu á þessum krefjandi tímum og hvatti alla sérstaklega til að hvíla sig vel til að undirbúa sig fyrir krefjandi haust. Að því lokni sleit Drífa fundinum.

Fundi slitið kl. 14:30.

## Fulltrúar á formannafundi

### *Nafn félags*

AFL-Starfsgreinafélag  
AFL-Starfsgreinafélag  
Aldan, stéttarfélag  
Aldan, stéttarfélag  
Báran, stéttarfélag  
Byggið  
Drífandi, stéttarfélag  
Efling, stéttarfélag  
Efling, stéttarfélag  
Eining - Iðja  
Félag hársnyrtisveina  
Félag iðn- og tæknigreina  
Félag ísl. rafvirkja  
Félag ísl. símamanna  
Félag járníðnaðarm. Ísafirði  
Félag leiðsögumanna  
Félag rafeindavirkja  
Félag sýningarst. kvikmyndah.  
Félag tæknifólks í rafiðnaði  
Flugfreyjufélag Íslands  
FVSA  
Grafía  
Landssamb. ísl. Verzlunarmanna  
MATVÍS  
Rafiðnaðarf. Suðurnesja  
Samiðn samband iðnfélaga  
Sjómannafélag Eyjafjarðar  
Sjómannafélagið Jötunn  
Starfsgreinasamband Íslands  
Stéttarfélag Vesturlands  
Stéttarfélag Vesturlands  
Stéttarfélagið Samstaða  
Stéttarfélagið Samstaða  
Stjórnarmaður Eflingar  
Verkalýðsfélag Akraness  
Verkalýðsfélag Grindavíkur  
Verkalýðsfélag Snæfellinga  
Verkalýðsfélag Suðurlands

### *Formaður*

Lars Jóhann Andrésen Imsland  
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir  
Bjarki Elmar Tryggvason  
Þórarinn Guðni Sverrisson  
Halldóra Sigríður Sveinsdóttir  
Finnbjörn A. Hermannsson  
Arnar G. Hjaltalín  
Sólveig Anna Jónsdóttir  
Viðar Þorsteinsson  
Björn Snæbjörnsson  
Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir  
Hilmar Harðarson  
Margrét Halldóra Arnarsdóttir  
Guðrún S. Bergþórsdóttir  
Ásmundur Ragnar Sveinsson  
Vilborg Anna Björnsdóttir  
Hörður Bragason  
Sigríður Rósa Bjarnadóttir  
Jakob Tryggvason  
Guðlaug Líney Jóhannsdóttir  
Eiður Stefánsson  
Georg Páll Skúlason  
Stefán Sveinbjörnsson  
Óskar Hafnfjörð Gunnarsson  
Jón Óskar Gunnlaugsson  
Elmar Hallgríms Hallgrímsson  
Trausti Jörundarson  
Kolbeinn Agnarsson  
Flosi Eiríksson  
Silja Eyrún Steingrímisdóttir  
Signý Jóhannesdóttir  
Birkir Hólm F. Freysson  
Guðmundur Finnbogason  
Agnieszka Ewa Ziolkowska  
Vilhjálmur E. Birgisson  
Hörður Guðbrandsson  
Vignir Smári Mariásson  
Guðrún Elín Pálsdóttir

Verkalýðsfélag Vestfirðinga  
Verkalýðsfélag Vestfirðinga  
Verkalýðsfélagið Hlíf  
Vl. og sjóm.fél. Bolungarvíkur  
Vl. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.  
Vl. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.  
Vl. og sjóm.fél. Sandgerðis  
VM  
VR  
ÞINGIÐN

Sævar Kristinn Gestsson  
Bergvin Eyþórsson  
Kolbeinn Gunnarsson  
Hrund Karlsdóttir  
Kristinn G. Þormar  
Guðbjörg Kristmundsdóttir  
Magnús Sigfús Magnússon  
Guðmundur H. Þórarinsson  
Ragnar Þór Ingólfsson  
Jónas Kristjánsson

Fulltrúar frá miðstjórn:

Drífa Snædal  
Friðrik Boði Ólafsson  
Gils Einarsson  
Sigríður Lovísa Jónsdóttir  
Valmundur Valmundsson



## AF VETTvangi MIÐSTJÓRNAR ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá seinni hluta júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Miðstjórn stýrir daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga og reglulegra formannafunda eftir því sem við á. Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana á vegum þess. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starfsemi verkafólks og hagsmuni launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni meðgerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktu þinga og reglulegra formannafunda ASÍ.

Starfs- og fjárhagsáætlun var samþykkt á fundi miðstjórnar 8. janúar 2020. Í áherslum vegna ársins 2020 segir:

*Síðasta ár markaðist að stórum hluta til af lífskjarasamningnum og eftirfylgni með yfirlýsingu stjórnvalda. Það má segja að allt hafi verið undir;*

*húsnæðismál, skipulag vinnumarkaðarins, skattar, lífeyrismál auk vaxta og verðtryggingar. Töluverður árangur náðist á árinu en það er líka alveg ljóst að árið 2020 verður einnig undirlagt undir úrvinnslu lífskjarasamninganna. Við eigum eftir að sjá ýmis framfaramál verða að veruleika, eins og úrræði fyrir fyrstu kaupendur, lögfesting 15,5% lífeyrisiðgjalds, féviti vegna launastuldar og margt, margt fleira. Þessi verkefni verða í forgangi árið 2020 en auk þeirra verður sérstök áhersla á umhverfis- og loftslagsmál og mótnun umhverfisstefnu fyrir næsta þing ASÍ. Framtíð vinnunnar í heimi örra tæknibreytinga er hið risastóra og spennandi verkefni sem samfélagið allt glímur við um þessar mundir og við verðum að finna leiðir til að efla félagsmenn fyrir áskoranir sem eru nú þegar áþreifanlegar með tæknibreytingum. Fræðslumálin eru þar lykill að farsælum umskiptum. Krafa okkar er að tæknibreytingar og breytingar á skipulagi vinnunnar verði á grundvelli hagsmuna launafólks.*

### **Covid-19 og viðbrögð við faraldrinum fyrir launafólk**

Fundur var haldinn í miðstjórn Alþýðusambands Íslands 18. mars en vegna Covid-19 var ákveðið að hafa miðstjórnarfundinn allan í gegnum fjarfundarbúnað. Var sá háttur hafður á næstu mánuði. Þegar ljóst var í hvað stefndi á vinnumarkaði og í samfélaginu var samninganefnd ASÍ virkjuð og fundaði hún nánast daglega frá ca 20. mars og næstu þrjár vikur. Á þessu tímabili gaf ASÍ út sérstakt rafrænt fréttabréf sem sent var formönnum aðildarfélaganna til að halda öllum upplýstum um gang mála í samskiptunum við stjórnvöld.

Á fundinum þann 18.3 var rætt um mikilvægi þess að hvika ekki frá kjarasamningum og kjarasamningsbundnum réttindum launafólks við þessar forðæmalausu aðstæður þegar ýmsir atvinnurekendur væru að reyna að fá fólk til að fallast á að láta skerða réttindi sín. Í umræðum sagði forseti ASÍ mikilvægt að kippa ekki fótunum undan lýðræðinu, samráði og samtalínu í samfélaginu. Að ýmsu leyti sé verið að glíma við hliðstæðar afleiðingar og samdrátt og eftir hrunið 2008. Það væri þó mikilvægt að hafa í huga að hrunið var afleiðing af þeirri efnahagsstefnu sem þá var rekin. Nú erum við hins vegar að glíma við afleiðingar af farsótt sem geisar um heim allan. Rætt var hvernig ætti að bregðast við ýmsum vandamálum sem komið hafa upp, t.d. hvað verður um tekjufall fólks sem lenti í sóttkví eða missti vinnuna en einnig þess fólks sem ekki gat sótt vinnu vegna t.d. lokunar eða samdráttar í starfsemi leik- og grunnskóla. Forysta ASÍ var í miklum samskiptum við stjórnvöld vegna viðbragða við COVID-19. Forseti greindi þannig frá því að hún hafi verið í samskiptum við ráðherra, velferðarnefnd Alþingis og embættismenn.

Mikil óvissa ríkti á íslenskum vinnumarkaði eftir að lýst hefur verið yfir

heimsfaraldri vegna kórónuveirunnar. Nú þegar hefur orðið mikill samdráttur í ferðaþjónustu og tengdum atvinnugreinum og stöðugt berast upplýsingar um aðgerðir erlendis frá sem leiða til frekari samdráttar. Hér er um fordæmalausar og tímabundnar aðstæður á vinnumarkaði að ræða sem mikilvægt er að bregðast hratt við af festu og framsýni.

Markmið ASÍ er að verja launafólk og fyrirtæki vegna tímabundinna áfalla þannig að einstaklingar verði fyrir sem minnstum skaða, bæði fjárhagslegum og félagslegum, og að fyrirtæki komist í gegnum tímabundinn samdrátt og komi sterk til baka þegar úr rætist. Mikilvægur þáttur þess er að fyrirtæki grípi ekki til uppsagna eða aðgerða sem ganga á rétt starfsmanna. Það gildir jafnt um íslenskt og erlent launafólk.

Um mánaðamótin mars-apríl var unnið að löggjöf sem gerði ráð fyrir að fyrirtæki geti samið tímabundið við starfsfólk sitt um skert starfshlutfall en að starfsmenn fái á móti greiddar atvinnuleysisbætur.

Stéttarfélögin munu upplýsa félagsmenn sína um efni laganna og leiðbeina félagsmönnum sínum um framhaldið.

### **Hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli**

Markmiðið er að fyrirtæki haldi starfsfólki í starfi eins og kostur er frekar en að það komi til uppsagna. Viðhald ráðningarsambandsins er verðmætt fyrir launafólk og fyrirtæki. Mikilvægt var að verja launafólk vegna tímabundins samdráttar í atvinnulífinu þannig að einstaklingar verði fyrir sem minnstum skaða, bæði fjárhagslegum og félagslegum.

Skerðing á starfshlutfalli verður að byggja á samkomulagi á milli fyrirtækis og einstaklings þar sem fram kemur hver breyting á starfshlutfallinu er og til hvaða tímabils skerðingin nær. Leiti fyrirtæki til starfsmanna sinna um að skerðing á starfshlutfalli með tilheyrandi lækkun launa komi til framkvæmda án uppsagnarfrests getur starfsmaður hafnað slíku og gert kröfu um að uppsagnarfresturinn sé virtur.

Atvinnurekanda er óheimilt að krefjast vinnuframlags frá launamanni umfram það starfshlutfall sem samið er um. Þetta þýðir ekki að tilfallandi yfirvinna sé bönnuð.

Á fyrstu dögum hlutabóta úrræðisins sóttu ríflega 30 þúsund manns um hlutabætur vegna minnkaðs starfshlutfalls. Þetta kom fram í tölum frá Vinnu-málastofnun. Flestar voru umsóknirnar úr ferðaþjónustu en yfir 12 þúsund starfsmenn í greininni hafa sótt um bætur. Úr verslun og vöruflutningum bár-ust yfir 6 þúsund umsóknir skömmu eftir að úrræðið var kynnt.

Dreifing umsækjenda milli landshluta er að mestu í samræmi við dreifingu starfandi fólks í landinu. Fjöldi umsækjenda var þó hlutfallslega hærri á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Þannig höfðu

11% umsókna borist frá íbúum Suðurnesja, þar sem 8% starfandi landsmanna bjuggu á síðasta ári og 67% umsókna af höfuðborgarsvæðinu, þar sem 64% starfandi landsmanna bjuggu.

### **Laun í sóttkví**

Í samræmi við þríhliða yfirlýsingu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og ríkisstjórnarinnar frá 5.3 2020 um nauðsyn þess að hægja á útbreiðslu COVID-19 var unnið að lagafrumvarpi sem tryggja átti launarétt launafólks sem þarf að sæta sóttkví skv. fyrirmælum yfirvalda.

Meginreglan var sú að atvinnurekendur haldi áfram að greiða laun en ríkið endurgreiði þeim allt nema launatengdu gjöldin. Kanna ber möguleika á að starfsmenn fari í fjarvinnu og skerðast þá endurgreiðslur sem því nemur. Greiddi atvinnurekandi ekki laun meðan á sóttkví stóð gátu einstaklingar sótt sjálfir um greiðslur. Ef fjarvinna var möguleg skertust greiðslur sem því nam. Gert er ráð fyrir að greiðslur verði aldrei hærrí en 633.000 kr. miðað við heilan almanaksmánuð og hámarkgreiðsla fyrir hvern almanaksdag því 21.100 kr. Frumvarpið gerði einnig ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingar í sóttkví gætu átt sambærilegan rétt og launafólk.

### **Úrsögn úr miðstjórn**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 1. apríl 2020 sem haldinn var í fjarfundi greindi forseti frá afsögn Vilhjálms Birgissonar sem 1. varaforseta ASÍ, en erindi þess efnis barst skömmu fyrir miðstjórnarfundinn. Þá kom jafnframt fram að Harpa Sævarsdóttir hafi með tölvupósti sagt sig úr miðstjórn.

Ástæðan fyrir úrsögn Vilhjálms var að hans sögn djúpstæður ágreiningur milli hluta aðila í samninganefnd ASÍ um hvernig eigi að koma til móts við óskir atvinnurekenda um leiðir til að milda höggið af niðursveiflunni vegna Covid-19 faraldursins á atvinnulífið.

Samninganefnd ASÍ var samstiga í því að hafna ósk SA um að fresta launahækkunum sem tóku gildi 1. apríl. Hins vegar var Vilhjálmur Birgisson, og reyndar Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, einnig, ósáttur við að meirihluti samninganefndarinnar skyldi hafna hugmyndum um að mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði starfsmanna yrði lækkað um 3,5 prósentustig tímabundið vegna yfirstandandi efnahagsvanda. Vegna þessa ágreinings sagði Vilhjálmur af sér forsetaembættinu og Ragnar Þór Ingólfsson og Harpa Sævarsdóttir, varaformaður VR, sögðu sig úr miðstjórn ASÍ. Úrsögn Ragnars Þórs gekk síðan til baka þar sem beiðnin barst miðstjórn ekki með formlegum hætti (sjá nánar í kaflanum um *Lagabreytingar og skipulagsmál*).

**Drífa Snædal, forseti ASÍ**, sagði eftir að þessi tíðindi lágu fyrir:

*„Mér finnst það leitt að fólk hafi gengið úr skaftinu af því það veikir okkur*

*sem hreyfingu. Við eigum að geta tekist á, rætt saman í trúnaði og stadið með niðurstöðunni. Þar sem líffeyrissjóðsmálin hafa verið til umfjöllunar eftir „tilboð“ SA þá vil ég halda því til haga að ef þessi tillaga hefði hlotið hljómgrunn í samninganefnd ASÍ hefði hún komið til umfjöllunar miðstjórnar og síðan félaganna. Eftir að okkar fólk heyrði í sínum félagsmönnum var ljóst að við myndum hafna þessari leið og þau viðbrögð sem ég hef fengið í dag staðfesta að þetta var rétt ákvörðun.*

*Ég hef sagt það og segi áfram, ef á að skerða einhver réttindi eða kjör þá þarf það að gerast í viðtækara samráði og við vera þess fullviss að fólki sé bættur skadinn með einhverju móti. Við erum áfram í samtali og samráði við stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins. Við tökum stöðuna á hverjum degi og bregðumst við eins og við getum.“*

## **Rétta leiðin**

Á aukafundi miðstjórnar ASÍ 12. maí 2020 voru samþykktar áherslur Alþýðusambandsins þar sem horft er bæði til skemmri og lengri tíma. Á tímum kreppu og allsherjar samdráttar, ekki bara á Íslandi heldur í heiminum öllum, þarf að vinna eftir skýrri framtíðarsýn. Alþýðusamband Íslands hvetur stjórnvöld og þjóðina alla til samstöðu um aðgerðir til að marka veginn frá kreppu til lífsgæða fyrir okkur öll. Stokkum spilin. Höfnum sérhagsmunum, eflum grunnstöðirnar og setjum fólk í öndvegi. Alþýðusamband Íslands leggur hér fram framtíðarsýn um uppbyggingu Íslands undir yfirskriftinni Rétta leiðin – frá kreppu til lífsgæða og öryggis fyrir okkur öll. Tillögurnar eru í takti við stefnu alþjóðlegu verkalýðshreyfingarinnar um réttlát umskipti (e. Just Transition) og sækja í alþjóðlega umræðu um grænan samfélagssáttmála (e. Green New Deal). Unnið er eftir viðmiðum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um að atvinnusköpun skuli vera í fyrirrúmi við aðgerðir gegn kreppunni. Lagðar eru fram metnaðarfullar tillögur um að skapa atvinnu á nokkrum tilteknum sviðum sem eru til þess fallnar að byggja fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf þar sem allir sem vilja geta fengið störf við hæfi. Sett er fram skýr framtíðarsýn um framfærsluþryggingu, traust húsnæði, öfluga innviði og gjaldfrjálsa grunnþjónustu en með þeim hætti býr Ísland sig undir fjárfersjálæglegar breytingar á atvinnu- og lífnaðarháttum og tryggir að þær verði ekki til að auka á ójöfnuð og fátækt. Til þess þarf vinnumarkaðurinn jafnframt að byggja á traustum ráðningarsamböndum, skipulagðri verkalýðshreyfingu og kjarasamningum, auk þess að styðja gott samspil vinnu, fjölskyldulífs og frístunda. Sjá nánar um *Rétta leiðina* í sérkafla.



## **Þing ASÍ í fjarfundi**

Á fundi miðstjórnar 2. september var ákveðið að 44. þing sambandsins yrði haldið í fjarfundi vegna farsóttarinnar en málefnavinnu frestað til vorsins 2021.

Á þessu rafræna þingi þar sem kjarnaatriðin samkvæmt lögum ASÍ eru afgreidd en þinginu svo frestað fram á vor. Grundvöllur þessarar ákvörðunar er að miðstjórn telur samkomutakmarkanir vera áfram í gildi í október og við treystum okkur ekki til að bera ábyrgð á sóttvörnum þegar fólk alls staðar að af landinu kemur saman og fer svo aftur til síns heima. Unnið er samkvæmt því skipulagi að aðildarfélögin kjósa sína fulltrúa, fulltrúarnir mæta til þings rafrænt miðvikudaginn 21. október kl. 10. Á dagskrá eru ávörp, kosningar og almennar umræður. Þingi er svo frestað kl. 13 en þeir þingfulltrúar sem eru kosnir koma aftur saman til málefnavinnu á vordögum. Þetta er ekki óskastaða fyrir neinn en miðað við þær sóttvarnir sem grípa þarf til myndi þingið missa marks sem suðupottur umræðna um málefnið þar sem fólki er stefnt saman úr ólíkum áttum til náinnar samvinnu.

## **Formannafundur og forsendur kjarasamninga**

Miðstjórn samþykkti 2. september að boða til formannafundar ASÍ þann 22. september og verður hann haldinn rafrænt eins og flestir fundir á vegum samtakanna þessa mánuðina. Tilefni fundarins er að fara yfir forsendur kjarasamninga og vilja okkar félagsmanna. Forsendunefnd ASÍ og SA mun koma saman um miðjan september. Fyrir formannafundinn bað forseti formenn stéttarfélaganna að kanna hug félaga sinna til uppsagnar kjarasamninga, ýmist með fundum eða könnunum.

## **Ferð ASÍ til Palestínu**

Dagana 27. október til 2. nóvember 2019 stóð Alþýðusamband Íslands fyrir fræðslu- og kynnisferð til Palestínu fyrir forystufólk aðildarsamtaka ASÍ og starfsmenn, alls 20 manns. Ferðin var skipulögð af skrifstofu ASÍ í samstarfi við Borgþór Kærnsted, sem sá um fararstjórn.

Tilefni ferðarinnar var að gefa forystufólki innan ASÍ og starfsfólki á skrifstofu sambandsins tækifæri til að kynna sér stöðuna í Palestínu milliliðalaust, kjör launafólks og aðstæður allrar alþýðu, auk þess að fræðast um sögu Palestínu og heimsækja helstu sögustaði.

Tilgangur ferðarinnar var að opna umræðu um stöðuna í Palestínu innan verkalyðshreyfingarinnar hér á landi og fjalla í framhaldinu um það hvort og þá með hvaða hætti íslensk verkalyðshreyfing getur beitt sér í málefnum Palestínu og fyrir hagsmunum þeirra sem þar búa.

Allt efnahags- og atvinnulíf í Palestínu er gegnsýrt af þeirri staðreynd að



landið er í herkví Ísraelsstjórnar og þeirri kúgun sem þjóðin býr við. Besta ræktarlandinu hefur verið rænt, Palestínumenn hafa takmarkaðan aðgang að vatni og rafmagni og allir innviðir samfélagsins eru mjög veikir og ferðafrelsi þeirra mjög takmarkað. Þá eru vandamál bæði varðandi aðdrætti vegna efnahagslegrar starfsemi og að koma afurðum á markað. Atvinnuleysi er mikið, einkum meðal ungs fólks og atvinnuþátttaka kvenna lítil. Þá er þekkt að bændum er gert ómögulegt að rækta og uppskera á landi sínu. Knöpp kjör og allar aðstæður verkafólks og alþýðunnar í Palestínu litast af þessari stöðu. Þá er þjóðin mjög háð efnahagslegri aðstoð og stuðningi erlendis frá sem hefur farið minnkandi undanfarin ár í framhaldi af efnahagskreppunni og pólitískum ákvörðunum stjórnvalda víða um heim. Þannig hefur Bandaríkjastjórn nú skrúfað fyrir nánast allan fjárhagslegan stuðning við Palestínumenn.

### **Vinnumarkaðurinn**

Samkvæmt þeim upplýsingum sem aflað var í ferðinni er atvinnuleysi meðal Palestínumanna um 33%, eða um 400.000 manns, og er hlutfallið hæst á Gaza (60%) og meðal ungs fólks. Atvinnuþátttaka er almennt lítil vegna stöðunnar í landinu. Það er þó mikill munur eftir kynjum og er atvinnuþátttaka kvenna áætluð um 19%. Einnig er launamunur kynjanna mikill. Þá skiptir miklu máli að félagsleg réttindi, framfærsla og aðgengi að velferðarþjónustu eru mjög háð því að hafa atvinnu.

Um 150.000 Palestínúmenn starfa í Ísrael. Nánast eingöngu karlmenn. Þar af um 90% í byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Af þessum hópi starfa 80.000 á grundvelli atvinnuleyfa og afgangurinn starfar ólöglega og er algerlega réttlaus. Þeir sem hafa atvinnuleyfi þurfa að greiða allt að 2/3 hluta launa sinna til „miðlara“ sem útvega þeim atvinnuleyfin og eru algerlega háðir þeim varðandi það að halda atvinnunni. Þá eru laun þeirra og aðbúnaður allt annar og lakari en heimamanna. Þeir Palestínúmenn sem fara til vinnu í Ísrael geta reiknað með því að þurfa að nota 6–8 klst. á dag í að ferðast til og frá vinnu og bíða tímunum saman í miklum þrængslum við landamærastöðvar (check-points) áður en þeim er hleypt í gegn. Þetta er auk annars ástæðan fyrir því að lítið er um að palestínskar konur starfa í Ísrael. Þá starfar fjöldi Palestínumanna í landránsbyggðunum við ömurleg kjör. Mikill fjöldi starfandi Palestínumanna fær greitt undir lágmarkslaunum, sem eru um 400\$ (1.450 NZ) á mánuði. Þannig er fullyrt að 80% kvenna séu með laun undir lágmarkslaunum. Áætlað er að 257.000 Palestínumanna séu undir fátæktarmörkum.

Í ferðinni átti hópurinn fundi með fjölda Palestínumanna, fulltrúa samtaka launafólks, rannsóknarstofnana, almannasamtaka, heilbrigðisþjónustu og embættismanna úr atvinnumálaráðuneyti Palestínu. Auk þess heimsótti hópurinn marga helstu sögustaðina í Palestínu undir leiðsögn heimamanna og fékk tækifæri til að kynnst aðeins daglegu lífi og kjörum íbúa þessa stríðs-hrjáða lands.

Þær upplýsingar sem gefnar eru hér að framan eru m.a. byggðar á frásögnum þeirra aðila sem hópurinn hitti í Palestínu. Þeir voru beðnir um að fjalla um stöðuna í Palestínu eins og hún horfir við þeim, starfsemina sem þeir standa fyrir og með hvaða hætti íslensk verkalýðshreyfing getur stutt Palestínúmenn í baráttu þeirra fyrir friði, réttlæti og mannsæmandi lífi.

### **Viðmælendur í Palestínu**

Mahmoud Ziadeh og Ubia Boudi, ásamt tveimur félögum sínum. Mahmoud fer fyrir óháðri verkalýðshreyfingu, General Federation of independent Unions - Palestine (GFITUP), og er mjög gagnrýninn á hina formlegu palestínsku verkalýðshreyfingu og stjórnvöld. Hann er einnig virkur pólitískur aðgerðarsinni. Ubia er framkvæmdastjóri rannsóknarstofnunar um samfélagsmál í Palestínu, Bisan Center for Research and Development.

Mustafa Barghouti er læknir að mennt, aðgerðarsinni og stjórnmalamaður, framkvæmdastjóri Palestinian National Initiative (PNI), einnig þekkt sem al Mubadara. Hann hefur verið félagi í Palestinian Legislative Council síðan 2006 og í miðstjórn Palestine Liberation Organization (PLO) síðan 2007, Barghouti var upplýsingamálaráðherra í palestínsku samsteyptjórninni um

nokkurra mánaða skeið árið 2007. Þá er hann einn helsti leiðtogi læknasamtakanna Palestinian Medical Relief Society.

Atvinnumálaráðuneyti Palestínu, Samer Salameh, aðstoðarráðherra og Rami Mehdaw, ráðuneytisstjóri.

Haldnir voru tveir fundir með Alþýðusambandi Palestínu, Palestine General Federation of Trade Union (PGFTU). Annars vegar með framkvæmdastjóra sambandsins, Shaher Saed, og aðstoðarmönnum hans í Jerúsalem og hins vegar með 7 fulltrúum aðildarfélaganna PGFTU í Nablus.

Ghassan Hamdan er læknir og stýrir frjálsum félagasamtökum sem bjóða upp á heilbrigðisþjónustu í Nablus og nágrenni (Palestinian Medical Relief Society in Nablus).

Samer Anabtawi leiðir samstarf 45 félagasamtaka kvenna, neytendasamtaka og annarra hagsmunahópa í Nablus. Hann er jafnframt mjög virkur í pólitísku starfi.

Majdi Alshelleh, formaður stéttarfélagans í ferðaþjónustu í Nablus. Þegar hópurinn heimsótti Palestine General Federation of Trade Union (PGFTU) var Majdi einn viðmælenda okkar, auk þess að túlka fyrir aðra fulltrúa PGFTU. Hann tók síðan hópinn að sér og fór með okkur um borgina, auk þess að aðstoða hópinn við að komast klakklaust á milli staða. Fullyrða má að Majdi hafi gefið ferðinni ákveðið inntak og dýpkað skilning okkar á þeim veruleika sem Palestínumenn búa við, mannlífínu og verkefnum daglegs lífs. Majdi leiddi hópinn í gegnum miðbæ Nablus og sýndi okkur leyndardóma sem þar má finna. Þá fór hann með hópinn í Balata-flóttamannabúðirnar, sem reknar eru af Sameinuðu þjóðunum í Nablus og kynnti okkur fyrir starfsemi sem rekin er í félagsmiðstöðinni í búðunum.

### **Fyrsta maí hátíðarhöld í sjónvarpsútsendingu**

Í fyrsta skipti síðan 1923 gat íslenskt launafólk ekki safnast saman 1. maí til að leggja áherslu á kröfur sínar. Við þessu var brugðist með útsendingu frá sérstakri skemmti- og baráttusamkomu sem flutt var í Hörpu að kvöldi 1. maí og sjónvarpað á RÚV (kl. 19:40). Yfirskrift dagsins að þessu sinni var: „Byggjum réttlát þjóðfélag“ en miðstjórn ASÍ tók þá ákvörðun á fundi sínum 15. apríl.

Landsþekktir tónlistarmenn, skemmtiatriði og hvatningarorð frá forystu verkalýðshreyfingarinnar einkenndu þennan viðburð sem verður að teljast sögulegur. Listamennirnir sem komu fram voru Ragnheiður Gröndal, Bubbi Morthens, Amabadama, Jói P. og Króli, Ellen Kristjáns og Auður, Jakob Birgisson uppistandari, KK og Lúðrasveit verkalýðsins. Auk þess voru forystumenn allra heildarsamtaka á vinnumarkaði með stutta brýningu.

Þar sem engar voru kröfugöngurnar þennan 1. maí var hægt að búa til sitt

eigið kröfuspjald á Facebook og sýna stuðning sinn við baráttu verkalyðshreyfingarinnar í verki með því að merkja prófílmmyndina sína 1. maí.

Að dagskránni í sjónvarpinu og viðburðum á samfélagsmiðlum stóðu eftirfarandi heildarsamtök launafólks: ASÍ, BHM, BSRB og KÍ.



## ÁLYKTANIR MIÐSTJÓRNAR ASÍ

### Ályktun miðstjórnar ASÍ um spillingu og arðrán, 20. nóvember 2019

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fordæmir með öllu því arðráni sem afhjúpað var í umfjöllun Kveiks og Stundarinnar í síðustu viku og skipulagðri spillingu þar sem auðlindir fátækrar þjóðar eru misnotaðar.

Starfsaðferðir Samherja í Namibíu beina sjónum að fjölmörgum þáttum í okkar samfélagi og hlutverki Íslands í samfélagi þjóðanna. Það er hrollvekjandi að sjá hvernig Samherji virðist hafa nýtt sér árangursríkt þróunarstarf íslenska ríkisins í Namibíu, siglt í kjölfar þess góða starfs og arðrænt fátækt samfélag. Íslensk verkalyðshreyfing stendur með vinnandi fólki í Namibíu og rétti þess til mannsæmandi kjara.

Það er ljóst að rannsakendur verða að fá skýrt umboð og fjármagn til að komast til botns í vinnubrögðum Samherja á erlendum vettvangi sem og innlendum eftir því sem tilefni er til. Þá vekur málið spurningar um samspil stjórn mála og stórfyrirtækja og nauðsyn þess að efla eftirlit og tryggja hlutleysi og möguleika eftirlitsstofnana til að sinna sínu nauðsynlega hlutverki.

Það er nauðsynlegt lýðræðinu og trausti að rannsókn málsins verði vönduð og þeir sem ábyrgð bera taki afleiðingum gjörða sinna.

Miðstjórn Alþýðusambandsins minnir á að ein undirstöðuáttvinnugrein þjóðarinnar er sjávarútvegur þar sem starfa þúsundir félagsmanna aðildarfélaganna ASÍ. Það skiptir máli hverjum er treyst fyrir sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og það á að vera skýlaus krafa að farið sé vel með hana og allt samfélagið njóti arðs af henni. Meðferð sameiginlegra auðlinda okkar á ekki að dýpka stéttskiptingu eða misrétti á milli landsvæða.

Það er líka tilefni til að minna á að starfsfólk Samherja er ekki ábyrgt fyrir hegðun stjórnar og annarra stjórnenda fyrirtækisins frekar en almennt starfsfólk annarra fyrirtækja.

Alþýðusamband Íslands hvetur launafólk til að láta í sér heyra gegn spillingu og arðráni!

## **Ályktun miðstjórnar ASÍ um efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna Covid-19, 21. mars 2020**

Fyrstu efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar til að bregðast við afleiðingum COVID-19 faraldursins miða að því að tryggja lágmarkslaun fyrir fólk sem taka þarf á sig skert starfshlutfall eða fara í sóttkví vegna veirunnar. Niðurstaða lagasetningarinnar er betri en frumvörpin gáfu til kynna í upphafi og að töluverðu leyti var komið til móts við athugasemdir vinnandi fólks. Ljóst er þó að frekari aðgerða er þörf ef koma á í veg fyrir fjöldauppsagnir og fjárhagserfiðleika heimila í landinu. Lykillinn að farsælli endurreisn samfélagsins liggur í stuðningi við almenning og kaupmátt hans og uppbyggingu atvinnulífs sem er grundvallað á jöfnuði, sjálfbærni, nýsköpun og samfélagslega ábyrgum gildum. Sú mikla óvissa og óöryggi sem skapast hefur um afkomu launafólks afhjúpar með skýrum hætti mikilvægi formlegra ráðningarsambanda sem ramma inn skyldur atvinnurekenda og yfirvalda þegar hriktir í stoðum efnahagslífsins. Kjarasamningar og þau afkomutryggingakerfi sem launafólk hefur barist fyrir reynast við þessar aðstæður vera sú vörn sem mestu máli skiptir. Miðstjórn ASÍ telur eftirfarandi aðgerðir nauðsynlegar til skemmri og lengri tíma:

### **Tryggjum afkomu- og búsetuöryggi**

- Að þegar í stað verði úrræði tryggt fyrir launafólk sem ekki getur sótt vinnu vegna skerts skólstarfs barna sinna. Jafnframt verði tryggt að launafólk í sérstakri áhættu vegna alvarlegra undirliggjandi sjúkdóma geti átt rétt á bótum fari það í sóttkví að tilmælum læknis þó það hafi ekki verið skyldað í sóttkví af heilbrigðisyfirvöldum. ASÍ gerði kröfu til þess að til þessara hópa yrði tekið tillit við afgreiðslu laga um laun í sóttkví en ekki var við því orðið.
- Að grunnatvinnuleysisbætur og tekjutengdar atvinnuleysisbætur verði hækkaðar til að mæta þeim sem verða án atvinnu í lengri tíma.
- Að barnabótakerfið verði styrkt til framtíðar með auknum framlögum.



- Að gefin verði út tilmæli til opinberra aðila, sveitarfélaga, leigufélaga og fjármálastofnana að sýna sanngirni og sveigjanleika varðandi greiðslufresti á meðan mesta óvissan stendur yfir, innheimtukostnaður og dráttarvextir verði ekki lagðir á vanskil og fólki gefist tækifæri til að dreifa greiðslum.
- Að ef ákveðið verði að veita fyrirtækjum ríkisábyrgð á skuldum sínum gerir ASÍ kröfu um að ríkisstjórn Íslands veiti heimilum sem lenda í greiðsluferfiðleikum ríkisábyrgð með sama hætti, hvort sem er vegna húsnæðislána, bílalána eða annarra íþyngjandi skuldbindinga.
- Að heimilum gefist kostur á að fresta greiðslu opinberra gjalda vegna greiðsluferfiðleika með sama hætti og fyrirtækjum. Sveitarfélög skoði að mæta íbúum með frestun á greiðslu fasteignagjalda tímabundið.
- Að komið verði í veg fyrir að heimili landsins greiði kostnað við verðbólgu í gegnum lánin sín vegna gengisfalls krónunnar. Verðtrygging lána verði fryst tímabundið þannig að möguleg aukin verðbólga birtist ekki í hækkun á verðtrygðum höfuðstóli húsnæðislána og aukinni greiðslubyrði. ASÍ vill vekja athygli á að hefðbundið neyslumynstur er ekki í neinu samræmi við það neyslumynstur sem fólk hefur þurft að temja sér við þær óvenjulegu aðstæður sem skapast hafa vegna COVID-19.
- Að framkvæmd hlutdeildarlána og fjölgun almennra íbúða verði hraðað. Til að örva húsnæðismarkaðinn og stuðla að húsnæðisöryggi allra hópa verði lagasetningu og framkvæmd fyrirhugaðra hlutdeildarlána fyrir fyrstu kaupendur og þá sem ekki hafa átt húsnæði síðastliðin fimm ár hraðað eins og nokkur kostur er. Þá verði framlög til almenna íbúðakerfisins aukin umfram núverandi áætlanir til að flýta uppbyggingu kerfisins og útvíkka markhóp þess.

### **Verjum grunnstoðirnar**

- Að opinber fjárstuðningur til fyrirtækja verði þeim skilyrðum háður að ekki sé greiddur arður úr þeim fyrirtækjum næstu tvö árin. Grunnstoðir verði tryggðar, heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfi sem rekin eru með skattgreiðslum séu ávallt rekin með velferð allra í huga og án hagnaðarsjónarmiða.
- Að ríkissjóður afsali sér ekki tekjum að nauðsynjalausu, svo sem með því að flýta afnámi bankaskatts.
- Að tryggt sé að grunnþjónusta sveitarfélaga sé í stakk búin til þess að mæta auknu álagi og takast á við aðstæður á hverjum stað. Ekki verði innheimt gjöld fyrir þjónustu sem skert er vegna tímabundinna aðstæðna vegna COVID-19.
- Að heilbrigðiskerfinu verði tryggð nauðsynleg fjárframlög og önnur úrræði til að mæta auknu álagi og verkefnum vegna faraldursins. Ekki má koma til



Þess að skera þurfi niður í hefðbundinni starfsemi heilbrigðiskerfisins og draga úr annarri nauðsynlegri þjónustu vegna fjárskorts af völdum aukinna verkefna sem fylgja COVID-19. Verði það raunin munu afleiðingar faraldursins dragast á langinn og valda uppsöfnuðum vanda innan heilbrigðiskerfisins og samfélagsins alls sem erfitt getur reynst að vinna á.

### **Endurreisum og byggjum til framtíðar**

- Að komið verði á átaki í vinnumarkaðsaðgerðum með skjóttum og markvissum aðgerðum til að tryggja afkomuöryggi og þjónustu við þann hóp sem missir störf sín vegna aðstæðna. Að settur verði á fót sérstakur starfshópur nú þegar með stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðarins, Vinnumálastofnun, skólakerfinu og öðrum fræðsluadilum til að koma með tillögur að árangursríkum verkefnum sem hægt er að koma á laggirnar með skömmum fyrirvara til að styðja við aukinn fjölda atvinnulausra. Í því samhengi verði sérstaklega horft til þess hvaða lærdóm megi draga af verkefnum eins og „Vinnandi vegur“ sem sett var á í kjölfar efnahagshrunsins. Við skipulag og fjármögnun verkefna verði sérstaklega gætt að því að þau nýtist viðkvæmum hópum á vinnumarkaði og tekið verði mið af kynja-, uppruna- og byggðasjónarmiðum. Einnig verði hugað að afkomu og úrræðum fyrir þann vaxandi hóp launafólks sem hefur ótryggt ráðningarsamband eða hefur afkomu sína af verkefnatengdri vinnu án afkomutryggingar.
  - Að lífeyrissjóðirnir taki þátt í uppbyggingunni með fjárfestingum í nýsköpun og öðrum samfélagslega ábyrgum fjárfestingakostum.
  - Að 100% endurgreiðsla af virðisaukaskatti vegna vinnu verði útvíkkuð enn frekar með tilliti til þeirra starfsgreina og starfsstétta sem verða harðast úti í samdrættinum, hvort sem vinnan er innt af hendi innan heimila eða utan.
- Að við endurskoðun fjármálastefnu og framlagningu fjármálaáætlunar tryggi
- stjórnvöld að jafnvægi sé milli efnahagslegs og félagslegs stöðugleika. Ekki verði farin sú leið að draga úr styrk og uppbyggingu félagslegra innviða- og stuðningskerfa og veikja þau við núverandi aðstæður. Slíkt er dýrkeypt til lengri tíma. Hinir félagslegu innviðir eru og verða einn af styrkleikum okkar og samkeppnisforskot í þeim stóru verkefnum sem þrátt fyrir allt bíða okkar við umbreytingar á vinnumarkaði og við að ná tökum á loftslagsbreytingum. Aukning í opinberum fjárfestingum er mikilvægt innlegg til að örva efnahagslífið og undirbyggja velferð til framtíðar. Nauðsynlegt er að horft verði til fjölbreyttra verkefna og sviða í þeim efnum sem stuðli að nýsköpun í atvinnulífi og grænum lausnum.
  - Að skattkerfið verði nýtt með markvissum hætti til frekari tekjujöfnunar. Gerðar verði frekari breytingar á skattkerfinu sem miða að því að styrkja tekjuöflunar- og tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins. Þá verði horft sérstak-

lega til þess hvernig beita megi grænum sköttum og efnahagslegum mót-  
vægisáðgerðum til að draga úr loftslagsáhrifum og samhliða auka jöfnuð og  
koma í veg fyrir neikvæð íþyngjandi áhrif á útsetta hópa.

- Að nýjar stöðir tækni, nýsköpunar og grænna lausna verði byggðar undir  
atvinnulífið með fjárfestingaráætlun stjórnvalda. Horft verði til fjölbreyttra  
fjárfestingaverkefna í nýrri fjárfestingaráætlun stjórnvalda sem boðuð hefur  
verið. Áhersla verði á uppbyggingu og viðhald bæði efnahags- og félags-  
legra innviða og ekki síður verkefni sem stuðla að samdrætti í losun gróður-  
húsalofttegunda s.s. hraðari uppbyggingu almenningssamgangna og borg-  
arlínu og öðrum áðgerðum sem stuðla að orkuskiptum. Þá er mikilvægt að  
opinber fjárfesting verði nýtt með markvissum hætti til að auka fjöl-  
breytileika atvinnulífs með áherslu á uppbyggingu grænna starfa, nýsköpun,  
tæknipækningu og rannsóknir og þróun, t.d. á sviði heilbrigðisvísinda. Við  
fjárfestingaáætlanir verði tekið tillit til kynja- og byggðasjónarmiða auk  
sjálfbærni.

## **Ályktun miðstjórnar ASÍ vegna áhrifa efnahagssamdráttar á heimilin, 25. mars 2020**

Heimsfaraldur vegna Covid-19 hefur nú áhrif á atvinnu og afkomu fjölmargra  
heimila. Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að stjórnvöld, fjármála-  
stofnanir og aðrir kröfuhafar komi til móts við fólk í þessum erfiðu aðstæðum.  
Öllu máli skiptir nú að tryggja afkomuöryggi heimila þannig að öllum sé kleift  
að setja eigin heilsu og annarra í forgang.

Liður í þessu er að opinberir aðilar, sveitarfélög, fjármálastofnanir, leigu-  
félög, lífeyrissjóðir og aðrir kröfuhafar sýni sanngirni og sveigjanleika varð-  
andi greiðslufresti á meðan mesta óvissan stendur yfir. Mikilvægt er að inn-  
heimtukostnaður og dráttarvextir verði ekki lagðir á vanskil og fólk gefist  
tækifæri til að dreifa greiðslum og lengja í lánnum svo greiðslubyrði fari ekki  
úr hófi fram.

Bankar, fjármálastofnanir, lífeyrissjóðir og leigufélög hafa þegar tilkynnt  
um úrræði fyrir heimili sem þurfa aukið svigrúm við þessar aðstæður. Alþýð-  
usambandið beinir því til þessara aðila að þeir hafi ávallt að leiðarljósi að  
upplýsa einstaklinga með skýrum og greinargóðum hætti um áhrif þeirra  
úrræða sem í boði eru á greiðslubyrði til lengri og skemmri tíma og hvaða  
leiðir séu færar til að draga úr langtímaáhrifum á fjárhag heimilanna. Þá skuli  
öllum kostnaði sem innheimtur er vegna úrræðanna haldið í lágmarki.

Alþýðusambandið telur með öllu óásættanlegt að kröfuhafar geti nýtt sér  
þá neyð sem blasir við mörgum heimilum við núverandi aðstæður. ASÍ mun á  
næstunni fylgjast náið með þeim greiðsluerfiðleikaúrræðum sem boðið verður  
upp á og þeim þjónustugjöldum sem innheimt verða vegna þeirra.

## Ályktun miðstjórnar ASÍ um réttindi og kjör í faraldri, 1. apríl 2020

Sterk verkalýðshreyfing er merki um heilbrigðan og vel skipulagðan vinnu-markað. Á samdráttar- og krepputímum er vegið að kjörum og réttindum vinnandi fólks. Þá reynir á samstöðu verkalýðshreyfingarinnar sem aldrei fyrr. Mikill fjöldi félaga okkar er að missa vinnu eða tapa réttindum og taka á sig kjaraskerðingar. Þessa félaga okkar þurfum við að verja með sameinuðu afli okkar.

Það áfall sem á okkur dynur afhjúpar veikleika á vinnumarkaði sem endurspeglast í slæmri réttarstöðu launafólks í ótryggum og réttlitlum ráðningar-samböndum. Formlegt ráðningarsamband ásamt aðild að stéttarfélagi og réttindi skv. kjarasamningum er besta vörn sem launamaður á vinnumarkaði getur fengið. Á það reynir núna.

Alþýðusambandið hefur á undanförunum vikum unnið með stjórnvöldum og samtökum atvinnurekenda að aðgerðum sem ætlað er að minnka höggid af niðursveiflunni á heimili og fyrirtæki. En það þarf að gera betur. Atvinnuleysisbætur þurfa að hækka og það þarf að tryggja fé til virkra vinnumarkaðsaðgerða. Það þarf að tryggja afkomuöryggi hópa sem ekki falla undir lög um hlutabætur eða um laun í sóttkví. Þar eiga í hlut viðkvæmir hópar sem þarf að verja betur. Það þarf að tryggja húsnæðisöryggi. Það þarf að nýta skattkerfið með markvissari hætti til tekjujöfnunar og verja grunnstoðir velferðarkerfisins. Þá verður að tryggja að verðlag haldist stöðugt og kjör skerðist ekki vegna verðbólgu. Styrkur og mikilvægi opinbera heilbrigðiskerfisins ætti jafnframt að vera öllum ljós við þær aðstæður sem nú ríkja.

Samtök atvinnulífsins gagnrýna ASÍ fyrir að gefa ekki eftir kauphækkanir og lífeyrisréttindi við ríkjandi aðstæður og bera saman við stöðuna eftir hrunið 2008. Það er bæði rangt og villandi. Það hefur aldrei staðið á samninganefnd ASÍ að eiga samtál við atvinnurekendur og stjórnvöld um sameiginlegar lausnir. Þeim afarkostum sem Samtök atvinnulífsins stilltu upp gagnvart samninganefnd ASÍ var hins vegar hafnað af miklum meirihluta nefndarinnar eftir breitt samráð við bakland innan verkalýðshreyfingarinnar. Ábyrgðina er ekki hægt að setja á launafólk sem nú þegar hefur orðið fyrir miklum búsigjum. Alþýðusamband Íslands mun standa vörð um þær vinnumarkaðsaðgerðir sem ákveðnar hafa verið og gerir sömu kröfur til atvinnurekenda og samtaka þeirra.

Sterk verkalýðshreyfing er mikilvæg á öllum tímum en aldrei eins og í kreppu. Þá reynir á samstöðu og skýra sýn. Á slíkum stundum er mikilvægt að sjá heildarmyndina. Verja réttindi og kjör og standa dyggan vörð um velferðarkerfið. Við erum sterkari saman.

## **Ályktun miðstjórnar ASÍ um skilyrði fyrir opinberum stuðningi við fyrirtæki, 6. maí 2020**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands áréttar að opinber stuðningur til fyrirtækja vegna áhrifa COVID-19 á ekki að vera til þess gerður að fyrirtæki sem ekki þurfa á honum að halda vaði í sameiginlega sjóði samfélagsins að vild. Fram hefur komið að Össur ehf. hafi ákveðið að nýta sér hlutabótaleiðina örskömmu eftir að fyrirtækið greiddi eigendum sínum 1,2 milljarða króna í arð. Slíkt athæfi er ósiðlegt og ætti með réttu að vera ólöglegt.

ASÍ hefur ítrekað kallað eftir því að stjórnvöld setji skýr skilyrði við opinberum stuðningi en slíkar kröfur eru í samræmi við ráðleggingar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og OECD. Meðal skilyrða sem ASÍ hefur kallað eftir er að fyrirtæki hafi nýtt sér eigin bjargir, þau undirgangist skilyrði um að greiða ekki út arð til tveggja ára eftir að þau njóta fyrirgreiðslu og að fyrirtækin eða eigendur þeirra séu ekki skráð í skattaskjólum. Stjórnvöld hafa brugðist þeirri skyldu sinni að tryggja hagsmuni almennings og komandi kynslóða. Nú er mál að linni.

## **Ályktun miðstjórnar ASÍ um kjaraviðræður Flugfreyjufélags Íslands og Icelandair, 20. maí 2020**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands áréttar stuðning sinn við Flugfreyjufélag Íslands sem nú stendur í erfiðri kjaradeilu við Icelandair. Yfirlýsingar stjórnenda Icelandair hafa verið til þess fallnar að grafa undan trausti milli samningsaðila. Icelandair hefur ekki staðfest svo óyggjandi sé að fyrirtækið hyggist ekki ganga fram hjá FFÍ líkt og fréttaflutningur í dag hefur gefið til kynna.

Miðstjórn ASÍ minnir á að lífeyrissjóðir vinna eftir fjárfestingarstefnu sem gengur út á að virða kjarasamninga. Lífeyrissjóðum er því ekki stætt á að fjárfesta í fyrirtækjum sem ganga gegn leikreglum á íslenskum vinnumarkaði, stunda félagsleg undirboð eða fara gegn samningsfrelsi launafólks. Miðstjórn áréttar kröfu ASÍ um að stjórnvöld gefi út skýr skilaboð þess efnis að opinber stuðningur sem veittur er vegna Covid-kreppunnar gangi ekki til fyrirtækja sem grafa undan stjórnarskrárbundnum réttindum launafólks og starfi stéttarféлага.

## **Ályktun miðstjórnar ASÍ um efnahags- og atvinnuástand, 24. júní 2020**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu launafólks og atvinnuleitenda með haustinu í ljósi atvinnuástandsins. Stuðningi stjórnvalda hefur verið beint til fyrirtækja fremur en fólks. Mikilvægasta aðgerðin til að milda áhrifin fyrir einstaklinga og heimili, og þannig fyrir efnahagslífið, er að hækka atvinnuleysisbætur og lengja tímabil tekjuteng-

ingar. Þá verður að grípa til almennra aðgerða til að verja heimilin. Miðstjórn ASÍ fer fram á að stjórnvöld taki af skarið um úrbætur þegar í stað.

Miðstjórn ASÍ hafnar öllum tillögum sem lúta að því að senda reikninginn vegna björgunaraðgerða stjórnvalda í tengslum við Covid-kreppuna til almennings á næstu árum, hvaða nafni sem slíkar tillögur eru nefndar. Það er engin efnahagsleg nauðsyn að skera niður í heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfinu, selja opinberar eigur, auka gjaldtöku eða ráðast í einkavæðingu eða einkarekstur. Slíkar aðgerðir eru allar til þess fallnar að dýpka kreppuna og auka á afkomu- og skuldavanda einstaklinga og heimila.

Miðstjórn ASÍ áréttar að stjórnvöld hafa ekki staðið við sinn hluta lífskjarasamninganna, m.a. því er lýtur að húsnæðismálum, verðtryggingu, mannsali og félagslegum undirboðum og sektarákvæðum vegna kjarasamningsbrota. Forsendur lífskjarasamninganna eru samkvæmt orðanna hljóðan brostnar og farið er fram á viðræður um samningana og þau loforð sem þar eru gefin. ASÍ mun standa vörð um almannahagsmuni og kjör og réttindi launafólks og atvinnuleitenda í þeim viðræðum.

### **Ályktun miðstjórnar ASÍ um kjaramál, 2. september 2020**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hafnar með öllu hugmyndum um frestun launahækkana og skerðingu launa sem settar hafa verið fram af fulltrúum atvinnurekenda og stjórnvalda undanfarið. Miðstjórn ASÍ áréttar einnig mikilvægi þess að stjórnvöld etji ekki aðilum vinnumarkaðar saman nú þegar endurskoðun kjarasamninga stendur fyrir dyrum.

Kjaraskerðing ógnar ekki aðeins afkomuöryggi launafólks á krepputímum heldur hefur hún einnig skaðleg áhrif til frambúðar og mun bæði dýpka og lengja kreppuna. Bætt kjör launafólks skila sér bæði í aukinni neyslu, sem er afar áriðandi í samdrætti, og auknu skattfé, enda er launafólk helstu skattgreiðendur landsins. Samtök atvinnulífsins virðast hvorki hafa skilning á þörfum atvinnulífsins né almennings og kjósa heldur að fylgja hugmyndafræðilegri línu sem getur, ef henni er fylgt, haft í för með sér langvinnan skaða fyrir íslenskt efnahagslíf og samfélag.

Miðstjórn ASÍ mun berjast af fullum þunga fyrir kjörum launafólks og fyrir almannahagsmunum í þeirri kreppu sem nú stendur yfir.



## RÉTTA LEIÐIN – FRÁ KREPPU TIL LÍFSGÆÐA

Um miðjan maí 2020 boðaði ASÍ til fréttamannafundar í Gerðarsafni í Kópavogi þar sem kynntar voru áherslur sambandsins um réttu leiðina út úr Covid-kreppunni. Áherslurnar fylgja hér á eftir:

Í annað sinn það sem af er þessari öld stendur íslenskt samfélag frammi fyrir djúpri efnahagskreppu. Að þessu sinni er hún ekki komin til af manna völdum en í henni felst mikill lærdómur um styrkleika og veikleika í grunngerð samfélagsins. Þetta er því tíminn til að greina þann lærdóm og byggja efnahagskerfið og samfélagslega innviði eftir skýrri framtíðarsýn. Sú framtíðarsýn þarf að taka mið af breytingum sem verða á atvinnu- og lifnaðarháttum með tilkomu nýrrar tækni og vegna nauðsynlegra aðgerða gegn loftslagsbreytingum. Nú þegar hundruðum milljarða er veitt úr opinberum sjóðum til að styðja við atvinnulífið á launafólk og almenningur allur skýlausan rétt til þátttöku í ákvarðanatöku og stefnumótun.

Alþýðusamband Íslands leggur hér fram framtíðarsýn um uppbyggingu Íslands undir yfirskriftinni Réttu leiðin: frá kreppu til lífsgæða og öryggis fyrir

okkur öll. Tillögurnar byggja á þekkingu og reynslu verkalýðshreyfingarinnar, sem er stærsta fjöldahreyfing landsins, ásamt því að sækja í smiðju annarra almannasamtaka. Hugmyndirnar eru í takti við stefnu alþjóðlegru verkalýðshreyfingarinnar um réttlát umskipti (e. Just Transition) og sækja í alþjóðlega umræðu um grænan samfélagssáttmála (e. Green New Deal). Unnið er eftir viðmiðum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um að atvinnusköpun skuli vera í fyrirrúmi við aðgerðir gegn kreppunni. Enn fremur er hér stuðst við tillögur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um forgangsroðun sem byggir á að bjarga lífi fólks í fyrsta lagi, vernda lífsafkomu þess í öðru lagi og í þriðja lagi að vernda efnahaginn.

Markmið til framtíðar er að byggja upp fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf þar sem allir sem vilja geta fengið störf við hæfi. Til þess þarf vinnumarkaðurinn að byggja á traustum ráðningarsamböndum, skipulagðri verkalýðshreyfingu og kjarasamningum, auk þess að styðja gott samspil vinnu, fjölskyldulífs og frístunda. Jafnframt verði afkoma fólks tryggð óháð stöðu, grunnviðir samfélagsins stórefldir og grunnþjónusta sem lýtur að menntun, velferð og heilbrigði gerð gjaldfrjálsg og öllum aðgengileg. Þannig býr Ísland sig undir tæknibreytingar og nýja atvinnu- og lífnadarhætti.

Stærsta ógnin við íslenskt efnahagslíf í kjölfar COVID-19 er tekjumissir fólks og langvarandi atvinnuleysi. Verkefnið núna er að tryggja fulla atvinnu og nýta atvinnusköpun og félagslegar aðgerðir til að byggja upp sterkt samfélag til framtíðar. Fjárhagslegur stuðningur við fyrirtæki nægir ekki einn og sér til að ná efnahagslífinu á strik. Fjármunirnir þurfa að rata beint til almennings til að tryggja ráðstöfunartekjur og koma í veg fyrir greiðsluvanda til frambúðar. Það er annars vegar gert með því að tryggja fulla atvinnu og framfærslu allra og hins vegar með því að efla opinbera innviði og þjónustu og gera hana gjaldfrjálga. Með því viðhelt kaupmáttur heimilanna og innlend eftirspurn sem er mikilvæg forsenda þess að hjól atvinnulífsins taki aftur að snúast. Við stöndum á tímamótum og getum valið að byggja samfélagið upp að nýju með sjálfbærni, jöfnuð og jafnrétti að leiðarljósi.

Kröfurnar eru settar fram í þremur liðum. Í fyrsta lagi er kveðið á um bráðaáðgerðir sem lúta að því að bjarga lífum, tryggja afkomu fólks og reisa varnir fyrir ríkissjóð. Í öðru lagi er sett fram sýn um uppbyggingu til framtíðar og í þriðja lagi er fjallað um eftirfylgni með þessum aðgerðum.

## 1. Bráðaáðgerðir

Bráðaáðgerðir þurfa fyrst og fremst að miða að því að ná tökum á heimsfaraldrinum, vernda líf og heilsu fólks og tryggja getu heilbrigðiskerfisins til að sinna þörfum almennings. Í öðru lagi þarf að koma í veg fyrir skyndiáföll vegna tekjumissis sem geta haft langtíma afleiðingar. Þá þarf að skilyrða fram-



lög til einkaaðila úr opinberum sjóðum til að vernda almannahag og hagsmuni komandi kynslóða.

## **Þjarga lífum**

Tímarammi: Þegar í stað

Heilbrigðisþjónustunni sé tryggður aðbúnaður til að halda áfram uppi öflugum vörnum gegn COVID-19 og annarri nauðsynlegri þjónustu við almenn- ing. Upplýsingamiðlun til innflytjenda og annarra viðkvæmra hópa sé tekin föstum tókum.

## **Afkomuöryggi og varðstaða um heimilin**

Tímarammi: Þegar í stað

Örugg afkoma kemur í veg fyrir fjárhagsvanda til frambúðar og stuðlar að því að halda uppi kaupmætti sem er lykilþáttur í viðsýrnu fyrir efnahagslífið:

- Ákvæði um hlutabætur atvinnuleysistrygginga sé virkt þar til þess er ekki lengur þörf.
- Hópar sem hafa fallið utan laga um laun í sóttkví hljóti afkomuvernd þegar í stað.
- Komið verði til móts við foreldra ungra barna sem hafa þurft að vera frá vinnu vegna skerts leikskóla- og skólahalds.
- Grunnatvinnuleysisbætur verði hækkaðar í 335.000 þegar í stað, tímabil tekjutengdra atvinnuleysisbóta lengt úr þremur í sex mánuði og greiðslur vegna barna hækkaðar.
- Fjármagn til atvinnuleysistryggingasjóðs verði tryggt og þjónusta og stuðningur við atvinnuleitendur eflur.
- Greiðslufrestir verði tryggðir og lánstími lengdur sem nemur frestun af afborgunum fyrir þá sem þess þurfa.
- Aðgerðir stjórnvalda nái til elli- og örorkulífeyrisþega.
- Ríki og sveitarfélög vinni saman að því að bjóða upp á fjölbreytt sumarstörf um allt land.
- Komið sé í veg fyrir að lántakendur húsnæðislána og leigjendur greiði kostnað vegna mögulegrar verðbólgu með því að frysta tengingu við vísitölu.
- Leigjendur sem hafa orðið fyrir miklu tekjufalli öðlist tímabundinn rétt til hærri húsaleigubóta.
- Námsmönnum séu tryggðar atvinnuleysisbætur fái þeir ekki sumarstörf. • Framfærsla útlendinga á íslenskum vinnumarkaði sem falla utan kerfis verði tryggð.



## **Skilyrði fyrir stuðningi við fyrirtæki**

Tímarammi: Þegar í stað

Skýr skilyrði séu sett fyrir öllum opinberum stuðningi við fyrirtæki sem taki til eftirfarandi þátta:

- Fjárhagsvandi sé kominn til vegna áhrifa COVID-19 kreppunnar.
- Fyrirtæki sýni fram á að þau fylgi kjarasamningum, hafi ekki gerst sek um launabjórnað og stundi ekki félagsleg undirboð.
- Eigendur hafi þegar nýtt eigin bjargir og stuðningur nýtist gagngert til að viðhalda störfum og skapa ný.
- Girt sé fyrir arðgreiðslur, óumsamda kaupauka og kaup í eigin hlutbréfum hjá fyrirtækjum sem njóta opinberrar aðstoðar og fyrirgreiðslu.
- Fyrirtæki hafi skilað inn skráningu yfir raunverulega eigendur samkvæmt lögum og að þau eða eigendur þeirra notist ekki við skattaskjól.
- Laun æðstu stjórnenda innan viðkomandi fyrirtækis séu ekki hærri en þreföld meðallaun, miðað við meðaltal heildarlauna fullvinnandi launafólks skv. mælingum Hagstofunnar.
- Fyrirtæki sem misnota úrræði stjórnvalda sæti viðurlögum.
- Frumvarp um gjaldþrotaskipti til að stöðva kennitölufلاك verði lagt fram á Alþingi þegar í stað, í samræmi við fyrirheit stjórnvalda.
- Nemi opinber stuðningur 100 milljónum króna eða meira eignist ríkið hlut í viðkomandi fyrirtæki til samræmis við framlag sitt.

## **2. Uppbygging til framtíðar**

### **Framfærslutrygging og húsnæðisöryggi**

Tímarammi: 2020–2022

Framfærsla sem veitir afkomuöryggi og möguleika til virkrar samfélagsþátttöku telst til grundvallarréttinda. Allir hafi aðgang að góðu húsnæði á viðráðanlegum kjörum og fólk þurfi ekki að verja meira en fjórðungi tekna sinna í húsnæðiskostnað. Fyrirsjáanleiki í greiðslum af lánum og leigu og eðlileg skipting áhættu sé tryggð með því að takmarka vísitölubindingar leigusamninga og verðtryggingu á einstaklingslána-samningum. Neytendavernd og þar með eftirlit með verðlagi, viðskiptaháttum, starfsemi fjármálastofnana, réttindum leigjenda og réttindum einstaklinga gagnvart fyrirtækjum verði eflað með auknum stuðningi til neytendasamtaka.

### **Atvinnusköpun**

Tímarammi: 2020–2021

Atvinnusköpun og trygging fullrar atvinnu eiga að vera í fyrirrúmi í aðgerðum vegna kreppunnar. Með aðgerðum þarf að skapa góð störf, skjóta styrkum stöðum undir fjölbreytt atvinnulíf og efla um leið grunnviði landsins.

Með fjölbreytni má draga úr efnahagssveiflum til framtíðar.

Atvinna verði sköpuð í:

- Framkvæmdum – með því að flýta framkvæmdum sem eru mikilvægar samgöngu-, fjarskipta- og raforkuöryggi og til að tryggja aðgengi fatlaðs fólks, byggja upp göngustíga og innviði fyrir ferðaþjónustu, tvöfalda framlag til almennra íbúða og framlengja átakið Allir vinna að lágmarki til loka árs 2022.
- Nýsköpun og tækni – með því að tvöfalda áður boðaðan stuðning við sprota- og nýsköpunarsjóði, endurbýggja lagaumhverfi um samvinnufélög og koma á grænum nýsköpunarsjóði sveitarfélaganna sem sveitarfélög sem verða hlutfallslega verst úti í atvinnuleysi úthluta úr í heimabyggð.
- Matvælaframleiðslu – með niðurgreiddri raforku eða beinum styrkjum til ylræktar, styrkjum til nýsköpunar, skattafsláttum til smærri matvælaframleiðenda, eflingu fiskmarkaða og stofnun landbúnaðarklassa sem styður við þróun og nýsköpun í landbúnaði og gróðurhúsarekstri.
- Grænum störfum – með því að flýta uppbyggingu almenningsgangna og hraða rafvæðingu þeirra, byggja upp innviði fyrir rafvæddan bílafloata, styrkja votlendissjóð og gera stóráttak í stafrænum innviðum hins opinbera.
- Fiskvinnslu – með því að fullvinna sjávarafurðir á Íslandi og takmarka útflutning á óunnum fiski.
- Líkamlegri og andlegri erfiðisvinnu – með því að stytta vinnudaginn í sex klukkustundir án kjara- og þjónustuskerðingar. Styttingin nái fyrst um sinn til hópa sem eru undir meðalgrunnlaunum og verja meira en 70% af tíma sínum í líkamlegu erfiði og/eða í nánu sambandi við skjólstæðinga.

## **Réttindi á vinnumarkaði**

Tímarammi: 2020–2021

Afleiðingar heimsfaraldursins hafa varpað ljósi á veikleika á íslenskum vinnumarkaði. Hópar launafólks búa ekki við ráðningaröryggi og fjölmargir einrykjar eru réttindalitlir þegar áföll ríða yfir. Þá hefur færst í aukana að fólk sé í ótryggum íhlaupastörfum þótt harkhagkerfið hafi ekki náð viðlíka festu og víða erlendis. Breytingar vegna sjálfvirknivæðingar og þróunar á skipulagi vinnunnar kalla á aðgerðir til að treysta réttindi, öryggi og velferð vinnandi fólks:

- Kjarasamningar verði áfram grundvallarregla við ákvörðum launa og annarra starfskjara fyrir allt launafólk.
- Launaþjófnaði og öðrum brotum fylgi viðurlög og févíti sem rennur til þess sem brotið er á og skorin verði upp herör gegn gerviverktöku.
- Þróaðar verði leiðir til að vinnandi fólk öðlist hlutdeild í hagnaði fyrirtækja vegna hagræðingar og tæknibreytinga. Ágóði af sjálfvirknivæðingu skili sér

til starfsfólks með styttri vinnutíma eða hærri launum og að öðrum kosti séu fjöldauppsagnir óheimilar. Komi til uppsagna vegna sjálfvirknivæðingar sé gengið til samninga fyrir það starfsfólk sem eftir er, en einnig samið sérstaklega um kjör þeirra sem sagt er upp. Þannig mætti gera fyrirtækjum að tryggja endurmenntun og endurþjálfun starfsfólks þannig að það öðlist möguleika á breyttum vinnumarkaði.

- Launafólki séu tryggð úrræði til að þróa nýja færni til að geta skipt um störf og starfssvettvang.
- Fyrirtækjum verði lagalega skylt að geta staðið undir launakostnaði til þriggja mánaða áður en þau greiða út arð, óumsamda kaupauka, kaupa eigin hlutabréf, greiða af víkjandi láni fyrir gjalddaga eða veita eigendum eða nákomnum aðilum lán eða aðrar greiðslur sem eru ekki nauðsynlegar til að viðhalda rekstri. Vinnustaðalýðræði verði aukið til að tryggja að breytingar á atvinnuháttum og skipulagi fyrirtækja séu á forsendum launafólks.
- Keðjuábyrgð verði útvíkuð og gildi fyrir verksamninga á almennum markaði.

## Menntun

Tímarammi: 2020–2022

Menntakerfið, þ.m.t. símenntun og framhaldsfræðsla, verði kortlagt með hliðsjón af skipulagi, námsframboði, fjármögnun, markhópum, lýðfræði og búsetu. Sérstaklega verði horft til þarfa ólíkra landsvæða og ólíkra atvinnuvega. Í kjölfar kortlagningar verði gerðar tillögur um framtíðarskipulag heildstæðs menntakerfis sem nær til bæði formlegrar og óformlegrar menntunar og tekur tillit til innflytjenda og annarra viðkvæmra hópa. Nauðsynlegt er að fyrir liggji góð þekking, greining og mat á starfstækifærum í einstökum fögum, atvinnugreinum og störfum svo að hægt verði að móta heildræna stefnu. Komið verði á laggirnar fagháskólastigi og með því tryggt almennt aðgengi að iðn- og verkmenntun. Framboð af menntun og endurmenntun fyrir atvinnuleitendur og launafólk í störfum sem gætu tapast með aukinni sjálfvirknivæðingu verði stóraukið, ásamt því að innflytjendum verði boðið upp á gjaldfrjáls íslenskunámsskeið. Þá verði framlög til vinnustaðanáamssjóðs aukin til að tryggja starfsþjálfun framhaldsskólanema.

## Öflugir innviðir

Tímarammi: 2020–2030

Ráðist verði í gagngera uppbyggingu á öllum innviðum landsins, frá samgöngum til leikskóla, hjúkrunarheimilum til fjarskipta- og raforkuflutninga. Grunnþjónusta sem lýtur að menntun, heilbrigði og velferð verði gerð gjaldfrjáls og aðgengileg í heimabyggð eins og framast er unnt. Uppbyggingu

vistvænna almenningsgangna verði hraðað og innviðir fyrir vistvænan bílafloða byggðir upp þegar í stað. Staðinn verði vörður um auðlindir og eignir í almannæigu og þær ekki seldar eða nýttar með skammtímasjónarmið og sérhagsmuni að leiðarljósi.

### **3. Eftirfylgni**

#### **Í þágu almennings**

Verkalýðshreyfingin er stærsta fjöldahreyfing landsins með skilgreindar skyldur og stjórnarskrárbundin réttindi. Hreyfingin gerir kröfu um að vera beinn þátttakandi í öllum ákvörðunum sem hafa áhrif á vinnumarkað og sem varða framtíð og afkomu launafólks. Innan verkalýðshreyfingarinnar býr þekkingin á atvinnulífi landsins, þar á meðal á staðbundnum þáttum. Séu ákvarðanir um atvinnuuppbyggingu og félagslegar aðgerðir teknar án samráðs og án þeirrar reynslu sem í hreyfingunni býr er hætt við að þær dugi ekki til framtíðar. Samtök sem starfa í þágu almannaheilla og gæta réttinda viðkvæmra hópa eiga einnig rétt á að taka þátt í ákvarðanatöku sem þau varða.

#### **Reikningur framtíðarinnar**

Tímarammi: 2020–2120

Nú þegar er hafinn áróður um að senda þurfi reikninginn vegna björgunar- aðgerða stjórnvalda beint til almennings með niðurskurði á opinberri þjónustu, hærri sköttum og gjaldtöku á allra næstu árum. Því er með öllu hafnað. Í fyrsta lagi þarf að skilyrða stuðning við fyrirtæki til að tryggja að almenningur njóti ávaxtanna ef þau ná sér á strik og að hægt sé að endurheimta fjármagníð standi fyrirtækin ekki við gefin skilyrði. Í öðru lagi þarf lagaleg umgjörð um opinber fjármál að tryggja að samfélagslegir hagsmunir séu í öndvegi. Það er forsenda þess að stjórnvöld geti beitt ríkisfjármálum til að vernda almenning fyrir langvinnum og skaðlegum áhrifum af kreppunni. Í þriðja lagi hefur ASÍ sett fram ítarlegar tillögur um tekjuöflun ríkissjóðs til að standa undir sameiginlegum innviðum. Í fjórða lagi mun sú fjárfesting sem nú er ráðist í – ef rétt verður að henni staðið – skila sér margfalt inn í framtíðina.

#### **Eftirlit**

Tímarammi: 2020–2022

Til að tryggja að aðgerðir sem gripið er til skili sér til almennings, en ekki í vasa fárra, þarf að stórefla upplýsingagjöf og opinbert eftirlit með skilyrðum fyrir ríkisstuðningi, brotum á vinnumarkaði og skattaundanskotum. Vinnu- málaflokkun, Vinnueftirlitið og Ríkisskattstjóri fái skýrar lagaheimildir og nægilegt fjármagn til að sinna eftirlitshlutverki sínu og koma þannig í veg fyrir spillingu og brot á vinnumarkaði og tryggja að almannafé og auðlindir séu

nýttar í þágu almennings. Jafnframt verði formbundið reglulegt samráð og samstarf þessara stjórnvaldsstofnana og vinnustaðaeftirlits stéttarfélaganna um stöðumat, greiningu og sameiginlegt vinnustaðaeftirlit og aðgerðir gegn launaþjófnaði og annarri brotastarfsemi á vinnumarkaði.

### **Lokaorð**

Á krepputímum keppast sérhagsmunaöfl við að bæta stöðu sína. Frá síðustu kreppu hafa hinir ríku orðið ríkari, bæði á alþjóðavísu og á Íslandi. Nú er mál að linni; tímabært er að snúa strax af þessari braut og tryggja að aðgerðir vegna kreppunnar stuðli að jöfnuði og almennum lífsgæðum. Með þessum tillögum er settur fram vegvísir að uppbyggingu öflugs og réttláts samfélags fyrir okkur öll.



## EFNAHAGSMÁL

Hlutfallsleg breyting	Helstu kennitölur						
	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020*
Einkaneysla	3,2	4,5	7,2	8,0	4,8	1,3	-5,8
Samneysla	1,3	1,1	1,9	3,7	4,0	4,2	3,2
Fjármunamyndun	15,9	21,4	17,8	10,7	-1,0	-6,6	-10,0
<i>þar af atvinnuvegir</i>	16,9	33,7	19,7	7,7	-5,4	-17,5	-13,4
<i>þar af húsnæði</i>	15,4	-3,2	26,4	20,7	16,7	31,2	-21,2
<i>þar af hið opinbera</i>	12,5	-2,6	-0,1	23,3	21,2	-10,4	19,5
Þjódarútgjöld	5,3	6,7	8,0	7,5	3,6	-0,2	-3,8
Útflutningur	3,2	9,1	10,9	5,4	1,7	-4,9	-28,5
Innflutningur	9,8	13,8	14,5	12,3	0,8	-10,2	-23,1
<b>Landsframleiðsla</b>	2,1	4,8	6,6	4,5	3,9	1,9	-7,1
Launavísitala	5,8	7,2	11,4	6,8	6,5	4,9	/
Kaupmáttur launa	3,7	5,5	9,5	5,0	3,7	1,8	/
Verðbólga <sup>1</sup>	2,0	1,6	1,7	1,8	2,7	3,0	2,6
Atvinnuleysi <sup>2</sup>	3,6	2,9	2,3	2,1	2,4	3,6	7,2
Gengisvísitala <sup>3</sup>	207	201	180	160	167	181	201

<sup>1</sup> Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

<sup>2</sup> Hlutfall af áætluðum mannafla

<sup>3</sup> Ársmeðaltal

\* Spá Seðlabankans ágúst 2020

## Hagkerfið fyrir Covid-19

Sjaldan hafa efnahagshorfur breyst jafn hratt og í byrjun árs 2020. Kórónaveiran SARS-CoV-2, sem fyrst hafði fundist í Wuhan-héraði í Kína, hafði þá dreifst til fjölda landa og ljóst var að grípa þyrfti til sóttvarnaðgerða og ferðatakmarkana af óþekktri stærð til að hemja útbreiðslu Covid-19 sjúkdómsins.

Viðkvæmar efnahagsaðstæður ríktu 2019. Lággjaldaflugfélagið WOW air hafði orðið gjaldþrota snemma árs og útlit var fyrir hægari gang í efnahagslífinu. Ferðamönnum fækkaði um 12% á fyrri helmingi ársins og útlit var fyrir að ferðaþjónusta þyrfti nú að aðlagast nýjum veruleika þar sem ekki væri hægt að treysta á viðvarandi fjölgun ferðamanna.

Hagdeild ASÍ gaf út hagspá í október 2019 þar sem því var spáð að samdráttur yrði 2019 en mildur viðsnúningur yrði 2020. Þar sagði „Horfur í efnahagslífinu breyttust verulega, sem birtist sérstaklega við gjaldþrot lággjaldaflugfélagsins WOW air, og þó áhrifin til skemmri tíma hafi verið mildari en óttast var í fyrstu ríkir enn nokkur óvissa um afleiðingarnar til lengri tíma og þar með áhrifin á síðari hluta spátímans. Landsframléiðsla dregst samkvæmt spánni saman um 0,3% á þessu ári, sem skýrist bæði af verulegum samdrætti í útflutningi og minni þjóðarútgjöldum. Raungerist spá hagdeildar má búast við hægum vexti á næsta ári, 0,6%, en að umsvif í hagkerfinu fari vaxandi á árinu 2021 og þá verði hagvöxtur 2,3%.

Ljóst var að íslenskt efnahagslíf, ríkisfjármál og heimili voru í sterkri stöðu til að takast á við litla og tímabundna niðursveiflu. Neikvæðustu afleiðingarnar voru vaxandi atvinnuleysi en í hagspánni var komið inn á þá þróun. „Talsvert hefur farið fyrir hópupsögnum á árinu og er sú þróun áhyggjuefni. Atvinnuleysi hefur aukist milli ára og meðal þeirra sem eldri eru hefur dregið úr atvinnuþátttöku ásamt því að hægt hefur mjög á fjölgun starfa. Aðlögun á sér stað á vinnumarkaði nú þegar spenna hverfur úr hagkerfinu og vinnuafleiftirspurn fer minnkandi. Atvinnuleysi fer því vaxandi í vetur og verður samkvæmt spánni 3,5% á þessu ári og 4,2% á árunum 2020–2021.“

Ólíkt mörgum niðursveiflum voru áhyggjur af verðbólgu litlar og voru væntingar um að verðbólga myndi hjaðna á spátímanum en hún hafði farið vaxandi framan af 2019. „Verðbólga fer lækkandi yfir spátímann samkvæmt spánni, mælist 3% á þessu ári og verður að jafnaði 2,7% á árunum 2020–2021. Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði samræmdust verðstöðugleika og sköpuðu forsendur fyrir vaxtalækkunum Seðlabankans. Húsnæðisverð hefur minni áhrif á vísitölu neysliverðs á næstu misserum en verulega hefur dregið úr spennu á húsnæðismarkaði. Verðbólguþáin er þó háð stöðugu gengi krónunnar, frekari veiking myndi setja þrýsting á hækkun verðlags.“

## Hagkerfi í heimsfaraldri

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin lýsti yfir heimsfaraldri í mars 2020 en þá var þegar orðið ljóst að þjóðir heims myndu þurfa að grípa til sóttvarnaaðgerða og ferðatakmarkana af óþekktri stærð. Gríðarleg óvissa ríkti um umfang, eðli og lengd aðgerða og var þá í raun ómögulegt að spá fyrir um hver efnahagsleg áhrif Covid-19 yrðu. Þó var hægt að grípa til þess ráðs að gera efnahagslegar sviðsmyndir með það að markmiði að átta sig á mögulegum neikvæðum afleiðingum.

Hagdeild ASÍ gerði strax í mars sviðsmyndir sem kynntar voru miðstjórn sambandsins. Á þeim tímavarki var óvissan mikil en í minnisblaðinu sagði m.a.: „Um þessar mundir er ómögulegt að spá fyrir um hver áhrif kórónaveirufaraldursins verða á efnahagslíf og vinnumarkað. Áhrif eru það óljós og breytingarnar örur að á þessari stundu liggja ekki fyrir neindir hagvísar sem veita grundvöll til að framkvæma efnahagsspár. Aftur á móti er hægt að búa til sviðsmyndir sem geta gefið einhverjar hugmyndir um möguleg áhrif af mismunandi áföllum á efnahagslífið.“

Ein megináskorunin var að fanga efnahagsleg áhrif af einhverju sem ræðst ekki af efnahagslegri framvindu heldur af útbreiðslu veiru og sóttvarnaaðgerðum stjórnvalda. Á þeim tímavarki sem sviðsmyndir voru gerðar ríkti fullkomin óvissa um sóttvarnaaðgerðir stjórnvalda og einnig mögulegar efnahagslegar aðgerðir stjórnvalda. Í mars voru skoðaðar margar sviðsmyndir þar sem megináfallið kom fram í gegnum ferðatakmarkanir og þar með fækkun í fjölda ferðamanna.

Myndu þessar sviðsmyndir raungerast yrði samdráttur í vergri landsframleiðslu árið 2020 á bilinu 5-8% og atvinnuleysi aukast hratt og verða á bilinu 7-9%. Í sviðsmyndum kom m.a. fram:

- Töluverð óvissa ríkir um hve mikil áhrif verða á þjóðarútgjöld, t.d. á einkaneyslu og fjárfestingu atvinnuveganna. Þessir undirliðir landsframleiðslunnar urðu sérstaklega illa úti í hrúinu 2008-2009, þar sem einkaneysla dróst saman um 18,4% og atvinnufjárfesting um 62% á tveggja ára tímabili. Áætla má þó að samanlögð áhrif á þjóðarútgjöld verði minni en 2008-2009 og ekki jafn langvarandi.
- Áhrif á útflutning birtast helst í hrúinu í komum erlendra ferðamanna sem búast má við að geti haft áhrif út allt árið og fram á hið næsta. Áhrif á fjölda ferðamanna eru gríðarleg og geta verið langvarandi.
- Í öllum sviðsmyndum koma neikvæðustu áhrifin fram í verulegri aukningu atvinnuleysis. Til skamms tíma er ekki ólíklegt að það verði hærra en í hrúinu og fjöldi atvinnulausra geti tvöfaldast.
  - Virkni úrræða hefur áhrif á hversu margir verða án atvinnu til lengri tíma.
  - Áhrifin munu koma þyngst fram í ferðaþjónustu, verslun, veitingageir-



- anum o.fl. Þær greinar munu einnig taka hægar við sér þegar takmörkunum vegna faraldursins verður aflétt.
- Eftir því sem ástandið varir lengur eykst hættan á að áhrifin verði viðtækari og komi fram í fleiri atvinnugreinum, t.d. mörgum innlendum þjónustugreinum.
  - Gengi krónunnar hefur veikt á fyrstu mánuðum ársins en ekkert í líkingu við það sem gerðist eftir efnahagshrun og sviðsmyndir benda ekki til þess að verðbólga verði vandamál með sama hætti og þá. Ástæðan er sú að þegar eftirspurn minnkar í hagkerfinu verður erfiðara að velta verðhækkunum út í verðlag sem dregur úr verðbólguþrýstingi. Stórir liðir í útgjöldum heimilanna, eins og t.d. húsnæðisliðurinn og eldsneytisverð, munu að líkindum vinna gegn áhrifum af hækkun innflutts verðlags.
    - Veiking krónunnar nú er umtalsvert minni en árið 2008 þegar gengi krónunnar veiktist um 40%.
    - Að öðru óbreyttu gætu skapast forsendur fyrir frekari veikingu á gengi krónunnar. Seðlabankinn hefur nú hins vegar getu og vilja til að halda genginu stöðugu með inngripum.
    - Búast má við því að verðlag hækki á ákveðnum undirliðum vísitölu neysluverðs, t.d. á innfluttum mat- og drykkjarvörum, dagvöru o.fl. en aðrir liðir eins og eldsneyti og húsnæðisverð ættu að vinna þar á móti.
  - Seðlabanki og ríkissjóður eru í góðri stöðu til að draga úr neikvæðum áhrifum á efnahagslífið með beitingu peninga- og fjármálastefnu. Hversu mikil virkni verður mun alfarið ráðast af því hvernig gengur að ná böndum yfir útbreiðslu kórónaveirunnar.

### Áhrif Covid-19 á stöðu heimilanna

Fljótlega varð ljóst að raunveruleg efnahagsleg áhrif yrðu meiri en bjartsýnar spár gerðu ráð fyrir og líklega nær neikvæðustu sviðsmyndum hagdeildar um 8% samdrátt og allt að 9% atvinnuleysi á ársgrundvelli. Í apríl gerði hagdeild frekari greiningu á áhrifum Covid-19 á stöðu heimilanna. Ljóst var að áhrif Covid-19 voru frábrugðin mörgum niðursveiflum sem Íslendingar höfðu tekist á við. Í fyrsta lagi var ekki hætt á miklum verðbólguskelli. Skýrðist þetta fyrst og fremst af því að Seðlabankinn var í sterkri stöðu til að draga úr sveiflum á gengi krónunnar. Í öðru lagi voru stjórnvöld og Seðlabanki í mun betri stöðu til að bregðast við niðursveiflu, t.d. með auknum ríkisútgjöldum eða vaxtalækkunum.

Það að verðbólga varð ekki mikil og vextir lækkuðu merkir að þunginn af áfallinu fer í gegnum vinnumarkaði. Það merkir að hópar verða fyrir afar ólíkum áhrifum af Covid-19 kreppunni. Þeir sem halda vinnu verða ekki fyrir tekjufalli á meðan þeir sem missa vinnu verða fyrir þungu höggi. Þeir sem eiga

húsnæði njóta hins vegar mun betri vaxtakjara sem styður við fjárhag heimila. Sá hópur sem verður fyrir þyngsta högginu eru atvinnulausir á leigumarkaði. Þetta var ávarpað í greiningu hagdeildar: „Jafnframt hefur dregið úr áhættu í samsetningu skulda heimilanna. Gengistryggð lán eru nær horfin, dregið hefur úr yfirdráttarlánnum og vægi óverðtryggðra lána hefur vaxið og eru þau nú um fjórðungur af vergri landsframléiðslu borið saman við 3% árið 2007. Þessu til viðbótar hafa lántakendur nú færi á að nýta sér endurfjármögnun lána á hagfelldum kjörum án þess að það feli í sér verulegan kostnað og húsnæðiseigendur hafa undanfarin ár haft heimild til að nýta séreignarsparnað skattfrjálst til lækkunar á höfuðstól húsnæðislána. Húsnæðiseigendur eru þannig betur varðir fyrir skuldavanda í dag en oft áður og hætta á yfirveðsetningu mun minni en áður.“

„Greiðsluvandi vegna tekjumissis er mesta hættan sem stöðjar að fjárhag heimilanna við núverandi aðstæður þegar fjöldi fólks er án atvinnu að fullu eða hluta og tekjur margra dragast saman. Húsnæðiseigendur standa almennt vel að vígi eftir tímabil hóflegar verðbólgu, vaxtalækkana og hækkana á húsnæðisverði. Leigjendur eru margir í viðkvæmri stöðu og hafa mun síður notið hagstæðari kjara á húsnæðismarkaði á undanförunum árum. Tekjulág heimili eru auk þess líklegri til að vera á leigumarkaði og leigjendur hafa að jafnaði mun þyngri húsnæðiskostnað en þeir sem búa í eigin húsnæði. Framboð á leiguhúsnæði fer að líkindum vaxandi, sem styrkir stöðu leigjenda en húsnæðisöryggi þeirra er lítið og varnir gegn hækkun á húsaleigu takmarkaðar.

Brýn nauðsyn er á að hækka húsaleigubætur til að styðja við leigjendur í lág- og millitekjuhópum og tryggja þarf að greiðsluvandi vegna tímabundins tekjumissis ógni ekki húsnæðisöryggi fólks. Nauðsynlegt er að lántakendur og leigusalar sýni sveigjanleika m.a. með frystingum, skilmálabreytingum og greiðsludreifingu til að aðstoða heimili í greiðsluerfiðleikum. Fylgjast þarf náið með stöðu heimilanna og útfæra leiðir til að styðja við þá hópa sem glíma við afkomuvanda og íþyngjandi húsnæðiskostnað. Til að draga úr líkum á fjárhagserfiðleikum þeirra heimila sem verða fyrir atvinnumissi er aðkallandi að hækka atvinnuleysisbætur og lengja tímabil tekjutengingar. Aðgerðir stjórnvalda nú eiga að miða að því að tryggja afkomu og húsnæðisöryggi fólks, en hvort tveggja styður við skjóta endurreisn íslensks efnahagslífs.“

### **Sögulegur samdráttur og dökkar horfur**

Lækkun vaxta, hlutabótaleið og ýmsar aðgerðir stjórnvalda urðu til þess að draga úr þungu höggi á efnahagslífið til skamms tíma. Efnahagsaðgerðir stjórnvalda voru umfangsmiklar aðgerðir í þágu fyrirtækja, atvinnulífs og einstaklinga. Umfangsmestu aðgerðirnar voru frestun skattgreiðslna fyrirtækja sem áætlað var að kosta myndu 75 ma. kr. og svo brúarlán til atvinnulífs (70

ma. kr). Einnig voru samþykkt stuðningslán til fyrirtækja (40 ma. kr), lokunarstyrkir (2,5 ma. kr.) nýsköpunarstyrkir (5,2 ma. Kr.) o.fl. Fyrirtæki fengu einnig styrk til að geta greitt laun á uppsagnarfresti en áætlað var að sá styrkur gæti numið allt að 25 milljörðum króna. Aðgerðir í þágu atvinnuleitenda fólust fyrst og fremst í hlutastarfaleiðinni (38 ma. kr.) og þriggja milljarða framlagi í barnabótaauka.

Þrátt fyrir stórar efnahagsaðgerðir mældist sögulegur samdráttur í landsframleiðslu á öðrum ársfjórðungi þegar hagvöxtur var neikvæður um 9,3% frá fyrra ári. Þar af dróst einkaneysla saman um 8,3%, fjárfesting um 18,7% og útflutningur um 38,8%. Ljóst er að án inngripa stjórnvalda hefðu áhrifin orðið verri en ella. Nýlegar efnahagsspár gera ráð fyrir minni samdrætti á þessu ári en óttast var í fyrstu en hins vegar hafa horfur fyrir næsta ár versnað. Seðlabankinn spáir nú í ágúst 7,1% samdrætti á þessu ári borið saman við 8% í vörspá bankans, en einungis 3,4% hagvexti á næsta ári borið saman við 4,8% í vörspánni.

Til lengri tíma munu heimilin ekki geta gengið á sparnað og haldið uppi skuldsettri neyslu. Um þessar mundir er erfitt að gera sér fulla grein fyrir hvernig samdrátturinn kemur til með að miðlast í aðrar atvinnugreinar. Hins vegar eru efnahagshorfur dökkar fyrir veturinn og líklegt að uppsagnir munu koma fram í fleiri atvinnugreinum í vetur. Atvinnuleysi er megináskorun efnahagslífsins og hætta á því að atvinnuleysi verði verulegt á meðan sóttvarnaaðgerðir og ferðatakmarkanir eru í gildi.



## KJARAMÁL

### Aðalsamninganefnd ASÍ

Aðalsamninganefnd ASÍ hefur verið kölluð saman til sjö formlegra funda frá síðasta þingi ASÍ. Á fyrsta fundi nefndarinnar í janúar 2020 var samstarfssamningur aðildarsamtakanna virkjaður vegna sameiginlegrar aðkomu að endurskoðunarákvæðum kjarasamninga. Það var gert með eftirfarandi samkomulagi sem aðildarsamtökin og stærstu aðildarfélögin undirrituðu þann 8.1. 2020:

„Aðildarsamtök ASÍ sem luku gerð kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins (SA) 3.4. og 3.5. 2019 hafa orðið sammála um að virkja Samstarfssamning aðildarsamtaka ASÍ frá 21.6. 2010 varðandi sameiginlega aðkomu að forsenduákvæðum á gildistíma þeirra kjarasamninga og um skipan og umboð sameiginlegrar launa- og forsendunefndar um mat á framvindu kjarasamninga og endurskoðun þeirra sbr. b., c. og d. lið 5.gr. samstarfssamningsins. Aðildarsamtökin eru sammála um, að undir umboð samninganefndar ASÍ skv. samstarfssamningi þessum falli umboð til þess að bregðast sameiginlega við brostnum forsendum viðkomandi kjarasamninga. Ef ekki næst einróma niðurstaða á vettvangi samninganefndar ASÍ skal vísa ákvörðun um viðbrögð við

brostnum forsendum viðkomandi samninga til formannafundar ASÍ. Í samninganefnd á vettvangi ASÍ skulu eiga sæti auk forseta ASÍ, einn fulltrúi frá hverju landssambandi ASÍ, einn fulltrúi VR, einn fulltrúi Eflingar og einn sameiginlegur fulltrúi félaga með beina aðild. Varaforsetar ASÍ sem ekki eiga sæti í nefndinni skv. 3.gr. samstarfssamnings aðildarsamtakanna frá 2010, eru áheyrnarfulltrúar í samninganefnd með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri ASÍ vinni með nefndinni auk annarra starfsmanna ASÍ skv. ákvörðun forseta ASÍ. Aðildarsamtökin eru jafnframt sammála um og að fengnu samþykki SA, að um forsendur og viðbrögð við forsendubresti fari skv. forsenduákvæðum kjarasamningsins frá 3.4 2019. Sameignleg launa- og forsendunefnd skal skipuð skv. ákvæðum kjarasamningsins frá 3.4.2019. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum tilnefndum af SA og þremur tilnefndum af samninganefnd ASÍ. Af hálfu ASÍ skal nefndin skipuð forseta ASÍ ásamt hagfræðingi og lögfræðingi samtakanna. Samstarfið byggir á fyrrgreindum samstarfssamningi aðildarsamtakanna sem telst hluti þessa samkomulags og fylgir samkomulagi þessu sem fylgiskjal.“

Öðrum fundum nefndarinnar var varið til umræðu og samráðs vegna viðbragða við aðgerðum stjórnvalda vegna COVID-19, um efndir stjórnvalda á yfirlýsingu sinni í tengslum við gerð kjarasamninga og loks vegna niðurstöðu forsendunefndar.

## **Kjaradeila Flugfreyjufélags Íslands og SA vegna Icelandair**

Kjaraviðræður Flugfreyjufélags Íslands og Icelandair stóðu frá haustmánuðum 2018. Frá því að viðræðurnar hófust lá fyrir að markmið Icelandair var að lækka launakostnað fyrirtækisins. Á sama tíma var samið um hinn svokallaða lífskjarasamning fyrir aðra aðila á almennum markaði. Flugfreyjur og flugþjónar nutu því ekki neinna kjarabóta nú í tvö ár ólíkt hinum flugstéttunum. Allt árið 2019 og fram á árið 2020 fór Icelandair undan í flæmingi í viðræðum við FFÍ. Kippur kom síðan í viðræður þegar heimsfaraldur COVID-19 brast á. FFÍ gerði sér ljóst að vissulega var staða Icelandair alvarleg vegna hans og ekki síður vegna vandræða með Boeing 737-Max flugvélar félagsins sem kyrrsettar voru af yfirvöldum vegna galla. Hins vegar er það svo að krafan um verulega lægri launakostnað vegna félagsmanna FFÍ var komin á borðið löngu áður en þetta kom til. Samninganefnd FFÍ sýndi fullan samningsvilja frá upphafi viðræðna og lagði fram fjölda tilboða með verulegum hagræðingarmöguleikum til vaxtar, sveigjanleika og samkeppnishæfni fyrir Icelandair. Því var öllu hafnað. Undir lok júní var kjarasamningur síðan undirritaður. Hann fól í sér verulega kjararýrnun en upp kom einnig villa í framsetningu hans sem FFÍ gat ekki fallist á. Hinn 8.7. 2020 var kjarasamningur FFÍ og Icelandair felldur í atkvæðagreiðslu félagsmanna. Þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara

tókst ekki að leiða nýjar viðræður til lykta og sleit Icelandair viðræðum við félagið sem árangurslausum með yfirlýsingu þann 17.7. 2020. Þar kom fram að það sé mat félagsins að lengra verði ekki komist í viðræðum við FFÍ, gengið verði til samninga við annan samningsaðila á íslenskum vinnumarkaði en þar til og tímabundið myndu flugmenn starfa sem öryggisliðar um borð í flugvélum félagsins. Samhliða var þeim 45 félagsmönnum FFÍ sem enn voru í starfi hjá Icelandair sagt upp störfum og ástæðan sögð að viðræðum við FFÍ hefði lokið án árangurs. Formlegri vinnuskyldu þeirra skyldi ljúka kl. 07:00 þann 20.7. 2020 óháð uppsagnarfresti. SA fór formlega með samningsumboð Icelandair og framkvæmdastjóri SA sagði í viðtali þann 17.7. 2020: „Við teljum einfaldlega að það sé fullreynt með Flugfreyjufélaginu og þá því miður nauðsynlegt að grípa til þessara aðgerða sem SA að sjálfsögðu styðja.“ Við þessar aðstæður og þegar í kjölfar yfirlýsingarinnar og uppsagnanna samþykkti stjórn og trúnaðarráð FFÍ að efna til allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun ótímabundinnar vinnustöðvunar sem hefjast skyldi 4.8. 2020. Að ósk FFÍ komu aðilar saman til fundar hjá ríkissáttasemjara og að kvöldi 18.7. 2020 varð ljóst að samningar gætu tekist og var nýr kjarasamningur til 5 ára undirritaður aðfaranótt 19.7. 2020. Þá hafði verið fundað 140 sinnum í deilunni. Samhliða var undirrituð yfirlýsing og hún falin ríkissáttasemjara þar sem FFÍ hætti við boðaða atkvæðagreiðslu um verkfall og Icelandair dró til baka uppsagnir þeirra 45 starfsmanna sem sagt var upp þann 17.7. 2020. Afturköllun uppsagna var tilkynnt viðkomandi starfsmönnum um miðnætti 18.8. 2020. Ekkert stéttarfélag, annað en FFÍ, er með gildan kjarasamning við Icelandair eða önnur starfandi flugfélög hér á landi um störf flugliða í farþegaflugum. Það var mat lögfræðinga ASÍ, að framganga Icelandair með stuðningi SA hafi verið brot á lögum nr. 80/1938 og brot á öllum hefðbundnum samskiptareglum á íslenskum vinnumarkaði. Augljóst væri að fjöldauppsagnir atvinnurekanda vegna þess að viðræður við stéttarfélag hafi reynt árangurslausar feli í sér ólögmeitt verkfall hafi hann a.m.k. ekki er farið að leikreglum 2. kafla laga nr. 80/1938, líkt og fjöldauppsagnir af hálfu launafólks sem skipulagðar hafa verið af eða sem gerðar eru að tilstuðlan stéttarfélags hafa verið taldar ólögmeitt verkföll af sömu ástæðum. 4.gr. laga nr. 80/1938 banni síðan atvinnurekendum sérstaklega að beita uppsögnum eða hótunum um þær til þess að hafa áhrif á vinnudeilu. Framferði og aðgerðir Icelandair með stuðningi SA hafi borið gegn þessu ákvæði laganna þar sem tilgangur þeirra hafi augljóslega verið sá að hafa áhrif á afstöðu og þátttöku félagsmanna FFÍ í vinnudeilu félagsins við Icelandair, með því bæði að hóta og hrinda í framkvæmd uppsögnum. Miðstjórn fól lögfræðingi ASÍ í samvinnu við FFÍ að höfða mál fyrir Félagsdómi og freista þess þannig, þó eftir á væri, að fá aðgerðir Icelandair með stuðningi SA dæmdar ólögmetar.

Áður en til dómsmáls kom náðist þó sátt í málinu og sendu Icelandair, Flugfreyjufélag Íslands, ASÍ og SA frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem fram kemur að aðilar séu sammála um að fara eftir leikreglum og lögum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Með yfirlýsingunni gengust Icelandair og SA við því að framganga Icelandair sl. sumar, þar sem flugfreyjum og flugþjónum var sagt upp störfum í miðri kjaradeilu, hafi brotið í bága við samskiptareglur á vinnumarkaði. Jafnframt kemur fram að Icelandair telji nauðsynlegt að virða stéttarfélög og sjálfstæðan samningsrétt starfsfólks sem tryggi frið um starfsemi félagsins á gildistíma kjarasamninga og meðan leitað er lausna í kjaraviðræðum. Þá skuldbinda aðilar sig til að leggja sitt af mörkum til þess að endurvinnna og efla traust sín í milli og munu Flugfreyjufélag Íslands og ASÍ því falla frá því að draga Icelandair fyrir Félagsdóm vegna brota á 4., 11. og 19.gr. laga nr. 80/1938.

Yfirlýsingin var svohljóðandi:

***Sameiginleg yfirlýsing Icelandair Group, Samtaka atvinnulífsins, Flugfreyjufélags Íslands og Alþýðusamband Íslands***

*Aðilar eru sammála um að lögmæt og rétt viðbrögð atvinnurekenda og stéttarféлага í erfiðum og langdregnum kjaradeilum eigi að fara eftir þeim leikreglum og lögum sem gilda í samskiptum aðila vinnumarkaðar og sem koma fram í lögum nr. 80/1938.*

*Pau viðbrögð Icelandair, með stuðningi SA, þegar félagið taldi vonlaust að ná árangri í viðræðum við Flugfreyjufélag Íslands, að segja upp öllum starfandi flugfreyjum og flugþjónum þann 17.7.2020 eru hörnuð enda ekki í samræmi við þær góðu samskiptareglur sem aðilar vinnumarkaðarins vilja viðhafa. Icelandair telur nauðsynlegt fyrir framtíð félagsins að virða stéttarfélög og sjálfstæðan samningsrétt starfsfólks síns sem tryggir frið um starfsemi félagsins á gildistíma kjarasamninga og á meðan leitað er lausna í kjaraviðræðum.*

*Aðilar munu leggja sig fram um að halda góðu samstarfi og munu leggja sitt af mörkum til þess að endurvinnna og efla traust sín í milli.*

*Með yfirlýsingu þessari eru aðilar sammála um að með henni ljúki öllum deilum milli þeirra um þá atburði sem áttu sér stað í samskiptum þeirra þann 17.7.2020 og mun hvorugur aðila gera kröfur á hinn vegna þeirra.*

## **Kjarasamningar við hið opinbera**

Aðildarfélag ASÍ gera kjarasamninga við ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg ásamt sjálfstæðum stofnunum og félögum í almannaþjónustu að megninu til fjármögnuð af hinu opinbera. Kjarasamningar aðildar-



félaga ASÍ á almennum vinnumarkaði runnu almennt út áramótin 2018–2019 og voru flestir endurnýjaðir vorið 2019. Kjarasamningar aðildarfélaga ASÍ og ríkisins og sveitarfélaga runnu út í lok mars 2019 og voru ekki endurnýjaðir fyrr en ári síðar, eða vorið 2020. Eftir hlé sumarmánuðina 2019, sem í einhverjum tilfellum var samið um með innágreiðslu vegna væntanlegra kjarasamninga, tóku kjaraviðræður á opinbera markaðnum við sér haustið 2019. Viðræður gengu hægt og erfiðlega og má nefna að Samband íslenskra sveitarfélaga dró mjög að ræða útfærslu á jöfnun lífeyrisréttinda fyrir þá starfsmenn sveitarfélaga sem voru í starfi þegar gerðar voru breytingar á lífeyrskerfi opinberra starfsmanna á árinu 2017, þrátt fyrir að skýrt hafi verið kveðið á um slíkt í rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá október 2015. Þá drögust samningar við ríki og sveitarfélög þar sem beðið var eftir sameiginlegri niðurstöðu starfshóps um breytingar á vaktavinnu hjá hinu opinbera.

Ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga skipuðu hóp um breytingar á vaktavinnu fyrir launagreiðendur og verkalýðshreyfingin skipaði hópinn með fulltrúum frá ASÍ, BHM, BSRB og úr Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Launagreiðendum var mikið í mun að breyta hvötum í vaktavinnu, hækka starfshlutföll, draga úr yfirvinnu og tryggja mönnum, meðan verkalýðshreyfingin krafðist styttri vinnuviku vaktavinnufólks. Þegar liðið var á samningalotuna og mikið afgreitt stóðu breytingar í vaktavinnu eftir en ljóst var að erfitt væri að ganga frá samningum án sameiginlegrar niðurstöðu hópsins í því máli.

Að lokum náðist, í aðdraganda kjarasamninga á opinberum vinnumarkaði, samkomulag milli viðsejenda um breytingar á vinnutíma dagvinnufólks og vinnufyrirkomulagi og nýtt launamyndunarkerfi vaktavinnufólks sem voru hluti samninganna í sérstökum fylgiskjölum. Samið var um að vinnuvika vaktavinnufólks í fullu starfi sé 36 klst. á viku og geti farið niður í 32 með viðbótarstyttingu sem grundvallast af mismunandi vægi vinnustunda. Í nýju starfsumhverfi vaktavinnufólks er umbunarkerfum breytt þannig að fastar yfirvinnugreiðslur vegna kaffitíma fyrir hverja vakt eru lagðar af en vaktahvati tekinn upp sem greiðist sem hlutfall mánaðarlauna eftir fjölbreytileika og fjölda vakta á launatímabili samkvæmt skipulögðum vöktum innan vinnutímaskyldu. Breytingarnar eru til þess fallnar að auka möguleika vaktavinnufólks til að vinna hærra starfshlutfall en áður og hækka þannig tekjur sínar.

Hjá dagvinnufólki í störfum hjá hinu opinbera er útfærsla styttingar vinnuviku á þann veg að stofnunum er falið að útfæra með samkomulagi styttingu viðveru allt að því niður í 36 vinnustundir á viku samhliða því að starfsmenn gefi eftir forræði á kaffi- og matartímum. Styttingin er að lágmarki 13 mínútur á dag og verður það niðurstaðan á þeim vinnustöðum þar sem ekki næst samkomulag um annað. Stjórnendum og starfsmönnum er treyst fyrir því að



stytting vinnutíma dagvinnufólks leiði ekki til aukins launakostnaðar né rýri gæði þjónustu sem krefst þess að starfsaðferðum og skipulagi verði breytt samhliða styttingu.

Til uppfyllingar á lofordi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Starfsgreinasambandið um jöfnun lífeyrisréttinda fyrir þá starfsmenn sveitarfélaga sem voru í starfi þegar gerðar voru breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna á árinu 2017 var lendingin málaðið þar sem Sambandið samdi við SGS og Eflingu um svokallaðan félagsmannasjóð. Hlutfall ofan á laun er lagt í sjóðinn sem félagsmenn fá síðan úthlutað árlega úr eftir því hvað greitt hefur verið vegna þeirra í sjóðinn.

Skrifað var undir stærstu opinberu kjarasamninga ASÍ-sambanda og -félaga á tímabilinu frá upphafi árs 2020 fram á vorið. Starfsgreinasambandið og Verkalýðsfélag Akraness sömdu við Samband íslenskra sveitarfélaga í janúar. Í kjölfarið á um mánaðarlöngu verkfalli samdi Efling við Reykjavíkurborg í mars og samdi Efling við Samband íslenskra sveitarfélaga í maí eftir tveggja vikna og síðan vikulanga verkfallstarnir. Matvís og VM höfðu áður samið við Sambandið í nóvember og síðan við borgina í janúar.

ASÍ-sambönd og -félög sömdu við ríkið flest í mars til maí 2020. SGS samdi fyrir 18 aðildarfélög í mars þegar lá fyrir að vaktavinnuhópur væri að klára sitt starf. Efling samdi fljótlega í kjölfarið þegar vinnutímamál höfðu verið afgreidd sameiginlega og þá síðast úr vaktavinnuhóp. Á tímabilinu sömdu einnig Rafiðnaðarsamband Íslands og Samiðn við ríkið fyrir hönd sinna félaga en eftir á að endurnýja kjarasamninga VM og Matvís við ríkið.

Launahækkunar í opinberu samningunum byggðu á og samræmdust lífskjarasamningum að mestu. Sveitarfélög og borg sömdu við ASÍ-félögin um að miða við taxtahækkunar lífskjarasamninga en í samningum Eflingar við sveitarfélög og borg var samið um enn frekari hækkun lægstu launa. Í samningum við ríkið eru launahækkunar tvískiptar líkt og í lífskjarasamningum, lægstu laun, eða lægstu taxtar, fá taxtahækkun lífskjarasamnings á samningstímanum meðan launahækkun hærri taxa miðast við almenna launahækkun lífskjarasamninga. Þá sömdu SGS-félög og Efling um upptöku nýrra launataflna og fá til þess úthlutaðum launapottum til að nýta í upptökunni ásamt meðfylgjandi endurskoðun stofnanasamninga. Í opinberu samningunum var einnig samið um 30 orlofsdaga á ári fyrir alla, óháð aldri eins og áður hafði verið miðað við.

Meðfram og í kjölfar þessara stærri opinberu samninga gengu mörg aðildarfélög ASÍ frá kjarasamningum við ýmis opinber hlutafélög eða fyrirtæki í meirihluta eigu opinberra aðila, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, sjálfseignarstofnanir og félagasamtök. Samningarnir sækja flestir mikið í aðalkjarasamninga félaganna.



## Endurskoðun kjarasamninga í september 2020

Samkvæmt venju eru endurskoðunarákvæði skrifuð inn í núgildandi kjarasamninga. Forsendunefnd skipuð þremur aðilum frá ASÍ og þremur frá SA klofnaði í afstöðu sinni til þess hvort forsendur Lífskjarasamningsins hefðu staðist á fundi sínum 24. september. SA taldi ekki forsendur fyrir hækkun launa um næstu áramót vegna áhrifa Covid-kreppunnar og vegna þess meinta forsendubrests ákvað framkvæmdastjórn SA að boða til allsherjaratkvæðagreiðslu á meðal aðildarfyrirtækja SA um afstöðu þeirra til uppsagnar kjarasamninga.

Fulltrúar ASÍ í forsendunefnd voru öndverðrar skoðunar og töldu forsendur standast og rökstuddu það mat sitt með eftirfarandi tilkynningu:

### ***Kjarasamningarnir sem voru undirritaðir 4. apríl 2019, svokallaðir Lífskjarasamningar, hvíla á þremur forsendum:***

- 1. Að kaupmáttur hafi aukist á samningstímanum.*
  - 2. Að vextir hafi lækkað fram að endurskoðun samningsins.*
  - 3. Að stjórnvöld hafi staðið við gefin fyrirheit samkvæmt yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar sem gefnar voru í tengslum við samningana.*
- Kaupmáttur launa hefur aukist um 4,8% það sem af er samningstímanum og forsenda um aukinn kaupmátt launa hefur því staðist.*

- *Stýrivextir hafa lækkað úr 4,5% í 1% eða um 3,5 prósentustig það sem af er samningstímanum og forsenda um lækkun vaxta hefur því staðist.*
- *Tímasett loforð stjórnvalda hafa staðist utan ákvæði um bann við 40 ára verðtrygðum lánnum. Frumvarp sem tekur á því máli verður hins vegar lagt fram á komandi haustþingi og er það mat ASÍ að framlagning þess á næstu vikum feli í sér efndir á þeim lið yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá apríl 2019 (sjá meðfylgjandi skjal með útarefni).*

*Alþýðusamband Íslands og aðildarfélög þess telja því ekki tilefni til að segja upp kjarasamningum á þessum tímapunkti.*

Næstu daga tókust forsvarsmenn samtakanna á í fjölmiðlum þar sem ASÍ sakaði SA m.a. um að ætla slíta friðinn á vinnumarkaði á miklum óvissutímum og ítrekaði að sá ófriður yrði í boði atvinnurekenda. SA talaði um forsendu- brest vegna Covid-kreppunnar.

Þann 29. september, daginn sem atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna SA átti að hefjast, kynnti ríkisstjórnin aðgerðarpakka í 8 liðum sem ætlað var að stuðla að félagslegum og efnahagslegum stöðugleika í tengslum við lífskjarasamninginn. Meðal aðgerða var tímabundin lækkun tryggingagjalds. Heildar- útgjöld vegna aðgerðanna voru talin geta numið allt að 25 milljörðum króna.

Forysta ASÍ sendi frá sér eftirfarandi tilkynningu eftir kynningu ríkis- stjórnarinnar á aðgerðarpakkanum:

### **Viðbrögð ASÍ vegna yfirlýsingar ríkisstjórnar í tilefni af viðræðum um forsendur Lífskjarasamnings**

*Ríkisstjórnin sendi frá sér yfirlýsingu í dag í tilefni af viðræðum um forsendur Lífskjarasamningsins. Yfirlýsingin er sett fram í kjölfar þess að Samtök atvinnulífsins hafa kynt undir ófriði á vinnumarkaði með því að boða til atkvæðagreiðslu um að slíta Lífskjarasamningnum á afar hæpnum forsendum.*

*ASÍ bendir á að í yfirlýsinguna skortir heildarsýn um þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að grípa til vegna Covid-kreppunnar. Alþjóðlegum stofnun- um á borð við Alþjóðdagjaldeyrissjóðinn og OECD ber saman um að lykil- verkefnið sé að tryggja afkomuöryggi fólks. Með því verði komið í veg fyrir að kreppan verði djúp og langvinn. ASÍ fer því fram á að samhliða þessari yfirlýsingu gefi stjórnvöld út vilyrði um að hækka grunnbætur atvinnuleys- istrygginga, sem nú eru 289.510 krónur, og að þak tekjutengdra atvinnu- leysisbóta lág- og millitekjufólks verði hækkað.*

*Þá setur ASÍ fram skýlausa kröfu um að í frumvarpi til starfskjaralaga verði kveðið á um féviti vegna launþjófnaðar. Það er með öllu ólíðandi*

að atvinnurekendur komist upp með að stela launum fólks og með ólíkindum að stjórnvöld hiki við að leiða í lög tæki sem raunverulega bíta gegn svo siðlausu athæfi.

Með yfirlýsingunni eru lagðar til aðgerðir í átta liðum. Sumar þeirra bera þess merki að vera lítt úthugsaðar og fer ASÍ fram á að koma að útfærslu þeirra. Viðbrögð ASÍ við einstaka aðgerðum fara hér á eftir:

1. „Allir vinna“ framlengt

ASÍ fagnar þeirri ákvörðun að framlengja átakið „Allir vinna“. Það hefur hvetjandi áhrif á bæði atvinnustigið og hagkerfið.

2. Tímabundin lækkun tryggingagjalds

ASÍ mótmælir fyrirhugaðri lækkun tryggingagjalds. Tryggingagjald er nánast eini skatturinn sem fyrirtæki greiða og hefur þegar lækkað um samtals 0,5% árin 2019 og 2020. Tryggingagjaldið stendur undir mikilvægum innviðum á borð við fæðingarorlof og atvinnuleysisstryggingar, sem hvoru tveggja gegnir lykilhlutverki í að tryggja afkomuöryggi fólks. Lækkun tryggingagjalds þvert á atvinnugreinar mætir ekki kröfu ASÍ um sértækar aðgerðir til að mæta sértækum vanda. Verði þessi leið farin þurfa stjórnvöld að brúa bilið. ASÍ áréttar að það kemur alls ekki til álita að fresta lengingu fæðingarorlofs eða skerða greiðslur í fæðingarorlofi.

3. Fjárstuðningur við rekstraraðila sem orðið hafa fyrir verulegu tekjufalli vegna faraldursins

ASÍ hefur lagt áherslu á sértækar aðgerðir til að mæta þeim sértæka efnahagslega vanda sem heimsfaraldurinn hefur haft í för með sér. Því er jákvætt að hér sé miðað að því að beina stuðningi að rekstraraðilum sem hafa orðið fyrir verulegu tekjufalli vegna faraldursins. Tillögurnar eru hins vegar óútfærðar og leggur ASÍ þunga áherslu á að koma að útfærslunni. ASÍ gerir ráð fyrir að þessar aðgerðir eigi öðru fremur að koma til móts við litla rekstraraðila og einyrkja sem hafa orðið einstaklega illa úti, ekki eingöngu innan ferðabjónustu heldur líka í tengdum greinum, í listum, menningu, tæknigreinum o.fl.

4. Skattaávilnanir til fjárfestinga

ASÍ fellst á skattaávilnanir til grænna umbreytinga og til að uppfylla loftslagsmarkmið en leggur áherslu á að skattaávilnanir verði bundnar við það en ekki við óljós markmið um samkeppnishæfni atvinnulífsins. ASÍ lýsir yfir furðu með þá tillögu að stjórnvöld hafi forgöngu um að hvetja til hlutabréfakaupa almennings. Ef hér er átt við að veita skattafslætti í tengslum við hlutabréfakaup þá mótmælir ASÍ því harðlega enda munu þeir afslættir renna til hinna efnameiri í samfélaginu.

5. *Aukin áhersla á nýsköpun og matvælaframleiðslu*  
*ASÍ fagnar aukinni áherslu á nýsköpun og matvælaframleiðslu en leggur áherslu á að eiga aðkomu að útfærslu á tillögum um „hagkvæmni og skilvirkni“ í matvælaframleiðslu. ASÍ minnir á tillögu sína um nýsköpunarsjóð sveitarfélaga sem yrði úthlutað úr hlutfallslega mest til þeirra sveitarfélaga sem hafa orðið verst úti í kreppunni, sjá nánar í útgáfu ASÍ Réttta leiðin: frá kreppu til lífsgæða og öryggis fyrir okkur öll.*
6. *Úrbætur í skipulags-og byggingamálum*  
*ASÍ telur mikilvægt að ráðast í margar af þeim úrbótum sem greindar eru í niðurstöðum átakshóps í húsnæðimálum. ASÍ geldur hins vegar varhug við tillögum sem líta að því að draga úr samkeppnishindrunum á mörkuðum. Þótt slíkt kunnir að hafa yfir sér jákvætt yfirbragð líta slíkar tillögur oft að því að draga úr lögum og reglum sem eru sett til verndar almenningi og umhverfinu.*
7. *Umbætur á lífeyrisherfinu og á vinnumarkaði*  
*ASÍ er tilbúin til samvinnu um grænbækur um lífeyrismál annars vegar og um framtíðarumhverfi kjarasamninga og vinnumarkaðsmála hins vegar.*
8. *Frumvörp sem styðja Lífskjarasamninginn lögð fram*  
*Hér er um að ræða frumvörp sem áður hafa verið gefin fyrirheit um í tengslum við Lífskjarasamninginn. ASÍ setur fram þá skýlausu kröfu að í frumvarpi til starfskjaralaga verði kveðið á um féviti vegna launaþjófnaðar. Sú aðgerð kostar ríkissjóð ekki krónu en mun draga úr kostnaði stéttarfélaga, atvinnurekenda og hins opinbera við þung málaferli vegna launaþjófnaðar. Verði ekki kveðið á um féviti stendur upp á stjórnvöld og SA að svara því hvers vegna þau slá sameiginlega skjaldborg um launaþjófnað. ASÍ áréttar fyrri tillögur sínar um afnám verðtryggingar og hvetur stjórnvöld til að hverfa frá þeim undanþágum sem hafa verið til umræðu í tengslum við frumvarp um vexti og verðtryggingu. Þá áréttar ASÍ mikilvægi þess að frumvarp um kennitölufلاك fari í gegnum Alþingi hratt og örugglega og frumvarp til húsaleigulaga sömuleiðis.*

Í tilkynningu frá Samtökum atvinnulífsins síðar þennan dag, 29. september 2020, lýstu samtökin því yfir að þau ætluðu sér ekki að segja upp Lífskjarasamningunum og var atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna því aflýst. Ákvörðunin var samhljóma í framkvæmdastjórn SA.

Í tilkynningunni sagði m.a. að framkvæmdastjórn samtakanna telji sættir á vinnumarkaði mikilvægar og vill hún stuðla að þeim. Þá sé ljóst að útspil

ríkisstjórnarinnar sem kynnt var fyrr um daginn hafi vegið þungt í þeirri ákvörðun samtakanna að segja ekki upp samningum.

Lífskjarasamningarnir munu því standa fram að næstu endurskoðun sem verður í september 2021.



## ATVINNUMÁL

Atvinnuhorfur breyttust á einni nóttu þegar ljóst var að útbreiðsla Covid-19 yrði ekki stöðvuð nema með gríðarlegum sóttvarnaraðgerðum, ferðatakörkunum og takmörkunum á neyslu á vörum og þjónustu. Líkt og fram kemur í kaflanum um efnahagsmál voru þegar viðkvæmar aðstæður í efnahagslífi áður en áhrif Covid-19 skullu á vinnumarkaði. Atvinnuleysi hafði farið vaxandi í kjölfar gjaldþrots WOW air á síðasta ári sem olli þrengingum víða í ferðaþjónustu og tengdum greinum.

Mikið var fjallað um versnandi atvinnuhorfur í haustspá hagdeildar ASÍ haustið 2019. Þar kom m.a. fram: „Horfur á vinnumarkaði hafa versnað eftir því sem liðið hefur á árið og útlit fyrir að svo verði áfram. Um sjö þúsund manns eru nú án atvinnu samkvæmt skráningu Vinnumálastofnunar og hefur þeim fjölgað um ríflega 2.500 frá sama tíma í fyrra. Hátt í þúsund manns hafa misst atvinnu í hópuppsögnum það sem af er ári auk þeirra 1.100 sem misstu starf sitt við fall WOW air.“ Spáð var að atvinnuleysi myndi vaxa á árunum 2020-2021 samhliða minnkandi vinnuafllseftirspurn og að atvinnuleysi gæti verið um 4,2% á næstu árum.

Atvinnuleysi jókst mismikið eftir svæðum á síðasta ári en sú þróun skýrist af því að áfall í ferðaþjónustu lagðist þyngst á þau svæði þar sem umfang



ferðaþjónustu hefur vaxið mest á undanförunum árum. Í hagspánni var m.a. komið inn á þetta „Aukið atvinnuleysi hefur ekki lagst jafnt yfir landið. Þyngst hefur það lagst á Suðurnesin, þar sem atvinnuleysi var 6,3% í september. Næstmest er atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu, 4%. Á landsbyggðinni, að Suðurnesjum frátöldum, annaðhvort jókst atvinnuleysi ekki að ráði undanfarna 12 mánuði eða að það dró aftur úr því með sumrinu í árstíðasveiflu atvinnuleysis. Hvort tveggja á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum minnkaði atvinnuleysi ekki að ráði yfir sumarmánuðina í ár eins og vant er í árstíðasveiflu þess. Næstu mánuði er því hætt við að atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum aukist áfram umfram önnur landsvæði.“

Í spánni var farið yfir fjölgun hópuppsagna en þar sagði: „Þó enn eigi eftir að koma í ljós hver þróunin verður á síðustu 3 mánuðum ársins hefur þegar verið tilkynnt um fleiri hópuppsagnir til Vinnuálastofnunar en á öllu árinu í fyrra og fleira fólk misst störf í þeim. Það sem af er ári hefur 941 verið sagt upp störfum í 17 hópuppsögnum en í fyrra misstu 864 starfið í 15 hópuppsögnum. Rúmur helmingur, 540 manns, var starfandi í flutningum og samgöngum, sem flugsamgöngur falla m.a. undir.“

Aðstæður á vinnumarkaði voru því viðkvæmar áður en Covid-19 gerði vart við sig á Íslandi. Atvinnuleysi mældist 4,8% í byrjun árs 2020 og þá voru þegar tæplega 10 þúsund einstaklingar án atvinnu og um 1.800 þeirra höfðu verið án atvinnu í meira en tólf mánuði.

### **Hrina atvinnuleysis á vormánuðum**


Áhrif Covid-19 skullu af fullum þunga og á leifturhraða á vinnumarkað strax í marsmánuði. Þá var ljóst að ferðatakmarkanir myndu lama ferðaþjónustu um langt skeið og sóttvarnaraðgerðir myndu stöðva stóran hluta innlendrar verslunar og þjónustu. Í greiningu hagdeildar frá því í apríl var farið yfir þá hrinu atvinnuleysis sem væri fram undan en einnig að heildarmyndin myndi ekki skýrast á næstunni. „Reikna má með því að áhrif þess að hluti vinnumarkaðarins hefur stöðvast séu ekki að fullu komin fram í tölum um fullt atvinnuleysi þar sem launafólk á í flestum tilfellum 1-3 mánaða uppsagnarfrest og uppsagnir miðast við mánaðamót. Þeir sem misstu störf sín í mars koma því ekki inn á atvinnuleysisrátt fyrri en í maí, í tilfelli mánaðaruppsagnarfrests, eða júlí hjá þeim sem hafa þriggja mánaða uppsagnarfrest. Þá hefur hlutabótaúrræðið stuðlað að því að fyrirtæki geti haldið ráðningarsambandi við starfsfólk sitt á meðan óvissan er sem mest og mun hluti þess að vonum ganga til baka um leið og samkomubanni léttir og hægt verður að hefja eðlilega starfsemi margra fyrirtækja á ný. Afleiðingar kórónuveirufaraldursins á vinnumarkaði koma því að líkindum ekki að fullu fram í atvinnuleysisstölum fyrr en í sumar.“



Í marsmánuði var það ekki einungis vaxandi atvinnuleysi sem mældist heldur var gríðarlegur fjöldi skráður sem atvinnulaus að hluta. „Atvinnuleysi meðal þeirra sem eru að fullu án atvinnu var 5,7% í mars, sem er það mesta síðan 2012, en það jafngildir því að 14.200 manns hafi verið án atvinnu að fullu í mánuðinum, sem er fjölgun um ríflega 5.000 manns frá fyrra mánuði. Því til viðbótar voru um 24.400 manns í skertu starfshlutfalli í mars sem jafngildir 3,5% atvinnuleysi í mánuðinum, en lög um hlutabætur tóku gildi frá og með miðjum marsmánuði. Samanlagt mældist atvinnuleysi því 9,2% í marsmánuði sem er svipað og þegar atvinnuleysi var sem mest í kjölfar efnahagshrunsins.“

Atvinnuleysi jókst áfram í apríl, bæði í almenna bótakerfinu og í hlutabótakerfinu. „Atvinnulausum fjölgaði mikið í apríl þegar 7,5% vinnuafslins var í almenna bótakerfi Vinnuálastofnunar. Jókst almennt atvinnuleysi um 1,8% milli mánaða en það var 5,7% í mars. Þá voru 10,3% vinnuafsl í minnkuðu starfshlutfalli í apríl. Fjöldi hópuþsagna var í apríl þegar um 5.800 manns var sagt upp hjá 85 fyrirtækjum. Megnið af þeim voru í ferðaþjónustu (85%).“

Atvinnulausir og hlutaatvinnulausir



### Hlutabætur sönnuðu gildi sitt

Í maí fóru áhrif Covid-19 að verða skýrari á vinnumarkaði. Atvinnuleysi stóð að mestu í stað milli apríl og maí á meðan verulega dró úr þeim fjölda sem fékk greiddar hlutabætur. „Atvinnuleysi í maí var 7,4% en hafði verið 7,3% í apríl. Atvinnuleysi nú er tvöfalt hærra en á sama tíma í fyrra, en það var 3,7% í maí 2019 og 3,6% að meðaltali yfir árið. Áætlað atvinnuleysi vegna hlutabótaúrræðis minnkaði um tæplega helming milli mánaða, fór úr 10,3% í 5,6%.“


Hlutaatvinnuleysi náði hámarki í aprílmánuði þegar tæplega 33 þúsund einstaklingar voru atvinnulausir að hluta. Samhliða minni takmörkunum vegna sóttvarna og minni útbreiðslu Covid-19 dró hratt úr hlutaatvinnuleysi í

maí og júní. Stærstur hluti þeirra sem fór úr hlutaatvinnuleysi sneri aftur til vinnu en ekki á atvinnuleysisskrá. Þetta er til marks um mikilvægi hlutabótaúr-  
rræðisins sem virðist hafa dregið verulega úr neikvæðum áhrifum efnahags-  
áfallsins á atvinnuleysi.

### Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi jókst yfir sumarið

Ekki hefur dregið úr atvinnuleysi yfir sumarmánaðina eins og eðlilegt er við aukin umsvif sumarmánaða. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi hefur farið vaxandi yfir sumarið og hætta er á því að atvinnuleysi haldist hátt á næsta ári. Sérstaklega er vert að hafa áhyggjur af atvinnuleysi erlendra ríkisborgara en í greiningu hagdeildar frá í júlí sagði: „Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hefur aukist stöðugt frá síðasta hausti. Síðustu mánaðamót voru um 6.700 erlendir ríkisborgarar atvinnulausir sem gerir um 18,5% atvinnuleysi meðal þeirra. Milli ára fjölgar atvinnulausum erlendum ríkisborgurum um meira en fjögur þúsund og hefur aukningin því verið umtalsverð.“

Atvinnuleysi



Líkt og kemur fram að ofan felur atvinnuleysi ekki enn í sér allar þær uppsagnir sem komu fram á vormánaðum. Yfir þetta var farið í greiningu hagdeildar frá því í ágúst en þar sagði: „Í júlí hélt atvinnuleysi áfram að aukast milli mánaða en skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun var 7,9% í mánuðinum. Í júní var það 7,5%, aukningin er því 0,4%. Þá var atvinnuleysi í júlí 2019 3,4% og hefur því atvinnuleysi rúmlega tvöfaldast milli ára. Vinnumálastofnun spáir því að aukning atvinnuleysis verði umtalsverð í ágúst, það fari í 8,6%, þar sem áhrifa hópuppsagna í vor gæti í fjölgun á atvinnuleysisskrá.“

Á móti hélt áfram að draga úr hlutaatvinnuleysi: „Aðsókn í hlutabótaúr-  
ræði minnkaði milli mánaða, fyrir júlí var það metið sem 0,9% atvinnuleysi  
borið saman við 2,1% í júní og 10,3% þegar mest var í apríl. Úrræðið verður

virkt út ágústmánuð og spáir Vinnumálastofnun því að atvinnuleysi vegna þess verði metið 0,4% þennan síðasta mánuð.“

### **Dökkar horfur á vinnumarkaði**

Fram undan eru vetrarmánuðir en atvinnuleysi vex jafnan yfir vetrarmánuði þegar umsvif eru minni í hagkerfinu. Frekari ferðatakmarkanir tóku gildi í ágúst sem fólust í því að allir erlendir ferðamenn verða að sæta fimm daga sóttkví og fara í tvöfalda skimun. Ljóst er að atvinnuleysi mun haldast hátt yfir veturinn og langtímaatvinnulausum mun fjölga. Sá hópur sem missti vinnu í efnahagsþrengingum síðasta árs, telur nú þegar um 2.700 manns en sá hópur hefur verið án atvinnu í meira en ár. Fjölga mun í þeim hópi á næstu misserum í ljósi þess að vinnuafseftirspurn er lítil og margir atvinnuleitendur að berjast um hvert starf. Flestar spár gera ráð fyrir að atvinnuleysi verði mikið fram á næsta ár. Seðlabankinn spár þannig að atvinnuleysi verði að jafnaði hærra árið 2021 en í ár og lækki ekki fyrr en árið 2022.




## LÍFEYRISMÁL

Afkoma lífeyrissjóðanna á árinu 2019 batnaði mikið frá fyrra ári. Hrein raunávöxtun samtryggingadeilda var 11,97% á árinu 2018 samanborið við 1,99% árið áður. Langtímaárangur lífeyrissjóðanna er góður, hrein raunávöxtun samtryggingadeilda sjóðanna er 5,44% á síðustu fimm árum og 5,18% m.v. síðastliðin tíu ár, sem er vel yfir 3,5% langtíma ávöxtunarviðmiði þeirra. Bein útlán til sjóðfélaga jukust umtalsvert á síðustu árum þegar lífeyrissjóðirnir voru í fararbroddi við að lækka vexti á húsnæðislánum. Á undanfögnu ári, sérstaklega á síðustu mánuðum, varð breyting á þeirri þróun. Lánskjör hafa almennt batnað í kjölfar stýrivaxtalækkana og samkeppnishæf kjör boðist víðar en hjá lífeyrissjóðum. Ofan á það hefur nokkuð verið um að sjóðir hafa hert skilyrði fyrir lántökurétti.

Verulegur munur er á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóða launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði og fer halli opinberu sjóðanna enn vaxandi milli ára meðan staða almennu sjóðanna styrktist mikið milli ára. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða launafólks innan ASÍ er mun betri en á fyrra ári og var jákvæð um tæplega 130 milljarða króna í árslok 2019 sem samsvarar um 3,11% af skuldbindingum sjóðanna.


Halli sjóða opinberra starfsmanna sem bera launagreiðendaábyrgð að stórum hluta heldur áfram að vaxa. Heildar tryggingafræðileg staða samtrygginga-deilda þessara sjóða var í árslok 2019 neikvæð um tæplega 854 milljarða króna, eða sem samsvarar um 32% af skuldbindingum sjóðanna. Hallinn óx um 24 milljarða frá árinu áður og hefur frá árinu 2009 vaxið um 353 milljarða króna.



Lífeyrisþegum fjölgar ört árlega með stórum árgöngum sem ná eftirlaunaldri og næstu árin mun sú þróun halda áfram. Á árinu 2019 fengu um 52 þúsund konur og 48 þúsund karlar greiðslur úr lífeyrissjóðunum, alls 100 þúsund, og er aukning um 8 þúsund milli ára. Sá fyrirvari verður þó að fylgja tölunum að greiðslur til einstaklinga úr fleiri en einum sjóði leiða til tvítalninga. Af þessum 100 þúsund voru 63 þúsund sem fengu greiddan ellilífeyri úr almennu lífeyrissjóðunum sem aðildarfélög ASÍ eiga aðild að. Frá árinu 2014 hefur þeim sem fá greiddan ellilífeyri úr lífeyrissjóðunum fjölgað um ríflega 29.000, eða um tæp 42%, og þar af um 17.500 í almennu lífeyrissjóðunum. Eftir að tillit er tekið til þess að sömu einstaklingar fá greitt úr fleiri en einum sjóði stendur að rúmum 40 þúsund einstaklingar fengu greiddan lífeyri úr lífeyrissjóðunum og fjölgunin á síðustu 5 árum þá kringum 10 þúsund. Einstaklingar sem fengu greiddan ellilífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins 2019 voru tæpir 34 þúsund.


### Fjöldi ellilífeyrisþega sem fá greiðslur úr lífeyrissjóðunum samtals - Meðaltal ársins -

Einstaklingar geta verið tvítaldir þegar þeir fá greiðslur úr fleiri en einum sjóði



Heildargreiðslur lífeyrissjóða til ellilífeyris fara nú hratt vaxandi og námu á árinu 2019 um 116 milljörðum króna sem er aukning um 11 milljarða frá árinu áður, eða um 10%. Lífeyrissjóðirnir greiða nú tæplega 60% af öllum ellilífeyri og má gera ráð fyrir að sú hlutdeild fari vaxandi næstu ár.

### Heildargreiðslur lífeyrissjóða og almannatrygginga til ellilífeyris 2000 -2019 - milljarðar króna -



## **Tilgreind séreign og lífeyrismál í stuðningsyfirlýsingu ríkisstjórnar v. lífskjarasamninga**

Í tengslum við hækkun á mótframlagi launagreiðenda í lífeyrissjóð um 3,5%, sem samið var um í kjarasamningum milli aðildarféлага ASÍ og Samtaka atvinnulífsins í janúar 2016, var gert ráð fyrir að sjóðfélagar hefðu val um hvort viðbótariðgjaldinu yrði ráðstafað til að auka rétt í samtryggingu eða til sérstaks bundins séreignarsparnaðar (tilgreind séreign). Í júní 2016 undirrituðu ASÍ og SA sérstakt samkomulag um framkvæmd á hækkun framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóð, á grundvelli samnings aðila janúar 2016, sem kveður á um skyldur atvinnurekenda til að skila öllu skyldutryggingariðgjaldinu, nú 15,5%, til skyldutryggingarsjóðs og rétt sjóðfélaga til að ráðstafa allt að 3,5% í tilgreindan séreignarsparnað. Samkomulagið byggði hins vegar á því að gerðar yrðu nauðsynlegar breytingar á lífeyrissjóðalögunum nr. 129/1997 fyrir gildistöku heimildarinnar þann 1. júlí 2017. Tafir urðu á framlagningu frumvarps þess efnis m.a. vegna ágreinings við frjálsu lífeyrissjóðina og þrátt fyrir ríka áherslu forsvarsmanna ASÍ á mikilvægi þess að fá lagastof fyrir málinu brugðust stjórnvöld ekki við því. Þetta skapaði mikla óvissu um stöðu tilgreindrar séreignar innan skyldutryggingakerfisins. Til viðbótar við þetta sendi Fjármálaeftirlitið, í andstöðu við kjarasamning ASÍ og SA, frá sér álit í júlí 2017 þess efnis að sjóðfélaga væri heimilt að ráðstafa iðgjaldi til tilgreindrar séreignar beint til þess sjóðs sem þeir kjósa sem aðilar kjarasamningsins settu sig gegn. Sameiginleg málamiðlun aðila var kynnt fjármálaráðherra í byrjun árs 2018 þar sem m.a. var gert ráð fyrir að áfram yrðu skylduskil á öllu 15,5% skyldutryggingariðgjaldi til skyldutryggingarsjóðs en sjóðfélaga yrði heimilt að óska eftir flutningi á allt að 3,5% framlagi í tilgreindan séreignarsparnað hjá öðrum vörsluaðila. Tafir hafa enn orðið á því að ákvæði til að skýra lagalega stöðu tilgreindrar séreignar yrði lögfest og hefur úrræðið því nánast verið í biðstöðu frá því samið var um það á árinu 2016. Til að þrýsta á stjórnvöld var því sett rík krafa um lögfestingu ákvæða um tilgreinda séreign í tengslum við kjarasamningsviðræður á árinu 2019.

Meginkrafa aðildarféлага ASÍ á stjórnvöld varðandi lífeyrismál sneri að tafarlausri lögfestingu á kjarasamningsbundnum ákvæðum um hækkun skyldutryggingariðgjalds í lífeyrissjóð í 15,5% og heimild til ráðstöfunar á allt að 3,5% í tilgreinda séreign. Málefni sem tafist hefur óhóflega í meðförum stjórnvalda allt frá árinu 2016. Í því samhengi lagði ASÍ einkum áherslu á að tryggt yrði að atvinnurekanda bæri að skila öllu 15,5% skyldutryggingariðgjaldinu til skyldutryggingarsjóðs svo tryggt sé að ábyrgð á innheimtu iðgjaldsins og yfirlit yfir það sé skýrt og mögulegt svo komið verði í veg fyrir að lífeyrisréttindi launafólks tapist. Þá þurfi að tryggja að sjóðfélagi sé upplýstur um áhrif vals á samsetningu tryggingaverndar á lífeyrisréttindi í samtrygg-

ingardeild til ævilangs lífeyris, örorku, maka- og barnalífeyris. Sjóðfélaga verði heimilt að flytja tilgreinda séreign frá skyldutryggingasjóði til annars vörsluaðila sem býður upp á tilgreindan séreignarsparnað og við slíkan flutning verði þeim sjóði sem sér um innheimtuna einungis heimilt að taka gjald fyrir tilflutninginn sem samsvarar kostnaði við innheimtuna og flutninginn til að tryggja að hann lendi ekki á öðrum sjóðfélögum.

Í lok nóvember 2019 voru birt í samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Í drögunum var m.a. kveðið á um hækkun lágmarksíðgjalds í 15,5% í samræmi við breytingar á kjarasamningum, og gerð tilraun til að skýra hvernig fara eigi með og innheimta þau 3,5% sem geta farið í samtryggingu eða tilgreinda séreign.

Forseti ASÍ sendi athugasemdir við frumvarpsdrögin í byrjun desember og setti sérstaklega út á skort á samráði. Forseti ritaði m.a. „er um að ræða viðamiklar breytingar á lífeyrissjóðalögum tengdra kjarasamningum sem varða mikilsverð réttindi og afkomu launafólks og hafa munu áhrif á þróun og uppbyggingu lífeyrissjóðakerfisins til langrar framtíðar. Alþýðusambandið gerir því skýrlausu kröfu til þess að haft sé fullt samráð við samningsaðila um útfærslu þeirra frumvarpa sem hér eru kynnt og mótmælir því harðlega að málið sé afgreitt til Alþingis án frekara samráðs. [...] Mikilvægt er því að málið sé rýnt til hlítar hratt og vel til að tryggja réttindi sjóðfélaga, samhengi við aðra þætti lífeyriskerfisins og húsnæðisúrræði.“

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi forseta ASÍ bréf 9. júlí 2020 með beiðni um viðbrögð vegna framangreindra frumvarpsdraga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í bréfinu er farið yfir álitæfni sem út af standa eftir að umsagnir bárust í samráðsgátt. Þá óskaði ráðuneytið sérstaklega eftir afstöðu ASÍ m.a. með hliðsjón af því að einungis lífeyrissjóðir innan samningssviðs SA og ASÍ hafi breytt samþykktum þannig að gert sé ráð fyrir tilgreindri séreign.

Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins sendu fjármála- og efnahagsráðuneyti sameiginlegt svar 1. september 2020.





Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík

Reykjavík, 1. september 2020

**Fni: Svar ASÍ og SA við beiðni um viðbrögð vegna frumvarpsdraga um breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða frá 9. júlí 2020.**

Kjarasamningur ASÍ og SA um hækkun lágmarksiðgjalds í lífeyrissjóði úr 12,0% í 15,5%, dags. 21. janúar 2016, var liður í fullri samræmingu lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Markmið þessa lokaáfangar í samræmingu réttindanna má rekja til yfirlýsingar um lífeyrismál í kjarasamningi ASÍ og SA, dags. 5. maí 2011, en fyrri áfangar náðust með samningum aðila 2004 og 1986. Samkomulag ASÍ og SA, dags. 15. júní 2016, kvað á um nánari útfærslu á fyrirkomulagi hækkunar iðgjaldsins. Sjóðfélaga var heimilað að ráðstafa allt að 3,5% af lágmarksiðgjaldi í bundinn séreignarsparnað (síðar nefnt tilgreind séreign) með það markmið að auka sveigjanleika við lífeyristöku. Samningarnir árið 2016 voru gerðir í trausti þess að stjórnvöld beittu sér fyrir lögfestingu ákvæða kjarasamningsins um 15,5% skyldutryggingariðgjald fyrir allan vinnumarkaðinn og heimild til ráðstöfunar á allt að 3,5% þess í tilgreindan séreignarsparnað. Frá árinu 2016 hafa samningsaðilar ítrekað þrýst á stjórnvöld um efndir fyrirheita um lögfestingu án árangurs. Í aðdraganda Lífskjarasamningsins í apríl 2019 beittu aðilar sér enn fyrir því að stjórnvöld lýstu yfir skýrum áformum um lögfestingu framangreindra þátta og sú varð niðurstaðan. Yfirlýsing stjórnvalda, dags. 3. apríl 2019, segir það forgangsmál að lögfesta 15,5% lágmarksiðgjald og heimild til ráðstöfunar allt að 3,5% í tilgreinda séreign.

Í júlí 2017 sendi Fjármálaeftirlitið dreifibréf til lífeyrissjóða á samningssviði SA og ASÍ þar sem gerð var athugasemd við nýlega breytingu á samþykktum þeirra í þá veru að tilgreindri séreign skyldi ráðstafa til skyldutryggingarsjóðs viðkomandi sjóðfélaga. Samþykktarbreytingarnar voru í samræmi við ákvæði samkomulags ASÍ og SA, dags. 15. júní 2016, þar sem sagði að „atvinnurekendur skuli undir öllum kringumstæðum skila bæði sínu framlagi og framlagi launamanns til skyldutryggingarsjóðs viðkomandi launamanns á grundvelli gildandi kjarasamninga ASÍ og SA um lífeyrismál“. Tilgangur þessa ákvæðis samkomulagsins var fyrst og fremst sá að tryggja full skil launagreiðenda á skyldutryggingariðgjaldinu og tryggja yfirlit og innheimtuöryggi iðgjaldsins svo réttindi sjóðfélaga töpuðust ekki og ekki myndaðist glufa fyrir sérstök vanskil tilgreinds séreignarsparnaðar.

Í frumvarpsdrögum er gerð málamiðlun milli túlkunar FME og samkomulagsins frá 15. júní 2016 sem felst í því að gera ráð fyrir skylduskilum til skyldutryggingarsjóðs en heimila flutning til annars vörsluaðila að ósk sjóðfélaga.

Samtökin telja ákvæði frumvarpsdraganna er varða breytingar á lögum nr. 129/1997 í samræmi við yfirlýsingu stjórnvalda vegna lífsskjarasamninga og ítreka mikilvægi þess að þau verði lögfest hið fyrsta.

Samtökin telja löngu tímabæra þá tillögu frumvarpsins að skylda lífeyrissjóði til þess að sundurliða iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda eftir ráðstöfun þeirra og að við útborgun lífeyris skuli ríkisskattstjóra send greinargerð um skiptingu lífeyrisgreiðslu eftir því hvort um er að ræða hluta séreignar sem myndast hefur af skyldutryggingariðgjaldi eða viðbótariðgjald umfram skyldu. Jafnframt og ekki síður er mikilvæg og tímabær sú breyting sem felst í frumvarpsdrögum um breytingu á lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar að grundvöllur skerðinga ellilífeyris almannatrygginga verði skýrður þannig að viðbótartryggingavernd, í formi séreignar sem myndast á grundvelli skyldutryggingariðgjalds, verði ekki undanskilin tekjuskurðingum almannatrygginga. Um árábil hefur viðgengist ójafnræði í tekjuskurðingum almannatrygginga sem ívilnað hefur sjóðfélögum þeirra lífeyrissjóða, sem verja aðeins hluta skyldutryggingariðgjaldsins til samtryggingar.

Samtökin vekja athygli á nýju ójafnræði sem skapast í almannatryggingum, samkvæmt frumvarpsdrögum um breytingu á lögum nr. 100/2007, þar sem gert er ráð fyrir því að tilgreind séreign verði undanskilin tekjuskurðingum almannatrygginga. Ójafnræðið felst í minni tekjuskurðingu lífeyris almannatrygginga þeirra sem velja tilgreinda séreign en hinna sem ekki gera það. Val einstaklings á samsetningu tryggingaverndar innan skyldutryggingar mun þannig hafa áhrif á réttindi í almannatryggingum. Þessi staða undirstrikar enn á ný mikilvægi þess að fram fari heildstæð umfjöllun og endurskoðun á samspili og tekjutengingum milli greiðslna lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar.

Núgildandi lífeyrissjóðalög eru að grunni til frá árinu 1997 en frá þeim tíma hafa orðið umtalsverðar breytingar á uppbyggingu og umhverfi sjóðanna. Fjölmargar og viðamiklar breytingar hafa verið gerðar á með þeim afleiðingum að þau eru óskýr og flókin. Heildarendurskoðun laganna, í samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, er tímabær og mikilvæg til að einfalda þau og skýra því það er óviðunandi að einungis sé á færi sérfræðinga að skilja meginefni þeirra.

SA ítreka áhyggjur sérfræðinga í EES-rétti af því að ákvæði frumvarpsdraganna um skylduskil tilgreinds séreignarsparnaðar til skyldutryggingarsjóðs kunni að brjóta í bága við EES-rétt. Skylduskil séreignarsparnaðar feli í sér takmörkun á fjórfrælsisreglum EES-samningsins, þ.e. staðfesturéttinum og þjónustufrelsinu og hygli íslensku lífeyrissjóðum gagnvart öðrum vörsluaðilum lífeyrissparnaðar, sem séu m.a. erlendir aðilar frá öðrum EES-ríkjum. Að mati SA þurfa stjórnvöld að ganga úr skugga um að dómstólar ógildi ekki ákvæði 3. gr. frumvarpsins.

Þeir sérfræðingar á sviði EES-réttar sem ASÍ hefur leitað til eru þessum sjónarmiðum ósammála og telja EES-rétt ekki standa í vegi 3. gr. frumvarpsins. Uppbygging lífeyris- og almannatryggingakerfa í aðildarríkjum EES eru innanríkismál og utan valdssviðs EES.

## **Deilt við sveitarfélögin um jöfnun lífeyrisréttinda**

Í síðustu skýrslu forseta var greint frá málshöfðun SGS gegn sveitarfélögum vegna jöfnunar lífeyrisréttinda (sjá skýrslu forseta 2019 bls. 216-217). Kröfum SGS um sérstök aukaframlög til lífeyrissjóðs var vísað frá Félagsdómi en þrautavarakröfu um skyldu til þess að taka upp viðræður um hvernig jöfnun yrði náð ekki vísað frá. Úrskurður Félagsdóms var kærður til Hæstaréttar og komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að vísa bæri öllum kröfunum frá Félagsdómi. Vísað var til þess að ASÍ hefði með aðal- og varakröfu sinni leitað eftir að fá viðurkennt að efna bæri lífeyrisskuldbindingar gagnvart félagsmönnum. Var talið að kröfur þessar beindust ekki að því að fá úrlausn ágreinings um skilning á kjarasamningi eða gildi hans, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Þá taldi Hæstiréttur að þrautavarakrafa ASÍ félli heldur ekki undir áskilnað fyrrgreinds lagaákvæðis þar sem sú yfirlýsing sem hún byggði á var ekki talin fela í sér skuldbindingu þess efnis að geta talist hluti kjarasamnings um tiltekin réttindi eða skyldur. Yfirlýsing hefði með öðrum orðum ekki stöðu kjarasamnings. Dómur Hæstaréttar í málinu nr. 46/2019 er sterk áminning um að gæta þess í viðræðum við atvinnurekendur að allar yfirlýsingar séu þannig orðaðar og staðsettar að engum vafa verði undirorpið að þær hafi stöðu kjarasamnings sem krefjast má efnda á.

## **Samráðshópur ASÍ og SA um lífeyrismál**

Samráðshópur ASÍ og SA um lífeyrismál er samráðsvettvangur stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lífeyrisnefnda heildarsamtaka og fulltrúa ASÍ og SA um lífeyrismál og málefni lífeyrissjóðanna skv. kjarasamningi ASÍ og SA um stjórnkerfi lífeyrissjóðanna frá 24. apríl 2018. ASÍ og SA skiptast á að skipuleggja fundina sem skulu haldnir að vori og hausti. Þriðji fundur samráðshópsins var 21. október 2018 í húsakynnum SA í Borgartúni. Henný Hinz, deildastjóri hagdeildar ASÍ, og Hannes G. Sigurðsson, aðst. framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, fóru yfir fyrirhugaðar lagabreytingar vegna stuðnings stjórnvalda við lífskjarasamninga. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, fjallaði um víxlverkun greiðslna almannaþrygginga og lífeyrissjóða og velti fyrir sér hvort fyrirkomulag dagsins væri viðvarandi eða til bráðabirgða. Þá greindi Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur frá áhrifum hækkandi lífaldurs á stöðu lífeyrissjóða.

Vorfundi 31. mars 2020, sem var á höndum ASÍ að skipuleggja, var frestað með skömmum fyrirvara þegar heimsfaraldur kórónuveiru náði til landsins.

## **Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd ASÍ**

Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd ASÍ fundaði reglulega haustið 2019

um þau mikilvægu og víðfeðmu mál sem fellur undir hana. Meginmálefni nefndarinnar hefur verið umfjöllun um sameiginlegar kröfur í málaflökkum nefndarinnar á stjórnvöld og eftirfylgni með þeim. Af starfi hennar má nefna að nefndin boðaði til samráðsfundar lífeyrisnefndar með stjórnarmönnum aðildarfélagi ASÍ í stjórnnum lífeyrissjóða 7. október 2019. Á fundinum ræddi forseti ASÍ áskoranir fram undan tengdar lífeyrissjóðum. Fulltrúaráð lífeyrissjóða voru einnig rædd, einkum m.t.t. þess hvernig mætti styrkja starf þeirra og hlutverk. Þá var farið yfir lífeyrismál í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga gerða á almennum markaði vorið áður, eins og lögfestingu 15,5% skyldutryggingariðgjalds.

Til að fódra hreyfinguna, m.a. með málefnnastarf á þingi ASÍ haustið 2020 í huga, skipulagði nefndin ásamt BSRB fundaröð um heilbrigðismál. Fyrsti fundur var haldinn 13. febrúar 2020 þar sem til umfjöllunar var fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar. Birgir Jakobsson, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, hélt erindi um Forgangsröðun fjármuna í heilbrigðisþjónustu. Hvað stýrir þróun kostnaðar í heilbrigðisþjónustu, samhengi milli fjárlaga og laga um sjúkratryggingar og þýðing nýrrar heilbrigðisstefnu – var titill erindis Maríu Heimisdóttir, forstjóra Sjúkratrygginga. Þá fór Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir stjórnarsýslufræðingur yfir áhrif mismunandi fjármögnunarmóðela í heilbrigðisþjónustu og stjórnþæki stjórnvalda. Myndbandsinnlegg voru spiluð milli erinda þar sem forstjórar Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri sögðu reynslusögur úr rekstri heilbrigðisþjónustu. Tækifæri til frekari funda í röðinni gáfust ekki þegar heldur betur reyndi á heilbrigðiskerfið vegna heimsfaraldurs.



# HÚSNÆÐISMÁL

## Hlutdeildarlán

Eitt af áherslumálum ASÍ í aðdraganda kjarasamninga vorið 2019 var að finna leiðir til að aðstoða ungt fólk sem ekki kemst inn á húsnæðismarkaðinn vegna erfiðleika við að afla eiginfjár og var þetta eitt þeirra atriða sem kveðið er á um í yfirlýsingu stjórnvalda sem gefin var út í tengslum við samningana. Málið var unnið áfram í vinnuhópi stjórnvalda um húsnæðismál og verðtryggingu þar sem ASÍ átti aðild. Niðurstaðan var að leggja fram frumvarp um s.k. hlutdeildarlán sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hafi heimild til að veita fyrstu kaupendum og þeim sem ekki hafa átt húsnæði síðastliðin fimm ár, lánin skyldu nema 20-30% af kaupverði húsnæðis og brúa eiginfjárkröfu við íbúðakaup. Þau skyldu verða afborgunar- og vaxtalaus og endurgreidd við sölu húsnæðisins eða í síðasta lagi að 25 árum liðnum í sama hlutfalli af söluverði og upphaflegt lán nam af kaupverði. Einungis verði heimilt að veita hlutdeildarlán fyrir nýju íbúðarhúsnæði sem hefur hlotið samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á grundvelli samnings við byggingaraðila og takmarkast fjöldi lána við heimildir í fjárlögum til útlánaflokksins. Þegar frumvarpið var lagt fram á Alþingi í júní 2020 höfðu hins vegar verið gerðar veigamiklar breytingar á úrræðinu án samráðs sem fóru gegn áherslum ASÍ. Ber þar helst að nefna að sett voru tekjumörk þannig að úrræðið takmarkist við

fyrstu kaupendur og þá sem ekki hafa átt húsnæði sl. fimm ár, sem hafa tekjur undir 630 þúsund krónur á mánuði fyrir einstakling og 880.000 kr. fyrir sambúðarfólk. Auk þess sem er komið inn í frumvarpið ákvæði um að hækki tekjur lántaka umfram umrædd tekjumörk skuli innheimtir vextir af hlutdeildarláninu sem ákvarðaðir skuli af stjórn HMS út frá húsnæðiskostnaði viðkomandi og skulu þeir greiddast mánaðarlega. Þá var gert ráð fyrir að skilyrða veitingu hlutdeildarlána við að lántaki nýti séreignarsparnað sinn til niðurgreiðslu grunnláns sem ASÍ taldi óásættanlega kröfu. ASÍ gerði alvarlegar athugasemdir við þessar breytingar og benti jafnframt á þá fjárhagslegu áhættu sem kann að skapast fyrir tekjulága hópa þegar greiðslubyrði húsnæðis verður yfir 40% af ráðstöfunartekjum líkt og gert var ráð fyrir í frumvarpinu, það sé óhóflega háur húsnæðiskostnaður, einkum fyrir tekjulægri heimili, og kalli á aukinn stuðning úr öðrum húsnæðisstuðningskerfum. Málið var ekki afgreitt frá Alþingi fyrir sumarleyfi en tekið fyrir á þingstubbi sem haldinn var til að ljúka ýmsum málum um mánaðamótin ágúst/september 2020. Við afgreiðslu málsins var tekið tillit til athugasemda ASÍ varðandi álagningu vaxta á hlutdeildarlán ef lántaki fer yfir tekjumörk og skilyrði um nýtingu séreignarsparnaðar og voru þessi atriði felld brott. Lög um hlutdeildarlán urðu að lögum frá Alþingi í byrjun september 2020 og opnað verður fyrir umsóknir um hlutdeildarlán frá og með 1. nóvember nk. Stjórnvöld áætla að veitt verði hlutdeildarlán til kaupa á um 400 nýjum íbúðum á ári næstu árin.

### **Lög um almennar íbúðir**

Í yfirlýsingu stjórnvalda vegna kjarasamninga vorið 2019 var einnig fjallað um umbætur á almenna íbúðakerfinu og var í desember 2019 lagt fram frumvarp sem samþykkt var á Alþingi um hækkun á tekju- og eignarmörkum leigjenda almennra íbúða þannig að þau taki mið af tveimur lægstu tekjufimmtungunum til samræmis við áherslur ASÍ um að kerfið nái til þess hóps sem upphaflega var stefnt að þegar um það var samið í aðdraganda kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2015. Þá var sömuleiðis gerð breyting sem heimilar greiðslu 75% stofnframlags við samþykkt umsóknar til aðila sem áður hafa fengið úthlutað stofnframlögum og að síðari hluti stofnframlagsins (25%) verði greiddur út við útleigu íbúðar sem er mikilvægt til að lækka fjármagnskostnað almennra íbúðafélaga og draga úr þörf á dýrum brúarlánnum á framkvæmdatíma. Sömuleiðis var tryggt að síðari hluti stofnframlags verði verðtryggður samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, í allt að tvö ár, frá samþykkt umsóknar þar til íbúð fer í útleigu sem tryggir að stofnframlag ríkis og sveitarfélaga standi í reynd undir 30% af byggingarkostnaði almennra íbúða líkt og löggin kveða á um. Slíkt hefur fram að þessu ekki verið reyndin þar sem byggingarframkvæmdir taka langan tíma og verksamningar eru að jafnaði

tengdir byggingarvísitölu og því dugar óverðtryggður síðari hluti stofnframlags sem greiddur er út við útleigu íbúðar ekki til að standa undir tilætluðum hluta byggingarkostnaðar. Þá var HMS heimilað að gera samninga við umsækjendur sem áður hafa fengið stofnframlög um úthlutun stofnframlaga til allt að þriggja ára sem eykur fyrirsjáanleika verkefna og gera almennum íbúðafélögum mögulegt að skipuleggja uppbyggingu félaganna og stærri verkefni til lengri tíma.

Til viðbótar við þessar breytingar voru gerðar mikilvægar breytingar til bráðabirgða sem ASÍ hefur ítrekað kallað eftir vegna loforða sem gefin voru í tengslum við kjarasamninga vorið 2015 sem heimila greiðslu á viðbótarstofnframlögum til að leiðrétta stofnframlög sem úthlutað var á árunum 2016 og 2017 og miðuðust við of lág viðmið um hámarksbyggingarkostnað. Þá var áréttað að tveir þriðju hlutar þess fjármagns sem úthlutað er til stofnframlaga hverju sinni skuli renna til íbúða sem ætlaðar eru tekju- og eignarlágum leigjendum á vinnumarkaði. Ákvæðið falli úr gildi þegar stofnframlögum hefur verið úthlutað til 1.534 íbúða sem ætlaðar eru umræddum markhópi. Ákvæði þessa efnis hefur verið að finna í reglugerð en ekki hefur komið til beiðingar þess þar sem þótt hefur skorta lagastoð.

### **Breytingar á húsaleigulögum**

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga vann félagsmálaráðuneytið drög að tillögum um breytingar á húsaleigulögum. Húsnæðisnefnd ASÍ gaf umsógn um frumvarpsdrögin áður en þau voru sett í samráðsgátt stjórnvalda og var í flestu tilliti sátt við þær meginhugmyndir og tillögur sem í frumvarpsdrögum voru og varða m.a. skráningu samninga, takmarkanir á hækkun leigu, takmarkanir á tímabundna samninga o.fl. ASÍ gagnrýndi nokkra þætti.

Meginviðhorf ASÍ er og hefur verið að leigusamningar milli leigutaka og leigusala sem hefur atvinnu af útleigu íbúðarhúsnæðis eigi að vera ótímabundnir og óuppsegjanlegir nema leigutaki gerist sekur um verulega vanefnd, en frávik geti átt við í þessu efni þegar ekki er leigt út í atvinnuskyni. Þessi meginhugmynd var ekki tekin til greina og áfram verður um ein lög að ræða. ASÍ hefur jafnframt nokkrar efasemdir um virkni viðurlagaúrræða. ASÍ telur að betur færi á því að viðurlög yrðu hönnuð þannig að févíti vegna brota renni til leigutaka sem innborgun á leigu eða bætur. Þannig skapist beinn fjárhagslegur og virkur hvati til þess að fylgja skráningunni eftir. Jafnframt dregur ASÍ í efa að mikla aðstoð verði að sækja til lögreglu við öflun gagna, eins og fjárveitingum og vinnuálagi á lögreglu er nú háttáð. Samhliða samþykkt frumvarpsins yrði því að gera ráð fyrir fjárveitingum til þess að fylgja ákvæðum þess eftir. Loks geymir frumvarpið ekki viðurlög vegna annarra brota gegn

lögnum, eins og t.d. varðandi ólögmeta hækkun leigu en þar ættu févíti sérstaklega vel við. Ekki var tekið tillit til þessara athugasemda. ASÍ telur mjög til bóta að tryggja sáttamiðlun á forstigum máls. Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingar á 69.gr. um úttektir. Mörg dæmi eru þess í viðskiptum leigutaka og leigusala að engin úttekt fari fram við upphaf leigu eða framlengingu. Við þær aðstæður eru leigutakar í mun veikari stöðu en leigusali þegar kemur að kröfum um endurbætur og viðhald. Ákvæðið þyrfti að fella ábyrgð á öllum vafa um réttmæti krafna um viðhald og endurbætur á leigusala, hafi hann ekki séð til þess að úttekt fari fram. Jafnframt mælir ASÍ með því að ráðherra verði veitt heimild til þess að setja nánari reglur um úttekt í reglugerð þar sem m.a. komi fram hvað taka skuli út og sett fram sniðmát til þess arna. Þessi hugmynd var tekin upp og á að fara inn í lögin. Í febrúar 2020 fór frumvarpið í samráðsgátt stjórnvalda. Umsagnarfresti er lokið en frumvarpið ekki komið fram (7.9 2020) enda voru gerðar ýmsar athugasemdir við það og nokkrar neikvæðar, m.a. frá SA þar sem talið var að of langt væri gengið og frá Húseigendafélaginu, en í umsögn þeirra segir m.a.: „Þessi frumvarpsdrög eru hreint út sagt skelfileg og mikill og hátimbraður óskapnaður. Með þeim er lagalegt stórslys í uppsiglingu. Þau eru flókin, tyrfin og vanhugsuð samsuða og geyma varla heila hugsun. Þau geisla sannarlega af yfirgripsmikilli vanþekkingu á leigumarkaðinum og húsaleigurétti.“

### **Fundir húsnaðisnefndar ASÍ**

Húsnaðisnefnd ASÍ kom saman til fimm funda á starfsárinu þar sem fjallað var aðallega um þá þætti yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar er varða húsnaðismál, þ.e. um hlutdeildarlán, almennar íbúðir, afnám verðtryggingar og réttarstöðu leigjenda.





## VERÐLAGSEFTIRLIT ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ er hluti af reglubundnu starfi skrifstofu Alþýðusambandsins og hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með því er fyrirtækjum og verslunareigendum veitt aðhald sem í kjölfarið eykur samkeppni og kemur í veg fyrir óhóflegar verðhækkningar. Verðlagseftirlitið leggur áherslu á að gera verðkannanir á þeirri vöru og þjónustu sem vegur hvað þungast í bókhaldi heimilanna. Verðkannanir á matvöru vega því þungt hjá Verðlagseftirlitinu enda hefur sá liður mikil áhrif á útgjöld heimilanna. Aðrir útgjaldaliðir sem Verðlagseftirlitið leggur áherslu á að kanna og vega þungt í útgjöldum heimilanna eru t.d. bankakostnaður, tryggingar, síma- og internetkostnaður, opinber útgjöld eins og fasteignagjöld, dagvistunargjöld fyrir frístundaheimili, skólamatur og leikskólagjöld.

Þær verðkannanir sem hafa verið gerðar síðastliðið ár, eða á tímabilinu 31. ágúst 2019 til 1. september 2020, eru eftirfarandi:

6 verðkannanir á matvöru í lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum um land allt auk verðkönnunar á páskaeggjum

3 samanburðarkannanir á vörukörfu ASÍ


- 1 verðkönnun á fiski í fiskbúðum
- 1 verðkönnun á nýjum og notuðum skólabókum fyrir framhaldsskólanema
- 1 verðkönnun á bókum fyrir háskólanema
- 1 úttekt á þróun á húsnæðisvöxtum
- 1 verðkönnun á þjónustu við dekkjaskipti
- 1 verðkönnun á tölvuleikjum fyrir jóla
- 1 verðkönnun á jólabókum
- 1 verðkönnun á andlitsgrímum
- 2 athuganir og samantekt vegna lækkunar á virðisaukaskatti á tíðavörum
- 8 verðathuganir á innfluttum og innlendum landbúnaðarvörum í matvöruverslunum fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (sjá nánar í texta hér að neðan)

Þar að auki hefur Verðlagseftirlitið gert eftirfarandi úttektir á opinberum gjöldum:

- 1 úttekt á breytingum á fasteignagjöldum 2019-2020
- 1 úttekt á breytingum á leikskólagjöldum 2019-2020
- 1 úttekt á breytingum á gjöldum fyrir skóladagvistun og skólamat 2019-2020
- 1 úttekt á frístundastyrkjum

### Verðlag á tímum veirunnar

Verðbólga hækkaði um 3,2% á tólf mánaða tímabili (ágúst 2019-ágúst 2020) og hefur hún aukist nær jafnt og þétt frá því að Covid fór af stað í mars.




Stórir liðir í vísitölunni hafa hækkað töluvert á árinu og má þar nefna hækkun á mat- og drykkjarvöru um 6,2%. Af matvöru hækkuðu ávextir mest, um 10,3%, og þá hækkaði grænmeti um 7,1%. Mjólk, ostar og egg hækkuðu einnig mikið á þessu tólf mánaða tímabili, eða um 8,1%, en verðlagsnefnd búvara tók tvær ákvarðanir um hækkanir á þessu ári. Fyrri verðhækkanirnar tóku gildi 1. janúar 2020 en þá hækkaði mjólk og mjólkurafurðir um 2,5% en þær seinni tóku gildi 1. júní 2020 og þá hækkuðu mjólk og mjólkurvörur um 4,28% og smjör um 12% og nam vegin hækkun heildsöluverðs því 4,69%. Brauð og kornvörur hækkuðu um 6,8% á árinu, kjöt um 4% og fiskur um 4,2%. Sykur, súkkulaði og sælgæti hækkaði um 5,2% og aðrar matvörur (sósar, krydd, súpur o.s.frv.) um 4,7% en drykkjarvörur hækkuðu minna, um 3,7%.

Ef aðrir liðir í vísitölunni eru skoðaðir má sjá að húsnæði, hiti og rafmagn hefur hækkað um 2,6% en þar vegur 3,3% hækkun á greiddri húsaleigu og 3,1% hækkun á reiknaðri húsaleigu þyngst. Liðurinn húsgögn og heimilisbúnaður hefur hækkað mikið á árinu, eða um 7,1% en þar vegur 9,1% hækkun á stórum heimilistækjum og 10,8% hækkun á litlum heimilisraftækjum þungt þó margir aðrir liðir hafi einnig hækkað mikið. Á tólf mánaða tímabili má sjá að fót hafa hækkað um 4% en þegar vísitalan er skoðuð lengra aftur má sjá töluverðar sveiflur í þeim lið og hefur liðurinn í raun ekki hækkað mikið á þessum tíma.

Lyf hafa hækkað mikið á árinu, eða um 7,4%, og þá hefur liðurinn tómstundir og menning hækkað um 4,5%. Einhverjir liðir vísitölnnar lækkuðu

Breyting á helstu liðum vísitölnnar	Covid (mars -ágúst)	12 mánaða tímabili
Visitala neysluverðs	2,1%	3,2%
Matur og drykkjarvörur	4,8%	6,2%
Áfengi og tóbak	2,2%	4,0%
Föt og skór	-0,1%	4,1%
Húsnæði, hiti og rafmagn	0,6%	2,6%
Húsgögn og heimilisbúnaður	4,5%	7,1%
Heilsa	3,0%	3,6%
Ferðir og flutningar	2,8%	-0,1%
Póstur og sími	-2,1%	-4,9%
Tómstundir og menning	1,7%	4,5%
Menntun	1,1%	2,4%
Hótel og veitingastaðir	1,5%	1,3%
Aðrar vörur og þjónusta	2,1%	4,3%

milli ára en þar ber að nefna 14% lækkun á kostnaði við heimilislækna, sem er tilkominn vegna lækkunar á komugjöldum á heilsugæslu, og vegur sá liður upp hækkun á öðrum undirliðum liðnum heilsu. Þá lækkuðu bensín og olíur um 7%, farsímaþjónusta um 34% og þjónusta hótela og gistiheimila um 18%.



Helstu áhrifaþættir á verðbólgu á þessu ári er veiking krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Á móti kemur að heimsmarkaðsverð á hrávöru, þ.m.t. á bensíni, er töluvert lægra en það var fyrir ári. Þá hefur minni eftirspurn eftir vörum og þjónustu almennt unnið á móti verðbólgu þó eftirspurn hafi aukist í sumum tilfellum. Innlend eftirspurn minnkaði minna en spáð var fyrir um í kjölfar Covid en Íslendingar breyttu neyslu sinni vegna Covid og eyða frekar peningum í vöru og þjónustu hér á landi en í ferðalög.

### **Verð á landbúnaðarvörum – samstarf við atvinnuvega- og landbúnaðarráðuneytið**

Verðlagseftirlit ASÍ gerði þjónustusamning við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um að safna gögnum um verð á innlendum og innfluttum landbúnaðarvörum. Markmiðið með samningnum er að fylgja eftir þeim breytingum sem voru gerðar á lagaumhverfi um úthlutun tollkvóta fyrir landbúnaðarvörur í desember 2019 en markmiðið með samningnum var að lægri tollkvótar skili sér til neytenda í formi lægra vöruverðs. Verkefnið snýr því að því að kanna verð á innlendum og innfluttum landbúnaðarvörum en í lok verðtökuunnar, október 2020, verður skýrslu skilað til ráðuneytisins.

### **Húsnaðisvextir lækkað mikið**

Í byrjun júní 2020 birti verðlagseftirlitið úttekt á þróun vaxta frá 1. jan. 2019-7. júní 2020. Mikið hefur verið fjallað um vexti og áhrif hárra vaxta á kjör almennings síðustu árin og í lífshjálparáttum sem samþykktir voru á

vormánuðum 2019 var kveðið á um að lækkun vaxta væri ein af forsendum fyrir kjarasamningum.

Úttekt Verðlagseftirlitsins á húsnæðisvöxtum sýndi að húsnæðisvextir lánastofnananna, banka og lífeyrissjóða, lækkuðu gríðarlega á því tímabili sem úttektin náði til. Hún sýndi einnig að viðskiptabankarnir hafi í sumum tilfellum tekið fram úr lífeyrissjóðunum og bjóði upp á betri vaxtakjör en lífeyrissjóðirnir, öfugt við það sem áður var. Stýrivaxtalækkun Seðlabankans úr 3,5% í 1% hefur skapað gott svigrúm til vaxtalækkana en stýrivextir hafa aldrei verið lægri, eða 1%. Óverðtryggðir vextir lækkuðu almennt meira en verðtryggðir og þá dró saman með óverðtryggðum og verðtryggðum vöxtum þannig að minni munur var á þeim í lok tímabils en í byrjun. Þrátt fyrir miklar vaxtalækkanir á tímabilinu, sem hafa leitt til betri vaxtakjara fyrir neytendur, jókst munur á stýrivöxtum og óverðtryggðum vöxtum í mörgum tilfellum á tímabilinu og hafa neytendur því að jafnaði ekki notið góðs af lækkun stýrivaxta að fullu.

### **Tæknipróun – Sjálfsafgreiðslukassar og netverslun**

Ýmsar breytingar hafa átt sér stað og eru að eiga sér stað á matvörumarkaði. Á þessu ári hófu sjálfsafgreiðslukassar innreið sína í matvöruverslanir landsins og er í dag regla frekar en undantekning að sjálfsafgreiðslukassar séu í matvöruverslunum. Töluverð umræða hefur verið um áhrif þeirra á verðlag og hvort sjálfsafgreiðsla, sem fækkar kassastarfsfólki og gerir meiri kröfur til neytenda sem afgreiða sig sjálfir, ætti ekki að vera til þess fallin að lækka vöruverð. Engar vísbendingar eru þó um að tilkoma sjálfsafgreiðslukassa hafi lækkað matvöruverð

Þá hefur matvöruverslun á netinu sótt í sig veðrið, en þrátt fyrir að netverslun með matvöru sé ekki alveg ný af nálinni jókst hún gríðarlega þegar Covid skall á og margfaldaðist í sumum matvöruverslunum. Bæði jókst netverslun hjá þeim matvöruverslunum sem buðu upp á þann kost áður en Covid skall á, en einnig byrjuðu fleiri aðilar að bjóða upp á netverslun eftir Covid. Netverslun á ýmissi annarri vöru og þjónustu hefur einnig aukist. Sífellt fleiri verslanir bjóða viðskiptavinum sínum upp á að versla á netinu eða eru með verð á vörum aðgengileg á vefsíðum sínum og eiga neytendur því auðveldara með að bera saman verð á ýmissi vöru og þjónustu.

### **Útvíkkað hlutverk verðlagseftirlits ASÍ**

Aukin áhersla er nú lögð á neytendamál hjá Alþýðusambandinu og eru þau nú orðin hluti af nefndarstarfi Alþýðusambandsins og falla undir umhverfis- og neytendanefnd. Þrátt fyrir að verðlagsmál skipi enn stóran sess í neytendaáherslum ASÍ verður nú lögð áhersla á fleiri mikilvæg neytendamál. Af nægu

er að taka en lítil áhersla og umfjöllun hefur verið á neytendamál í samfélaginu í lengri tíma ef miðað er við hin Norðurlöndin og þá mætti neytendavitund vera meiri, en þetta tvennt helst í hendur. Stóra markmiðið er því að auka neytendavitund auk þess að auka aðhald með fyrirtækjum með öllum mögulegum leiðum. Þá er nauðsynlegt að bæta stöðu neytenda, bæði hvað varðar réttindi, upplýsingagjöf og fræðslu.

Verðlagseftirlitið er með sérstaka síðu á Facebook en þar er öllum verðlagsfréttum deilt auk þess sem athygli er vakin á fleiri neytendamálum þar inn á ef við á. Þá stýrir verðlagseftirliti Facebook-hópnum „Vertu á verði“ en það er opin og frjáls hópur fyrir alla þá sem vilja setja inn ábendingar tengdar verðlagi. Hópurinn hefur tvöfaldast frá síðasta ári en 9.000 meðlimir eru núna í hópnum og er töluverð virkni í hópnum.

### **Samstarf ASÍ og Neytendasamtakanna gegn smálánum**

Í febrúar 2020 stofnuðu ASÍ og NS baráttusamök gegn smálánastarfsemi sem hafa það að markmiði að aðstoða þolendur hennar og koma í veg fyrir að starfsemin geti þrífist. Þar að auki var stofnaður málsvarnarsjóður fyrir þolendur smálána sem hafa ofgreitt ólögleg lán. Samkvæmt könnun aðildarfélaga ASÍ meðal félagsmanna sinna geta 25% þeirra rakið skuldavanda sinn til smálánastarfsemi. Verkefnið sem samtökin standa frammi fyrir er kortlagning á hvaða fyrirtæki það eru sem stunda starfsemina og hvaða fyrirtæki það eru sem liðka til fyrir henni. Þar að auki munu samtökin þrýsta á að stjórnvöld sýni ábyrgð og vinni gegn því að smálánastarfsemi geti þrífist.

### **Frumvarp ríkisstjórnarinnar um inneignarnótur frá ferðaskrifstofum**

Ein af þeim aðgerðum sem var á teikniborði stjórnvalda á vormánuðum 2020 til að bregðast við efnahagsvanda í kjölfarið af Covid og miklum samdrætti í ferðaþjónustu, var frumvarp um breytingar á lögum sem kveða á um rétt neytenda í tengslum við endurgreiðslu frá ferðaskrifstofum. Í frumvarpinu var kveðið á um að veita ferðaskrifstofum heimild til að gefa neytendum inneignarnótur fyrir pakkaferðir sem aflýst var vegna Covid í stað þess að endurgreiða þær að fullu eins og gildandi lög kveða á um. Alþýðusambandið skrifaði umsögn þar sem lagst var gegn því að lausafjárnanda fyrirtækja yrði velt yfir á neytendur þar sem neytendur hefðu ekki tryggingu fyrir því að þeir gætu innleyst inneignarnótur eða fengið peninga sína til baka ef ferðaþjónustufyrirtæki yrðu gjaldþrota. Neytendasamtökin og Neytendastofa lögðust einnig gegn frumvarpinu og mikil umræða skapaðist í samfélaginu um málið. Lyktir mála urðu á þann veg að samstaða náðist ekki um frumvarpið og var það ekki afgreitt á þinginu.

## **Breytingar á löggjöf um samkeppniseftirlit**

Ein af þeim aðgerðum sem ríkið lagði fram til að styðja við lífskjarasamningana var einföldun á regluverki og eftirliti en þar á meðal var endurskoðun á samkeppnislögum með það að markmiði að einfalda framkvæmd þeirra og auka skilvirkni. Í umsögn ASÍ um drög að frumvarpinu lagðist Alþýðusambandið gegn breytingum á þeim grunni að þær myndu veikja Samkeppniseftirlitið og draga úr getu þess til að stöðva samkeppnislagabrot og gæta hagsmuna almennings gagnvart fyrirtækjum á markaði. Í umsögn sambandsins um frumvarpið, þegar það var fullbúið á vormánuðum 2020, var sú skoðun ítrekuð og tekið fram að lítinn haldbæran rökstuðning væri að finna fyrir þeim breytingum sem lagðar væru til í frumvarpinu. Þá væri það mat Alþýðusambandsins að breytingarnar gengju lengra en nauðsynlegt væri til að auka skilvirkni og einfalda framkvæmd Samkeppniseftirlitsins og væru til þess fallnar að veikja heimildir Samkeppniseftirlitsins og gangi gegn hagsmunum almennings. Frumvarpið tók nokkrum breytingum frá upphaflegum drögum. Þær breytingar sem samþykktar voru var að veltumörk tilkynningarskyldra samruna væru hækkuð um 50% og þá voru skilyrði fyrir tilkynningu samruna rýmkuð. Þá var Samkeppniseftirlitinu heimilað að framkvæma athuganir að beiðni samkeppnisyfirvalda annars staðar en á Norðurlöndunum. Þær tillögur um breytingar á samkeppnislögunum sem náðu ekki í gegn var afturkall á heimildum Samkeppniseftirlitsins til að áfrýja úrskurðum úrskurðarnefndar samkeppnismála til dómstóla og afturkall heimildar Samkeppniseftirlitsins til íhlutunar án brots.





## UMHVERFISMÁL

Loftslagsbreytingar af mannavöldum er ein stærsta áskorun samtímans og hefur þegar haft víðtæk áhrif á efnahags- og atvinnulíf, lífskjör og afkomu almennings um allan heim. Neikvæð áhrif loftslagsbreytinga af mannavöldum fyrir komandi kynslóðir eru uggvænlegar. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands þá virðist vera sem Ísland sé með mesta losun koltvísýrings frá hagkerfi á einstakling innan ESB og EFTA svæðisins árið 2016. Það er ljóst að umhverfis- og loftslagsmál þarf að samþætta allri samfélagsumræðu og þekking er nauðsynleg í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Forsendur breytinga er þátttaka og samvinna og þar getur verkalýðshreyfingin sem öflug fjölda-hreyfing gegnt mikilvægu hlutverki í samvinnu við stjórnvöld og þá sem láta sig málið varða.

Áhrifa kórónaveirufaraldursins COVID-19 gætir um heim allan og ein afleiðingin er sú að dregið hefur verulega úr loftmengun þar sem samfélög heims hafa „lokast“, þ.e. verksmiðjur og vinnustaðir lokað tímabundið og almenningur verið í einangrun heima fyrir. Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar hefur loftmengun í Reykjavík minnkað um tæp 40% eftir að samkomubann var hert hér á landi. Fljótt á titið virðist faraldurinn vera



„góður“ fyrir umhverfið, þar sem loftgæði á þéttbýlum svæðum hefur batnað og losun gróðurhúsalofttegunda einnig dregist saman, t.d. vegna lokunar verksmiðja. Heimsfaraldur og það neyðarástand sem myndast í kjölfarið er aldrei til bóta, hins vegar er hægt að draga lærdóm af ástandinu. Umbreytingar þessu tengdar fela í sér tækifæri til jákvæðra samfélagsbreytinga en ef ekkert verður að gert þá geta breytingarnar haft neikvæð áhrif á samfélagið. Sterk verkalýðshreyfing er forsenda réttláttra umskipta.

Umhverfisnefnd hefur verið ein af fastanefndum miðstjórnar ASÍ frá 2008 og var umhverfisstefna samþykkt af miðstjórn ASÍ árið 2012. Í upphafi voru helstu verkefni nefndarinnar að efla þekkingu og umræðu um málaflokkinn meðal forystu og talsmanna sambandsins. Einnig var eitt af hlutverkum nefndarinnar að fylgjast með og veita aðhald vinnu stjórnvalda um Rammaáætlun - áætlun um vernd og nýtingu landsvæða, auk þeirra mála sem snúa að umhverfis- og atvinnumálum og að standa vörð um jöfnuð og félagslegt réttlæti aðgerða. Vinnan sem nefndin hefur unnið undanfarinn áratug gerir ASÍ vel í stakk búið til að takast á við þau krefjandi verkefni sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir varðandi loftslagsbreytingar, gert sig gildandi í umræðu um loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra og ekki síst að veita stjórnvöldum virkt aðhald.

### **Umhverfis- og neytendanefnd**

Umhverfis- og neytendanefnd var afkastamikil á liðnu starfsári. Nefndin fundaði mánaðarlega á tímabilinu nóvember 2019 til og með maí 2020. Nefndin hefur komið fyrir miðstjórn ASÍ og haldið fjarfundaerindi til að leggja áherslur á vinnu nefndarinnar. Markmið vinnunnar var að undirbúa drög að nýrri og endurbættri stefnu í málaflokknum fyrir 44. þing sambandsins 2020. Til þess að svo mætti verða var ákveðið að halda 3 málþing á tímabilinu október 2019 til apríl 2020. Vegna kórónuveirufaraldursins varð að fella niður síðasta málþingið.

Frá 2018 hafa neytendamál verið hluti af verkefnum umhverfisnefndar og hefur sú breyting orðið til þess að þessar tvær áherslur eru samþættar öllum málflutningi hreyfingarinnar. ASÍ á í virku samstarfi við Neytendasamtökin. Samtökin héldu saman málþing haustið 2019 um neytenda- og umhverfismál, og fulltrúi ASÍ hefur tekið þátt í pallborðsumræðum á opnum fundi samtakanna.

Í stefnu ASÍ er áhersla lögð á neytendavitund og lét nefndin m.a. útbúa ísskápssegla með góðum ráðum til að minnka matarsóun. Seglarnir voru sendir öllum aðildarfélögum ASÍ. Einnig er á vegum ASÍ sérstök Fb-síða, VERTU Á VERÐI, þar sem almenningur getur sett inn upplýsingar um verð og gæði vöru og er sú síða nokkuð virk.

## Loftslagsráð

Loftslagsráð hefur það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir og markmið Íslands sem tengjast loftslagsmálum. Í breytingum á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012, sem gerðar voru á sl. Ári, fékk Loftslagsráð stjórnsýsluhlutverk og á þeim tímapunkti fékk ASÍ fulltrúa í ráðið og er hann eini fulltrúa launafólks í ráðinu. Með aðkomu ASÍ að Loftslagsráði getur verkalýðshreyfingin verið enn virkari en áður þegar kemur að hugmyndafræði og ráðgjöf til stjórnvalda með hagsmuni launafólks að markmiði.

Aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum til ársins 2030 var send út til umsagnar í júní 2020. Fulltrúi ASÍ í Loftslagsráði hafði tækifæri til að rýna áætlunina á vinnslustigi og koma með athugasemdir f.h. sambandsins. Í kjölfar rýni Loftslagsráðs voru gerðar breytingar samkvæmt athugasemdum fulltrúa ASÍ, í aðgerðaráætluninni er ákveðið að ráðast í kostnaðar- og ábatagreiningu samhliða því sem áætlunin verði rýnd með tilliti til áhrifa á mismunandi tekjuhópa. Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum snertir alla þætti samfélagsins, ekki síst vinnnumarkaðinn, og því er mikilvægt að hafa í huga að umskiptin verði á forsendum launafólks með sanngirni og réttlæti að leiðarljósi.

## Málþing og opinn nefndarfundur umhverfis- og neytendanefndar

Umhverfismálþing ASÍ, ENGIN STÖRF Á DAUÐRI JÖRÐ, var haldið 3. október 2019. Á málþinginu var fjallað um áhrif loftslagsbreytinga á vinnnumarkaðinn og hvernig verkalýðshreyfingin getur brugðist við.

Málþinginu, sem var vel sótt og einnig streymt á vef ASÍ, stýrði Halldóra Sveinsdóttir, formaður umhverfis- og neytendanefndar ASÍ. Í upphafi flutti umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, ávarp. Maríaanna Traustadóttir, sérfræðingur ASÍ í umhverfismálum, fjallaði um hamfarahlýnun og ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar undir yfirskriftinni, Góð störf á lifandi jörð. Dr. Auður H. Ingólfssdóttir alþjóðastjórnmálaláfræðingur hélt erindi, Verndum, nýtum og njótum, þar sem hún fjallaði um náttúruna og auðlindir á landi, hún velti upp spurningunni hvort við nýttum auðlindir okkar á réttan hátt. Dr. Guðmundur Þórðarson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, spurði hvaða þýðingu breytingar á lífríki sjávar við Ísland hefði fyrir okkur. Að lokum fjallaði Guðmundur B. Ingvarsson, jarðfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, um hringrásarhagkerfið, hagkerfi sem hefur að markmiði að hámarka notkun og líftíma efnis og hluta. Í framhaldi voru nokkur fyrirtæki sem vinna innan hringrásarhagkerfisins með kynningu á starfsemi sinni. Kynningarnar vöktu mikla athygli. Sævar Helgi Bragason jarðfræðingur flutti erindi um hvað við getum gert sem neytendur til að draga úr losun og sóun og að lokum var pallborð þar sem forseti ASÍ var þátttakandi meðal annarra.

Opinn nefndarfundur umhverfis- og neytendanefndar, í samvinnu við efnahags-, skatta- og atvinnumálanefnd, var haldinn 14. janúar. Á fundinum flutti dr. Daði Már Kristófersson, prófessor í auðlindahagfræði við Háskóla Íslands, erindi um græna skatta og önnur hagræn stjórnþæki sem notuð eru til að stýra nettólosun gróðurhúsalofttegunda og hvaða samfélagsleg áhrif þau gætu haft. Fundurinn var liður í umræðu og stefnumótun á vettvangi hreyfingarinnar um þessi mikilvægu mál.

Síðara umhverfismálþing ASÍ var haldið 4. mars undir yfirskriftinni JÖFNUÐUR OG VELFERÐ á tímum loftslagsbreytinga. Þar var fjallað um velferð, jöfnuð og réttlæti í tengslum við loftslagsbreytingar og þær aðgerðir sem þarf til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Sérstök áhersla var á græna skatta og önnur hagræn stjórnþæki. Málþinginu var streymt á vefsíður ASÍ og Facebook.

Aðalhogfræðingur ASÍ, Henny Hinz, opnaði umræðuna þar sem hún fjallaði um hlutverk verkalyðshreyfingar í þessari mikilvægu umræðu. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra fjallaði um opinber fjármál og loftslagsbreytingar. Aðalerindið flutti dr. Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í auðlindafræðum við Háskóla Íslands, um viðbrögð við loftslagsbreytingum og velsæld. Dr. Daði Már Kristófersson, prófessor í auðlindahagfræði við HÍ, fjallaði um græna skatta.

Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningarmála hjá ASÍ stýrði pallborði, líkt og á fyrra málþingi, þar sem m.a. fjármálaráðherra tók þátt.

Þess má geta að einnig voru stutt innsög á milli erinda sem vörpuðu frekara ljósi á málefni, en Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra og Kristín Vala Ragnardóttir, prófessor í jarðvísindum við HÍ, svöruðu nokkrum spurningum.



## FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSMÁL

Félags- og vinnumarkaðsmál eru eðli málsins samkvæmt mikilvægur hluti af kjarnastarfsemi Alþýðusambands Íslands og skrifstofu þess. Þetta gildir jafnt um viðfangsefni sem ASÍ stendur eitt að og verkefni í samstarfi við aðra aðila, s.s. önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda, stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka. Með aðild sinni að stjórn Vinnuálastofnunar, Atvinnuleysisstryggingasjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlitsins, Loftslagsráði og Jafnréttisráði, auk fjölmargra nefnda og starfshópa á sviði félags- og vinnumarkaðsmála, vinna fulltrúar ASÍ einnig að því að hafa áhrif á mótun og framkvæmd stefnu stjórnvalda á þessu sviði til hagsbótar fyrir launafólk.

Íslenskur vinnumarkaður hefur síðustu ár vaxið sem aldrei fyrr og mikil fjölgun starfsmanna hefur verið í greinum eins og byggingariðnaði og mannvirkjagerð, ferðapjónustu og þjónustustarfsemi af ýmsu tagi. Um leið hafa félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði vaxið hratt. Við því hefur sambandið brugðist og frá árinu 2016 staðið fyrir verkefninu Einn réttur – ekkert svindl! í samstarfi við aðildarsamtökin. Verkefnið hefur þróast og vaxið mikið að umfangi og hafa aðildarfélög ASÍ lagt stöðugt meira af mörkum í þeim efnum.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin lýsti yfir heimsfaraldri í mars 2020. Sjaldan hafa aðstæður á vinnumarkaði hér á landi og um allan heim breyst jafn hratt og á fyrstu mánuðum ársins 2020 vegna Covid-19. Grípa þurfti til sóttvarnaaðgerða og ferðatakmarkana af óþekktri stærð til að hemja útbreiðslu faraldursins. Gríðarleg óvissa ríkti í upphafi um umfang, eðli og lengd aðgerða og efnahagslegra áhrifa. Aðgerðir stjórnvalda til að hefta útbreiðslu veirunnar höfðu mjög fljótt áhrif á vinnumarkaðinn og samfélagið allt og má búast við að þau áhrif haldist fram á árið 2021.

Á stuttum tíma varð mikill samdráttur í ferðaþjónustu og tengdum atvinnugreinum hér á landi og því mikilvægt fyrir ASÍ að bregðast hratt við af festu og framsýni.

Markmið aðgerða ASÍ vegna samdráttar á vinnumarkaði voru að verja launafólk og fyrirtæki vegna tímabundinna áfalla þannig að launafólk verði fyrir sem minnstum skaða, bæði fjárhagslegum og félagslegum, og að fyrirtæki komist í gegnum þann samdrátt sem er afleiðing heimsfaraldursins og komi sterk til baka þegar úr rætist. ASÍ tekur virkan þátt í öllum þeim aðgerðum sem snúa að réttindum og velferð launafólks í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórn.

Hér á eftir er gerð grein fyrir nokkrum helstu málaflokkum á sviði félags- og vinnumarkaðsmála sem unnið var að á vettvangi ASÍ frá hausti 2019 til hausts 2020. Óhjákvæmilega hafði heimsfaraldurinn áhrif á allt starf skrifstofu ASÍ frá því í mars 2020.

## **Aðgerðir vegna COVID-19 (Laun í sóttkví)**

Þegar hafin var beiting sóttvarnalaga á þann veg að fólk sem útsett hafði verið fyrir smithættu skyldi sæta sóttkví, var ljóst að bæta þyrfti launafólki þann skaða sem af hlytist. Í upphafi umræðunnar kom upp ágreiningur milli ASÍ og SA hvort fyrirmæli um sóttkví framkalli veikindarétt eða ekki. Það var og er skoðun ASÍ að svo sé, auk þess sem ríkisstjórn lýsti því yfir í upphafi faraldursins að ríkisstarfsmenn í sóttkví myndu halda launum meðan á henni stæði og viðhorf ASÍ að eitt skyldi yfir alla ganga. Til þess að höggva á hnútinn en einnig til þess að koma til móts við sjónarmið beggja voru sett sérstök lög um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að sýna merki þess að vera sýktir o.fl. og sem nú hafa verið framlengd til fram eftir árinu 2021. ASÍ náði miklum árangri í því nefndarstarfi sem vann frumvarpsdrögin. Fyrirkomulagið var ákveðið þannig að aðalreglan sé sú að atvinnurekandi heldur starfsmanni í sóttkví á óbreyttum launum en sækir um endurgreiðslu, en greiði hann ekki launin getur launamaður sjálfur sótt um. Þegar upp var staðið stóð hins vegar út af að verja viðkvæma hópa í „verndarsóttkví“. Fyrst

og fremst er um að ræða einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma sem skv. ráðleggingum heilbrigðisyfirvalda halda sig heima, þungaðar konur á 36. viku og síðar sem skv. ráðleggingum heilbrigðisyfirvalda halda sig heima, foreldrar sem vegna skerts skólastarfs geta ekki sótt vinnu, alveg eða að hluta, og launafólk hjá þeim fyrirtækjum sem skv. fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda hætta starfsemi alfarið. Á lokametrunum tókst að verja foreldra 13 ára barna og yngri þegar börn þeirra þurfa að sæta sóttkví en ekki aðra hópa. Óleystur er einnig ágreiningur um réttarstöðu fólks hjá fyrirtækjum sem þurfa að loka. Nokkur fyrirtæki reyndu að bera fyrir sig force majeure, eða neyðarrétt, í þeim tilvikum. ASÍ er þeirrar skoðunar að ekki sé heimilt að víkja til hliðar ákvæðum kjarasamninga um uppsagnarfresti með vísan til force majeure af völdum COVID-19. Það sé hvorki heimilt á grundvelli almennra og ólögfesta reglna um force majeure eða með vísan til 1.mgr. 3.gr. laga nr. 19/1979 nema hvað varðar hráefnisskort hjá fiskiðjuverum og líklega ef vörur skortir til upp- eða útskipunar. Stjórnvöld hjuggu á hnútinn að hluta með því að veita fyrirtækjum sem þurftu að segja upp fólki sérstaka uppsagnarstyrki.

## **Jafnrétti á vinnumarkaði**

### **Jafnrétti kynjanna í skugga kórónaveirunnar**

Umræðan um áhrif COVID-19 faraldursins hefur aðallega verið á heilsu fólks og efnahagslegrar afleiðingar þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til til þess að hefta útbreiðslu veirunnar og bjarga mannlífum. Það er staðreynd að faraldurinn hefur haft margvísleg áhrif á samfélag okkar og meðal annars á jafnrétti kynjanna. Alþýðusamband Íslands hefur lýst yfir áhyggjum sínum á neikvæð áhrif COVID-19 á kynjajafnrétti.

### **Konur í Evrópu**

Aðstæður í löndum Evrópu eru um margt svipaðar og sannarlega eru það konur sem sinna að stærstum hluta störfum sem skilgreind eru á tímum veirunnar sem *naudsynleg grunnþjónusta*. Þar má nefna störf á spítölum, heilsugæslu, umönnun aldraðra, í skólum og leikskólum. Þjónusta í verslunum, s.s. matvöruverslunum, er einnig að stærstum hluta sinnt af konum. Það eru þessar konur sem eru í mestri smithættu og þær vinna oftast undir miklu líkamlegu og andlegu álagi. Þetta eru störf sem verður að vinna á staðnum, bjóða ekki upp á fjarvinnu og lítill sveigjanleiki, sem leiðir til þess að erfitt er fyrir konurnar að bregðast við aðstæðum heima fyrir, t.d. lokun skóla og leikskóla, veikindum og eða umönnun fjölskyldumeðlima.

Afleiðingin er oft sú að aukið álag hefur áhrif á konurnar sem hefur leitt til þess að þær þurfa að taka frí úr vinnu eða jafnvel hrökklast úr starfi. Þessar þættir hafa í flestum tilvikum í för með sér tekjumissi og þar með hættu á að

þær nái ekki endum saman. Samkvæmt gögnum frá Evrópustofnun um jafnrétti kynjanna þá eru 25% kvenna innan ESB í störfum þar sem hætta er á að þær verði fátækt að bráð. Núverandi ástand mun að öllum líkindum auka enn frekar á þá hættu.

Eitt af því sem áhrif COVID-19 hefur afhjúpað er hið grimma vanmat á hefðbundin kvennastörf sem er í engu samhengi við mikilvægi þessara starfa. Það sem einkennir flest þessi störf er að þau eru láglauastörf og áhætta og umbun því oft í öfugu hlutfalli við það sem venjulega telst eðlilegt.

### **Ofbeldi í nánum samböndum**

Ein afleiðing COVID-19 faraldursins er aukið heimilisofbeldi og eiga ríki Evrópu það öll sameiginlegt. Í sumum ríkjum Evrópu hefur aukningin verið gríðarleg, hátt í 30%. Í flestum löndum Evrópu hefur aukningin verið umtalsverð og sem dæmi má nefna að á Íslandi er aukningin 10%, samkvæmt tölum ríkislögreglustjóra, frá því í maí 2020.

Heimilisofbeldi er alvarlegt mein í samfélagi okkar og eru konur og börn helstu fórnarlömb ofbeldisins.

### **Staða kvenna – áhrif**

Það eru fjölmörg atriði hins daglega lífs sem hafa neikvæð áhrif á konur umfram karla á tímum heimsfaraldurs. Gott dæmi er að konur treysta frekar á almenningssamgöngur en karlar, sem eykur smíthættu. Þær nýta almenningssamgöngur s.s. til matarinnkaupa og að komast til og frá vinnu. Einnig hefur komið í ljós að í kjölfar COVID-19 faraldursins þá hefur aðgengi að fæðingar- og mæðraeftirliti dregist saman, sem eykur álag og áhyggjur kvenna á meðgöngu eða á konur með nýfædd börn.

Ljótasta birtingarmynd afleiðingar COVID-19 er að ríkisstjórnir hafa nýtt sér ástandið og í skjóli veirunnar reynt að draga úr réttindum kvenna, eins og t.d. pólska ríkisstjórnin sem hefur lagt aftur fram frumvarp um bann við þungunarrofi, og fella úr gildi Istanbúlsamninginn, sem er samningur um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum, sem samþykktur var á vettvangi Evrópuráðsins 2011. Tyrkneska ríkisstjórnin hefur einnig lagt til að fella úr gildi Istanbúlsamninginn.

Evrópsku verkalyðsamtökin ETUC hafa bent á að það sé mikilvægt að huga að kynjajafnrétti þegar ríki Evrópu boða aðgerðir sem ætluð eru til að rétta við samfélög og hagkerfi landanna. Þau hafa lýst yfir áhyggjum sínum að ESB hefur sett til hliðar tvær tilskipanir sem nýr framkvæmdastjóri ESB lagði áherslu á á sínum fyrstu dögum í starfi, sem eru tilskipanir um launajafnrétti og launagagnsæi.

Ofangreint eru augljós dæmi um hversu auðvelt það virðist vera fyrir vald-



hafa að ýta kynjajafnrétti til hliðar þegar það hentar. Því þarf íslensk verkalyðshreyfing að vera í fararbroddi þeirra sem berjast fyrir réttlæti og jöfnuði óháð efnahagsaðstæðum hverju sinni. Við stöndum á tímamótum og eigum að byggja samfélagið upp að nýju með jafnrétti og jöfnuð að leiðarljósi.

### **Jafnréttisþing 2020**

Á jafnréttisþingi í febrúar 2020 var fjallað um samspil jafnréttis- og umhverfismála í tengslum við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun undir yfirskriftinni Jafnrétti í breyttum heimi. Litið var til framtíðaráskorana hvað varðar tæknibreytingar, loftslagsbreytingar og nýja atvinnu- og lifnaðarhætti og velt upp hvaða áhrif þessir þættir kunna að hafa á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi. Jafnréttisráð kom að undirbúningi þingsins ásamt skrifstofu forsætisráðuneytis í jafnréttismálum og á ASÍ fulltrúa í jafnréttisráði. Forseti ASÍ, Drífa Snædal, hélt erindi, Sanngjörn umskipti í þágu jafnréttis, og tók þátt í pallborðsumræðum á jafnréttisþinginu.

### **8. mars - alþjóðlegur baráttudagur kvenna**

Að venju stóð Alþýðusambandið ásamt öðrum samtökum launafólks, félagasamtökum og stofnunum sem láta sig jafnrétti varða, að baráttufundi á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Að fundinum stóðu ásamt ASÍ; BHM, BSRB, KÍ, Kvenréttindafélagið, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð.

Yfirskrift fundarins var Baráttan heldur áfram – kjarajafnrétti og ný jafnréttislög. Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 5. mars þar sem 8. mars í ár bar upp á sunnudegi. Fundurinn var vel sóttur og stýrði honum Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM. Erindi héldu Brynhildur G. Flóvenz, dósent við HÍ, Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur BSRB, og Drífa Snædal, forseti ASÍ, sem fjallaði um kyn, völd og verkó. Þau nýmæli voru í ár að baráttufundinum var streymt á allar heimasíður þeirra sem stóðu að fundinum.

### **Endurskoðun og breytingar á lögum sem tengjast jafnrétti**

Lög um fæðingar og foreldraorlof nr. 95/2000. Nefnd var skipuð í lok árs 2019 um heildarendurskoðun laganna og á ASÍ fulltrúa í nefndinni. Nefndin stefndi að því að skila til ráðherra niðurstöðum og/eða frumvarpsdrögum fyrir haustið en vegna heimsfaraldurs þá er frestun á að svo verði. Frá því að löggin voru fyrst samþykkt, árið 2000, þá í grunninn hefur kerfið staðið fyrir sínu, þó með nokkrum breytingum. Fulltrúi ASÍ í nefndinni hefur haldið til haga stefnumáli ASÍ um eins konar „frítekjumark“, þ.e. að greiðslur til lægstlaunaða hópsins á vinnumarkaði séu óskertar. Önnur nýmæli í frumvarpsdrögum er að kveðið er á um aukinn rétt til einstæðra foreldra um tilfærslu á heildarréttindum og gert er ráð fyrir skyldu til skrásetningar foreldraorlofs. Að lokum má geta þess að



lagt er til að svigrúm til að nýta réttinn verði minnkað úr 24 í 18 mánuði og sýnir reynslan hér og erlendis að slíkt tryggi betur nýtingu orlofs óháð kyni. Jafnframt má ætla að þetta setji þrýsting á stjórnvöld að bæta dagvistunarúrræði, sem er eitt af baráttumálum ASÍ. Verkalýðshreyfingin þarf að vera á varðbergi, hún þarf að sjá til þess að vinnunni ljúki þannig að aðilar gangi sáttir frá borði og að reikningurinn vegna björgunaraðgerða stjórnvalda vegna COVID-19 verði ekki greiddur með niðurskurði s.s. fæðingar- og foreldraorlofs.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Vinna við heildarendurskoðun á lögumum hófst í lok árs 2019. Fulltrúar ASÍ áttu sæti í þremur af fjórum starfshópum sem skipaðir voru til að fara yfir ákvæðna kafla laganna. Starfshóparnir voru; Launajafnrétti og vinnumarkaður, Stjórnsýsla jafnréttismála og Bann við mismunun á grundvelli kyns. ASÍ átti ekki fulltrúa í starfshópnum sem fjallaði um Kæruleiðir og viðurlög. Starfshóparnir skiluðu sinni vinnu í júní og drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga var lagt fram í samráðsgátt í júlí og á að leggja frumvarpið fram á haustþingi 2020.

Margvíslegar breytingar eru lagðar til í drögum að nýjum heildarlögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Helst er að nefna að eftirlit með jafnlaunavottun er ekki lengur á ábyrgð samtaka aðila vinnumarkaðarins. Jafnréttisstofa mun hafa það eftirlitshlutverk, að fylgjast með því að fyrirtæki eða stofnun öðlist jafnlaunavottun eða jafnlaunastaðfestingu. Jafnlaunastaðfesting er fyrir fámennari fyrirtæki og stofnanir sem er staðfesting sem Jafnréttisstofa veitir að undangengnum skilum á gögnum um jafnlaunakerfi fyrirtækis eða stofnunar sem uppfyllir ákvæðnar fyrirfram skilgreindar kröfur.

Í umsögn ASÍ um drögin að nýju heildarlögumum telur sambandið að brýnt sé að stíga stærri skref í átt að auknu launagagnsæi. Í núgildandi lögum er ákvæði sem ætlað er að tryggja rétt launafólks til að skýra frá launakjörum sínum ef það kys svo og er sambærilegt ákvæði í drögum að nýjum heildarlögum. Erfitt er að álykta um áhrif þessarar reglu á þróun launa-jafnréttismála undanfarinna ára. Einn mælikvarði er að skoða dóma- og úrskurðarframkvæmd og þar hefur greinin aldrei komið til skoðunar. Umræða um launagagnsæi og launaleynd er í eðli sínu sú sama og því eðlilegt að mati ASÍ að ræða þetta tvennt saman við heildarendurskoðun laganna. Aukið skref í átt að launagagnsæi er að mati ASÍ raunhæf og skynsöm leið sem virkar í baráttunni gegn kynbundnum launamun.

### **Aðgerðarhópur – áreitni og ofbeldi á vinnustöðum**

Baráttufundir voru haldnir um land allt, að tilstuðlan verkalýðshreyfingarinnar og kvennahreyfingarinnar, 24. október 2018 til að fylgja eftir bylgju frásagna kvenna af kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum sem deilt hafði verið

á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #metoo. Í framhaldi varð til aðgerðarhópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Fyrsta verk aðgerðarhópsins var að láta vinna rannsókn á algengi og eðli eineltis og áreitni á íslenskum vinnumarkaði. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann rannsóknina þar sem sérstök áhersla var lögð á að safna upplýsingum um hópa sem rannsóknir sýna að séu útsettir fyrir áreitni og einelti á vinnustað, svo sem innflytjendur, fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu. Viðamikil rannsóknarskýrsla var kynnt í október 2019 – Valdbeiting á vinnustað.

Í framhaldi skýrslunnar er verkefni aðgerðarhópsins meðal annars að koma á fót og fylgja eftir aðgerðum á vinnumarkaði sem miða að því að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Vinna aðgerðarhópsins hefur legið niðri um tíma vegna kórónuveirufaraldursins, en stefnt er að því að aðgerðaráætlun sem tekur sérstaklega á forvörnum, fræðslu og bættri málsmeðferð mála liggja fyrir á næstu mánuðum.

## **Baráttan gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði**

Frá árinu 2016 hafa Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess staðið að verkefninu Einn réttur - ekkert svindl! Verkefninu er beint gegn undirboðum og svartri atvinnustarfsemi með áherslu á erlent starfsfólk og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði.

Íslenskur vinnumarkaður hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Efnahagslegur uppgangur hefur leitt til verulegrar fjölgunar starfa og þá sérstaklega í atvinnugreinum á borð við ferðaþjónustu og mannvirkjagerð. Innlent starfsfólk hefur ekki nægt til að bregðast við aukinni þörf vinnuafis. Við því hefur verið brugðist með aðkomu fólks erlendis frá sem hefur að stórum hluta staðið undir hagvexti síðustu ára.

Alþýðusambandið hefur undanfarin misseri bent á að erlent starfsfólk leggur mikið til samfélagsins og ljóst að sá hagvöxtur sem hér hefur verið síðustu misseri er að stórum hluta drifinn áfram af þeirra framlagi til atvinnulífsins. Efnahagslegur uppgangur og þróun á vinnumarkaði á sér hins vegar dekkri birtingarmyndir.

Alþýðusambandið og aðildarfélag þess verða æ oftar áskynja um stækkingu hóp vinnandi fólks sem er berskjaldað gagnvart brotum atvinnurekenda á réttindum þess. Stéttarfélag þurfa í auknum mæli að glíma við brotastarfsemi af ólíkum toga á vinnumarkaði, kerfisbundinn launaþjófnað, undirboð á vinnumarkaði, kennitölufلاك, svarta atvinnustarfsemi og því miður, vinnu-mansal.

Slík brotastarfsemi grefur undan heilbrigðum vinnumarkaði og grunnstöðum samfélagsins. Hún felur í sér kúgun sem leiðir til fátæktar og aukinnar misskiptingar.

Eins og áður er vandinn stærstur í helstu vaxtargreinunum í íslensku atvinnulífi, byggingariðnaði og mannvirkjagerð og í ferðaþjónustunni. Þó eru aðrar greinar ekki óhultar, t.d. ýmsar þjónustugreinar, í þrífum, bílaþvotta-stöðvar, verkstæði og fleiri aðrar. Brotastarfsemin beinist einkum að þeim hópum sem síður þekkja réttindi sín eða eru í veikri stöðu til að sækja rétt sinn, t.d. ungt fólk, aðflutt verkafólk og tekjulágir. Þar eru útlendingar mest áberandi en einnig ungt fólk að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði.

COVID-19 hefur valdið algjöru hruni í ferðaþjónustu á Íslandi og mjög hefur dregið úr framkvæmdum í byggingariðnaði. Þrátt fyrir það voru innflytjendur í júní 2020 um 17% af öllum starfandi á íslenskum vinnumarkaði en höfðu verið 19% árið 2019, samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands.

Atvinnurekendur hafa í auknum mæli sótt vinnuaf til austari hluta Evrópu, ríkja utan EES, oft frá fátækum ríkjum Austur-Evrópu og Asíu:

- Þar sem kjör, önnur starfsréttindi og aðbúnaður eru allt önnur og lakari en hér þekktist.
- Þar sem vinnumarkaðurinn er illa skipulagður, stéttarfélögin veik og kjarasamningar annaðhvort ekki til staðar eða þeir tryggja lítil og mjög takmörkuð réttindi.

Því miður eru mýmörg dæmi þess að atvinnurekendur fylgi ekki reglum um að sækja um atvinnuleyfi, kennitölur eða tilkynna um innflutning vinnuafslins til viðeigandi stofnana. Samkvæmt 22. gr. laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga eru tilteknir útlendingar undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi samkvæmt lögnum. Eftirfarandi útlendingar eru undanþegnir kröfunni um atvinnuleyfi og því heimilt að starfa hér á landi án takmarkana, þ.e. án þess að þurfa að fá útgefið atvinnuleyfi:

- Útlendingar sem falla undir samning Evrópska efnahagssvæðisins, fríverslunarsamnings Evrópu og samnings Íslands, Danmerkur og Færeyja
- Útlendingar með ótímabundið dvalarleyfi
- Erlendir makar og sambúðarmakar íslenskra ríkisborgara og börn þeirra að átján ára aldri
- Útlendingur sem hefur fengið dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar
- Útlendingar í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja

Þessum útlendingum er því heimilt að starfa hjá hvaða atvinnurekanda sem er án þess að þurfa að fá útgefið atvinnuleyfi og starfa sem sjálfstætt starfandi einstaklingur kjósi það.

Mikilvægt er að starfsmenn stéttarfélaganna og eftirlitsfulltrúar séu meðvitaðir um hvaða lönd eru undanþegin atvinnuleyfi en þau eru:

Austurríki	Noregur
Bretland	Pólland
Danmörk	Portúgal
Finnland	Rúmenía
Færeyjar	Slóvakía
Holland	Slóvenía
Ítalía	Spánn
Kýpur	Sviss
Liechtenstein	Svíþjóð
Lúxemborg	Tékkland
Malta	Ungverjaland

Þrátt fyrir að ASÍ, stéttarfélög og fjölmiðlar hafi flett ofan af mörgum málum virðast of margir atvinnurekendur, íslenskir sem erlendir, stunda skipulagðan launaþjófnað, undanskot og glæpastarfsemi. Aðferðir eru þróaðri og brotastarfsemin er ósvífarnari en áður og í sumum tilfellum er um skipulagða glæpastarfsemi að ræða.

Sem dæmi má nefna að ráðningarsamningar, launaseðlar og tímaskrift virðist í lagi við skoðun en síðar kemur í ljós að pappírarnir eiga ekki við rök að styðjast.

Þá má einnig nefna að aðbúnaði starfsfólks er oft mjög áfátt eða óviðunandi. Síðustu ár hafa vinnumannsáttak í auknum mæli verið að skjóta upp kollinum. Oftast eru það eftirlitsfulltrúar ASÍ og aðildarsamtakanna sem eiga fyrstu aðkomu að slíkum málum, grunur vaknar um slíkt í vinnustaðaeftirliti og í framhaldi er málið tekið lengra.

Í mörgum tilfellum getur starfsfólk ekki gert sig skiljanlegt því það talar hvorki né skilur annað tungumál en sitt eigið, sem getur verið rúmenska, pólska, albanska, rússneska eða annað.

Við þetta bætist síðan hópur ungs fólks sem er að koma hingað til lands í ævintýraleit og til að kynna landi og þjóð. Þjóða sig fram eða er boðið að starfa sem sjálfboðaliðar upp á fæði og húsnæði en er síðan látið vinna störf sem á að launa í samræmi við kjarasamninga og lög.

ASÍ hefur jafnframt bent á að erlent starfsfólk hefur ekki sömu tengsl og þekkingu og þeir sem alast upp hérlendis. Það er því mikilvægt að stéttarfélagin séu meðvituð um hvar erlent fólk er að störfum. Þau þurfa að vinna að tengslamyndun við starfsfólkið. Stéttarfélagin hafa heimild til þess að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði til þess að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsfólk starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga.

Hlutverk eftirlitsferða stéttarfélaganna er að stórum hluta að veita upplýsingar og byggja upp traust. Vinnustaðaheimsóknir og eftirlit eftirlitsfulltrúa stéttarfélaga er mikilvægur hlekkur til að koma á framfæri fræðslu og upplýsingum um að stéttarfélög veita þeim aðstoð ef á þarf að halda. Þetta má gera með heimsóknum, viðtölum og útteilingu bæklinga er varða réttindi þeirra. Þar gefst einnig tækifæri til að benda á ýmis önnur réttindi, t.d. að starfsfólk nýti sér íslenskunám o.fl.

Oft er útlendingunum kerfisbundið haldið frá samfélaginu og upplýsingum varðandi þau kjör og réttindi sem hér gilda, þeim er hótad atvinnumissi og jafnvel einhverju enn þá verra ef þeir reyna að leita réttar síns. Í bygg-ingariðnaði er vinnuhópum jafnvel skipt út á 2-3 vikna fresti meðan á verkefni stendur. Þessir starfsmenn stoppa því stutt við í hvert sinn, eru keyrðir til og frá vinnu og munu aldrei fá tækifæri til að nýta t.d. rétt til íslenskunáms.

Af þeim málum sem ASÍ og stéttarfélagin hafa fengið inn á borð til sín kemur berlega í ljós að nútímaþrælahald, vinnumansal eða mansal er staðreynd á Íslandi. Hingað til hefur því miður gengið illa að koma þeim málum í farveg m.a. vegna skorts á úrræðum og verkreglum af hendi stjórnýslunnar.

Í samræmi við þingsályktun um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, sem samþykkt var á Alþingi í júní 2019, fól félagsmálaráðuneytið Bjarkarhlíð umsjón með framkvæmdarteymi um mansalsmál, sem áður hafði verið leitt af félagsmálaráðuneytinu. Um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs. Hlutverk Bjarkarhlíðar er að kalla aðila máls til fundar þar sem farið er yfir stöðu máls og næstu skref með það að markmiði að tryggja þolendum víðeigandi velferðarþjónustu eins fljótt og auðið er. Teymið fundaði í lok júlí með aðkomu verkefnastjóra vinnustaðaeftirlits ASÍ og aðildarfélaganna. Þar kom m.a. fram að tvö mansalsmál sem tilkynnt höfðu verið til Bjarkarhlíðar væru til rannsóknar og féllu undir skilgreiningar um vinnumansal. Það er því von ASÍ að nú sé kominn farvegur fyrir það að rétt verði tekið á þessum erfiða málaflokki til framtíðar.

Ljóst er að mikilvæg forsenda árangurs í baráttunni gegn brotastarfsemi gagnvart útlendingum er samstarf og samvinna við aðra aðila sem skyldum hafa að gegna varðandi upplýsingamiðlun, eftirlit og eftirfylgni, t.d. Vinnu-

málastofnun, Vinnueftirlitið, Ríkisskattstjóra og lögregluna, Samtök atvinnurekenda, Samtök ferðaþjónustunnar o.fl., stéttarfélögin og samfélagið allt. Í vor var leitað til Bændasamtakanna eftir samstarfi til að koma á vitundarvakningu innan þeirra raða. Unnið er að sameiginlegri yfirlýsingu til að vekja athygli á að farið skuli eftir kjarasamningum og koma í veg fyrir ólöglega nýtingu sjálfboðaliða í og við ferðaþjónustu- og landbúnaðarstörf.

Eins og áður hefur komið fram eru eftirlitsfulltrúar ASÍ oft fyrstu aðilar að brotastarfsemi á vinnumarkaði og þeim ber að tilkynna möguleg brot til ASÍ og viðeigandi stofnana. Vinnustaðaheimsóknir og eftirlit ASÍ og aðildarfélaganna veitir því mikið aðhald og aukin virkni eftirlits vekur athygli samfélagsins og stjórnsýslustofnana á viðkvæmum og erfiðum málaflokki.

Því hefur Vinnustaðaeftirlit ASÍ og aðildarfélaganna verið eftl á síðustu misserum, það gert meira miðlægt og þannig er betur stutt við eftirlitsfulltrúa á vettvangi, teymisvinna verið aukin sem og sameiginlegt eftirlit með t.d. Vinnumálastofnun, Vinnueftirliti, lögreglu og slökkviliði ef við á.

Í verkefnastýringu „EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!“ felst m.a. að halda utan um og leiða stefnumótun og þróun á skipulagi og framkvæmd vinnustaðaeftirlitsins af hálfu verkalýðshreyfingarinnar og vera í ábyrgð fyrir daglegu samstarfi við samstarfsaðila utan verkalýðshreyfingarinnar. Verkefnastjóri er í raun samþættingarstjóri vinnustaðaeftirlits ASÍ og aðildarfélaganna, hvort sem er inn á við eða út á við. Verkefnið er í sífellu endurmati, til að hægt sé að efla það og þróa áfram.

Helstu áherslur með verkefninu hafa einkum verið á eftirtalda þætti:

- Upplýsa fyrirtæki um skyldur þeirra og ábyrgð: Bæði íslensk notendafyrirtæki og erlend þjónustufyrirtæki.
- Upplýsa erlent launafólk um réttindi þess og skyldur og íslenskan vinnumarkað.
- Upplýsa Íslendinga um afleiðingar brotastarfseminnar.
- Efling vinnustaðaheimsókna stéttarfélaganna og eftirlit á vinnustöðum í samstarfi við aðila sem málið varðar. Markmiðið er að miðla upplýsingum, kanna aðstæður og fylgja málum eftir og koma á framfæri upplýsingum um brot á starfsmönnum.

## **COVID-19**

Á síðasta starfsári hefur COVID-19 haft mikil áhrif á störf eftirlitsfulltrúa, innri uppbyggingu starfsins og verkefnisins „EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!“.

*Vinnustaðaeftirlitið:*

Hefðbundnar eftirlitsferðir voru stöðvaðar snemma vors og var það gert í

samræmi við ráðleggingar almannavarnateymis. Einungis var sinnt þeim tilkynningum sem taldar voru að bregðast þyrfti við strax og þess krafist að eftirlitsfulltrúar viðhefðu ýrustu varkárni, spritt og hanskar við höndina í eftirlitsbíl, grímur ef þörf væri á o.s.frv. Eftirlitið var byrjað að fara af stað aftur eftir sumarfrí og vegna nýrrar bylgju COVID-19 smita í samfélaginu hafa fyrri varúðarreglur verið hafðar að leiðarljósi og verða svo meðan óvissuástand ríkir. Eftirlitsfulltrúar hafa meira sinnt skrifborðseftirliti og ákveðinni rannsóknarvinnu sem undirbúningi fyrir það að hefja starfið að fullu aftur.

#### *Námskeið og árlegur fundur:*

Undirbúningur var hafinn fyrir námskeið og fund/vinnusmiðju eftirlitsfulltrúa í vor, en COVID-19 sló þær fyrirætlanir út af borðinu. Í undirbúningi er að halda nokkur stutt námskeið gegnum fjarfundarkerfi í vetur.

Í vor var gerð könnun meðal skráðra eftirlitsfulltrúa varðandi óskir um námskeið sem þeir vildu helst sækja. Spurningum var skipt upp í þrjá flokka og neðangreind námskeið skorðu hæst í hverjum flokki um sig.

#### *Spurt hvernig námskeið eftirlitsfulltrúi vildi helst sækja?*

Starfsmannaleigur + starfsmenn starfsmannaleiga í aukinni hættu

1. Vinnumansal - einkenni-viðbrögð-eftirfylgni
2. Atvinnu- og dvalarleyfi - hver má vinna og hver ekki - skilyrði/gögn/ EES vs 3ja ríkis borgarar -Skráning erlendra launamanna/utan EU

#### *Spurt um áhuga á námskeiðum sem snúa að lögum og aðgerðum gegn brota-fyrirtækjum*

Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði, launaþjófnaður og brotastarfsemi

1. Kjarasamningar almennt - hvað ber að kanna til að skoða hvort launaþjófnaður eigi sér stað
2. Svört vinna - hvar liggur ábyrgðin - einkenni-viðbrögð-eftirfylgni

#### *Spurt út í námskeið er varða verklag, hjálfun og samskipti, sjálfstyrkingu eftirlitsfulltrúa*

Vinnustaðaeftirlit og heimildir eftirlitsfulltrúa

1. Verklagsreglur eftirlitsfulltrúa
2. Að eiga við erfiða einstaklinga - dýpri nálgun

Gert er ráð fyrir að í vetur verði boðið upp á net-, fyrirlestra- og námskeið m.v. þessar óskir.

#### *Hringferð verkefnastjóra:*

Fyrirhugað hafði verið að verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits tæki hús hjá eftirlitsfulltrúum stéttarfélaganna þar sem farið væri yfir stöðu og færi gæfist til spjalls og ráðagerða. Sökum COVID-19 varð ekki af ferðinni.

Þess í stað verður virkum eftirlitsfulltrúum boðið í netspjall við verk-

efnastjóra á næstu vikum, þar sem hægt verður að fara yfir málin og taka stöðuna.

Önnur verkefni „EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!“.

Töluverð aukning varð í eftirlitsfulltrúateyminu, á tímabilinu 1. október 2019–1. september 2020 voru 19 nýskráðir eftirlitsfulltrúar, auk þeirra bættust við skoðunaraðilar FINNS frá Ríkisskattstjóra, Vinnumálastofnun og frá Lög-  
reglunni.

- Eftirlitsfulltrúaskírteini voru gefin út með breyttu og fagmannlegra sniði. Kennitala eftirlitsfulltrúa var tekin út en í staðinn er hver eftirlitsfulltrúi með sitt númer, líkt og tíðkast í lögreglunni. Keyptur var sérstakur kortabúnaður sem geymir upplýsingar, mynd og númer eftirlitsfulltrúa og prentar út á plastskírteini sem eftirlitsfulltrúar bera á sér í hálsbandi eða við belt.
- Tekinn var upp einkennisfatnaður eftirlitsfulltrúa, léttir primaloft-jakkar með sérhönnuðu og saumuðu merki í ermi jakkans, „Einn réttur – ekkert svindl“ Vinnustaðaeftirlit. Einkennisjakkarnir voru greiddir af verkefniinu Einn réttur – ekkert svindl.
- Starfs- og verklýsingar eftirlitsfulltrúa eru í endurskoðun og verða uppfærðar til að samræma vinnubrögð eftirlitsfulltrúa.
- Skipulagning og samhæfing aðgerða ASÍ og aðildarfélaganna og samstarfs við aðra hagsmunaaðila er varða vinnustaðaeftirlitið.
- Unnið hefur verið að meira samræmi og miðlægni er varðar verklag, teymisvinnu, samstarf við lögreglu og aðra eftirlitsaðila á vinnumarkaði.
- Teymisvinna hefur verið aukin milli stéttarfélaga um sameiginlegt eftirlit og hefur verið farið þvert á landsvæði og þvert á atvinnugreinar. Ætlunin er að vinna enn frekar að þeim möguleika að auka teymisvinnu. Slíkt samstarf styrkir vinnustaðaeftirlitið og er stefnt að því að auka möguleika á slíku samstarfi. Þannig má ná meiri hagræðingu, aukinni tíðni, betri yfirsýn og minnka hættuna á hagsmunaárekstrum sem t.d. smærri félög búa við. Þau mál sem upp koma fara eftir sem áður til viðeigandi stéttarfélags til frekari úrlausnar.
- Aukin samvinna var innleidd í vinnustaðaeftirlitinu hjá iðnfélögum 2F. Markmiðið er að auka skilvirkni og gera eftirlitsstarfið markvissara.
- Félag leiðsögumanna fór vel af stað á árinu, skráðir voru 3 eftirlitsaðilar og var jafnframt unnið að samstarfi við stéttarfélög vegna erlendra leiðsögumanna og bílstjóra. Ljóst er að hrun í ferðaþjónustu vegna COVID-19 muni þó hafa veruleg áhrif á þrek félagsins.
- Aukinn áhugi og samvinna er hjá samstarfsaðilum sem sinna eftirliti til að fylgja málum eftir.



- Mörg mál hafa komið upp er varða brotastarfsemi á vinnumarkaði. Þar má nefna holskeflu mála vegna COVID-19. Þegar hlutabótleiðin var boðin var nokkuð um að starfsmenn sem voru settir á 25% laun væru látnir vinna áfram sem um 100% starfshlutfall væri að ræða o.fl.
- Nokkur meint vinnumansalsmál hafa komið upp, þ.m.t. hefur þurft að senda lögreglu til að bjarga fólki úr óviðunandi aðstæðum. Tveimur meintum vinnumansalsmálum var vísað til Bjarkarhlíðar í júlí. Á fundi í ágúst er ánægjulegt að segja frá því að bæði málin eru til rannsóknar sem vinnumansalsmál. Enn vantar aðeins upp á að tekið sé betur utan um þolendur sem þora ekki að leggja fram formlega kæru vegna hótana frá fyrrum vinnuveitanda.
- Samstarfssamningur við Isavia var undirritaður og samstarf hafið um framsetningu á upplýsingaefni til útlendinga sem koma til starfa á Íslandi. Í Leifsstöð var komið fyrir bæklingum um réttindi á vinnumarkaði og athygliauglýsingar settar upp á skjáhvílum í komusál Leifsstöðvar. Markmiðið er að auka meðvitund vinnandi fólks um réttindi sín og fyrirbyggja launaþjófnað og önnur brot á íslenskum vinnumarkaði.
- Jafnframt var í samstarfi við ISAVIA veitt heimild til ákveðinna eftirlitsfulltrúa að haftasvæði í Leifsstöð. Þeir eftirlitsfulltrúar fóru í bakgrunnathugun og á námskeið en fengu síðan allsherjaraðgangspassa og geta því farið óhindrað í vinnustaðaeftirlit á viðkomandi haftasvæði.
- FINNUR, gagnagrunnur vinnustaðaheimsóknna, var uppfærður og gerður skilvirkari til eftirfylgni mála, bæði fyrir eftirlitsfulltrúa sem og samstarfsaðila í vinnustaðaeftirliti. Þá var eldri gögnum eytt út til að auka hraða og gæta að persónuverndarlögum.
- Gagnagrunn fyrir eftirlitsfulltrúa er að finna á innri vef ASÍ undir heitinu „Vinnustaðaeftirlit“ og hefur miklu efni verið bætt þar inn.
- Á vefnum [www.ekkertsvindl.is](http://www.ekkertsvindl.is) er unnið að endurskoðun efnis ásamt þýðingum á fleiri tungumál.
- Ábendingahnappur vefsins er töluvert notaður til að koma á framfæri ábendingum og fyrirspurnum til ASÍ.
- Samræður og samvinna hefur átt sér stað við aðra aðila sem koma að eftirlitinu, RSK, VMST, VER, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og fleiri en mikilvægt er að festa einhvers konar samkomulag um samstarf.
- Aukin vitundarvakning hefur orðið til þess að meistara- og doktorsnemar sækja í auknum mæli eftir viðtölum, ábendingum og ráðleggingum um stöðuna á vinnumarkaði í dag, brotastarfsemi, útlendinga á vinnumarkaði og fleira til að vinna að í rannsóknum sínum. Er það ánægjuleg framför því oft rata þessar rannsóknir í fjölmiðla og þannig er aukin vitund um málefnið.

- Unnið er að endurskoðun bæklinga ásamt þýðingum á fleiri tungumál.
- Aukin samvinna, samþætting og stuðningur við eftirlitsfulltrúa hefur eft vinnustaðaeftirlitið. En þrátt fyrir að eftirlit sé í nokkuð föstum farvegi er ljóst að enn er þörf á öflugum og markvissum aðgerðum gegn brotastarfseminni.

Viðfangsefnið er:

Að tryggja kjör og réttindi á íslenskum vinnumarkaði fyrir alla sem hér starfa, þ.m.t. útlendinga sem hingað koma og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði.

- Að tryggja starfsemi og eðlilega samkeppnisstöðu fyrirtækja sem virða kjarasamninga og lög og þau viðmið og samskipti sem gilda á íslenskum vinnumarkaði og eru kjölfestan í íslensku atvinnulífi.  
.Að tryggja að sameiginlegir sjóðir samfélagsins fái sitt til að fjármagna m.a öflugt heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfi.

Leggja verður áherslu á einföld og skýr skilaboð; það tapa allir á undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi nema svindlararnir. Markmiðið er að allur þorri landsmanna styðji baráttuna gegn brotastarfseminni með virkum hætti.

Reynslan sýnir að veikasti hlekkurinn er eftirfylgni og að brotastarfsemin sé stöðvuð ef ekki vill betur.

Mikilvægi vinnustaðaeftirlits og starfa eftirlitsfulltrúa kemur æ sterkar í ljós. Þeir standa vörð um og vernda heilbrigðan vinnumarkað, eru til staðar fyrir félagastéttarfélaganna og hefta að vinnuhrottar stundi launaþjófnað og þrælalald.

## **Aðgerðir gegn kennitölflakki**

Í júní 2017 kynntu ASÍ og SA sameiginlegar tillögur með það að markmiði að stöðva kennitölflakk (hjálagt fylgir texti sem ráðherrunum var afhentur til nánari skýringar). Tillögurnar byggja í grunninn á sömu nálgun og er að finna í löggjöf annarra Norðurlanda, einkum Danmerkur og Noregs. Tillögurnar eru í sjö liðum og ganga m.a. út á heimild til þess að svipta þá einstaklinga, sem teljast vanhæfir á grundvelli óverjandi viðskiptaháttá eða rökstudds gruns um refsiverðan verknáð í tengslum við atvinnurekstur, tímabundið heimild sinni til þess að taka þátt í stjórnun félags með takmarkaðri ábyrgð (hf./ehf.) enda standi ríkir almannahagsmunir fyrir réttindasviptingunni – „atvinnurekstrarbann“. Sama gildir um skuggastjórnendur.

Eftir að aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ tók upp málið á vettvangi sam-

starfshóps félagsmálaráðherra um undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði í lok árs 2018 komst skriður á málið og í maí var lagt fram frumvarp af hálfu dómsmálaráðherra um breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti með nýjum kafla þar sem kveðið er á um möguleika skiptastjóra til að krefjast atvinnurekstrarbanns til þriggja ára á þann sem komið hefur að stjórnun gjaldþrota félags 18 mánuði fyrir frestdag.

Þetta er í anda þeirra tillagna ASÍ og SA. Mælt var fyrir frumvarpinu 18. maí 2020 og gefin loforð um að það næði fram að ganga á vorþingi. Svo var ekki og virðist vera andstaða innan ríkisstjórnarinnar við það að frumvarpið nái að verða að lögum. Málið er þó eitt þeirra sem rataði inn í lífskjarasamninginn og er þar með háð endurskoðunarákvæðum samningsins.

## **Aðgerðir gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði**

Í skýrslu forseta ASÍ 2019 er fjallað ítarlega um niðurstöður samstarfshóps félags- og barnamálaráðherra, skipaður fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, sem skilaði tillögum og greinargerð um aðgerðir gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði 31. janúar 2019. Eins og þar kemur fram eru tillögurnar í fullu samræmi við áherslur Alþýðusambandsins. Einhugur er um að stöðva verði kennitölufلاك með öllum tiltækum ráðum. Bent er á að taka þurfi á vinnumansali og nauðungarvinnu af festu og fórnarlömbum tryggður fullnægjandi stuðningur og vernd. Þá er lagt til að keðjuábyrgð verði skylda í opinberum innkaupum, sem varð að veruleika 1. janúar 2020.

Fjöl margar tillögur aðrar eru settar fram sem hafa að markmiði að sporna gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði, með bættri löggjöf og öflugri eftirfylgni.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til stuðnings lífskjarasamningunum voru tillögur hópsins teknar upp í heild sinni, auk þess sem áréttað var um „Heimildir til refsinga verði auknar, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, ef atvinnurekandi brýtur gegn lágmarkskjörum launamanns“.

Á haustmánuðum 2019 hófst vinna á vettvangi félagsmálaráðuneytisins með þátttöku fulltrúa ráðuneytisins, stjórnvaldsstofnana og aðila vinnumarkaðarins við að hrinda í framkvæmd þeim þáttum í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um félagsleg undirboð sem falla undir félagsmálaráðuneytið undir forystu Jóns Sigurðssonar, fv. ráðherra. Fundað var stíft og þegar kom fram á veturinn var ljóst að til að ná yfir alla þætti málsins með fullnægjandi hætti væri rétt að stefna að nýrri löggjöf um starfskjör launafólks, sem byggði í grunninn á lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í desember 2019 var vinnan langt komin og útlínur og efni frumvarps að

mestu komin ef frá er talið lykilatriði sem sett var fram af hálfu Alþýðusambandsins um hlutlæga bótaábyrgð eða févítí. Krafa ASÍ er að inn í frumvarpið verði felld regla sem kveður á um að það launafólk sem verður fyrir einbeittum launabjórnaði verði að einhverju leyti bættur skaðinn með því að höfuðstóll kröfu þess verði tvöfaldur. Tillaga ASÍ er að í lögnum sé grein sem orðist svo:

### **Hlutlæg bótaábyrgð – févítí**

Atvinnurekandi sem brýtur gegn lágmarkskjörum launamanns sbr. x. mgr. x. gr. skal greiða viðkomandi févítí sem nemur 100% af höfuðstól gjaldfallinnar kröfu nema málefnalegar réttlætíngarástæður séu fyrir hendi.

Í skýringum sem fylgja segir:

Hér komi „Hlutlæga bótaábyrgðin/févítíð“ inn.

Málefnalegar réttlætíngarástæður:

- Mistök sem eru leiðrétt svo fljótt sem auðið er þegar upp kemst og ekki eru ítrekuð.
- Einnig þegar um er að ræða túlkunarágreining milli samtaka launafólks og atvinnurekenda sem gerðu viðkomandi kjarasamning.
- Þetta á hins vegar ekki við (þ.e. málefnalegar réttlætíngarástæður) þegar um ítrekuð brot er að ræða sem áður hefur verið upplýst um.
- Einnig þegar brot eru upplýst og atvinnurekandi leiðréttir ekki gagnvart öðrum starfsmönnum í sömu stöðu heldur aðeins þeim sem sækir/sækja rétt sinn.
- Sama gildir þegar um augljósa og einbeitta brotastarfsemi er að ræða, svo sem vinnumansal og nauðungarvinnu.

Af hálfu Samtaka atvinnulífsins var hafnað að ræða þessa tillögu ASÍ og ráðuneytið treysti sér ekki til að skera á hnútinn. Í byrjun árs 2020 var málið til umræðu á vettvangi forystu ASÍ og SA en það skilaði heldur engum árangri og má segja að vinnan við frumvarpið hafi meira og minna stoppað þar.

Staðan nú í byrjun september 2020 er sú að fyrir liggur að mestu tilbúið frumvarp til nýrra starfskjaralaga sem byggir á tillögnum frá janúar 2019 og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eins og það snýr að félagsmálaráðuneytinu. Það sem stendur út af er krafan um févítíð og að klára ákveðin atriði varðandi aðkomu Vinnumálastofnunar og eftirfylgd með brotstarfsemi á vinnumarkaði.

### **Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninganna og eftirfylgni**

Í kafla um félagsleg undirboð eru 11 tölusettar tillögur (21–31) um aðgerðir

gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði. Þar er að finna tillögurnar 10 frá samstarfsnefnd félags- og barnamálaráðherra, auk tillögu ASÍ um refsingar/févíti vegna launaþjófnaðar. Frumvarp er tilbúið en þegar þetta er ritað er beðið eftir niðurstöðu í févítismálum sem ekki hefur náðst samstaða um við SA. Hér á eftir er gerð grein fyrir tillögunum 11 og eftirfylgni með þeim:

21. *Tekið verði á kennitöluflakki á skilvirkan hátt. Lagðar verði til grundvallar sameiginlegar tillögur Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands, svo og tillögur ríkisskattstjóra. Í tillögunum er m.a. kveðið á um heimild til að setja forsvarsmenn fyrirtækja í tímabundið bann við þátttöku í stjórnun félaga með takmarkaða ábyrgð við tilteknar aðstæður (atvinnurekstrarbann) og auk þess er skert á fjölmörgum öðrum atriðum.*

Fjallað er um eftirfylgni vegna baráttunnar gegn kennitöluflakki sérstaklega hér á eftir.

22. *Heimildir til refsinga verði auknar, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, ef atvinnurekandi brýtur gegn lágmarkskjörum launamanns.*

Verkefnið er hluti af viðfangsefnum nefndar aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda sem ætlað er að fylgja eftir þeim verkefnum sem heyra undir félagsmálaráðherra.

23. *Komið verði upp föstum samráðshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem beri ábyrgð á sameiginlegri stefnumótun um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.*

Sjá athugasemd við tölulið 22.

24. *Þau stjórnvöld sem fara með valdheimildir á vinnumarkaði (lögreglan, ríkisskattstjóri, Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun) geri með sér formlegt samkomulag um skipulegt samstarf gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Formbundið verði reglulegt samráð og samstarf þessa samstarfsvettvangs við aðila vinnumarkaðarins um stöðumat, greiningu og sameiginlegt vinnustaðaeftirlit.*

Sjá athugasemd við tölulið 22.

25. *Útfært verði hvernig megi fyrirbyggja alvarleg og/eða útrekuð brot gegn starfsmönnum með því að útvíkka refsíábyrgð lögaðila og fyrirsvarsmanna.*

Sjá athugasemd við tölulið 22.

26. *Stjórnvöldum verði veittar lagaheimildir til að taka á brotastarfsemi, m.a. með þvingunarúræðum og stjórnvaldsviðurlögum.*

Sjá athugasemd við tölulið 22.

27. *Sett verði skylda til keðjuábyrgðar í lög um opinber innkaup.*

Frumvarp var lagt fyrir Alþingi í desember 2018 um „heimild“ til keðju-

ábyrgðar. Lög voru samþykkt 6. maí 2019 um keðjuábyrgð sem skyldu og kemur hún til framkvæmda 1. janúar 2020. Þá er á vegum fjármálaráðuneytisins unnið að leiðbeiningum fyrir ríkisfyrirtæki og stofnanir og sveitarfélögin um framkvæmdina. ASÍ tekur þátt í þeirri vinnu.

Sjá athugasemd við tölulið 22.

28. *Komið verði í veg fyrir brotastarfsemi á vinnumarkaði undir formerkjum starfsnáms eða sjálfboðaliðastarfsemi og markaður skýr rammi um hvað skuli heimilað undir þeim formerkjum.*

Sjá athugasemd við tölulið 22.

29. *Kortlagðar verði með skipulegum hætti þær lagaheimildir sem stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafa til að skiptast á gögnum og upplýsingum og gefin út handbók fyrir starfsmenn sameiginlegs vettvangs. Veittar verði viðbótarlagaheimildir eins og tilefni kann að verða til.*

Sjá athugasemd við tölulið 22.

30. *Tryggð verði videigandi aðstoð og vernd fyrir fórnarlömb vinnumannsals og nauðungarvinnu. Aðgerðaáætlun gegn mansali liggja fyrir og henni verði framfylgt. Endurskoðuð verði skilgreining á mansali, sett í lög bann við nauðungarvinnu og refsiakvæði til að tryggja skilvirka framkvæmd.*

Forseti ASÍ leiddi hóp um forvarnaraðgerðir gegn mansali sem skilaði af sér í janúar 2020, Bjarkarhlíð hefur verið skilgreind sem miðstöð fyrir þolendur mansals en aðgerðaráætlun hefur enn ekki litið dagsins ljós.

31. *Bætt verði verulega upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna, t.a.m. með stofnun ráðgjafarstofu og aukinni upplýsingagjöf á vefnum. Einnig verði skipulögð upplýsingagjöf til atvinnurekenda um starfskjör.*

Búið er að eyrnamerkja fjármuni í þessa starfsemi og ráðuneytið leitar nú að húsnæði og verkefnastjórn. ASÍ hefur styrkt þekkingu sína á sviðinu og samráð við ráðuneytið.

## **Kæra til ESA – tómlæti og hvíldartími**

Þann 27.3. 2019 féll dómur í Hæstarétti þar sem krafa vegna frítökuréttar var talin hafa glatast vegna tómlætis. Hæstiréttur byggir á því að um hafi verið að ræða 13 mánaða tímabil þar sem 15 mánuðir liðu frá lokum þess og þar til kvartað var og að aldrei hafi verið kvartað fyrir en eftir starfslok. Á tímabilinu hafi ráðningarsamningur viðkomandi verið endurnýjaður án athugasemda og loks tekur Hæstiréttur fram að viðkomandi hafi verið trúnaðarmaður stéttarfélags síns á vinnustaðnum og vegna þeirrar þekkingar sem hann hafi átt að búa yfir hafi honum átt að vera ljóst löngu fyrir að frítökuréttur kunni að hafa verið rangt reiknaður. Af þessum ástæðum sýknar Hæstiréttur líkt og hann gerði í

sambærilegu máli sem dæmt var 3.2. 2011. Sjá einnig Hrd. 370/1989. Í kjölfar þessa nýja dómsins Hæstaréttar kom upp umræða um hvort um sé að ræða breytta stefnu hjá Hæstarétti sem sjá megi endurspeglast í dómum Landsréttar og Héraðsdóms Vesturlands sem síðan hafi fallið. Það var álit lögfræðings ASÍ að það væri ekki augljóst. Hins vegar kynni að vera nauðsynlegt að styrkja ákvæði kjarasamninga og laga þ.a. að áhættan af skráningu vinnutíma og frítöku væri með skýrum hætti í höndum atvinnurekanda. Þar sem ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/88/EB frá 4. nóvember 2003 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, sem leysti af hólmi tilskipun 93/104/EB um sama efni, og sem var innleidd í lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum í nokkrum áföngum, eru ekki nægilega skýr um þetta efni, ákvað ASÍ að kæra innleiðingu hennar til Eftirlitsstofnunar Evrópska efnahagssvæðisins (ESA) og var það gert í maí 2019 sbr. skýrslu forseta 2019. Kært var vegna ófullnægjandi innleiðingar tilskipunarinnar og byggt á ófullnægjandi réttarframkvæmd sbr. dóma Hæstaréttar og Landsréttar sem kærinni fylgdu.

Kært var þar sem lög nr. 46/1980 geyma engin ákvæði sem fella á atvinnurekendur skyldu til þess að hafa formlegt, virkt og aðgengilegt kerfi til eftirlits með vinnutíma starfsmanna sinna; Vegna skorts á skýrum reglum hafa dómstólar ítrekað hafnað kröfum launamanna um uppgjör frítökuréttar og vikulegra frídaga, á þeirri forsendu að þeir hafi ekki haldið kröfum sínum fram í tíma þ.e. reglum um tómlæti er ítrekað beitt; Af sömu ástæðum hafa dómstólar hafnað kröfum launamanna vegna þess að þeim hafi sjálfum borið að gæta að vinnutíma sínum; Að vegna ófullnægjandi lagasetningar taki dómstólar ekki tillit til þess að launamaður er veikari aðili ráðningarsambandsins og tekur áhættu um starf sitt og/eða starfsframa kvarti hann vegna þess að reglum vinnu- og hvíldartíma er ekki fylgt.

Íslensk stjórnvöld óskuðu ítrekað eftir frestum til svara. Í síðasta svari þeirra var boðuð breyting á lögum nr. 46/1980 þar sem segir: „Atvinnurekendur er skylt að koma upp áreiðanlegu og aðgengilegu kerfi vegna skráningar vinnutíma starfsmanna sinna þar sem meðal annars koma fram upplýsingar um hvort skilyrði laga þessara um hámarksvinnutíma, lágmarkshvíld og vikulegan frídag séu virt sem og hvort starfsmenn hafa fengið hvíld síðar ef vikið hefur verið frá reglum um hvíldartíma og vikulegan frídag samkvæmt lögum þessum eða kjarasamningum. Starfsmaður skal eiga þess kost að nálgast skráningar skv. l. mgr. i tólf mánuði aftur í tímann.“ Frumvarp er ekki fram komið nú á haustmánuðum en sagt eiga að komast á dagskrá í vetur.

## Persónuvernd og ASÍ

Frá því að reglugerð ESB um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (EU 2016/679 – General Data Protection Regulation „GDPR“) var samþykkt og gefin út í apríl 2016 hefur legið fyrir að umrædd reglugerð myndi er hún tæki gildi hafa talsverð áhrif á einstaklinga, fyrirtæki sem og ýmiss konar starfsemi sem með einum eða öðrum hætti vinnur með persónuupplýsingar frá þeim degi í maí 2018 sem ætlast var til að innleiðingu væri lokið. Frá sjónarhóli verkalyðshreyfingarinnar var breytingunum tekið fagnandi enda helsta markmið hennar að styrkja friðhelgi einstaklinga gagnvart ofríki stórfyrirtækja. Jafnframt var ljóst að þar sem stéttarfélög vinna með talsvert mikið magn af persónuupplýsingum um sína félagsmenn og stéttarfélagasáild hefur verið skilgreind sem viðkvæmar persónuupplýsingar, að nýja reglugerðin kallaði á það að gengið yrði úr skugga um að starfsemi stéttarféлага yrði aðlöguð að þeim kröfum sem nýja reglugerðin leggur á ábyrgðaraðila.

Stöku atvinnurekendur töldu persónuverndarlög leysa þá undan þeirri laga-skyldu að framvísa launagögnum starfsfólks sem eftirlitsfulltrúar ASÍ og aðildarfélaganna óska eftir. Forstjóri Persónuverndar tók af allan vafa varðandi það og benti á að það væri hlutverk stéttarféлага að sinna ákveðnu eftirlitshlutverki á vinnumarkaði.

Halldór Oddsson, lögmaður hjá ASÍ, sinnir hlutverki hins lögformlega persónuverndarfulltrúa hjá meirihluta aðildarféлага ASÍ og er auk þess til ráðgjafar um hin ýmsu mál sem upp koma á þessu ört vaxandi réttarsviði.

### Nefnd um breytta tilhögun við skipun dómara í Félagsdóm

Ríkjahópur Evrópuráðsins gegn spillingu (GRECO) kom fyrst fram með skýrslu um Ísland þann 28. mars 2103, í tengslum við fjórðu úttekt (e. Fourth Evaluation Round) hópsins þar sem lögð var áhersla á forvarnir gegn spillingu hvað varðar þingmenn, dómara og saksóknara. Í skýrslunni var meðal annars fjallað um hæfisskilyrði dómara við Félagsdóm og fyrirkomulag við skipun þeirra lýst. Var lagt til að tekið yrði til endurskoðunar fyrirkomulag við tilnefningar og skipun dómara í Félagsdóm, sér í lagi varðandi þá dómara sem tilnefndir eru af Hæstarétti, með það að markmiði að tryggja sjálfstæði, óhlutdrægni og gagnsæi. Í framhaldi af því skipaði félagsmálaráðherra starfshóp sem ætlað var að gera tillögur að tilhögun skipunar sem kæmi til móts við athugasemdir GRECO. ASÍ tilnefndi Halldór Oddsson fyrir sína hönd í starfshópinn.

Starfshópurinn lauk verkinu á vormánuðum með fullbúinni tillögu að lagafrumvarpi sem gerir ráð fyrir eftirfarandi: Lagt er til að ráðherra skipi fimm dómara í Félagsdóm. Þrír dómara verði skipaðir ótímabundið samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar en þar af skuli einn skipaður forseti dómsins samkvæmt



tilnefningu Hæstaréttar og annar varaforseti dómsins samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra skipi tvo dómara til vara samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Þá er lagt til að ráðherra skipi tvo dómara og jafn marga til vara til þriggja ára í senn samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins annars vegar og Alþýðusambands Íslands hins vegar. Þá er lagt til að gerð verði frekari hæfisskilyrði til dómara við Félagsdóm en samkvæmt gildandi lögum eru gerðar talsvert minni kröfur til dómara við Félagsdóm en gerðar eru til dómara við almenna dómstóla. Lagt er til að þeir dómamarar sem ráðherra skipar í Félagsdóm samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar skuli vera skipaðir dómamarar við Hæstarétt, Landsrétt eða héraðsdómstól á meðan þeir gegna embætti dómara við Félagsdóm. Enn fremur er gert ráð fyrir að þeir dómamarar sem ráðherra skipar í Félagsdóm samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins annars vegar og Alþýðusambands Íslands hins vegar skuli uppfylla hæfisskilyrði 1.–6. tölul. 2. mgr. 29. gr. laga um dómstóla.

## Vinnuverndarmál

Forstjóraskipti urðu hjá Vinnueftirlitinu á tímabilinu. Nýtt skipurit tók gildi 15. maí 2019. Skipulagi var breytt þannig að fagsvið á sviði vinnuverndar urðu þrjú, fagsvið sálfélagslegra þátta vinnuumhverfis, hreyfi- og stoðkerfis og heilsueflingar, fagsvið efna- og hollustuhátta, véla og tækja og fagsvið vinnuvéla.

Með nýrri stefnumótun er gert ráð fyrir öflugu vinnustaðaeftirliti og nýjar áherslur eru lagðar á þætti eins og eftirlit með stoðkerfis- og sálfélagslegum vandamálum. Þetta eru þættir sem þarf að taka á, aðallega hvað varðar forvarnir og þekkingu starfsmanna á þessum mjög svo alvarlegu þáttum.

Hlutverk ASÍ og verkalýðshreyfingarinnar er og verður að fylgjast með stofnunum eins og Vinnueftirlitinu, að það sinni sínu lögboðna hlutverki og með því sé komið í veg fyrir vinnuslys og veikindi af völdum atvinnusjúkdóma. Mikilvægt er að efla starfsemi Vinnueftirlitsins t.d. vegna mikils fjölda erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði.

Þá er mikilvægt að auka samstarf á milli Vinnueftirlitsins og Virk.

## Aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar

Á þingi Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, 108. Alþjóðavinnuálagþinginu 2019, var afgreidd samþykkt um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni. Hún er 190. í röðinni frá því Alþjóðavinnuálagstofnunin hóf starfsemi fyrir öld síðan. Hér er lagt fyrir Alþingi að veita ríkisstjórninni heimild til að fullgilda umrædda samþykkt. Alþjóðavinnuálagþingið afgreiddi einnig tilmæli nr. 206 sem fela í sér leiðbeiningar um framkvæmd samþykktarinnar og nánari útfærslu á tilteknum ákvæðum. Gildi þessara gerða felst í því að með þeim er lagður

grunnur að aðgerðum til að skapa vinnuumhverfi sem byggist á virðingu fyrir mannlegri reisu og er laust við hvers konar ofbeldi, áreitni og einelti. Stefna stjórnvalda, m.a. fyrir áeggjan ASÍ, er sú að afgreiða fullgildingu þessarar samþykktar á komandi þingi.

## **Ábyrgðasjóður launa**

Í samræmi við viðeigandi lög hefur ASÍ tilnefnt sinn fulltrúa í stjórn Ábyrgðasjóðs launa en sjóðurinn ábyrgist greiðslu vinnulauna og lífeyrissjóðsiðgjalda í tilvikum gjaldþrota. Halldór Oddsson er tilnefndur í stjórn af ASÍ.

Þegar þetta er ritað hefur ársskýrsla sjóðsins vegna 2019 ekki verið gefin út og því ekki hægt að tiltaka sérstaklega tölulegar upplýsingar. Reikna má þó með að rekstur sjóðsins verði þungur á árinu 2020, sérstaklega vegna efnahagskreppu kennda við Covid-19 vírusinn, og eins er ekki búið að klára að öllu leyti útgreiðslur vegna gjaldþrots Wow air. Mikilvægi sjóðsins hefur sannað sig enda hafa greiðslur úr honum bætt eða takmarkað tjón fjölda launafólks sem ella hefði tapað launum sínum og réttindum vegna gjaldþrots atvinnurekanda. Er rétt að nefna í því sambengi mikilvægi hækkunarinnar á hámarks-greiðslum sem kom til með lagabreytingu sumarið 2018 en fram að því hafði hámarkið staðið í stað um árabil með tilheyrandi tjóni fyrir stóran hóp launafólks sem leita þurfti til sjóðsins.

## **Fulltrúar aðildarfélaganna ASÍ í evrópskum samstarfsráðum**

Á árinu var sett á fót óformlegt tengslanet einstaklinga í aðildarfélögum ASÍ sem hafa setið í svokölluðum evrópskum samstarfsráðum. Um er að ræða fyrirbæri sem varð til hér á landi með lögum nr. 16/1999 sem innleiðing á tilskipun ráðsins 94/45/EB. Reglurnar kveða á um að fyrirtæki sem hefur a.m.k. 1.000 starfsmenn í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu og er með starfsstöðvar í a.m.k. tveimur EES-ríkjum og hefur a.m.k. 150 starfsmenn í hvoru þeirra, skuli setja á laggirnar evrópskt samstarfsráð eða setja reglur um upplýsingamiðlun. Í ljósi smæðar Íslands og fámenns vinnumarkaðar er ekki um mörg tilvik sem koma til greina en þrjár einstaklingar sem starfa hjá íslenskum starfsstöðvum slíkra alþjóðlegra fyrirtækja komu saman í fyrsta sinn á árinu og réðu ráðum sínum. Áætlað er að þeir sitji svo árlega ráðstefnu ETUC um málefni samstarfsráða nú á haustmánuðum. Halldór Oddsson, lögfræðingur á skrifstofu ASÍ, hefur unnið með málið.

## **Klukk**

Tímaskráningarappið Klukk var sett í loftið í febrúar 2016 og fékk strax mjög góðar viðtökur. Nú hafa vel á þriðja tug þúsunda sótt sér Klukk í Play store og Apple store.

Notkunin er nokkuð sveiflukennð eftir árstímum og hún sveiflast einnig með kynningarherferðum sem ASÍ stendur fyrir þrisvar á ári (vetur, vor, haust) og er nær eingöngu á netinu. Þegar mest lætur nota um 2.200 manns Klukk en notkunin getur líka farið niður í ca 1.000 manns og er þá miðað við þann fjölda sem notar Klukk eitthvað í hverjum mánuði. Í júní 2019 voru t.d. 2.200 að nota Klukk en fjöldinn var kominn niður í 1.800 í lok ágúst. Í appheimum telst það vel ásættanleg niðurstaða.

Í mars 2018 voru ensk og pólsk útgáfa af Klukk settar í loftið sem fengu strax góðar viðtökur. Kynningarherferð innan pólska samfélagsins á Íslandi og meðal annarra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði skilaði góðum árangri.

Í júní 2018 var sett í loftið ný og mun aðgengilegri tímaskýrsla í Klukk sem er mjög til bóta. Klukk hefur verið nánast bilanafritt og kvartanir um að forritið virki ekki sem skyldi eru örfáar á hverju ári. Á haustmánuðum 2020 var kannað hvort möguleiki er að koma launareiknivél inn í Klukkið. Niðurstaða í því máli liggur ekki fyrir.

Klukk er kynnt reglulega í netmiðlum, skólablöðum og í skólakynningum.



## FRÆÐSLU- OG MENNTAMÁL

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess ásamt aðildarfélögum taka virkan þátt í menntastarfi hér á landi, bæði með stefnumótun og þátttöku í framkvæmd á fjölmörgum sviðum menntamála. Það á við bæði um formlega menntakerfið og það óformlega. Þá standa MFA-fræðsludeild ASÍ og Mímir símenntun, sem er í eigu ASÍ, fyrir öflugu fræðslustarfi. Einnig á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóði, auk þess að tilnefna í starfsgreinaráðin á framhaldsskólastigi.

Aukinni áherslu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á menntun og mikilvægi hennar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar, hefur fylgt aukið starf á þessu sviði á vettvangi samtakanna og vænta má þess að sú þróun haldi áfram enda mikilvægi öflugs menntastarfs fyrir launafólk og samfélagið allt öllum ljóst.

Eins og efni þessa kafla ber með sér hefur starf ASÍ og tengdra stofnana að menntamálum sjaldan verið umfangsmeira en nú og ekkert bendir til annars en að það mikla starf haldi áfram í fyrirsjáanlegri framtíð. Sem dæmi má nefna félagslegu fræðsluna á vettvangi ASÍ og Félagsmálaskólans og stöðugt öflugri framhaldsfræðslu. Þá ber að geta starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Fræðslusjóðs og Mímis-símenntunar sem aldrei hafa verið mikilvægari en nú.

### MFA fræðsludeild ASÍ

MFA fræðsludeild ASÍ veitir stéttarfélögum þjónustu varðandi uppbyggingu fræðslu og hvernig þau geta nýtt sér hana til að efla og móta starf þeirra, þar

sem áhersla er lögð á að styrkja talsmenn og trúnaðarmenn verkalýðshreyfingarinnar. Fræðsludeildin rekur Félagsmálaskólann og er deildarstjóri jafnframt skólastjóri hans. Aðildarfélög ASÍ hafa möguleika á að fá sértæka fræðslu eftir þörfum til að móta starf og stefnu. Ráðgjöfin miðar að því að styrkja talsmenn stéttarfélaganna, efla innra starf félaga og samskipti út á við. Tekið er mið af aðstæðum á vinnumarkaði og í samfélaginu hverju sinni. Mennta- og kynningarnefnd ASÍ er stjórn MFA fræðsludeildar. Sú breyting var gerð á haustmánuðum 2018 að kynningarmál voru sett undir nefndina og nafni breytt í mennta- og kynningarnefnd. Nefndin hefur haldið fjóra fundi, tvo haustið 2019 og tvo vorið 2020.

### **Skipulag hópfunda**

Fræðsludeild hefur aðstoðað félögin við að skipuleggja hóp- og vinnufundi með aðferð er kallast Miðlunaraðferðin. Það er gagnleg aðferð til að vinna með hópum, hvort sem það er á fundum eða við kennslu. Aðferðin byggir á því besta sem þekktist úr kennslufræðinni og námssálarfræðinni. Þá hefur þessi aðferð verið notuð á ársfundum og þingum ASÍ og hefur fræðsludeildin séð um þá vinnu. Auk þess hafa félögin leitað til fræðsludeildar um erindi á trúnaðarmannaráðstefnur, félagsfundi og starfsmannadaga.

### **Fjarfundarerindi**

Yfir vetrartímann eru reglulega haldin stutt fjarfundarerindi þar sem tekið er fyrir það sem er efst á baugi hverju sinni. Jafnframt hefur verið leitað til félaganna eftir óskum um fræðslu. Síðasta vetur voru um 20 erindi þar sem meðal annars var fjallað um ungliðastarf, almannatryggingar og lífeyris-sjóði, skattkerfið, viðbrögð við Covid-19 og réttindi launafólks í heimsfaraldrinum. Fræðslufundarerindin er hægt að nálgast á heimasíðu Alþýðusambandsins.

### **Þýðingarapp**

Undanfarið ár hefur staðið yfir vinna við gerð þýðingarapps sem inniheldur helstu orð og hugtök vinnumarkaðarins. Um er að ræða APP sem þýðir orð úr íslensku á ensku og öfugt og kemur með dæmi um umbeðin orð í setningum. Þá er nú þegar hafin vinna við næstu útgáfu, en þá verður pólskri þýðingu bætt við. Appið ber nafnið orðakistan og tákníð er OK.

### **Samráð og fundir**

Mennta- og kynningarnefnd hélt tvo rýnifundi þar sem kallaðir voru til aðilar sem sinna fræðslumálum innan hreyfingarinnar. Rætt var um hvert hlutverk fræðsluáðila, fræðslusjóða, stéttarféлага og atvinnulífs eigi að vera í að móta

stefnu í framhaldsfræðslu, þannig að allir stefni í sömu átt. Þá var einnig komið inn á hvernig við getum eftl félagsmenn í samvinnu við þá sjálfa og atvinnulífið. Þessari vinnu lauk ekki þar sem COVID-19 setti strik í reikninginn. Fyrirhugað er að halda þessari vinnu áfram.

Mennta- og kynningarnefnd kallaði eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra til að fara yfir helstu áherslur ASÍ í menntamálum. Ráðuneytið brást skjótt við og var fundurinn haldinn 21. nóvember. Farið var yfir framlög til menntamála, ávinning framhaldsfræðslu, mikilvægi raunfærnimats, þörf á menntunar- og færnigreiningu á vinnumarkaði, hæfnistefnu og fagháskólann. Fyrirhugað var að halda annan fund á nýju ári en hann hefur ekki enn verið haldinn.

### **Málþing**

Í september 2019 stóð Fræðsludeild ASÍ fyrir málþingi um menntamál sem bar yfirskriftina „Fjórða iðnbyltingin. Hvað þurfum við að gera?“ Frum-mælendur voru Tryggvi Thayer Ph.D., framtíðarfræðingur og kennslu-þróunarstjóri við Menntavísindasvið HÍ, Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir, formaður tækninefndar, Vísinda- og tækniráðs og forstöðumaður hjá Veitum, og Róbert Farestveit, hagfræðingur hjá ASÍ. Að loknum erindum voru pallborðsumræður, en í því sátu Kristján Þórður Snæbjarnarson, 1. varaforseti ASÍ og formaður menntanefndar; Guðjónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum; Helga Ingólfssdóttir Framtíðarnefnd VR; Lísbet Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Starfsafls, og Sveinn Aðalsteinnsson, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þátttakendur í sal á málþinginu voru rúmlega 60 en því var jafnframt streymt.

### **Samhæfingarhópur um atvinnu- og menntaúrræði**

Í tengslum við COVID-19 var settur á laggirnar samhæfingarhópur, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra og félags- og barnamálaráðherra, sem hefur það hlutverk að skoða stöðu námsmanna og atvinnuleitenda, ásamt því að skoða atvinnu- og menntaúrræði við þær breyttu aðstæður sem orðnar eru í íslensku samfélagi. Verkefni hópsins er m.a. að:

- Skilgreina þær atvinnugreinar sem verst verða úti og hvernig megi mæta því með fjölbreyttu og víðeigandi námi og þjálfun.
- Kortleggja námsframboð og námsþjónustu sem nú er í boði innan framhaldsskóla, háskóla og framhaldsfræðslu, hvernig þau nýtast til að mæta breyttum aðstæðum og hvernig megi auka aðgengi að kynningu og ráðgjöfum um nám og störf.

- Leggja mat á hvar sérstakra námsaðgerða er þörf, m.t.t. aldurs, uppruna, búsetu og efnahags.
- Skoða hvernig megi tryggja og útfæra réttarstöðu einstaklinga, s.s. til atvinnuleysisbóta samhliða námi og töku námslána, þar sem horft er til jafnræðissjónarmiða.
- Meta stöðu námsmanna og atvinnuleitenda með tilliti til sumarstarfa.

Fundað hefur verið reglulega og er skipunartími hópsins út árið 2020. Tveir fulltrúar ASÍ sitja í samhæfingarhópnum. Tillögum samhæfingarhóps var skilað til ráðherra í ágúst 2020 og fyrirhuguð vinna við nánari útfærslu er í vinnslu.

### **Vísinda- og tækniráð**

ASÍ á tvo fulltrúa í Vísinda- og tækniráði. Með setu í ráðinu hefur ASÍ tækifæri til að koma áherslum í mennta- og atvinnumálum á framfæri og í framkvæmd. Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stöðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Ráðið markar stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum til tveggja ára í senn. Ráðið er skipað af forsætisráðherra og samanstendur af fimm ráðherrum, fulltrúum aðila vinnu- markaðarins, fulltrúum úr atvinnulífi og fulltrúum menntastofnana.

Helstu áherslur í stefnum Vísinda- og tækniráðs hafa verið að efla samkeppnissjóði í rannsóknum og þróun, auka klasasamstarf og alþjóðlega sókn í rannsóknarfjármagn. Jafnframt hefur ráðið unnið að og hvatt til úttekta á íslenska mennta- og rannsóknarkerfinu.

Innan Vísinda- og tækniráðs er starfað í tveim nefndum, vísindanefnd, þar sem fulltrúar menntastofnana sitja, og svo tækninefnd, þar sem fulltrúar úr atvinnulífi sitja. Störf vísindanefndar snúa að mestu að rannsóknum og störfum háskóla á meðan störf tækninefndar snúa að tækniþróun. Jafnframt bera nefndirnar ábyrgð á skipun stjórnar og fagráðs fyrir þá sjóði sem heyra undir nefndirnar, t.d. Tækniþróunarsjóð, Rannsóknarsjóð o.fl. Nefndirnar hafa með sér samráð og hittast reglulega á sameiginlegum fundum vísinda- og tækninefnda. Sjálft ráðið hittist svo á þriggja mánaða fresti þar sem störf nefnda ber á góma og samráð er átt við ráðherra.

Mótun vísinda- og tæknistefnu hefur staðið yfir síðustu mánuði. Vísinda- og tækniráð samþykkti stefnuna til næstu tveggja ára þann 1. september 2020.

### **Genfarskólinn**

Norræni lýðháskólinn í Genf, Genfarskólinn, er haldinn samhliða Alþjóðavinnuumálapinginu í Genf. Nemendur kynnast þinghaldinu og Alþjóðavinnu-

málastofnuninni ILO. Stofnunin starfar að vinnumálum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar á ILO-þinginu eru frá stjórnvöldum, atvinnurekendum og samtökum launafólks um allan heim. Þátttakendur kynnst norrænu samstarfi á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingarinnar sem starfa í tengslum við ILO. Námið fer fram í formi fjarnáms, fyrirlestra, hópstarfs og þátttakendur fylgjast með fundum Alþjóðavinnumálaþingsins og nefndarstarfi þess. Fornámskeið eru haldin í upphafi í Svíþjóð, oftast í mars, ár hvert. Að því loknu tekur við fjarnám sem stendur þar til þátttakendur fara út til Genfar, í lok maí. Skólinn er ætlaður virkum félagsmönnum í stéttarfélögunum. Gert er ráð fyrir því að umsækjendur hafi áhuga á alþjóðamálum verkalýðshreyfingarinnar. Æskilegt er að þeir hafi sótt fræðslustarf verkalýðshreyfingarinnar og þekki til starfsemi stéttarfélaganna og samtaka þeirra hér á landi. Aðild að Genfarskólanum eiga MFA-samböndin í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og hér á landi. Íslensku þátttakendurnir í Genfarskólanum hafa verið tveir undanfarin ár. Þeir hafa sótt kynningarfundum hér á landi, sem haldnir hafa verið til undirbúnings þátttöku í skólanum. Á kynningarfundinum hitta þátttakendur fulltrúa Íslands sem sækja ILO þingið, ásamt þátttakendum síðasta árs. Deildarstjóri fræðsludeildar situr í stjórn Genfarskólans. Slóð Genfarskólans er [www.geneveskolan.org](http://www.geneveskolan.org). Árið 2020 var ekki kennt við skólann þar sem aðstæður voru sérstakar vegna COVID-19.

## **Kynningar fyrir ungt fólk**

Undanfarin ár hefur fræðsludeild Alþýðusambandsins boðið framhaldsskólum upp á fræðsluerindi um vinnumarkaðinn og kjarasamninga og eftirspurn sífellt að aukast. Um er að ræða klukkustundar löng erindi þar sem farið er yfir helstu atriði er varða stöðu ungs fólks á vinnumarkaði, réttindi þeirra og skyldur, enda hafa rannsóknir leitt í ljós að þessi hópur er í hvað mestri hættu að á honum sé brotið. Megináhersla hefur verið á veikindarétt, ráðningarsambönd, lestur launaseðla, vinnutíma og orlof. Myndbönd sem fjalla um þessi málefni má nálgast á heimasíðu ASÍ, [www.asi.is](http://www.asi.is).

Síðasta vetur var farið í 18 heimsóknir í samtals sex framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu, þar sem talað var við tæplega 400 nemendur. Ljóst er að sóttvarnaraðgerðir vegna Covid-19 og lokanir framhaldsskóla á vorönn höfðu mikil áhrif og voru heimsóknir því færri en árinu áður. Meginþorri hópsins er á bilinu 16-20 ára, þó einhverjir eldri séu með í ákveðnum skólum. Fræðsludeildin vinnur í nánú samstarfi við stéttarfélögin á landinu, sem mörg hver sinna þessari fræðslu í sinni heimabyggð.



## Kynningar í vinnuskóla Kópavogs

Síðastliðið sumar voru haldnar kynningar hjá Vinnuskóla Kópavogs. Skólar bæjarins voru heimsóttir og rætt var við alla nemendur 9. bekkjar sem voru starfandi á þeim tíma. Heimsóknirnar gengu vel og var erindinu vel tekið af bæði krökkum og flokksstjórum.

## Jafningjafræðslan

Samvinna ASÍ og Jafningjafræðslunnar hófst árið 2009 og hefur það tekist afar vel. Leiðbeinendur Jafningjafræðslunnar uppfærða krakka í Vinnuskóla Reykjavíkur, Vinnuskóla Kópavogs og Vinnuskóla Seltjarnarness og víðar um landið um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindamál á vinnumarkaði. Auk þess styrkir ASÍ starf Jafningjafræðslunnar fjárhagslega.

Sumarið 2020 voru 16 ungir leiðbeinendur ráðnir til starfa sem jafningjafræðarar og fræddu um 1.500 ungmenni í 8 sveitarfélögum. Í byrjun sumars var haldið þriggja vikna undirbúningsnámskeið þar sem fræðarar fá fræðslu á málefnum líðandi stundar og leiðtogaþjálfun frá fagaðilum og fyrirlesurum. Fulltrúi frá ASÍ kom á námskeið Jafningjafræðslunnar og fengu leiðbeinendurnir fræðslu um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindamál á vinnumarkaði.

Fræðslan í sumar gekk mjög vel og voru um 75% ungmenna sem fengu fræðslu sem fannst hún skemmtileg og 22% frekar skemmtileg af 1.038 svarendum. 89% ungmennanna sögðust hafa lært eitthvað af fræðslunni.

Starf Jafningjafræðslu Hins hússins er gríðarlega mikilvægt og hefur það sýnt sig að fræðsla á jafningjagrundvelli skilar miklum árangri og ávinningurinn mikill.

## Fagháskólastigið

Í byrjun árs 2019 tilnefndi Alþýðusamband Íslands fulltrúa í verkefnastjórn og samstarfsráð um fagháskólanám. Fulltrúar ASÍ eru Finnbjörn A. Hermannsson og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir.

Samstarfsráðinu var ætlað að fjalla um og meta verkefni sem nutu styrkja þróunarsjóðs fagháskólanáms og nýta niðurstöður þeirra til þess að móta tillögur um framtíðartilhögun námsins. Samhliða samstarfsráðinu starfaði verkefnastjórn um fagháskólanám sem fylgdi verkefnunum eftir, sá til þess að þeim yrði lokið og kallaði eftir greinargerðum um framkvæmd þeirra. Verkefnastjórnin skilaði greinargerð til ráðherra og til samráðshóps í desember 2019 með tillögum um framtíðarfyrikomulag fagháskólanáms. Í mars 2020 fjallaði samstarfsráðið um tillögur verkefnastjórnarinnar og tekur undir þær í meginatriðum.

Það er skemmst frá því að segja að síðan í mars 2020 hefur ekkert gerst og því óljóst hvar verkefnið er statt. Það hefur gengið mjög hægt að setja í gang

verkefni sem byggja á hugmyndafræði fagháskólanámsins, auk þess sem lítið hefur enn orðið úr samráði og samstarfi menntastofnana og verkalýðshreyfingarinnar um uppbyggingu slíks náms ef frá er talið samstarf um nám í viðskiptafræðum og verslunarstjórnun. Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni VR, Samtaka verslunar og þjónustu, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks, Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík. Námið er fyrsta fagháskólanám sem þróað er á Íslandi. Diplómanámið hóf göngu sína 2018 og skráðu sig alls 43 í námið. 21 nemandi var innritaður í námið þann 9. febrúar 2018 og á vorönn 2019 var 21 nemandi skráður í námið. Fyrsta útskrift í náminu var í febrúar 2020.

### **Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins**

Með kjarasamningum SGS/Eflingar og LÍV/VR í maí 2015 fylgdi bókun um mat á námi til launa og var óskað eftir að fulltrúi ASÍ tæki þátt í þeirri vinnu og hefði með höndum ákveðna verkstjórn. Í skýrslu forseta 2018 er fjallað um vinnuna við bókunina og stöðu málsins. Raunfærnimat á móti viðmiðum starfa er tilraunaverkefni sem stýrt er af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) í samstarfi við Samtök atvinnulífsins (SA) og Alþýðusamband Íslands (ASÍ). Verkefnið er styrkt af Fræðslusjóði. Í verkefnastjórn sitja fulltrúar þessara aðila. Í verkefninu er sérstaklega horft til starfa sem ekki krefjast formlegrar menntunar en eru líkleg til að taka miklum breytingum í náninni framtíð. Á síðasta ári var unnið að raunfærnimati fyrir eftirfarandi starfsgreinar: matvælavinnslu, þjónustu í veitingasal, fulltrúa í opinberum störfum, verslunarstörf (matvara, lyf, byggingarvörur) og móttöku á gististöðum. Fyrir hvert starf var myndaður stýrihópur með aðkomu fulltrúa atvinnulífsins. Hlutverk hópsins var að móta framkvæmd og aðlaga aðstæðum í viðkomandi starfsgrein. Unnið var samkvæmt aðferðafræði framhaldsfræðslunnar um raunfærnimat en til grundvallar voru hæfnikröfur starfa. Helstu markmið tilraunaverkefnisins voru:

- Að þróa aðferðafræði við mat og staðfestingu á færni sem aflað hefur verið utan formlega skólakerfisins en nýtist á vinnumarkaði.
- Að þróa starfsþjálfun og leiðir til færniuppbyggingar í kjölfar raunfærnimats.
- Að byggja grunn að sjálfbæru kerfi sem nýtur trausts atvinnulífs og fræðsluaðila.

Það er mikill áhugi innan verkalýðshreyfingarinnar að halda þessari vinnu áfram og nú er verkefnahópurinn að vinna stöðuskýrslu, ásamt því að leggja til leiðir um áframhaldandi vinnu.

## Hæfnistefna

ASÍ hefur lengi barist fyrir því að hefja þurfi vinnu við gerð hæfnistefnu. Móta þarf framtíðarsýn þegar kemur að mennta-, atvinnu- og vinnumarkaðsmálum. Viða í nágrannalöndum okkar hafa verið mótaðar hæfnistefnur með það að markmiði að tryggja að framboð af námi og fræðslu sé í samræmi við þarfir samfélagsins hverju sinni. Í nýrri stefnu Vísinda- og tækniráðs fjallar ein aðgerðin (af tíu) um að efla færni á vinnumarkaði. Aðgerðin skiptist í þrjá verkhluta og er einn þeirra að koma á hæfnistefnu fyrir íslenskan vinnumarkað. Fulltrúar ASÍ í Vísinda- og tækniráði lögðu mikla áherslu á að mótun hæfnistefnu yrði ein af aðgerðum stefnunnar.

## Færniþörf á vinnumarkaði

Alþýðusambandið hefur á undanförunum árum lagt áherslu á það í samtali við stjórnvöld að unnin sé greining á færniþörf fyrir íslenskan vinnumarkað sem stjórnvöldin myndu standa fyrir. Vorið 2018 skilaði sérfræðingahópur frá sér skýrslu um hvernig taka megi upp færnisþörf á landi. Í sérfræðingahópnum sat fulltrúi ASÍ ásamt fulltrúum frá SA, Vinnumálastofnun og Hagstofu Íslands. Helstu niðurstöður hópsins voru að skoða þyrfti kosti þess að Hagstofa Íslands fengi formlegt hlutverk við tölfræðilega spágerð til lengri tíma. Jafnframt lagði sérfræðingahópurinn áherslu á að skemmri tíma greiningar á færniþörf verði efldar innan Vinnumálastofnunar og að hér á landi verði sett á fót landsfærni ráð að írskri og finnskri fyrirmynd auk sérfræðingahóps um færnisþörf.

Á ráðstefnunni Forskot til framtíðar í nóvember 2018 tilkynnti félags- og barnamálaráðherra að hann myndi tryggja að tillögur sérfræðingahópsins myndu verða að veruleika og að Hagstofu og Vinnumálastofnun yrði veitt fjármagn til að spá fyrir um færniþörf til skemmri og lengri tíma. Nú hefur loksins verið ráðinn til Hagstofunnar aðili til að sinna þessu verkefni. Þá hefur jafnframt verið lagt til að skipaður verði tæknilegur samráðshópur til aðstoðar við mótun verkefnisins og nýta þá þekkingu sem til varð, m.a. við gerð skýrslu sérfræðingahóps. Sá hópur hefur enn ekki verið stofnaður formlega.

## Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri fræðsludeildar jafnframt skólustjóri Félagsmálaskólans. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólustjóra. Haldnir voru þrjú fundir í skólanefnd á síðasta skólaári. Félagsmálaskólinn hefur verið að mestu fjármagnaður af framlagi frá ríkissjóði. Framlagið er nú um 16,5 milljónir á ári. Sú breyting var gerð á fjárlögum 2017, að nú er skólinn ekki lengur á sér fjárlagalið, heldur fær nú

úthlutað fjármunum af safnlið. Þetta skapar aukna óvissu um fjármögnun skólans, frá ári til árs. Félagsmálaskólinn er viðurkenndur fræðsluaðili. Skv. ákvæðum laga nr. 27/2010, 7. gr. um framhaldsfræðslu, er skólanum því heimilt að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluáðilans uppfylli á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Meðal atriða sem tekin eru sérstaklega fyrir, þegar veitt er viðurkenning, eru aðstaða til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni, tryggingar og tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna. Á síðasta ári voru gefnar út gæða- og siðareglur skólans og eru þær birtar á heimasíðu skólans.

Í byrjun árs 2019 hófst þróunarvinna við nýtt kennslukerfi í samstarfi við hugbúnaðarfyrtækið Costner ehf. Sérstök áhersla er á notendavænt viðmót og ekki þörf á sértækri tæknikunnáttu þeirra sem nýta sér fræðsluna. Þetta nýja kerfi býður upp á mikla möguleika í allri kennslu og utanumhaldi, s.s. fjar-kennsla í lotum, spjallþræði, námsmat, rafræn námskeið svo eitthvað sé nefnt.

Skólaárið 2019-20 voru í boði samtals 87 námskeið í öllum flokkum, en haldin voru 52 námskeið á vegum Félagsmálaskólans, (skólaárið á undan voru haldin 63). Heildarfjöldi þátttakenda var 675, sem er nokkur fækkun frá fyrra skólaári en ekki óeðlilegt í ljósi aðstæðna. Af þessum fjölda þátttakenda voru 459 konur en 216 karlar. Starfsmenn skólans eru fjórir. Í samstarfi skólanefndar Félagsmálaskólans, mennta- og kynningarnefndar og starfsmanna skólans, er mótuð heildarsýn fræðslustarfsins og stefnu fyrir hverja önn. Þarfagreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf starfsmanna skólans og eru tengsl við talsmenn stéttarfélaga mikilvægur þáttur í starfi þeirra. Þá hefur verið lögð meiri áhersla á rafræna kennsluhætti og upplýsingaöflun á námskeiðum og ríkari áhersla lögð á að nemendur hafi meðferðis fartölvu, iPad eða notist við farsímamann til að minnka pappírnotkun.

## **Trúnaðarmannanámskeið**

Stéttarfélagin panta trúnaðarmannanámskeið hjá Félagsmálaskólanum og í samráði við starfsmenn hans eru gerð drög að dagskrá. Byrjað var að vinna eftir nýrri námskrá haustið 2017. Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á síðasta skólaári. Voru þau allt frá einum degi upp í þrjá daga, allt eftir þörfum og óskum félaganna.

Skólaárið 2019-20 voru haldin 39 trúnaðarmannanámskeið en í boði voru alls 64 námskeið. Er þetta nokkuð færri en skólaárið á undan þegar haldin voru 47 námskeið, en skýringar má rekja til aðstæðna í þjóðfélaginu á vor-misseri.

Á haustmisseri voru haldin 22 trúnaðarmannanámskeið en fjórum var frestað eða felld niður vegna aðstæðna hjá viðkomandi stéttarfélagi. Þátttakendur á þeim voru 296 (186 konur og 110 karlar). Á vorönn 2020 voru haldin 18 trúnaðarmannanámskeið, en 21 námskeið var fellt eða frestað. Alls voru þátttakendur á þeim 206 (145 konur en 61 karl). Heildarfjöldi þátttakenda á trúnaðarmannanámskeiðunum var því 502, sem eru töluvert færri þátttakendur en skólaárið á undan þegar 602 sóttu þessi námskeið.

Til að bregðast við ástandinu á vorönn (vegna takmarkana vegna sóttvarna) var ákveðið að bjóða upp á fjögur trúnaðarmannanámskeið í fjarkennslu. Þrátt fyrir stuttan fyrirvara voru þrjú þeirra haldin og mæltust vel fyrir. Þá hafa félögin innan ASÍ og BSRB haldið sameiginleg námskeið fyrir sína trúnaðarmenn og hefur það mælt vel fyrir. Auk þess hefur færst í aukana að trúnaðarmenn einstakra félaga sitji trúnaðarmannanámskeið hjá öðrum félögum. Félagsmálaskólinn hefur frá áramótum 2013 rekið eigið nemendabókhald.

## Almenn námskeið

Félagsmálaskólinn býður upp á almenn námskeið sem eru opin öllum talsmönnum og trúnaðarmönnum verkalýðshreyfinganna. Á haustönn 2019 var boðið upp á þrjú almenn námskeið, sem voru: *Að setja mörk, Að vera leiðtogi og Fjölbreytileiki, völd og samningsstaða á vinnumarkaði*, en síðastnefnda námskeiðið var fellt niður vegna dræmrar skráningar. Þátttakendur á þessum tveimur námskeiðum voru 18.

Á vorönn 2020 voru í boði fjögur almenn námskeið, sem voru: Þekktu styrkleika þína, *Aðgerðir gegn einelti og ofbeldi, Umhverfis- og loftslagsmál og Streita og tækni*. Námskeiðin voru öll felld niður, annars vegar vegna fárra skráninga og hins vegar vegna aðstæðna í þjóðfélaginu.

Þá var í boði sérsniðið starfslokánámskeið sem einnig var fellt niður vegna aðstæðna.

Öll almennu námskeiðin voru einnig í boði í fjarkennslu.

## Námskeiðið *Ungir leiðtogar*

Fyrirhugað var að bjóða í þriðja sinn upp á námskeiðið *Ungir leiðtogar* fyrir ungt fólk (18-35 ára) í verkalýðshreyfingunni. Námskeiðinu er ætlað að auka þekkingu þátttakenda á verkalýðshreyfingunni ásamt því að efla ræðumennsku, framkomu og sjálfsstyrk. Þá er áhersla á að styrkja enn frekar tengsl og samvinnu ungs launafólks þvert á starfsgreinar og landshluta. Vegna óvissu og þess ástands sem skapaðist í þjóðfélaginu og á vinnumarkaði vegna COVID-19 var ákveðið að fresta námskeiðinu um eitt ár og bjóða næst upp á það vorið 2021.

## Lífeyrissjóðsnámskeið

Á haustönn 2019 voru haldin fjögur námskeið fyrir starfsmenn og stjórnir lífeyrissjóða. Í október var boðið upp á námskeiðið *Undirbúningsnámskeið vegna hæfismats FME* sem er þrír og hálfur dagur. Námskeiðið er haldið til undirbúnings fyrir einstaklinga sem taka eða hyggjast taka sæti í stjórnum stéttarfélaganna. Námskeiðunum er ætlað að tryggja að stjórnarmenn uppfylli þau skilyrði sem kveðið er á um í lögum frá 1997 með síðari breytingum. Skv. lögum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Námskeiðin taka mið af þeim efnisþáttum sem höfð voru til hliðsjónar eftir samtal við ráðgjafanefndina og hafa allir leiðbeinendur yfirgripsmikla þekkingu á starfsemi og stjórnun lífeyrissjóða. Alls hafa um 236 sótt þetta námskeið frá upphafi.

Þá var einnig boðið upp á námskeiðin *Lífeyrisréttindi, uppbygging og samspil, Persónuvernd í lífeyrissjóðum og Áhættustýring og innra eftirlit*. Námskeiðin voru öll haldin og þátttakendur á þeim voru samtals 47.

Á vorönn 2020 var boðið upp á fimm námskeið; Yfirlitsnámskeið um lífeyriskerfið, Lestur ársreikning við fjárfestingaákvæðanir, Ársreikningar og skýrslur lífeyrissjóða, Tryggingafræðilegt mat og Hvernig geta lífeyrissjóðir verið samfélagslega ábyrgir fjárfestar? Tvö af þeim voru felld niður. Þátttakendur á þessum námskeiðum voru samtals 63.

## Samstarf við Fræðslusetrið Starfsmennt

Undanfarin ár hafa Félagsmálaskólinn og Fræðslusetrið Starfsmennt starfað saman og boðið upp á námslínu sem kallast Forystufræðsla fyrir stjórnir og starfsfólk stéttarfélaganna. Forystufræðslan er heildstæð námsleið sem skiptist í 9 námsþemu með 30 námskeiðum sem spanna alls 192 klukkustundir. Í ljósi þess að hópurinn hefur fjölbreyttar fræðsluþarfir og mismunandi starfsreynslu þá eru námskeiðin valfrjáls.

Á haustönn 2019 var boðið upp á tvö námskeið í Forystufræðslunni, þ.e. *Ertu að brenna kertid í báða enda?* og *Fúli félagsmaðurinn - að takast á við krefjandi einstaklinga*. Fyrra námskeiðið var felld niður vegna dræmrar þátttöku. Þátttakendur á seinna námskeiðinu voru 17, 14 konur en 3 karlar. Frá aðildarfélögum ASÍ voru 16 þátttakendur, 1 utan ASÍ/BSRB en enginn frá aðildarfélögum BSRB.

Á vormisseri 2020 voru fjögur námskeið í boði, þ.e. *Samskipti og sátta-miðlun, Símenntunarkerfið og stuðningur við félagsmenn*, Leikskipulag fyrir árangursríka fundi og *Gagnrýnin hugsun og siðferdisleg álitamál*. Eitt námskeiðanna var felld niður vegna dræmrar þátttöku. Tvö námskeiðanna voru færð yfir í fjarkennslu eingöngu og eitt námskeiðið var í boði bæði sem staðnám og fjarnám.

Fjöldi þátttakenda var samtals 30 á öllum námskeiðunum, 23 konur og 7 karlar. Frá aðildarfélagum ASÍ voru 19 en 11 frá aðildarfélagum BSRB.

Félagsmálaskólinn heldur utan um kennsluna en skráningarkerfi Fræðslu- setursins Starfsmenntar er notað. Þar má jafnframt nálgast þátttökuskjöl, þjón- ustukönnun og mat á námi ásamt því að fá yfirlit yfir námsframvindu.

### **Handbók trúnaðarmannsins**

Handbók trúnaðarmannsins kom fyrst út vorið 2004 og hefur selst í 4.755 eintökum. Mörg félag hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Undanfarin misseri hefur staðið yfir vinna við gagngera endurskoðun sem nú er tilbúin og hefur verið gefin út rafrænt. Allt efni hennar er aðgengilegt á heimasíðu Félagsmálaskólans, [www.felagsmalaskoli.is](http://www.felagsmalaskoli.is). Þýðingu handbókar á ensku er nú lokið og hefur verið birt á heimasíðu skólans.

### **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**

Árið 2020 er 18. starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og tíunda ár starfseminnar byggð á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Unnið hefur verið að styrkingu innra starfs FA með ýmsum hætti á árinu. FA hefur unnið að ýmsum verkefnum á sviði raunfærnimats auk umfangsmikilla verkefna t.d. á sviði fræðslu í ferðaþjónustu (Hæfnisetur ferðaþjónustunnar) auk hefð- bundinna verkefna skv. þjónustusamningi við mennta- og menningarmála- ráðuneytið. Starfið 2020 hefur verið í skugga viðbragða við heimsfaraldri Covid-19, m.a. unnu starfsmenn heiman frá sér um tíma í lok mars og út apríl í ár.

Lista yfir stjórnarmenn og starfsmenn FA er að finna á vef FA, [www.frae.is](http://www.frae.is). Formaður stjórnar frá aðalfundi 2020 er Karl Rúnar Þórsson og varafor- maður Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir.

Ársverk hjá FA árið 2019 voru samtals 16,8 en munu dragast saman á árinu 2020. Starfsmannafundir eru haldnir á þriggja vikna fresti og verkefnafundir vikulega.

Hluti tekna FA kemur samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menn- ingarmálaráðuneytið frá ársbyrjun 2016 sem gildir út árið 2021. Samningurinn byggir á lögum um framhaldsfræðslu sem ætlað er að mæta þörfum einstak- linga með stutta formlega skólagöngu. FA sinnir markhópnum ekki með bein- um hætti, heldur í gegnum samstarfsaðila sína, sem eru fræðslu- og símennt- unarmiðstöðvar innan KVASIS, í iðngreinum og á vegum opinbera vinnu- markaðarins. Alls eru þetta 14 fræðsluaðilar, sem jafnframt eru samstarfsaðil- ar Fræðslusjóðs. Gerð er starfsáætlun fyrir hvert ár sem nálgast má á heima- síðu FA og byggir hún á þjónustusamningnum við mennta- og menningar- málaráðuneytið og er lögð fyrir það til samþykktar. Í lok árs er gerð ársskýrsla,

sem skilað er til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. FA vistar einnig tengilið Norræna netsins um nám fullorðinna, sem kostað er af Norrænu ráðherranefndinni.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum FA á tímabilinu 1. janúar 2020 til 31. ágúst 2020. Vísað er til ársskýrslu FA 2019 á vef FA varðandi ítarlega umfjöllun um það ár, en hér á eftir má finna stutta tölfræðilega samantekt um árið 2019 auk umfjöllunar um starfið sem af er árs 2020.

## **Fræðslusjóður**

Fræðslusjóður starfar samkvæmt lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipar sjóðnum stjórn til fjögurra ára í senn. Skipunartími núverandi stjórnar er til 2023. Nánari upplýsingar um skipan stjórnar Fræðslusjóðs er á [www.frae.is/fraedslusjodur](http://www.frae.is/fraedslusjodur).

Samkvæmt þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er FA falið að sjá um fjárreiður sjóðsins og sinna daglegri umsýslu hans milli stjórnarfundu þ.á m. umsýslu funda, gerð fjárhagsáætlana á grundvelli ákvarðana stjórnar sjóðsins, annast bókhald og eftirfylgni með fjármunum og notkun þeirra. FA gerir samninga við fræðsluaðila fyrir hönd stjórnar Fræðslusjóðs, safnar upplýsingum um framgang verkefna, safnar tölfræðilegum upplýsingum um árangur í starfinu og miðlar þeim til stjórnarinnar og veitir stjórn sjóðsins sérfræðiráðgjöf eftir því sem óskað er eftir.

Framlög til Fræðslusjóðs eru ákveðin í fjárlögum hvers árs. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki.

Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt: a) framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald, b) framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf og c) styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Fyrir árið 2020 sóttu samstarfsaðilar sjóðsins um framlög að upphæð samtals rúmlega 1.084 milljónir. Skiptust umsóknirnar þannig að til kennslu og námskeiðahalds var sótt um rúmar 708,5 milljónir, til raunfærnimats var sótt um tæplega 175,8 milljónir og til ráðgjafar um nám og störf var sótt um rúmlega 199,7 milljónir.

Úthlutað var tæplega 482 milljónum til kennslu og námskeiðahalds, tæplega 125 milljónum til ráðgjafar um nám og störf og tæplega 150,2 milljónum til raunfærnimatsverkefna.


Alls bárust 51 umsókn um nýsköpunar- og þróunarstyrki, samtals að upphæð tæplega 138 milljónir. Úthlutun fór fram í maí og var veitt til 14 verkefna samtals tæplega 38 milljónum.



Ýtarlegar upplýsingar um úthlutanir og framkvæmd ársins 2019 er að finna í ársskýrslu Fræðslusjóðs 2019 á <https://frae.is/fraedslusjodur/gogn>.

Á árinu 2019 voru vottaðar námsleiðir kenndar hjá 12 samstarfsaðilum Fræðslusjóðs og luku 2.340 einstaklingar námi. Kenndar voru 33 mismunandi námsleiðir og sóttu 68% nemenda námið á landsbyggðinni og 32% á höfuðborgarsvæðinu sem má sjá nánar á mynd 1. Hlutfall landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis helst nokkuð svipað á milli ára eins og sjá má á töflu 1.

**Mynd 1: Hlutfall nemenda sem ljúka námi eftir landshlutum.**



Samstarfsaðilar Fræðslusjóðs sem kenna vottaðar námsleiðir eru eftirfarandi eftir landshlutum:

Höfuðborgarsvæðið: Mímir, IDAN-fræðslusetur og Framvegis.

Norðurland: Símei og Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Suðurnes: Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Vesturland og Vestfirðir: Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi og Fræðslumiðstöð Vestfjarða


Suðurland og Vestmannaeyjar: Fræðslunet Suðurlands og Viska Vestmannaeyjum

Austurland: Austurbrú og Þekkingarnet Þingeyinga.

Tafla 1. Hlutfall landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis 2015 - 2019					
	2015	2016	2017	2018	2019
Höfuðborgarsvæðið	34%	33%	33%	30%	32%
Landsbyggðin	66%	67%	67%	70%	68%


Konur eru í meirihluta þeirra sem sækja vottaðar námsleiðir, þó hefur karl-  
mönnum fjölgað aðeins undanfarin ár. Þetta má sjá á mynd 2.

**Mynd 2. Nemendur sem luku námi eftir kyni  
2015 - 2019**




Skráning á því hvort nemendur tilheyra heildarsamtökum stéttarféлага breyttist við að Inna var tekin upp og var skráningunni árið 2018 ábótavant en árið 2019 gefur skýrari mynd á markhópnum þar sem mun fleiri skráningar eru. Til samanburðar eru árin 2015-2017.

**Mynd 3. Nemendur sem ljúka námi  
eftir heildarsamtökum stéttarféлага 2015 - 2019**




Í náms- og starfsráðgjöf voru alls tekin 9.448 ráðgjafarviðtöl hjá sam-  
starfsaðilum Fræðslusjóðs á árinu 2019 og voru 8.686 af þeim, eða 91%,  
greidd af Fræðslusjóði. Þetta er svipaður fjöldi viðtala og árið á undan en  
viðtölum hafði fjölgað frá árinu 2017. Mynd 4 sýnir fjölda ráðgjafarviðtala  
eftir kyni síðastliðin 5 ár.

**Mynd 4. Fjöldi ráðgjafaviðtala eftir kyni 2014 - 2018**




Hafa ber í huga að um er að ræða fjölda viðtala en ekki fjölda einstaklinga í þessum tölum. Með tilkomu INNU er hægt að sjá hversu margir einstaklingar eru á bakvið fjölda viðtala og það má sjá á mynd 5 fyrir árin 2017–2019. Meðalfjöldi viðtala á einstakling er því 3,5 árið 2019, 3,2 árið 2018 og 3,1 árið 2017.

**Mynd 5. Fjöldi einstaklinga og fjöldi viðtala 2017-2019**




Eins og sést á mynd 4 eru karlar enn í meirihluta þeirra sem koma í ráðgjafarviðtöl en það skýrist að mestu af því að þeir eru í meirihluta þeirra sem koma í raunfærnimat. Aldurssamsetning hópsins sem sækir sér ráðgjöf helst mjög svipuð frá ári til árs. Á Mynd 6 má sjá að árið 2019 voru 25% ráðþega 25 ára eða yngri, 34% voru á bilinu 26–35 ára, 26% á bilinu 36–45 ára, 16% á bilinu 46–55 ára og 7% 56 ára og eldri.

**Mynd 6. Fjöldi viðtala eftir aldursbili  
2015-2019**




Ef skoðuð er staða ráðþega á vinnumarkaði (mynd 7) sést að árið 2019 voru 63% ráðþega í starfi, 18% í atvinnuleit, sem er aðeins meira en árið á undan. Árið 2019 voru 19% ráðþega í námi, í starfsendurhæfingu, á öryrkjábótum eða í hlutastarfi og á hlutabótum, sem er svipað og árið á undan.

**Mynd 7. Ráðþegar eftir stöðu á vinnumarkaði  
2015 - 2019**



**Mynd 8. Ráðþegar eftir heildarsamtökum stéttarfélaga 2015 - 2019**



Eins og sjá má á mynd 8 er meirihluti ráðþega í aðildarfélögum ASÍ eins og fyrri ár. Þó hefur hlutfall þeirra aukist sem eru með óskráð, óþekkt stéttarfélag eða eru ófélagsbundin.

Tafla 2. Fjöldi sem lauk raunfærnimati 2015 - 2019					
	2015	2016	2017	2018	2019
Almennar bóklegar greinar	35		12	10	16
Löggildar iðngreinar	192	232	194	243	241
Starfsnám	293	264	154	304	275
Viðmið atvinnulífsins	48	32	81	20	24
<b>ALLS</b>	<b>568</b>	<b>528</b>	<b>441</b>	<b>577</b>	<b>556</b>

Á árinu 2019 luku 556 einstaklingar raunfærnimati, þar af var raunfærnimati fjármagnað af Fræðslusjóði fyrir 467 einstaklinga en 89 einstaklingar fengu fjármagn í gegnum aðrar leiðir eða greiddu sjálfir fyrir sitt raunfærnimati. Karlar eru enn í meirihluta þeirra sem sækja raunfærnimati, voru 58% árið 2019 og konur 42%.

Mikil fjölgun var í raunfærnimati í starfsnámsbrautum árið 2018 og er einnig meiri árið 2019 en í löggildum iðngreinum. Fram að því hafði raunfærnimati í löggildum iðngreinum verið mun meira.

Í töflu 3 sést að konur eru í miklum meirihluta þeirra sem ljúka raunfærnimati á starfsnámsbrautum og á móti viðmiðum atvinnulífsins en karlar í meirihluta þeirra sem ljúka raunfærnimati í löggildum iðngreinum og almennum bóklegum greinum. Nánari tölfræði um árið 2019 má sjá í töflu 3.

Tafla 3. Tölur yfir raunfærnimat 2019							
2019	Fjöldi	Hlutfall	Meðalald	Meðalfjö	Fjöldi ein	Konur	Karlar
Starfsnámsbrautir	275	49%	40.2 ár	57,1	15694	71%	29%
Iðngreinar	241	43%	36.7 ár	49,9	12016	7%	93%
Viðmið atvinnulífsins	24	4%	40.9 ár	á ekki við	á ekki við	75%	25%
Almennar bóklegar greinar	16	3%	37,0 ár	12,5	200	19%	81%
Samtölur	556		38.6 ár		27910	42%	58%

## Hæfnigreiningar

Á tímabilinu voru gerðar tvær hæfnigreiningar sem framkvæmdar voru af FA og ein sem var framkvæmd af samstarfsaðila. Afurðir þessara greininga, eins og annarra greininga sem unnar hafa verið, eru aðgengilegar á vefsíðu FA, frae.is. Fresta þurfti tveimur greiningum sem byrjað var að undirbúa vegna Covid-19.

Framkvæmd hæfnigreininga hefur verið í höndum FA og samstarfsaðila sem hafa hlotið þjálfun í að nota aðferðina. Bodið var upp á eitt námskeið fyrir nýja umsjónarmenn á tímabilinu (sjá nánar í ársskýrslu 2019).

Áframhaldandi þróun á aðferð við hæfnigreiningar hefur haldið áfram á tímabilinu. Sjá nánar í ársskýrslu FA 2019.

## Námskrár og námslýsingar

Á tímabilinu hefur verið lögð áhersla á áframhaldandi þróun námskráa og námslýsinga og á endurskoðun eldri námskráa. Á tímabilinu hefur verið unnið að endurskoðun á átta námskrám. Áhersla er á að endurskoða þær námskrár sem mest eru notaðar af samstarfsaðilum FA. Samstarfsaðilum hefur verið veitt aðstoð við gerð námskráa og námslýsinga eins og kostur er.

Þátttaka í NVL tengslaneti um grunnleikni fullorðinna hélt áfram á tímabilinu og unnið var að því að afmarka áherslusvið netsins, talnaleikni. Vegna Covid-19 þurfti að fresta viðburðum og fundum sem netið ætlaði að taka þátt í.

Sjá nánar í ársskýrslu FA 2019.

## Kennslufræðimiðstöð

Starfið hefur frá upphafi falist í að þróa og halda kennslufræðinámskeið en einnig í fræðslufundum og ráðgjöf. Á síðustu misserum hefur þó minna svigrúm verið til þess að sinna þessu mikilvæga hlutverki, en á tímabilinu var hafist handa við að móta framtíðarsýn fyrir kennslufræðimiðstöð sem og að taka saman gagnleg forrit og öpp sem eru mikilvæg á tímum fjórðu iðnbyltingarinnar og Covid-19.

Áfram var unnið að þróun hæfniviðmiða fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ. Starf leiðbeinanda í fullorðins-

fræðslu var greint með hæfnigreiningaraðferð FA. Drög að matslistum fyrir raunfærnimat voru unnin á tímabilinu og tilraunakeyrsla á þeim skipulögð.

FA á fulltrúa í NVL neti um hæfni leiðbeinanda. Á tímabilinu var unnið að tveimur tilraunaverkefnum sem snúa annars vegar að kennslu hópa í viðkvæmri stöðu og hins vegar að þjálfun og kennslu í atvinnulífinu. Þátttakendur í tilraunaverkefnunum koma víða að, bæði úr atvinnulífi og frá þeim sem veita opinbera þjónustu.

## **Raunfærnimat**

Eitt af hlutverkum FA er að þróa aðferðir við mat á raunfærni og styðja við gæði þess í samstarfi við hagsmunaaðila. Framkvæmd raunfærnimatsverkefna er í höndum samstarfsaðila FA, sem eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar víða um land. Helsta hlutverk FA er að tryggja gæði við framkvæmd raunfærnimats, með því að miðla og veita ráðgjöf um viðurkennda aðferðafræði og aðstoða við innleiðingu í nýjum greinum. Þetta er gert með opnu og góðu samtali FA og framkvæmdaraðila, heimsóknum, reglulegum rafrænum örfundum og námskeiðum.

Haldin voru þrjú hefðbundin námskeið fyrir fagaðila í raunfærnimati árið 2019 og það sem af er 2020. Auk þeirra voru haldin fjögur námskeið í tengslum við tilraunaverkefnið *Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins* og voru þau námskeið í formi vinnustofa um matsaðferðir og hlutverk starfsþjálfara á vinnustað.

Frá árinu 2004 hafa 5.524 einstaklingar lokið raunfærnimati á móti námskrám framhaldsskólanna og viðmiðum atvinnulífsins.

Sjá má nánari umfjöllun um raunfærnimat í Ársskýrslu FA 2019.

Tilraunaverkefninu *Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins* í samvinnu við ASÍ og SA hefur miðað ágætlega áfram þrátt fyrir að Covid-19 hafi seinkað verkefnum töluvert. Markmið verkefnisins er að leita leiða til að koma á fót heildstæðu raunfærnimatskerfi sem tekur mið af hæfnikröfum starfa og gefur af sér vottun á færni sem hefur gildi á vinnumarkaði. Unnið er að raunfærnimati í fimm störfum:

- Matvælavinnslu
- Móttöku á gistiheimilum
- Þjónustu í sal
- Fulltrúi í opinberri þjónustu
- Verslun

Að tilraunaverkefninu koma 32 fyrirtæki og um 70 starfsmenn. Unnið er út frá hæfnigreiningum starfa, raunfærnimati á vinnustað og starfsþjálfun sem

byggir á niðurstöðum matsins. FA hefur unnið náð með fyrirtækjum og fjórum símenntunarmiðstöðvum að framkvæmd (Mímir, Starfsmennt, Símei og Fræðslunet Suðurlands). Stjórnendur og þátttakendur hafa tekið vel í vinnuna sem gefur báðum aðilum skýrari sýn á þá hæfni sem til staðar er og hvaða þætti þurfi að þjálfa.

Tveir fulltrúar FA sitja í norrænum sérfræðingahópi ([www.nvl.org](http://www.nvl.org)) um raunfærnimat. Þar er m.a. unnið að samnorrænni sýn á gæðamál og miðlun verkfæra og ferla í því samhengi. Jafnframt er verið að endurskoða hlutverk ráðgjafar í raunfærnimatsferlinu með því að draga fram aðferðir við framkvæmd á Norðurlöndunum.

Erlendir aðilar leita talsvert til FA eftir upplýsingum um stöðu, árangur og framkvæmd raunfærnimats hérlendis. Reglulega koma hópar í kynningar hjá FA, en meira hefur verið um miðlun í gegnum netið í kjölfar Covid-19. Eitt af því sem vekur mikla athygli erlendis er þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og ríkis um fræðslumál og einnig hversu nákvæmar kostnaðartölur liggja fyrir.

### **Söfnun upplýsinga og nemendabókhald**

Söfnun og varðveisla upplýsinga er mikilvægur þáttur í starfsemi FA. Áreiðanlegar og traustar upplýsingar eru grundvöllur þess að FA geti skilað stjórnunum Fræðslusjóðs og FA skýrslum og miðlað upplýsingum innanlands sem utan. Tölfræði um framkvæmdina hefur verið safnað frá byrjun og er einnig mikilvægur þáttur í því að fylgjast með notkun fjármagns Fræðslusjóðs og árangur starfsins.

Framsetning á gögnum og tölfræðiupplýsingum er í stöðugri þróun og er nú birt á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í meira mæli en áður.

Um mitt ár 2020 var gagnagrunnur Fræðslusjóðs komið í tryggari vörslu, en hann geymir upplýsingar um framkvæmd í vottuðum námsleiðum frá árinu 2003, raunfærnimati frá árinu 2007 og ráðgjöf frá árinu 2006. Valið var að setja gagnagrunnana í CDS kerfi frá Microsoft sem er hluti af Power apps og tengir því auðveldlega við önnur forrit frá Microsoft sem notuð eru til að lesa úr gögnunum. Þetta var gert til að tryggja öruggari geymslu á gögnunum og auðvelda frekari vinnslu.

Nemendabókhaldskerfið INNA var tekið í notkun árið 2017 og veitir FA og öllum samstarfsaðilum Fræðslusjóðs aðgang að kerfinu. Viðmót vegna skráningar á ráðgjafarviðtölum var sérsmíðað fyrir framhaldsfræðsluna. Aðlögun og lausnir voru unnar vegna skráningar raunfærnimats, gagnasöfnunar og tölfræðiskýrslna. Markmiðið með INNU er að þar verði skráð öll fræðsla sem fram fer á vegum samstarfsaðila FA, auk náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Þá nýtast upplýsingar í INNU við uppgjör við fræðsluaðila.



## Ráðgjöf um nám og störf

Markmið FA er að efla sérfræðipækkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar með því að halda utan um samstarf ráðgjafa um allt land ásamt því að leita leiða til að efla gæði þjónustunnar í gegnum þróun aðferðafræði og endurgjöf frá notendum þjónustunnar. Náms- og starfsráðgjöf er í framkvæmd hjá 14 fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum. Samtals sinna 25-27 ráðgjafar verkefninu um land allt, í mismiklu starfshlutfalli. Þeir standa fyrir kynningarfundum á vinnustöðum, einstaklingsviðtölum, hópráðgjöf, taka þátt í virkniáðgerðum fyrir atvinnuleitendur, verkefnum í raunfærnimati og þróun aðferðafræði í samstarfi við FA m.a. í gegnum erlend þróunarverkefni. FA hefur umsjón með tveimur þróunarfundum á ári með ráðgjöfum á vettvangi framhaldsfræðslunnar.

Á síðasta ári var lögð áhersla á rafræna ráðgjöf og þróun þess. Einnig var áhersla á ráðgjöf fyrir innflytjendur en þar var VISKA verkefnið í forgrunni þar sem áhersla var á raunfærnimat og ráðgjöf fyrir innflytjendur. Ráðgjafar fengu m.a. þjálfun í að vinna með túlkum og um menningarhæfni í tengslum við verkefnið. Komid hefur fram í ársskýrslum ráðgjafa og tölfraedi að fjöldi fólks af erlendum uppruna hefur aukist ár frá ári og efla þarf ráðgjöfina við þennan hóp.

Síðustu ár hafa nokkur þróunarverkefni tengd ráðgjöfinni verið í gangi og mun vinna á grundvelli þessara verkefna halda áfram á vegum FA. Nordplus verkefnið Starfs- og námsráðgjöf og hæfni í atvinnulífínu (Karrierevejledning og kompetencer i arbejdslivet) fór af stað í september 2019 og er til tveggja ára. Verkefnið snýr að ráðgjöf fyrir fólk á sibreytilegum vinnumarkaði þar sem þörf fyrir símenntun og breytingar á starfsvettvangi eru að aukast og meiri ráðgjöf til að styðja fólk til að bera kennsl á hæfni sína og möguleika til starfsþróunar. Auk FA eru aðilar frá Danmörku og Finnlandi.

Fulltrúi FA situr í ráðgjafarneti NVL og var starfsemi þess og helstu verkefni kynnt á ráðgjafarfundinum í febrúar. Unnið hefur verið m.a. að norrænni skilgreiningu fyrir náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna og lokið við skýrslu um samræmingu náms- og starfsráðgjafar á Norðurlöndum. Unnið var að því að kortleggja Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og tengja þau við starf ráðgjafarnetsins og framtíðarsýn sem unnin var 2019.

Áhersla hefur verið lögð á kynningar- og markaðsmál ráðgjafarinnar og mikilvægi þess að fara út á vinnustaði til að ná til markhóps framhaldsfræðslunnar með ráðgjöf og hvatningu til náms- og starfsþróunar og skapa þarf tengsl við fyrirtækin í samstarfi við stjórnendur. Gengið hefur misvel hjá miðstöðvunum að ná inn til fyrirtækja með kynningar og fræðslu. Fyrirtækjaheimsóknir eru mikilvægur þáttur í því og ráðgjöfin skipar stóran sess hvað varðar að ná til markhópsins þar sem hann er staddur.

Unnið var að nýrri uppfærslu upplýsinga- og ráðgjafarvefjarins [www.naestaskref.is](http://www.naestaskref.is) og fer hún í loftið í september. Stuttar almennar starfálýsingar eru nú ríflega 300 auk þess sem upplýsingum um námsleiðir hefur fjölgað jafnt og þétt. Áhugakönnun á vefsvæðinu gekk í endurnýjun lífdaga, nýtt kerfi er utan um námsleiðir innan framhaldsfræðslunnar og skref stigið í átt að aukinni rafrænni náms- og starfsráðgjöf. Drög að samstarfssamningi á milli FA og Menntamálastofnunar liggja fyrir um framtíð vefsvæðisins og sameiginlegar áherslur og hagsmuni sem felast í miðlægum gagnabanka um störf, námsleiðir, raunfærnimat og ráðgjöf. Þá stendur til að þýða efni vefjarins yfir á ensku og pólsku ásamt því að mynda um vefinn ritstjórn sem marki stefnu og fylgist með framvindu verkefnisins. Fjórar greinar um vefinn og norska fyrirmynd hans eru aðgengilegar á vefúmariti um fullorðinsfræðslu sem FA gefur út, [www.gatt.frae.is](http://www.gatt.frae.is)

## Gæðamál

Eitt af hlutverkum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) er að efla gæði í starfsemi framhaldsfræðslunnar, þessari fimmtu stoð menntakerfisins. Í þeim tilgangi var þróað gæðakerfið EQM/EQM+. EQM er vottun á fræðslustarfsemi fræðsluaðila og geta jafnt fræðsluaðilar og fræðsludeildir fyrirtækja sótt um slíka vottun. EQM+ nær einnig til ráðgjafar um nám og störf, raunfærnimats auk fræðslustarfsemi.

Alls hafa 18 fræðsluaðilar og fyrirtæki sótt formlega um að öðlast EQM eða EQM+ vottun. Um mitt ár 2020 var úttektum lokið hjá 14 þeirra, en vegna áhrifa Covid-19 frestuðust úttektir hjá tveim aðilum. Er þær fyrirhugaðar haustið 2020. Gildir vottunin í þrjú ár frá úttekt og falla elstu vottorðin úr gildi í lok árs 2020.

Á árinu 2020 hefur verið unnið að endurskoðun gæðaviðmiðana og handbóka. Þeirri vinnu lauk um miðjan september og í framhaldinu er stefnt að því að þeir tveir umsækjendur sem eftir eru geti farið í úttekt síðar á árinu.

Í október 2019 fór GÁTT – vefúmarit um fullorðinsfræðslu í loftið á nýjum vef: [gatt.frae.is/](http://gatt.frae.is/) Markmiðið með Gátt er að efla umræðu um framhaldsfræðslu og menntun á vinnumarkaði. Vefúmaritið er vettvangur fyrir miðlun þekkingar og reynslu og þar eru kynningar á því sem efst er á baugi á sviðinu hverju sinni. Í Gátt eru greinar um rannsóknir og lausnir í fullorðinsfræðslu og símenntun. Með fjölbættri nálgun um nám og fræðslu fullorðinna er ætlunin að ná til þeirra sem sinna fræðslumálum en jafnframt höfða til þátttakenda og þeirra sem hafa áhuga á því að kynna sér það sem er í deiglu.

FA hefur gefið út ársritið Gátt í tengslum við ársfund sinn frá árinu 2004. Frá árinu 2017 hefur Gátt verið gefin út rafrænt og var aðgengileg á vef FA þar

til veftímaritið fór í loftið. Eldri útgáfur ritsins eru þó enn aðgengilegar á vefnum <https://frae.is/utgafa/gatt-arsrit/>.

Vefur FA er í sífældri þróun enda markmiðið að hafa sem mest af upplýsingum um starfsemi FA aðgengilegt á rafrænu formi. FA er einnig á samfélagsmiðlum þar sem starfsemin er kynnt og fréttum deilt.

Ársfundur FA er í undirbúningi og verður í lok nóvember eins og fyrri ár. Fundurinn verður í streymi en einnig verður fólki boðið að mæta á staðinn eins og aðstæður leyfa.

Ýmis kynningarstarfsemi FA hefur færst á netið vegna aðstæðna og þátttaka í fundum, kynningum og fleira verið rafræn. Frekari áhersla hefur verið lögð á rafræn samskipti og kynningar og nokkurt starf verið unnið í að efla slíkar lausnir. Sem dæmi má nefna að tekin var saman upplýsingasíða með gagnlegum öppum fyrir rafræna kennslu, nám og samskipti sem má finna á vef FA.

### **ESB verkefni**

FA hefur verið þátttakandi í Erasmus+ KA2 verkefninu UP-AEPRO (Upskilling Pathways for Adult Education Professionals) með því að leggja til upplýsingar um raunfærnimatskerfið hér á landi og koma að mótun veflægs námskeiðs um árangursríkar leiðir fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar. Evrópsku samtökin fyrir nám fullorðinna stýrir verkefninu (EAEA) og önnur lönd sem miðla reynslu sinni sem samstarfsaðilar eru Portúgal, Bretland, Finnland, Svíþjóð og Danmörk (NVL). Sjá nánar á heimasíðu verkefnisins: <https://eaea.org/project/up-aepro/>

VISKA verkefninu lauk í byrjun árs 2020, en það var þriggja ára Evrópuverkefni (Erasmus KA3) unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið (sjá heimasíðu verkefnis: [www.viskaproject.eu](http://www.viskaproject.eu)). Unnið var að aðferðafræði og verkfæraþróun fyrir raunfærnimat innflytjenda, en á Íslandi var áhersla á pólskumælandi fólk á vinnumarkaði. Samtals fór 51 einstaklingur í gegnum raunfærnimatsferli hér á landi hjá IÐUNNI-fræðslusetri og umfangsmikil rannsókn unnin á framkvæmd á vegum Menntavísindastofnunar HÍ. Þeim niðurstöðum var miðlað á lokarástefnu verkefnisins hér á landi og í Brussel í byrjun árs. Sjá má nánari umfjöllun jafnframt í ársskýrslu FA. Þetta verkefni hefur gefið af sér mikinn lærdóm fyrir áframhaldandi þróun raunfærnimats fyrir innflytjendur.

FA leiðir evrópska samstarfsverkefnið Enterprised sem hófst síðasta haust. Það gengur út á að vinna með leiðbeinendum í fullorðinsfræðslu og fyrirtækjum í ferðaþjónustu að aukinni tengingu fræðsluaðila við vinnustaði og raunveruleg viðfangsefni í starfi. Bakhópur hagsmunaaðila hefur komið að greiningarvinnu vegna viðfangsefna og áskorana í starfi sem settar voru fram í

fyrstu afurð verkefnisins, en meginafurðirnar verða þrjár: Raundæmi úr atvinnulífinu; Leiðbeiningar fyrir notkun raundæma við miðlun náms og Leiðbeiningar fyrir fræðslu- og ferðaþjónustuaðila – vettvangspjálfun leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu.

### **NVL – norrænt tengslanet um fræðslu fullorðinna**

NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. FA hefur vistað NVL á Íslandi frá upphafi. Samningur er í gildi til loka ársins 2020.

NVL móðurnetið fundar reglulega. M.a. var haldinn fundur í Kaupmannahöfn haustið 2019 í tengslum við formennsku Danmerkur í Norrænu ráðherranefndinni. Fundurinn var sameiginlegur með stjórnendum stofnana og fyrirtækja sem hýsa NVL í hverju landi og fulltrúum Menntastefnu ESB (EU agenda). Innlend verkefni fyrstu sex mánuði ársins einkenndust af tilfærslum og breytingum á viðburðum vegna Covid-19. Ráðgert var að halda ráðstefnu í samvinnu við Kvasi á vordögum en þeirri ráðstefnu var frestað. Þó náðist að halda fund í febrúar þar sem allir fulltrúar Íslands í undirnetum NVL og vinnuhópum, ásamt framkvæmdastjóra NVL, komu saman og ræddu framtíðarverkefni NVL. Í samvinnu við FA, gaf NVL út 2 hlaðvarpsþætti um raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf í maí. Nánar um starf NVL: [www.nvl.org](http://www.nvl.org)

### **Hæfnisetur ferðaþjónustunnar**

Áherslur í starfsemi Hæfniseturs ferðaþjónustunnar á árinu voru a) Fræðsla í ferðaþjónustu í samstarfi við fræðsluaðila og fyrirtæki og b) Mótun námslínu fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu, í samræmi við áður skilgreint hlutverk Hæfnisetursins.

Frá árslokum 2017 til maí 2020 hefur starfsfólk Hæfnisetursins í samstarfi við fræðsluaðila heimsótt 156 fyrirtæki í ferðaþjónustu til að kynna fyrir þeim tilraunaverkefnið Fræðsla í ferðaþjónustu. Gerðir hafa verið samstarfssamningar sem taka til 91 fyrirtækis í ferðaþjónustu og tæplega 3.000 starfsmanna þeirra. Alls hafa níu fræðsluaðilar undirritað samstarfssamning við FA í tilraunaverkefninu Fræðsla í ferðaþjónustu. Niðurstöður árangursmælinga hjá þeim fyrirtækjum sem taka þátt í verkefninu sýna að fjárfesting í árangursmiðaðri fræðslu skilar árangri t.d. jókst starfsánægja úr 3,3 í 4,4 (á 1-5 skala), hrós jókst um 33% og kvartanir minnkuðu um 29%, skor á Booking fór úr 7,9 í 8,3 á innan við sex mánaða tímabili, starfsmannavelta lækkaði á milli ára úr 73% í 42%, skor á Tripadvisor fór úr 4,0 í 4,5 og starfsánægja jókst úr 3,5 í 4,6 (á 1-5 skala).

Könnun sem Hæfnisetrið sendi á fyrirtæki í ferðaþjónustu í mars og apríl

sl. sýndi að fyrirtæki höfðu hug á því að nýta tímann sem skapast vegna samdráttar í komu ferðamanna til að fræða og þjálfa sitt starfsfólk, en 76% þátttakenda svöruðu spurningunni játandi. Þegar þátttakendur voru spurðir að því hvort stafræn/rafræn fræðsla myndi nýtast þeim svöruðu 78% játandi.

Til að bregðast við óskum og þörfum ferðaþjónustunnar á tímum Covid-19 hefur Hæfnisetrið útbúið ýmsar leiðbeiningar og kennslumyndbönd til birtingar á heimasíðu sinni, t.d. um stafræna fræðslu, ferðavenjur í kjölfar Covid-19, leiðbeiningar hvernig bregðast eigi við smitum, ferðavenjur Íslendinga o.fl. Efnið er sérstaklega ætlað framlínustarfsmönnum og er aðgengilegt á íslensku, ensku og pólsku. Með leiðbeiningunum/góðu ráðunum hafa verið gerð kynningarmyndbönd. Þá hefur fræðsluframboð á heimasíðu Hæfnisetursins verið uppfært samkvæmt óskum svarenda í könnuninni. Nánari upplýsingar á [hafni.is](http://hafni.is)

Á heimasíðu Hæfnisetursins er að finna verkfæri fyrir stjórnendur til að auðvelda þeim að koma á fræðslu innan síns fyrirtækis. Kynningarmyndbönd og góð ráð voru gefin út fyrir fagorðalista ferðaþjónustunnar og Þjálfun í gestrisni.

Undirbúningur hélt áfram að mótun námslínu fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu. Hæfnisetrið stofnaði á vordögum stýrihóp til að vinna í samstarfi skólástiga að mótun námslínu til undirbúnings starfa í ferðaþjónustu (e. hospitality). Námslínan vísar til samhengis fleiri námsbrauta á mismunandi skólastigum, námslok á hverju stigi hafa gildi bæði til áframhaldandi náms og í atvinnulífínu. Lögð verður áhersla á að veita reyndu starfsfólki tækifæri til mats á raunfærni til styttingar á námi og/eða til inntöku í nám.

Vinna stýrihópsins grundvallast á skýrslu um framtíðarskipan náms í ferðaþjónustu sem Hæfnisetrið kynnti á síðasta ári. Markmiðið með skýrslunni var að miðla sýn atvinnulífs og menntakerfis á nám í ferðaþjónustu þannig að sú sýn gæti verið skólum og yfirvöldum leiðarljós í mótun mennta- og hæfnistefnu fyrir greinina. Hæfnisetrið tók að sér að leiða áframhaldandi vinnu við stefnumörkunina.

Í stýrihópnum sitja fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis og starfsgreinaráðs, og fulltrúar fræðsluaðila og skóla víðs vegar að af landinu.

## Mímir

Ljóst er að margar áskoranir eru fram undan í starfsemi fræðslufyrirtækja, ekki síst í símenntun og þá um leið hjá þeim sem sinna markhópi framhaldsfræðslunnar. Hin margumtalaða fjórða iðnbylting er stór hluti þeirra áskorana. Fjárframlög stjórnvalda til málaflokksins hafa því miður ekki gengið í takt við þá auknu eftirspurn sem þessu fylgir. Þvert á móti dragast þau saman með þeim afleiðingum að framboð á námi minnkar.

Rekstur Mímis skilar afgangi upp á rúmar þrjár milljónir króna árið 2019 líkt og árið á undan, þrátt fyrir nokkurn tekjusamdrátt á milli ára. Heildartekjur drógust saman um 5,8% á milli ára en tekjur ársins 2019 voru 436,2 milljónir á móti 463,3 milljónum árið 2018. Þennan tekjusamdrátt má að langmestu leyti rekja til þess að fjárveiting til Mímis úr Fræðslusjóði dróst saman samhlíða því að fjárframlög stjórnvalda til framhaldsfræðslunnar minnka ár frá ári. Þannig dróst framboð náms í framhaldsfræðslunni hjá Mími saman um 8,4% á milli ára en árið 2018 kenndi Mímir 7.789 klukkustundir á grundvelli samnings Fræðslusjóðs en 651 klukkustund minna árið 2019, eða 7.138 klukkustundir. Þetta jafngildir andvirði eins Menntastofuhóps (440 klst.) og eins Grunnmenntaskólahóps (200 klst.).

Framlög til íslenskukennslu fyrir útlendinga hafa stöðugt dregist saman að verðgildi. Unnið hefur verið með óbreytta krónutölu í mörg undanfarin ár, hvort sem um er að ræða heildarframlag á fjárlögum eða einingarverð sem notað er til uppgjors á framlaginu. Aðkoma stjórnvalda að íslenskukennslu fyrir útlendinga minnkar því með hverju árinu sem líður þrátt fyrir aukna eftirspurn í námið, aukinn fjölda útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og þrátt fyrir yfirlýstan vilja stjórnvalda til að gera betur. Afleiðingin er sú að færri komast að í niðurgreitt íslenskunám og þeir greiða hærra verð fyrir það.

### **Stöðugur rekstur í krefjandi rekstrarumhverfi**

Rekstur Mímis er áskorun ár frá ári þar sem stöðugleika og fyrirsjáanleika í fjárveitingum til starfseminnar skortir. Staðfesting á opinberum framlögum til Mímis hlýst löngu eftir að nám er auglýst, það undirbúið, ráðning kennara fer fram og skráningar í nám liggja fyrir vegna næsta fjárhagsárs. Þetta er óþægileg staða í rekstri fyrirtækis með veltu upp á tæpan hálfan milljarð á ári og fjárhagslegar skuldbindingar til að geta átt þess kost að veita viðskiptavinum trausta þjónustu sem skyldi. Aukinn fyrirsjáanleiki og forsendur fyrir rekstri væri ákjósanleg staða og myndi án vafa styrkja stöðu Mímis og annarra símenntunarmiðstöðva, sem og efla þá þjónustu sem þar er veitt.

Til mótvægis við samdrátt í tekjum sköpuðust tækifæri sem gripin voru til hagræðingar á útgjaldahlíð. Þar má nefna aukna tæknivæðingu og aukna útivistun á þjónustu. Upp undir 90% fasts kostnaðar í rekstri Mímis tengjast húsnæði og starfsmannahaldi. Stöðugleiki er mikilvægur varðandi báða þætti þannig að vænlegt þykir að leita hagræðingar innan annarra útgjalda-liða.

Rekstrarafgangur hjá Mími upp á rúmar þrjár milljónir króna er á pari við árið á undan. Reksturinn gengur vel með stöðugu utanumhaldi og eftir umfangsmikla endurskoðun verkferla, sem og innleiðingu línulegrar stjórnuar.

Félagið Mímir er eins og áður rekið til almannaheilla og því er ekki




heimilt að greiða eigendum arð. Hagnaður af starfsemi félagsins er notaður til að efla mennta- og fræðslumál fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði. Mímír leggur áherslu á að skila lítills háttar afgangi frá rekstri því mikilvægt er að geta mætt mögrum árum sem virðast koma með reglulegu millibili. Eigið fé Mímis er nú 46,4 milljónir en þar af er hlutafé 16 milljónir.

Mikil óvissa er um einn tekjulið hjá Mími en það er framlagið sem aðilar vinnumarkaðarins sömdu um í kjarasamningum árið 2015 til þess að styrkja möguleika fullorðinna á vinnumarkaði til náms. Samið var um framlagið til þriggja ára en framlagið hélst inni í fjárlögum í tvö ár umfram. Í fjárlagagögn-um ársins 2020 virðist hins vegar ekki gert ráð fyrir „viðbótarframlaginu“ áfram og ríkir fullkomin óvissa um framhald þess. Viðbótarframlagið, sem hefur verið rúmar 30 milljónir króna undanfarin ár, hefur gert gæfumun-inn fyrir rekstrargrunn Mímis enda hafa fjáframlög úr ríkissjóði til Mímis undanfarin ár ekki endilega haldist í hendur við stærð markhópsins sem Mímír sinnir.

Mímír bindur miklar vonir við endurskoðun mennta- og menningarmála-ráðuneytisins á útreikningum varðandi skiptingu fjármagns milli fræðsluaðila. Umfang starfseminnar og grunnaðstaða hennar hlýtur að þurfa að taka mið af stærð þess markhóps sem miðstöðin þjónar og þeirri skilyrtu þjónustu sem henni ber að veita honum.



## Hlutfallsleg skipting rekstrartekna árið 2019



### Nýsköpun með áherslu á tækni

Prátt fyrir þrönga fjárhagslega stöðu Mímis ríkir bjartsýni til að sækja fram. Samstarf við atvinnulífið skipar til dæmis sífellt stærri sess í starfsemi og þó vinnustaðanámskeiðum hafi fækkað þá fjölgar þeim vinnustöðum jafnt og þétt sem leita til og sækja sér þjónustu til Mímis. Þar ber fyrst og fremst að nefna samstarf um kennslu í íslensku fyrir útlendinga á vinnumarkaði, en 16 slík námskeið voru haldin í samstarfi við vinnustaði. Þá fjölgar þeim vinnustöðum sem leita til Mímis um aðstoð við að takast á við áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar, en ljóst er að verulegar breytingar á vinnumarkaði eru í vandum og hafa ýmis fyrirtæki þegar búið sér í haginn fyrir breytta tíma.

Próunarverkefni voru áberandi á árinu og hlaut Mímimir samtals um 35 milljónir til verkefna, bæði í alþjóðlegu samstarfi og innanlands. Nær öll verkefnin snúa að því að efla tæknilega færni og stafræna hæfni í námi og kennslu.

Það hefur sýnt sig að Mímimir getur brugðist fljótt og vel við þörfum og aðstæðum í samfélaginu hverju sinni og meðal starfsfólks er fjölbreytt sérfræðipækning og metnaður til gæðastarfs fyrir hendi. Sú áhersla á tækni í starfsemi Mímis síðustu misserin hefur sannarlega komið sér vel nú þegar fjarlægðar- og fjöldatakmörkanir í samskiptum ríkir vegna COVID-19 faraldursins og treysta þarf í auknum mæli á stafrænar leiðir við kennslu, ráðgjöf og raunfærnimat. Mímimir hefur aldrei verið jafn tilbúinn til að bregðast við og nú. Starfsfólk, kennarar og nemendur hafa sýnt aðdáunarvert frumkvæði og seiglu við að mæta nýjum kröfum um stafræn samskipti í krefjandi aðstæðum í skólastarfinu og samfélaginu.



## **Horfa björtum augum til framtíðar**

Mímir hlaut í fyrsta sinn viðurkenningu Creditinfo sem Framúrskarandi fyrirtæki árið 2019, auk þess að uppfylla annað árið í röð ströng skilyrði Viðskipta- blaðsins og Keldunnar til að teljast Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2019. Þá hlaut Mímir endurnýjun á viðurkenningu fræðsluaðila frá Menntamála- stofnun en viðurkenningin felur í sér staðfestingu á að starfsemin uppfylli skilyrði laga um framhaldsfræðslu hvað varðar hlutverk og markmið, skipulag náms og kennslu, aðstöðu og rekstur.

Góðum árangri Mímis er fyrst og fremst öflugum og metnaðarfullu starfs- fólki að þakka, sem og okkar traustu kennurum og nemendum. Það eru vissu- lega áskoranir fram undan sem kalla á enn frekari samvinnu og samstöðu innan hópsins. Eins og áður er mikill hugur í Mímisfólki sem horfir til fram- tíðar björtum augum.

## **Mannauður**

Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrír varamenn. Stjórnina skipuðu Guð- rún Ágústa Guðmundsdóttir formaður, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir varafor- maður, Ragnar Ólason meðstjórnandi, Lilja Sæmundsdóttir meðstjórnandi og Eyþór Árnason meðstjórnandi. Varamenn eru Sólveig Anna Jónsdóttir, Hilmar Harðarson og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir.

Mannauður Mímis samanstendur af öflugum starfsmönnum og leiðbein- endum sem skila því faglega og góða starfi sem unnið er hjá Mími. Stöðugildi hjá Mími voru 19 árið 2019 og er það fækkun um 5% frá árinu á undan. Þá voru 126 í verktöku hjá Mími, meðal annars við kennslu, og eru það heldur færri en árið 2018.

## **Fræðsla**


Áfram var unnið að meginmarkmiðum Mímis um að skapa tækifæri til náms fyrir fullorðið fólk með stutta formlega skólagöngu ásamt því að hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Þá miðaði starfið jafnframt að því að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli, sem og á tungumálanámskeiðum. Sem fyrr tók skipulag námsins mið af þörfum einstak- linga og atvinnulífsins hverju sinni.

Sífelld lægra framlag stjórnvalda til framhaldsfræðslunnar hefur bein áhrif á framboð fræðslu. Þrátt fyrir að Mímir hafi fundið fyrir aukinni eftirspurn bæði fyrirtækja og einstaklinga eftir námi og fræðslu þá dróst heildarfjöldi nemendastunda saman um tæplega 14% á milli ára. Munar þar mestu um fækkun nemendastunda í starfstengdum námsbrautum.


Svipaður fjöldi nemendastunda var í almennum námsbrautum og íslensku fyrir útlendinga á milli ára. Þrátt fyrir að almennum íslenskunámskeiðum hafi

fækkað og íslenskunámskeiðum fyrir fyrirtæki þá jókst fjöldi námskeiða fyrir erlenda atvinnuleitendur sem haldin voru í samstarfi við Vinnumálastofnun. Þá fækkar viðtölum í náms- og starfsráðgjöf á milli ára.

Nemendastundir árið 2019



Fjöldi viðtala 2015-2019



## Íslenska sem annað mál

### Almenn námskeið

Mennta- og menningarmálaráðuneytið niðurgreiðir íslenskunámskeið hjá viðurkenndum fræðsluaðilum og er styrkjum úthlutað til eins árs í senn. Úthlutanir og greiðslur fylgja reglum ráðuneytisins um úthlutun styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Strax á vorönn lá fyrir að úthlutun ráðuneytisins fyrir árið myndi ekki nægja út árið og var því gripið til þess ráðs að sækja tímanlega um viðbótarfjármagn svo hægt væri að bjóða upp á sambærilega þjónustu á haustönn og undanfarin ár. Ekki hlaut viðbótarfjármagn og tókst Mími því ekki að mæta eftirspurn eftir íslenskunámskeiðum, hvorki almenn

námskeið né sérhópa, og þurftu margir frá að hverfa. Vegna þessa fækkaði námskeiðum um 15 frá árinu á undan. Samtals voru haldin 109 námskeið í íslensku fyrir útlendinga og luku 1.340 nemendur slíkum námskeiðum.

Námskeiðin sem haldin voru á síðasta ári voru á fimm stigum auk sérstakra talþjálfunarnámskeiða og voru í boði bæði morgun- og kvöldnámskeið. Boðið var upp á stig 1 og 2 í íslensku fyrir níu mismunandi tungumálahópa þar sem kennarinn styðst við móðurmál nemenda, til dæmis arabísku, kúrdísku og farsí. Kennsla á almennum íslenskunámskeiðum fór fram á tveimur stöðum; í Höfðabakka og í húsnæði Mímis að Öldugötu 23.

Kennsla og námsefni taka mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluáferðir, bæði rafrænar leiðir auk hefðbundinna verkefna sem efla skilning og hagnýta málnotkun.

### **Íslenskunámskeið fyrir fyrirtæki**

Í samstarfi Mímis og fyrirtækja var lögð áhersla á markviss og árangursrík íslenskunámskeið sem koma til móts við þarfir bæði vinnustaða og starfsmanna. Áframhaldandi samstarf var við Landspítalann um íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk sem starfar við umönnun auk fagmenntaðs fólks, svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, geislafræðinga og fleiri stéttir.

Nokkur fyrirtæki bjóða árlega upp á íslenskunámskeið fyrir starfsfólk sitt í samstarfi við Mími og eru til að mynda nokkrir starfsmenn Marels komnir á fjórða stig í íslensku í gegnum íslenskunám á vinnustaðnum.

Starfstengdum námskeiðum í íslensku fækkaði um 10% á milli ára en alls voru haldin 28 námskeið hjá átta fyrirtækjum í samanburði við 31 námskeið árið áður.

### **Námskeið fyrir erlenda atvinnuleitendur í samstarfi við Vinnumálastofnun**

Almennum íslenskunámskeiðum fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna í samstarfi við Vinnumálastofnun fjölgaði um 60% á milli ára, en haldin voru 16 námskeið á árinu 2019 miðað við tíu námskeið frá árinu áður. Námskeiðin voru kennd daglega til að tryggja virkni og skapa tækfæri til samfellu í náminu. Margir nýttu sér framhaldsnámskeið og lögðu þannig grunn að árangursríku íslenskunámi.

Námsbrautirnar Þjónustuliðar og Grunnám fyrir skólalíða voru einnig kenndar fyrir atvinnuleitendur en í náminu var fagtengdu íslenskunámskeiði og starfsþjálfun á vinnustöðum fléttað við námskeiðið.

Námsbrautin Að lesa og skrifa á íslensku var einnig nýtt fyrir þjónustuþega Vinnumálastofnunar en alls þrír slíkir hópar luku námi á árinu og tveir hópar sóttu nám á brautinni Íslensk menning og samfélag.

## **Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt**

Einstaklingum sem þreyttu próf fyrir íslenskan ríkisborgararétt fækkaði um 16% á milli ára en 435 einstaklingar þreyttu prófið árið 2019 en 521 árið 2018.

Frankvæmd íslenskuprófa vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt var hjá Mími en prófin eru á vegum Menntamálastofnunar. Tvær prófalotur fóru fram á árinu, önnur í byrjun júní og hin í lok nóvember. Prófin fóru fram í húsakynnum Mímis í Höfðabakka en einnig hjá Símei á Akureyri, Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði og hjá Austurbrú á Egilsstöðum. Prófað er í skilningi, ritun, hlustun og tali.

Nánari upplýsingar um fjölda nemendastunda í einstökum námskeiðum og námsbrautum hjá Mími má sjá í ársskýrslu Mímis 2019.

## **Ráðgjöf og stöðumat**

### **Náms- og starfsráðgjöf**

Fjöldi viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa dregst saman um 9% á milli ára en 1551 viðtal var árið 2019 á móti 1698 árið 2018. Fækkun viðtala skýrist að einhverju leyti af aukinni vinnu ráðgjafa við þróunarverkefni og önnur verkefni. Náms- og starfsráðgjafar sinna fjölbreyttri ráðgjöf, hvort sem er við nemendur Mímis eða aðra sem eru að velta fyrir sér námi, eru í starfsendurhæfingu eða starfsleit.

Sem dæmi um ráðgjöf má nefna:

- náms- og starfsferilsþróun
- námstækni og vinnubrögð
- aðstoð við val á námi og námskeiðum
- áhugasviðsgreining
- starfsleit, ferilskrágerð, starfsúmsóknir, kynningar- og umsóknarbréf
- sjálfsskoðun og sjálfsefning
- raunfærnimat
- kvíði og hindranir í námi og við starfsleit


Stöðugildi náms- og starfsráðgjafar voru um þrjú allt árið. Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa voru svipuð og fyrri ára; ráðgjöf til einstaklinga og hópa, kennsla í námsbrautum og verkefnastjórnun í raunfærnimati. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslusjóð til að geta sinnt náms- og starfsráðgjöf og tekur umfang þjónustunnar mið af þeim samningi. Allir starfsmenn Mímis eru samstarfsaðilar ráðgjafa og beina fólki í ráðgjöf ásamt því að leita ráða um hin ýmsu málefni tengd nemendum.

Líkt og árið 2018 hélt samstarf við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann áfram, þar sem náms- og starfsráðgjafar Mímis komu að kennslu, hópráðgjöf, einstaklingsráðgjöf, sem og að veita upplýsingar um raunfærnimat.

Eftirspurn frá atvinnulífínu um náms- og starfsráðgjöf jókst frá árinu á

undan. Samstarf við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar hélt áfram frá fyrra ári þar sem Mímir bauð upp á hóp- og einstaklingsráðgjöf, ýmsar kynningar og raunfærnimat um almenna starfshæfni. Auk þess var samstarf við Landsbankann þar sem boðið var upp á náms- og starfsráðgjöf hjá ráðgjöfum Mímis eins og árið á undan. Orkuveita Reykjavíkur bættist í hóp þeirra vinnustaða sem sækja sér þjónustu Mímis um náms- og starfsráðgjöf í því augnamiði að takast á við áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar á starfsemi sína.

Mímir leggur áherslu á að efla þekkingu meðal starfsfólks á tækni og breytingu á vinnumarkaði vegna áhrifa fjórðu iðnbyltingarinnar. Þróunarverkefni tóku mið af þessum áherslum, sem og þau námskeið og ráðstefnur sem náms- og starfsráðgjafar sóttu á árinu.



### **Raunfærnimat**

Alls fóru 45 einstaklingar í gegnum raunfærnimat hjá Mími og er það sami fjöldi og árið á undan. Ljóst er að raunfærnimat getur verið mjög góð leið til að staðsetja sig inn í formlega skólakerfið þar sem einstaklingar nýta færni og hæfni sína af vinnumarkaði og fá raunfærni sína metna. Þá er raunfærnimat öflugt tæki til starfsþróunar og sjálfseflingar, hvort sem metið er á mótí námskrá eða viðmiðum atvinnulífsins, og skilar ávinningurinn sér bæði til einstaklingsins og samfélagsins. Mímir hefur aðgang að framúrskarandi matsaðilum í öllum greinum raunfærnimats sem fram fer hjá Mími úti í skólum og fyrirtækjum.

Viðskiptavinum Mímis stóðu þrjár leiðir í raunfærnimati til boða:

- Raunfærnimat í almennri starfshæfni og grunnleikni þar sem metið er á mótí viðmiðum atvinnulífsins. Metið er á hæfniþrepum 1a, 1b, 2 og 3.

- Raunfærnimat á móti viðmiðum áfanga á leikskólaliðabraut, félagsliðabraut og félags- og tómstundabraut.
- Raunfærnimat í almennum bóklegum greinum (íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði) á hæfniprepum 1 og 2.

Þá var Mímir í samstarfi við Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, um raunfærnimat í skipstjórn og voru ráðgjafar þátttakendum innan handar í matsviðtölum í gegnum fjarfundarbúnað. Áfram verður unnið að raunfærnimati á árinu 2020 samkvæmt samningi við Fræðslusjóð fyrir árið 2019 sem er til tveggja ára í senn. Stöðumat í íslensku

Mímir býður væntanlegum þátttakendum á almennum íslenskunámskeiðum hjá Mími að sækja í stöðumat í íslensku svo hægt sé að ráðleggja það námskeið sem hentar best. Á árinu voru alls 144 skráðir í annars konar stöðumat í íslensku en vegna hefðbundinna íslenskunámskeiða samanborið við 97 árið áður og er það aukning um 48%. Munar þar mestu um þjónustuþega á vegum Vinnuálastofnunar auk þeirra sem sóttu um búsetuleyfi, sem og erlenda hjúkrunarfræðinga.

Stöðumat í íslensku er bæði skriflegt og munnlegt. Stöðumat er auglýst og haldið áður en vor- og haustönn hefst en einnig geta nemendur sótt stöðumatið fyrir einstakar lotur í íslenskunámskeiðunum. Hjá Mími er einnig hægt að taka próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Staðfestingar frá Mími þar að lútandi eru viðurkenndar af Útlendingastofnun. Að auki hefur Mímir í mörg ár boðið hjúkrunarfræðingum af erlendum uppruna upp á að taka sérstakt próf í íslensku til að meta getu sína í íslensku áður en þeir sækja um starfsleyfi til Landlæknisembættisins til að starfa sem hjúkrunarfræðingar á Íslandi.

### **Þróunar- og samstarfsverkefni**

Þróunar- og samstarfsverkefni voru áberandi á árinu og hlaut Mímir samtals um 35 milljónir króna til verkefna, bæði í alþjóðlegu samstarfi og innanlands. Unnið var að ný slíkum verkefnum með fyrirtækjum og stofnunum sem styrkt eru af opinberum aðilum, aðilum vinnumarkaðarins, Erasmus+ og Nordplus. Áhersla var lögð á verkefni sem miða að því að efla þekkingu og færni á ýms konar tækni sem snertir nám og kennslu.

Í ársskýrslu Mímis 2019 má sjá yfirlit þróunar- og samstarfsverkefna Mímis á árinu.

### **Gæðamál**

Frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á gæði í öllu starfi Mímis og var árið 2019 þar engin undantekning. Fyrirtækið hefur hlotið vottun á fræðslu-

starfseminni og einnig formlega viðurkenningu á að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar samkvæmt gæðakerfinu EQM+ (European Quality Mark).

Á árinu var unnið að gerð áætlunar um heildstætt sjálfsmatskerfi í þeim tilgangi að efla gæðavitund starfsmanna og viðhalda stöðugum umbótum í starfseminni. Gerð var áætlun um innra mat sem byggð var á sjálfsmatslistum úr EQM+. Niðurstöður ásamt áætlun um umbætur voru birtar starfsmönnum í lok árs. Umbætur snéru fyrst og fremst að innra skipulagi í kringum fræðslu. Gæðateymi vann áfram að útgáfu nýrra gæðaskjala og endurnýjun annarra. Að öðru leyti var vinna við gæðamál hliðstæð árinu á undan.

### **Kynningar- og markaðsmál**

Markaðsmál eru veigamikill þáttur í starfsemi Mímis. Verkefni voru hliðstæð árinu á undan en sífellt meiri þungi er lagður á að kynna námskeið og þjónustu Mímis í gegnum stafræna miðla.

Gerðir voru kynningarbæklingar bæði um nám og raunfærnimat sem flestir voru á rafrænu formi. Þjónusta við viðskiptavinum var þróuð enn frekar í gegnum vef og áfram var notast við samfélagsmiðla; Facebook og Instagram, til að kynna starfsemi Mímis. Þá voru námsbrautir kynntar í útvarpi í samstarfi við K100 og Sýn og birtar skjáauglýsingar hjá RÚV og Sjónvarpi Símans.

Birtar voru auglýsingar og greinar í fréttablöðum Eflingar stéttarfélags. Þá voru birtar auglýsingar á strætóskýlum, auk þess sem haldin voru opin hús hjá Mími til að kynna framboð náms. Mímir hóf samstarf við auglýsingafyrirtækið SKYN um birtingu auglýsinga á vefmiðlum. Þá tók Mímir þátt í þeim viðburðum sem þóttu henta til að nálgast markhóp sinn hverju sinni.

### **Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar**

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun miðstjórnar ASÍ 21. júlí 1983 og var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984. Sjóðurinn er í umsjá Alþýðusambands Íslands. Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000 en tekjur sjóðsins hafa einkum verið vaxtatekjur, auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum.

Sjóðurinn veitir styrki til að efla rannsóknir og útgáfu á verkum sem varða sérstaklega vinnumarkaðinn, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar. Einnig veitir hann styrki til að sækja námskeið eða afla sér með öðrum hætti þekkingar á verkalýðshreyfingunni og málefnum launafólks, innanlands eða erlendis.

Í maí 2020 veitti Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar fjóra styrki.

Andrea Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir fá styrk að fjárhæð

kr. 1.000.000 vegna rannsóknarinnar „Lífið á tímum kórónuveirunnar: Breytingar á fjölskyldulífi, atvinnu og ábyrgð“.

Um er að ræða rannsókn á fordæmalausu tímum Covid-19 þegar líf allra hefur tekið breytingum dag frá degi. Skerðingar á leik- og grunnskólastarfi, lokanir framhaldsskóla, háskóla og vinnustaða, auk hvers kyns skerðingar á þjónustu, hafa víðtæk áhrif á líf fólks og á það ekki síst við um tilveru fjölskyldufólks. Miklar breytingar hafa orðið á heimilis- og atvinnulífi, sem mikilvægt er að öðlast skilning á. Markmið rannsóknarinnar eru annars vegar að öðlast yfirsýn með því að kortleggja með dagbókarfærslum áhrif COVID-19 á daglegt líf barnafjölskyldna meðan faraldurinn stendur yfir og hins vegar að öðlast með viðtalsrannsókn dýpri skilning á upplifun og reynslu foreldra af áhrifum hans á samræmingu fjölskyldu og atvinnu.

Einar Kári Jóhannsson og Styrmir Dýrfjörð fá styrk að fjárhæð kr. 500.000 vegna rannsóknar á lífi og störfum Hallgríms Hallgrímssonar og ritunar ævisögu hans.

Hallgrímur var meðal annars einn stofnenda Kommúnistaflokks Íslands, sótti sér menntun í leynilega skóla Komintern í Moskvu, ritstýrði verkalýðsblöðum, var varaformaður Dagsbrúnar og ötull baráttumaður fyrir verkalýðsmálum. Þá varð hann þjóðþekktur fyrir þátttöku sína í spænska borgarastríðinu, en einnig eftir að hann hlaut landráðsdóm í hinu svokallaða „dreifibréfsmáli“. Í kjölfarið sat hann inni á Litla-Hrauni í 11 mánuði fyrir að rita bækling á ensku sem var dreift á meðal breskra hermanna. Í bréfinu voru hermenn hvattir til að styðja verkfallsboð Dagsbrúnar. Ljóst er að Hallgrímur var mikil persóna sem ætti eflaust vísan sess í sögubækurnar ef hann hefði ekki fallið frá aðeins 32 ára gamall árið 1942.

Hrafnkell Lárusson fær styrk að fjárhæð kr. 500.000 vegna rannsókna „Lýðræði í mótun: viðhorf, iðkun og þátttaka almennings“.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hlut almennings í lýðræðisþróun íslensks samfélags á umbrotatímum þegar Ísland var að nútímavæðast. Tímabilið sem um ræðir eru árin 1874-1915, en þá var Ísland að færa sig frá því að vera næsta einsleitt sveitasamfélag yfir í að vera blandað samfélag dreifbýlis og vaxandi þéttbýlis. Áhersla verkefnisins er á þátttöku almennings í lýðræðisþróun, en rannsóknin er allt í senn á sviði stjórnmála-, félags- og menningarsögu. Í verkefninu er fjallað um árekstra sem urðu milli gamla samfélagsins og hins nýja, sem birtust m.a. í því að vaxandi stétt launafólks tók að virkja samtakamátt sinn og taka sér stöðu sem áhrifamikil afl í íslensku samfélagi. Verkefnið mun varpa nýju ljósi á hlut íslenskra verkalýðsfélaga í almenntri lýðræðisþróun fyrir stofnun ASÍ árið 1916. Hagsmunir launafólks og starfsemi verkalýðsfélaga eru áhrifamiklir þættir í skýringum á samfélagsþróun tímabilsins sem og aukinni lýðræðislegrri þátttöku almennings, sem ekki



aðeins barðist fyrir bættum kjörum heldur einnig fyrir félagslegum og pólitískum réttindum.

Sigurður Gylfi Magnússon fær styrk að fjárhæð kr. 500.000 vegna bóka í ritröðinni Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar.

Nú þegar hafa komið út 25 bækur í ritröðinni sem allar eiga það sameiginlegt að fjalla um lífskjör alþýðufólks á liðnum öldum. Frá og með bók númer 15 (Dagbók Elku) hefur áherslan færst á fyrirbærið fátækt og reynt hefur verið að grafast fyrir um tilurð og umfang „fátæktarmenningarinnar“ í landinu. Tilfellið var að fátækt hafði afgerandi áhrif á alþýðu landsins en í þessum bókum er leitað svara við því hver voru hin samfélagslegu úrræði og hver voru bjargráð fólks sem bjó við kröpp kjör. Lífsbaráttan var upp á líf og dauða hjá ótrúlega stórum hópi fólks á 19. og fram á 20. öldina en ætlað er að leiða þessa staðreynd í ljós með áframhaldandi útgáfu ritraðarinnar.

# ERLEND SAMSKIPTI

## Norræna verkalýðssambandið – NFS

Í lok árs 2019 lauk kjörtímabili stjórnar NFS, en það ár fór Sonja Ýr Þorbergsdóttir með formennsku í sambandinu samkvæmt fyrirfram ákveðinni útskiptireglu. Í upphafi árs 2020 tók Drífa Snædal sæti í framkvæmdastjórn sambandsins.

Starfsár hinnar nýju stjórnar hefur einkennst af umfjöllun um lágmarkslaun sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gefið loford um að setja reglur um. Svíþjóð, Danmörk og Noregur hafa verið einbeitt í því að berjast gegn reglusetningu um lágmarkslaun, enda grefur það undan því norræna módeli að semja um laun í kjarasamningum. Litíð er á vegferð Evrópusambandsins sem uppgjöf gagnvart uppbyggingu stéttarféлага og sammingsfrelsis og aðför að þeirri velferð sem Norðurlöndin hafa byggt upp með þríhliða samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Finnar eru ekki jafn einbeittir í afstöðu sinni en Ísland hefur tekið stöðu með Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Það sem flækir málið er að ETUC – Evrópusamband verkalýðsfélaga, sem NFS er aðili að, hefur leikið tveimur skjöldum í málinu. Talað á einn veg á fundum með Norðurlöndunum en gefið svo önnur skilaboð til Evrópusambandsins. Mikil orka hefur því farið í samskipti við ETUC og umræður um traust gagnvart þeim samtökum.

NFS hefur haldið tvo framkvæmdastjórnarfundum á árinu og einn stjórnarfund, en á stjórnarfundum eiga sæti formenn og framkvæmdastjórar allra aðildarsamtakanna 15 í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Að auki hafa verið haldnir samráðsfundir með vinnumálaráðherra Svíþjóðar (sem er fyrrum formaður í systurfélagi BSRB í Svíþjóð), auk funda með framkvæmdastjóri ETUC og varaforsetum.

Áherslur NFS í starfi síðustu ár hafa verið sjálfbært og inngilt atvinnulíf, velferð og fræðsla og sjálfbær hagvöxtur og samkeppnisstaða Norðurlandanna. NFS hefur það markmið að vernda það skipulag Norðurlandanna að semja í frjálsum kjarasamningum, auka möguleika vinnandi fólks til að færa sig á milli landa og styrkja jafnrétti og jafnræði á norrænum vinnumarkaði.

## Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi (VN)

Til Verkalýðshreyfingarinnar í Norður-Atlantshafi, VN, tilheyrta heildarsamtök verkalýðsfélaga á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Gert er ráð fyrir einum fundi á ári sem haldinn er til skiptis í löndunum. Áætlað var að halda fund á vordögum 2020 en vegna heimsfaraldursins varð ekkert af þeim fundi.

## **Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC**

Fastir fundir framkvæmdastjórnar ETUC eru fjórum sinnum á ári, en síðustu misseri hefur það færst í aukana að haldnir eru aukafundir um afmörkuð viðfangsefni sem ekki hefur tekist að ná samstöðu eða niðurstöðu um á föstum fundi framkvæmdastjórnarinnar. Flestum fundum á árinu 2020 hefur verið aflýst en fjarfundir hafa verið haldnir til að ná sátt á milli Norræna verkalýðsambandsins (NFS) og yfirstjórnar ETUC vegna umræðunnar um tilskipun um lágmarkslaun. Eins og farið er yfir í kaflanum um NFS þá líta flest Norðurlöndin svo á að samræmd Evrópulöggjöf um lágmarkslaun sé aðför að þeirri skipan mála að kjör séu ákvörðuð í kjarasamningum og viðræðum aðila á milli. ETUC, með framkvæmdastjórnann Luca Vicenti, hefur slegið úr og í og jafnvel gefið út opinberlega að Norðurlöndin stundi skemmdarverk á þeirri viðleitni að ná lögbundnum lágmarkslaunum í álfunni. Það er því trúnaðarbrestur á milli norrænu ríkjanna og ETUC sem erfitt hefur reynst að vinda ofan af.

Forysta ETUC var kjörin 2019 til fjögurra ára.

### **ETUC - Press, Communications & Campaign Committee**

Fundur var haldinn í Press, Communications & Campaign Committee, í Brussel dagana 26.-28. september 2019. Aðilar innan evrópsku verkalýðshreyfingarinnar sem starfa að upplýsinga- og kynningarmálum ráða ráðum sínum á þessum fundum og reynslu er miðlað. Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningarmála hjá ASÍ, sótti fundinn fyrir hönd sambandsins.

Á fundunum, sem 30–40 manns sóttu, var m.a. farið í praktísk atriði sem snúa að því hvernig best sé að haga orðræðu í fréttum og skilaboðum til að ná í gegn í þeim mikla hávaða sem ríkir í upplýsingamiðlun nútímans. Lögð var áhersla á að einfalda orðræðuna og hafa skilaboð stutt - sérstaklega þegar þarf að koma í gegn jákvæðum og/eða mikilvægum fréttum. Ekki gefa viðtakendum færi á að túlka skilaboðin. Þetta er tækni sem forseti Bandaríkjanna hefur náð ágætri færni í. Ef fólk skilur ekki hvað þú ert að segja hættir það að hlusta. Þegar fréttir eru neikvæðar fyrir hreyfinguna er hins vegar leyfilegt að vera óskýr og jafnvel langorður sem skilur hlustandann/lesandann eftir í óvissu og hann veit ekki almennilega hvað er í gangi.

Þegar nei-sinnar í Brexit voru með rauðu rútna, sem sagði að Bretar borguðu 350 milljónir punda til ESB á viku, gengu já-sinnar í gildruna og fóru að leiðrétta töluna. Þeir sögðu nei, þetta er ekki rétt, talan er 170 milljónir punda. Fyrir venjulegt fólk þá er hvort tveggja stjarnfræðilegir fjármunir – það skilur ekki muninn. Betra hefði verið að svara svona: kostnaður fyrir Bretland er ca 1 pund á dag á mann og við sem þjóð fáum alveg helling fyrir þann pening.

Nota meira af myndum og minni texta. Taka frekar podcast-viðtal eða stutt vídeó til að skýra út en að skrifa langa frétt (viðtal við sérfræðing er fín lausn). Fordást flókin tækniorð og klisjur - buzz words.

### **Staða mannréttindamála í Tyrklandi**

Tyrkneskur blaðamaður í hópnum fór yfir stöðu mannréttindamála í heimalandinu. Hann sagði að búið væri að loka 158 útvarpsstöðvum, sjónvarpsstöðvum og dagblöðum. Blaðamenn reknir, fangelsaðir. Eftir standa fjölmiðlar sem milljónamæringar eiga en þeir eru í miklu sambandi við stjórnvöld og fá alls kyns fyrirgreiðslu, t.d. skattalega. Í mannvirkjageiranum í Tyrklandi er það sama upp á teningnum. Mikil tengsl milli stórra fyrirtækja og Erdogan-klíkkunnar. Almennungur berst á móti í gegnum samfélagsmiðla og með tækniinni sem gerir einfalt að sjónvarpa eða útvarpa á vefnum, þar á meðal verkalyðshreyfingin. Þeir sem starfa fyrir tyrknesku verkalyðshreyfinguna eru oft í mikilli hættu ekkert síður en blaðamenn, sérstaklega þeir sem vinna að upplýsingamálum.

Tyrkneski blaðamaðurinn ræddi einnig að VW þurfti að velja stað fyrir nýja 20 þúsund manna verksmiðju og valið stóð á milli Serbíu, Búlgaríu og Tyrklands. Þýski framleiðandinn valdi á endanum Tyrkland þar sem réttindi verkafólks eru fótum troðin og blaðamenn eru fangelsaðir og jafnvel drepnir. Þetta er vægast sagt umhugsunarvert. Hvers vegna þetta val hjá þýsku fyrirtæki?

### **Alþjóðasamband verkalýðsfélaga (ITUC)**

ITUC eru alþjóðasamtök launafólks sem stofnuð voru í byrjun nóvember 2006 með sameiningu tveggja alþjóðasambanda og svæðasambanda launafólks sem staðið höfðu utan alþjóðasamtakanna. ITUC nýtur almennrar og víðtækrar viðurkenningar í alþjóðasamfélaginu sem fulltrúi launafólks á alþjóðavettvangi. Meginverkefni samtakanna er að samræma afstöðu aðildarsamtakanna og koma fram fyrir þeirra hönd á alþjóðavísu og í ýmsum alþjóðastofnunum. Þunginn í starfi ITUC beinist að baráttunni fyrir alþjóðlegri viðurkenningu á réttindum launafólks til að stofna og starfa í verkalýðsfélögum og rétt þeirra til að gera kjarasamninga. Þá berjast þau fyrir grundvallarréttindum launafólks í starfi og almennum mannréttindum. Eðli málsins samkvæmt beinist starf ITUC að því að styðja verkalýðshreyfinguna og mannréttindabaráttu í þróunarríkjunum, innan alþjóðastofnana og í einstaka þróunarríkjum.

ITUC hefur leitt samtalið um réttlát umskipti (just transition) og hefur komið upp vettvangi fyrir þjóðir heims til að sækja sér upplýsingar og reynslu fyrir þau umskipti á vinnumarkaði sem verða vegna tækni- og loftslags-

breytinga. Shara Burrow er kjörin framkvæmdastjóri ITUC og hefur ekki legið á liði sínu í umræðum um réttlát umskipti, meðal annars var hún gestur ASÍ á fjarfyrirlestri um málið og mun ávarpa þing okkar í október.

ITUC hefur einnig verið leiðandi í viðbrögðum við COVID og kallað eftir nýjum félagslegum sáttmála í heiminum til að takast á við veiruna og afleiðingar hennar. Slíkur sáttmáli þurfi að viðurkenna að efnahagskerfi heimsins sé ekki til hagsbóta fyrir vinnandi fólk og við munum ekki geta farið aftur í sama farið eftir veiruna. Kröfur hreyfingarinnar eru:

- Örugg og góð störf með félagslegu hjálparneti.
- Jafnrétti og inngilding – að allir hafi jafnt aðgengi að störfum og félagslegu neti
- Koma reglum á fjármagnið.
- Að endurreisnin verði ekki á kostnað velferðar eða vinnandi fólks.
- Tækifærið verði nýtt til að breyta atvinnuháttum frá mengandi störfum í betri störf (réttlát umskipti).

## **Fundur hagfræðinga norrænu alþýðusambandanna**

Hagfræðingar norrænu alþýðusambandanna funduðu tvisvar á liðnu starfsári. Fyrri fundurinn var haldinn í Osló í Noregi haustið 2019 og sótti Henný Hinz fundinn fyrir hönd ASÍ. Síðari fundurinn var haldinn með óhefðbundnu sniði sem fjarfundur á vormánuðum. Fundurinn var í umsjón SAK í Finnlandi og var fundarefnið áhrif Covid-19 á hagkerfi Norðurlandanna. Róbert Farestveit flutti þar erindi um áhrif Covid-19 á íslenskt hagkerfi og efnahagshorfunar fram undan.

## **NETLEX – Network of Legal Experts**

Árleg ráðstefna lögfræðinga aðildarsamtaka ETUC var haldin dagana 4–5. mars sl. Ráðstefnan ber heitið NETLEX (Network of Legal Experts) og á henni er fjallað um það helsta sem hefur borið á góma og komandi þróun mála á sviði evrópsks og alþjóðlegs vinnuréttar.

Segja má að ráðstefnunni hafi verið skipt í þrjú meginþemu, þ.e. mannréttindi innan ESB; málefni innri markaðarins (fjórfræðisins); og svo fyrirhugaða tilskipun um evrópsk lágmarkslaun og afstöðu ETUC til þess efnis.

Varðandi mannréttindi innan ESB var farið yfir þróun undanfarinna missera. Bar þar hæst mikil umræða um aðgæsluskyldu evrópskra fyrirtækja gagnvart virðisbætur sinni. Of mikið og of auðvelt væri fyrir fyrirtæki að fría sig ábyrgð á hörmungum framleiðslu í mörgum löndum Asíu og Afríku. T.d. var farið yfir reynslu Frakka af löggjöf sem á að taka á þessu og var það mál flestra að ágætlega hefði tekist til en vissulega kallaði þetta á að fleiri ríki gripu til aðgerða og/eða samevrópskum reglum yrði komið á.

Um málefni innri markaðarins voru umræður um breytta skipan á vinnu- markaði í ljósi tækniþróunar sem bar hæst. Viðruðu fundarmenn áhyggjur sínar af því að hæglega gengi að setja reglur sem bæti réttarstöðu starfsfólks í svokölluðu tengihagkerfi (e. collaborative economy). Að sama skapi voru þó raktar nokkrar sögur um árangursríkar aðgerðir sem hefði verið gripið til.

Að endingu var mikil og hávær umræða um lögmæti og réttmæti tilskipunar um evrópsk lágmarkslaun. Ljóst er að sumum ríkjum, einna helst Norður- löndunum, hugnast ekki slík reglusetning og það gangi gegn vinnu- mark- aðsmódeli því sem unnið er eftir þar og hefur reynst svo vel í samanburði við önnur ríki a.m.k. Einnig var þeim sjónarmiðum haldið á lofti að ef til vill væri ekki sanngjarnt af „sterkari“ ríkjum að leggja gegn slíkri reglusetningu sem myndi koma sér vel fyrir mörg ríki sem verr væru sett, sérstaklega ríki Suður- og Austur-Evrópu. Engin niðurstaða fékkst í málið, enda ekki þessa fundar að ná slíkri niðurstöðu, en þau lögfræðilegu rök sem ETUC telur að styðji kröf- una um góða tilskipun í þessum efnum voru rækilega kynnt og rædd.

## **Alþjóðavinnuálastofnunin – ILO**

### **109. þing ILO 2020**

Covid-19 hefur haft veruleg áhrif á allt starf ILO og leiddi m.a. til þess að hætt var við 109. þing stofnunarinnar sem halda átti 2020 og því frestað til 2021. Ákveðið hefur verið að dagskráin verði sú hin sama og áður hafði verið ákveðin. Inn í allan málefnaundirbúning er þó bætt við umfjöllun um áhrif Covid-19 á viðkomandi sviði. Þannig þurfa aðildarríkin að auka nýjum kafla við skýrslur sínar um viðbrögð við og afleiðingar af Covid-19. Það verður síðan verkefni sérfræðinganeftardarinnar að kanna og hafa álit á hvort þau við- brögð hafi verið í samræmi við samþykktir ILO.

### **Stjórnarnefnd ILO (GB)**

Stjórnarnefndin (GB) kom saman til reglulegs fundar í október 2019. Fundir nefndarinnar í mars 2020 og vorið 2020 voru felldir niður. Til þess að halda stjórn ILO virkri var ákveðið að mynda teymi talsmanna launafólks, atvinnu- rekenda og forseta GB, sem fékk það verkefni að leggja upp þau mál sem taka hefur þurft ákvarðanir um. Hópur launafólks hefur síðan hist á fjarfundum þar sem farið er yfir tillögur teymisins og afstaða mótuð. Að svo búnu hefur ILO efnt til rafrænna atkvæðagreiðslna um einstök mál. Þannig hefur tekist að halda í horfinu en mikilvæg verkefni setið á hakanum. Þegar þetta er skrifað er stefnt að fundi GB í Genf í nóvember sem verði að hluta staðfundur og að hluta fjarfundur. Kjörtímabil allra fulltrúa í GB var framlengt um eitt ár en kosningar áttu að fara fram á þinginu 2020.

### **Félagafrelsisnefnd ILO (CFA)**

Fundir nefndarinnar eru haldnir samhliða fundum í GB og hafa því fallið niður. Fjöldi óafgreiddra kærumála hefur vaxið hröðum skrefum. Mikilvægt er að niðurstöður komi innan hæfilegs frests þar sem kærur lúta mjög oft að liðnum atburðum eða stöðugu ólögmætu ástandi og stundum eru mannlíf að veði. Þar sem um nokkurs konar dómsstörf er að ræða hefur ekki verið fundað í fjarfundarbúnaði. Stefnt er að því að fundað verði í Genf nú í nóvember og þá í sex daga í stað þriggja.

### **Þrífliðanefnd ILO á Íslandi**

Nefndin hefur hist á þremur fundum á síðasta starfsári. Störf hafa verið hefðbundin með þeirri undantekningu að samþykkt var að leggja fyrir ráðherra tillögu um fullgildingu á samþykkt um aðgerðir gegn einelti og ofbeldi á vinnustöðum (2019). Tillagan hefur ekki enn litið dagsins ljós. Gylfi Kristinsson, sem stýrt hefur störfum nefndarinnar um áratugaskeið, lét af störfum og skemmst er frá að segja að nefndin hefur ekki verið kölluð saman eftir það, eða síðan í desember 2019.

### **Norræna ILO-samstarfið**

Fundir voru þrjár á árinu og þar af einn í fjarfundi. Fundirnir eru ætlaðir til samráðs og stuðnings við fulltrúa Norðurlandanna í stjórn ILO, sem nú er Magnús M. Norðdahl, og situr hann til 2021. Samstarfið var í öllum grundvallaratriðum gott. En vegna bæði frestunar á 109. þingi ILO og þar sem GB hefur ekki hist, hefur tilefni til samráðs verið lítið.

# LAGABREYTINGAR OG SKIPULAGSMÁL

## Laganefnd

Haldnir voru þrír fundir í Laganefnd á tímabilinu og á þeim voru afgreiddar til miðstjórnar án athugasemda lagabreytingar sjö aðildarfélaga en einni lagabreytingu var lagt til að hafna. Þar átti í hlut Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri. Félagið er opið öllum sem lokið hafa námsáföngum sem viðurkenndir eru af félaginu sem hluti iðnnáms. Með þeirri lagabreytingu sem lagt var til að hafna, var kjörgengi bundið þeim sem lokið hefðu iðnnámi. Í rökstuðningi Laganefndar sem miðstjórn staðfesti segir: „Þær breytingar sem lagðar eru til, fela jafnframt í sér að kjörgengi félagsmanna sem lokið hafa námsáföngum sbr. d. lið 3. gr. eru sviptir kjörgengi. Laganefnd ASÍ fjallaði um samkynja lagabreytingu hjá Leiðsögn, áður Félagi leiðsögumanna, í málinu nr. 200604-0007. Í álitum hennar segir m.a.: „Skv. lögum og skipulagi vinnu-markaðarins skulu allir sem greiða gjöld til stéttarfélags njóta þeirra réttinda [sem fjallað er um í lögum félagsins þ.m.t. kjörgengis]. ... Nefndin leggur til að 12. gr. verði staðfest með þeim fyrirvara að allir greiðandi leiðsögumenn sem vinna skv. kjarasamningum félagsins eigi réttindi skv. b og c lið 12. gr. ... Nefndin leggur til að sá hluti ákvæða 16. gr. sem skilyrðir kjörgengi til formanns við fagmenntaða leiðsögumenn verði ekki staðfest.“ Miðstjórn afgreiddi síðan lagabreytingar félagsins í samræmi við þetta þann 26.4 2020 og þar segir: „Með vísan til umsagnar laganefndar staðfestir miðstjórn ASÍ breytingar á lögum Félags leiðsögumanna og þær voru samþykktar á fundi félagsins 28. febrúar 2006. Ákvæði 5. gr. eru staðfest að hluta og þá þannig að skýrt er að undirverktakar (einyrkjar í skilningi 5. gr. laga félagsins) njóta hvorki kjörgengis né atkvæðisréttar um kjarasamninga. Ákvæði 12. gr. eru staðfest með þeim fyrirvara að allir greiðandi leiðsögumenn sem vinna skv. kjarasamningi félagsins skuli njóta réttinda skv. b og c lið 12. gr. Ákvæði 16. gr. um skilyrt kjörgengi fagmenntaðra er ekki staðfest.“ Um réttindi félagsmanna á vinnuréttarverf ASÍ er fjallað um þessi málefni á sama hátt. Í samræmi við fyrri afgreiðslu samkynja breytinga leggur Laganefnd til að miðstjórn staðfesti ekki þær breytingar sem gerðar voru á lögum félagsins á aðalfundi 2020.

## Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman á fjórum fundum á starfsárinu. Nefndin staðfesti á árinu breytingar á reglugerðum tveggja sjúkrasjóða aðildarfélaga og fylgdi að venju eftir skilum á ársreikningum og skýrslum í



aðdraganda sambandsþings og tryggingafræðilegu mati á sjúkrasjóðum í samræmi við lög ASÍ. Nefndin starfaði í samræmi við metnaðarfulla og ítarlega starfsáætlun varðandi verkefni tengdum málefnum verkalyðshreyfingarinnar, rýningu og þarfagreiningu á samræmdum reglum og verklagi á milli aðildarfélaga og önnur atriði er varða skipulagsmál og innri málefni ASÍ.

### **Grafía gengur í RSÍ**

Á þingi RSÍ, sem haldið var dagana 9.–11. maí 2019, var aðildarumsókn Grafíu - stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum að Rafiðnaðarsambandi Íslands (RSÍ) samþykkt. Gerðar voru nauðsynlegar breytingar á lögum sambandsins og frá og með 1. október 2019 varð Grafía nýtt aðildarfélag RSÍ.

### **Úrsögn Sjómannafélags Hafnarfjarðar**

Eitt af elstu aðildarfélögum ASÍ, Sjómannafélag Hafnarfjarðar, sagði sig úr ASÍ og Sjómannasambandi Íslands á starfsárinu. Samkvæmt ákvörðun félagsfundar í Sjómannafélagi Hafnarfjarðar var efnt til allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um úrsögn félagsins úr Sjómannasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands. Á upphaflegri kjörskrá voru 9 einstaklingar og af þeim greiddu 5 atkvæði. 3 nýir félagsmenn kærðu sig inn á kjörskrá og voru þeir teknir inn með ákvörðun kjörstjórnar. Tveir þeirra kærðu alla hina upphaflegu kjörskrá og var kærur þeirra hafnað. Alls voru því greidd 8 atkvæði. Þau féllu þannig: Úrsögn úr ASÍ samþykktu 5 en 3 sögðu nei. Úrsögn úr SSÍ samþykktu 5 en 3 sögðu nei. Til þess að úrsagnir teldust gildar þurfti til þeirra 2/3 greiddra atkvæða. Af 8 atkvæðum þarf því 5,33 atkvæði. Kjörstjórn taldi að réttum meirihluta hefði verið náð með 5 atkvæðum og báðar voru því samþykktar. Formaður félagsins, Jón Rósant Þórarinnsson, fól lögfræðingi ASÍ og formanni kjörstjórnar að gera SSÍ og miðstjórn ASÍ grein fyrir niðurstöðum en stjórn félagsins tilkynnti síðan um formlega úrsögn með bréfum dags. 25.2.2020.

### **Úrsagnir úr miðstjórn og afsögn fyrsta varaforseta**

Á vormánuðum tilkynntu tveir miðstjórnarmenn um annars vegar afsögn sína, Harpa Sævarsdóttir, og hins vegar Ragnar Þór Ingólfsson, sem lét uppi þá áætlun sína að segja af sér síðar. Jafnframt sagði af sér fyrsti varaforseti, Vilhjálmur Birgisson. Af þessu tilefni voru tekin saman nokkur minnisblöð af Magnúsi M. Norðdahl, lögfræðingi ASÍ, og þau lögð fyrir miðstjórn. Fyrst var fjallað almennt um afsagnir forseta og aðalmanna í miðstjórn og hverja réttarverkun afsagnir þeirra hafi (1.4.2020). Þar sagði m.a.:

„Um afsögn fyrsta varaforseta: Varaforsetar ASÍ eru hluti miðstjórnar en eru kjörnir beinni kosningu á þingum ASÍ skv. 4.mgr. 33. gr. laga ASÍ. Segi

varaforseti af sér því embætti sem hann hefur verið kjörinn til hefur hann þar með sagt sig úr miðstjórn. Í 8.mgr. sömu greinar segir: „Forfallist forseti eða varaforsetar svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum, skal miðstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr hópi miðstjórnarmanna en ella gegnir fyrsti varaforseti störfum forseta í forföllum hans og annar varaforseti í forföllum fyrsta varaforseta.“ Við afsögn eða varanleg forföll fyrsta varaforseta tekur annar varaforseti stöðu hans. Miðstjórn skal þá koma saman og velja nýjan annan varaforseta úr sínum röðum. Löggin eru þögul um hvort við þær aðstæður komi inn varamaður í stað þess sem kjörinn hefur verið annar varaforseti. Samkvæmt þeim almennu reglum sem gilda innan aðildarfélaganna ASÍ, taka varamenn alltaf sæti í stjórn um aðildarfélaganna, forfallist einhver stjórnarmanna varanlega eða segi hann af sér. Í þeim tilvikum þegar viðkomandi stjórnarmaður hefur gegnt tilteknu embætti innan stjórnar velur stjórnin úr sínum hópi annan stjórnarmann til þess að gegna stöðu hans og kallar inn varamann í stað hans. Markmiðið er að stjórn sé ætíð fullskipuð og ákvörðunarþær. Það er álit mitt að lög ASÍ beri að túlka með sama hætti. Varamaður taki því varanlegt sæti í miðstjórn í stað þess sem kjörinn hefur verið annar varaforseti. Segi sá sem kjörinn hefur verið með þessum hætti annar varaforseti af sér því embætti verður að líta svo á að fara beri með afsögn hans með sama hætti og hefði hann verið kjörinn beint á þingi ASÍ. Við afsögn taki hann sem sagt ekki aftur almennt sæti í miðstjórn og teljist hafa sagt sig úr miðstjórn sambandsins. Um afsögn almennra miðstjórnarmanna segir: Segi almennur miðstjórnarmaður af sér tekur varamaður sæti með hefðbundnum hætti sbr. hér á eftir. Um val varamanna segir: „Sú hefð hefur skapast innan ASÍ, að við einstök forföll aðalmanna séu kallaðir inn þeir varamenn sem tilheyra sömu aðildarsamtökum. Við afsögn eða varanleg forföll skal hins vegar kalla inn varamenn í þeirri röð sem þeir voru kjörnir þ.e. farið er eftir atkvæðamagni á bak við hvern og einn. Sú regla byggir á þeirri meginreglu 33. gr. laga ASÍ, að þrátt fyrir að leitast skuli við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust þá ræður meirihluti atkvæða auk þess sem enginn er rétt kjörinn nema hann hljóti a.m.k. 50% greiddra atkvæða. Þetta er einnig skýrt tekið fram í 6. kafla þingskapa ASÍ. Engin heimild er til þess í lögum ASÍ að beita annarri reglu en á við um röðun í varanleg sæti aðalmanna, þegar varamenn taka varanlegt sæti í miðstjórn.“

4.4. 2020 höfðu þau öll þrjú tilkynnt um að þau drægiu afsagnir sínar til baka. Í millitíðinni hafði 2. varaforseti, Kristján Þórður Snæbjarnarson, tekið stöðu fyrsta varaforseta og miðstjórn kjörið Sólveigu Önnu Jónsdóttur sem annan varaforseta, auk þess sem varamenn höfðu tekið stöður aðalmanna. Um þessar afturkallanir varð mikil deila. Tekið var saman minnisblað af lögfræðingi ASÍ og það lagt fyrir miðstjórn. Í stuttu máli var talið að þau Vil-

hjálmur og Harpa hefðu með óafturkallanlegum hætti sagt af sér meðan Ragnari Þór hefði verið heimilt að draga sína afsögn til baka. Í minnisblaðinu segir:

„Þrír miðstjórnarmenn, þau Vilhjálmur Birgisson (VB), fyrsti varaforseti, og þau Ragnar Þór Ingólfsson (RPI) og Harpa Sævarsdóttir (HS), sem bæði eru almennir miðstjórnarmenn, hafa á undanförunum dögum sagt sig úr miðstjórn. Þau hafa síðan dregið úrsagnir sínar til baka. Efni þessa minnisblaðs er að leggja mat á hvaða réttaráhrif þær afturkallanir kunni að hafa. Í fyrra minnisblaði til miðstjórnar er fjallað um réttaráhrif afsagnar varaforseta og komist að þeirri niðurstöðu að afsögn forsetaembættis feli jafnframt í sér úrsögn úr miðstjórn. Í áliti þessu er hugtakið úrsögn notað um bæði afsögn VB og úrsagnir þeirra RPI og HS. Ferill úrsagna: VB sagði af sér með formlegu bréfi til miðstjórnar dags. 1.4. 2020, sem mótttekið var kl. 10:42. HS tilkynnti úrsögn sína með tölvubréfi til miðstjórnar sama dag kl. 11:36. RPI tilkynnti forseta með tölvubréfi þann 30.3. að hann hefði tekið ákvörðun um að segja af sér. Þann sama dag óskaði forseti þess við RPI að hann endurskoðaði þessa ákvörðun sína. Í svari RPI 31.3. tilkynnti hann forseta að vænta væri yfirlýsingar hans fyrir kl. 10:00 þann 1.4. 2020. Engin yfirlýsing barst og þann 2.4. 2020 óskaði forseti eftir formlegri úrsögn enda hefði hún skilið fyrri samskipti við hann þannig að hann væri að boða afsögn. Þann sama dag, 2.4. 2020, svaraði RPI með eftirfarandi hætti: „Ef úrsögn mín úr miðstjórn ASÍ í fyrri pósti, og svo staðfesting á ákvörðun minni í öðrum, hafi ekki verið nægilega skýr vil ég hér með taka af allan vafa. Ég staðfesti hér með, enn og aftur, úrsögn mína úr miðstjórn ASÍ.“ Þann 1.4. 2020 kl. 13:00 kom miðstjórn saman. Fyrir fundinum lágu formlegar úrsagnir þeirra VB og HS. Í kjölfar afsagnar VB og í samræmi við 33. gr. laga ASÍ tók Kristján Þórður Snæbjarnarson (KPS), annar varaforseti, við embætti fyrsta varaforseta. Miðstjórn ákvað jafnframt í samræmi við lög ASÍ að kjörinn skyldi nýr annar varaforseti í stað KPS en frestaði kosningu. Miðstjórn kom að nýju saman 3.4. kl. 13:00. Kl. 10:02 sama dag hafði borist eftirfarandi tölvubréf frá RPI til forseta: „Ég hef verið hugsi yfir stöðunni sem hefur teiknast upp eftir úrsögn mína úr miðstjórn. Félagar okkar innan hreyfingarinnar hafa verið duglegir að benda á nauðsyn þess að snúa bókum saman á þessum tímum í stað þess að ganga sundruð að þeim gríðarlegu áskorunum sem fram undan eru. Ég get tekið undir þau sjónarmið. Það eru miklar tilfinningar í spilunum þegar mikið álag er og óvissa ríkir og getur það gerst að þær ráði för þegar ákvarðanir eru teknar. Ég er líka þannig gerður að ég á auðvelt með að sjá og viðurkenna mistök. Það er eitt verra við að gera mistök, sem er að viðurkenna þau ekki og standa fastur fyrir. Ég hef rætt við Hörpu og Villa og lagt á það mikla áherslu að enginn sé yfir það hafinn að bakka og ábyrgð okkar sé mikil í að halda samstöðunni á

Þessum krefjandi tímum sem fram undan eru. Með þessum orðum vil ég leggja fram þá beiðni fyrir hönd Vilhjálms Birgissonar, Hörpu Sævarsdóttur og undirritaðs að úrsagnir okkar verði dregnar til baka í nafni samstöðu hreyfingarinnar á þessum erfiðu tímum.“ Við upphaf fundar lágu fyrir staðfestingar þeirra VB og HS um að erindi RPI hefði verið sent í þeirra umboði. Lög og reglugerðir ASÍ: Lög ASÍ eru þögul um úrsagnir miðstjórnarmanna og hvort slíkar yfirlýsingar kunni að vera afturkallanlegar. Um „forföll“ forseta er fjallað í 8. mgr. 33. gr. laga ASÍ. Þar segir: „Forfallist forseti eða varaforsetar svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum, skal miðstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr hópi miðstjórnarmanna en ella gegnir fyrsti varaforseti störfum forseta í forföllum hans og annar varaforseti í forföllum fyrsta varaforseta.“ Unnið var samkvæmt ákvæði þessu á fundi miðstjórnar 1.4. 2020 þá er KPS tók við embætti fyrsta varaforseta af VB. Engin ákvæði er að finna í reglugerðum ASÍ um úrsagnir úr miðstjórn eða stofnunum ASÍ. Fordæmi eru til um afsagnir miðstjórnarmanna en fordæmi um að miðstjórnarmaður sem sagt hefur sig úr miðstjórn hafi afturkallað þá ráðstöfun sína og óskað eftir því að taka sæti sitt að nýju hef ég ekki fundið. Álit: Þar sem enga leiðsögn er að hafa í lögum ASÍ, reglugerðum eða fordæmum verður að leggja mat á réttaráhrif afturköllunar á úrsögnum þeirra VB, RPI og HS út frá almennum lögfræðilegum sjónarmiðum. Í 7. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa segir: „Sé tilboð eða svar við tilboði kallað aftur, er afturköllunin gild, ef hún kom til gagnaðilja áður en eða samtímis því, að tilboðið eða svarið kom til vitundar hans.“ Þessi regla samningaréttar sem á við um einkaréttarleg samskipti einstaklinga og lögaðila endurspeglar þá meginreglu laga, að skuldbindandi yfirlýsingar manna eru almennt óafturkallanlegar eftir að þær eru komnar til vitundar þess sem þeim er beint til sem í þessu tilviki er miðstjórn ASÍ. Ef í yfirlýsingu er tilgreindur sérstakur gildistökuári er afturköllun heimil þar til sá tími er kominn. Eins og rakið er hér að framan beindu þau VB og HS úrsögnum sínum til miðstjórnar ASÍ án fyrirvara um tiltekna síðari gildistöku þeirra. Úrsagnir þeirra tóku því gildi þegar þær komust til vitundar miðstjórnar, í síðasta lagi við upphaf miðstjórnarfundar þann 1.4. 2020 kl. 13:00. Afturkallanir sem gerðar voru í umboði þeirra bárust skömmu fyrir fund miðstjórnar að morgni 3.4. 2020 eða tveimur sólarhringum eftir að þær tóku gildi. Samkvæmt meginreglum íslenskra laga voru þær á þeim tímapunkti óafturkallanlegar. Jafnframt hafði miðstjórn þann 1.4. 2020 þegar gert ráðstafanir á grundvelli úrsagnar VB og KPS þegar tekið við embætti hans í samræmi við lög ASÍ. Jafnframt þá geyma lög ASÍ engin ákvæði sem heimila miðstjórn að afturkalla tilfærslu varaforseta milli embætta skv. 33. gr. eða heimila setu þeirra sem almennra miðstjórnarmanna en til slíkrar setu hafa þeir ekki verið kjörnir af sambandsþingi. Með vísan til þess sem hér hefur verið

rakið er það álit mitt að úrsagnir þeirra VB og HS séu óafturkallanlegar. RPI tilkynnti forseta um þá ákvörðun sína að segja sig úr miðstjórn og boðaði formlegt erindi þar að lútandi fyrir miðstjórnarfund 1.4. 2020 en formleg staðfesting hans barst hins vegar ekki forseta fyrr en 2.4. 2020 kl. 10:06. Samkvæmt reglugerð um starfsemi skrifstofu ASÍ eru dagleg störf forseta unnin í umboði miðstjórnar. Almennt verður að líta svo á að forseti ASÍ sé í umboði til þess að taka við með skuldbindandi hætti yfirlýsingum sem beint er til miðstjórnar ASÍ. Í sögu ASÍ hefur aldrei reynt á gildi þessa umboðs gagnvart yfirlýsingum um afturköllun úrsagnar úr miðstjórn. Fyrr í þessu álitmi hefur ég komist að þeirri niðurstöðu að engum vafa sé undirorpið að afsagnir þeirra VB og HS hafi óafturkallanlega og tekið gildi í síðasta lagi við upphaf miðstjórnarfundar þann 1.4. 2020. Ef lítið er svo á að gildistöku skuli miða við þá tímasetningu þegar yfirlýsing berst miðstjórn með formlegum hætti, þá átti afsögn RPI að taka gildi í síðasta lagi við upphaf miðstjórnarfundar kl. 13:00 þann 3.4. 2020. Fyrr upphaf þess fundar lá jafnframt fyrir tölvubréf um afturköllun afsagnar hans. Telji miðstjórn að þessar tvær yfirlýsingar hafi legið fyrir á sömu stundu mætti telja að RPI hafi á þeirri stundu verið heimilt að draga afsögn sína til baka. Það er hins vegar álit mitt að svo sé ekki og byggi ég það á eftirfarandi. - Forseti ASÍ er á hverjum tíma í umboði til þess að taka við með skuldbindandi hætti þeim yfirlýsingum sem beint er eða sem beina skal til miðstjórnar. - RPI telur sjálfur að engum vafa hafi verið undirorpið að afsögn hans hafi þegar verið búin að taka gildi sbr. yfirlýsingu hans til forseta þann 2.4. 2020 þar sem segir: „Ef úrsögn mín úr miðstjórn ASÍ í fyrri pósti, og svo staðfesting á ákvörðun minni í öðrum, hafi ekki verið nægilega skýr vil ég hér með taka af allan vafa. Ég staðfesti hér með, enn og aftur, úrsögn mína úr miðstjórn ASÍ.“ Yfirlýsingar þessar höfðu jafnframt verið margtrefkaðar af honum í fjölmiðlum. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er það álit mitt að úrsögn RPI sem beint var til forseta í umboði miðstjórnar hafi í síðasta lagi tekið gildi þann 2.4. 2020, eða sólarhring áður en afturköllun hans barst þann 3.4. 2020. Úrsögn hans sé því óafturkallanleg. Þar sem það er í höndum miðstjórnar ASÍ að túlka lög og reglugerðir ASÍ, þ.m.t. reglugerð um starfsemi skrifstofu ASÍ og um umboð forseta, þá tel ég jafnframt að miðstjórn kunni að vera heimilt að líta svo á, að afturköllun RPI hafi með skuldbindandi hætti borist á sama tíma og úrsögn hans. Af þeim ástæðum geti því úrsögnin mögulega hafa verið afturkallanleg. Það mat verður miðstjórn að leggja. Komist miðstjórn að þeirri niðurstöðu af afsögn RPI hafi verið óafturkallanleg skal bent á, að fordæmi eru fyrir því að formenn landssambanda og stærstu félaga sem ekki eiga sæti í miðstjórn hafa vegna afsagna forvera sinna iðulega fengið sæti sem áheyrnarfulltrúar í miðstjórn með málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Jafnframt skal tekið fram, að RPI á sem formaður landssambands

fast sæti í samninganefnd ASÍ. Úrsögn hans úr miðstjórn hefur þar engin áhrif. Engu skiptir heldur þó hann hafi lýst því yfir á fundi samninganefndar að hann væri hættur þátttöku í störfum hennar. Til þeirra starfa getur hann snúið hvenær sem hann sjálfur kys.“

Í framhaldi þessa öfludu VR og VFLA lögfræðilíta þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að afturkallanir væru lögmætar og miðstjórn ASÍ í færum til þess að ryðja raðir sínar til þess að koma þeim fyrir. Þann 6.5 2020 var lagt fram nýtt álit lögfræðings ASÍ um málið og komist að annarri niðurstöðu sem miðstjórn féllst á. Þar segir: „Þann 8.4. 2020 samþykkti stjórn VR áskorun til miðstjórnar ASÍ um að endurskoða afstöðu sína til úrsagna þeirra Vilhjálmssonar (VB) og Hörpu Sævarsdóttur (HS). Tilefni áskorunarinnar eru álit lögmannanna Guðmundar B. Ólafssonar (GBÓ) og Daníels Isebarn Ágústssonar (DIÁ). Erindið var lagt fyrir miðstjórn og því frestað. Ekki er ágreiningur um að yfirlýsingar manna taka á tilteknum tíma gildi með þeim afleiðingum að þeir geta ekki afturkallað þær einhliða. Þær verða með öðrum orðum óafturkallanlegar. Skoðanir eru hins vegar skiptar um hvort yfirlýsingar sem einungis er beint til forseta taki gildi gagnvart miðstjórn. Miðstjórn taldi að yfirlýsingar þeirra VB og HS, sem fólu í sér skýra úrsögn úr miðstjórn, sem báðum var beint til miðstjórnar ASÍ, sendar öllum miðstjórnarmönnum og sem urðu grundvöllur ákvarðanatöku á fundi miðstjórnar 1.4. 2020, hefðu óumdeilanlega öðlast gildi og því gætu þau ekki afturkallað þær þann 3.4. 2020. Miðstjórn taldi öðru gilda um úrsögn RPI. Í pósti til forseta tilkynnti hann henni um ákvörðun sína um að segja sig úr miðstjórn. Forseti óskaði eftir skýrri yfirlýsingu hér um sem hann boðaði daginn eftir en sem ekki skilaði sér. Þegar síðan skýr yfirlýsing hans um úrsögn lá fyrir við upphaf miðstjórnarfundar 3.4. 2020 lá jafnframt fyrir afturköllun hans á þeirri sömu yfirlýsingu. Miðstjórn taldi því að RPI hefði getað afturkallað úrsögn sína og því hefði hún aldrei tekið gildi. Úrsagnir þessara þriggja aðila eru því ekki sambærilegar og voru afgreiddar í samræmi við það. Fulls jafnræðis við afgreiðslu var því gætt og er ekki fallist á sjónarmið DIÁ þar um. Undir umræðum í miðstjórn þann 3.4. 2020 var lögð fram tillaga þess efnis að miðstjórn skyldi samþykka afturköllun á úrsögnum allra þriggja, RPI, VB og HS. Miðstjórn samþykkti að taka ekki efnislega afstöðu til tillögunnar enda lá ekki fyrir afstaða þeirra sem þá höfðu tekið sæti í miðstjórn eða breytt um stöðu innan hennar í stað þremminganna, auk þess sem tillagan tók einnig til RPI sem miðstjórn taldi að hefði sjálfur afturkallað úrsögn sína með lögmætum hætti. Í áliti DIÁ er byggt á rangri skýringu á 8. mgr. 33. gr. laga ASÍ þar sem segir: „Forfallist forseti eða varaforsetar svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum, skal miðstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr hópi miðstjórnarmanna en ella gegnir fyrsti varaforseti störfum forseta í forföllum hans og annar varaforseti

í forföllum fyrsta varaforseta.“ Túlkun DIÁ er sú að miðstjórn skuli ætíð kjósa úr sínum röðum nýja forseta við varanleg forföll einhvers þeirra og því hafi 2. varaforseti einungis til bráðabirgða tekið stöðu 1. varaforseta þann 1.4 2020 eða þar til miðstjórn kysi úr sínum röðum nýjan 1. varaforseta. Lög ASÍ hafa aldrei verið túlkuð með þessum hætti. Löggin eru skýr og ber að túlka þannig að 1. varaforseti tekur stöðu forseta í forföllum hans og forfallist forseti varanlega, t.d. vegna andláts eða úrsagnar, tekur 1. varaforseti það sæti varanlega. 2. varaforseti tekur þá stöðu 1. varaforseta og miðstjórn kýs úr sínum röðum í stað hans. Þannig gengur þetta koll af kalli eftir því sem við á. Þrátt fyrir lögfræðilegan ágreining um tiltekin atriði, þá breytir það ekki þeirri stöðu sem miðstjórn stendur frammi fyrir sem er sú að úrsagnir VB og HS hafa tekið gildi og miðstjórn er fullskipuð í samræmi við lög ASÍ. Ef vinda á ofan af þeirri stöðu þarf að kanna hvaða heimildir miðstjórn hefur til þess að samþykkja afturkallanir sem komnar eru fram og tekið hafa gildi og sem viðkomandi geta ekki sjálfir afturkallað. Þeir GBÓ og DIÁ telja miðstjórn þetta heimilt að þeim skilyrðum uppfylltum að þau sem fyllt hafi í skörð þeirra VB og HS gefi eftir núverandi stöðu sína. GBÓ styður sjónarmið sitt m.a. við sérstök sjónarmið og nauðsyn þess að túlka lög ASÍ í þágu markmiða um samsetningu miðstjórnar. DIÁ styður sjónarmið sitt m.a. við að miðstjórn sé kjörin á sambandsþingi með meira en 50% atkvæða á bak við sig. Ég er ekki sammála þessum sérstöku sjónarmiðum. Úr miðstjórn gekk einn fulltrúi SGS og einn fulltrúi LÍV. Fyrsti varamaður inn í miðstjórn kom frá SGS (kona í stað karls) og annar varamaður kom frá LÍV (karl í stað konu). Því er bæði jafnvægi í forsvari samtaka og kynja til staðar. Allir fulltrúar í miðstjórn eru kjörnir með meira en 50% atkvæða og reyndar sitjandi varamenn með 100%. Ég tel jafnframt að við túlkun laga ASÍ megi líta til laga og reglna um lýðræðislegar stofnanir samfélagsins og félög sem líta sér lögum. Þingmenn sem segja af sér þingsæti hafa enga heimild til endurkomu, hvorki með afturköllun eða samþykki Alþingis. Það sama á við um stjórnarmenn hlutafélaga. Í fyrra tilvikinu breyta nýjar kosningar stöðunni og í því síðara aðalfundur. Ef tillit er tekið til réttarreglna um þessar stofnanir við túlkun laga ASÍ myndi vald til þess að heimila endurkomu liggja hjá aukasambandsþingi sem löglega yrði kallað saman. ASÍ eru hins vegar frjáls félagasamtök og í ljósi þeirra viðburða sem eru tilefni þessa minnisblaðs, tel ég rétt að breyta lögum ASÍ þannig að allur vafi verði tekinn af um réttarstöðu þeirra sem segja af sér og heimildir miðstjórnar í því efni. Ég er hins vegar sammála þeim GBÓ og DIÁ um að skilyrði þess að atkvæðagreiðsla um endurkomu þeirra VB og HS geti farið fram sé, að þau sem tekið hafa sæti eða breytt um stöðu innan miðstjórnar gefi þá stöðu og/eða breytingar eftir enda hefur miðstjórn engar heimildir til þess að svipta miðstjórnarmenn sæti sínu eða færa þá milli embætta sem bundin eru í lögum ASÍ. Jafn-



fram tel ég eftirfarandi skipta máli við túlkun laga ASÍ. Miðstjórn ASÍ fer með umboð til ýmissa verka í þágu aðildarsamtaka sinna gagnvart stjórnvöldum og samtökum atvinnurekenda. M.a. fer miðstjórn með samningsumboð um lífeyrismál, á fulltrúa í Þjóðhagsráði, skipar eða tekur þátt í skipun fulltrúa í fjölmargar stjórnir, nefndir og ráð m.a. sem geta farið með úrskurðarvald. Jafnframt fer miðstjórn með eignir ASÍ og getur skuldbundið sambandið. Engum vafa má vera undirorpið að miðstjórn sé á hverjum tíma löglega skipuð og bær til ákvarðana. Kjósi miðstjórn að heimila endurkomu miðstjórnarmanna sem löglega og óafturkallanlega hafa sagt af sér mun hún geta grafið undan umboði sínu þar sem draga megi í efa lögmæta samsetningu hennar. ASÍ er jafnframt samband frjálsra verkalýðsfélaga en ekki félagsskapur með einstaklingsbundna aðild. Miðstjórn sækir vald sitt til aðildarsamtaka sinna en ekki til félagsmanna þeirra beint. Þau sem kjörin eru til ábyrgðar í miðstjórn sambandsins eru að undanskildum forseta, kjörin til þeirra starfa fyrst og fremst sem fulltrúar aðildarsamtaka sinna samkvæmt hefð og þeim verklagsreglum sem kjörnefnd starfar eftir en ekki sem einstaklingar. Úrsögn úr miðstjórn á því í reynd ekki að vera einstaklingsbundin ákvörðun heldur félagsleg. Hér þarf því að líta til fulltrúalýðræðis og trausts sem ráða á í störfum ædstu stjórnar ASÍ.“

Svo fór að Ragnar Þór Ingólfsson sat áfram í miðstjórn en þau Vilhjálmur Birgisson og Harpa Sævarsdóttir hurfu varanlega úr henni.

## ASÍ-UNG

Stjórn sem kjörin var á 6. þingi ASÍ-UNG 2020 lauk nú nýlega seinna starfsári sínu.

Fulltrúar í stjórn á tímabilinu voru:

Aðalbjörn Jóhannsson	Framsýn
Alma Pálmadóttir	Efling stéttarfélag
Ástþór Jón Tryggvason	Verkalýðsfélag Suðurlands
Eiríkur Þór Theodórsson	Stéttarfélag Vesturlands
Gundega Jaunlinina	Veralýðsfélagið Hlíf
Karen Birna Ómarsdóttir	Aldan stéttarfélag
Margrét Júlía Óladóttir	FVSA
Margrét Arnarsdóttir	Félag ísl. rafvirkja
Sindri Már Smáráson	Afl Starfsgreinafélag

Varastjórn

Birkir Snær Guðjónsson	Afl Starfsgreinafélag
Elín Ósk Sigurðardóttir	Stéttarfélag Vesturlands
Hafðís Erna Ásbjarnardóttir	Eining-Iðja



Kristinn Örn Arnarson  
Ólafur Ólafsson

Efling stéttarfélag  
Eining-Iðja

Nokkur breyting varð á stjórn ASÍ-UNG á árinu þar sem nokkrir stjórnarmeðlimir hurfu frá störfum vegna breytinga í einkalífi sínu. Um mitt sumar tók Gundega Jaunlinina, Verkalýðsfélaginu Hlíf, við starfi formanns af Eiríki Þór Theódórssyni, Stéttarfélagi Vesturlands. Starf ASÍ-UNG var með hefðbundnu sniði framan af vetri. Covid-19 hafði þó talsverð áhrif á starfið á vor- og sumarmánuðum og voru fyrirhugaðir viðburðir og verkefni að mestu blásin af. Störf stjórnar sneru því meðal annars að því að efla starfið og styrkja innviði ASÍ-UNG. Fundað var reglulega og málefni ungs fólks á vinnumarkaði rædd en sú hefð hefur skapast að bæði aðal- og varamenn í stjórn eru boðaðir á fundi stjórnar.

### **Hringrásarhagkerfið**

ASÍ-UNG efndi til sófaspjalls um hringrásarhagkerfið í Stúdentakjallaranum þann 13. nóvember. Fjallað var um hringrásarhagkerfið og hvaða áhrif það gæti haft á vinnumarkað framtíðarinnar. Birgitta Stefánsdóttir, sérfræðingur á sviði loftslagsmála og græns samfélags, flutti opunarerindi og að því loknu tók við sófaspjall þar sem gestir tóku þátt í umræðum með spurningum og/eða athugasemdum.

### **Fulltrúi ASÍ í ETUC-Youth Committee**

Ástþór Jón Tryggvason, stjórnarmaður í ASÍ-UNG, var settur fulltrúi ASÍ í ETUC-Youth Committee. Um er að ræða nefnd innan evrópsku verkalýðshreyfingarinnar sem hefur það hlutverk að efla ungt fólk á vinnumarkaði og tryggja að rödd þess heyrir. Í tengslum við það tók hann þátt í námskeiði/ráðstefnu í Portúgal í lok janúar þar sem þessi mál voru til umfjöllunar.

### **Ungir leiðtogar – námskeið**

ASÍ-UNG hefur komið að skipulagi og kostun námskeiðsins Ungir leiðtogar sem boðið hefur verið upp á síðustu ár. Vegna Covid-19 og sóttvarnaaðgerða var því frestað um eitt ár.

### **Covid-19**

Á vormánuðum lét ASÍ-UNG útbúa kynningarefni fyrir samfélagsmiðla þar sem fjallað var um réttindi ungs fólks á vinnumarkaði í því ástandi sem skapadist vegna Covid-19. Meðal þess sem tekið var á voru réttindi vegna veikinda barna, réttindi til launa í sóttkví, réttur til hlutabóta og réttindi námsmanna í hlutastörfum.

## 6. þing ASÍ-UNG 11. september 2020

Sjötta þing ASÍ-UNG var sett, í fjarfundi, föstudaginn 11. september. Vegna samkomutakmarkana v/Covid-19 var ákveðið að halda rafrænt afgreiðsluþing og var því allri málefnavinnu frestað. Þingið var haldið í fjarfundakerfinu Zoom og kosningar fóru fram rafrænt í gegnum Valmund, kosningakerfi Advania.

Öll aðildarfélög ASÍ geta sent einn aðalmann, einn varamann og aukafulltrúa á þingið, ásamt því hefur fráfarandi stjórn rétt til setu. Þingið sátu alls 20 aðalmenn, 4 varamenn og 6 aukafulltrúar. Ásamt því sátu þingið 8 starfsmenn ASÍ og einn gestur. Fundarstjóri var Róbert Farestveit, hagfræðingur hjá ASÍ, og fundarritari Halldór Oddsson, lögfræðingur hjá ASÍ.

Rafrænt umhverfi þingsins setti óneitanlega svip á þingstörf en þó sköpuðust talsverðar umræður meðal fulltrúa um breytingatillögur fráfarandi stjórnar sem sneru að skipulagi starfs stjórnar. Lagt var til að þing ASÍ-UNG yrði haldið árlega, í stað annars hvers árs, og að þing yrði haldið fyrir lok nóvember og gæti því verið haldið í kjölfar þings ASÍ sem er haldið í október annað hvert ár. Var þessu mótmælt og lagt til að þingað yrði hvert ár en þingið yrði fyrir lok september, í aðdraganda þings ASÍ. Var sú tillaga samþykkt. Einnig var samþykkt að til skiptis yrðu kosnir fjórir og fimm aðalmenn til stjórnar ASÍ-UNG, til tveggja ára í senn, og þrír aðalmenn til eins árs. Er þetta gert í tilraun til þess að tryggja frekari samfellu í störfum ASÍ-UNG.

Þar sem um afgreiðsluþing var að ræða voru engar ályktanir samþykktar á þinginu.

Ný stjórn var kosin til starfa þar sem lögð var áhersla á jafna skiptingu út frá kyni, búsetu og félögum.

Nýja stjórn skipa:

Alma Pálmadóttir	Efling
Aron Máni Nindel Haraldsson	Félag tæknifólks í rafiðnaði
Ástþór Jón Tryggvason	Verkalýðsfélag Suðurlands
Guðmundur H. Salbergsson	VM Félag vélstjóra og málmæknim.
Gundega Jaunlinina	Verkalýðsfélagið Hlíf
Hulda Björnsdóttir	FVSA
Lilja Hrönn Gunnarsdóttir	VR
Magdalena Samsonowicz	Efling
Þorvarður Bergm. Kjartansson	VR

Varastjórn

Birkir Snær Guðjónsson

Elín Ósk Sigurðardóttir

Inga Fanney Rúnarsdóttir

AFL Starfsgreinafélag

Verkalýðsfélag Suðurlands

Verkalýðsfélag Grindavíkur

Kjörnefnd:

Auður Alfa Ólafsdóttir, starfsmaður ASÍ

Þórir Gunnarsson, starfsmaður ASÍ

Margrét Júlía Óladóttir, FVSA



## Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og framkvæmdastjóra ASÍ í samráði við starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið var lögð fyrir miðstjórn um miðjan desember til fyrri umræðu og hún síðan samþykkt að lokinni síðari umræðu á fyrsta fundi miðstjórnar í janúar 2020.

Skipulag og verkefni ASÍ ásamt verkaskiptingu milli þess og aðildarsamtakanna hefur mótast á undanförunum árum og áratugum þar sem hlutverk ASÍ felst í samráði og samstarfi um stefnumótun í sameiginlegum málum innan samtakanna, við önnur samtök launafólks og við stjórnvöld og við samtök atvinnurekenda. Hlutverk ASÍ er jafnframt að tala fyrir réttindum og kjörum launafólks í opinberri umræðu og gæta hagsmuna launafólks við setningu laga á Alþingi og í annarri stefnumarkandi ákvarðanatöku. Þá sinnir ASÍ samstarfi við norræna, evrópska og alþjóðlega verkalýðshreyfingu ásamt því að þróa og móta nýja þekkingu um samfélagsmál og stöðu og réttindi launafólks.

Þessi sýn og verkaskipting mótar rammann um starfsemi skrifstofu ASÍ hverju sinni. Skrifstofan aðstoðar forseta og miðstjórn sambandsins við að sinna þessu hlutverki og tryggir góða og skilvirka þjónustu við landsamböndin og aðildarfélögin. Þá er það hlutverk skrifstofu að byggja upp þekkingu á réttindum og kjörum launafólks og tryggja virkt aðhald með stjórnvöldum og atvinnurekendum.

Fjölmeiri mál koma til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess á hverju ári. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga og laga, útreikningum og ýmsum hagfræðilegum úrlausnarefnum. Skrifstofa Alþýðusambandsins vinnur umsagnir við frumvörp í Samráðsgátt stjórnvalda og við málsmeðferð á Alþingi og tekur þátt í stefnumarkandi nefndum og starfshópum á vegum hins opinbera. Skrifstofan aðstoðar einnig kjörna fulltrúa í tengslum við fjölmiðlaviðtöl og aðra þátttöku í opinberri umræðu eftir því sem óskað er eftir. Frekari verkefnum skrifstofu ASÍ eru gerð skil í öðrum köflum þessarar skýrslu.

### **Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. október 2020**

Starfsfólk Alþýðusambands Íslands var þann 1. október síðastliðinn sem hér segir: Auður Alfa Ólafsdóttir, verkefnastjóri í verðlagseftirliti, Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Ásgeir Sverrisson, sérfræðingur í greiningum, Ástríður Andrésdóttir, fulltrúi, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, sérfræðingur í fræðslu og kynningarmálum og starfsmaður ASÍ-UNG, Drífa Snædal, forseti ASÍ, Eyrún Björk Valsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og þekkingarsviðs, Friðrik V. Hraunfjörð, matreiðslumaður, Guðrún Edda Baldursdóttir, sérfræðingur í fræðslumálum, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, sérfræðingur í málefnum útlendinga og flóttafólks á vinnumarkaði, Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri, Gundega Jaunlina, starfandi formaður ASÍ-UNG, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og sviðsstjóri stefnumótunar- og greiningarsviðs, Halldór Oddsson, lögfræðingur, Kristján Þórður Snæbjarnarson, 1. varaforseti ASÍ, Magnús Norðdahl, lögfræðingur og sviðsstjóri kjarasamninga- og þjónustusviðs, María Lóa Friðjónsdóttir, sérfræðingur í vinnustaðaeftirliti, Marí-anna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Ólöf Brynja Jónsdóttir, bókarari, Róbert Farestveit, hagfræðingur, Saga Kjartansdóttir, túlkur, Sigurlaug Hreinsdóttir, aðstoðarmaður í mötuneyti, Snorri Már Skúlason, sérfræðingur í upplýsinga- og kynningarmálum, Sólveig Anna Jónsdóttir, 2. varaforseti ASÍ, Sif Ólafsdóttir, fulltrúi, Sigurlaug Gröndal, verkefnisstjóri Félagsmálaskólans, og Þórir Gunnarsson, hagfræðingur.

Þær breytingar sem orðið hafa á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ári eru að Eiríkur Þór Theódórsson, formaður ASÍ-UNG, Guðmundur Hilmarsson, sérfræðingur og kennari við Félagsmálaskóla alþýðu, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri, Hanna Elísdóttir, matráðskona, Henny Hinz, deildarstjóri hagdeildar, og Vilhjálmur Birgisson, fyrsti varaforseti, létu af störfum. Þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið og óskum þeim velfarnaðar.

Nýir liðsmenn á skrifstofunni eru Ásgeir Sverrisson, sérfræðingur í greiningum, Friðrik V. Hraunfjörð, matreiðslumaður, Gundega Jaunlina, starfandi

formaður ASÍ-UNG, Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, sérfræðingur í málefnum útlendinga og flóttafólks á vinnu-  
markaði, Saga Kjartansdóttir, túlkur, Sigurlaug Hreinsdóttir, aðstoðarmaður í  
mötuneyti, og Sólveig Anna Jónsdóttir, 2. varaforseti ASÍ. Þjóðum við þau  
hjartanlega velkomin í hópinn. Jafnframt var Nanna Hermannsdóttir, hag-  
fræðinemi, ráðin tímabundið í þrjá mánuði á árinu, til að sinna afmörkuðu  
rannsóknarverkefni fyrir félagsmáladeild Alþýðusambandsins.

Í september 2020 voru einnig gerðar breytingar á skipuriti skrifstofu ASÍ á  
árinu. Í stað fimm deilda byggist skipuritið nú á þremur sviðum, auk skrifstofu  
framkvæmdastjóra, sem eru: svið stefnumótunar og greiningar, svið fræðslu  
og þekkingar og svið kjarasamninga og þjónustu við aðildarfélög.



## Listasafn ASÍ

Rekstrarstjórn Listasafns ASÍ skipa: Halla Gunnarsdóttir, nýr framkvæmdastjóri ASÍ, sem tók við formennsku í rekstrarstjórn af fráfarandi framkvæmdastjóra, Guðrúnu Ágústu Guðmundsdóttur, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Hilmari Harðarson, formaður FIT – Félags iðn- og tæknigreina.

Listráð Listasafns ASÍ 2019-2020 skipa, annað tímabilið í röð, sýningarstjórnarnir Dorothee Kirch og Heiðar Kári Rannversson auk safnstjórans Elísabetar Gunnarsdóttur, sem jafnframt er formaður. Listráðið er skipað til tveggja ára í senn og er rekstrarstjórn til ráðuneytis um innkaupastefnu og val á lista-fólki.

Safnið á aðild að alþjóðaráði safna ICOM, sem er hluti af UNESCO, og starfsemi safnsins tekur mið af samþykktum og síðareglum þess.

Safnið hefur hlotið viðurkenningu Safnaráðs samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Viðurkenndum söfnum ber að starfa í samræmi við ákvæði safnala- laga og skilyrði reglugerðar um viðurkenningu safna. Safnaráð hefur lögum samkvæmt eftirlit með safnastarfsemi í landinu.

Heimasíða safnsins er [www.listasafnasi.is](http://www.listasafnasi.is)

### Starfsmenn

Starfsmenn safnsins eru nú tveir í samtals einu stöðugildi, safnstjórinn Elísabet Gunnarsdóttir í 60% starfi og Hanna Hlíf Bjarnadóttir í 40% starfi. Auk þeirra vinnur lausráðið fólk að ýmiss konar verkefnum fyrir safnið.

## **Sýningar safnsins í samvinnu við önnur söfn**

Sýningin HANDANBIRTA/ANDANSBIRTA með verkum Elínar Pjet. Bjarnason (1924-2009) stóð frá 7. desember 2019 til 19. apríl 2020 í Listasafninu á Akureyri. Listasafn ASÍ geymir um 550 verk Elínar; málverk, teikningar, grafík og freskur. Sýningarstjóri var Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur.

LANDSLAG VÆRI LÍTILS VIRÐI ... er heitið á sýningu með landslagsmyndum í eigu Listasafns ASÍ og Nýlistasafnsins í Listasafni Borgarness. Á sýningunni voru landslagsmyndir, flestar úr Borgarfirði, úr safneign Listasafns ASÍ eftir Ásgrím Jónsson, Jón Þorleifsson og Jón Stefánsson auk verks í eigu Nýlistasafnsins eftir hollenska listamanninn og Íslandsvininn Douwe Jan Bakker. Sýningarstjóri var Elísabet Gunnarsdóttir safnstjóri. Sýningin stóð frá 29. febrúar til 12. maí.

ENDURSKOÐUN UPPGJÖR OG INNRÁS ABSTRAKTSINS er nafnið á sýningu sem nú stendur yfir í Svavarssafni á Höfn í Hornafirði. Á sýningunni eru nokkur verk frá árunum 1941-49 eftir Svavar Guðnason, Þorvald Skúla-son, Jón Engilberts, Nínu Tryggvadóttur og Louisu Matthíasdóttur. Verkin á sýningunni eru eftir listamenn sem báru með sér nýja strauma inn í íslenskt listalíf um miðja síðustu öld og tilheyra öll stofngjöf Ragnars í Smára til Listasafns ASÍ. Sýningin var opnuð 29. ágúst sl. og stendur til 18. desember, sýningarstjóri er Elísabet Gunnarsdóttir safnstjóri.

## **Sýningar Bjarka Bragasonar**

Bjarki Bragason var sem kunnugt er valinn úr hópi umsækjenda til samstarfs um sýningahald á vegum safnsins á tveimur stöðum á landinu og til stóð að sýna verk hans á þessu ári. Fresta þurfti sýningum Bjarka Bragasonar á Höfn í Hornafirði og í Kópavogi til næsta árs af óviðráðanlegum ástæðum. Skipulögð verða skólaverkefni í tengslum við sýningarnar á báðum stöðum þar sem unnið er með elstu verkin í safneigninni.

## **Vinnustaðasýningar**

Mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins eru vinnustaðasýningarnar sem safnið setur upp í fyrirtækjum og stofnunum gegn gjaldi og hefur safnið boðið upp á þessa þjónustu um langt árabíl. Nú eru í gangi um 25 vinnustaðasýningar með tæplega 300 verkum víðs vegar um landið, flestar á höfuðborgarsvæðinu hjá opinberum aðilum og einkafyrirtækjum. Rík ástæða er til að kynna þennan möguleika fyrir stofnunum og fyrirtækjum víðar en á höfuðborgarsvæðinu. Engin teljandi breyting hefur orðið á vinnustaðasýningum á yfirstandandi ári en safnið getur sinnt mun fleiri viðskiptavinum um þessa þjónustu en nú er.



## **Skólaverkefni og heimildarmyndir**

Á síðasta ári fékk safnið veglegan styrk úr Barnamenningarsjóði fyrir skólaverkefni sem hefur hlotið nafnið KJARVAL Á KERRU. Verkefnið felst í því að fara með eldri verk úr safneigninni inn í skóla þar sem nemendur vinna verkefni innblásin af verkinu undir handleiðslu myndlistarfélks. Í október 2019 var haldið námskeið í Grunnskóla Hornafjarðar þar sem Ragnheiður Gestsdóttir og Bára Bjarnadóttir leiddu verkefni þar sem unnið var með málverk Þorvaldar Skúlasonar, Í ELDHÚSINU. Það verkefni var unnið í samstarfi við LIST FYRIR ALLA. Í desember var síðan haldið námskeið í Lindaskóla í Kópavogi þar sem nemendur unnu með málverk eftir Louisu Matthíasdóttur, NÍNA Í SANTA FE.

Kolbrún Vaka Helgadóttir hefur unnið heimildarmyndirnar um skólaverkefnið og sýningar valdra listamanna á vegum safnsins. Stuttmyndirnar eru nú aðgengilegar á listrás heimasíðu safnsins, [www.listasafnasi.is](http://www.listasafnasi.is)

## **Ný heimasíða og miðlun safneignar með hjálp prentlistarinnar**

Fyrir á þessu ári voru prentuð fleiri eintök af bókinni GJÖFIN TIL ÍSLENZKRAR ALPÝÐU sem safnið gaf út í fyrra í tengslum við sýningu með sama nafni í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Bókin fjallar um safnarann og velgjörðarmanninn Ragnar í Smára og listaverkagjöf hans til Alpýðusambands Íslands/Listasafns ASÍ. Í bókinni eru myndir og umfjöllun um öll verkin 147 sem tilheyra stofngjöfinni. Bókin hefur fengið mjög góðar viðtökur og sl. vor fengu hönnuðirnir Arnar& Arnar gullverðlaun FÍT (Félag íslenskra teiknara) fyrir hönnun bókarinnar.

Undanfarin misseri hefur safnið látið framleiða veggspjöld og eftirprentanir í gjafapakkingu með verkum úr stofngjöfinni frá 1961. Búið er að prenta fleiri veggspjöld í stað þeirra sem hafa selst upp og bæta við fleiri verkum auk nýrra gjafakorta með myndum úr stofngjöfinni. Varningurinn er seldur í vefverslun á heimasíðu safnsins og á sölustöðum um allt land.

## **Verðlaun, tilnefningar og styrkir**

Hildigunnur Birgisdóttir var tilnefnd til Íslensku myndlistarverðlaunanna 2020 fyrir sýningar sínar UNIVERSAL SUGAR í Vestmannaeyjum og Garðabæ sem haldnar voru af Listasafni ASÍ.

Hönnuðirnir Arnar& Arnar voru tilnefndir til verðlauna FÍT í floknum Menningar- og viðburðamörkun fyrir hönnun sína á kynningarefni fyrir UNIVERSAL SUGAR og voru síðan sæmdir gullverðlaunum FÍT fyrir hönnun bókarinnar GJÖFIN TIL ÍSLENZKRAR ALPÝÐU.

Í ár fær safnið veglega styrki fyrir nokkur verkefni úr Myndlistarsjóði og Safnasjóði. Safnið fékk úthlutað styrk úr aukaúthlutun Safnasjóðs vegna

Covid-19 fyrir verkefnið MIÐLUN MYNDLISTAR Á UNDRAYERÐUM TÍMUM sem felst í gerð myndlistarsýninga fyrir Internetið.

### Nýjar listaverkageymslur og húsnæðismál safnsins

Á síðasta ári var tekið á leigu rúmgott húsnæði fyrir listaverkageymslur safnsins sem með því eru sameinaðar á einum stað. Mikil vinna hefur farið fram undanfarna mánuði og ár við að koma safneigninni vel fyrir á nýjum stað. Skrifstofur safnsins eru áfram í Guðrúnartúni 1 og sýningar eru skipulagðar í samstarfi við önnur söfn og fleiri aðila víðs vegar um landið. Áfram er unnið að því að finna safninu hentugt húsnæði þar sem öll starfsemi safnsins getur verið undir einu þaki. Safnið fékk úthlutað fræðslustyrk úr Safnasjóði og á síðasta ári fór safnstjóri í kynnisferð til að skoða Louisiana-safnið í Danmörku, Krøller Muller-safnið í Hollandi og nokkur söfn á Suður-Spáni. Söfnin voru valin með framtíðarhúsnæði Listasafns ASÍ í huga. Öll undirbúningsvinna miðast við að skerpa á sérstöðu safnsins meðal íslenskra safna með áherslu á fólkið sem því er ætlað að þjóna.

### Safneign og safnauki

Auk sýningagerðar er hefðbundið safnastarf annar meginþátturinn í starfsemi safnsins, svo sem skráning safngripa, varðveisla og viðhald þeirra auk rannsókná safneigninni. Þessum þáttum er sinnt eins og hægt er í ljósi starfsmannafjölda og fjárveitinga til safnsins.

Safneign safnsins hefur að mestu leyti verið skráð í menningarsögulega gagnasafnið SARP sem er netlægur gagnagrunnur, <http://sarpur.is/> Á ytra vef Sarpis eru þó einungis birtar færslur verka sem Listasafn ASÍ á höfundarrétt að eða hefur fengið leyfi handhafa höfundarréttar til að birta myndir af. Safnið undirritaði samning við Myndstef á síðasta ári en það auðveldar birtingu mynda á ytri vef Sarpis og annars staðar á netinu.



Fyrr á þessu ári barst safninu vegleg gjöf frá erfingjum Bjargar Þorsteinsdóttur (1940-2019). Um er að ræða 41 verk, flest stór málverk og 20 verk að auki sem safnið fær til varðveislu.

*Bókin um stofngjöf Ragnars í Smára hefur fengið mjög góðar viðtökur og selst vel. Hönnuðirnir Arnar & Arnar fengu gullverðlaun FÍT 2020 fyrir hönnun bókarinnar.*



*Nemendur Grunnskóla Hornafjarðar skoða og ræða málverkið Í ELDHÚSINU eftir Þorvald Skúla-on og vinna síðan klippimyndir s em byggja á verkinu. Kennarar á námskeiðinu voru Ragnheiður Gestsdóttir og Bára Bjarnadóttir.*



## **VARÐA – RANNSÓKNASTOFNUN VINNUMARKAÐARINS**

Öflugri rannsóknir á vinnumarkaði bæta þekkingu á lífsskilyrðum fólks og með hvaða hætti hægt er að bæta þau. Norræn heildarsamtök launafólks hafa um árabil starfrækt rannsóknastofnanir á vinnumarkaði. Að slíkri fyrirmynd var Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins stofnuð í lok maí 2020, á grundvelli samkomulags Alþýðusambands Íslands og BSRB frá 2019.

Markmið Vörðu er að vera vettvangur rannsókna og fræðslu á sviði vinnumarkaðar, félags- og efnahagsmála í víðum skilningi. Hlutverk hennar er m.a. að efla og stunda fræðilegar rannsóknir og kennslu, taka þátt í innlendu og erlendu samstarfi rannsakennda, skapa rannsóknaaðstöðu, veita nemendum kost á að vinna rannsóknastörf á vegum stofnunarinnar, veita fræðilega ráðgjöf og upplýsingar og standa fyrir útgáfu efnis og miðlun þekkingar.

Varða hefur staðið fyrir hádegisfundum undir yfirskriftinni „Réttu leiðin“ í samstarfi við ASÍ og BSRB. Á fundunum er fræðileg umfjöllun fléttuð saman við reynslu af skipulögðu starfi verkalýðshreyfinga og annarra almannasamtaka. Stofnunin heldur einnig úti Youtube-rás og hlaðvarpi.

Í sumar hefur verið unnið að rannsókn á samanburði á stefnu alþjóðlegra baráttusamtaka í kjölfar COVID-19 faraldursins með styrk úr Nýsköpunar-

sjóði námsmanna. Stofnunin hefur auk þess sótt um styrki og er aðili í umsóknnum í innlendum samstarfsverkefnum rannsakenda þar sem beðið er eftir niðurstöðu um styrkveitingu.

Verkefnið fram undan er að þróa stofnunina frekar til að efla baráttu stéttarfélaganna fyrir bættem hag og auknum lífsgæðum launafólks með því að auka þekkingu og miðla hugmyndum.



## BJARG - ÍBÚÐAFÉLAG

Útleiga á íbúðum Bjargs hefur gengið vel á árinu 2020 en á annað þúsund eru á biðlista eftir íbúð á vegum félagsins. Nú er félagið komið með 242 íbúðir í útleigu og fjölgar tilbúnum íbúðum hratt.

Breytingar voru gerðar á lögum um almennar íbúðir síðastliðin áramót (2019-20) þar sem tekjumörkum vegna almennra íbúða voru hækkuð. Sú breyting hefur þónokkur áhrif á leigutaka þar sem stærri hópur hefur nú tækifæri á að leigja íbúðir hjá Bjargi.

Pegar þetta er skrifað í september 2020 er Bjarg með 371 íbúð í byggingu og framkvæmdir að hefjast við 57 til viðbótar á þessu ári. Þá hefur Bjarg fengið samþykki HMS vegna 390 íbúða sem eru á hönnunarstigi.

Íbúðir Bjargs í Reykjavík eru í Grafarvogi, Úlfarsárdal, Kirkjusandi, Vogabyggð, Bryggjuhverfi Grafarvogi, Skerjafirði, Árbæ og Selási. Þá byggir Bjarg íbúðir í Hamranesi Hafnarfirði, Urriðaholti Garðabæ, Akranesi, Þorlákshöfn, Selfossi, Hveragerði og Grindavík. Heildarfjöldi íbúða sem hafa verið samþykktar af HMS eru 1.054.

Aukinn áhugi er hjá sveitarfélögum um samstarf við Bjarg - íbúðafélag og mun uppbygging halda áfram meðan þörf er fyrir hagkvæmar leiguíbúðir og ríki og sveitarfélög úthluta stofnframlögum til almennra íbúða.

Bjarg er íbúðaleigufélag rekið án hagnaðarmarkmiða og er því ætlað að tryggja tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Bjarg var stofnað af ASÍ og BSRB á 100 ára afmæli Alþýðusambandsins 2016.

Opið er fyrir umsóknum um íbúð hjá Bjargi og eru nánari upplýsingar á vef félagsins, [bjargibudafelag.is](http://bjargibudafelag.is)



## VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun undir stjórn stofnaðilanna ASÍ, SA, BSRB, KÍ, BHM, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er tryggður réttur til atvinnutengdrar starfsendurhæfingar með greiðslu iðgjalds til VIRK. Samkvæmt samningi VIRK og félagsmálaráðherra er öðrum einstaklingum einnig tryggður réttur til starfsendurhæfingar.

Rétt á þjónustu VIRK eiga einstaklingar sem ekki geta sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti, eða verið þátttakandi á vinnumarkaði, vegna heilsubreysts. Forsenda þjónustu er beiðni eða vottorð frá lækni og markmið hennar er að styrkja stöðu einstaklinga á vinnumarkaði.

VIRK starfar samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða í samstarfi við stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóði, þjónustuaðila í starfsendurhæfingu og stofnanir velferðarkerfisins.

VIRK getur einnig samkvæmt skipulagsskrá tekið þátt í verkefnum sem



snúa að eflingu forvarna og velferðar á vinnustöðum sem og öðrum verkefnum sem falla að markmiðum og hlutverki sjóðsins.

Mikil stefnumótunarvinna var unnin hjá VIRK haustið 2019. Að þessari vinnu komu vel á annað hundrað einstaklingar. Þar á meðal stjórn VIRK, starfsmenn og ráðgjafar VIRK og margir af helstu samstarfs- og hagaðilum VIRK.

Í niðurstöðum stefnumótunarvinnunnar var meginhlutverk VIRK rammað inn þannig: „Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði“ og framtíðarsýn VIRK til ársins 2025 er að VIRK skili „samfélagslegum ávinningi með árangursríkri og markvissri starfsendurhæfingu sem mætir þörfum einstaklinga og atvinnulífs.“

### **Mannauður VIRK**

Að starfsemi VIRK kemur mikill fjöldi hæfra sérfræðinga með fjölbreytta menntun og reynslu. Á skrifstofu VIRK í Guðrúnartúni 1 starfa 59 starfsmenn í 54 stöðugildum og á vegum VIRK starfa 59 sérhæfðir ráðgjafar, staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land, sem fylgja notendum þjónustunnar eftir allan starfsendurhæfingarferilinn og hvetja þá áfram.

VIRK á í samstarfi við um 500 þjónustuaðila og fagfólk um allt land, leggur áherslu á að nýta fagfólk á hverju svæði og þróa úrræði sem henta þeim fjölbreytta hópi sem nýtir sér þjónustu VIRK. Auk þess koma um 40 utanaðkomandi sérfræðingar að mati á einstaklingum í þjónustu.

Á undanförunum árum hefur VIRK aukið mjög atvinnutengingu í starfsendurhæfingu og meðal starfsmanna í Guðrúnartúni 1 eru 13 atvinnulífstenglar sem vinna markvisst að því, í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir, að finna störf fyrir einstaklinga sem útskrifast frá VIRK með skerta starfsgetu.

Á árinu 2018 hófst umfangsmikið forvarnarverkefni hjá VIRK í samstarfi við velferðarráðuneytið, Landlækni og Vinnueftirlitið. Markmið þess er að draga úr líkum á því að einstaklingar falli brott af vinnumarkaði vegna heilsuþrests.

VIRK var framúrskarandi fyrirtæki samkvæmt Creditinfo árið 2019 fjórða árið í röð og valið eitt af Fyrirmyndarfyrirtækjum VR 2020, þriðja árið í röð.

### **Samstarf við aðila velferðarkerfisins**

VIRK hefur lagt mikla áherslu á gott samstarf við alla aðila innan velferðarkerfisins með það að markmiði að tryggja góðan og samfelldan þjónustuferil fyrir einstaklingana í starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK.

VIRK gegnir mikilvægu hlutverki innan velferðarkerfisins og hefur lagt mikið afl í að samþætta þjónustu atvinnutengdrar starfsendurhæfingar við




þjónustu annarra stofnana. Áhersla er alltaf lögð á það að finna einstaklingum réttan farveg í góðu samstarfi við aðra fagaðila innan kerfisins.

VIRK leggur einnig mikla áherslu á að leiðbeina einstaklingum um mögulegar þjónustuleiðir innan velferðarkerfisins, hvort sem einstaklingurinn getur nýtt sér þjónustu VIRK eða ekki.

### Samstarf við lífeyrissjóði

VIRK er í samstarfi við flesta stærstu lífeyrissjóði landsins. Samstarfið felst í því að allar nýjar umsóknir um örorku eru rýndar af sérfræðingum VIRK og einstaklingum er boðið upp á starfsendurhæfingarþjónustu ef metið er að hún sé raunhæf og geti skilað árangri fyrir viðkomandi einstakling.

Þetta samstarf hefur verið í þróun undanfarin ár og fleiri lífeyrissjóðir hafa bæst inn í samstarfið. Það kemur einnig í ljós að það er mun algengara nú en áður að einstaklingar eru komnir inn í þjónustu VIRK áður en þeir sækja um örorkulífeyri og er það þróun í rétta átt.



### Einstaklingar í þjónustu

VIRK hefur starfað í 12 ár og þann 8. september 2020 höfðu 18.600 einstaklingar hafið starfsendurhæfingarþjónustu hjá VIRK. Um 2.600 einstaklingar eru í starfsendurhæfingu á vegum VIRK.

2.092 einstaklingar komu nýir inn í þjónustu hjá VIRK á árinu 2019 og hafa ekki áður svo margir hafið starfsendurhæfingu á einu ári. Um 5% aukningu á milli ára var að ræða, sem er þó hlutfallslega minni aukning en undanfarin tvö ár.

## Aðstæður einstaklinga

Til VIRK leitar fjölbreyttur hópur einstaklinga á öllum aldri með mismunandi menntun og úr ólíkum starfsgreinum.


Aðstæður einstaklinganna sem leita til VIRK eru misjafnar og krefjast þess að útbúin sé starfsendurhæfingaráætlun sem sniðin er að þörfum hvers og eins. Áfram er þróunin sú að til VIRK leitar stærri hópur en áður með fjölbættan og flókinn vanda.

Um 80% þeirra sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála en mikil fjölgun hefur verið undanfarin ár á fjölda einstaklinga sem glíma við bæði stoðkerfisvanda og geðrænan vanda við komu til VIRK.

Konur eru 66% einstaklinganna sem nýtt hafa sér starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK frá upphafi og hefur hlutfall þeirra aukist síðustu árin.

Einstaklingar sem leita til VIRK eru í öllum starfsstéttum, á öllum aldri og með fjölbreytta menntun og reynslu. Á undanförunum árum hefur fjöldi háskólamenntaðra einstaklinga aukist umtalsvert í þjónustu VIRK eins og sjá má á myndinni hér að neðan.


Um er að ræða 78% fjölgun háskólamenntaðra einstaklinga í þjónustu VIRK frá 2016 til 2019. Fjöldi einstaklinga með grunnskólapróf eða minna hefur alltaf verið umtalsverður hjá VIRK en þó má sjá á myndinni að það fjölgaði einnig talsvert í þessum hópi milli árana 2018 og 2019.



## Lok þjónustu

1.428 einstaklingar útskrifuðust frá VIRK árið 2019 sem er metfjöldi útskrifta frá VIRK á einu ári. Í lok þjónustu fara langflestir einstaklinganna í virka

Þátttöku á vinnumarkaði. Tæplega 11.200 einstaklingar hafa útskrifast frá VIRK frá upphafi og af þeim hafa 8.600 farið í vinnu, atvinnuleit eða nám að lokinni starfsendurhæfingu.



Myndin hér að ofan sýnir hlutfall þeirra einstaklinga sem ljúka þjónustu hjá VIRK og eru að einhverju leyti í vinnu, í atvinnuleit eða námi við útskrift. Sjá má að 74% einstaklinganna sem luku þjónustu á árinu 2019 voru annaðhvort að öllu eða einhverju leyti virkir í vinnu, atvinnuleit eða námi. Þetta á við um 76% einstaklinga sem hafa útskrifast frá VIRK frá upphafi.


Þeim sem ekki útskrifast frá VIRK með fulla starfsgetu er boðið að fara í starfsgetumat þar sem fagaðilar leggja formlegt mat á starfsgetu sem byggir bæði á gögnum og upplýsingum í starfsendurhæfingarferlinu sem og klínísku mati þeirra lækna og annarra sérfræðinga sem koma að matinu.

## Árangur VIRK

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Markmiðið er síðan að koma fleiri einstaklingum í virka þátttöku á vinnumarkaði í samstarfi við aðra aðila velferðarkerfisins.

Það er hins vegar flókið að meta árangur af starfsemi eins og VIRK. Til að unnt sé að gera það þá þarf bæði að finna rétta mælikvarða á árangur starfsemi-  
innar og eins að vera mögulegt að greina áhrif VIRK á einstaklinga í flóknu samspili við fjölda þjónustuaðila innan velferðarkerfisins. Kerfið inniheldur þar að auki ýmsar hindranir sem koma stundum í veg fyrir að einstaklingar fari í virka þátttöku á vinnumarkaði í kjölfar starfsendurhæfingar.

Eðli málsins samkvæmt þá getum við aldrei vitað hvað yrði um þá einstaklinga sem hafa farið í gegnum þjónustu VIRK ef VIRK hefði ekki verið til staðar. Einhverjir einstaklingar hefðu bjargað sér og náð upp vinnugetu án starfsendurhæfingarþjónustu en talsverður hópur hefði án efa ekki gert það. Hér er líka rétt að hafa í huga að einstaklingum er ekki vísað til VIRK vegna einfaldra vandamála heldur vegna þess að vandi þessara einstaklinga er það flókinn og margþættur að þjónusta heilbrigðiskerfisins ein og sér dugar ekki til að koma þeim aftur á vinnumarkaðinn.



Myndin hér að ofan sýnir hlutfall stöðugilda útskrifaðra einstaklinga með mismunandi framfærslustöðu í lok þjónustu á árunum 2017-2019. Hafa ber í huga að ekki er um að ræða fjölda einstaklinga heldur stöðugildi því hver einstaklingur getur verið með fleiri en eina tegund framfærslu við útskrift. Ef einstaklingur fer t.d. í hálfv starf þegar þjónusta lýkur þá er það skráð sem hálfv stöðugildi og önnur framfærsla skráð á móti.

Eins og sjá má eru 58% stöðugilda þeirra sem útskrifast 2019 með framfærslustöðu sem gefur til kynna starfsgetu og virka þátttöku á vinnumarkaði, þ.e. þeir eru annaðhvort í launadri vinnu, í virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi. Hlutfallslegur fjöldi einstaklinga sem tekur þátt í starfi eða námi við lok þjónustu er hins vegar 74%, eins og sjá mátti á fyrri mynd.


Árangur VIRK út frá þessum mælikvarða verður því að teljast góður,

sérstaklega þegar haft er í huga að þeir einstaklingar sem leita til VIRK eru undantekningarlítið að glíma við mjög flókinn og fjölþættan vanda og margir hafa verið lengi frá vinnumarkaði.

Tölur um framfærslustöðu einstaklinga við lok þjónustu geta gefið okkur ákveðnar vísendingar en þær geta hins vegar aldrei verið algildur mælikvarði á árangur VIRK þar sem fjölmargir aðrir þættir en starfsendurhæfing hafa áhrif á framfærslustöðu einstaklinga í lok þjónustu hjá VIRK. Þannig hafa lög, reglur, kjarasamningar, venjur og hefðir mikil áhrif á starfsemi og möguleika VIRK á að koma einstaklingum til virkrar þátttöku í atvinnulífinu. Enda er raunin sú að margir einstaklingar ljúka þjónustu hjá VIRK með talsverða starfsgetu en fara samt á fulla örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Við þetta má einnig bæta að talsverður hópur kemur inn í þjónustu VIRK þar sem alls óvíst er hvort starfsendurhæfing geti gagnast, t.d. vegna alvarlegra veikinda. VIRK hefur hins vegar ákveðið að gefa þessum hópi tækifæri til að reyna starfsendurhæfingu sem úrræði í nokkra mánuði því mikilvægt er að einstaklingar fái að njóta vafans í slíkum tilfellum. Slíkar ákvarðanir geta haft slæm áhrif á tölfærði um framfarlsu í lok þjónustu en eru án efa samfélagslega mjög hagkvæmar þar sem hver einstaklingur sem nær árangri í starfsendurhæfingu skiptir miklu máli. Því er mikilvægt að skoða árangur VIRK út frá fleiri mælikvörðum og viðmiðum.


**Sjálfsmynd, vinnugeta og líkamleg og andleg heilsa við upphaf og lok þjónustu**  
á kvarðanum 0-10 þar sem 0 er hæsta einkunn




Það skiptir einnig miklu máli hvernig einstaklingar upplifa þjónustuna sem þeir fengu hjá VIRK og hvaða áhrif hún hefur haft á þeirra líf og lífsgæði.

Þegar þjónustuþegi lýkur starfsendurhæfingu hjá VIRK þá býðst honum að taka þátt í þjónustukönnun þar sem hann er beðinn um að svara spurningum um þjónustuna og einstaka þætti hennar.

Í þjónustukönnuninni kemur m.a. fram að þjónustuþegarnir telja að þjónusta VIRK hafi haft mikil áhrif á stöðu þeirra. Við lok þjónustu er sjálfsmynd þeirra sterkari, starfsgeta meiri og líkamleg og andleg heilsa betri, eins og sést á myndinni hér að ofan.




Þá kom fram mikil ánægja með störf ráðgjafa VIRK í þjónustukönnuninni og með þjónustuna almennt.



### Mat á ávinningi starfsendurhæfingar

Ráðgjafarfyrirtækið Talnakönnun hefur metið ávinning af starfsemi VIRK á undanförunum sjö árum og sýnir myndin hér að neðan niðurstöður þessa mats. Mat Talnakönnunar er byggt á ópersónugreinanlegum gögnum úr upplýsingakerfi VIRK ásamt öðrum upplýsingum og er miðað við tiltekna forsendur um afdrif einstaklinga án þjónustu VIRK.

**Rekstrarkostnaður og ávinningur af starfi VIRK á árunum 2013-2019**  
á föstu verðlagi í milljörðum króna



Á árinu 2019 er ávinningur af starfi VIRK metinn um 20,5 milljarðar króna og rekstrarkostnaður sama árs var um 3,4 milljarðar króna. Stærsti hluti útgjalda VIRK fer í kaup á ýmiss konar starfsendurhæfingarþjónustu af þjónustuaðilum fyrir einstaklingana í þjónustu.

Auk þessa hefur Talnakönnun reiknað að ávinningurinn af hverjum útskrifuðum einstaklingi frá VIRK árið 2019 hafi numið 14,4 milljónum króna. Þessi ábati af starfsemi VIRK skilar sér til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins í formi aukinna skatttekna og til einstaklinganna sem um ræðir.

Það er auðvitað ekki einfalt að finna einhlítan mælikvarða á árangur VIRK en mikilvægt er að skoðaðar séu sömu kennitölur á hverju ári og að aðferðin byggji á skynsamlegri nálgun. Nálgun Talnakönnunar byggir á fremur varfærum forsendum og jafnvel þó forsendum sé talsvert hnikað til þá er niðurstaða Talnakönnunar sú að starfsemi VIRK sé mjög arðbær.

Ljóst er að árangur og ávinningur af starfsemi VIRK er mjög mikill þar sem hún hefur á undanförunum árum skilað þúsundum einstaklinga í virka þátttöku á vinnumarkaði.

### **VIRK atvinnutenging**

VIRK hefur á undanförunum árum aukið til muna atvinnutengingu í starfsendurhæfingu. Þessi áhersla er í takti við reynslu VIRK, sem og alþjóðlega þróun í starfsendurhæfingu, þar sem sýnt hefur verið fram á að það skipti oft mestu máli að tengja einstaklinga tiltölulega fljótt við vinnumarkaðinn í starfsendurhæfingarferlinu.

VIRK atvinnutenging leggur áherslu á tengsl við atvinnulífið og meginverkefni atvinnulífstengla er að finna störf og styðja við fyrirtæki og einstaklinga í atvinnutengingunni.

Langst framan af ári 2019 var óbreyttur fjöldi atvinnulífstengla starfandi hjá VIRK, eða tíu talsins (í 9,3 stöðugildum), en um haustið fjölgaði þeim og í lok árs var heildarfjöldi þeirra orðinn þrettán (í 11,8 stöðugildum). Átta atvinnulífstenglar (í 7 stöðugildum) taka við beiðnum frá ráðgjöfum VIRK á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesi, Suðurlandi og Akureyri og aðstoða einstaklinga með skerta starfsgetu aftur inn á vinnumarkaðinn við lok starfsendurhæfingar.

Þrjár atvinnulífstenglar (í 2,3 stöðugildum) störfuðu við verkefnið „IPS-atvinnutenging“ (Individual Placement and Support) en í því verkefni fá einstaklingar með alvarleg geðræn vandamál aðstoð við að komast inn á vinnumarkaðinn. Þessum einstaklingum var vísað í þjónustu VIRK í gegnum samstarf við geðdeild Landspítalans – Laugarási og geðheilsuteymi Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, bæði austur- og vesturteymunum.

Tveir atvinnulífstenglar (í 2 stöðugildum) taka þátt í þróunarverkefnum hjá VIRK. Annar vinnur sem IPS-VIRK atvinnulífstengill og tekur þátt í þróunarverkefni sem nefnist UNG19 en í því verkefni er lögð áhersla á að aðstoða einstaklinga á aldrinum 29 ára og yngri sem eru í ákveðnum áhættuhópi. Hinn atvinnulífstengillinn vinnur í verkefni sem nefnist Starfsendurhæfing samhliða vinnu en þar sækja einstaklingar starfsendurhæfingu hjá VIRK samhliða því að vinna vinnuna sína í skertu starfshlutfalli og þiggja veikindalaun á móti. Að lokum er einn atvinnulífstengill (í 0,5 stöðugildi) sem sér um að halda utan um skráningu fyrirtækja í upplýsingagrunni VIRK og fylgja eftir fyrirtækjum með samstarfssamning við VIRK Atvinnutengingu.

Samstarf við fyrirtækin hefur gengið vel og er lögð áhersla á fræðslu um skerta starfsgetu með það að markmiði að skapa atvinnutækifæri fyrir einstaklinga sem svo háttar til um.

Nú eru um 1.200 fyrirtæki skráð inni í upplýsingakerfi VIRK og er stór hluti þeirra með skráða tengiliði, en það auðveldar öll samskipti við fyrirtækin þegar leitað er að störfum hjá þeim. Af þessum fyrirtækjum eru rúmlega 300 búin að undirrita sérstaka samstarfssamninga við VIRK.

Árið 2019 bárust tilvísanir um aðstoð við atvinnuleit fyrir um 330 einstaklinga frá ráðgjöfum og öðrum sem vísað geta í úrræðið. Við lok ársins voru rúmlega 50 af þeim enn í virkri þjónustu hjá atvinnulífstenglum, annaðhvort í atvinnuleit eða með eftirfylgni í starfi. Í lok árs 2019 hafði 171 einstaklingur verið tengdur við starf eða komist í nám; þar af voru 139 úr almennri atvinnutengingu og 32 einstaklingar frá IPS-atvinnutengingu.



## UNG19 – Ungt fólk í starfsendurhæfingu

Í byrjun árs 2019 var sett af stað samstarfsverkefni um bætt lífskjör og lífs-gæði ungs fólks með skerta starfsgetu á vegum félagsmálaráðuneytisins, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Tryggingastofnunar ríkisins, velferðar-sviðs Reykjavíkurborgar, Vinnumálastofnunar og VIRK Starfsendurhæfingar-sjóðs.

Markmið verkefnisins er að hækka virknihlutfall (auka atvinnuþátttöku) ungs fólks á aldrinum 18 til 29 ára með aukinni samvinnu þjónustukerfa á höfuðborgarsvæðinu. Hjá VIRK gengur hópurinn undir nafninu UNG19.

Nýtt verklag var tekið upp og sérstöku UNG19 teymi komið á laggirnar hjá VIRK þar sem ráðgjafar, sérfræðingar og atvinnulífstenglar sérhæfa sig í mál-efnum hópsins og úrræðum ætluðum honum. Markmið voru sett um að ná að stytta starfsendurhæfingarferlið og að fleiri einstaklingar kæmst í vinnu eða nám.

Nýjustu niðurstöður sýna að þeir einstaklingar sem tóku þátt í UNG19 inngrípinu voru bæði skemur í starfsendurhæfingu og líklegri til að útskrifast í vinnu, nám eða virka atvinnuleit en aðrir jafnaldrar þeirra.



## VelVIRK - Forvarnarverkefni VIRK

Stjórn VIRK ákvað árið 2018 að hrinda af stað sérstöku forvarnarverkefni til þriggja ára sem hefur það að markmiði að draga úr líkum á því að einstaklingar falli brott af vinnumarkaði vegna heilsubreysts.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Vinnueftirlitið, velferðarráðuneytið og Embætti landlæknis og er þrjúþætt:

1. Rannsókn á því hvaða þættir hafa áhrif á það hvort einstaklingar sem glíma við langtímaveikindi snúi til baka í vinnu. Rannsóknin er unnin í samstarfi við Vinnueftirlitið og Sjúkrasjóð VR. Félagsvísindastofnun HÍ sér um framkvæmd rannsóknarinnar.

2. Vitundarvakning um þá þætti á vinnustöðum og í umhverfi einstaklinga sem geta valdið heilsubresti og óvinnufærni. Fyrsti hluti vitundarvakningarinnar voru stiklur og auglýsingar sem birtar voru fyrst í desember 2018 undir yfirskriftinni „Er brjálað að gera? Vinnum saman að jafnvægi“.
3. Vefsíða – velvirk.is - sem inniheldur ýmsan fróðleik, ráðleggingar, greinar, tæki og tól til að stuðla að auknu jafnvægi í lífinu og aukinni vellíðan í vinnu. Á vefsíðunni má finna mikið af gagnlegu efni og góðbendingum sem nýtast starfsfólki og stjórnendum auk annarra.

Fjórdi þátturinn bættist við VelVIRK þegar Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK, Alma D. Möller landlæknir og Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, forstjóri Vinnueftirlitsins, rituðu undir viljayfirlýsingu um heilsueflingu á vinnustöðum vorið 2019.

Markmiðið er að stuðla að betri heilsu og vellíðan á vinnustöðum. Í samstarfinu felst að mótuð verða viðmið fyrir heilsueflandi vinnustaði sem fyrir tæki og stofnanir geta nýtt sér til að skapa heilsueflandi umhverfi fyrir starfsfólk sitt.

### **Styrkir VIRK**

VIRK er heimilt samkvæmt lögum að styrkja og stuðla með öðrum hætti að rannsóknum, þróun og uppbyggingu í atvinnutengdri starfsendurhæfingu. Framkvæmdastjórn VIRK úthlutar styrkjum nú einu sinni á ári í samræmi við Rannsóknarstefnu VIRK og þurfa umsóknir um styrki að hafa borist sjóðnum fyrir lok dags 15. febrúar ár hvert.

Þrjátíu og ein umsókn barst til VIRK fyrir lok umsóknarfrests þann 15. febrúar 2019. Allar umsóknir hlutu faglega umfjöllun hjá sérfræðingum VIRK en ákvarðanir um styrkveitingar voru í framhaldinu teknar af framkvæmdastjórn VIRK.

Greint var frá því á ársfundi VIRK 30. apríl hverjir hlutu styrk frá VIRK árið 2019 en það voru 13 aðilar að þessu sinni.



## UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

**Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020, frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2020 og frumvarpi til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, 1., 2. og 3. mál**

ASÍ leggur í mati sínu á stefnu og framkvæmd opinberra fjármála áherslu á að sé stutt við markmið kjarasamninga í efnahags- og peningamálum, þar endurspeglist þau loforð sem stjórnvöld gáfu launafólki í yfirlýsingu sinni í tengslum við samningana og að félagslegt öryggi og framþróun sé ávallt í forgrunni.

Miðstjórn ASÍ fjallaði um fjárlagafrumvarpið á fundi sínum þann 18. september síðastliðnum. Í ályktun fundarins segir:

Miðstjórn ASÍ fagnar því að loks liggi fyrir nýjar tillögur stjórnvalda að breytingum á tekjuskattskerfinu sem beðið hefur verið með mikilli eftirvæntingu. Breytingarnar skila sér hins vegar of seint í vasa launafólks og stjórnvöld bregðast hlutverki sínu við að láta þá sem eru aflögufærir greiða réttlátan hlut til samfélagsins til að tryggja viðunandi fjármögnun velferðar og samfélagsinnviða.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020 er lagt fram á grundvelli breyttrar fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022 sem samþykkt var á Alþingi í júní síðastliðnum. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður verði á komandi ári rekinn í jafnvægi sem er umtalsverð breyting frá fyrri áætlun sem gerði ráð fyrir hátt í 30 milljarða króna afgangi af ríkisrekstrinum. Vegna innbyggðra veikleika í fjármálastefnu undanfarinna ára var stjórnvöldum síðastliðið vor nauðugur einn kosturinn að leggja fram breytingar á þeirri fjármálastefnu sem samþykkt var við upphaf kjörtímabilsins og bregðast þannig við afkomuvanda sem fyrirséð var að kæmi upp um leið og hægði á umsvifum í efnahagslífinu. Endurmat á afkomuhorfum hins opinbera leiddi þá í ljós að nauðsynlegt yrði að grípa til víðtækra aðhaldsaðgerða til að halda afkomu ríkissjóðs innan ramma fjármálastefnunnar.

ASÍ hefur verið í hópi þeirra sem gagnrýnt hafa fjármálastefnuna og ítrekað bent á að áætlanir í opinberum fjármálum hafi á síðustu árum byggt á mjög hagfelldum forsendum um efnahagsþróun og treyst hefur verið á tímabundna aukningu tekna í uppsveiflu. Lítið hefur þannig mátt út af bregða til þess að áætlanir stæðust ekki og tekjur dygðu ekki til að fjármagna nauðsynleg útgjöld. Í ljósi þessa hefur ASÍ einnig verið gagnrýnið á að í uppgangi síðustu ára hafi tekjustofnar verið veiktir um of t.d með afnámi audlegðarskatts og lækkun veiðigjalda auk þess sem látið hefur verið hjá líða að sækja auknar tekjur t.a.m. til ferðaþjónustunnar. Afleiðingar þessarar stefnu birtast með skýrum hætti í fjármálaáætlun og frumvarpi til fjárlaga fyrir komandi ár þar sem beitt er aðhaldsaðgerðum og takmörkun á launabótum sem í reynd leiðir til raunlækkunar á fjárframlögum sem stofnanir munu að óbreyttu þurfa að mæta með aðhaldi í rekstri og/eða niðurskurði á þjónustu. Slíkar aðgerðir munu hafa mest áhrif í viðkvæmri starfsemi heilbrigðis- og velferðarþjónustunnar. ASÍ ítrekar því gagnrýni sína á að opinber grunnþjónusta sé nýtt sem hagstjórnartæki til að jafna sveiflur í ríkisrekstrinum. Slíkt samrýmist ekki hugmyndum um ábyrga hagstjórn og félagslegar framfarir.

Efnahagsforsendur frumvarpsins byggja á spá Hagstofu Íslands frá því í maí síðastliðnum sem gerir ráð fyrir lítilsháttar samdrætti í ár en að hagvöxtur taki við sér strax á næsta ári. Verði efnahagsþróun óhagfelldari er lítið sem ekkert svigrúm í ríkisrekstrinum til að mæta því. Gert er ráð fyrir að verðlag hækki um 3,2% á komandi ári og launavísitala um 5,5%. Þá gerir launaforsenda frumvarpsins ráð fyrir því að laun ríkisstarfsmanna hækki um 3% á árinu 2020 en við mat á þeirri forsendu er rétt að hafa hugfast að ósamið er við þorra ríkisstarfsmanna sem hafa verið með lausa kjarasamninga frá því í vor og forsendan byggir á því að kaupmáttarþróun opinberra starfsmanna verði neikvæð.

## **Tekjuöflun – Skattalækkun skilar sér of seint til lágtekjufólks og of lítilla tekna aflað**

Áformaðar eru verulegar breytingar á tekjuskattskerfi einstaklinga til að mæta lofordum stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sl. vor. Tekið verði upp þriggja þrepa tekjuskattskerfi með nýju lágtekjuþrepi sem taki gildi í tveimur áföngum á árunum 2020 og 2021. Þannig er áætlað að þriðjungur breytinganna taki gildi á árinu 2020 og tveir þriðju 2021. ASÍ mótmælir því harðlega að ekki standi til að efna loford um skattalækkanir til handa tekjulægstu hópum samfélagsins fyrir en núgildandi kjarasamningstímabil er hálfnað. Fyrir liggur að skattbyrði þessa hóps hefur aukist langt umfram aðra á síðustu árum og loford um leiðréttingu þar á vögu þungt við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði síðatliðið vor. Í ályktun miðstjórnar ASÍ frá 18. september sl. segir m.a.:

Miðstjórn ASÍ fagnar því að loks liggja fyrir nýjar tillögur stjórnvalda að breytingum á tekjuskattkerfinu sem beðið hefur verið með mikilli eftirvæntingu. Breytingarnar skila sér hins vegar of seint í vasa launafólks og stjórnvöld bregðast hlutverki sínu við að láta þá sem eru aflögufærir greiða réttlátan hlut til samfélagsins til að tryggja viðunandi fjármögnun velferðar og samfélagsinnviða.

Lág- og millitekjufólki sem hefur á síðustu árum borið sífellt þyngrri skattbyrðar var í kjölfar kjarasamninga síðastliðið vor lofað umbótum á skattkerfinu til að auka ráðstöfunartekjur og snúa þessari óheillaþróun við. Að ekki standi til að efna lofordið að fullu fyrir en um mitt samningstímabilið veldur þess vegna verulegum vonbrigðum. Launafólk, öryrkjar og aldraðir sem hafa lágar tekjur hafa ekki tíma til að bíða svo lengi – þau þurfa léttari skattbyrði strax.

ASÍ telur að umræddar tillögur um breytingar á tekjuskattkerfinu séu fyrsta skref í átt að nauðsynlegum endurbótum á skattkerfinu en leggur áherslu á að áfram þurfi að vinna að úrbótum sem auka jöfnuð og bæta tekjuöflun. Í því samhengi er nauðsynlegt að horfa einnig til samspils tekjuskattkerfisins og tilfærslukerfa vaxta-, húsnæðis- og barnabóta svo tryggt sé að breytingarnar skili tilætlaðri lækkun á skattbyrði lág- og millitekjufólks. Lækkun vaxtabóta á árinu 2020 verður t.a.m. til þess að ávinningur lágtekjufólks, sem á lítið eigið fé í sínu húsnæði, af breytingum á tekjuskattkerfinu þurrkast út þannig að skattbyrði eykst í reynd. Þá áréttar ASÍ mikilvægi þess að fulltrúar launafólks hafi aðkomu að áframhaldandi vinnu og tillögugerð um breytingar á skattkerfinu.

Samkvæmt tillögunum verður áfram heimild til samsköttunar sambúðaradila en með nýju grunnþrepi dregur úr áhrifum heimildar til samnýtingar skattþrepa. Ísland er eitt fárra ríkja þar sem samsköttun er enn við lýði og hefur

Það annars staðar þótt brjóta í bága við markmið um jafnrétti kynjanna. Markmiðið ætti að vera að skattkerfið stuðli að fjárhagslegu sjálfstæði einstaklinga innan sambúðar.

Tillögur um breytingar á tekjuskattskerfi einstaklinga lækka tekjur ríkissjóðs um 5,5 milljarða á árinu 2020 samkvæmt tekjuáætlun frumvarpsins og um 21 milljarð á ári þegar þær verða að fullu komnar til framkvæmda á árinu 2021.

Ráðgert er samkvæmt frumvarpi til fjárlaga að leggja á nýja græna skatta vegna urðunar úrgangs og flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem skila eiga 1,5 milljörðum í auknar tekjur á árinu 2020 og 2,5 milljörðum þegar þeir verða að fullu komnir til framkvæmda á árinu 2021. Áætlað er að urðunarskatturinn nemi um 6.000 kr. á fjögurra manna fjölskyldu á árinu 2020 en útfærsla á innheimtu urðunarskatts sem vinna þarf í samráði við sveitarfélögin liggur ekki fyrir.

Þá er í forsendum frumvarpsins gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 900 milljónir kr. á árinu 2020 vegna breytinga á skattlagningu ökutækja og eldsneytis en vinnu við útfærslu á þeim breytingum er ólokið. Óljóst er hvort og þá hvernig þær breytingar sem hér um ræðir tengjast fjármögnun samgönguframkvæmda sem kveðið er á um í nýundirrituðum samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Að því er fram kemur í upplýsingum frá stjórnvöldum er fyrirhugað að fjármagna 60 milljarða af þeim 120 milljarða króna framkvæmdum sem farið verður í á næstu 15 árum með s.k. sérstakri fjármögnun sem m.a. felur í sér endurskoðun gjalda af ökutækjum og umferð í tengslum við orkuskipti. ASÍ leggur áherslu á að fyrirkomulag gjaldtöku af umferð og ökutækjum er verulegt hagsmuna- og kjaramál fyrir allan almenning og því mikilvægt að sjónarmið launafólks séu höfð að leiðarljósi við þá endurskoðun sem fram undan er. Þá áréttar ASÍ mikilvægi þess að stjórnvöld tryggi að fjármögnun opinberrar þjónustu og innviðaf framkvæmda miði ávallt að því að dreifa byrðunum og stuðla að jöfnuði.

Áform eru samkvæmt tekjuáætlun frumvarpsins um að gjaldtaka af ferðamönnum skili 2,5 milljörðum í auknar tekjur á árinu 2020. Sú gjaldtaka er með öllu óútfærð og í greinargerð frumvarpsins er fjallað um að áformin kunni að koma til endurskoðunar. Stjórnvöld hafa nú um árabíl haft uppi fyrirætlanir um gjaldtöku á ferðaþjónustuna án þess að til hennar hafi komið þrátt fyrir gríðarlegan vöxt greinarinnar á undanförunum árum. Enn er óljóst hvernig nálgast á málið og hvort raunveruleg áform eru um gjaldtöku en núverandi skattaávilnun til ferðaþjónustunnar í gegnum lægra þrep virðisaukaskatts nemur tæpum þrjátíu milljörðum króna árlega.

Heildaráhrif áformaðra skattkerfisbreytinga á árinu 2020 og þegar samþykktu breytinga sem taka gildi á árinu eru metin 6 ma.kr. til hækkunar á

tekjum sem til eru komnar vegna hækkunar kolefnagjalds, nýrra grænna skatta, gjaldtöku á ferðamenn, auknu skattaeftirliti og breytingum á skattlagningu ökutækja og eldsneytis. Lækkun tryggingargjalds, breyting á tekjuskattskerfinu og aukinn stuðningur við orkuskipti lækka tekjur um 9,7 milljarða. Áætlað er því að skattkerfisbreytingar lækki tekjur ríkissjóðs um samtals 3,7 milljarða króna á árinu 2020 en vegna óljósra áforma varðandi gjaldtöku af ferðamönnum má ætla að sú fjárhæð gæti numið um 6 ma.kr. Til viðbótar þessu koma um 23 ma.kr. áhrif af breytingum á tekjuskattskerfinu og grænum sköttum sem verða að fullu innleiddar árið 2021.

ASÍ hefur ítrekað lýst áhyggjum sínum af því að of langt hafi verið gengið í að rýra tekjustofna ríkisins á undanförunum árum. Fyrirhugaðar breytingar munu ganga enn lengra í þeim efnum án þess að áform séu um að styrkja aðra tekjustofna ríkisins á móti. ASÍ hefur í kröfum sínum um umbætur á tekjuskattskerfinu lagt ríka áherslu á að breytingarnar verði ekki nýttar til þess að lækka tekjur ríkissjóðs, draga úr getu hans til þess að standa undir velferðarþjónustu og nauðsynlegri uppbyggingu samfélagsinnviða og/eða auka áherslur á notendagjöld og nefskatta sem draga úr jöfnunaráhrifum skattkerfisins.

Nú þegar hægir á umsvifum í hagkerfinu duga tekjustofnar ríkisins ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum til velferðar og innviða og er gert ráð fyrir talsverðum aðhaldsaðgerðum til að vinna á móti tekjutapi ríkissjóðs bæði vegna minni umsvifa og skattalækkunaráforma. Þannig er gerð almenn 2% aðhaldskrafa á öllum sviðum að heilbrigðis-, öldrunarstofnunum og skólum undanskildum, þar sem aðhaldskrafan er 0,5% auk þess sem launabætur til stofnana hafa verið takmarkaðar við 3% á árinu 2020.

ASÍ telur því nauðsynlegt að samhliða ofangreindum skattkerfisbreytingum verði aðrir tekjustofnar ríkisins styrktir með það að markmiði að styrkja tekjuöflunar- og jöfnunarhlutverk skattkerfisins. Í því miði telur ASÍ að stjórnvöld eigi að horfa m.a. til upptöku á ofurlaunaskatti, auðlegðarskatti og sanngjörnu afgangi fyrir auðlindanýtingu.

Þessa afstöðu áréttar miðstjórn ASÍ í ályktun sinni um fjárlagafrumvarpið:

Verkalýðshreyfingin áréttar mikilvægi samspils tekjujöfnunar- og tekjuöflunarhlutverks skattkerfisins og ítrekar afstöðu sína um nauðsyn þess að breytingu á tekjuskattskerfinu fylgi áform um að styrkja aðra tekjustofna s.s. með upptöku hátekjuskatts á ofurlaun, hækkun fjármagnstekjuskatts og sanngjörnu afgangi fyrir auðlindanýtingu. Vandí ríkisfjármálastefnunnar sem byggt hefur á því að treysta á auknar tekjur í uppsveiflu og veikja tekjustofna hefur nú raungerst. Til að halda afkomu ríkissjóðs í jafnvægi reynist nauðsynlegt að beita aðhaldi og svigrúm til nauðsynlegra samfélags- og velferðarumbóta verður takmarkað. Þetta birtist m.a. í fjárlagafrumvarpinu í ófullnægjandi fjármögnun sjúkráhusþjónustunnar sem stöðugt glímir við rekstrarvanda og



niðurskurðarkröfu sem bitnar á þjónustu við sjúklinga og veldur óhóflegu álagi á starfsfólk ár eftir ár. Lífeyrisþegar og atvinnuleitendur sitja eftir og fá langtum minni kjarabætur en lágtekjufólk á vinnumarkaði. Engum fjármunum er varið í marglofaðar umbætur á greiðslukerfi almannatrygginga og þjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu. Þrátt fyrir vaxandi atvinnuleysi og brýna þörf fyrir stuðning við atvinnuleitendur af erlendum uppruna eru engin áform um auknar vinnumarkaðsaðgerðir og þjónustu við atvinnuleitendur. Framlög til framhaldsfræðslukerfisins sem þjónustar þá hópa á vinnumarkaði sem hafa minnsta menntun lækka umtalsvert á sama tíma og við blasir að umbreytingar sem nú eiga sér stað á vinnumarkaði munu koma verst niður á þessum hópum. Við þetta bætast fréttir af fyrirhuguðum vegtollum vegna samgönguumbóta sem munu leggjast þyngst á tekjulægstu hópana.

Við sættum okkur aldrei við skattkerfisbreytingu sem lág- og millitekjufólk greiðir sjálft fyrir með veikara velferðarkerfi, verri innviðum, notendagjöldum og auknum nefsköttum. Við viljum sanngjarnt skattkerfi sem eykur jöfnuð og fjármagnar velferð.

Athugasemdir við einstaka greinar í frumvarpi til laga um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda, 3. mál

5. gr. – Athugið að í greininni eru tilgreind röng innheimtuhlutföll tekjuskatts

Í a- og b-lið eru breytingar á innheimtuhlutfalli í staðgreiðslu frá og með 1. janúar 2021 og lagt til að innheimtuhlutfall í fyrsta þrepi fari úr 22,5% í 20,6% og nýtt miðþrep verði 22,75%. Þessi hlutföll eru í ósamræmi við breytingar í 1. gr. frumvarpsins og eiga við um innheimtuhlutföll í staðgreiðslu á árinu 2020 sem tilgreind eru í 7 gr. Rétt innheimtuhlutföll til samræmis við ákvæði í 1.gr. eru í a-lið 17% og í b-lið 23,5%.

3. og 4. gr. – Viðmið um þróun fjárhæðarmarka og persónuafsláttar eftir 2021 vantar

Þá vekur ASÍ athygli á því að samkvæmt frumvarpi um breytingar á lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu, 3. máli er í 3 gr. framlengt ákvæði til bráðabirgða um breytingar á viðmiðum fjárhæðarmarka tekjuskattsstofns sem kveður á um að fjárhæðarmörk breytist í hlutfall við vísitölu neysluverðs í stað launavísitölu til ársins 2021. Sömuleiðis er í b-lið 4.gr. kveðið á um þau viðmið sem hafa skuli til grundvallar við breytingu á fjárhæð persónuafsláttar vegna árána 2020 og 2021. Hins vegar er ekki að finna í frumvarpinu nein ákvæði um þróun fjárhæðarmarka tekjuskattsstofns og persónuafsláttar eftir árið 2021 og þau munu því að óbreyttu aftur taka breytingum skv. núgildandi lögum, þ.e. fjárhæðarmörk skv. launavísitölu og persónuafsláttur skv. vísitölu




neysluverðs. Í greinargerð með frumvarpinu og við kynningu fjármálaráðherra á tillögum um breytingar á tekjuskattkerfinu er fjallað um að eftir árið 2021, þegar breytingarnar hafi að fullu verið innleiddar, skuli fjárhæðarmörk og persónuafsláttur þróast skv. sama viðmiði sem verði verðbólga að viðbættri framleiðniaukningu. Útfærsla þessa liggur ekki fyrir en ASÍ leggur ríka áherslu á að svo sé og tryggt að ekki myndist að nýju það misræmi í þróun tekjumarkna og persónuafsláttar sem á stóran þátt í því að skattbyrði tekjulægstu hópanna hefur aukist mun meira en þeirra tekjuhærrí á síðustu árum.

## Barnabætur

- Framlög til barnabóta aukast um 1 milljarð króna að nafnvirði frá fjárlögum yfirstandandi árs. Að raunvirði hafa framlög til barnabóta heldur aukist á síðustu tveimur árum eftir mikla lækkun á árunum eftir 2010 en eru þó enn nokkuð lægri en þá. Til samræmis við yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga síðastliðið vor gerir frumvarpið ráð fyrir hækkun á skerðingarmörkum barnabóta úr 300.000 kr. í 325.000 kr. á mánuði. Frumvarpið gerir hins vegar ekki ráð fyrir að grunnfjárhæðir barnabóta hækki sem þýðir að grunnbætur rýrna að raungildi og einungs þeir foreldrar sem hafa tekjur yfir 325.000 kr. á mánuði fá hækkun barnabóta.
- ASÍ leggur áherslu á að barnabótakerfið verði eflt frekar til að jafna framfærslubyrði lág- og millitekjufjölskyldna með börn. Til að svo megi verða þarf að draga frekar úr tekjuskerðingum og tryggja að

Samanburður á skattbyrði para með og án barna

Tekjur við neðri fjórðungsmörk




bótafjárhæðir og skerðingarmörk fylgi verðlags- og launaþróun yfir tíma.

- Skattbyrði para sem hafa tekjur við neðri fjórðungsmörk og hafa tvö börn á framfæri er nú rétt um 1 prósentustigi lægri en barnlausra para með sömu tekjur. Skattbyrði tekjuhærri para með og án barna er hin sama.

### Fæðingarorlof – nýttum tækifærið til að jafna réttindi foreldra til fulls


- ASÍ fagnar áformum um að fæðingarorlof verði lengt úr 9 í 12 mánuði til samræmis við loforð í yfirlýsingu stjórnvalda vegna kjarasamninga. Breytingin tekur gildi í tveimur áföngum, sá fyrri á árinu 2020 þegar orlofið fer úr 9 í 10 mánuði og hinn síðari á árinu 2021 úr 10 í 12 mánuði. Þegar breytingin hefur að fullu tekið gildi árið 2021 verður sjálfstæður réttur foreldris til fæðingarorlofs 5 mánuðir auk sameiginlegs tveggja mánaða réttar sem foreldrar skipta að eigin ósk. Fæðingarorlofskerfið er eitt mikilvægasta verkfæri sem stjórnvöld hafa til þess að stuðla að kynjajafnrétti á vinnumarkaði og mikilvægt að standa vörð um það hlutverk. ASÍ telur því að stjórnvöld ættu að nýta tækifærið sem felst í lengingu fæðingarorlofsins og taka skrefið til fulls í að jafna réttindi foreldra í kerfinu með því að hvort foreldri eigi sjálfstæðan sex mánaða rétt til fæðingarorlofs.
- Til að markmið fæðingarorlofskerfisins nái fram að ganga er sömuleiðis nauðsynlegt að fjárhæðir fylgi launaþróun. Ekki er í frumvarpinu gert



ráð fyrir að hámarksgreiðsla úr sjóðnum hækki en hún nemur nú 600.000 krónum á mánuði sem jafngildir um 75% af meðallaunum fullvinnandi launafólks. Kaupmáttur hámarksgreiðslunnar lækkar um riflega 3% á milli ára og verður á árinu 2020 enn um 35% lægri en á árinu 2007 en þá nam hámarksgreiðslan um 120% af meðallaunum fullvinnandi.

## Húsnæðisstuðningur – Lækkun þrátt fyrir loforð og þörf

- Húsnæðisöryggi, viðuráðanlegur húsnæðiskostnaður og jafnt aðgengi að húsnæðismarkaði voru meðal helstu áherslna verkalýðshreyfingarinnar í viðræðum við stjórnvöld í aðdraganda kjarasamninga síðastliðið vor. Sérstaka athygli vekur því að þrátt fyrir mikla umræðu um hlutverk stjórnvalda á húsnæðismarkaði og fyrirheit um víðtækar aðgerðir í húsnæðismálum m.a. í kjölfar skýrslu áttakshóps forsætisráðherra um húsnæðismál og yfirlýsingar stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga, gerir frumvarpið ráð fyrir að húsnæðisstuðningur fari lækkandi að raunvirði milli ára og áætlanir gera ráð fyrir að svo verði áfram.




- Stofnframlög til almennra íbúða eru áætluð riflega 3,7 milljarðar króna á árinu 2020 sem er svipað og í fjárlögum yfirstandandi árs en aukning frá fyrri áformum til samræmis við loforð stjórnvalda vegna kjarasamninga. Framlaginu er skv. yfirlýsingunni ætlað að standa undir stofnframlögum til byggingar 600 íbúða í almenna íbúðakerfinu á árinu. Nauðsynlegt er að tryggja að framlagið fylgi þróun byggingakostnaðar til þess að svo megi verða og að gerðar verði upp verðlagsbreytingar á þeim styrkjum sem nú þegar hafa verið greiddir út þannig að stjórnvöld standi

að fullu við fyrri skuldbindingar um fjölda íbúða og markmið laga um almennar íbúðir.

- Framlög til vaxtabóta halda áfram að rýrna líkt og undanfarin ár og eru áætluð 3,4 milljarðar á árinu 2020 sem er sama fjárhæð og gert var ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs. Viðmiðunarfjárhæðir og eignarmörk hafa rýrnað verulega í samanburði við laun og fasteignaverð á undanförunum árum sem hefur leitt til þess að heimilum sem fá stuðning í gegnum vaxtabótakerfið hefur fækkað verulega undanfarin ár. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á viðmiðunarfjárhæðum og eignarmörkum vaxtabóta á árinu 2019. Í heild hefur húsnæðisstuðningur í gegnum vaxtabótakerfið rýrnað að raungildi um ríflega 70% frá árinu 2013 og heimilum sem fengu vaxtabætur fækkaði um 27.000 milli árána 2013 og 2018. Eignarviðmið (eignarskerðingarmörk) hafa einungis hækkað um 25% hjá einstæðum og 23% hjá einstæðum foreldrum og sambúðarfólki frá árinu 2010 á sama tíma og fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur t.a.m. hækkað um ríflega 100%. Þá höfðu bótafjárhæðir (hámarksbætur) verið óbreyttar frá árinu 2010 þar til í fyrra þegar þær hækkuðu um 5%. Til samanburðar má nefna að verðlag hefur frá árinu 2010 hækkað um tæplega 30% og launavísitala um ríflega 83%. Þetta gerir það að verkum að kerfið styður við sífellt færri heimili og jafnvel tekjulág heimili með takmarkað eigið fé í húsnæði detta út úr stuðningskerfinu. Barnafólk við neðri fjórðungsmörk tekna sem á lítið eigið fé í sínu húsnæði (20%) fær í dag t.a.m. lítinn sem engan stuðning í gegnum vaxtabótakerfið.
- Lækkun vaxtabóta verður til þess að þurrka út ávinning lágtekjufólks sem á lítið eigið fé í sínu húsnæði af breytingum á tekjuskattskerfinu á árinu 2020 þannig að skattbyrði að teknu tilliti til tilfærslna eykst í reynd.
- Sé horft til þróunar á framlögum til vaxtabóta síðastliðinn áratug má sjá að samhliða tilkomu almenna íbúðakerfisins og vexti stofnframlaga til bygginga hagkvæmra leiguíbúða fyrir tekjulaga hafa framlög til vaxtabóta dregist saman um svipaða fjárhæð á sama tíma. Stofnframlögin hafa þannig ekki verið aukin framlög til húsnæðismála eins og þeim var ætlað heldur í reynd greidd með lækkun á öðru stuðningsformi.
- Húsnæðisbætur til leigjenda eru áætlaðar 6,3 milljarðar króna á árinu 2020 og lækka að raunvirði um ríflega 2%. Ætla má því að ekki sé gert ráð fyrir hækkan á bótafjárhæðum húsnæðisbóta sem þýðir að stuðningur við leigjendur minnkar hlutfallslega. Grunnfjárhæðir húsnæðisbóta hafa hækkað einu sinni, um 4,7%, frá því kerfinu var komið á í upphafi árs 2017 á sama tíma og húsaleiga hefur hækkað um ríflega 13% skv.

## Framlög til leiguíbúða/stofnframlaga og vaxtabóta 2010-2021

- milljarðar króna á verðlagi ársins 2019 -



Hagstofu Íslands. Þannig lækkar húsnæðisstuðningur sem hlutfall af húsaleigu og húsnæðiskostnaður sem hlutfall af launum hækkar. Vísendingar um þetta má sjá í tölum frá Íbúðalánasjóði um greiddar húsnæðisbætur en samkvæmt þeim hefur húsnæðiskostnaður að teknu tilliti til húsnæðisbóta að meðaltali farið úr því að vera um 24% af tekjum fyrir skatt í um 27%. ASÍ leggur áherslu á að húsnæðisbótakerfið sem styður við veikustu hópana á húsnæðismarkaði og á í samspili við almenna íbúðakerfið að tryggja viðráðanlegan húsnæðiskostnað fyrir tekjulægstu heimili landsins, fylgi þróun launa og leiguverðs.

- Ekki er gert ráð fyrir því að neinu fé sé varið í aðrar aðgerðir í húsnæðismálum sem fram koma í yfirlýsingu stjórnvalda vegna kjarasamninga þ.m.t. aukinn stuðningur við fyrstu kaupendur og stuðningur við óhagnadardrífín leigufélög, en aðgerðir hvað þetta varðar hafa enn ekki verið útfærðar eða kostnaðargreindar.


### Almannatryggingar - Kjör lífeyrisþega dragast aftur úr

- Frumvarpið gerir ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrir almannatrygginga hækki annað árið í röð umtalsvert minna en lægstu laun og kjör lífeyrisþega dragast því aftur úr öðrum hópum. Lagt er til að lífeyrir almannatrygginga hækki um 3,5% í upphafi árs 2020 en lægstu laun hækka skv. kjarasamningum um 5,7% á árinu 2020. Lágmarksframfærsla almannatrygginga fyrir einstakling sem býr einn verður skv. þessu 321.687 kr. á árinu 2020 og hefur þá frá árinu 2018 hækkað úr 300.000, eða um 7,2% á sama tíma og lægstu laun munu hafa hækkað um 11,7% og verða 335.000 kr. Fyrir einstakling sem býr með öðrum verður lágmarksframfærslutrygging um 256.000 kr. og hefur þá hækkað um 7,2% frá

árinu 2018. ASÍ telur með öllu óásættanlegt að kjör elli- og örorku- lífeyrisþega dragist aftur úr öðrum lágtekjuhópum og mælist til þess að bætur almannatrygginga taki hækkunum til samræmis við lægstu laun á vinnumarkaði.

## Aldraðir

- 100 milljónum er skv. frumvarpinu varið til þess að bæta kjör eldri borgara sem eiga takmörkuð réttindi í almannatryggingum hér á landi vegna stuttrar búsetu. Breytingin er til samræmis við tillögur starfshóps um kjör aldraðra sem skilaði tillögum sínum í desember sl. ASÍ styður framgang málsins en bendir á að ekkert kostnaðarmat fylgir tillögunni og með öllu óljóst hvort umrædd fjárhæð dugar til að gera fyrirhugaðar umbætur.
- Gera á breytingar á lögum um almannatryggingar sem auka möguleika til töku á hálfum ellilífeyri almannatrygginga en skilyrði fyrir því eru í dag mjög þröng og heimildin nýtist fyrst og fremst þeim sem verið hafa tekjuháir á vinnumarkaði og eiga góð lífeyrisréttindi úr lífeyrissjóðum. Þetta hefur ASÍ ítrekað gagnrýnt á síðustu árum og leggur áherslu á að breytingunni verði hraðað svo tryggt sé að möguleiki til aukins sveigjanleika við starfslok með töku á hálfum lífeyri standi tekjulægra fólki, sem margt hefur stundað erfiðisvinnu, einnig til boða.
- Ekki er gert ráð fyrir að draga úr óhóflegum tekjutengingum milli lífeyris úr samtryggingarlífeyrissjóðum og almannatrygginga sem draga úr



hvata til lífeyrissparnaðar og veikja tiltrú á lífeyrissjóðakerfið. Tekju-skerðingar almannatrygginga gera það að verkum, í samspili við tekju-skattskerfið, að áratuga söfnun lífeyrisréttinda í lífeyrissjóð skilar mörg-um óverulegri viðbót í ráðstöfunartekjum. Þannig fær einstaklingur sem býr einn og á 100.000 krónur í lífeyri úr samtryggingarlífeyrissjóði einungis um 36 þúsund krónur í auknar ráðstöfunartekjur umfram þann sem engin réttindi á þegar tekið hefur verið tillit til tekju-skerðinga almannatrygginga og staðgreiðslu skatta. Eigi viðkomandi 200.000 kr. í lífeyrisréttindi aukast ráðstöfunartekjurnar um 63 þúsund krónur. Þegar lífeyrir úr samtryggingarlífeyrissjóði nær ríflega 570.000 kr. hefur allur réttur til greiðslna úr almannatryggingum þurrkast út og ráðstöfunartekju-ur nema þá um 417 þúsund krónum á mánuði.

- ASÍ telur mikilvægt að dregið verði úr tekjutengingum milli almanna-trygginga og lífeyris úr samtryggingarhluta lífeyriskerfisins til að tryggja launafólki aukinn ávinning af þeim lífeyrissparnaði sem það hefur safn-að á starfsævinni.

## Öryrkjar

- Gert er ráð fyrir 1 milljarði króna aukalega til örorkulífeyris almanna-trygginga til að bæta kjör öryrkja með breytingum á bótakerfi almanna-trygginga þar sem tekið verður upp einfaldara og sveigjanlegra bótakerfi vegna skertrar starfsgetu. Samráðshópur um breytt greiðslukerfi almannatrygginga sem lauk störfum í maí sl. lagði til verulega uppstokkun á greiðslukerfi almanna-trygginga. Hyggist stjórnvöld horfa til þeirra hugmynda við breytingar á kerfinu þarf umtalsvert meira viðbótarfjármagn inn í almannatryggingakerfið auk þess sem forsenda breytinganna er að styrkja alla umgjörð og þjónustu við einstaklinga með skerta starfs- getu og tryggja nægilegt framboð starfa. ASÍ leggur áherslu á að nægi- legu fjármagni verði veitt til að gera löngu tímabærar breytingar á örorkulífeyriskerfi almanna-trygginga sem tryggja einstaklingum viðun- andi framfærslu og þjónustu eftir þörfum. Einn milljarður króna dugar skammt í það verkefni.

## Atvinnuleysi og vinnumarkaður – Atvinnuleysisbætur rýrna og of lítið í úrræði

- Frumvarpið gerir ráð fyrir að atvinnuleysisbætur hækki um 3,5% á árinu 2020 sem er umtalsvert minna en lægstu laun sem hækka um 5,7%. Í aðdraganda endurskoðunar kjarasamninga í febrúar 2018 lagði ASÍ ríka áherslu á hækkan fjárhæða atvinnuleysisbóta sem þá voru sögulega lágár sem hlutfall af lágmarkslaunum. Stjórnvöld féllust í kjölfarið á að

hækka grunnatvinnuleysisbætur í 90% af lágmarkslaunum fyrir fulla dagvinnu. Til að halda því hlutfalli er nauðsynlegt að fjárhæðir atvinnuleysisbóta hækki til samræmis við lægstu laun en vegna misræmis í hækkun bóta og lægstu launa hefur hlutfallið nú farið lækkandi á ný og er nú um 88% og fer niður í 86% á árinu 2020.

- Þrátt fyrir vaxandi atvinnuleysi og aukna þörf fyrir stuðning við atvinnuleitendur sem Vinnumálastofnun hefur takmarkaða getu til að sinna nú þegar er engu viðbótarfé veitt til vinnumarkaðsaðgerða og úrræða til að styðja við atvinnuleitendur.
- Þetta er verulegt áhyggjuefni, einkum í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á íslenskum vinnumarkaði með fjölgun erlends launafólks og þeim hröðu umbreytingum sem nú eiga sér stað vegna tæknibreytinga á ýmsum sviðum.
- ASÍ leggur ríka áherslu á að veitt verði auknu fjármagni til virkra vinnumarkaðsaðgerða svo tryggt sé að Vinnumálastofnun hafi getu til þess að þróa og byggja upp þjónustu og úrræði sem mæta þörfum þessara hópa. Verð það ekki gert er veruleg hættu á að einstaklingar festist í auknum mæli í langtímaatvinnuleysi og tapi tengslum sínum við vinnumarkaðinn.

## Framhaldsfræðsla – Niðurskurður til menntunar fyrir viðkvæmstu hópana

- Framhaldsfræðsluferfið þjónustar þá hópa á vinnumarkaði sem hafa minnsta formlega menntun. Þetta eru jafnframt þeir hópar sem talið er

**Framlög til framhaldsskóla, háskóla og framhaldsfræðslu 2013-2020**

- milljónir króna á verðlagi ársins 2019 -





að séu í mestri hættu á að missa störf sín vegna tæknibreytinga á næstu árum. Geta framhaldsfræðslukerfisins til að aðstoða einstaklinga við að byggja upp nýja hæfni er því eitt af lykilatriðunum næstu ára. Það skýtur því skökku við að í frumvarpi til fjárlaga skuli framlög til framhalds- og vinnumarkaðsfræðslu fara lækkandi en gert er ráð fyrir um 5% raunlækkun til málaflokksins milli ára. Frá árinu 2013 hafa framlög til framhaldsfræðslunnar dregist saman að raunvirði um ríflega fjórðung á sama tíma og framlög til annarra skólastiga hafa aukist um 50%. ASÍ mótmælir þessu harðlega og mælist til þess að stjórnvöld efli þennan hluta menntakerfisins, sem þjónustar þá hópa sem minnsta menntun hafa, til jafns við aðra.

### **Heilbrigðis- og öldrunarþjónusta – rekstrargrunnurinn of veikur**

- ASÍ fagnar því að fjármagni sé veitt til að hraða uppbyggingu á nýjum Landspítala en lýsir verulegum áhyggjum af því að rekstrarfé til sjúkrahússins sé ófullnægjandi. Fyrir liggur að rekstur sjúkrahússþjónustunnar er nú þegar þungur á mörgum sviðum, mönnum ófullnægjandi og biðlistar óhóflegir. Við það bætist að grípa þarf til viðamikilla aðhaldsaðgerða til að halda rekstri innan fjárheimilda. Ljóst er að miðað við umfang og eðli starfsemi sjúkrahússins er sá rekstrargrunnur sem honum er ætlað að starfa innan of þröngur. Alþjóðlegur samanburður á fjármögnun heilbrigðisþjónustu og samanburður á rekstri sambærilegra stofnana erlendis hefur ítrekað staðfest þetta. Óbreytt staða mun fyrr eða síðar hafa alvarleg áhrif á sjúklinga og starfsfólk í heilbrigðisþjónustu. Stjórnvöldum ber að svara ítrekuðu ákalli þjóðarinnar um fullnægjandi fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar.
- Ósamið er við þorra starfsfólks í heilbrigðisþjónustu en aðhaldsaðgerðir í formi lægri launabóta á árunum 2020-2022 munu koma verst niður á heilbrigðis- og velferðarþjónustunni sem þegar eru víða undirmannaðar. Að auki glíma sjúkrahúsin enn við vanda vegna vangreiddra launabóta í kjölfar kjarasamninga frá árinu 2015 sem hafa umtalsverð áhrif á reksturinn. Óásætlanlegt er að fjármagna eigi kjarabætur til heilbrigðisstarfsmanna með niðurskurði á þjónustu og auknu álagi á starfsfólk.
- Gert er ráð fyrir fé til uppbyggingar nýrra hjúkrunarheimila sem er vel auk viðbótarfjármagns til reksturs þeirra. Ekki er þó að sjá að bæta eigi rekstrargrunn hjúkrunarheimila sem flest eiga í umtalsverðum rekstrarvanda. Þá vekur athygli að tíu árum eftir efnahagshrun er enn gert ráð fyrir að framlengja tímabundna undanþáguheimild til að nýta fé úr Fram-væmdasjóði aldraðra til reksturs hjúkrunarheimila. Sjóðurinn sem

fjármagnaður er með nefskatti hefur það hlutverk að fjármagna byggingar stofnana fyrir aldraða, mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar og viðhalda slíku húsnæði auk annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustunnar. Eðlilegt er að rekstur öldrunarþjónustunnar sé tryggður með fullnægjandi rekstrarframlögum úr ríkissjóði og Framkvæmdasjóðurinn nýttur í þeim tilgangi sem til hans var stofnað, enda full þörf á því.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (hækkun lífeyris), 6. mál**

Alþýðusambandið styður markmið frumvarpsins og telur eðlilegt að bætur almannatrygginga fylgi þróun lægstu launa til að tryggja að kjör elli- og örorkulífeyrisþega dragist ekki aftur úr öðrum hópum.

Nánar er vísað til umsagnar ASÍ um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020, 1. mál.

### **Frumvarp til laga um starfsemi smálánafyrirtækja, 14. mál**

Meginmarkmið þessa frumvarps er að ná tökum á starfsemi smálánafyrirtækja og koma í veg fyrir að þau stundi ósanngjarna og ólögsmæta viðskiptahætti. Því er þannig ætlað að verja neytendur og þá sérstaklega ungt fólk. Alþýðusamband Íslands styður eindregið þessi markmið en tekur ekki efnislega afstöðu til einstakra frumvarpsákvæða.

### **Þingsályktunartillaga um staðgreiðslu við innborgun í lífeyrissjóð, 25. mál**

Alþýðusambandið er alfarið mótfallið hugmyndum um að skattleggja iðgjald til lífeyrissjóðanna við inngreiðslu. Breytingin hefði í för með sér að í stað þess að greiða skatt af lífeyristekjum sem greiddar eru út úr lífeyrissjóðunum yrði iðgjald í sjóðina skattlagt við inngreiðslu. Með slíkri breytingu fengju sjóðirnir aldrei þann hluta iðgjaldsins til ávöxtunar til að byggja upp framtíðarlífeyrisréttindi sem hefði víðtæk áhrif á lífeyriskerfið, lífeyrisréttindi einstaklinga sem og tekjur ríkissjóðs og getu til að standa undir opinberri þjónustu til framtíðar.

Með skattlagningu á inngreiðslur í lífeyrissjóð er skattbyrði flutt á milli kynslóða og vikið frá þeirri meginhugsun lífeyriskerfisins að hver kynslóð standi undir eigin lífeyri og hluta þeirrar þjónustu sem hún nýtur. Breytingin hefði þannig í för með sér að í reynd væri þeim hluta lífeyrissparnaðarins sem nemur sköttum af iðgjöldum breytt úr sjóðssöfnun í gegnumstreymiskerfi. Með hraðri breytingu á aldurs samsetningu þjóða liggur styrkleiki íslenska lífeyriskerfisins í samburði við aðrar þjóðir ekki síst í því hversu stór hluti

lífeyriskerfisins er fjármagnaður í söfnunarsjóðum. Breyting í átt að auknu gegnumstreymi væri því veruleg afturför.

Ef inngreiðslur í lífeyrissjóði eru skattlagðar í dag munu lífeyrisþegar framtíðarinnar að óbreyttu ekki skila skatttekjum í ríkissjóð. Það þýðir að þeir sem verða á vinnualdri eftir 20-40 ár munu þurfa að standa undir kostnaði við þjónustu sifellt stækkandi hóps ellilífeyrisþega með hærri skattbyrði sem nemur þeim skattgreiðslum sem verða teknar út núna.

Skattlagning inngreiðslna í lífeyrissjóði mun skerða lífeyrisréttindi úr lífeyrissjóðunum verulega þar sem lægra hlutfall iðgjaldanna er ávaxtað hjá lífeyrissjóðunum. Það mun aftur leiða til aukinna framtíðarútgjalda í almannatryggingakerfinu þar sem lífeyriskerfið byggir á samspili þessara kerfa. Almennatryggingakerfið er ólíkt sjóðsöfnunarkerfinu gegnumstreymiskerfi sem fjármagnað er með skatttekjum á hverjum tíma. Aukin framtíðarútgjöld í almannatryggingakerfinu munu því einnig þyngra skattbyrði komandi kynslóða.

Fjöldi fólks á vinnualdri á hvern lífeyrisþega fer ört fækkandi. Í dag eru um sex vinnandi á hvern eftirlaunaþega en eftir 25 ár má áætla að hlutfallið verði einn á móti þremur. Núverandi fyrirkomulag tryggir að lífeyrisþegar greiða skatt af sínum eftirlaunum og leggja þannig sitt af mörkum til að fjármagna t.a.m. heilbrigðis- og velferðarkerfið. Verði hins vegar búið að taka þennan skatt við inngreiðslu mun vinnandi fólk framtíðarinnar þurfa að bera mun þyngrri skattbyrði en ella til að standa undir rekstri ríkissjóðs eða að skerða verður þjónustu verulega.

Miðað við forsendur í greinargerð tillögunnar má ætla að lagt sé til að skattlagning iðgjalda verði utan persónuafsláttar. Það þýðir að líkindum að skattbyrði lægri lífeyrisgreiðslna/iðgjalda hækkar mest en skattur hjá þeim sem hafa háan lífeyri lækkar frá því sem nú er. Slíkt gengur alfarið gegn hugmyndum um jöfnunarhlutverk skattkerfisins.

### **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, og lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá), 82. mál**

Í frumvarpinu er lagt til að þær upplýsingar sem vistaðar eru í ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá og í dag eru aðgengilegar gegn gjaldi verði opnar almenníngi með rafrænum hætti án gjaldtöku. Alþýðusambandið telur mikilvægt að einstaklingar og fyrirtæki hafi hindrunarlausan aðgang að þeim upplýsingum sem þessar skrár hafa að geyma og tekur undir þau sjónarmið sem að baki frumvarpinu liggja.

## **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, með síðari breytingum, nr. 111/2016 (rýmri skilyrði), 92. mál**

Alþýðusambandið styður markmið frumvarpsins um að heimild til skattfrjálsrar nýtingar á séreignarsparnaði til kaupa á húsnæði verði rýmkuð og nái einnig til þeirra sem ekki hafa átt húsnæði í ákvæðinn tíma og ekki nýtt úrræðið áður. Þá telur ASÍ einnig að heimila eigi með tíma- og fjárhæðarmörkum ráðstöfun á allt að 3,5% framlagi í s.k. tilgreinda séreign, sem er hluti af skyldutryggingariðgjaldi til lífeyrissjóðs, til öflunar íbúðarhúsnæðis. Í því samhengi áréttar ASÍ mikilvægi þess að lögfest verði 15,5% skyldutryggingariðgjald í lífeyrissjóð og heimild til ráðstöfunar á allt að 3,5% þar af í tilgreinda séreign en slíkt er forsenda þess að unnt verði að rýmka heimild til nýtingar á lífeyrissparnaði til húsnæðiskaupa.

Ætla má að ákvæði frumvarpsins geri einstaklingum, sem greitt hafa til sjóða þar sem hluta skyldutryggingariðgjalds er ráðstafað í séreign, kleift að nýta þann sparnað skattfrjálst allt frá árinu 2014. Slík heimild skapar verulegt ójafnræði og veitir skattalega ívilnun til þess hóps umfram allt almennt launafólk sem greiðir til lífeyrissjóða þar sem allt skyldutryggingariðgjald hefur farið til öflunar réttinda í samtryggingu.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu kunna að hafa umtalsverð áhrif á lífeyrisréttindi einstaklinga, markhóp aðgerðanna og tekjur ríkissjóðs. ASÍ telur því nauðsynlegt að fyrir liggja nánari greining á áhrifum þess að rýmka heimild til nýtingar á lífeyrissparnaði, hvað varðar tímamörk, markhóp og fjárhæðarmörk með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu á ofangreinda þætti.

## **Þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020-2023, 102. mál**

ASÍ sendi inn umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir tímabilið 2020-2023 sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 26. júní sl., umsögnin er dagsett 5. júlí 2019.

Í þeirri umsögn er gerð ítarlega grein fyrir þeim atriðum sem ASÍ telur mikilvæg fyrir framgang jafnréttis á vinnumarkaði.

Eitt af þeim atriðum sem áhersla var lögð á er samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda varðandi jafnlaunavottun og jafnlaunastaðals, þar kom fram m.a.:

„Í b-lið verkefnisins er fjallað um að þróa áfram regluverk jafnlaunavottunar, endurskoða viðmið til vottunaraðila og eftirlit með ferli jafnlaunavottunar. Gert er ráð fyrir því að vinnan fari fram á vettvangi stýrihóps Stjórnarráðsins um vottunar- og faggildingamál, þar sem sitja fulltrúar frá forsætisráðuneytinu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Jafnréttisstofu.“

„Alþýðusamband Íslands hefur frá upphafi komið að gerð og framkvæmd jafnlaunastaðalsins og jafnlaunavottunarinnar. Til upprifjunar má minna á að upphaf verkefnisins varð vegna sérstakrar bókunar í kjarasamningi ASÍ og Samtaka atvinnulífsins frá því í febrúar 2008. Á sama tíma var sett inn ákvæði til bráðabirgða í jafnréttislögin 2008/10 þar sem kom fram að velferðarráðgjafi skuli, í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins, sjá til þess að þróað verði sérstakt kerfi til að votta framkvæmd stefnu um launajafnrétti og jafnrétti við ráðningar og uppsagnir. Jafnlaunastaðallinn byggir á þessum samþykktum, þ.e. annars vegar Alþingis og hins vegar aðila vinnumarkaðarins.

Það er staðreynd að vottun á innleiðingu jafnlaunastjórnunarkerfis þarf að taka fastari tókum. Nauðsynlegt er að endurskoða viðmið og kröfur til vottunaraðila til þess að markmið verkefnisins, sem unnið hefur verið að allt frá árinu 2008, að tryggja að konum og körlum, starfandi hjá sama atvinnurekenda, séu greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf náist.

ASÍ telur að þekking og reynsla samtaka aðila vinnumarkaðarins geti nýst stýrihópnum og verið honum styrkur. ASÍ leggur því áherslu á að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins sitji í stýrihópnum.“

Alþýðusambandinu þykir miður að ekki sé tekið tillit athugasemda sambandsins því í þingsályktuninni er ekki gert ráð fyrir fulltrúum atvinnulífsins í stýrihópnum sem á að fjalla um regluverk jafnlaunavottunar og ítrekar því fyrri áherslur að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins sitji í stýrihópnum.

Í kafla 9, í þingsályktuninni, þar sem fjallað er um jafnrétti á vinnumarkaði, er vísað í tillögugerð aðgerðarhóps stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, en hópurinn skilaði af sér skýrslu í ágúst 2019, „Framtíðarstefna í jafnlaunamálum“. Gert er ráð fyrir að unnið verði að framkvæmd og eftirfylgni verkefna sem þar koma fram.

Allar tillögur og áhersluþættir sem fram koma í tillögugerð aðgerðarhópsins tengjast vinnumarkaðinum og því telur Alþýðusamband Íslands mikilvægt að áfram verði unnið að framgangi jafnréttis á vinnumarkaði í samstarfi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. ASÍ leggur ríka áherslu á að samstarf og/eða samráð aðila haldi áfram líkt og hefur verið allt frá árinu 2012.

### **Þingsályktunartillaga um rafræna birtingu álagningaskrár, 110. mál**

Í tillögunni er lagt til að álagningaskrár skattayfirvalda um álagða skatta verði gerðar aðgengilegar með rafrænum hætti í stað framlagningar á pappír hjá skattstjóra líkt og verið hefur. Alþýðusambandið telur að einstaklingar og fjölmíðlar skuli hafa hindrunarlausan aðgang að upplýsingum úr álagningaskrá. Slíkur aðgangur eykur gagnsæi, trúverðuleika og möguleika á eftirliti og aðhaldi. ASÍ tekur því undir þau sjónarmið sem að baki tillögunni liggja.

Í ályktun miðstjórnar ASÍ um gagnsæi gegn misskiptingu frá 28. ágúst 2019 segir m.a.:

*Það er afar brýnt að allir landsmenn greiði skatta og gjöld til samfélagsins óháð uppruna tekna, svo sem arðgreiðslur úr fyrirtækjum eða fjármagnstekjur. Upplýsingar um slíkt þurfa að vera aðgengilegar og gagnsæjar. Miðstjórn ASÍ hvetur Alþingi jafnframt til að samþykkja að birta álagningarskrár með rafrænum hætti, þar sem birtir eru allir álagðir skattar, þannig að aðgengi að þessum samfélagslega mikilvægu upplýsingum sé tryggt.*

*Í þessu samhengi má einnig benda á að nú er yfirstandandi heildarendurskoðun laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þar sem m.a. er til skoðunar stefna varðandi launaleynd og áhrif þess á launamun. Birting staðgreiðsluskrár með rafrænum aðgengilegum hætti væri einn liður í að draga úr launaleynd og stuðla að launajafnrétti.*

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (fjárhæð bóta), 135. mál**

Alþýðusambandið tekur undir markmið frumvarpsins og telur rétt að bætur almannatrygginga fylgi launaþróun svo tryggt sé að kjör elli- og örorkulífeyrisþega dragist ekki aftur úr öðrum hópum.

### **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, með síðari breytingum (einstaklingsbundinn skattstofn, þrepaskipting), 176. mál**

Með frumvarpinu er lagt til að í stað þess að líta til dánarbús sem andlag erfðafjárskatts líkt og nú er verði horft til arfs hvers erfingja um sig. Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir að skattfrelsi miðist við arfshlut hvers erfingja en ekki dánarbúið í heild og endanleg skattlagning og skatttekjur ríkissjóðs verði þar með háðar fjölda erfingja. Þá er í frumvarpinu lagt til að hlutfall erfðafjárskatts verði þrepaskipt eftir fjárhæð arfshluta sem fellur í hlut hvers erfingja. Af fyrstu 15 milljónum kr. skal greiða 10% erfðafjárskatt, næstu 15 milljónum 15% og af því sem er umfram 30 milljónir greiðist 20% skattur. Hver erfingi fær þó sérstakan frádrátt sem nemur 650.000 kr. sem gerir það að verkum að enginn skattur er greiddur af fyrstu 6.500.000 kr. arfshlut hvers erfingja. Erfðafjárskattur er í dag 10% af skattstofni dánarbús umfram 1,5 milljónir króna.

ASÍ telur erfðafjárskatt almennt skilvirka og réttláta leið til tekjuöflunar sem vinnur gegn ójöfnuði og óæskilegri samþjöppun auðs milli kynslóða. ASÍ telur í því miði skynsamlegt að skoða þá leið sem hér er lögð til að þrepaskipta skattinum eftir fjárhæð arfshluta en leggst gegn breytingum sem lækka tekjur ríkissjóðs og auka ójöfnuð. Áhrif þess á tekjur ríkissjóðs að einstaklingsvæða

skattlagningu erfðafjárskatts og binda skattfrelsi hverjum erfingja líkt og lagt er til í frumvarpinu eru óljós og ekki verður séð að slíkt leiði til jöfnunarhrifa án tengingar við tekjur erfingja.

### **Frumvarp til laga um Þjóðarsjóð, 243. mál**

Markmið frumvarpsins er stofnun Þjóðarsjóðs sem ætlað er að styrkja fjárhagslega getu ríkissjóðs til að mæta ófyrirséðum efnahagsáfallum. Fjármagna á sjóðinn með arðgreiðslum af nýtingu orkuauðlinda en áætlanir gera ráð fyrir að á komandi árum muni Landsvirkjun greiða út háar arðgreiðslur til ríkisins þannig að eignir sjóðsins gætu á næstu 15-20 árum numið 250-300 milljörðum króna sem jafngildir um 10% af landsframleiðslu. Alþýðusambandið tekur undir mikilvægi þess að ríkissjóður sé í stakk búinn til að mæta ófyrirséðum áfallum en hefur nokkrar efasemdir um stofnun Þjóðarsjóðs til að ná því markmiði á þessum tímapunkti.

Taka má undir ábendingar um að eðli Þjóðarsjóðs sé ekki ólíkt gjaldeyrisvarasjóði og í því samhengi hvort þörf sé á sérstökum sjóði með þeirri yfirbyggingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá eru sjónarmið um að réttara sé að nýta fjármuni sem ráðstafa á í Þjóðarsjóð til niðurgreiðslu skulda ríkissjóðs sem vissulega eykur getu ríkissjóðs til að mæta óvæntum efnahagsáfallum til framtíðar. Lífeyrisskuldbindingar í B-deild LSR námu 691 milljarði króna í lok árs 2018 sem jafngildir því að tryggingafræðileg staða sjóðsins hafi verið neikvæð um 73%. Í greinargerð frumvarpsins er rætt um að þessar skuldbindingar séu í reynd fjármagnaðar þar sem áætlun um 7 milljarða inngreiðslu ríkissjóðs á ári næstu áratugi muni nægja til að tryggja að deildin fari ekki í þrot þar til skuldbindingarnar eru að fullu upp greiddar um árið 2060. Í þessum áætlunum er þannig gert ráð fyrir að umtalsverðum fjármunum verði ráðstafað ár hvert úr ríkisrekstrinum til að greiða þessar lífeyrisskuldbindingar og að ekki verði nein áföll sem hafi áhrif á getu ríkissjóðs til að standa skil á þeim eða á ávöxtun og eignir lífeyrissjóðsins og þar með tryggingafræðilega stöðu til framtíðar. ASÍ telur of langt gengið í að fullyrða að lífeyrisskuldbindingar B-deildar séu nánast fullfjármagnaðar og að rétt sé að horfa til þess hvort ekki skuli takmarka áhættu ríkissjóðs og draga úr útgjöldum til næstu áratuga með fjármögnun þeirra.

Fjárfesting hins opinbera hefur á undanförunum árum verið mjög takmörkuð og þrátt fyrir að bætt hafi verið í er hún enn sögulega lág sem hlutfall af landsframleiðslu. Hætta er á að þessi staða muni hafa áhrif á getu hagkerfisins til framtíðar verðmætasköpunar. Þannig skýtur nokkuð skökku við að festa fjármuni í Þjóðarsjóði á sama tíma og gríðarleg þörf er á fjárfestingu í samfélagsinnviðum, m.a. í samgönguinnviðum þar sem til stendur að innheimta milljarða í vegtolla á ári af almenningi.

Alþýðusambandið leggst gegn því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd og telur stofnun Þjóðarsjóðs ekki forgangsmál við núverandi aðstæður.

Athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins:

3 gr. – Stjórn: Gert er ráð fyrir að stjórn sjóðsins sé skipuð fimm mönnum og að einkum skuli horft til reynslu og þekkingar af fjármálamarkaði og hagfræði við skipan þeirra. Ekki er gerð krafa um jafnan hlut kynjanna í stjórn sjóðsins með sambærilegum hætti og t.a.m. í lögum um lífeyrissjóði og hlutafélög. Þetta skapar hættu á að stjórn sjóðsins verði einsleit hvað varðar bakgrunn og reynslu og of þröng sjónarmið ráði för í stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnar varðandi rekstur og fjárfestingar sjóðsins. ASÍ telur mikilvægt að stjórnvöld gangi á undan með góðu fordæmi og tryggi með lögum að í stjórn um opinberra fyrirtækja og stofnana sé kynjajafnrétti og fjölbreyttur bakgrunnur og reynsla stjórnarmanna tryggður.

4. gr. – Rekstur og umsýsla: Gert er ráð fyrir því að stjórn sjóðsins geri samning við utanaðkomandi aðila um vörslu, áhættustýringu og eignastýringu sjóðsins. Einu kröfurnar sem gerðar eru í ákvæðinu til þess aðila sem samið er við um þetta viðamikla verkefni er að viðkomandi hafi viðhlítandi sérþekkingu á erlendum fjármálamörkuðum. Eðlilegt hefði verið að löggjafinn setti fyllri kröfur og skilyrði t.a.m. um faglega hæfni og hæfi sem horfa skuli til þegar samið er við aðila sem ætlað er að fara með gríðarlega fjármuni í almanneigu.

5 gr. – Framlög og ávöxtun: Framlög til sjóðsins skulu vera tekjur ríkissjóðs af arðgreiðslum, leigutekjum og öðrum tekjum vegna nýtingar orkuauðlinda á forræði ríkisins. ASÍ áréttar afstöðu sína til þess að innheimta beri gjöld fyrir nýtingu af öllum sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Í stefnu ASÍ í atvinnumálum er m.a. kveðið á um að „gegn leyfum komi endurgjald; í fyrsta lagi vegna kostnaðar ríkisins af rannsóknum og eftirliti með nýtingu auðlinda (þjónustugjald); í öðru lagi til að tryggja þjóðinni hlutdeild í umframardi sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar (auðlindagjald); og í þriðja lagi, þar sem það á við, til að tryggja hagkvæma nýtingu (umhverfisskattur). Það er skoðun ASÍ að slíkt endurgjald eigi ekki einungis við um nýtingu orkuauðlinda, heldur nýtingu allra sameiginlegra auðlinda hvort sem er í sjávarútvegi, ferðaþjónustu eða öðrum greinum.

7. gr. – Matsnefnd: Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi matsnefnd, þegar talið er að skilyrði fyrir framlagi úr Þjóðarsjóði í ríkissjóð kunni að vera fyrir hendi, til að meta fjárhagslegan skaða ríkissjóðs af áfalli sem þjóðarbuíð hefur orðið fyrir. Velta má því upp hvort ekki sé eðlilegra að matsnefnd sé skipuð á hverjum tíma líkt og stjórn en taki einungis til starfa ef þær aðstæður skapast sem lýst er hér að ofan. Þetta minnar líkur á ágreiningi og hagnunaárekstrum um skipan matsnefndar þegar á reynir.



III kafli – Fjárfestingar: Ákvæði frumvarpsins um fjárfestingarstefnu og heimildir sjóðsins eru mjög opin og stjórn og ráðherra með reglugerðaheimild látið eftir nánast alfarið að setja ramma og skilyrði um þessa þætti. Þannig má nefna að stjórn sjóðsins er gert að útfæra fjárfestingarstefnu þar sem ávöxtun er hámerkud að teknu tilliti til hóflegrar áhættu. Óljóst er þó hvað telst hófleg áhætta í þessu samhengi. Þá er sjóðnum ekki ætlað að fjárfesta í „fjármála-gjörningum gefnum út af fyrirtækjum og stofnunum sem eru viðriðin starfsemi sem stangast á við góða siði“. Hvað felst í þeim skilyrðum er óljóst og t.a.m. ekkert fjallað um að sjóðurinn skuli setja sér sérstaka stefnu um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar (e. ESG) og hvaða grundvallarsjónarmiðum hún skuli byggja hana á. Eðlilegt er að löggjafinn komi að því að setja skýrari ramma og skilyrði um þessa þætti.

Þá telur ASÍ óeðlilegt að stjórn sjóðsins sé heimilt að lána verðbréf til fagfjárfesta til skortsölu. Ekki er tekið fram hvort slík lán geti farið til innlendra aðila þó sjóðnum sjálfum sé einungis ætlað að fjárfesta í erlendum eignum.

### **Dingsályktunartillaga um fjögurra ára áætlun um ýmis mál til hagsbóta fyrir neytendur árin 2021-2024, 306. mál**

Alþýðusambandið styður markmið tillögunnar um að bæta hag neytenda, styrkja fyrirkomulag neytendamála og upplýsingamiðlun til neytenda. Þau verkefni sem lögð eru til í ályktuninni eru til þess fallin að vinna að þeim markmiðum og tekur ASÍ undir mikilvægi þess að stjórnvöld styrki þær stofnanir sem fara með málefni neytenda. Í þessu samhengi er þó einkum brýnt að stjórnvöld vinni að því að bæta umgjörð um hagsmunir neytenda og neytendavernd með heildstæðum hætti. Til þess þarf skýra stefnumótun í málaflökknunum þar sem m.a. eru sett fram markmið, hlutverk, verkefni, fjármögnun og verkaskipting í málaflökknun milli stofnana hins opinbera og frjálsra félagsamtaka.

### **Frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 319. mál**

Frumvarpið varðar sameiningu tveggja stofnana og samþættingu á stjórn og starfsemi þeirra. Ekki er ólíklegt að nokkur samlegðaráhrif verði af þeirri breytingu sem boðuð er. ASÍ gerir ekki efnislegar athugasemdir við einstök ákvæði laganna en til hagsa virðist haldið helst markmiðum þeirra stofnana sem lagðar eru niður.

ASÍ vill þó vekja athygli á því, að þó samlegðaráhrif kunni að verða af sameiningu stofnunar á sviði framkvæmda og skipulags annars vegar og velferðarstofnunar hins vegar, er nokkur áhætta tekin. Hún felst í því, að sá þáttur sem lýtur að velferðarhlutverkinu, sem í þessu tilviki er að tryggja landsmönnum öllum, án tillits til efnahags eða búsetu, öruggt og gott íbúðarhúsnæði og

húsnæðiskostnað í samræmi við greiðslugetu, fái ekki þá athygli og áherslu sem nauðsynleg er. Um langt skeið hefur umræða og stefnumótun um húsnæðismál oftast en ekki snúist um húsnæðisbyggingastefnu, skipulag, framkvæmdir, framboð og eftirspurn í stað þess að snúast um það hvernig tryggja megi fólki eðlilegan og hæfilegan húsnæðiskostnað vegna eignar eða afnota af mannsæmandi íbúðarhúsnæði. ASÍ bindur vonir við að hinni nýju stofnun takist að rækja það mikilvæga velferðarhlutverk sem henni er falið.

### **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016, með síðari breytingum (hækkun tekju- og eignarmarkna, sérstakt byggðarframlag, veðsetning o.fl.), 320. mál**

Alþýðusambandið fagnar frumvarpinu sem ætlað er að bæta umgjörð um almenna íbúðakerfið sem gegnir mikilvægu hlutverki við að tryggja húsnæðisöryggi og viðurðanlegan húsnæðiskostnað tekju- og eignaminni heimila. Frumvarpið er liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í apríl síðastliðnum og leggur ASÍ ríka áherslu á að málið verði afgreitt án tafar.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins:

1. gr.:

- Samkvæmt núgildandi lögum geta stofnframlög verið í formi beins framlags eða vaxtaniðurgreiðslu. Í frumvarpinu er lagt til að fella niður heimild til veitingar stofnframlaga í formi vaxtaniðurgreiðslu. Engin umsókn hefur borist um stofnframlag í formi vaxtaniðurgreiðslu frá gildistöku laganna en upphaflegur tilgangur heimildarinnar var að dreifa stofnframlögum yfir lengri tíma.
  - ASÍ sér ekki ástæðu til þess að fella þessa heimild niður að óreyndu.

2. gr.:

- Lögð er til breyting á tekju- og eignarmörkum leigjenda almennra íbúða þannig að þau taki mið af tveimur lægstu tekjufimmtungunum.
  - ASÍ fagnar breytingunni sem tryggir að almenna íbúðakerfið nái til þess hóps sem upphaflega var stefnt að þegar um það var samið í aðdraganda kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2015.

3. gr.:

- Í núgildandi lögum hefur ríkið heimild til að veita 6% viðbótarframlag vegna leiguíbúða á svæðum þar sem skortur er á leiguhúsnæði og bygging íbúða hefur verið í lágmarki eða sérstök vandkvæði eru á að fá fjármögnun á almennum markaði. Lagt er til í c-lið 3. gr. að ákvæðið verði rýmkað þannig að heimilt verði að veita sveitarfélögum, húsnæðissjálfsseignarstofnunum og félagasamtökum sérstakt byggðarframlag sem geti farið eftir aðstæðum hverju sinni. Þannig verði heimilt samhliða stofnframlögum

vegna almennra íbúða að veita sérstakt byggðarframlag sem verði mishátt eftir aðstæðum á hverjum stað og nánar kveðið á um í reglugerð. Íbúðalánasjóði er gert að meta þörf fyrir sérstakt byggðarframlag og ákvarða fjárhæðir þess og getur óskað umsagnar Bygðastofnunar. Óheimilt verður að hafa eigendaskipti á íbúð sem hlotið hefur sérstakt byggðarframlag nema til komi endurgreiðsla þess og samþykkt Íbúðalánasjóðs sem þó er heimilt að veita undanþágu frá endurgreiðslu að sérstökum skilyrðum uppfylltum. Ekki er gerð nánari grein fyrir þeim skilyrðum í frumvarpinu.

- Mikilvægt er að tryggt sé að útvíkkun heimildar til greiðslu sérstakra byggðarframlaga til byggingar almennra íbúða verði ekki til þess að ýta undir byggingu húsnæðis á svæðum þar sem takmörkuð þörf er fyrir húsnæði fyrir markhóp almenna íbúðakerfisins. Forðast þarf þau mistök sem gerð voru á sínum tíma þegar Byggingasjóður verkamanna var notaður með slíkum hætti.
- Samhliða þessu er lagt til að fella á brott heimild sveitarfélaga til að veita 4% viðbótarframlag vegna leiguíbúða á svæðum þar sem skortur er á leigu-húsnæði og bygging íbúða hefur verið í lágmarki eða sérstök vandkvæði eru á að fá fjármögnun á almennum markaði.
  - Sjá athugasemd við fyrri punkt.
- Í e-lið 3. gr. og b-lið 6. gr. er lagt er til að heimilt verði að greiða 75% stofnframlags við samþykkt umsóknar til aðila sem áður hafa fengið úthlutað stofnframlögum og síðari hluti stofnframlagsins (25%) verði greiddur út við útleigu íbúðar.
  - ASÍ fagnar þessari breytingu sem er til þess fallin að lækka fjármagnskostnað almennra íbúðafélaga og draga úr þörf á dýrum brúarlánnum á framkvæmdatíma.
- Í f-lið 3. gr. og c-lið 6 gr. er lagt til að fjárhæð síðari hluta stofnframlags skuli verðtryggt samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, í allt að tvö ár, frá samþykkt umsóknar þar til íbúð fer í útleigu.
  - Þessi breyting er mikilvæg til að tryggja að stofnframlag ríkis og sveitarfélaga standi í reynd undir 30% af byggingarkostnaði almennra íbúða líkt og lögin kveða á um. Slíkt er að óbreyttu ekki reyndin þar sem byggingarframkvæmdir taka langan tíma og verksamningar eru að jafnaði tengdir byggingavísitölu og því dugar óverðtryggður síðari hluti stofnframlags sem greiddur er út við útleigu íbúðar ekki til að standa undir tilætluðum hluta byggingarkostnaðar.
- Í i-lið 3. gr. er lagt til að heimilt verði að gera samninga við umsækjendur sem áður hafa fengið stofnframlög um úthlutun stofnframlaga til allt að þriggja ára í senn að því gefnu að hliðstætt samkomulag hafi verið gert við sveitarfélag.

- ASÍ tekur undir breytinguna sem er mikilvæg til þess að auka fyrirsjáanleika verkefna og gera almennum íbúðafélögum mögulegt að skipuleggja uppbyggingu félaganna og stærri verkefni til lengri tíma.

6 gr.:

- a-lið 6. gr. er lagt til að stofnframlag sveitarfélags geti falist í húsnæði sem breyta má í almennar íbúðir. Þessi tillaga er liður í tilraunaverkefni Íbúðalánasjóðs um húsnæðismál á landsbyggðinni þar sem bent hefur verið á að víða sé húsnæði til staðar sem ekki er í notkun, s.s. félagsheimili og heimavistir sem mögulegt væri að breyta í almennar íbúðir.
  - ASÍ leggur áherslu á að allt íbúðarhúsnæði sem fellur undir lög um almennar íbúðir uppfylli lágmarksskilyrði um gæði og ýtrustu kröfur um hagkvæmni og byggingarkostnað. Heimild af þessum toga getur átt rétt á sér að uppfylltum þessum lágmarkskröfum en má aldrei verða til þess að sveitarfélög sem sitja uppi með húsnæði sem engin not eru fyrir fái heimild til greiðslu stofnframlags vegna þess.

11 gr. : Þrjú ný ákvæði til bráðabirgða

- Í a- og b-lið 11. gr. er lögð til heimild til Íbúðalánasjóðs og sveitarfélaga til greiðslu á viðbótarstofnframlögum til að leiðrétta stofnframlög sem úthlutað var á árunum 2016 og 2017 og miðuðust við of lág viðmið um hámarksbyggingarkostnað.
  - ASÍ fagnar þessari breytingu sem er nauðsynleg til þess að efna loford um uppbyggingu almennra íbúða sem gefin voru í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2015.
  - Tekið eru undir ábendingar Bjargs íbúðafélags um að tryggja þurfi að heimildin nái til úthlutana vegna áranna 2016 og 2017, þ.m.t. síðari úthlutun vegna 2017 sem fram fór í mars 2018.
- Í c-lið 11. gr. er lagt til að Íbúðalánasjóði verið gert að miða við að a.m.k. tveir þriðju hlutar þess fjármagns sem úthlutað er til stofnframlaga hverju sinni skuli renna til íbúða sem ætlaðar eru tekju- og eignarlágum leigjendum á vinnumarkaði. Ákvæðið falli úr gildi þegar stofnframlögum hefur verið úthlutað til 1.534 íbúða sem ætlaðar eru umræddum markhópi. Ákvæði þessa efnis er að finna í reglugerð en ekki hefur komið til beitingar þess þar sem þótt hefur skorta lagastöð.
  - Ákvæðið má rekja til loforda í tengslum við yfirlýsingu stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði á árinu 2015 og leggur ASÍ áherslu á að því verði framfylgt. ASÍ leggur enn fremur áherslu á að til frambúðar verði tryggð uppbygging á fullnægjandi fjölda almennra íbúða fyrir tekju- og eignaltíð launafólk. Launafólk sem ekki hefur bolmagn til kaupa á eigin húsnæði og ræður ekki við húsaleigu á markaðskjörum hefur ekki aðgang að öðru öruggu íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjör-

um en í almenna íbúðakerfinu. Stór hluti þessa hóps greiðir í dag húsaleigu á almennum markaði sem er um og yfir helmingur ráðstöfunartekna sem er með öllu óviðunandi.

13. gr.: Breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

- Lagt er til að reglur sveitarstjórna um sérstakan húsnæðisstuðning grundvallist á leiðbeiningum ráðherra um sérstakan húsnæðisstuðning auk þess sem ráðherra gefur út leiðbeiningar til sveitarstjórna um úthlutun á félagslegu húsnæði og um framkvæmd stuðnings.
  - ASÍ leggur áherslu á mikilvægi þess að í lögum sé skýrt kveðið á um skyldur sveitarfélaganna til að sinna félagslegu hlutverki við að tryggja húsnæðisöryggi íbúa sinna. Nauðsynlegt er að jafnræði sé með íbúum allra sveitarfélaga hvað þetta varðar og sveitarfélögum gert skylt að fylgja reglum og lágmarksviðmiðum m.a. varðandi fjárhæðir og framkvæmd stuðnings. Þá telur ASÍ grundvallaratriði að sveitarfélög geti ekki komið sér undan því að sinna félagslegu hlutverki sínu á húsnæðismarkaði, m.a. viðunandi framboð af félagslegu húsnæði og almennum íbúðum í eðlilegu hlutfalli við íbúðafjölda, og tryggja þurfi slíkt með skýrum hætti í lögum.

### **Frumvarp til laga um Menntasjóð námsmanna, 329. mál**

Ekki verður séð að tekið hafi verið tillit til athugasemda ASÍ við drög að frumvarpi um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna, sem birtist í Samráðsgátt í ágúst 2019. Því eru þær athugasemdir sem hér koma fram um Menntasjóð námsmanna endurtekning frá því í sumar.

Hlutverk Menntasjóðs námsmanna á að vera félagslegur jöfnunarsjóður sem veitir námsaðstoð í formi námsstyrkja og námslána. Markmið laganna er jafnframt að tryggja þeim sem falla undir lögina, tækifæri til náms án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti. Hér er um mikilvægt hagsmunamál að ræða fyrir þá einstaklinga er málið varðar, atvinnulífið og samfélagið allt og mikilvægt að vel takist til.

Með frumvarpinu er lagt til að fyrirkomulagi stuðnings við námsmenn verði breytt þannig að hætt verði að niðurgreiða vexti af námslánum og sett sú meginregla að lánþegar greiði lán sín upp fyrir 65 ára aldur til að koma í veg fyrir afföll af lánum vegna andláts lánþega. Þess í stað er lagt til að komið verði á beinu stuðningskerfi, annars vegar í formi niðurfellingar á 30% námslána að því tilskildu að lánþegi ljúki námi innan tilskilinna tímamarka og hins vegar með beinum styrkjum vegna framfærslu barna lánþega. Samhliða þessu verða vextir af námslánum breytilegir og tengdir markaðsvöxtum ríkissjóðs á hverjum tíma að viðbættu álagi sem standa á undir væntum afföllum af endurgreiðslu námslána. Þá muni endurgreiðsla námlána hefjast einu ári eftir náms-

lok í stað tveggja ára í gildandi lögum. Þá er í frumvarpinu lagt til að ráðherra hafi sérstaka heimild til ívilnana vegna endurgreiðslu námslána vegna náms í tilteknum námsgreinum og til lánþega sem búsettir eru í brothættum byggðum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Alþýðusambandið telur að margt í tillögum um breytingar á fyrirkomulagi stuðnings við námsmenn sé til bóta, s.s. aukinn stuðningur við barnafólk og upptaka samtímagreiðslna, en gerir athugasemdir við að lánakjör hins félagslega stuðningssjóðs, sem sjóðnum ber að vera, skuli markaðsvædd með þeim hætti sem lagt er til. Með breytingunum mun óvissa um kjör og endurgreiðslu-byrði námslána aukast til muna, bæði vegna beinnar tengingar vaxtakjara við markaðsvexti og heimildar sjóðsstjórnar að ákvarða vaxtaálag til að standa undir væntum afföllum sjóðsins. Þá telur ASÍ að við breytingar á stuðningi við námsmenn þurfi að tryggja að nýtt kerfi hafi nauðsynlegan sveigjanleika og styðji með fullnægjandi hætti við þær umbreytingar sem við blasa á vinnumarkaði á næstu árum og áratugum. Það er samfélagslegt verkefni að tryggja að launafólk hafi aðgengi og möguleika í gegnum menntakerfið til þess að mæta breyttum kröfum og aðstæðum á vinnumarkaði. Þetta er að mati ASÍ einn af lykilþáttunum til að tryggja að þær umbreytingar sem fram undan eru verði ekki til þess að ákveðnir hópar sitji eftir og ójöfnuður og stéttaskipting aukist í samfélaginu. Með því að skilyrða stuðning í formi niðurfellingar á hluta námsláns við fulla námsframvindu og takmarkaðan sveigjanleika kerfisins til að samræma vinnu og nám er horft framhjá mikilvægi þessa.

Í frumvarpinu er í veigamiklum atriðum gert ráð fyrir að sjóðsstjórn setji nánari reglur og skilyrði í úthlutunarreglum varðandi grundvallarþætti eins og framfærsluviðmið, vaxtaálag, endurgreiðslutíma og undanþágur frá reglum um námsframvindu svo eitthvað sé nefnt. Umhugsunarvert er að framkvæmd og virkni sjóðsins sem félagslegs jöfnunartækis til að stuðla að jafnrétti til náms geti í veigamiklum atriðum ráðist af þeim áherslum sem stjórn mótar hverju sinni án atbeina löggjafans.

Athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins:

IV. kafli. Umsókn, upplýsingagjöf og námsframvinda

Í 13. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimilt sé að veita undanþágu frá kröfum um námsframvindu vegna aðstæðna einstaklings. Nánar skal tilgreint um framkvæmd þessa í úthlutunarreglum og þar m.a. vísað til skilyrða um lágmarks örorku. Þessi undanþáguheimild er mjög óljós og sjóðsstjórn falið að skilgreina þær nánar í úthlutunarreglum. Mikilvægt er að stuðningskerfið komi til móts við ólíkar þarfir og aðstæður einstaklinga og styðji við þá á eigin forsendum. Í því samhengi má benda á niðurstöður samráðshóps um breytt framfærslukerfi almannatrygginga frá því í júní sl. þar sem m.a. er fjallað um


mikilvægi þess að einstaklingar með skerta starfsgetu hafi möguleika á að stunda nám sem hluta af endurhæfingu.

#### V. kafli. Fyrirkomulag námsstyrks

Í 14.gr. frumvarpsins er fjallað um að námsmaður sem lýkur prófgráðu innan tiltekins tímafrests ávinni sér rétt til námsstyrks í formi 30% niðurfærslu á höfuðstól námsláns að námi loknu. Leiðinni er ætlað að hvetja námsmenn til þess að ljúka námi innan tilskilinna tímamarka. Lfkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu eru fjárhagsáhyggjur námsmanna hér á landi meiri en víðast og ítrekað verið bent á að framfærsluviðmið námslána og tekju-skerðingarmörk séu of lág. Þetta ýtir undir að námsmenn sinni launavinnu samhliða námi og kann á sama tíma að verða til þess að námstími lengist. Þessi útfærsla þarf að vera sveigjanlegri og gæta þess að takmarka ekki ákveðna hópa frá því að hljóta námsstyrk.

Í 15. gr. er kveðið á um að námsmenn sem taka námslán og hafa börn á framfæri skuli fá styrk til framfærslu sem jafngildir einföldum barnalífeyri, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Stuðningur vegna framfærslu barna er þannig skilyrtur lántöku og námsframvindu. Framfærslustyrkur vegna barna kemur í stað sérstakra framfærslulána sem nú eru veitt vegna barna sem jafnar að verulegu leyti skuldastöðu námsmanna með og án barna að námi loknu eins og sjá má á mynd 1. ASÍ styður þessa breytingu heilshugar. ASÍ setur hins vegar spurningarmerki við það að námsmönnum sé mismunað hvað þetta varðar eftir því hvort þeir taka námslán eða ekki. Það að skilyrða styrk vegna framfærslu barna við lántöku kann sömuleiðis að verða hvati til lántöku óháð þörf.

**Samanburður á höfuðstól námslána eftir 3 ára nám - fullt námslán**  
2,5% verðbólga



## VI. kafli. Lánakjör, endurgreiðslur námslána, vanskil og fyrningarfrestur

Frumvarpið gerir ráð fyrir að námsmenn geti við námslok valið um að hafa námslán sín verðtryggt eða óverðtryggt sem er nýmæli. Þá verða vextir námslána breytilegir og byggja á vaxtakjörum sem ríkissjóði bjóðast á markaði að viðbættu föstu vaxtaálagi sem tekur mið af væntum afföllum af endurgreiðslu lána. Álag er ákveðið í úthlutunarreglum hvers árs. Fari vextir með álagi yfir 4% skal ráðherraskipuð nefnd gera tillögu til ráðherra um mögulegar breytingar. Hér er um viðamikla breytingu frá núverandi fyrirkomulagi að ræða sem mun auka áhættu og óvissu um kjör og endurgreiðslubyrði námslána verulega. Markaðskjör ríkissjóðs á hverjum tíma og afföll af lánum sjóðsins, s.s. vegna andláts eða vanskila annarra lánþega, munu þannig endurspeglast í vöxtum sjóðsins og námsmönnum gert að bera áhættuna að fullu. Fari verðtryggðir vextir yfir 4% og óverðtryggðir yfir 9% hefur ráðherra heimild til viðbragða en enga skyldu. Þannig er í reynd ekkert hámark á breytilegum vöxtum sjóðsins. ASÍ telur hér of langt gengið í að velta markaðsáhættu yfir á lánþega sem gengur gegn félagslegu jöfnunarhlutverki stuðningssjóðsins.

Reglum um endurgreiðslu námslána er breytt með þeim hætti að þeim sem náð hafa 35 ára aldri við námslok er gert að endurgreiða lán innan tilskilinna tímamarka sem háð eru lánsfjárhæð en þó þannig að lán skal ávallt vera að fullu greitt við 65 ára aldur. Námsmenn sem ljúka námi fyrir 36 ára aldur geta áfram valið að endurgreiða námslán með tekjutengdri endurgreiðslu sem nemur mánaðarlega 0,3125% af árlegum tekjustofni lánþega, eða sem jafngildir 3,75% af tekjustofni ársins líkt og nú er.

Tafla 1: Endurgreiðsubyrði námslána sem hlutfall af tekjum - Fullt námslán í 3 ár - Verðtryggt - 1,5% vextir

Tekjur á mánuði	Einhleypur í foreldrahúsum	Einhleypur barnlaus	Einhleypur - 1 barn	Einhleypur - 2 börn	Sambúð - 1 barn	Sambúð - 2 börn
400.000	5,8%	7,6%	7,5%	7,5%	7,1%	7,3%
500.000	4,7%	6,1%	6,0%	6,0%	5,7%	5,8%
600.000	3,9%	5,1%	5,0%	5,0%	4,7%	4,9%
700.000	3,3%	4,4%	4,3%	4,3%	4,0%	4,2%
800.000	2,9%	3,8%	3,8%	3,8%	3,5%	3,6%
1.000.000	2,3%	3,1%	3,0%	3,0%	2,8%	2,9%

Tafla 2: Endurgreiðsubyrði námslána sem hlutfall af tekjum - Fullt námslán í 3 ár - Verðtryggt - 3,5% vextir

Tekjur á mánuði	Einhleypur í foreldrahúsum	Einhleypur barnlaus	Einhleypur - 1 barn	Einhleypur - 2 börn	Sambúð - 1 barn	Sambúð - 2 börn
400.000	6,7%	9,4%	9,6%	9,4%	8,7%	9,0%
500.000	5,3%	7,5%	7,7%	7,5%	7,0%	7,2%
600.000	4,5%	6,3%	6,4%	6,3%	5,8%	6,0%
700.000	3,8%	5,4%	5,5%	5,4%	5,0%	5,1%
800.000	3,3%	4,7%	4,8%	4,7%	4,4%	4,5%
1.000.000	2,7%	3,8%	3,8%	3,8%	3,5%	3,6%


Áhrif breytinga á reglum um endurgreiðslu námslána á endurgreiðslubyrði einstaklinga eru nokkuð ólík eftir lánþegahópum, tekjum og aldri lánþega, auk þess sem vaxtakjör á lánstímanum ráða miklu um hina endanlegu end-



urgreiðslubyrði. Skilyrðislaus endurgreiðsla námslána innan tiltekinna tíma-  
marka óháð tekjum lánþega getur hækkað greiðslubyrði verulega frá því sem  
nú er, bæði vegna takmarkaðs lánstíma og áhrifa af breytilegum vöxtum.  
Hætta er á að þetta takmarki möguleika ákveðinna hópa til að sækja sér aukna  
menntun á starfsævinni, dragi úr jöfnuði og jafnrétti til náms. Endurgreiðsla  
sem háð er lántökufjárhæð námslána sem fjallað er um í 21. gr. frumvarpsins  
mun auk þess verða til þess að endurgreiðslubyrði verður í öfugu hlutfalli við  
tekjur og mun í reynd lækka hjá þeim tekjuhærri frá því sem nú er.

ASÍ telur grundvallaratriði að öllum lánþegum standi til boða tekjutengd  
afborgun námslána enda skili sú leið auknum jöfnuði ráðstöfunartekna. Í töfl-  
um 1 og 2 má sjá endurgreiðsluhlutfall námsláns í nýju kerfi sem hlutfall af  
tekjum hjá einstaklingi sem tekur fullt námslán í 3 ár skv. gildandi úthlutunar-  
reglum m.v. verðtryggt lán, annars vegar þegar vextir eru 1,5% og hins vegar  
3,5%. Séu tekjur undir 800.000 er greiðubyrði m.v. þessar forsendur í öllum  
tilvikum hærra hlutfall tekna en nú er.


**Mánaðartekjur sem þarf til að greiðslubyrði sé óbreytt hlutfall tekna  
(3,75% á ársgrundvelli) m.v. endurgreiðslutíma í samræmi við lánsfjárhæð**  
Verðtryggt lán - 1,5% vextir



Til að bera saman greiðslubyrði sem hlutfall af tekjum í nýju og núverandi  
námslánakerfi má einnig skoða hversu háar tekjur námsmaður þarf að hafa til  
þess að greiðslubyrði í nýja námslánakerfinu sé sambærileg og í núverandi  
kerfi – þ.e. 3,75% af tekjum ársins. Á myndum 2 og 3 má sjá hvað einstakling-  
ur þarf að hafa í tekjur til að greiðslubyrði í nýju kerfi sé óbreytt hlutfall tekna  
m.v. að tekið sé fullt námslán fyrir 3 ár, lán verðtryggt og endurgreiðsla í  
samræmi við lánsfjárhæð. Séu vextir 1,5% þarf einhleypur einstaklingur í  
eigin eða leiguhúsnaði t.a.m. að hafa ríflega 810.000 krónur í tekjur á mánuði  
til þess að greiðslubyrði sé ekki meiri en 3,75% af tekjum líkt og í núverandi  
kerfi. Séu tekjurnar lægri verður greiðslubyrðin hlutfallslega þyngri. Hækki

**Mánaðartekjur sem þarf til að greiðslubyrði sé óbreytt hlutfall tekna (3,75% á ársgrundvelli) m.v. endurgreiðslutíma í samræmi við lánsfjárhæð**

Verðtryggt lán - 3,5% vextir



vextir í 3,5% þarf þessi sami einstaklingur að hafa ríflega 1.000.000 kr. í tekjur á mánuði miðað við sömu forsendur til þess að greiðslubyrði verði óbreytt hlutfall tekna frá því sem nú er (3,75%).

Í 25. gr. er fjallað um endurgreiðslur ofgreiddra fjárhæða og þar gert ráð fyrir að námsmönnum sem ekki uppfylla skilyrði um námsframvindu beri að endurgreiða námslán með verðbótum með staðgreiðslu, skuldajöfnun á námsláni næsta misseris eða með útgáfu skuldabréfs til að hámarki 18 mánaða. Vextir af þeim skuldabréfum skulu vera í samræmi við almenna vexti Seðlabankans af óverðtrygðum lánnum en ekki er gert ráð fyrir neinum fyrirvara um hámark vaxta af þessum bréfum. Hætta er á að of þyngjandi ákvæði um vexti og endurgreiðslu hvað þetta varðar kunni að vinda upp á sig og hafa áhrif á möguleika viðkomandi til að halda áfram og ljúka námi.

#### VII. kafli. Sértekar aðgerðir

Í 28. og 29. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði sem heimila ráðherra að ákveða sérstaka tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána vegna tiltekinna námsgreina annars vegar og búsetu lánþega í brothættum byggðum hins vegar. Hér er um nýmæli að ræða sem ætlað er að styðja við byggðarþróun og bregðast við skorti á starfsfólki í tilteknum störfum. Mikilvægt er að umræddar ívilnunarheimildir byggji á greinargóðum vel skilgreindum mælikvörðum hverju sinni og verði ekki þyngjandi fyrir kjarnastarfsemi sjóðsins og leiði t.a.m. til hækkunar á vaxtaálagi og þar með vaxtakjörum allra lánþega.

#### **Frumvarp til laga um vernd uppljóstrara, 362. mál**

Alþýðusamband Íslands fékk drög að þessu frumvarpi til umsagnar fyrir á þessu ári. Gerðar voru athugasemdir við tiltekna þætti þess og sem tillit að hluta hefur verið tekið til. ASÍ styður mjög eindregið að frumvarp þetta verði

að lögum sem fyrst og í heild er ASÍ sátt við efni þess en vill gera eftirfarandi athugasemdir.

Gildissvið skv. 1. gr. er tvívítt, þ.e. annars vegar á það við um starfsmenn og hins vegar um vinnuveitendur. Í samræmi við athugasemdir ASÍ hafa bæði hugtökin nú verið skýrð og nokkur vafi tekinn af í greinargerð. Hugtakið „starfsmaður“ getur nú tekið til bæði sjálfstæðra verktaka og starfsmanna í óhefðbundnum ráðningarsamböndum og hugtakið „vinnuveitandi“ til verkkaupa. Í greinargerð með 1. gr. segir um sjálfstæða verktaka: „Ítreka ber að verktökum er líkt og öðrum sem frumvarpið tekur til almennt óheimilt að viðhafa ytri uppljóstrun áður en innri uppljóstrun er reynd til þrautar, en í því felst að verktaki þyrfti fyrst að vekja athygli verksala á þeirri háttsemi sem um ræðir áður en upplýsingum um hana er miðlað út fyrir vinnustaðinn.“ Hér er að öllum líkindum um hugtakabrengr eða ritvillu að ræða en skylda verktaka hvað innri uppljóstrun varðar lýtur að því að vekja athygli þess sem kaupir af honum þjónustu á þeirri háttsemi sem um ræðir, þ.e. verkkaupa, líkt og skylda starfsmanns lýtur að því að upplýsa innávið til þess aðila sem hann vinnur hjá.

Hugtakið „góð trú“ er notað í 1., 2., 3. og 4. gr. Leitast er við að skýra þetta hugtak í greinargerð með 1. gr. Þar segir: „Í kröfunni um góða trú felst í meginatriðum að starfsmaðurinn hafi haft góða ástæðu til að telja þær upplýsingar sem hann miðlaði sannar, en jafnframt að hann hafi talið í þágu almennings að miðla þeim og að hann ætti ekki annan kost til að reyna að koma í veg fyrir umrædda háttsemi.“ Með öðrum orðum lýtur hugtakið að sannleiksgildi þess sem miðlað er, að því að upplýsingarnar eigi erindi til almennings og að uppljóstrarinn hafi ekki átt annars úrkosta vöð en að miðla þeim til þess að hindra hina ámælisverðu háttsemi.

Í kafla 2.2 í greinargerð þar sem fjallað er um alþjóðlega þróun segir hins vegar um góða trú: „Hvort starfsmaðurinn hafi aðhafst í góðri trú. Hvatirnar að baki uppljóstruninni skipta máli. Háttsemi sem drifin er áfram af persónulegri óvild eða fjandskap, eða væntingum um persónulegan ávinning, verðskuldar ekki sérstaklega ríka vernd. Mikilvægt er að starfsmaðurinn hafi aðhafst í góðri trú þegar hann miðlaði upplýsingunum og talið þær vera sannar, það væri í þágu almennings að miðla þeim og að hann ætti engan annan kost, með meiri leynd, til að koma í veg fyrir hina brotlegu háttsemi.“

Greinargerðin með 1. gr. vísar ekki lengur til hins almenna hluta en notkun þessa hugtaks og skilgreining þess í almennum kafla um alþjóðlega þróun, með vísan til hvata getur skapað réttaróvissu. Hún felst í því, að samkvæmt greinargerðinni í heild virðist sem svo, að einstaklingur sem „drifinn er áfram af persónulegri óvild eða fjandskap, eða væntingum um persónulegan ávinning, verðskuld[er] ekki sérstaklega ríka vernd“ og njóti ekki verndar laganna

jafnvel þó svo að hann miðli sönnum upplýsingum eða gögnum sem varðað geti vinnuveitanda hans refsíabyrgð eða sem rétt er að miðla vegna brýnna almannahagsmuna. Þessi óvissa getur hindrað samfélagslega nauðsynlega uppljóstrun.

Einnig ber að hafa í huga, að verði litið svo á að hvatir skipti máli við mat á rétti starfsmanna til verndar, verður jafnframt að líta í því samhengi til 2. mgr. 2. gr. sem leggur skyldu á starfsmenn ríkis og sveitarfélaga til uppljóstrunar. Þeirri skyldu er þeim ómögulegt að sinna eigi þeir vernd og refsileysi undir því að geta sannað að þeim sé ekki í nöp við vinnuveitanda sinn. Einnig er augljóst, að hugtakið „góð trú“, ef það er tengt hvötum, á ekki erindi inn í 3. gr. um ytri uppljóstrun en óvild og fjandskapur kann að koma til einmitt vegna þess að í engu hefur verið brugðist við innri uppljóstrun.

Almennt má einnig segja í þessu sambandi, að ákvæði sem beinlínis heimilar og hvetur þann sem ljóstrað er upp um til þess að halda því fram að uppljóstrarinn kunni að hafa verið drifinn áfram af óvild eða fjandskap, muni óhjákvæmilega leiða til þess að draga kjark úr starfsmönnum til þess að ljóstra upp um refsivert athæfi eða miðla upplýsingum sem varða almenning miklu en sem haldið er leyndum án tilefnis.

Nauðsynlegt verður því að telja, að ef nota á hugtakið „góð trú“ í lagatexta, þurfi að skilgreina það óháð hvötum og tengja það einungis við hvað uppljóstrarinn vissi eða mátti vita um áreiðanleika þeirra upplýsinga eða gagna sem hann miðlar.

Að lokum vekur ASÍ athygli á gildistöku laganna en þeim er ætlað að taka gildi 1.1 2021. Í ljósi atburða síðustu vikna er varða uppljóstrun um starfsemi Samherja telur ASÍ brýnt að gildistaka laganna verði færð fram þ.a. lögin veiti vernd a.m.k. frá því fyrstu drög frumvarpsins voru sett í samráð, þ.e. frá mars 2019. Þar sem um ívilnandi afturvirkni væri að ræða, er hún heimil þó óvenjuleg kunni að virðast.

### **Frumvarp til laga leigubifreiðaaksturs, 421. mál**

Ekki var óskað sérstakrar umsagnar ASÍ um þingmál þetta en umsögn engu að síður veitt.

Eins og fram kemur í greinargerð er frumvarpinu í kjölfar frumkvæðisathugunar ESA ætlað að bregðast við því sem talin eru fyrirsjáanleg og endanleg viðbrögð ESA vegna núgildandi fyrirkomulags hér á landi. Í því efni er litið til niðurstaðna ESA í máli Noregs en norska ríkið tilkynnti ESA í desember 2017 að það hefði í hyggju að breyta löggjöf sinni í þá átt að afnema fjöldatakmarkanir og stöðvarskyldu. Við breytingarnar yrði leitað leiða til að tryggja öryggi farþega og nægjanlegt framboð farþegaflutningaþjónustu innan sveitarfélaga. Ekki kemur fram í greinargerð með því frumvarpi sem til

umsagnar er hvernig hin nýja norska löggjöf muni líta út. ASÍ telur bæði rétt og skynsamlegt að bíða þeirrar niðurstöðu og endanlegrar niðurstöðu ESA. Engir sérstakir hagsmunir, kærur eða málshöfðanir reka á eftir íslenska ríkinu í þessu efni.

Athugasemdir ESA gagnvart Noregi voru í aðalatriðum eftirfarandi. Í fyrsta lagi taldi ESA ólögmæta takmörkun felast í fyrirfram ákveðnum fjölda atvinnuleyfa til leigubifreiðaaaksturs. Í öðru lagi taldi stofnunin ólögmæta takmörkun felast í því að reglur um úthlutun leyfa væru ekki fyrirsjáanlegar, hlutlægar og lausar við mismunun. Úthlutun leyfa þar í landi byggist á forgangsreglum byggðum á starfsreynslu og mati stjórnvalda þegar forgangsreglum sleppir. Í þriðja lagi gerði stofnunin athugasemd við það að sumir leyfishafar væru skyldaðir til að hafa afgreiðslu á leigubifreiðastöð.

Hvað athugasemdir þessar varðar skal í fyrsta lagi tekið fram, að athugasemdir ESA fela ekki í sér endanlega niðurstöðu um samræmi landsréttar og EES-réttar. Það er hlutverk EFTA-dómstólsins sem ekki hefur verið gert að láta uppi álit sitt. Viðbrögð sem einungis er ætlað að mæta kröfum ESA geta því bæði verið röng og ómarkviss. Sem dæmi má nefna að á undanförunum árum hafa verið gerðar róttækar breytingar á íslenskri löggjöf til verndar íslenskum vinnumarkaði og launafólki. Þær hafa m.a. lotið að aukinni skráningu, auknu eftirliti og skyldum þeirra sem vilja nýta sér frelsi EES-svæðisins og varða virðingu fyrir launasetningu og lágmarkslaunum í landinu. Þar hafa hagsmunir íslensks vinnumarkaðar og vinnumarkaðsmódelis verið látnir ráða í stað þess að fylgja í blindni fyrirfram ætluðum viðbrögðum ESA. Samhliða hafa þessar breytingar, sem margar gætu hugsanlega falið í sér tæknilegar hindranir í skilningi EES-réttar hvað varðar atvinnu-, búsetu- og staðfesturétt, aukið vernd erlends launafólks sem hingað leitar samhliða því að verja íslenskan vinnumarkað og íslenskt launafólk.

Í öðru lagi er hægt með umfangsminni breytingum að mæta athugasemdum ESA við norska löggjöf hér á landi með því að styrkja þær forsendur sem ráða fyrirfram ákveðnum fjölda atvinnuleyfa, gera það ferlið opnara, taka tillit til fleiri þátta og koma í veg fyrir hugsanlega og ómálefnalega mismunun. Sömu sjónarmið eiga við um úthlutun leyfa. Af greinargerð með frumvarpinu er ekki hægt að ráða að hverju athugasemd ESA laut hvað varðar skyldu til afgreiðslu af leigubifreiðastöð. Í því efni ber að sjálfsögðu, eins og í öðrum efnum, að uppræta ómálefnalega mismunun, sé hún til staðar.

Til þess að réttlæta þær breytingar sem nú eru fyrirhugaðar hefði verið rökrétt að vísa til niðurstæðna innan Evrópusambandsins (ESB) og draga ályktanir af dómum Evrópudómstólsins um sama efni. Það er ekki gert enda forðæmum ekki til að dreifa. Hins vegar segir í greinargerð með frumvarpinu að „... af dómaframkvæmd Evrópudómstólsins er hægt að draga þá ályktun að

aðildarríki geti ekki haft í lögum ákvæði sem útiloki beitingu stofnsetningar-  
réttar þó að í þeim felist engin mismunun nema góð efnisrök séu fyrir slíkri  
ráðstöfun.“ Á sama hátt er hægt að draga þá ályktun af dómsframkvæmd  
dómstólsins að aðildarríkjunum sé einmitt heimilt að skilyrða stofnsetningar-  
réttinn með ýmsum hætti án þess að í því felist mismunun ef það er gert á  
málefnalegan hátt og ef ekki felst í því bein eða óbein mismunun í skilningi  
Evrópuréttarins.

Þá ber að hafa í huga að samspil íslenskra laga og EES-réttar er í grund-  
vallaratriðum ólíkt samspili ESB-réttar og landsréttar aðildarríkja ESB. Bæði  
Hæstiréttur Noregs og Hæstiréttur Íslands hafa áskilið Noregi og Íslandi meira  
svigrúm við innleiðingu EES-réttar en aðildarríki ESB hafa.

Í Hrd. 10/2013 segir: „Í 3. gr. laga nr. 2/1993 er mælt á þann veg að skýra  
skuli lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-  
samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Eins og greinir í dómi Hæsta-  
réttar 9. desember 2010 í máli nr. 79/2010 tekur lögskýring samkvæmt 3. gr.  
laga nr. 2/1993 eðli máls samkvæmt til þess að orðum í íslenskum lögum  
verður svo sem framast er unnt gefin merking sem rúmast innan þeirra og næst  
kemst því að svara til sameiginlegra reglna sem gilda eiga á Evrópska efna-  
hagssvæðinu. Slík lögskýring getur á hinn bóginn ekki leitt til þess að litið  
verði fram hjá orðum íslenskra laga eins og í dómnum segir.“ Þetta þýðir  
einfaldlega að EES-reglur hafa ekki forgangsáhrif í íslenskum rétti og sem um  
leið þýðir að Ísland áskilur sér og hefur meira svigrúm við innleiðingu EES-  
réttar en aðildarríki ESB hafa.

Hæstiréttur Noregs hefur tekið svipaða afstöðu. Í máli frá árinu 2000,  
HR-2000-49-B var fjallað um skaðabótareglur norskra umferðarlaga sem tal-  
dar voru af EFTA-dómstólnum í ráðgefandi áliti, að hluta andstæðar EES-rétti  
og tilteknum þremur tilskipunum ESB sem Noregur taldi sig hafa innleitt. Í  
niðurstöðu sinni segir Hæstiréttur Noregs: „... i norsk rett gjelder et såkalt  
presumsjonsprinsipp, hvorefter en lov så vidt mulig skal tolkes i samsvar med  
våre folkerettslige forpliktelser, og dermed i samsvar med de tre EØS-direkti-  
vene. I dette tilfelle hadde man å gjøre med en bestemmelse som vanskelig  
kunne forstås på flere måter. Dersom den skulle settes til side, ville man være  
utenfor det som med rimelighet kunne anses som en tolkning av bestemmel-  
sen, og dette ville nærmest innebære at de ikke gjennomførte direktivene ble  
gitt direkte virkning med forrang fremfor formell lov. Det ville bli problem-  
atisk for private rettssubjekter om de ikke skulle kunne innrette seg etter  
gjeldende norsk lov...“ Hér er niðurstaðan sú hin sama og Hæstaréttar Íslands,  
þ.e. að EES-réttur hefur ekki forgangsáhrif í landsrétti.

Þetta samband EES-réttar og landsréttar er gerólfkt sambandi ESB-réttar  
og landsréttar og þá þeim reglum sem Danmörk, Svíþjóð og Finnland búa við

sem aðildarríki ESB. Það þýðir að svigrúm Íslands og Noregs til þess að haga reglum um akstur leigubifreiða með öðrum hætti en gert er innan ESB kann að vera talsvert meira og langt í frá öruggt að álit ESA gagnvart Noregi og frumkvæðisathugun gagnvart Íslandi muni að lokum leiða til þess að löggjöf EES-ríkjanna þurfi óhjákvæmilega að fylgja löggjöf Evrópusambandsins.

Í umsögn Bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra og Bifreiðastjórafélagsins Frama er bent á þá þróun sem verið hefur í Danmörku og Finnlandi en Danmörk fékk undanþágu við gerð lagabreytinga til þess að halda stöðvaskyldu og takmarka leyfajöldann með þrepaskiptri úthlutun nýrra leyfa. Hvað Finnland varðar er bent á að afnám fjöldatakmörkana, stöðvaskyldu og skráningareglna sé til endurskoðunar auk þess sem breytingarnar hafi ekki leitt til lægra verðs og betri þjónustu. Það gengur þvert á þá trúarsetningu sem sett er fram í greinargerð með því frumvarpi sem til umsagnar er þar sem segir: „Almennt er litið svo á að þar sem framboð og eftirspurn fá að ráða verði á markaði sé neytendum tryggt sanngjarnast verð fyrir þjónustuna. Með fjöldatakmörkunum leigubifreiðaleyfa á takmörkunarsvæðum ráða önnur sjónarmið framboði en eftirspurn og má leiða að því líkur að bæði magn og verð þjónustu sé annað en það væri fengi eftirspurnin að ráða. Breytingar á regluverki um leigubifreiðar í frjálslyndisátt eru því líklegar til að vera til hagsbóta fyrir samfélagið allt. Með því að opna fyrirkomulag leyfisveitinga má sjá fyrir sér að aðgangur að leigubifreiðum aukist. Samhliða fjölgun leyfa eykst samkeppni á markaðnum og þjónustan verður því hagkvæmari og lagar sig frekar að kröfum neytendanna.“ Þessi ályktun er andstæð reynslu Finna og órökstudd.

Það er því álit ASÍ, að sú rýmkun sem frumvarpið felur í sér sé hvorki nægilega vel undirbúin eða rökstudd og að rétt sé að hinkra með breytingar í þá veru sem frumvarpið boðar og horfa til þeirra breytinga sem eru að verða í þessu efni og horfa þá sérstaklega til Norðurlandanna. Loks er athygli vakin á því að 1. janúar sl. tók ný löggjöf gildi í Kaliforníu, þar sem verulegar breytingar eru gerðar á starfsumhverfi bifreiðastjóra hjá fjarveitum og horfið frá fyrri breytingum sem sagðar voru gerðar á sínum tíma í „frjálsræðisátt“ en sem leiddi aukna fátækt og réttleysi yfir leigubifreiðastjóra. Loks er tekið undir umsögn Blindrafélagsins hvað varðar nauðsyn þess að tryggja þjónustu leigubifreiða allan sólarhringinn og utan mesta annatíma.

Að lokum er rétt að taka fram, að það er álit ASÍ að rétt sé af Alþingi að huga að bættari réttarstöðu þeirra bifreiðastjóra sem í dag keyra á móti stöðvarleyfishöfum gegn hlutfalli af innkomu. Þeir eru skilgreindir sem sjálfstæðir verktakar án þess að uppfylla helstu grunnskilyrði til þess að skilgreinast sem slíkir. Raunveruleg staða þeirra er fyllilega sambærileg við stöðu launafólks og réttarstaða þeirra ætti að vera sambærileg hvað varðar grunnréttindi eins og

veikinda-, orlofs-, uppsagnar-, lífeyris- og tryggingarétt. Breytingar í þá veru er hægt að gera án þess að bylta núverandi reglum um skipulag á þjónustu leigubifreiða.

### **Frumvarp til laga um skaðabótalög (launaþróun og gjafsókn),**

#### **430. mál**

Alþýðusamband Íslands styður eindregið þau sjónarmið sem frumvarp þetta er byggt á hvað varðar vísitöluvíðmiðun skaðabótalaga og telur frumvarpið stuðla að því meginmarkmiði skaðabótalaga að tjónpolar verði eins settir og þeir voru fyrir tjón.

Hvað varðar skilyrðislausu gjafsókn vegna líkamstjóna þá telur ASÍ rétt, að heimildir til gjafsóknar fyrir efnaminni einstaklinga þurfi að rýmka verulega, hvort sem um skaðabótamál sé að ræða eða ekki. ASÍ telur hins vegar að ekki sé ráðlegt að falla alfarið frá skilyrðum 1. mgr. 126. gr. einkamálalaga en það geti stuðlað að tilefnislausum málaferlum og hamlað samkomulags uppgjörum og sáttum innan og utan réttar.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar,**

#### **nr. 100/2007 (hálfur lífeyrir), 437. mál**

Samkvæmt núgildandi lögnum er hálfur ellilífeyrir almannatrygginga undanþeginn öllum tekjuskerðingum og greiðist því óskertur óháð öðrum tekjum s.s. lífeyrissjóðstekjum, atvinnutekjum, fjármagnstekjum eða tekjum úr séreignarsjóðum. Heimildin er hins vegar háð þeim skilyrðum að samanlagður áunninn réttur til ellilífeyris frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum sé jafnhár fullum ellilífeyri almannatrygginga sem nú er 248.105 kr. á mánuði. Miðað við núgildandi framkvæmd TR þarf einstaklingur því að eiga að lágmarki full réttindi í lífeyrissjóði sem nema 248.105 krónum á mánuði, sé hálfur lífeyrir tekinn frá 67 ára aldri. Þessi framkvæmd útilokar allflest almennt launafólk frá þeim möguleika að taka hálfan lífeyri almannatrygginga og þýðir í reynd að einungis tekjuhærri einstaklingar hafa tök á að draga úr vinnu og fá óskertan hálfan ellilífeyri almannatrygginga. ASÍ hefur þess vegna ítrekað mótmælt ofangreindri framkvæmd laganna og talið brýnt að gerðar yrðu breytingar sem auka möguleika almenns launafólks til að nýta sér hálfan lífeyri til sveigjanlegra starfsloka.

Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu snúa að því að skilyrða töku á hálfum ellilífeyri við þátttöku á vinnumarkaði, fallið verði frá skilyrði um að samanlagður lífeyrir frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum nemi að lágmarki fullum ellilífeyri almannatrygginga og að tekin verði upp tekjutenging á hálfan ellilífeyri.



Athugasemdir ASÍ við einstaka þætti:

1. gr.

c- og d-liður: Heimild til töku á hálfum ellilífeyri almannatrygginga er bundin því skilyrði að sótt hafi verið um hálfan lífeyri hjá skyldbundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum. Það á þó einungis við um þá lífeyrissjóði sem heimila greiðslu lífeyris að hluta.

Í frumvarpinu er þannig gert ráð fyrir að sjóðfélagar sem eiga réttindi í sjóðum sem ekki heimila töku á hálfum lífeyri geti samt sem áður fengið hálfan ellilífeyri almannatrygginga. Engin skilyrði eru í lífeyrissjóðalögunum (nr.129/1997) um að lífeyrissjóðir skuli heimila töku á hálfum lífeyri. Í greinargerð frumvarpsins er vísað til þess að þetta ákvæði eigi helst við um þá sem eiga réttindi í sjóðum erlendis sem ekki bjóða hálfan lífeyri. Ákvæðið útilokar þó ekki að lífeyrissjóðir hér á landi velji að heimila ekki töku á hálfum lífeyri og þannig komast sjóðfélagar þeirra hjá skilyrði um að taka hálfan lífeyri úr lífeyrissjóði samhliða hálfum lífeyri almannatrygginga og þar með þeirri tekjuskærðingu sem því fylgir.

e-liður: Heimild til töku á hálfum ellilífeyri almannatrygginga samhliða töku á hálfum lífeyri frá lífeyrissjóðum verður bundin því skilyrði að umsækjandi sé enn á vinnumarkaði, þó ekki í meira en hálfu starfi.

Í núgildandi lögum eru engin skilyrði sett varðandi atvinnuþátttöku þeirra sem hefja töku á hálfum lífeyri. Nú er hins vegar fyrirhugað að setja ákvæði þess efnis að einstaklingur sem hefur töku á hálfum lífeyri almannatrygginga skuli vera á vinnumarkaði þó ekki meira en í hálfu starfi. Ekki eru sett skilyrði um lágmarkshlutfall en skv. greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að TR meti í hverju tilviki hvort skilyrði um starfssamband og starfshlutfall sé fullnægt. Ekki er þó að finna ákvæði í frumvarpinu sem kveður á um með hvaða hætti TR skuli hafa eftirlit með þessu skilyrði.

ASÍ telur tilgang þessa ákvæðis óljósan og þau skilyrði sem sett eru um ráðningarsamband og starfshlutfall sömuleiðis. Þá eru heimildir og leiðir Tryggingastofnunar til eftirfylgni með ákvæðinu óskýrar. Ætla má að mjög erfitt verði að fylgja ákvæðinu eftir, starfshlutfall einstaklinga er t.a.m. óskráð í opinberum gögnum og getur tekið breytingum eftir að taka lífeyris er hafin og óljóst hvernig eftirliti með því verður háttað. Þá útilokar ákvæðið alla þá sem geta dregið úr vinnu en eru í meira en 50% starfi frá því að geta tekið hálfan lífeyri. Hafi einstaklingur t.d. tök á að fá 55% eða 60% starf fellur hann utan ákvæðisins og getur þá ekki nýtt hálfan ellilífeyri til sveigjanlegra starfsloka.

f-liður: Fallið er frá skilyrði um að samanlagður lífeyrir frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum nemi að lágmarki fullum ellilífeyri almannatrygginga.

ASÍ hefur gagnrýnt harðlega túlkun á ákvæði 5. mgr. 17. gr. laga um

almannatryggingar þess efnis að skilyrði fyrir greiðslu á hálfum lífeyri sé að samanlagðar tekjur af hálfum lífeyri frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum séu jafn háar fullum ellilífeyri (248.105 kr./mánuði) sem jafnframt er lágmarksframfærsla ellilífeyrisþega á fullum lífeyri. Þetta útilokar stærstan hluta almenns launafólks frá því að geta nýtt sér úrræðið þar sem réttindi þeirra í lífeyrissjóði duga ekki til að uppfylla skilyrðið. Úrræðið nýtist þannig að óbreyttu fyrst og fremst til að auka sveigjanleika í starfslokum tekjuhærri einstaklinga.

ASÍ fagnar því breytingunni sem fellir brott ofangreind skilyrði um lágmarksréttindi og eykur möguleika almenns launafólks til að nýta sér hálfan lífeyri til sveigjanlegra starfsloka til muna.

2 gr.

b-liður: Tekin er upp tekjutenging á hálfum ellilífeyri almannatrygginga þannig að tekjur (lífeyrissjóðstekjur, atvinnutekjur og fjármagnstekjur) umfram 325.000 kr. frítekjumark á mánuði skerða hálfan lífeyri almannatrygginga um 45%.

Í núgildandi lögum er hálfur lífeyrir undanþeginn öllum tekjutengingum þannig að einstaklingur sem á rétt á hálfum lífeyri getur fengið óskertan hálfan ellilífeyri almannatrygginga samhliða ótakmörkuðum öðrum tekjum s.s. lífeyrissjóðstekjum, atvinnutekjum, fjármagnstekjum eða tekjum úr séreignarsjóðum. Þessi rúma heimild þýðir að einstaklingar sem vegna hárra tekna eiga ekki rétt á neinum greiðslum úr almannatryggingum sé tekinn fullur ellilífeyrir, geta fengið óskertan hálfan ellilífeyri almannatrygginga og frestað hinum helmingnum til allt að 80 ára aldurs. Í frumvarpinu er lögð til breyting á þessu og lagt til að tekin verði upp tekjutenging á hálfum ellilífeyri almannatrygginga þannig að allar tekjur (lífeyrissjóðstekjur, atvinnutekjur og fjármagnstekjur) umfram 325.000 kr. frítekjumark á mánuði skerði hálfan lífeyri almannatrygginga um almennt skerðingarhlutfall ellilífeyris, 45%. Breytingin þýðir að hafi einstaklingur samanlagðar aðrar tekjur (hálfur lífeyrir frá lífeyrissjóði, atvinnutekjur og fjármagnstekjur), sem eru umfram 600.673 kr. á mánuði, fellur réttur til greiðslu á hálfum lífeyri almannatrygginga brott.

ASÍ telur almennt að tekjutengingar milli lífeyris úr samtryggingarlífeyrissjóðum og almannatrygginga séu óhóflega miklar sem dregur mjög úr hvata til lífeyrissparnaðar og veikir tiltrú á lífeyrissjóðakerfið. ASÍ telur því nauðsynlegt að dregið verði úr tekjutengingum milli almannatrygginga og lífeyris úr samtryggingarhluta lífeyriskerfisins t.a.m. með lækkun á almennu skerðingarhlutfalli ellilífeyris úr 45% í 30%. Þannig megi tryggja launafólki aukinn ávinning af þeim lífeyrissparnaði sem það hefur safnað á starfsævinni og stuðla að nauðsynlegri sátt um lífeyriskerfið.

### **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (staðgreiðsla, álagning o.fl.), 450. mál**

Í c-lið 12. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að 3. mgr. 116. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 verði fellt brott. ASÍ vekur athygli Alþingis á því, að ef ákvæði laganna um staðgreiðslu nr. 45/1987 veita næga tryggingu hvað varðar ábyrgð og innheimtu skatta erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra, eins og segir í greinargerð frumvarpsins, er breytingin þarfalaus. Breytingin er hins vegar rökstudd í greinargerðinni þannig að c. liður 116. gr. geti hindrað frjálsa för, leitt til mismununar og latt atvinnurekendur til þess að ráða erlenda ríkisborgara. Þetta er fullyrt þrátt fyrir að sömu skyldur á atvinnurekendur séu í öðrum lögum. Þessi rökstuðningur einn og sér kallar því á frekari skýringar. Jafnframt bendir ASÍ á að engar vísbendingar eru til staðar um að skattalög hindri ráðningu erlends vinnuafls. Þvert á móti hefur erlendu launafólki hér á landi fjölgað sem aldrei fyrir á undanförunum árum. ASÍ bendir einnig á að ákvæði c-liðar 116. gr. tekur til allra erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra meðan lögin um EES nr. 2/1993 taka einungis til ríkisborgara á EES-svæðinu. Miðað við rökstuðning þann í greinargerð sem áður er vísað til getur því staða ríkissjóðs orðið verri gagnvart innheimtu skatta af launafólki utan EES og vegna ríkisfangslausra. Loks vekur ASÍ athygli á að Ísland er ekki undir neinum skuldbindingum til þess að liðka fyrir ráðningu erlends vinnuafls utan EES eða liðka fyrir ráðningu ríkisfangslausra.

Í 14. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um breytingu á 6. tölul. 5 gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 þess efnis að þeim aðilum sem bera takmarkaða skattskyldu á Íslandi verði veitt undanþága frá staðgreiðslu af söluhagnaði af íslenskum hlutabréfum og stofnbréfum. ASÍ telur að ekki séu færð efnisleg rök fyrir því að meðhöndla söluhagnað aðila með öðrum hætti en launatekjur og ekki liggur fyrir hvaða áhættu slík breyting kann að hafa í för með sér fyrir innheimtuöryggi skatttekna af umræddum skattstofni.

### **Frumvarp til laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum hjá æðstu handhöfum framkvæmdarvalds í Stjórnarráði Íslands, 523. mál**

Alþýðusamband Íslands styður eindregið þau markmið sem frumvarpi þessu er ætlað að ná. Efnislegar athugasemdir eru ekki gerðar við einstök ákvæði en bent er á eftirfarandi. Hugtakið óeðlilegt er notað í ýmsu samhengi í lagatextanum og í greinargerð. Samhengi þess með hugtökunum áhrif eða samskipti skýrir sig nokkuð sjálft. Þegar það hins vegar er eins og gert er í 5. gr. og í greinargerð með því ákvæði, notað með ávinningi og hagsmunum er samhengið ekki eins ljóst. Þá þarf að svara þeirri spurningu hvað sé t.d. eðlilegur fjárhagslegur ávinningur af því að nota upplýsingar sem aflað er í starfi og sem skv. meginreglu 1. mgr. 5. gr. er og verður óheimilt að notfæra sér.

## **Frumvarp til laga um breytingar á samkeppnislögum, nr. 44/2005 með síðari breytingum, 610. mál**

Málið á sér nokkurn aðdraganda en í yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2019 er fjallað um að samkeppnislög verði tekin til skoðunar með það að markmiði að einfalda framkvæmd þeirra og auka skilvirkni.

Drög að frumvarpi voru fyrst birt í samráðsgátt stjórnvalda síðastliðið haust og var Alþýðusambandið meðal þeirra sem lögðust gegn breytingunum á þeim grunni að þær veiki Samkeppniseftirlitið og dragi úr getu samkeppnisyfirvalda til þess að stöðva samkeppnislagabrot og gæta þar með hagsmuna alls almennings gagnvart fyrirtækjum á markaði.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á mikilvægi þess að gerðar séu ákveðnar breytingar á efnisákvæðum samkeppnislaga til að auka skilvirkni og gagnsæi til hagsbóta fyrir atvinnulífið en ekkert mat er lagt á áhrif breytinganna á virka samkeppni á lykilmörkuðum hér á landi og þar með hag neytenda og efnahagslífsins alls. Íslenskt atvinnulíf er um margt ólíkt erlendum mörkuðum, bæði vegna landfræðilegrar einangrunar, smæðar markaðar, samþjöppunar og fákeppni á mörgum lykilmörkuðum. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að við breytingar á samkeppnislögum og eftirliti sé farið fram af varfærni og að baki liggja ítarlegt mat á áhrifum breytinganna á virkni markaða og hagsmuni neytenda og samfélags.

Lítinn haldbæran rökstuðning er að finna fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu en vísað til þess hversu íþyngjandi samkeppnisreglur eru fyrir atvinnulífið. Alþýðusambandið bendir í því samhengi á að samkeppnislög og eftirlit eru sett til að tryggja skilvirkni markaða með almannahag að leiðarljósi og því ber að meta skilvirkni og framkvæmd þeirra fyrst og fremst út frá þeim hagsmunum.

Það er mat Alþýðusambandsins að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu gangi mun lengra en nauðsynlegt er til að auka skilvirkni og einfalda framkvæmd Samkeppniseftirlits og þær séu til þess fallnar að veikja heimildir Samkeppniseftirlitsins og gangi gegn hagsmunum almennings.

## **Frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666. mál**

Frumvarpið varðar félagslegan viðbótarstuðning til aldraðra sem búsettir eru hér á landi og hafa engin eða mjög takmörkuð lífeyrisréttindi í almannatryggingum vegna stuttrar búsetu hér á landi. Hér er um viðkvæman hóp aldraðra að ræða sem er í hvað mestri hættu á að búa við fátækt.

ASÍ tekur undir mikilvægi þess að tryggja með lögum þeim hópi sem hér er ræðir rétt til öruggrar framfærslu á efri árum og fagnar frumvarpi þess efnis. ASÍ gerir hins vegar athugasemdir við að hinn félagslegi viðbótarstuð-

ingur skuli skv. 3. gr. frumvarpsins miðast við 90% af fullum ellilífeyri almennatrygginga sem er í dag 256.789 kr. á mánuði. Ljóst er að möguleikar þeirra einstaklinga sem um ræðir til að afla sér viðbótartekna eru verulega takmarkaðir, eignartakmarkanir miklar og heildartekjur viðkomandi því mjög lágar í öllum samanburði. ASÍ telur því rétt að miða hinn félagslega viðbótartuðning við fullan ellilífeyri almennatrygginga og gæta þar með samræmis í framfærslutryggingu eldri borgara sem búsettir eru hér á landi.

Þá bendir ASÍ á að ekki er gert ráð fyrir að fjárhæðir frítekju- og eignarmarkna í 5. og 7. gr. frumvarpsins taki breytingum í samræmi við þróun launa og verðlags en mikilvægt er að tryggja að frítekjumörk almennatrygginga rýrni ekki að raunvirði og dragi þannig úr kaupmætti lífeyristrygginga.

Þá gerir ASÍ athugasemd við ákvæði um að stuðningurinn nái ekki til einstaklinga sem fá dvalarleyfi hér á landi á grundvelli fjölskyldusameiningar í þeim tilvikum þar sem sá aðili sem óskað var sameiningar við ábyrgðist framfærslu viðkomandi. ASÍ telur rétt að hverjum einstaklingi sé tryggður sjálfstæður réttur til framfærslu á eigin forsendum.

### **Frumvarp til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að sýna merki þess að vera sýktir, 667. mál**

Alþýðusamband Íslands er sammála meginefni frumvarpsins sem unnið var í samræmi við þríhliða yfirlýsingu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og ríkisstjórnarinnar frá 5.3 2020 um nauðsyn þess að hægja á útbreiðslu COVID-19.

Eftir að vinna hófst við gerð frumvarpsins var sett á tímabundið samkomubann. Af þeim ástæðum hefur orðið alvarleg röskun á skólastarfi þannig að nemendum er gert að sækja ekki skóla tiltekna daga eða tilteknar stundir dagsins. Af þeim ástæðum geta margir foreldrar ekki sótt vinnu þar sem þeir geta ekki komið við gæslu barna sinna. Jafnframt hafa heilbrigðisyfirvöld hvatt til þess að samgangur barna og eldri kynslóða, afa og ömmu, verði takmörkuð til verndar þeim síðarnefndu. Samkomubann yfirvalda getur þannig haft sömu beinu áhrifin á launafólk eins og sóttkví þess sjálfs. Af þessum ástæðum gerði ASÍ, að höfðu samráði við SA, tillögur um að frumvarpinu yrði breytt til þess að ná utan um þennan hóp launafólks.

Brýna nauðsyn ber til þess að frumvarpinu verði breytt á þann veg sem lagt hefur verið til og allt gert til þess að grípa þann hóp launafólks sem er að missa talsverðan hluta tekna sinna þar sem það getur ekki efnt ráðningarsamning sinn að fullu. Engin úrræði eru fyrir þennan hóp félagsmanna í kjarasamningum sem allir miða við að börn þurfi að vera alvarlega veik til þess að greiðsluréttur stofnist vegna fjarvista foreldra úr vinnu.

Hópurinn sem í hlut á er að nokkru leyti í störfum hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga og sjálfseignarstofnunum á velferðarsviði. Það eru að jafnaði lágláunastörf þegar kemur að félagsmönnum aðildarfélaga ASÍ. Þessar stofnanir munu ekki uppfylla skilyrði til þess að beita væntanlegum úrræðum sem byggjast munu á skertu starfshlutfalli sem er úrræði sem er sniðið að þörfum fyrirtækja á almennum vinnumarkaði sem draga þurfa úr starfsemi. Hinar opinberu stofnanir þurfa að halda uppi óbreyttri og jafnvel aukinni þjónustu.

Heilbrigðisyfirvöld leggja einnig mikla áherslu á að smit nái ekki til viðkvæmra hópa. Sá hópur sætir ekki sóttkví skv. fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda en ASÍ telur brýnt að haga málum þannig að úrræði frumvarpsins nái einnig til þeirra enda fari það í sóttkví að læknisráði. Breytingar hafa verið lagðar til í þessu efni á 5. gr. frumvarpsins.

Til frekari glöggvunar fylgir umsögn þessari frumvarp ráðherra með innfelldum þeim breytingum sem varða efni þessarar umsagnar. Það er gert í stað þess að tilgreina þær í löngu máli í umsögn þessari.

## **Frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónaveiru og frumvarp til fjáráukalaga fyrir árið 2020, 683. og 695. mál**

Almennar athugasemdir:

Afleiðingar heimsfaraldurs kórónaveiru munu á næstu vikum og mánuðum hafa veruleg áhrif á allar stöðir samfélagsins og reyna mun með áður óþekktum hætti á heilbrigðisþjónustu, heimili, efnahags- og atvinnulíf. Við þessar aðstæður leggur Alþýðusamband Íslands megináherslu á að stjórnvöld skapi þær aðstæður sem tryggja að fólki og fyrirtækjum sé ávallt kleift að forgangsraða í þágu heilsu og öryggis sjálfs síns og samborgara sinna án þess að fjárhagslegri afkomu sé ógnað. Þá er við þessar aðstæður mikilvægt sem aldrei fyrr að standa vörð um grunninnviði hins opinbera í heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfinu. Hinir félagslegu innviðir eru og verða einn af styrkleikum okkar og samkeppnisforskot í að takast á við félagslegar- og efnahagslegar afleiðingar heimsfaraldursins og þau stóru verkefni sem þrátt fyrir allt bíða okkar að honum yfirstöðnum við umbreytingar á vinnumarkaði og við að ná tökum á loftslagsbreytingum.

Mikilsvert var að Alþingi samþykkti í liðinni viku lög sem tryggja afkomuöryggi fyrir fólk sem taka þarf á sig skert starfshlutfall eða fara í sóttkví vegna veirunnar. Enn eru þó hópar sem ekki hefur verið tryggt afkomuöryggi, þ.m.t. launafólk sem ekki getur sótt vinnu vegna skerts skólastarfs í grunn- og leikskólum og launafólk í sérstakri áhættu vegna alvarlegra undirliggjandi sjúkdóma sem fer í sóttkví að tilmælum læknis þótt það hafi ekki verið skyldað í sóttkví af heilbrigðisyfirvöldum. ASÍ ítrekar afstöðu sína varðandi mikilvægi

Þess að eyða óvissu um afkomu þessara hópa. Sjá nánar umsögn ASÍ um mál nr. 667 – tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví.

Í ljósi þess mikla atvinnuleysis sem vænta má á næstu mánuðum, sem mun hafa veruleg áhrif á afkomu fjölmargra heimila, er nauðsynlegt að stjórnvöld horfi til þess að hækka nú þegar fjárhæðir atvinnuleysisbóta, en grunnbætur eru í dag kr. 289.510 á mánuði, sem er umtalsvert lægra en lægstu laun sem nema 335.000 krónum frá 1. apríl nk. og tekjutengdar atvinnuleysisbætur fyrstu 3 mánuði í atvinnuleit sem eru að hámarki kr. 456.404. Það þýðir að einstaklingur á meðallaunum á vinnumarkaði nær ekki 70% af tekjum sínum á tímabili tekjutengingar líkt og lagt er upp með. Hækkun bótafjárhæða nú drægi verulega úr líkum á að einstaklingar og fjölskyldur sem verða fyrir atvinnumissi vegna aðstæðna lendi í íþyngjandi fjárhagserfiðleikum til lengri tíma og styður á sama tíma við kaupmátt heimilanna sem skiptir sköpum til að ná viðspyrnu í efnahagslífinu á ný sem fyrst.

Pá telur ASÍ mikilvægt að skattayfirvöldum verði tryggð þau úrræði sem til þarf til að fylgja því eftir að fyrirtæki uppfylli skilyrði greiðslufrests opinberra gjalda og tryggingagjalds sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Sömuleiðis verði tryggt að eftirlit verði haft með framkvæmd á veitingu ríkisábyrgðar til fyrirtækja og jafnræði tryggt varðandi útfærslu þeirra skilyrða sem sett verða fyrir slíku. Þá verði opinber fjárstuðningur háður þeim skilyrðum að ekki sé greiddur arður úr viðkomandi fyrirtækjum næstu tvö árin. ASÍ leggur jafnframt áherslu á að ekki verði stutt með opinberri fyrirgreiðslu við fyrirtæki sem stunda skipulögð kjarasamningsbrot og launaþjófnað.

Ljóst er að aðstæður og mat á nauðsynlegum inngripum og aðgerðum stjórnvalda breytist ört þessa dagana. Mikilvægt er að stjórnvöld endurmeti, aðlagi og bæti í ráðstafanir sínar til samræmis við það svo takmarka megi eins og kostur er afleiðingar heimsfaraldursins á heilsu, velferð og afkomu almennings. ASÍ ítrekar einnig mikilvægi þess að viðtækt samráð sé haft við fulltrúa launafólks í þeim verkefnum sem fram undan eru við að takmarka afleiðingar og í framhaldinu endurreisa og byggja upp til framtíðar.

Athugasemdir vegna einstakra ákvæða frumvarps til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónaveiru, 683. mál.:

### 3. gr. b - Barnabótaauki

Frumvarpið gerir ráð fyrir greiðslu sérstaks barnabótaauka sem greiddur verði út við álagningu opinberra gjalda á árinu 2020 þ.e. þann 1. júní nk. Barnabótaaukinn skal vera kr. 40.000 á hvert barn undir 18 ára aldri til einstæðra foreldra og hjóna/sambúðaraðila þar sem tekjuhærri maki hefur undir 927.087 kr. í tekjur á mánuði við álagningu 2020 en kr. 20.000 séu tekjur yfir þeim mörkum. Sú leið sem hér er farin veldur í fyrsta lagi miklum jaðaráhrif-

um þar sem barnabótaauki helmingast fari tekjur yfir ákveðna krónutölu. Í öðru lagi hefur sú regla að horfa einungis til tekjuskattsstofns tekjuhærrí sambúðaraðila, en ekki á samanlagðan skattstofn samskattaðra líkt og almennt gildir við ákvörðun barnabóta, það í för með sér að samsetning tekna sambúðaraðila hefur veruleg áhrif á ákvarðaðan barnabótaauka. Þannig fengu t.a.m. hjón þar sem báðir aðilar hafa kr. 900.000 í tekjur á mánuði þ.e. samanlagður tekjuskattstofn kr. 1.800.000–kr. 40.000 í barnabótaauka á hvert barn en hjón þar sem annað hefur 930.000 í tekjuskattstofn og hitt 300.000, eða samtals 1.230.000, fengu einungis 20.000 kr. Í þriðja lagi miðast barnabótaaukinn við tekjur ársins 2019 en vegna breyttra aðstæðna munu tekjur margra heimila lækka verulega á komandi mánuðum. Því hefði verið æskilegra að miða barnabótaaukann við tekjur sem eru nær í tíma.

Í ljósi þess aukna álags og afkomuóvissu sem við barnafjölskyldum blasir telur ASÍ nauðsynlegt að stjórnvöld horfi til þess að styrkja almenna barnabótakerfið með auknum fjárframlögum. ASÍ leggur áherslu á að barnabótakerfið verði efl til að jafna framfærslubyrði lág- og millitekju-fjölskyldna með börn. Til að svo megi verða þarf að draga frekar úr tekjuskerðingum og tryggja að bótafjárhæðir og skerðingarmörk fylgi verðlags- og launapróun yfir tíma.

#### 5. gr. – Virðisaukaskattur af vinnu

Með ákvæðinu er húsbýggjendum og eigendum íbúðarhúsnæðis og frí-stundahúsa tryggð 100% endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu við nýframkvæmdir og viðhald auk vinnu vegna hönnunar og eftirlit slíks húsnæðis. Þá nær heimildin einnig til framkvæmda og viðhalds á vegum félaga og félagasamtaka sem starfa að almannaheill (þriðji geirinn). Að auki geta eigendur og leigjendur íbúðarhúsnæðis fengið endurgreiðslu 100% virðisaukaskatts sem greiddur er af vinnu vegna heimilisþrifa og reglulegrar umhirðu íbúðarhúsnæðis. Ákvæði þessi gildi til ársloka 2020. ASÍ styður umrædda heimild með vísan til reynslu af sambærilegu verkefni undir yfirskriftinni Allir vinna – í kjölfar efnahagshrunsins. ASÍ bendir á að ákvæðið nær að því er virðist ekki til stéttarfélaga sem rekin eru með almannahag að leiðarljósi og án hagnaðarsjónarmiða en slíkt væri æskilegt og myndi örva framkvæmdir við orlofshús félaganna í sumar.

#### 7.gr. - Heimild til úttekta á séreignarsparnaði

Samkvæmt ákvæðinu verður heimilt að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar á tímabilinu 1. apríl 2020-1. janúar 2021. Heimilt er að greiða út allt að 800.000 kr. á mánuði í 15 mánuði, eða samtals 12 milljónir króna án sérstakra skilyrða. Hér er því um nokkuð rúma heimild til nýtingar á séreignarlífeyrissparnaði að ræða en í þessu samhengi má benda á að nú þegar hafa heimildir til að nýta séreignarsparnað til annars en lífeyrisgreiðslna



gengið verulega á þriðju stöð lífeyriskerfisins. Þá liggur fyrir að tekjulægsti hópurinn á vinnumarkaði er sá sem síst hefur tök á að leggja fyrir séreignarsparnað og því mun þessi heimild síst nýtast þeim sem kunna að lenda í hvað mestum afkomuvanda á næstu mánuðum.

#### 9. gr. – Lækkun á bankaskatti flýtt

Lagt er til að áður lögfestri lækkun bankaskatts í þrepum á árunum 2021–2024 verði flýtt þannig að skatturinn lækki í 0,145% þegar á árinu 2021. Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki (4. mál) sem samþykkt var á Alþingi í desember sl. var breytingin talin auka líkur á lækkun á kostnaði fyrir viðskipavini bankanna í formi lægri vaxta á útlánnum og hærri vaxta af innlánnum. ASÍ telur óljóst með hvaða hætti tryggja eigi að þau markmið skili sér til neytenda og bendir í því samhengi m.a. á umfjöllun í skýrslu Gylfa Zoëga um stöðu efnahagsmála sem unnin var að beiðni stjórnvalda í aðdraganda kjarasamninga haustið 2018. Í skýrslunni er bent á að bankar sem njóti fákeppnisstöðu geta í skjóli hennar haft meiri vaxtamun og hærri þjónustugjöld en bankar sem búa við meiri samkeppni. Þá er í skýrslunni bent á að íslenskt bankakerfi virðist dýrara í rekstri en sambærilegir bankar annars staðar á Norðurlöndunum og að fyllsta ástæða sé til þess að samkeppnisyfirvöld rannsaki þau kjör sem almenningi býðst hjá viðskiptaböndkunum hér á landi og grípi til aðgerða ef í ljós komi að samkeppni sé áfátt. ASÍ áréttar mikilvægi þess að stjórnvöld tryggi að áformuð lækkun bankaskatts skili sér í bættum viðskiptakjörum heimila og fyrirtækja hjá fjármálastofnunum og brýnir stjórnvöld í að taka mið af þessum ábendingum og láta framkvæma slíka rannsókn hið fyrsta.

#### 11. gr. – Frestun á fasteignaskatti

Samkvæmt ákvæðinu er sveitarfélögum gert að fresta allt að þremur greiðslum fasteignaskatts á tímabilinu frá 1. apríl–1. desember 2020 hjá fyrirtækjum í tímabundnum rekstrarerfiðleikum sem þess óska. ASÍ bendir í þessu samhengi á mikilvægi þess að sveitarfélögum verði einnig gert að sýna sanngirni og sveigjanleika gagnvart heimilum sem lenda í greiðsluerfiðleikum vegna stöðunnar sem nú er uppi, bæði hvað varðar innheimtu fasteignaskatta sem og önnur þjónustugjöld s.s. vegna skóla, leikskóla eða frístundastarfs. Þá er mikilvægt að beina því til sveitarfélaga að ekki verði innheimt gjöld fyrir þjónustu sem skert er vegna yfirstandandi aðstæðna.

Athugasemdir vegna frumvarps til fjárákurlaga fyrir árið 2020, 695. mál:

Fjölskyldumál

Sjá umfjöllun um 3. gr. b – Barnabótaauka og barnabætur hér að ofan

Sérstakar fjárráðstafanir

ASÍ tekur undir mikilvægi þess að flýta eins og kostur er opinberum fjár-

festingum og undirbúningi þeirra sem hægt er að hefja þegar á þessu ári. Þá leggur ASÍ áherslu á að í því fjárfestingarátaki sem boðað er á árunum 2021-2023 horfi stjórnvöld til þess að nýjar stöðir tækni, nýsköpunar og grænna lausna verði byggðar undir atvinnulífið. Horft verði til fjölbreyttra fjárfestingaverkefna með áherslu á uppbyggingu og viðhald bæði efnahags- og félagslegra innviða og ekki síður verkefni sem stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda s.s. hraðari uppbyggingu almenningssamgangna og borgarlínu og öðrum aðgerðum sem stuðla að orkuskiptum. Þá er mikilvægt að opinber fjárfesting verði nýtt með markvissum hætti til að auka fjölbreytileika atvinnulífs með áherslu á uppbyggingu grænna starfa, nýsköpun, tækniþekkingu og rannsóknir og þróun t.d. á sviði heilbrigðisvísinda. Við fjárfestingaáætlanir verði tekið tillit til kynja- og byggðasjónarmiða og sjálfbærni höfð að leiðarljósi.

#### Heilbrigðisþjónusta

Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir auknum útgjöldum til heilbrigðismála þrátt fyrir verulega aukið álag á heilbrigðisþjónustuna vegna heimsfaraldurs. ASÍ telur mikilvægt að stjórnvöld sendi nú þegar skýr skilaboð um að heilbrigðisþjónustunni verði tryggð nauðsynleg fjárframlög og önnur úrræði til að mæta auknu álagi og verkefnum vegna faraldursins. Ekki má koma til þess að skera þurfi niður í hefðbundinni starfsemi heilbrigðiskerfisins og draga úr annarri nauðsynlegri þjónustu vegna fjárskorts af völdum aukinna verkefna sem fylgja heimsfaraldri kórónuveirunnar. Verði það raunin munu afleiðingar faraldursins dragast á langinn og valda uppsöfnuðum vanda innan heilbrigðiskerfisins og samfélagsins alls sem erfitt getur reynst að vinna á.

#### Vinumarkaður og atvinnuleysi

Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir aukinni fjárheimild vegna vaxandi atvinnuleysis og nýsamþykktra laga um hlutabætur atvinnuleysistrygginga á móti skertu starfshlutfalli sem munu auka útgjöld vegna málaflokksins verulega umfram fjárlög. ASÍ leggur að auki ríka áherslu á mikilvægi þess að fjármagna markvissar vinnumarkaðsaðgerðir hið fyrsta til að koma í veg fyrir langtímaafleiðingar af fyrirséðri fjölgun atvinnuleitenda, m.a. með því að auka námstækifæri atvinnuleitenda.

### **Frumvarp um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, með síðari breytingum (borgaraleg skylda starfsmanna opinberra aðila), 697. mál**

Alþýðusamband Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en vill vekja athygli á eftirfarandi. Samkvæmt texta laganna og greinargerðar er gert ráð fyrir því að starfsmenn skuli njóta óbreyttra launakjara við breyttar starfsskyldur. Hins vegar eru löggin og greinargerðin þöglum um þá stöðu sem

upp kann að koma sé starfsmanni gert skylt að sinna starfsskyldum sem tilheyra starfi sem betur er launað skv. kjarasamningum en það starf sem hann var ráðinn til. Taka þyrfti af allan vafa um túlkun laganna í þessu efni við þinglega meðferð málsins.

### **Frumvarp til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, 711. mál**

Með frumvarpinu er lagt til að stofna skuli sérstakan sprota- og nýsköpunarsjóð, Kríu, sem hafi það hlutverk að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

ASÍ styður markmið frumvarpsins og áform um aukinn stuðning við nýsköpun og rannsóknir. ASÍ hvetur jafnframt til þess að stjórnvöld setji fram metnaðarfullar áætlanir um eflingu nýsköpunar og rannsókna á sem flestum sviðum atvinnulífsins. Mikilvægt er að opinber fjárfesting verði nýtt með markvissum hætti til að auka fjölbreytileika atvinnulífsins með áherslu á uppbyggingu grænna starfa, nýsköpun, tækniþekkingu og rannsóknir og þróun. ASÍ leggur í þessu samhengi áherslu á að stuðningurinn hafi ávallt að markmiði að fjölga góðum störfum um landið allt og stuðla að samfélagslegri uppbyggingu til framtíðar á grunni sjálfbærni og jöfnuðar.

ASÍ telur rétt að sjóðum sem fjárfesta fyrir opinbert fé sé gert að gæta sérstaklega að því að einungis sé fjárfest í fyrirtækjum sem sýna samfélagslega ábyrgð, virði réttindi launafólks og standi skil á sköttum og gjöldum í sameiginlega sjóði. Þá er edlilegt að í 4. gr. sé kveðið á um að kynjahlutfóll í stjórn sjóðsins séu sem jöfnust.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (alþjóðleg vernd, brottvísunartilskipunin, dvalar- og atvinnuleyfi), 717. mál**

Hér er um viðamiklar og mikilvægar breytingar á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga að ræða og því kemur á óvart að Alþýðusambandinu var ekki boðið að veita umsögn um frumvarpið. Hér er væntanlega um mistök að ræða.

Þar sem Alþýðusambandinu var ekki kunnugt um efni frumvarpsins fyrir en nýverið látum við nægja að taka afstöðu til tveggja atriða sem fram koma í frumvarpinu.

Í 19. gr. frumvarpsins er kveðið á um að verði dvalarleyfi á grundvelli 1. mgr. 61. gr. laga um útlendinga með yfirskriftinni „Dvalarleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar“ afturkallað vegna þess að útlendingur hefur misst starf sitt er heimilt að veita honum dvalarleyfi til þriggja mánaða til þess að hann geti leitað sér annars starfs á grundvelli sérþekkingar sinnar.

Í greinargerð með frumvarpinu er framangreind breyting rökstudd þannig:

„Ákvæðið felur í sér efnislega breytingu til hagsbóta fyrir útlendinga sem hafa dvalarleyfi á grundvelli sérfræðipækkingar.“ Alþýðusambandið gerir ekki athugasemdir við þessa rýmkun á réttindum erlendra starfsmanna sem missa starf sitt með framangreindum hætti en þó skortir á rökstuðning fyrir þeirri tilhögun. Alþýðusambandið bendir á að eðlilegt sé að „Dvalarleyfi vegna skorts á starfsfólki“ sbr. 62. gr. sé meðhöndlað með sama hætti.

Í 21. gr. frumvarpsins er fjallað um „Dvalarleyfi vegna vistráðningar“ sbr. 68. gr. laga um útlendinga. Þar segir „Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu einu sinni til eins árs en þó aldrei til lengri tíma en hlutaðeigandi samningur um vistráðningu gerir ráð fyrir.“

Í greinargerð eru engin rök færð fyrir þessari breytingu. Eftirfarandi ástæða er gefin: „Með þessari breytingu er verið að bregðast við ákalli um lengingu dvalar útlendinga á grundvelli vistráðningar ...“. Síðar í greinargerðinni er síðan viðurkennt að „68. gr. laganna um dvalarleyfi vegna vistráðningar kann að þarfnast ítarlegri endurskoðunar í náninni framtíð ...“.

Alþýðusambandið hefur ítrekað bent á að komið hafa upp dæmi um brotastarfsemi m.a. í formi félagslegra undirboða á vinnumarkaði í skjóli vistráðningar. Ráðningarkjör eru oft óljós og aðbúnaður vistráðinna mjög misjafn. Þá liggur fyrir að ekkert opinbert eftirlit er með framkvæmdinni og vistráðnir einstaklingar algerlega háðir þeim sem þeir eru ráðnir til. Í ljósi framanritaðs hefur ASÍ lagt til að heimild til vistráðningar verði felld úr lögum og hvetur til þess að tækifærið verði notað nú og hún ekki heimiluð að nýju nema þá að lokinni vandaðri vinnu þar sem m.a. verði tryggt nauðsynlegt eftirlit með framkvæmdinni og vernd fyrir vistráðna. Verði ekki fallist á það er að lágmarki gerð krafa um að heimildin til vistráðningar verði ekki útvíkuð frá því sem nú er.

Alþýðusamband Íslands tekur ekki afstöðu til efnis frumvarpsins að öðru leyti en því sem gerð er grein fyrir hér að framan. Þá telur ASÍ ástæðu til að vekja athygli á viðamikilli og ítarlegri umsögn Rauða krossins um frumvarpið.

### **Frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru (meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl.), 722. mál**

Frumvarpinu er ætlað að tryggja þjónustu dómstóla og sýslumanna meðan í gildi eru fyrirmæli um samkomubann og fjarlægðartakmarkanir. ASÍ leggst ekki gegn þeim markmiðum en telur hins vegar að ákvæði 10 og 12.gr. frumvarpsins fari gegn þeim markmiðum. Þegar fullnustu er leitað með aðstoð ríkisvaldsins skal gilda sú grundvallarregla að aðilar máls séu jafn settir. Þessar tvær greinar gera ráð fyrir að gerðarbeiðandi geti tryggt hagsmuni sína á

grundvelli sérstaks þjónustuhagræðis en sem gerðarþoli nýtur ekki. Þau rök að gerðarþoli mæti yfirleitt aldrei við fyrirtökur réttlæta ekki að þeir séu sviptir þeim rétti og reynt að bæta úr með leiðbeiningum. Þessi mismunun mun er fram í sækir geta skapað réttaróvissu og getur leitt til þess að fjöldi fullnustugerða verði talinn ólögmatúr.

ASÍ telur jafnframt, að þegar þúsundir launafólks hafa misst atvinnu, tugir þúsunda sætt verulegum tekjuskerðingum vegna skerts starfshlutfalls og hlutabóta, ótilgreindum hópi gert að sæta sóttkví án launa og að viðbættum þeim sem fara í sóttkví til þess að verja heilsu sína vegna undirliggjandi sjúkdóma, sé það sérstök forgangsroðun stjórnvalda að tryggja að halda megi áfram fullnustugerðum á hendur þeim með sérstökum afbrigðum í lögum sem að auki fela í sér mismunun. Eðlilegra og réttara er við þær kringumstæður sem nú ríkja að frysta einfaldlega þær fullnustugerðir sem til meðferðar eru.

### **Þingsályktunartillaga um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID-19- heimsfaraldursins, 723. mál**

ASÍ styður heilshugar markmið tillögunnar um að styrkja réttindi og hækka fjárhæðir í atvinnuleysistryggingum til að mæta tekjufalli þess stóra hóps sem nú er án atvinnu og allt útlit er fyrir að fari enn stækkandi á næstunni. Greiðslvandi vegna tekjumissis er mesta hættan sem steðjar að fjárhag heimilanna við núverandi aðstæður. Efling atvinnuleysisbótakerfisins dregur verulega úr líkum á að einstaklingar og fjölskyldur sem verða fyrir atvinnumissi lendi í íþyngjandi fjárhagserfiðleikum til lengri tíma sem leitt geta af sér bæði félagslegan vanda og óöryggi í húsnæðismálum. Slíkar aðgerðir styðja jafnframt við kaupmátt heimilanna sem skiptir sköpum til að ná viðspyrnu í efnahagslífinu á ný.

Alþýðusambandið ítrekar því það sem komið hefur fram af hálfu sambandsins um mikilvægi þess að atvinnuleysistryggingakerfið verði styrkt með hækkun bótafjárhæða, lengingu tímabils tekjutengingar, hækkun stuðnings vegna barna og bættri réttarstöðu námsmanna.

Grunnbætur atvinnuleysistrygginga eru nú ríflega 289.510 kr., sem er umtalsvert lægri en lágmarkstekjutrygging á vinnumarkaði, sem nú er 335.000 kr. en bótafjárhæðir hækkuðu einungis um 3,5% á árinu á sama tíma og lægstu laun hækkuðu um 5,7%.

Þá bendir ASÍ á nauðsyn þess að lögum um atvinnuleysistryggingar verði þegar breytt þannig að atvinnuleitendur sem hafa starfað hjá fyrirtækjum sem verða gjaldþrota geti fengið greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði frá úrskurðardegi. Slíkt felur ekki í sér viðbótarkostnað fyrir sjóðinn, enda tryggt með greiðslum úr Ábyrgðasjóði launa en hefur mikla þýðingu fyrir einstaklinga sem verða fyrir skyndilegum tekjumissi.

Loks telur ASÍ brýnt að hefja þegar vinnu við endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar til að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika og bæta frekar réttarstöðu atvinnuleitenda.

**Frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020, 724. mál**  
Heimsfaraldur kórónuveiru hefur þegar haft áður óþekkt áhrif á nánast alla þætti samfélags og efnahagslífs og reynt verulega á þanþol heilbrigðis- og velferðarþjónustunnar, heimila og atvinnulífs. Fjöldi fólks hefur á undanförunum vikum misst atvinnuna eða tekið á sig skert starfshlutfall og margir búa nú við mikla óvissu um afkomu sína og framtíð. Alþýðusamband Íslands hefur við þessar aðstæður lagt megin áherslu á að stjórnvöld tryggi afkomu- og húsnæðisöryggi heimilanna með öllum ráðum, styðji við atvinnuleitendur, sér í lagi, með því að styrkja atvinnuleysisbótakerfið, efla virkar vinnumarkaðsaðgerðir og menntunarræði og standi vörð um félagslega grunninnviði til að tryggja þjónustu hins opinbera í heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfinu.

Þá leggur ASÍ ríka áherslu á að fyrirséðum hallarekstri hins opinbera verði ekki mætt með niðurskurði í heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfinu eða aðhaldi í afkomutryggingakerfunum. Núverandi staða hefur svo um munar minnt á mikilvægi þess að viðhalda sterkum félagslegum innviðum og nýta þá ekki til að jafna sveiflur í efnahagslífinu.

Í þeim aðgerðum sem stjórnvöld hafa nú kynnt er að finna ýmsar jákvæðar aðgerðir sem miða m.a. að því að styrkja atvinnuuppbyggingu í gegnum stuðning við nýsköpun, rannsóknir og innlenda matvælaframleiðslu. Auk þess er þar að finna ýmsar félagslegar aðgerðir til að styðja viðkvæma hópa. Alþýðusambandið lýsir hins vegar verulegum vonbrigðum með að í aðgerðunum sé ekki að finna neinar tillögur til að tryggja afkomuöryggi þeirra hópa sem hafa fallið á milli skips og bryggju í fyrri aðgerðum stjórnvalda, s.s. einstaklinga sem eru með undirliggjandi sjúkdóma, óléttra kvenna, foreldra sem hafa misst úr vinnu vegna takmarkaðs leikskóla- og skólastarfs og launafólks sem starfar hjá fyrirtækjum sem skv. fyrirmælum sóttvarnaryfirvalda var gert að loka starfsemi sinni.

Þá ítrekar ASÍ mikilvægi þess að atvinnuleysistryggingakerfið verði styrkt með hækkun bótafjárhæða, lengingu tímabils tekjutengingar, hækkun stuðnings vegna barna og bættri réttarstöðu námsmanna. Þá er afar brýnt að stjórnvöld leggi nú þegar fram tillögur í samráði við aðila vinnumarkaðarins um hvernig hlutabótaúrræði atvinnuleysistrygginga verður fram haldið eftir 31. maí nk. þegar nágildandi bráðabirgðaákvæði fellur úr gildi. Efling atvinnuleysisbótakerfisins nú dregur verulega úr líkum á að einstaklingar og fjölskyldur sem verða fyrir atvinnumissi vegna aðstæðna lendi í íþyn gjandi fjárhagserfiðleikum til lengri tíma og styður á sama tíma við kaup-

mátt heimilanna sem skiptir sköpum til að ná viðspyrnu í efnahagslíffinu á ný.

ASÍ leggur jafnframt áherslu á að farið verði í aðgerðir til að treysta húsnæðisöryggi viðkvæmra hópa m.a. með auknum stuðningi við leigjendur en tekjulág heimili og erlent launafólk, sem margt hefur nú misst atvinnu að fullu eða hluta til, er fjölmennt á leigumarkaði, býr margt við mjög háan húsnæðiskostnað og lítið húsnæðisöryggi. Þá er brýnt að afgreiða nú á vorþingi frumvörp um hlutdeildarlán fyrir fyrstu kaupendur og þá sem ekki hafa átt húsnæði síðastliðin fimm ár, sem og frumvarp um aukna vernd fyrir leigjendur, en þau eru hluti af lofordum stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2019. Þá er mikilvægt að stjórnvöld stuðli með öllum leiðum að því að tryggja stöðugleika í verðlags- og gengismálum til að koma í veg fyrir að verðbólga aukist og rýri kaupmátt og hækki um leið höfuðstól og greiðslubyrði á skuldum heimilanna.

ASÍ ítrekar einnig mikilvægi þess að samráð sé haft við fulltrúa launafólks í þeim verkefnum sem fram undan eru við að takmarka afleiðingar og í framhaldinu endurreisa og byggja upp til framtíðar. Verkalýðshreyfingin býr yfir nauðsynlegri reynslu og þekkingu, þar á meðal á staðbundnum þáttum, til að móta tillögur um aðkallandi aðgerðir og framtíðarsýn fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag. Virkt samráð er því ekki formsatriði heldur forsenda þess að móta lausnir sem virka til framtíðar.

ASÍ fagnar því að þær félagslegu aðgerðir sem lagt er til að veita fjármunum til hafi verið metnar út frá áhrifum á jafnrétti kynjanna en mikilvægt er að slíkt mat fari fram í tengslum við öll útgjöld hins opinbera. Því er ekki síður nauðsynlegt að greina þær aðgerðir sem styðja við fyrirtæki enda eru fjárveitingar til þeirra aðgerða umtalsvert hærri heilt yfir og hafa áhrif til langs tíma. ASÍ hvetur jafnframt til þess að framhald verði á þessu mati þegar til nánari útfærslna á aðgerðunum kemur.

Athugasemdir vegna einstakra málaflokka:

Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Í frumvarpi til laga um Matvælasjóð, mál nr. 728, er lagt til að sameina Framleiðnisjóð landbúnaðarins og AVS rannsóknarsjóð í sjávarútvegi og er hér lagt til að veita 500 m.kr. framlag í sjóðinn til að efla nýsköpun og þróun í innlendri matvælaframleiðslu.

Alþýðusambandið fagnar því að stjórnvöld styðji við verðmætasköpun í matvælaframleiðslu. Mikil vaxtatekifæri finnast í matvælaframleiðslu, bæði í gegnum aukna verðmætasköpun í núverandi framleiðslu og í sókn í nýrri framleiðslu, vöruþróun og á nýja markaði. Nýsköpun í matvælaframleiðslu er jafnframt mikilvæg til að mæta áskorunum í umhverfismálum og Covid-19 hefur undirstrikað mikilvægi fjölbreyttrar innleðrar matvælaframleiðslu. ASÍ

leggur í þessu samhengi áherslu á að stuðningurinn hafi að markmiði að fjölga störfum um landið allt og auka verðmæti afurða. Sjá nánar umsögn ASÍ um mál nr. 728.

Alþýðusambandið brýnir stjórnvöld jafnframt í því að leggja fram metnaðarfyllri áætlanir um nýsköpun og þróun á fleiri sviðum atvinnulífsins. Fjárfesting af hálfu samfélagsins í nýjum lausnum þar sem fara saman hugvit og tækifæri sem Ísland býður á fjölmörgum sviðum eru mikilvæg forsenda samfélagslegrar uppbyggingar til framtíðar á grunni sjálfbærni og jöfnuðar.

Sveitarfélög og byggðamál

ASÍ fagnar sérstöku 250 m.kr. framlagi til félagslegra aðgerða vegna slæms atvinnuástands á Suðurnesjum og telur afar brýnt að gripið sé nú þegar til aðgerða til að tryggja þjónustu og úrræði til að styðja við íbúa svæðisins sem margir eru í viðkvæmri stöðu. Einkum er mikilvægt að huga að barnafjölskyldum og fólki af erlendum uppruna sem hefur margt lítið félagslegt bakland.

Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál

ASÍ styður tillögu um að auka framlög til launasjóðs listamanna um 250 m.kr. til að unnt sé að styðja við fleira listafólk sem margt hefur orðið fyrir tekjufalli vegna faraldursins. ASÍ hvetur jafnframt til þess að ríki og sveitarfélög beiti sér fyrir því að menningarstofnanir sem fjármagnaðar eru með opinberu fé hafi að meginreglu að listamenn og annað starfsfólk sé í tryggu ráðningarsambandi og njóti kjara og réttinda samkvæmt kjarasamningum.

Framhaldsskóla- og háskólastig

Lagt er til að fjárheimildir til framhaldsskóla og háskóla hækki um samtals 800 m.kr. svo að unnt sé að bjóða upp á sumarnám á framhalds- og háskólastigi fyrir nemendur og fólk í atvinnuleit með það að markmiði að sporna gegn atvinnuleysi og efla menntun meðal ungs fólks. Þá er lagt til að veita 300 m.kr. til Nýsköpunarsjóðs námsmanna vegna þriggja mánaða launa til ungra frumkvöðla.

Að mati Alþýðusambandsins ætti það fjármagn sem lagt er til framhaldsskóla og háskóla að fara langt með að duga til að hægt verði að bjóða upp á hagnýtt sumarnám fyrir háskólanema sem vilja nýta það til styttingar á námstíma, framhaldsskólanema og atvinnuleitenda sem vilja nýta þennan kost. Tíminn sem er til ráðstöfunar í undirbúning er þó skammur. Það er hins vegar mikilvægt að þegar verði hugað að framboði á námi næsta vetur og fjármögnun þess. ASÍ leggur áherslu á að það nám sem boðið verður upp á sé einingabært og að áhersla verði lögð á starfsmenntun, s.s. verk-, list- og tæknigreinar og heilbrigðisgreinar. Þá er mikilvægt að lánareglur LÍN séu ekki hindrun fyrir námsmenn að nýta þennan kost.

Sjúkrahúsþjónusta og heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa



Lagt er til að framlög verði veitt til sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana og heilsugæslu, samtals 1 ma.kr., til að greiða heilbrigðisstarfsfólki sem staðið hefur í framlínu í baráttunni við COVID-19 faraldurinn sérstakan launaauka í formi eingreiðslu. Gert er ráð fyrir að útfærsla á greiðslunum verði í höndum heilbrigðisráðherra og forstöðumanna viðkomandi stofnana og þær nái til starfsmanna sem hafi þurft að nota sérstakan hlífðarbúnað auk starfsfólks í framlínu. ASÍ tekur heilshugar undir tillögu um að umbuna því starfsfólki sem staðið hefur vaktina í faraldrinum undir miklu álagi og oft við mjög krefjandi aðstæður en leggur ríka áherslu á að slíkar greiðslur nái til alls starfsfólks innan heilbrigðis- og velferðarþjónustunnar sem þetta á við um og sem starfar hjá hinu opinbera eða á stofnunum sem eru reknar á ábyrgð og með framlögum úr opinberum sjóðum. Leggur ASÍ ríka áherslu á að starfsfólk í ræstingu, umönnun og þjónustu, m.a. á öldrunar- og hjúkrunarheimilum, sambýlum og einkaheimilum, fái einnig greiddan launaauka. Þá ber sérstaklega að nefna starfsfólk sem starfar við ræstingar á sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum, heilsugæslustöðvum, öldrunar- og hjúkrunarheimilum og í leik- og grunnskólum, sem margt er ekki í beinu ráðningarsambandi við ríki og sveitarfélög þar sem þjónustan hefur verið boðin út og er því á hendi einkaaðila. Þetta starfsfólk hefur allt á undanförunum vikum gegnt lykilhlutverki við að tryggja öryggi og heilsu starfsfólks og skjólstaðinga, og hefur sætt verulega auknu álagi og áhættu í störfum sínum auk þess sem það hefur margt þurft að takmarka mjög umgengni við annað fólk til að tryggja órofnu starfsemi vinnustaða sinna og öryggi skjólstaðinga. ASÍ ítrekar því mikilvægi þess að framlínustarfsfólki í starfsemi á vegum hins opinbera verði ekki mismunað og að tryggt verði að þessir hópar fái sambærilega umbun og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

Þá er lagt til að veittar verði 540 m.kr. til að efla heilsugæsluþjónustu um landið með það að markmiði að stuðla að betri geðrækt og andlegu heilbrigði. ASÍ fagnar þessari áherslu og áformum um að fjölga geðlæknum, sálfræðingum og félagsráðgjöfum í heilsugæslunni sem gefur færi á heildstaðari heilbrigðisþjónustu við einstaklinga í sínu nærumhverfi. ASÍ leggur áherslu á að þessi þjónusta verði einnig fjármögnuð til framtíðar enda lengi verið skortur á henni og aðgengi stórra hópa mjög takmarkað. Hér er því ekki um tímabundið átaksverkefni að ræða heldur þjónustu sem tryggja þarf til framtíðar.

Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir auknu framlagi að öðru leyti til reksturs heilbrigðisþjónustunnar þrátt fyrir verulega aukið álag einkum á sjúkrahús og heilsugæslu. Fagnaðarefni var að við þinglega meðferð frumvarps til fjárlaga í mars (695. mál) var tryggt 600 m.kr. viðbótarframlag til sjúkrahúsa og heilsugæslu. Ljóst er þó að sú fjárhæð dugar engan veginn til að mæta þeim viðbótarverkefnum og kröfum sem heilbrigðisstofnanir takast nú á við vegna

faraldursins sem koma til viðbótar þeim rekstrarvanda sem fyrir var vegna langvarandi vanfjármögnunar. ASÍ ítrekar mikilvægi þess að stjórnvöld sendi nú þegar skýr skilaboð um að heilbrigðisþjónustunni verði tryggð nauðsynleg fjárframlög og önnur úrræði til að mæta auknu álagi og verkefnum vegna faraldursins. Ekki má koma til þess að skera þurfi niður í hefðbundinni starfsemi heilbrigðiskerfisins og draga úr annarri nauðsynlegri þjónustu vegna fjárskorts af völdum aukinna verkefna sem fylgja heimsfaraldri kórónuveirunnar. Verði það raunin munu afleiðingar faraldursins dragast á langinn og valda uppsöfnuðum vanda innan heilbrigðiskerfisins og samfélagsins alls sem erfitt getur reynst að vinna á. Stjórnvöld um allan heim hafa sem hluta af aðgerðum sínum til að mæta faraldrinum sett ríkulegt viðbótarfé inn í rekstur heilbrigðisþjónustunnar og má sem dæmi nefna að í Bretlandi hafa stjórnvöld afskrifað yfir 13 milljarða punda skuld opinberu heilbrigðisþjónustunnar (NHS) vegna eldri hallareksturs til að gefa svigrúm til að viðhalda nauðsynlegri þjónustu og bæta innviði til framtíðar. Rétt væri að stjórnvöld horfðu til sambærilegra aðgerða til að treysta rekstur Landspítala og annarra heilbrigðisstofnana við þessar aðstæður.

#### Fjölskyldumál og stjórnsýsla félagsmála

Lagt er til að auka fjárheimildir til fjölskyldumála um 1 ma.kr. sem nýta á til að koma til móts við foreldra langveikra barna, styðja íþrótt- og tómstundaiðkun barna í tekjulágum fjölskyldum í samstarfi við sveitarfélög, vinna gegn heimilisofbeldi og styðja þolendur auk aðgerða sem beinast gegn ofbeldi á börnum. Þá er lagt til að veita 450 m.kr. undir liðnum stjórnsýsla félagsmála til að efla félagsleg úrræði og tryggja stuðning við viðkvæma hópa. ASÍ styður ofangreindar ráðstafanir og bendir á mikilvægi þess að gripid sé fljótt til aðgerða til að koma í veg fyrir að áföll og efnahagslegar afleiðingar þeirra bitni á þeim hópum sem síst geta varið sig. Slíkt getur haft alvarlegar langtímaafleiðingar fyrir bæði einstaklinga og samfélagsgerðina alla. Ljóst er að afleiðingar faraldursins á tekjur og efnahag sveitarfélaga verða mikil og geta þeirra til að mæta því er takmörkuð. Sveitarfélögin sinna viðkvæmri og nauðsynlegri velferðarþjónustu og framfærslustuðningi við íbúa sína sem brýnt er að efla og treysta við núverandi aðstæður. Aðkallandi er því að ríkið hefji nú þegar samtal um það við fulltrúa sveitarfélaganna hvernig þessu verður mætt.

#### Vinnumál og atvinnuleysi

Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 2,2 ma.kr. framlag til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn sem eiga engan eða takmarkaðan rétt á atvinnuleysisbótum. Markmiðið er að til verði 3.000 sumarstörf fyrir námsmenn hjá opinberum stofnunum og sveitarfélögum. Í öðru lagi að veitt verði 2 ma.kr. aukafjárveiting til Atvinnuleysistryggingasjóðs til að efna til átaks í

náms- og starfsúrræðum fyrir atvinnuleitendur í sumar og næsta vetur. Áætlað er að styðja við nám og þjálfun um 15.000 manns með framlaginu.

Fyrir liggur að þegar eru meira en 15.000 einstaklingar skráðir án atvinnu hér á landi, auk þess sem yfir 35.000 einstaklingar hafa sótt um hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli. Þá hafa þegar verið boðaðar víðtækar uppsagnir fyrir næstu mánaðamót. Atvinnuleysi stefnir þannig í sögulegar hæðir á næstu mánuðum og þótt væntingar standi til þess að dýpstu lægðinni verði brátt náð er ljóst að langur tími mun líða áður en atvinnustig verður ásætlanlegt að nýju. ASÍ leggur því ríka áherslu á að gripið verði til róttækra aðgerða til að tryggja atvinnuleitendum og námsmönnum störf og virkniúrræði á næstu vikum og mánuðum og allt kapp verði lagt í að einstaklingar festist ekki í langtímaatvinnuleysi og óvirkni án þjónustu og tækifæra t.d. til náms eða annarrar sjálfsfellingar.

Þeir 4,4 ma.kr. sem boðaðir eru í frumvarpinu munu væntanlega duga langt til að mæta þörfinni nú í sumar, þegar við þá bætast framlög til sumarnáms og möguleikar Vinnuálastofnunar til að bjóða fyrirtækjum og stofnunum að ráða til sín atvinnuleitendur með styrk úr Atvinnuleysisstryggingasjóði.

Jafnframt er mikilvægt að þegar verði hugað að því að styrkja starfsemi Vinnuálastofnunar og símenntunarmiðstöðva frekar til að takast á við þau verkefni sem við blasa næsta vetur og til lengri framtíðar í ljósi tækniþróunarinnar og breytinga á vinnumarkaði sem þeim fylgja. Fjárheimildir vegna þessa er nauðsynlegt að tryggja með fjárákalgögum síðar á árinu og í fjárlögum fyrir næsta ár eftir því sem myndin skýrist nánar á næstu vikum og mánuðum.

Alþýðusambandið áréttar það sem ítrekað hefur komið fram af hálfu sambandsins um að atvinnuleysisstryggingakerfið verði styrkt með hækkun bótafjárhæða, lengingu tímabils tekjutengingar, hækkun stuðnings vegna barna og bættri réttarstöðu námsmanna. Þá er mikilvægt að lögum um atvinnuleysisstryggingar verði þegar breytt þannig að atvinnuleitendur sem hafa starfað hjá fyrirtækjum sem verða gjaldþrota geti fengið greiðslur úr Atvinnuleysisstryggingasjóði frá úrskurðardegi. Slíkt felur ekki í sér viðbótarkostnað fyrir sjóðinn, enda tryggt með greiðslum úr Ábyrgðasjóði launa.

Loks bendir ASÍ á að mikilvægt er að hefja þegar vinnu við endurskoðun laga um atvinnuleysisstryggingar til að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika og bæta frekar réttarstöðu atvinnuleitenda.

## **Frumvarp til laga um fjárstuðning við minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, 725. mál**

Með frumvarpinu er lagt til að einstaklingar og lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur eða sjálfstætt starfandi sem höfðu starfsemi fyrir 1. febrúar síðastliðinn geti annars vegar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum átt rétt á

sérstökum lokunarstyrkjum hafi þeim af sóttvarnayfirvöldum verið gert að loka eða hætta starfsemi, og hins vegar sótt um sérstök stuðningslán gegnum viðskiptabanka sem bera 100% ríkisábyrgð.

ASÍ styður markmið frumvarpsins um að viðhalda atvinnustigi og umsvifum í efnahagslífinu með því að styðja minni rekstraraðila sem orðið hafa fyrir tekjufalli vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og aðgerða til að hefta hana.

Til viðbótar við þau skilyrði sem sett eru fyrir fjárstuðningi skv. ákvæðum frumvarpsins leggur ASÍ áherslu á að opinber fjárstuðningur við fyrirtæki sé almennt háður eftirfarandi skilyrðum:

- Tveggja ára bann við arðgreiðslum fyrirtækja sem njóta ríkisaðstoðar þannig að arður myndaður á grundvelli opinberrar aðstoðar skapi ekki grundvöll til einkavæðingar afrakstursins.
- Rekstrarerfiðleikar séu tímabundnir og megi sannarlega rekja til heimsfaraldurs.
- Kannað verði áður en ríkisaðstoð er veitt, hvort bjargir fyrirtækjanna sjálfra, t.a.m. eigið fé, eigenda þeirra og hluthafa hafi verið nýttar eða megi nýta.
- Fyrirtæki hafi ekki verið í vanskilum með opinber gjöld og skatta
- Ekki verði stutt með opinberri fyrirgreiðslu við fyrirtæki sem stunda skipulögð kjarasamningsbrot og launabjófnað.
- Líffeyrissjód og sjúkrasjód.
- Fyrirtæki skuldbindi sig til að leita allra leiða til að viðhalda föstu ráðningarsambandi við starfsfólk sitt.
- Laun stjórnenda og launabil innan fyrirtækja sé innan hóflegra og skilgreindra marka.
- Viðurlög vegna misnotkunar á ríkisaðstoð til fyrirtækja sem veitt er vegna heimsfaraldurs kórónuveiru verði hert.
- Ekki verði stutt við fyrirtæki sem eiga eignir eða dótturfélög í skattaskjólum.

### **Frumvarp til laga um frekari aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 726. mál**

Heimsfaraldur kórónuveiru hefur þegar haft áður óþekkt áhrif á nánast alla þætti samfélags og efnahagslífs og reynt verulega á þanþol heilbrigðis- og velferðarþjónustu, heimila og atvinnulífs. Fjöldi fólks hefur á undanföllum vikum misst atvinnu eða tekið á sig skert starfshlutfall og margir búa nú við mikla óvissu um afkomu sína og framtíð. Alþýðusamband Íslands hefur við þessar aðstæður lagt megináherslu á að stjórnvöld tryggji afkomu- og húsnæðisöryggi heimila með öllum ráðum, styðji við atvinnuleitendur með því að

styrkja atvinnuleysisbótakerfið, tryggja þjónustu og menntunarræði og standi vörð um félagslega grunninnviði hins opinbera í heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfinu.

Ýmsar jákvæðar aðgerðir er að finna í nýjum tillögum stjórnvalda, sem miða m.a. að því að styrkja atvinnuuppbyggingu í gegnum stuðning við nýsköpun, rannsóknir og innlenda matvælaframleiðslu. Auk þess er þar að finna ýmsar félagslegar aðgerðir til að styðja viðkvæma hópa. Alþýðusambandið lýsir hins vegar verulegum vonbrigðum með að í aðgerðunum sé ekki að finna neinar tillögur til að tryggja afkomuöryggi þeirra hópa sem hafa fallið á milli skips og bryggju í fyrri aðgerðum stjórnvalda, s.s. einstaklinga sem eru með undirliggjandi sjúkdóma, óléttar konur, foreldra sem hafa misst úr vinnu vegna takmarkaðs leikskóla- og skólustarfs og launafólk sem starfar hjá fyrirtækjum sem skv. fyrirmælum sóttvarnaryfirvalda var gert að loka starfsemi sinni.

Þá ítrekar ASÍ mikilvægi þess að atvinnuleysistryggingakerfið verði styrkt m.a. með hækkun bótafjárhæða, lengingu tímabils tekjutengingar, hækkun stuðnings vegna barna og bættri réttarstöðu námsmanna. Þá er afar brýnt að stjórnvöld leggi nú þegar fram tillögur í samráði við aðila vinnumarkaðarins um hvernig hlutabótaúrræði atvinnuleysistrygginga verður framhaldið eftir 31. maí nk. þegar núgildandi bráðabirgðaákvæði fellur úr gildi. Efling atvinnuleysisbótakerfisins nú dregur verulega úr líkum á að einstaklingar og fjölskyldur sem verða fyrir atvinnumissi vegna aðstæðna lendi í íþyngjandi fjárhagserfiðleikum til lengri tíma og styður á sama tíma við kaupmátt heimilanna sem skiptir sköpum til að ná viðspyrnu í efnahagslífinu á ný sem fyrst.

ASÍ leggur jafnframt áherslu á að farið verði í aðgerðir til að treysta húsnæðisöryggi viðkvæmra hópa m.a. með auknum stuðningi við leigjendur en tekjulág heimili og erlent launafólk, sem margt hefur nú misst atvinnu að fullu eða hluta til, er fjölmenn á leigumarkaði, býr margt við mjög háan húsnæðiskostnað og lítið húsnæðisöryggi. Þá er brýnt að afgreiða nú á vorþingi frumvörp um hlutdeildarlán fyrir fyrstu kaupendur og þá sem ekki hafa átt húsnæði síðastliðin fimm ár, sem og frumvarp um aukna vernd fyrir leigjendur sem eru hluti af lofordum stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði voríð 2019. Þá er mikilvægt að stjórnvöld stuðli með öllum leiðum að því að tryggja stöðugleika í verðlags- og gengismálum til að koma í veg fyrir að verðbólga aukist, rýri kaupmátt og hækki höfuðstól og greiðslubyrði á skuldum heimilanna.

ASÍ ítrekar einnig mikilvægi þess að samráð sé haft við fulltrúa launafólks í þeim verkefnum sem fram undan eru við að takmarka afleiðingar faraldursins og í framhaldinu endurreisa og byggja upp til framtíðar. Verkalýðshreyfingin

býr yfir nauðsynlegri reynslu og þekkingu, þar á meðal á staðbundnum þáttum, til að móta tillögur um aðkallandi aðgerðir og framtíðarsýn fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins:

1. gr. – Lög um tekjuskatt – Heimild til frestunar skattgreiðslna vegna 2019 og jafna á móti tapi 2020 og skattaleg meðferð á eftirgjöf skulda

a-liður: Heimild til frestunar skattgreiðslna vegna 2019 og jafna á móti tapi 2020.

ASÍ gerir ekki athugasemdir við heimildina en í frumvarpinu eru sett skilyrði fyrir frestun skv. ákvæðinu m.a. um að ekki séu vanskil á sköttum og opinberum gjöldum. ASÍ leggur áherslu á að jafnframt séu sett skilyrði um að fyrirtæki séu ekki í vanskilum með laun og launatengd gjöld s.s. framlag í lífeyrissjóð og sjúkrasjóð. Þá ítrekar ASÍ áherslu sína um að almennt verði ekki stutt við fyrirtæki sem stunda skipulögð kjarasamningsbrot og launaþjófnað með opinberu fé.

b-liður: Skattaleg meðferð á eftirgjöf skulda lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

ASÍ telur að skilyrða skuli skattalega meðferð eftirgjafar á skuldum við að hún hafi sannanlega verið tilkomin vegna aðstæðna í rekstri sem með beinum hætti megi rekja til áhrifa af COVID-19. Varðandi 2. mgr. 1. gr. telur ASÍ að allt það sem stendur eftir af eftirgjöf skulda við árslok 2022 skuli tekjufærast í stað þess að gefa eftir tekjufærslu eftirstöðva undir 500 milljónum.

3. gr. – Endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu – heimild útvíkkuð til sveitarfélaga

Til að liðka fyrir framkvæmdum á vegum sveitarfélaga er lagt til að sveitarfélög, og stofnanir og félög alfarið í þeirra eigu, fái tímabundinn rétt til 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu á byggingastað vegna byggingar, viðhalds eða endurbóta á öðru húsnæði en íbúðar- og frístundahúsnæði sem er alfarið í þeirra eigu. ASÍ gerir ekki athugasemdir við ákvæðið en telur út frá jafnréttissjónarmiðum eðlilegt að almenna heimildin sem nú tekur til framkvæmda, viðhalds og hönnunar auk ræstinga, reglulegs viðhalds íbúðarhúsnæðis og bílaviðgerða nái einnig til starfsemi eins og saumastofa og viðgerðaverkstæða sem ýtir undir hringrásarhagkerfið.

4. gr. – Lífeyrissjóðalög – tímabundin rýmri fjárfestingarheimild í nýsköpunarfyrirtækjum

Lagt er til að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu verði aukin tímabundið til 1. janúar 2023. Sjóðunum er nú heimilt að eiga að hámarki 20% í hverjum sjóði en lagt til að hámarkið verði tímabundið hækkað í 35%, þó þannig að eignin fari aldrei umfram 1% heildareigna lífeyrissjóðsins auk þess sem hin útvíkkaða heimild er bundin við fjár-

festingu í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu í litlum eða meðalstórum nýsköpunarfyrirtækjum. Mikilvægt er að lífeyrissjóðirnir hafi rúma heimild til að styðja við aukna fjölbreytni í atvinnulífinu og uppbyggingu nýrra starfa, hvort sem þeir munu eða geta nýtt sér hana. Þá þarf að tryggja að fram fari samtal um hlutverk lífeyrissjóðanna í endurreisn og innviðaupbyggingu til framtíðar.

5. og 6. gr. – Lög um tekjustofna sveitarfélaga – Rýmri nýting á framlagi úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Með ákvæðunum er heimiluð rýmri nýting á framlögum úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem hefur það hlutverk að styðja uppbyggingu fasteigna sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk með miklar eða sértækar stuðningsþarfir. Gert er ráð fyrir að heimila sjóðnum að veita framlög til sveitarfélaga vegna framkvæmda til að bæta aðgengi fatlaðra að byggingum og útsvæðum. Þá er lagt til að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði einnig veitt heimild til að nýta allt að 1,5 ma.kr. úr fasteignasjóðnum til að greiða almenn framlög, framlög til rekstrar grunnskóla og framlög vegna þjónustu við fatlað fólk. ASÍ tekur undir mikilvægi þess að koma til móts við þann rekstrarvanda sem mörg sveitarfélög standa frammi fyrir vegna áhrifa Covid-19 og tryggja að þau geti staðið vörð um þá mikilvægu velferðarþjónustu sem er á þeirra hendi. ASÍ telur þó varhugavert að nýta sjóð eins og fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs, sem hefur skilgreint hlutverk við að tryggja uppbyggingu á húsnæði fyrir fatlað fólk, til reksturs. Það skapar fordæmi og eykur hættu á að þau verkefni sem sjóðnum er fyrst og fremst ætlað að sinna við uppbyggingu á húsnæði fyrir viðkvæma hópa sem víða er skortur á, verði útundan. Um þetta höfum við skýrt dæmi í Framkvæmdasjóði aldraðra sem hefur frá efnahagshruni verið nýttur til rekstrar öldrunarþjónustu andstætt hlutverki sínu og á kostnað innviðaupbyggingar.

7. gr. – Framlenging á lögum um laun í sóttkví

Alþýðusambandið fagnar því að gildistími laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisfyrivalda án þess að vera sýktir, nr. 24/2020, skuli framlengd til 30. september nk. Það er mikilvægt til að tryggja áfram að einstaklingar hafi tök á að fylgja fyrirmælum sóttvarnaryfirvalda án þess að óttast um afkomu sína. ASÍ ítrekar hins vega brýna nauðsyn þess að fella eftirtalda hópa sem þurfa að fara í það sem kalla má verndarsóttkví undir gildissviðs laganna, en í dag er afkoma þessara hópa ótryggð:

- Einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma sem samkvæmt ráðleggingum • heilbrigðisfyrivalda halda sig heima. ASÍ hefur bent á nauðsyn þess að lög um laun í sóttkví taki til einstaklinga með alvarlega undirliggjandi sjúkdóma sem fara að læknisráði í sóttkví án þess að hafa fengið bein fyrirmæli heil-

brigðisyfirvalda þar um. Ekki þarf að orðlengja mikilvægi þess að vernda þennan hóp og gæta þess eins og hægt er að hann smitist ekki. Liður í því er að tryggja honum framfærslu meðan á slíkri sóttkví stendur.

- Pungaðar konur á 36. viku og síðar sem samkvæmt ráðleggingum heilbrigðisyfirvalda halda sig heima. Bent hefur verið á þann vanda sem skapast ef fæðandi kona er smituð af Covid-19. Tryggja þarf því bæði öryggi þeirra og afkomu.

Í 2. mgr. 7. gr. er lagt til að við bætist nýtt ákvæði sem kveður á um að fari launamaður til útlanda, þrátt fyrir að honum hafi mátt vera ljóst að hann þyrfti að sæta sóttkví við heimkomu, komi ekki til greiðslna samkvæmt lögnum. ASÍ verkur athygli á því, að meginmarkmið laganna er að tryggja framfærslu þeirra sem sæta sóttkví. Þau taka til allra óhád því hvernig samskiptum við sýkta hefur verið háttað og ekki er gerð krafa um sérstaka rannsókn þess hvort þau samskipti hafi verið gálaus, af ásetningu, átt stað undir áhrifum áfengis eða skv. gildandi löggjöf, komið til vegna ferða erlendis eða innanlands. Með sömu rökum og gilda um ferðalög til útlanda skv. 2. mgr. mætti rökstyðja að ferðalög af NA-landi til höfuðborgarsvæðisins eða Vestfjarða o.s.frv. yrðu talin gálaus og ættu að varða bótamissi. Kjósi Alþingi engu að síður að hafa þetta ákvæði í lögnum væri í betra samræmi við tilgang laganna að vísa til ónaudsynlegra ferðalaga.

9 gr. – Rekstrarstuðningur við einkarekna fjölmiðla

Lagt er til að ráðherra fái heimild til að útfæra fyrirkomulag á sérstökum rekstrarstuðningi til einkarekinna fjölmiðla með reglugerð. ASÍ tekur undir mikilvægi þess að styrkja rekstrargrundvöll fjölmiðla og stuðla að því að þeir geti sinnt upplýsinga- og aðhaldshlutverki sínu sem er grundvallarþáttur í lýðræðissamfélagi. Þar sem útfærsla stuðningsins er alfarið í höndum ráðherra leggur ASÍ áherslu á að reglugerðin komi til almennrar umsagnar og við úrfærsluna verði horft til þess að stuðningurinn nýtist til að fjölga störfum og auka ráðningaröryggi starfsfólks á fjölmiðlum.

### **Frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, 735. mál**

Frumvarpið felur í sér heimild til stofnunar opinbers hlutafélags um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu. Félaginu er m.a. ætlað að halda utan um uppbyggingu samgönguinnviða, innheimtu flýtigjalda og þróun Keldnalands sem félaginu er lagt til. Áætlað er að félagið komi til með að starfa a.m.k. fram til ársins 2033.

Athygli vekur að sú leið er valin að setja á laggirnar opinbert hlutafélag sem hafi umsjón með ólíkum verkefnum, það er uppbyggingu innviða, þróun Keldnalands og svo mögulegri innheimtu flýtigjalda. ASÍ telur skorta rök-



stuðning fyrir því að stofna opinbert hlutafélag utan um þessi verkefni. Ekki kemur fram hvernig samspili við Vegagerðina á að vera háttáð eða hvers vegna verkefnið er ekki fjármagnað með beinum framlögum hins opinbera fremur en með tilfærslu eigna og þróun eignarlands.

Alþýðusambandið telur afar mikilvægt að ráðist sé í fjárfestingar á innviðum á næstu árum. Þessi afstaða birtist skýrt í nýútgefni stefnu ASÍ, Réttu leiðinni, um uppbyggingu Íslands til framtíðar. Ljóst er að núverandi aðstæður í efnahagsmálum kalla á að hið opinbera stígi kröftuglega fram, bregðist við fordæmalausum samdrætti í kjölfar útbreiðslu Covid-19 og stuðli að fullri atvinnu. Fjárfesting í samgönguinnviðum er einnig nauðsynleg til að ýta undir breyttar samgönguvenjur og draga úr losun koltvioxíðs og þannig sporna gegn loftslagsbreytingum.

Veruleg uppsöfnuð fjárfestingaþörf var þegar til staðar áður en núverandi efnahagskrísa hófst og skýrist hún af því að opinber fjárfesting hefur um árabil ekki haldið í við mannfjölgun eða breytingar samfélags, atvinnulífs og umhverfis. Af þeim sökum telur ASÍ fullt tilefni til að gagnrýna að nauðsynlegar fjárfestingar í innviðum séu háðar og tengdar sölu á eignum ríkisins (þróun Keldnalands og einnig vísað til sölu Íslandsbanka) og innheimtu flýtingjalda. ASÍ telur að nauðsynleg fjárfesting í innviðum og viðhald á innviðum eigi ekki að vera fjármögnuð með sölu eigna hins opinbera, heldur sé hún hluti af eðlilegum rekstri samfélagsins.

Við núverandi efnahagsaðstæður hefur ríkið getu til að styðja við aukna fjárfestingu án þess að þær séu háðar sölu eigna eða að byrðum sé velt á almenning í formi veggjalda. Ríkið hefur jafnframt mun skilvirkari leiðir til að fjármagna slíkar framkvæmdir til framtíðar, t.d. í gegnum réttlátt skattkerfi þar sem byrðunum er síður velt á hina tekjulægri.

### **Frumvarp til laga um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, 811. mál**

Um er að ræða eitt þriggja lagafrumvarpa í svokölluðum þriðja aðgerðapakka sem (auk tveggja annarra tengdra frumvarpa, um atvinnuleysistryggingar og kennitölulflakk) er viðbragð stjórnvalda við áhrifum COVID-19 á íslenskt atvinnulíf og vinnumarkað.

Mikilvægt er að nálgast „pakkann“ í heild sinni þar sem efni frumvarpanna og þær aðgerðir og úrræði sem eru boðuð eru nátengd. Því er einnig mikilvægt að forsendur og hugtakanotkun þeirra sé samræmd eins og tilefni og aðstæður leyfa. Í þessu sambandi leggur ASÍ áherslu á að ákvæði um skilyrði fyrir opinberum stuðningi og viðurlög við misnotkun á slíkum stuðningi séu sambærileg í öllum frumvörpunum eftir því sem við á.

Efni frumvarpsins eru í meginatriðum þrjúþétt.

Í fyrsta lagi er kveðið á um þau skilyrði sem fyrirtæki þurfa að uppfylla til að fá stuðning skv. frumvarpinu og kvaðir sem á þau eru lagðar. Um er að ræða styrk sem ber að endurgreiða í samræmi við þau skilyrði sem er að finna í frumvarpinu.

Í öðru lagi er kveðið á um þann stuðning sem fyrirtækjum stendur til boða og framkvæmdina.

Í þriðja lagi er síðan fjallað um réttindi starfsmanna m.a. varðandi endurráðningu til starfa.

Framkvæmdin verður í höndum Skattsins.

Umsögn Alþýðusambands Íslands

Um er að ræða nýtt tímabundið úrræði sem ætlað er að aðstoða fyrirtæki sem orðið hafa fyrir miklu tekjufalli vegna COVID-19 við að greiða starfsmönnum laun í uppsagnarfresti og koma þeim þannig í ákveðið skjól. Fyrirséð er að þorri fyrirtækjanna myndu að öðrum kosti standa frammi fyrir gjaldþroti með tilheyrandi atvinnumissi og tjóni fyrir starfsmenn þeirra. Hér er einkum um að ræða fyrirtæki í ferðaþjónustu og skyldum greinum. Þá eru bundnar vonir við að fyrirtækin rétti úr kútnum þegar atvinnulífið fer að taka við sér að nýju og geti þá ráðið þá einstaklinga sem sagt hefur verið upp aftur til starfa.

Alþýðusamband Íslands styður tilgang og meginefni frumvarpsins á framangreindum rökum. Um leið gerir ASÍ alvarlegar athugasemdir við nokkra þætti frumvarpsins sem mikilvægt er að bætt verði úr.

Skilyrði og ábyrgð fyrirtækja

Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um þau skilyrði sem fyrirtæki þurfa að uppfylla til að fá styrkinn, s.s. eins og að uppsögnin tengist afleiðingum faraldurs kórónaveirunnar og að meðaltal mánaðartekna frá 1. mars til uppsagnardags hafi dregist saman um a.m.k. 75% miðað við viðmiðunartímabil. Þá hafi ekki verið tekin ákvörðun um „úthlutun arðs, lækkað hlutafé með greiðslu til hluthafa, keypt eigin hluti, innt af hendi aðra greiðslu til eiganda á grundvelli eignaraðildar hans, greitt úmsaminn kaupauka, greitt af víkjandi láni fyrir gjalddaga eða veitt eiganda eða aðila nákomnum eiganda lán eða annað fjárframlag sem ekki varðar öflun, tryggingu eða viðhald rekstrartekna. Jafnframt skuldbindur hann sig til að gera enga framangreinda ráðstöfun fyrir en fjárstuðningurinn hefur að fullu verið tekjufærður skv. 8. gr. eða endurgreiddur skv. 9. gr.“ Þá eru sett skilyrði um að ekki séu vanskil á opinberum gjöldum og að fyrirtækið hafi staðið skil á skattframtölum, þ.m.t. um eignarhald í CFC-félagi. Einnig að staðið hafi verið í skilum með ársreikninga og upplýst um raunverulega eigendur.

Í 8. gr. er kveðið á um hvernig beri að tekjufæra stuðninginn á móti tapi vegna skattskila. Í 9. gr. er fjallað um hvernig atvinnurekandi getur leyst sig

undan skyldum með því að endurgreiða styrkinn með vöxtum og verðbótum.

Í 12. gr. er fjallað um ofgreiðslur og endurgreiðslu og hvernig henni skuli háttað þ.m.t. að hafi atvinnurekandi veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar skuli hann greiða 50% álag eða vera kærður til lögreglu. Þá er í 13. gr. kveðið á um að stuðningurinn skuli vera forgangskrafa komi til gjaldþrots fyrirtækisins, skv. reglum þar um. Loks er í 15. grein fjallað um viðurlög vegna brota á lögnum.

Alþýðusambandið gerir eftirfarandi athugasemdir við þennan þátt frumvarpsins:

Í drögum að frumvarpinu sem ASÍ voru kynnt 8. maí sl. sagði í 13. gr. um endurgreiðslur m.a.:

„Atvinnurekandi sem fær stuðning á grundvelli laga þessara skal endurgreiða stuðninginn að fullu áður en hann greiðir eiganda sínum hlutdeild í hagnaði eða eignum félagsins, hvort sem um er að ræða arð, kaup á hlutum eigenda eða aðra sambærilega úthlutun. Þessi skylda fellur niður að liðnum fimm árum frá móttökudegi síðasta hluta fjárstuðnings ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum.“ Þessi málsgrein hefur verið felld út í því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi. Á móti hefur verið bætt inn núverandi 8. gr. Það er þó ljóst að hún kemur með engum hætti í staðinn fyrir það sem var í frumvarpsdrögum.

Alþýðusambandið telur mikilvægt að úr þessu verði bætt og að framangreind málsgrein verði felld inn í 9. gr. frumvarpsins sem 1. mgr.

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um skilyrði varðandi hámark launa sem atvinnurekandi greiðir sér eða öðrum starfsmönnum eins og er í frumvarpinu um hlutabæturnar (813. mál). Lagt er til að þetta skilyrði verði felld inn með sama hætti og í „hlutabótafrumvarpinu“ og þá í samræmi við tillögu ASÍ. Þá má almennt segja að eðlilegt sé að almenn skilyrði til fyrirtækja og stjórnenda þeirra eigi að vera þau sömu í báðum frumvörpunum og þannig sé gætt samræmis. Þá skal áréttað að ASÍ telur rétt að miða við þreföld meðallaun skv. Hagstofunni sem þýðir um 2,2 milljónir á mánuði.

Þá er í 4. tölulið 4. gr. kveðið á um að ekki séu vanskil varðandi opinber gjöld. Lagt er til að hér verði vísað til launa, launatengdra gjalda, opinberra gjalda o.s.frv. sbr. „hlutabótafrumvarpið“.

Afmörkun stuðnings

Alþýðusambandið telur eðlilegt að nota fordæmi frá Ábyrgðasjóði launa varðandi fjárhæðir o.fl. og gerir engar athugasemdir við það, né heldur 85% viðmiðið.

Réttindi launamanna

Mikilvægt er að áréttá að þetta frumvarp, verði það að lögum, víkur ekki

til hliðar réttindum og skyldum launamanns og atvinnurekanda í uppsagnarfresti eins og þau eru samkvæmt ráðningarsamningi og viðeigandi kjarasamningi. Launafólk heldur því fullum kjörum á uppsagnarfresti. Þannig hefur 85% regla laganna engin áhrif til skerðingar á rétti starfsmanna, né heldur 3ja mánaða hámarkið.

Í 10. gr. er fjallað um breyttar aðstæður launamanna.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að það sé fortakslaust viðurkennt þannig að ekki valdi misskilningi að taki launamaður öðru starfi þá eigi að gilda almenn skaðabótaregla, þannig að ef starfið gefi lakari laun þá á hann rétt á mismuninum hjá sínum fyrri atvinnurekanda. Þetta er áréttað í greinargerð með frumvarpinu.

Varðandi réttindi launafólks til endurráðningar og á hvaða kjörum leggur ASÍ ríka áherslu á eftirfarandi:

Í 11. gr. er fjallað um réttindi launamanns.

Í 1. mgr. segir: „Hafi atvinnurekandi þegið stuðning samkvæmt lögum þessum ber honum að upplýsa þá launamenn, sem hann fékk greiddan stuðning vegna, um áform sín um að ráða að nýju í sambærilegt starf og gera þeim starfstilboð. Skyldan fellur niður að 12 mánuðum liðnum frá uppsagnardegi en í síðasta lagi 30. júní 2021. Viðkomandi launamaður skal eiga forgangsrétt að starfinu og skal svara tilboði um starf innan tíu virkra daga frá því honum barst tilboðið.“

Af hálfu ASÍ er krafa um að tekin verði af öll tvímæli um að atvinnurekanda beri að ráða starfsmanninn að nýju í sambærilegt starf ef starfsemin heldur áfram eða fer í gang að nýju. Jafnframt að almennt verði miðað við starfsaldur þannig að starfsmenn með lengstan starfsaldur fái fyrst ráðningu og svo koll af kalli. Þá er eðlilegt að almennt verði miðað við að starfsmaður hafi allt að mánuð til að bregðast við tilboðinu nema ríkar efnislegar ástæður hamli því.

Þá segir í 2. mgr. 11. gr.: „Komi til ráðningar að nýju skal launamaður halda þeim réttindum sem hann hafði unnið sér inn þegar til uppsagnar kom í samræmi við ákvæði kjarasamninga.“

Alþýðusambandið leggur til að þessi málsgrein hljóði svo: „Komi til ráðningar að nýju skal launamaður halda þeim réttindum sem hann hafði unnið sér inn þegar til uppsagnar kom í samræmi við fyrri ráðningarsamning og ákvæði kjarasamninga.“

Alþýðusambandið leggur að lokum til að bætt verði nýrri málsgrein við 11. gr. frumvarpsins þar sem komi fram að fyrirtæki leitist eins og kostur er við að mæta óskum launamanns í uppsagnarfresti um töku orlofs og úrræði til að auka hæfni sína og sækja sér menntun til að bæta stöðu sína á vinnumarkaði og/eða til starfa hjá endurreistu fyrirtæki.

## **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (skilvirkari framkvæmd), 812. mál**

Alþýðusambandið hefur nú um nokkurra missera skeið lagt áherslu á að lögín um atvinnuleysistryggingar verði endurskoðuð í heild sinni. Sú afstaða byggir annars vegar á þeim breytingum sem orðið hafa og eru að verða á vinnumarkaði og skipulagi vinnunnar og hins vegar á þeirri skoðun að mikilvægt sé að fólk í atvinnuleit hafi tækifæri til og geti nýtt þann tíma til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með því að sækja sér menntun eða auka hæfni sína með öðrum hætti.

Alþýðusambandið hefur jafnframt lagt ríka áherslu á að atvinnuleysisbætur verði þegar í stað hækkaðar og tekjutengda tímabilið lengt.

Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar tekur á hvorugum framangreindra þátta. Hvað varðar fyrri þáttinn þá er á vettvangi „Samhæfingarhóps um atvinnu- og menntunarúrræði“ unnið að tillögum sem hafa að markmiði að styðja atvinnuleitendur með vinnumarkaðsaðgerðum og menntunarúrræðum sem hvetja til virkni og hæfnisuppbyggingar til framtíðar. Vænta má tillagna frá þeim hópi í þessum efnum a.m.k. um tímabundnar breytingar. Þá er í greinargerð með frumvarpinu boðuð heildarendurskoðun á lögnum sem ASÍ leggur áherslu á að hefjist sem allra fyrst. Hvað varðar fjárhæð atvinnuleysisbóta er mikilvægt að strax verði tekin ákvörðun um hækkun grunnbóta atvinnuleysistrygginga, hækkun tekjutengdra bóta og lengingu tímabils tekjutengdra atvinnuleysisbóta.

Alþýðusambandið gerir tillögu um hækkun atvinnuleysisbóta og lengingu á tekjutengda tímabilinu hér á eftir, auk þess að fjalla um efni frumvarpsins sem hér er til umfjöllunar að öðru leyti.

Helstu breytingarnar sem frumvarpið felur í sér eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er með frumvarpinu lagt til að afnumin verði sú skylda launamanns að skila inn vottorði atvinnurekanda. Þess í stað er lagt til að launamaður upplýsi sjálfur um þau atriði sem vottorð atvinnurekanda tiltekur.

Í öðru lagi er lagt til að skýrt verði kveðið á um í lögum um atvinnuleysistryggingar að Vinnuálastofnun sé heimilt að greiða launamanni gjaldþrota félags atvinnuleysisbætur skv. 32. og 33. gr. laganna þann tíma sem hann er án atvinnu frá uppkvaðningu úrskurðar um að bú félagsins skuli tekið til gjaldþrotaskipta á meðan hann bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum um Ábyrgðasjóð launa. Sambærilegar breytingar eru gerðar á Ábyrgðasjóðslögnum.

Í þriðja lagi er kveðið á um að þeir einstaklingar sem taka atvinnuleysisbætur skuli hafa skráð lögheimili hér á landi.

Í fjórða lagi eru með frumvarpinu lagðar til breytingar á viðurlagakaflla laga um atvinnuleysistryggingar.

ASÍ styður þrjú fyrstu efnisatriðin sem tilgreind eru hér að framan en gerir athugasemdir og tillögur um breytingar á því fjórða.

Afnumin skylda launamanns til að skila inn vottorði vinnuveitanda.

Alþýðusambandið hefur lengi gagnrýnt það fyrirkomulag að launafólki sem sækir um greiðslu atvinnuleysisbóta sé skylt að skila inn vottorði vinnuveitanda. Hvort tveggja er að bið eftir slíkum vottorðum hefur tafið afgreiðslu af hálfu Vinnumálastofnunar og þannig valdið umsækjendum óþægindum og fjárhagslegu tjóni. Í sumum tilfellum hafa atvinnurekendur hreinlega hafnað því að gefa út slík vottorð eða veitt með þeim rangar upplýsingar sem skapað hafa mikla óvissu, valdið seinkunum á greiðslum og jafnvel orðið til þess að launafólk hefur tapað rétti sínum til atvinnuleysisbóta. Þar við bætast þau rök sem færð eru fyrir þessari breytingu í greinargerð með frumvarpinu sem lúta að skilvirkni í framkvæmd.

Greiðsla úr atvinnuleysistryggingasjóði miðað við úrskurðardag við gjaldþrot.

Þetta ákvæði er komið inn í frumvarpið að ósk Alþýðusambandsins. Það felur einfaldlega í sér að þegar launamaður skráir sig umsækjanda um atvinnuleysisbætur, frá og með þeim degi sem fyrirtækið sem hann starfaði hjá var úrskurðað gjaldþrota, á hann rétt á greiðslu úr atvinnuleysistryggingasjóði. Samkvæmt núgildandi lögum og framkvæmd skapast þessi réttur ekki fyrr en frá og með næstu mánaðamótum, ef uppsagnarfresturinn miðar við mánaðamót. Sem dæmi má nefna að ef fyrirtæki er úrskurðað gjaldþrota þriðja dag mánaðar og starfsmaður á uppsagnarfrest m.v. mánaðamót fær hann ekki greitt úr atvinnuleysistryggingasjóði fyrr en frá og með fyrsta næsta mánaðar. Þannig getur starfsmaður í reynd verið tekjulaus í tvo mánuði og jafnvel lengur hafi fyrirtæki ekki greitt honum laun vegna síðasta heila mánaðarins í starfi.

Breytingin hefur ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir Atvinnuleysistryggingasjód þar sem sjóðurinn fær greiðsluna í uppsagnarfesti starfsmanna endurgreidda frá Ábyrgðasjóði launa.

Skilyrði um skráningu lögheimilis hér á landi.

Alþýðusambandið fellst á það sjónarmið sem fram kemur í frumvarpinu að eðlilegt sé að gera kröfu um að umsækjandi um atvinnuleysisbætur, hvort sem um er að ræða launamann eða sjálfstætt starfandi, sé með skráð lögheimili hér á landi. Fyrir liggur að það hefur oft reynst Vinnumálastofnun erfitt að afla gagna og staðreyna hvar aðili er í raun búsettur og staddur þegar hann sækir um atvinnuleysisbætur hér á landi. Þá ætti þetta ákvæði að fyrirbyggja að einstaklingur sé að sækja um greiðslur úr tryggingakerfi tveggja landa samtímis, þ.e. hér á landi og þar sem hann er skráður með lögheimili.

Breytingar á viðurlagakaflla laga um atvinnuleysistryggingar.

Lagðar eru til breytingar til að bregðast við dómi sem fallið hefur í héraðs-dómi um túlkun á 60. gr. laganna þar sem kveðið er á um viðurlög við því þegar atvinnuleysisbóta er aflað með sviksamlegum hætti. Samkvæmt dóm-inum er Vinnumálastofnun ekki heimilt að beita viðurlögum á grundvelli 60. gr. nema hún geti sannað að einstaklingur hafi haft ásetning til að afla sér atvinnuleysisbóta með sviksamlegum hætti. Bent er á að sönnun um ásetning geti verið mjög flókin eða jafnvel ómöguleg í slíkum tilfellum. Því er lagt til að tekin verði upp hlutlæg regla í staðinn þar sem skýrt verði kveðið á um hvaða viðurlög eigi við þegar tryggður aðili, sem hefur verið skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í fjórar vikur eða lengur, verður uppvís að því að starfa á innlendum vinnumarkaði á sama tíma og hann fær greiddar atvinnuleysisbæt-ur eða sætir biðtíma eða viðurlögum án þess að hafa tilkynnt Vinnumálastofn-un um tilfallandi vinnu skv. 35. gr. a laganna eða að atvinnuleit sé hætt skv. 10. gr. laganna. Í ákvæðinu er tekið fram að hinn tryggði skuli, vegna slíkra brota, ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir en hann hefur starfað í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur.

Framangreint ákvæði var til umfjöllunar í samráði sem félagsmálaráðu-neytið efndi til með aðilum vinnumarkaðarins og Vinnumálastofnun í byrjun árs 2020. Á þeim tímapunkti var fallist á að fara þá leið sem er að finna í frumvarpinu. Af hálfu fulltrúa Alþýðusambandsins byggði það á tvennu. Annars vegar að koma beri í veg fyrir að einstaklingar fái greiddar atvinnuleysisbætur með sviksamlegum hætti, þ.e. samhliða vinnu án þess að gera grein fyrir því. Hins vegar að tryggt væri að þeir einstaklingar sem hafa sótt um og fá greiddar atvinnuleysisbætur hafi fengið ítrekað upplýsingar um þær reglur sem gilda um þetta efni og hvaða viðurlög eru við því, þannig að hafið sé yfir allan skynsamlegan vafa. Af hálfu Vinnumálastofnunar var fullýrt að þetta væri ekki vandamál.

Ljóst er að staðan í dag er allt önnur en var í byrjun árs, þegar atvinnuleysi hefur margfaldast og ljóst er að Vinnumálastofnun og starfsmenn þess eru að glíma við áður óþekkt atvinnuleysi með tilheyrandi álagi. Við þessar aðstæður er alls ekki hægt að fullyrða að stofnunin geti með góðu móti uppfyllt þau skilyrði um upplýsingagjöf sem að framan greinir.

Í ljósi framanritaðs er það tillaga Alþýðusambandsins að ný 59. g. a. hljóði svo:

Látið hjá líða að tilkynna um vinnu samhliða atvinnuleysisbótum.

Sá sem hefur verið skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í fjórar vikur eða lengur og verður uppvís að því að starfa á innlendum vinnumarkaði á sama tíma og hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlög-um samkvæmt lögum þessum án þess að hafa tilkynnt Vinnumálastofnun um

tilfallandi vinnu skv. 35. gr. a eða að atvinnuleit sé hætt skv. 10. gr. skal sæta biðtíma sbr. 56. gr. Ef um ítrekað brot er að ræða skapast ekki réttur á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrr en hann hefur starfað a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur. Skal honum jafnframt verða gert að endurgreiða ofgreiddar atvinnuleysisbætur skv. 39. gr.

Með þessari breytingu ætti að vera tryggt að einstaklingur hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um þær reglur sem eru í gildi og hvaða viðurlög eru við brotum á þeim. Jafnframt eru viðurlög við fyrsta brot milduð frá því sem lagt er til í frumvarpinu.

Hækkun á greiðslum úr atvinnuleysistryggingasjóði og framlenging á tekjutengda tímabilinu

Alþýðusamband Íslands og aðildarsamtök þess hafa ítrekað á síðustu vikum og mánuðum gert kröfu um að upphæð atvinnuleysisbóta, jafnt grunnbóta og tekjutengdra bóta, verði hækkuð og sá tími sem einstaklingar njóta tekjutengdra bóta lengdur.

Nú eru grunnbætur úr atvinnuleysistryggingasjóði m.v. fullt starf kr. 289.510 á mánuði (auk þess sem greidd er lág fjárhæð með hverju barni á framfæri yngra en 18 ára). Þá eru tekjutengdar bætur að hámarki kr. 456.404 á mánuði, en þó aldrei hærrí en 70% af meðaltali heildarlauna á viðmiðunartímabilinu. Tekjutengdar atvinnuleysisbætur eru lengst greiddar í þrjá mánuði, en þó ekki fyrstu tvær vikur í atvinnuleysi.

Alþýðusambandið telur að fjárhæðir bótanna séu allt of lágar og tekjutengd tímallengd of stutt. Við þær aðstæður sem nú eru uppi á vinnumarkaði og fyrirsjáanlegar eru á næstu misserum er brýnna sem aldrei fyrr að gera breytingar hér á til að forða því fólki sem misst hefur og er að missa vinnuna frá enn verri áföllum en felast í atvinnumissi og því tekjutapi sem honum fylgir.

Í þessu sambandi má einnig benda á að upphæð atvinnuleysisbóta var lengi miðuð við 7. texta Dagsbrúnar eftir 1 ár. Sambærileg viðmiðun í launataxta verkafólks mundi gefa mun hærrí upphæð en nú er. Þá má benda á að grunnbæturnar eru nú ríflega 86% af lágmarkstekjutryggingu skv. kjarasamningi Starfsgreinasambandsins en voru árið 2010 ríflega 95%. Á sama hátt er hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta nú í lágmarki miðað við grunnbæturnar frá því tekjutengingin var tekin upp.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusambandið til breytingar m.v. núgildandi lög og upphæðir atvinnuleysisbóta. Um er að ræða hóflegar breytingar sem eru einfaldar og hægt er að hrinda strax í framkvæmd en með því fororði þó að heildarendurskoðun laganna fari fram og þá verði fjárhæðir atvinnuleysisbóta og annar stuðningur úr atvinnuleysistryggingasjóði tekinn til gagn Gerrar skoðunar með það að markmiði að forða fólki frá tekjufalli.



Tillaga Alþýðusambandsins á þessu stigi er eftirfarandi:

Grunnatvinnuleysisbætur verði sem svarar 95% af tekjutryggingu m.v. fullt starf. Sú fjárhæð er í dag kr. 318.250 (þ.e. um 9,9% frá núverandi fjárhæð). Þá verði greiðsla með hverju barni á framfæri yngra en 18 ára hlutfallslega sú sama og í dag.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur nemi sem næst 70% af meðaltali heildarlauna á vinnumarkaði. Sú fjárhæð er í dag kr. 529.381.

Þá verði dregið úr tekjutengingu þannig að tekjur upp að dagvinnutekjutryggingu skerði ekki tekjutengdar bætur. Sú fjárhæð er í dag kr. 335.000.

Tímabil tekjutengdra atvinnuleysisbóta verði lengt tímabundið úr þremur mánuðum að hámarki í sex mánuði.

Alþýðusamband Íslands leggur til að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar verði samþykkt enda verði fallist á þær breytingar sem lagðar eru til hér að framan.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysisstryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa (framlenging hlutabótaleiðar), 813. mál**

Um er að ræða eitt þriggja lagafrumvarpa í svokölluðum þriðja aðgerðapakka sem (auk tveggja annarra tengdra frumvarpa, um atvinnuleysisstryggingar og kennitölufلاك) er viðbragð stjórnvalda við áhrifum COVID-19 á íslenskt atvinnulíf og vinnumarkað.

Mikilvægt er að nálgast „pakkann“ í heild sinni þar sem efni frumvarpanna og þær aðgerðir og úrræði sem eru boðuð eru nátengd. Því er einnig mikilvægt að forsendur og hugtakanotkun þeirra sé samræmd eins og tilefni og aðstæður leyfa. Í þessu sambandi leggur ASÍ áherslu á að ákvæði um skilyrði fyrir opinberum stuðningi og viðurlög við misnotkun á slíkum stuðningi séu sambærileg í öllum frumvörpunum eftir því sem við á.

Meginefni frumvarpsins:

Helstu breytingarnar sem frumvarpið felur í sér eru þrjú þættar.

Í fyrsta lagi er hlutabótaleiðin framlengd um þrjú mánuði til 1. september nk. og krafa um að starfshlutfall launafólks sem fær greiddar hlutabætur verði frá 1. júlí nk. að lágmarki 50%. Þá er fjallað um hvernig standa á að framlengingunni af hálfu launafólks og atvinnurekenda.

Í öðru lagi er kveðið á um skilyrði sem fyrirtæki þurfa að uppfylla til að starfsmenn geti sótt um hlutabætur, mögulegar endurgreiðslur og viðurlög.

Í þriðja lagi er kveðið á um frekari réttindi launafólks og einyrkja miðað við núgildandi bráðabirgðaákvæði.

Umsögn Alþýðusambands Íslands:

ASÍ styður meginefni frumvarpsins, bæði framlenging hlutabótaákvæðis-

ins, skilyrði sem fyrirtækin þurfa að uppfylla, auknar heimildir Vinnumálastofnunar og aukin réttindi launafólks og einyrkja.

Skilyrði og ábyrgð fyrirtækja

Í frumvarpinu er kveðið á um með afdráttarlausum hætti hvaða skilyrði fyrirtæki þurfa að uppfylla til að starfsmenn þeirra geti fengið hlutabætur. Annars vegar um breytingar á rekstrarlegum forsendum og hins vegar hvaða önnur skilyrði fyrirtæki þurfa að undirgangast og uppfylla. Þannig skal atvinnurekandi staðfesta að hann hafi á tímabilinu 1. júní 2020 til 31. maí 2023 ekki í hyggju að greiða út arð, lækka hlutafé með greiðslu til hluthafa, greiða óumsamda kaupauka, kaupa eigin hlutabréf, inna af hendi aðrar greiðslur til eigenda á grundvelli eignaraðildar þeirra, greiða af víkjandi láni fyrir gjalddaga, veita eigendum eða nákomnum aðilum lán eða annað fjárframlag sem ekki varðar öflun, tryggingu eða viðhald rekstrartekna. Þá er komin inn krafa um að atvinnurekendur greiði upphæð hlutabótanna til baka með 15% álagi uppfylli atvinnurekandi ekki skilyrði laganna. Margt er þarna ágætt og í samræmi við þær áherslur sem ASÍ hefur sett fram. Sama gildir um heimildir sem veittar eru Vinnumálastofnun, þ.m.t. um birtingu lista yfir þau fyrirtæki sem nýta hlutabótaleiðina, og viðurlög ef brotið er gegn lögnum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um atriði skv. 7. mgr. skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema brot megi teljast minni háttar.

Athugasemdir:

- 1) Ekki er að finna í upptalningunni skyldu atvinnurekanda til að hafa upplýst um raunverulegan eiganda sbr. lög nr. 82/2019 eins og er m.a. í frumvarpinu um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti. Á þessu verður að ráða bót enda mikilvægt í þágu gagnsæis.
- 2) Í frumvarpinu segir: „Þá skal vinnuveitandi staðfesta að hann hafi á tímabilinu 1. júní 2020 til 31. maí 2023 ekki í hyggju að greiða út arð, lækka hlutafé með greiðslu til hluthafa, greiða óumsamda kaupauka, kaupa eigin hlutabréf, inna af hendi aðra greiðslu til eigenda á grundvelli eignaraðildar þeirra, greiða af víkjandi láni fyrir gjalddaga, veita eigendum eða nákomnum aðilum lán eða annað fjárframlag sem ekki varðar öflun, tryggingu eða viðhald rekstrartekna eða greiða eigendum sínum eða æðstu stjórnendum mánaðarlaun sem nema hærri fjárhæð en 3.000.000 kr. til hvers og eins, eftir því sem við á.“

Markmiðið um launapak sem hér er lagt til er mikilvægt og í samræmi við stefnu og áherslur ASÍ. Hins vegar er launapakíð sem nemur ríflega 4 földum

meðallaunum, en ekki þreföldum eins og ASÍ leggur til.

Réttur launafólks og einyrkja

Samkvæmt frumvarpinu er fallist á allar ábendingar sem ASÍ hefur sett fram varðandi réttindi launafólks og einyrkja í hlutabótaleiðinni.

1. Fallist er á rétt fólks sem hefur verið í fæðingarorlofi til að nota viðmið um tekjur fyrir töku fæðingarorlofs.
2. Fallist er á rétt fólks sem hefur verið í foreldraorlofi til að nota viðmið um tekjur fyrir töku foreldraorlofsins.
3. Fallist er á að launafólk geti óskað eftir að nota tekjur ársins 2019 sem viðmið um tekjur ef miklar árstíðasveiflur eru í tekjum þess.
4. Fallist er á að einyrkjar njóti sambærilegra réttinda og launafólk varðandi framlengingu tekjutengda tímabilsins, þ.e. að tímabilið til 1. september dregst ekki frá tekjutengda tímabilinu.

Allar eru þessar breytingar afturvirkar til 15. mars sl. Alþýðusambandið fagnar þessum réttarbótum. Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusambandið til að frumvarpið verði samþykkt að teknu tilliti til þeirra ábendinga sem koma fram hér að ofan.

### **Frumvarp til laga um tímabundnar heimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar atvinnufyrirtækja, 814. mál**

Um er að ræða eitt þriggja lagafrumvarpa í svokölluðum þriðja aðgerðapakka sem (auk tveggja annarra tengdra frumvarpa, um atvinnuleysistryggingar og kennitölufلاك) er viðbragð stjórnvalda við áhrifum COVID-19 á íslenskt atvinnulíf og vinnumarkað.

Mikilvægt er að nálgast „pakkann“ í heild sinni þar sem efni frumvarpanna og þær aðgerðir og úrræði sem eru boðuð eru nátengd. Því er einnig mikilvægt að forsendur og hugtakanotkun þeirra sé samræmd eins og tilefni og aðstæður leyfa. Í þessu sambandi hefur ASÍ lagt áherslu á að ákvæði um skilyrði fyrir opinberum stuðningi og viðurlög við misnotkun á slíkum stuðningi séu sambærileg í öllum frumvörpunum eftir því sem við á.

Meginefni frumvarpsins

Frumvarpið felur í sér möguleika á tímabundnu skjóli fyrir fyrirtæki sem orðið hafa fyrir miklum tekjusamdrætti vegna COVID-19 til að fara í fjárhagslega endurskipulagningu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Umsögn Alþýðusambands Íslands

Alþýðusambandið hefur fengið tækifæri til að koma að sínum sjónarmiðum við vinnslu málsins á vettvangi dómsmálaráðuneytisins. Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir hefur verið orðið við ábendingum og athugasemdum sambandsins.

Þá telur Alþýðusambandið lykilatriði að samhliða þessu frumvarpi verði afgreitt mál nr. 815, Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 (aðgerðir gegn kennitölulflakki).

### **Frumvarp um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 (aðgerðir gegn kennitölulflakki), 815. mál**

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands („samtökin“) skiluðu sameiginlegri umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 (aðgerðir gegn kennitölulflakki) hinn 5. mars.

Samtökin fagna frumvarpinu sem felur í sér tímamótaskref í að stemma stigu við kennitölulflakki og annarri misnotkun á hlutafélagiforminu. Unnt verður að stöðva kennitölulflakkara og aðra vanhæfa einstaklinga frá því að halda áfram að valda samfélaginu tjóni með skjótvirkum hætti. Úrræðaleysi á því hefur verið ein meginástæða þess að ekki hefur náðst viðunandi árangur í að sporna gegn kennitölulflakki að mati samtakanna. Með frumvarpinu eru því send skýr skilaboð um að kennitölulflakk sé ekki valkostur.

Í tillögum samtakanna, Stöðvum kennitölulflakk, frá 20. júní 2017 var lagður fram aðgerðarpakki til að stöðva kennitölulflakk í 9 tölulíðum:

1) Atvinnurekstrarbannsheimild 2) Lífeyrissjóðsiðgjöld verði betur vernduð 3) Nefnd skipuð um hvernig megi styrkja stöðu kröfuhafa 4) Heimild ráðherra til að slíta félögum skv. 107. gr. hlutafélagalaga færð yfir til ríkisskattstjóra 5) Ríkisskattstjóri fái upplýsingar um refsíðoma í tengslum við atvinnurekstur 6) Opinberir aðilar marki sér heildstæða stefnu um aðkomu að þrotabúum félaga 7) Hæfisskilyrði hlutafélagalaga nái til skuggastjórnanda 8) Fræðsla 9) Bætt gæði skiptastjóra

Á sama tíma og samtökin fagna því að stærsta tillaga þeirra fái brautargengi telja þau mikilvægt að henni verði fylgt eftir með því að bregðast við útistandandi tillögum samtakanna:

- Fræðsluáttak
- Auknar kröfur verði gerðar til skiptastjóra, t.d. með því að setja það sem hæfisskilyrði að skiptastjóri hafi sótt námskeið í skiptastjórn þrotabúa hjá Lögmannafélagi Íslands
- Nauðsynlegar lagabreytingar verði gerðar til að vernda betur lífeyrissjóðsiðgjöld
- Staða kröfuhafa verði bætt í riftunarmálum
- Opinberir aðilar marki sér heildstæða stefnu um aðkomu sína að þrotabúum félaga.

## **Frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 36/2020,**

### **841. mál**

Alþýðusambandið ítrekar fyrri áherslur sínar um mikilvægi þess að við núverandi aðstæður einblíni stjórnvöld á að tryggja afkomu- og húsnæðisöryggi heimilanna, styðji við atvinnuleitendur, sér í lagi með því að styrkja atvinnuleysisbótakerfið, efla virkar vinnumarkaðsaðgerðir og menntunarræði og standa vörð um félagslega grunninnviði til að tryggja þjónustu hins opinbera í heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfinu. Undir engum kringumstæðum má mæta fyriðum hallarekstri hins opinbera með niðurskurði í heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfinu eða aðhaldi í afkomuþryggingakerfunum. Þá hafnar ASÍ því að reikningurinn verði sendur á launafólk í formi skattahækkana, auknum notendagjöldum eða nefsköttum. Aðstæður að undanfögnu hafa svo um munar minnt á mikilvægi þess að viðhalda sterkum félagslegum innviðum og nýta þá ekki til að jafna sveiflur í efnahagslífinu.

Í þessu þriðja frumvarpi til fjárukalaga sem lagt er fram á yfirstandandi vörpingi vegna aðgerða til að mæta afleiðingum kórónuveirufaraldursins er í fyrsta lagi lagt til að veitt verði samtals 1.150 m.kr. heimild annars vegar til stofnframlags í sprota- og nýsköpunarsjóðinn Kríu og hins vegar til stofnframlags í Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem nýta skal til að veita móttframlagslán til sprotafyrirtækja sem orðið hafa fyrir tímabundnum skakkaföllum vegna heimsfaraldurs. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði samtals ríflega 65 ma.kr. viðbótarfjárheimild vegna fjögurra þátta, þ.e. framlengingar á greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli (34 ma.kr.), greiðslu launakostnaðar á uppsagnarfresti (27 ma.kr.), greiðslu launa einstaklinga sem sæta sóttkví (2 ma.kr.) og auknum endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar (2 ma.kr.).

Athugasemdir við einstaka þætti:

1. gr. Fjárheimildir - Hlutabætur, laun í uppsagnarfresti og laun í sóttkví:  
Alþýðusambandið hefur stutt meginefni og tilgang umræddra úrræða og leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggja fjárheimildir vegna þeirra. ASÍ vill þó í þessu sambandi ítreka afstöðu sína um nauðsyn þess að tryggja með fullnægjandi hætti réttindi launafólks til endurráðningar og starfskjara skv. fyrri ráðningarsamningi með skýrari hætti en gert er með nýsamþykktum lögum um stuðning ríkissjóðs vegna greiðslu hluta launakostnaðar í uppsagnarfresti, sbr. umsögn ASÍ um mál nr. 811.
2. Þá árettar ASÍ mikilvægi þess að fjármagna stuðning og þjónustu við þann stóra hóp fólks sem misst hefur atvinnuna á liðnum mánuðum og telur nauðsynlegt að efla nú þegar atvinnuleysisþryggingakerfið með hækkun bótafjárhæða og lengingu á tímabili tekjutengingar. ASÍ hefur

lagt fram útfærðar tillögur í þeim efnum í umsögn um mál nr. 812 og vonast til góðs samráðs við Alþingi um nánari útfærslu þeirra.

3. gr. – Heimildir – stuðningur við nýsköpun og rannsóknir:

ASÍ styður áform um aukinn stuðning við nýsköpun og rannsóknir og leggur áherslu á að markmið hans sé ávallt að fjölga góðum störfum um allt land og stuðla að uppbyggingu á grunni sjálfbærni og jöfnuðar.

Varðandi 650 m.kr. framlag til Kríu er nánar vísað til umsagnar ASÍ um mál nr. 711.

Þá er í ákvæðinu lagt til að veita allt að 500 m.kr. til sérstakra mótframlagslána til sprotafyrirtækja sem veitt verða í gegnum Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins með sérstökum samningi við ráðherra nýsköpunarmála þar sem m.a. verði kveðið á um skilyrði fyrir lántökunni. ASÍ leggur í því sambengi áherslu á að horft verði til þess að sett séu sambærileg skilyrði og fyrir öðrum opinberum fjárstuðningi og fyrirgreiðslum til fyrirtækja vegna afleiðinga heimsfaraldurs og að regluverk og upplýsingar um fyrirgreiðslu liggi fyrir með skýrum og gagnsæjum hætti.

**Frumvarp til laga um breytingar á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015 (samhliða framlagning mála á samkomudegi reglulegs Alþingis 2020), 842. mál**

Frumvarpið er lagt fram vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem nú ríkja í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónaveiru og mikillar óvissu um framvindu og horfur. Með því er í fyrsta lagi lagt til að Alþingi veiti ráðherra svigrúm til ársloka 2020 til að leggja fram skýrslu með mati á líklegri þróun samfélags-, atvinnu-, umhverfis- og byggðarpáttá og lýðfræðilegra breytna til næstu áratuga og áhrifum þeirra á afkomu, fjárhagsstöðu og skuldbindingar opinberra aðila sem ber lögum samkvæmt að leggja fram eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Í öðru lagi er lagt til bráðabirgðaákvæði sem heimilar framlagningu á þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 og þingsályktunartillögu um breytingar á fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022 á samkomudegi reglulegs Alþingis haustið 2020, en skv. frumvarpi til laga um breytingar á lögum um þingsköp Alþingis (840. mál), er stefnt að því að fresta þingssetningu haustþings 2020 til 1. október. Þingsályktunartillögur um endurskoðaða fjármálastefnu og fjármálaáætlun til næstu fimm ára yrðu þannig lagðar fram samhliða frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021 sem að jafnaði er fyrsta þingskjal sem lagt er fram í upphafi nýs þings að hausti.

Alþýðusambandið telur skiljanlegt að aukið svigrúm þurfi við núverandi aðstæður til þess að leggja mat á og aðlaga áætlanir í opinberum fjármálum að þeim miklu breytingum sem orðið hafa í efnahags- og atvinnulífi bæði innanlands og á alþjóðavísu á undanförunum mánuðum. Afleiðingar kórónu-

veirunnar og ráðstafana til að hefta útbreiðslu hennar, sem og nauðsynlegra aðgerða til að takmarka áhrif á afkomu heimila, fyrirtækja og hagkerfið allt, eru enn óljósar og óvissa mikil. ASÍ setur sig því ekki upp á móti frestun á framlagningu á endurskoðaðri fjármálastefnu og nýrri fjármálaáætlun en telur að samhliða framlagning og umfjöllun Alþingis um fjármálastefnu, fjármálaáætlun og frumvarps til fjárlaga kunni að orka tvímælis í ljósi laga um opinber fjármál sem gera ráð fyrir að fjármálaáætlun grundvallist á fjármálastefnu og fjármálaáætlun sé nánar útfærð í fjárlögum. ASÍ tekur því undir ábendingu fjármálaráðs um að heppilegra sé að umfjöllun um fjármálastefnu sé lokið áður en fjármálaáætlun er lögð fram. ASÍ telur þannig æskilegt að ljúka afgreiðslu á endurskoðaðri fjármálastefnu og nýrri fjármálaáætlun eigi síðar en seinni hluta septembermánaðar, áður en nýtt þing kemur saman þann 1. október og fjárlög næsta árs verða tekin til umfjöllunar.

Í tengslum við umræðu um stefnumótun í opinberum fjármálum við núverandi aðstæður vill ASÍ undirstrika mikilvægi þess að efla og standa vörð um grunninnviði hins opinbera í heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfinu. Hinir félagslegu innviðir eru og verða einn af styrkleikum Íslands og forsenda þess að geta tekist á við félagslegar og efnahagslegar afleiðingar heimsfaraldursins og þau stóru verkefni sem bíða vegna umbreytinga á vinnumarkaði og við að ná tókum á loftslagsbreytingum. Þá munu áherslur og aðgerðir sem tryggja afkomu- og húsnæðisöryggi almennings sem og þjónustu og menntunartækifæri fyrir atvinnuleitendur skipta sköpum til þess að efnahagslífið nái viðspyrnu á ný sem fyrst.

Þá áréttar ASÍ mikilvægi þess að fjármálastefna og áætlanir í opinberum fjármálum endurspegli þau loforð sem stjórnvöld gáfu launafólki í tengslum við kjarasamninga síðastliðið vor til lausnar á ýmsum samfélagslegum viðfangsefnum sem hafa veruleg áhrif á lífskjör og afkomu launafólks s.s. skattkerfisbreytingar, umbætur í húsnæðismálum, fæðingarorlof og aðgerðir til að undirbyggja sanngjarnan vinnumarkað. Framganga mála í yfirlýsingu stjórnvalda er einn þeirra þátta sem horft verður til við mat á forsendum kjarasamninga aðildarfélaga ASÍ við endurskoðun þeirra í lok september næstkomandi.

### **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, 843. mál**

Með frumvarpinu er lagt til að ráðherra fái heimild til að semja við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um framkvæmd mótframlagslána til sprota- og nýsköpunarfyrirtækja gegn framlagi fjárfesta til viðkomandi fyrirtækja. Gert er ráð fyrir að í samningnum verði m.a. kveðið á um skilyrði, kjör, afgreiðslu og meðferð mótframlagslánanna.

ASÍ styður almenn áform um aukinn stuðning við nýsköpun og rannsókn-

ir og leggur áherslu á að markmið hans sé ávallt að fjölga góðum störfum og stuðla að uppbyggingu samfélagsins á grunni sjálfbærni og jöfnuðar. Mikilvægt er að tryggja að stuðningur vegna nýsköpunar skili sér betur en nú er til uppbyggingar á sprotastarfsemi um land allt.

Varðandi efni frumvarpsins leggur ASÍ áherslu á að horft verði til þess að sett séu sambærileg skilyrði fyrir stuðning í gegnum NSA og fyrir öðrum opinberum fjárstuðningi og fyrirgreiðslum til fyrirtækja vegna afleiðinga heimsfaraldurs. Þá er mikilvægt að tryggja eftirlit og gagnsæi þannig að efni samningsins við NSA og þær reglur, viðmið og skilyrði sem sett verði fyrir stuðningnum liggi fyrir með skýrum hætti sem og upplýsingar um úthlutun fyrirgreiðslunnar.

### **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998 (hlutdeildarlán), 926. mál**

Frumvarpið sem hér um þeir er hluti af lofordum stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2019 sem sett voru fram í yfirlýsingu um stuðning stjórnvalda við lífskjarasamninga, dags. 3. apríl 2019. Efnidir á lofordum stjórnvalda er ein þeirra forsendna sem metnar verða við endurskoðun kjarasamninga í lok september nk. ASÍ leggur því þunga áherslu á að málið verði afgreitt frá Alþingi á yfirstandandi þingi að teknu tilliti til eftirfarandi athugasemda.

Með frumvarpinu er lagt til að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hafi heimild til að veita fyrstu kaupendum og þeim sem ekki hafa átt húsnæði síða stliðin fimm ár, og eru undir ákveðnum tekjumörkum, hlutdeildarlán sem nema 20-30% af kaupverði til að brúa eiginfjárkröfur við íbúðar kaup. Hlutdeildarlánin eru veitt á öðrum veðrétti og verða afborgunar- og vaxtalaus að því tilskildu að lántaki fari ekki upp fyrir skilgreind tekjumörk. Lánin skulu endurgreidd við sölu húsnæðis eða í síðasta lagi að 25 árum liðnum í sama hlutfalli af söluverði og upphaflegt lán nam af kaupverði. Einungis verður heimilt að veita hlutdeildarlán fyrir nýju íbúðarhúsnæði sem hefur hlotið samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á grundvelli samnings við byggingaraðila og takmarkast fjöldi lána við heimildir í fjárlögum til útlánaflöksins. Gert er ráð fyrir að ráðherra ákvarði með reglugerð ýmis veigamikil atriði er varða virkni kerfisins s.s. skilyrði varðandi hámarksverð, stærð o.fl. sem og undanþágur frá ýmsum skilyrðum laganna t.d. varðandi tekjumörk, lánstíma og nýtingu séreignarsparnaðar.

Frumvarp þetta hefur verið til vinnslu og umfjöllunar m.a. í vinnuhópi um húsnæðismál og verðtryggingu sem ASÍ hafði aðkomu að og hefur ASÍ áður gert grein fyrir athugasemdum sínum vegna málsins til þess hóps. Eftir að umfjöllun um málið lauk á þeim vettvangi var frumvarpinu breytt m.a. í veiga-



miklu atriði er varðar tekjumörk og er nú í a-lið 2. gr. (29. gr.a) gert ráð fyrir að úrræðið takmarkist við fyrstu kaupendur (og þá sem ekki hafa átt húsnæði sl. fimm ár) sem hafa tekjur undir 630 þúsund krónur á mánuði fyrir einstakling og 880.000 kr. fyrir sambúðarfólk. Auk þess sem er komið inn í frumvarpið ákvæði um að hækki tekjur lántaka umfram umrædd tekjumörk skuli innheimtir vextir af hlutdeildarláninu sem ákvarðaðir skuli af stjórn HMS út frá húsnæðiskostnaði viðkomandi og skulu þeir greiðist mánaðarlega.

ASÍ lýsir furðu yfir því að skilyrðum um tekjumörk skuli bætt inn í frumvarpið án umræðna á fyrri vinnslustigum, þ.m.t. í áðurnefndum vinnuhópi um húsnæðismál og verðtryggingu sem var samráðsvettvangur um útfærslu málsins. ASÍ lýsir jafnframt andstöðu við ákvæði um tekjumörk í 2. gr. frumvarpsins, einkum ákvæði 5. mgr. c-liðar (29. gr. c) um innheimtu vaxta af hlutdeildarlánnum fari tekjur lántaka yfir ákvæðin tekjumörk. Umrætt ákvæði er lítið útfært í frumvarpsdrögnum og sömuleiðis óljóst hvort gert sé ráð fyrir því að álagning vaxta gangi til baka ef tekjur lækka að nýju undir tekjumörk. Þá liggja möguleg vaxtakjör og þar með möguleg aukin greiðslubyrði ekki fyrir og má af orðalagi frumvarpsins ætla að um einstaklingsbundið mat á vöxtum verði að ræða út frá húsnæðiskostnaði viðkomandi lántaka.

ASÍ telur mjög óráðlegt að hafa í lögnum ákvæði þess efnis og bendir á þann vanda sem íbúar í verkamannabústaðakerfinu stóðu ítrekað frammi fyrir þegar vextir af lánnum tóku hækkunum vegna tímabundinna hækkana tekna án þess að ganga til baka á ný, jafnvel þótt tekjur lækkuðu verulega. Þetta skapar sveiflur í húsnæðiskostnaði og hættu á fátæktargildru þegar jafnvel tímabundin hækkun tekna veldur varanlegri hækkun húsnæðiskostnaðar sem dregur úr húsnæðisöryggi. Þegar það bætist við greiðslubyrði húsnæðislána, sem samkvæmt frumvarpinu getur numið allt að 40% af ráðstöfunartekjum, er veruleg hættu á að húsnæðiskostnaður verði óviðráðanlega hár.

ASÍ leggur því ríka áherslu á að umrædd ákvæði um tekjumörk og álagningu vaxta á hlutdeildarlán ef farið er umfram þau verði felld út úr frumvarpinu.

Athugasemdir við aðrar greinar:

A-liður 2. gr. (29. gr. a):


- Samkvæmt 5. mgr. eru hlutdeildarlán aðeins veitt fyrir nýjum íbúðum sem hafa verið samþykktar sem hagkvæmar á grundvelli samnings byggingaraðilans við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Ekki er í frumvarpinu að finna nein frekari ákvæði um hvaða skilyrði byggingaraðilar þurfi að uppfylla og hvernig haft verður eftirlit með starfsemi þeirra. Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla á samstarfi við byggingaraðila verði í reglugerð. ASÍ leggur í þessu samhengi áherslu á að tryggt sé að uppbygging og virkni kerfisins sé á forsendum almennings, sem því er ætlað

að styðja við, en ekki byggingaverktaka. Þá verði tryggt að fullnægjandi eftirlit verði haft með starfsemi byggingaraðila sem samið er við bæði varðandi gæði húsnæðis og starfshætti þannig að ávallt sé tryggt að ekki sé átt samstarf við félög sem t.a.m. stunda félagsleg undirboð, launaþjófnað, kennitölufلاك eða aðra skattasniðgöngu.

